

RANNSÓKNARNEFND KIRKJUÞINGS

SKÝRSLA UM VIÐBRÖGÐ
OG STARFSHÆTTI ÞJÓÐKIRKJUNNAR
VEGNA ÁSAKANA Á HENDUR
ÓLAFI SKÚLASYNI BISKUPI
UM KYNFERÐISBROT

REYKJAVÍK, 10. JÚNÍ 2011

RANNSÓKNARNEFND KIRKJUFINGS

SKÝRSLA UM VIÐBRÖGÐ
OG STARFSHÆTTI ÞJÓÐKIRKJUNNAR
VEGNA ÁSAKANA Á HENDUR
ÓLAFI SKÚLASYNI BISKUPI
UM KYNFERÐISBROT

REYKJAVÍK, 10. JÚNÍ 2011

EFNISYFIRLIT

| | |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| FORMÁLI | 11 |
| A. UM RANNSÓKNARNEFNDINA, STARFSREGLUR OG VERKLAG | 13 |
| 1. Skipun rannsóknarnefndarinnar, verklag og aðferðir . . . | 13 |
| 1.1 Ákvörðun kirkjuþings 14. nóvember 2010 og skipun nefndarinnar. | 13 |
| 1.2 Skjalleg gagnaöflun, flokkun og greining | 14 |
| 1.3 Viðtöl við einstaklinga | 15 |
| 1.4 Öflun greinargerða frá aðilum innan þjóðkirkjunnar . | 15 |
| 1.5 Andmælaferli samkvæmt 6. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjuþings | 16 |
| 1.6 Helstu niðurstöður rannsóknarinnar | 17 |
| 2. Gildissvið starfsreglna um rannsóknarnefndina – afmörkun rannsóknarefnis | 21 |
| B. LÖG OG REGLUR UM ÍSLENSKU ÞJÓÐKIRKJUNA, SIÐAREGLUR PRESTA, FAGRÁÐ O.FL. | 25 |
| 1. Lög og reglur um starfsemi íslensku þjóðkirkjunnar . . . | 25 |
| 1.1 Inngangur | 25 |
| 1.2 Fyrir gildistöku laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar | 25 |
| 1.2.1 <i>Biskup Íslands og embætti hans</i> | 25 |
| 1.2.2 <i>Vígslubiskupar og embætti þeirra</i> | 26 |
| 1.2.3 <i>Kirkjuþing þjóðkirkjunnar.</i> | 27 |
| 1.2.4 <i>Kirkjuráð þjóðkirkjunnar</i> | 27 |
| 1.2.5 <i>Prófastar</i> | 28 |
| 1.2.6 <i>Prestar</i> | 29 |
| 1.3 Eftir gildistöku laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar | 30 |
| 1.3.1 <i>Réttarstaða.</i> | 30 |
| 1.3.2 <i>Biskup Íslands og embætti hans</i> | 30 |
| 1.3.3 <i>Vígslubiskupar og embætti þeirra</i> | 31 |
| 1.3.4 <i>Kirkjuþing þjóðkirkjunnar.</i> | 32 |
| 1.3.5 <i>Kirkjuráð þjóðkirkjunnar</i> | 32 |
| 1.3.6 <i>Prestastefna</i> | 33 |
| 1.3.7 <i>Prófastar</i> | 33 |

| | | |
|-------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| 1.3.8 | <i>Prestar</i> | 34 |
| 1.3.9 | <i>Djáknar</i> | 35 |
| 2. | Siðareglur Prestafélags Íslands | 35 |
| 3. | Fagrád um meðferð kynferðisbrota | 36 |
| 4. | Úrskurðar- og áfrýjunarnefnd samkvæmt lögum nr. 78/1997 | 39 |
| | | |
| C. | ATVIK „BISKUPSMÁLSINS“ Á ÁRINU 1996 SAMKVÆMT SKRIFLEGUM GÖGNUM OG FRAMBURÐI EINSTAKLINGA FYRIR RANNSÓKNARNEFNDINNI. | 41 |
| 1. | Inngangur. | 41 |
| 2. | Fundur Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur með hr. Sigurbirni Einarssyni biskupi á árinu 1988, sr. Pálma Matthíassyni á árinu 1994 og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni á árinu 1995. | 42 |
| 3. | Málsmeðferð siðanefndar Prestafélags Íslands og stjórnar Prestafélags Íslands í janúar og febrúar 1996 í tilefni af erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 25. janúar 1996. . . . | 45 |
| 3.1 | Fundur Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og sr. Flóka Kristinssonar 9. janúar 1996 | 45 |
| 3.2 | Erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur til siðanefndar Prestafélags Íslands og formanns stjórnar félagsins 25. janúar 1996 og málsmeðferð siðanefndarinnar af því tilefni. | 47 |
| 3.2.1 | <i>Efni erindisins</i> | 47 |
| 3.2.2 | <i>Aðgerðir siðanefndar Prestafélags Íslands í tilefni af erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur</i> | 50 |
| 3.3 | Fundur Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur o.fl. með Ólafi Skúlasynti biskupi og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni í Grafarvogskirkju 16. febrúar 1996. | 56 |
| 4. | Erindi Stefaníu Þorgrímsdóttur og Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 17. og 18. febrúar 1996 til siðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands | 61 |
| 4.1 | Efni erindanna. | 62 |
| 4.2 | Fyrstu aðgerðir siðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands í tilefni af erindunum | 63 |
| 5. | Erindi Ólafs Skúlasonar biskups til ríkissaksóknara 22. febrúar 1996, afgreiðsla embættisins 28. s.m. og nýtt erindi biskups til ríkissaksóknara 11. mars s.á. | 64 |
| 6. | Afgreiðslur siðanefndar Prestafélags Íslands 26. febrúar 1996 á erindum Stefaníu Þorgrímsdóttur 17. s.m. og Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 18. s.m. og almenn álitserð siðanefndarinnar í tilefni af málinu. | 64 |

| | | |
|------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
| 6.1 | Almenn álitssgerð 26. febrúar 1996 vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi | 64 |
| 6.2 | Svar til Stefaníu Þorgrímsdóttur. | 65 |
| 6.3 | Svar til Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur | 65 |
| 7. | Dagsljóssviðtal við Ólaf Skúlason biskup 27. febrúar 1996 | 65 |
| 8. | Fréttatilkynning Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur, Stefaníu Þorgrímsdóttur og Dagbjartar Guðmundsdóttur 27. febrúar 1996 og erindi þeirra til siðanefndar Prestafélags Íslands í tilefni af Dagsljóssviðtali við Ólaf Skúlason biskup | 66 |
| 9. | Yfirlýsing kirkjuráðs 1. mars 1996. | 66 |
| 10. | Fundir sr. Karls Sigurbjörnssonar, sóknarprests í Hallgrímskirkju, og sr. Hjálmars Jónssonar alþingismanns með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur í Hallgrímskirkju helgina 2. og 3. mars 1996. | 71 |
| 11. | Fundur í stjórn Prestafélags Íslands 4. mars 1996 | 96 |
| 12. | Fréttatilkynning Dagbjartar Guðmundsdóttur 5. mars 1996 | 97 |
| 13. | Yfirlýsing aðalfundar Prófastafélags Íslands 7. mars 1996 | 98 |
| 14. | Erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur til siðanefndar Prestafélags Íslands 8. mars 1996 um að sr. Ragnar Fjalar Lárusson víki sæti í siðanefnd | 100 |
| 15. | Biskup sendir erindi til presta vegna „biskups máls“ 11. mars 1996 | 101 |
| 16. | Erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur til siðanefndar Prestafélags Íslands 12. mars 1996 | 104 |
| 17. | Afgreiðsla siðanefndar Prestafélags Íslands á erindum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur 27. febrúar 1996 auk erindis Sigrúnar Pálínu 12. mars 1996 | 104 |
| 17.1 | Álitssgerð siðanefndar Prestafélags Íslands 27. mars 1996 – svör við spurningum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 27. febrúar 1996. | 105 |
| 17.2 | Álitssgerð siðanefndar Prestafélags Íslands 27. mars 1996 – svör við spurningum Stefaníu Þorgrímsdóttur 27. febrúar 1996 og 12. mars 1996 | 105 |
| 17.3 | Álitssgerð siðanefndar Prestafélags Íslands 27. mars 1996 – svar við erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 12. mars 1996 | 106 |

| | | |
|-------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| 18. | Umfjöllun stjórnar Prestafélags Íslands, setts biskups og kirkjumálaráðherra um álit siðanefndar félagsins 27. mars 1996 á trúnaðarbroti biskups, sbr. erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 12. mars 1996 | 107 |
| 18.1 | Skrifleg gögn | 107 |
| 18.2 | Framburðir fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings | 110 |
| 19. | Afgreiðsla ríkissaksóknara 22. maí 1996 | 124 |
| | | |
| D. | ATVIK „BISKUPSMÁLSINS“ Á ÁRUNUM 2008–2010 SAMKVÆMT SKRIFLEGUM GÖGNUM OG FRAMBURÐI EINSTAKLINGA | 125 |
| 1. | Inngangur | 125 |
| 2. | Samskipti Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur og sr. Gunnars Rúnars Matthíassonar, formanns fagráðs þjóðkirkjunnar, á tímabilinu 2008-2010 | 125 |
| 3. | Fundur Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups 8. desember 2008 | 127 |
| 4. | Erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur til hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups 27. mars 2009 um áheyrn kirkjuráðs og málsmeðferð biskupsstofu og kirkjuráðs af því tilefni | 128 |
| 4.1 | Fundur Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur með biskupi 18. mars 2009 | 128 |
| 4.2 | Erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur til biskups 27. mars 2009 og meðferð þess við móttöku á biskupsstofu | 129 |
| 4.3 | Málsmeðferð biskupsstofu og kirkjuráðs í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 um áheyrn kirkjuráðs | 133 |
| 4.3.1 | <i>Inngangur</i> | 133 |
| 4.3.2 | <i>Atvikalýsing samkvæmt skriflegum gögnum</i> | 133 |
| 4.3.3 | <i>Atvikalýsing á tímabilinu frá mars 2009 til ágúst 2010 samkvæmt framburði einstaklinga fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings</i> | 141 |
| | | |
| E. | ÁLYKTANIR RANNSÓKNARNEFNDAR KIRKJUÞINGS UM MISTÖK, VANRÆKSLU EÐA ÞÖGGUN | 149 |
| 1. | Inngangur og uppbygging kaflans | 149 |
| 2. | Almennt um viðbrögð þjóðkirkjunnar við ásökunum á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi á árinu 1996 | 151 |

| | | |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
| 2.1 | Hafði „valdabarátta“ innan þjóðkirkjunnar áhrif á viðbrögð og starfshætti hennar í „biskupsmálinu“? . | 151 |
| 2.2 | Áhrif Ólafs Skúlasonar biskups á meðferð mála í siðanefnd og stjórn Prestafélags Íslands, á biskupsstofu, í kirkjuráði og í Prófastafélagi Íslands . | 153 |
| 2.3 | Fjölmiðlaumfjöllun um „biskupsmálið“ á árinu 1996 og möguleg brot á trúnaðarskyldu | 154 |
| 2.4 | Almennar athugasemdir rannsóknarnefndarinnar um einstaka þætti | 155 |
| 2.4.1 | <i>Fundir Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur með sr. Pálma Matthíassyni 1994 og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni 1995</i> | 155 |
| 2.4.2 | <i>„Sáttafundur“ í Grafarvogskirkju 16. febrúar 1996</i> | 157 |
| 2.4.3 | <i>Störf siðanefndar Prestafélags Íslands</i> | 158 |
| 2.4.4 | <i>Aðkoma fagráðs þjóðkirkjunnar að málefnum Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á árunum 2008-2010</i> | 159 |
| 2.4.5 | <i>Aðkoma dóms- og kirkjumálaráðherra að „biskupsmálinu“ árið 1996</i> | 161 |
| 3. | Yfirlýsingar kirkjuráðs og aðalfundar Prófastafélags Íslands í mars 1996 | 162 |
| 3.1 | Inngangur | 162 |
| 3.2 | Yfirlýsing kirkjuráðs 1. mars 1996 | 162 |
| 3.3 | Yfirlýsing aðalfundar Prófastafélags Íslands 7. mars 1996 | 173 |
| 4. | Um aðkomu stjórnar Prestafélags Íslands að „biskupsmálinu“ á árinu 1996 | 180 |
| 5. | Fundir Karls Sigurbjörnssonar og Hjálmars Jónssonar með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur dagana 2. og 3. mars 1996 í Hallgrímskirkju | 187 |
| 6. | Málsmeðferð hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups og kirkjuráðs í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 | 197 |
| F. | TILLÖGUR RANNSÓKNARNEFNDAR KIRKJUÞINGS UM ÚRBÆTUR | 206 |
| 1. | Inngangur og uppbygging kaflans | 206 |
| 2. | Úrbætur íslensku þjóðkirkjunnar í meðferð kynferðisbrota og starf fagráðs um meðferð kynferðisbrota | 208 |

| | | |
|-----------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| 3. | Fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi og leiðir til forvarna | 213 |
| 3.1 | Inngangur | 213 |
| 3.2 | Bakgrunnsathugun | 216 |
| 3.3 | Reglur um samskipti starfsfólks og skjólstæðinga og eftirlit með að reglum sé framfylgt | 217 |
| 3.4 | Áætlun um viðbrögð þegar grunur vaknar um eða greint er frá kynferðisofbeldi/misnotkun eða annarri óviðeigandi hegðun eða þegar starfsreglur eru brotnar | 218 |
| 3.5 | Þjálfun starfsfólks | 220 |
| 3.6 | Samantekt | 221 |
| 4. | Tillögur rannsóknarnefndar kirkjupings um úrbætur . . . | 221 |
| 4.1 | Verklagsreglur um hvernig eigi að fylgja eftir stefnumótun um meðferð kynferðisbrota | 222 |
| 4.2 | Reglur um bakgrunnsathugun umsækjenda og sjálfbóðaliða | 223 |
| 4.3 | Fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti | 223 |
| 4.4 | Samstarf fagraðs um meðferð kynferðisbrota við biskup og önnur kirkjuyfirvöld | 224 |
| 4.5 | Samantekt og lokaorð | 225 |
| | Heimildir | 225 |

VIÐAUKI – FRÆÐILEG GREINARGERÐ UM EÐLI OG AFLEIÐINGAR KYNFERÐISOFBELDIS – Dr. Berglind Guðmundsdóttir . . . 227

| | | |
|-----------|-----------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| 1. | Inngangur og uppbygging kaflans | 229 |
| 2. | Umfang vandans: tíðni kynferðisofbeldis | 229 |
| 2.1 | Eðli, sérstaða og tíðni kynferðisofbeldis innan trúfélaga . | 232 |
| 3. | Nokkur orð um gerendur kynferðisofbeldis og tengsl þeirra við brotþola | 234 |
| 4. | Afleiðingar kynferðisofbeldis | 236 |
| 4.1 | Heilsufarslegar afleiðingar kynferðisofbeldis | 237 |
| 4.2 | Áhrif áfalla á grundvallarviðhorf | 239 |
| 4.3 | Viðbrögð samfélagsins við kynferðisofbeldi | 240 |
| 4.4 | Viðbrögð trúarsamfélagsins við ásökunum um kynferðisofbeldi | 242 |
| 5. | Samantekt | 242 |

| | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
| FYLGISKJÖL | 251 |
| A. Lög og reglur. | 251 |
| 1. Starfsreglur um rannsóknarnefnd um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot, samþykktar á kirkjuþingi 14. nóvember 2010. | 251 |
| 2. Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009. | 253 |
| 3. Leiðbeiningar um störf fagráðs um meðferð kynferðisbrota. | 255 |
| 4. Siðareglur Prestafélags Íslands 2007. | 256 |
| 5. Siðareglur Prestafélags Íslands 1994. | 260 |
| 6. Lög Prestafélags Íslands 2008 | 277 |
| 7. Lög Prestafélags Íslands 1992. | 281 |
| B. Athugasemdabréf á grundvelli 6. gr. starfsreglna (andmæli) (stafrófsröð). | 283 |
| 8. Baldur Kristjánsson, ódagsett, en barst 4. maí 2011. | 285 |
| 9. Bragi Skúlason 9. maí 2011. | 286 |
| 10. Dalla Þórðardóttir 6. maí 2011. | 289 |
| 11. Flosi Magnússon 12. maí 2011. | 290 |
| 12. Geir Waage 7. maí 2011. | 291 |
| 13. Guðmundur Þorsteinsson 5. maí 2011. | 294 |
| 14. Guðni Þór Ólafsson 9. maí 2011. | 295 |
| 15. Gunnar Rúnar Matthíasson 24. maí 2011. | 297 |
| 16. Gunnar Sigurjónsson 8. maí 2011. | 299 |
| 17. Hjálmar Jónsson 16. maí 2011. | 306 |
| 18. Jón Helgi Þórarinsson 8. maí 2011. | 311 |
| 19. Karl Sigurbjörnsson 13. maí 2011. | 312 |
| 20. Kristinn Ágúst Friðfinnsson 14. maí 2011. | 321 |
| 21. Sváfnir Sveinbjarnarson 2. maí 2011. | 323 |
| 22. Örn Friðriksson 11. maí 2011. | 324 |
| C. Greinargerðir fagráðs íslensku þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota til rannsóknarnefndar kirkjuþings. | 327 |
| 23. Greinargerð fagráðs 16. mars 2011 vegna bréfs rannsóknarnefndar 15. febrúar s.á. | 329 |
| 24. Viðbótargreinargerð fagráðs 5. maí 2011 vegna bréfs rannsóknarnefndar 10. apríl s.á. | 333 |
| 25. Starfsskýrsla fagráðs um meðferð kynferðisbrota fyrir árið 2010, 5. apríl 2011. | 337 |

FORMÁLI

Rannsóknarnefnd kirkjuþings var kjörin til að rannsaka viðbrögð og starfshætti vígðra þjóna og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Nefndin hefur nú lokið störfum og er niðurstöður hennar að finna í þessari skýrslu. Henni er skipt sex hluta (A-F). Í A-hluta er fjallað um skipun nefndarinnar, starfsreglur og verklag. Í B-hluta er að finna yfirlit yfir lög og reglur er varða þjóðkirkjuna og umfjöllun um siðareglur Prestafélags Íslands. Í C-hluta eru rakin málsatvik í kjölfar þess að ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni um kynferðisbrot komu fyrst fram opinberlega á árinu 1996 samkvæmt skriflegum gögnum og framburði þeirra einstaklinga sem gáfu nefndinni upplýsingar við rannsókn málsins. Í D-hluta er atvikum á árunum 2008 til 2010 lýst með sama hætti, en þá komu ásakanir á ný fram á hendur biskupi auk þess sem ásakanir, sem áður höfðu komið fram, voru ræddar að nýju. Í E-hluta er að finna ályktanir og niðurstöður nefndarinnar um mistök, vanrækslu eða þöggun. Loks eru í F-hluta raktar tillögur rannsóknarnefndarinnar um úrbætur o.fl.

Eins og skýrt er tekið fram í almennum athugasemdum í greinargerð sem fylgdi starfsreglum um rannsóknarnefndina er henni ekki ætlað að fjalla um sannleiksgildi ásakana um kynferðisbrot sem fram hafa komið á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi. Nefndinni er aðeins falið að leggja mat á viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar í tilefni af því að þær ásakanir komu fram. Uppbygging og efnistöð skýrslunnar taka mið af þessari afmörkun á hlutverki nefndarinnar.


Kirkjuþing ákvað með skipun nefndarinnar að rannsaka sérstaklega hvort vígðir þjónar eða aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar hefðu gert mistök, vanrækt skyldur sínar eða gerst uppvísir að vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hvað varðar þær ásakanir sem fram komu. Með þeirri ákvörðun lagði kirkjuþing til grundvallar að nauðsynlegt væri að rannsaka hvernig kirkjan sem stofnun og starfsmenn hennar brugðust við ásökunum á hendur leiðtoga kirkjunnar og hirði prestanna og þá m.a. með framtíðarskipulag mála á þessu sviði innan kirkjunnar í huga. Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ýmislegt hafi farið úrskeiðis í þeim efnum og mistök verið gerð. Þótt þær aðstæður sem prestar og aðrir starfsmenn kirkjunnar stóðu frammi fyrir á árinu 1996 hafi vissulega verið mjög erfiðar einkenndust viðbrögð þeirra af ráðaleysi og skorti á faglegum og vönduðum vinnubrögðum. Þessi almenna ályktun á einnig við um viðbrögð kirkjunnar á árunum 2008 til 2010 þegar málið var aftur til meðferðar á vettvangi hennar.

Hver maður skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð fyrir dómi. Þessi grundvallarregla, sem orðuð er í stjórnarskránni, er ófrávíkjanleg. Hún er hornsteinn mannréttinda og þess lýðræðislega réttarkerfis sem við Íslendingar höfum valið okkur. Biskup eins og aðrir menn átti rétt á því að teljast saklaus uns sekt hans væri sönnuð fyrir dómi. Hvað sem því líður bar þjóðkirkjunni sem stofnun að sýna þeim sem báru fram ásakanir á hendur biskupi virðingu og skilning og koma fram við þá af sanngirni. Viðbrögð og starfshættir kirkjunnar urðu einnig að samrýmast þeim gildum og grundvallarhugsjónum sem þjóðkirkjan stendur fyrir í íslensku samfélagi og lögum í landinu. Það er niðurstaða nefndarinnar að á það hafi verulega skort og að ákveðnir einstaklingar verði taldir hafa gert mistök við meðferð þessa máls auk þess sem leitast hafi verið við í einu tilviki að bæla niður eða lægja opinbera umræðu um ásakanir á hendur biskupi. Umræður og viðbrögð innan þjóðkirkjunnar ættu að taka mið af þessum niðurstöðum nefndarinnar.

Það er að lokum von nefndarmanna að skýrslan verði til gagns fyrir þjóðkirkjuna og að af henni megi draga lærdóm.

Í samræmi við 7. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjupings er skýrslan hér með afhent forsætisnefnd kirkjupings.


Reykjavík, 10. júní 2011,



Róbert R. Spanó formaður



Berglind Guðmundsdóttir



Þorgeir Ingi Njálsson

A. UM RANNSÓKNARNEFNDINA, STARFSREGLUR OG VERKLAG

1. Skipun rannsóknarnefndarinnar, verklag og aðferðir

1.1 Ákvörðun kirkjuþings 14. nóvember 2010 og skipun nefndarinnar

Á kirkjuþingi 13. nóvember 2010 lagði forsætisnefnd þingsins fram tillögu um skipun rannsóknarnefndar um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Lagði forseti kirkjuþings, Pétur Kr. Hafstein, til að þau Róbert R. Spanó prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, dr. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur og Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness yrðu skipuð í nefndina. Tillagan var samþykkt á kirkjuþingi við aðra umræðu 14. nóvember 2010.

Í almennum athugasemdum greinargerðar er fylgdi tillögu forsætisnefndar kirkjuþings að starfsreglum um rannsóknarnefndina er rakinn aðdragandi þess að tillagan var lögð fram. Þar segir m.a. að á fundi kirkjuráðs 25. ágúst 2010 hafi eftirfarandi verið bókað: „Kirkjuráð kom saman ásamt forseta kirkjuþings til að ræða þá stöðu sem nú er komin upp í kjölfar umfjöllunar um kynferðisbrot, sem Ólafur Skúlason biskup var sakaður um árið 1996. Umræðan fór af stað eftir síðasta fund kirkjuráðs þar sem Guðrún Ebba Ólafsdóttir mætti og tjáði sig um sín mál. Þess er vænst að kirkjuráð bregðist við með áþreifanlegum hætti. Biskup hafði átt fund með dómsmála- og mannréttindaráðherra þar sem farið var yfir til hvaða úrræða kirkjan gæti gripið og voru ýmsar leiðir kannaðar. Auk þess hafði biskup rætt við forseta kirkjuþings um stöðuna.“ Á sama fundi kirkjuráðs hafi verið samþykktar tvær yfirlýsingar. Fyrri yfirlýsingin hafi hljóðað svo: „Kirkjuráð ákvað á fundi sínum í dag, 25. ágúst 2010, að beina því til forsætisnefndar kirkjuþings að undirbúa fyrir kirkjuþing 2010 tillögur að rannsóknarnefnd til þess að rannsaka alla starfshætti og viðbrögð kirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Rannsóknarnefndin verði skipuð faglærðu fólki óháð stofnunum og embættum þjóðkirkjunnar. Lögð verði áhersla á að rannsóknarnefndin hraði störfum svo sem kostur er og skili kirkjuþingi niðurstöðum sínum sem jafnframt verði kynntar opinberlega. Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar og er að meiri hluta skipað leikmönnum undir forsæti Péturs Kr. Hafstein fyrrverandi hæstaréttardómara. Forsætisnefnd skipa auk hans Margrét Björnsdóttir bæjarfulltrúi og Ásbjörn Jónsson lögmaður.“ Síðari yfirlýsingin hafi verið svohljóðandi: „Kirkjuráð hefur átt fund með Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur þar sem þær lýstu sögu sinni sem þolendur kynferðisbrota. Kirkjuráð trúir frásögnum þeirra og tekur undir orð biskups Íslands í fjölmiðlum í dag þess efnis.

Fyrir hönd þjóðkirkjunnar biður kirkjuráð þær og aðra þá sem brotið hefur verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar. Kirkjuráð harmar þá þjáningu og sársauka sem þau hafa liðið. Kirkjuráð ítrekar að kynferðisbrot eru ekki liðin innan kirkjunnar og lýsir samstöðu við þá einstaklinga og félagasamtök sem styðja þau sem líða og vinna að forvörnum og vitundarvakningu meðal þjóðarinnar um þessi alvarlegu mál.“ Þá segir ennfremur svo í greinargerðinni: „Kirkjuþing fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar og er skipað kjörnum fulltrúum, að meirihluta til leikmönnum. Með því að kirkjuþing setji á stofn rannsóknarnefnd um viðbrögð þjóðkirkjunnar og þjóna hennar vegna hinna alvarlegu ásakana og kjósi sjálft nefndarmenn er eins tryggt og nokkur kostur er innan kirkjunnar að sannleikurinn um viðbrögð og starfshætti hennar í þessum efnum verði leiddur í ljós. Sú málsmeðferð undirstrikar jafnframt burði og getu þjóðkirkjunnar sem sjálfstæðrar stofnunar til að horfast í augu við það sem misfarist hefur og draga lærdóma af því.“

Tekið skal fram að þegar vísað er til „biskups málsins“ í þessari skýrslu er átt við ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot.

Um hlutverk rannsóknarnefndar kirkjuþings samkvæmt starfsreglum verður nánar fjallað í kafla 2 hér á eftir.

1.2 Skjalleg gagnaöflun, flokkun og greining

Fyrstu aðgerðir rannsóknarnefndar kirkjuþings beindust að því að afla gagna í vörslu stofnana þjóðkirkjunnar, starfsmanna hennar og utanaðkomandi aðila sem gætu beint eða óbeint varpað ljósi á atvik málsins. Haft var samráð við forsætisnefnd kirkjuþings og fulltrúa biskupsstofu. Ákveðið var að í fyrstu myndi forsætisnefnd kirkjuþings fyrir hönd rannsóknarnefndarinnar senda öllum starfsmönnum, núverandi og fyrrverandi, og stofnunum kirkjunnar bréf þar sem óskað væri eftir því að gögn í vörslu hlutaðeigandi, sem varpa kynnu ljósi á rannsóknina, yrðu send rannsóknarnefndinni. Var það bréf dagsett 24. nóvember 2010 og var frestur veittur til 10. desember s.á. til að senda rannsóknarnefndinni umbeðin gögn. Í framhaldinu bárust rannsóknarnefndinni fyrirspurnir um þessa beiðni forsætisnefndarinnar. Rannsóknarnefndin ákvað því að senda út nýtt gagnabréf 30. nóvember 2010 þar sem vakin var athygli á því að á því stigi óskaði nefndin aðeins eftir því að skjalleg gögn, þ.e. hvers kyns bréf, yfirlýsingar, samantektir, ályktanir eða aðrar slíkar heimildir, sem vörðuðu rannsóknarefnið beint eða óbeint, yrðu send nefndinni. Ekki væri óskað eftir því að teknar yrðu saman sérstakar greinargerðir um rannsóknarefnið. Þá væri ekki þörf á að senda gögn sem birst hefðu opinberlega, s.s. blaðagreinar. Þá var upplýst að þegar

rannsóknarnefndin hefði lokið gagnaöflun og könnun þeirra gagna sem henni bærust yrði hafist handa við frekari upplýsingaöflun og þá í formi viðtala við þá sem skýrt gætu málið.

Rannsóknarnefndinni bárust gögn frá Prestafélagi Íslands, siðanefnd Prestafélags Íslands, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti) og biskupsstofu, auk gagna og svarbréfa frá sóknarnefndum og einstaklingum. Töluverður hluti þeirra gagna sem sendur var nefndinni varðaði ekki rannsóknarefnið. Hafist var handa við að flokka gögnin og þá með tilliti til þess að greina sérstaklega þau gögn sem vörðuðu meðferð þjóðkirkjunnar á „biskupsmálinu“, einkum á tímabilinu frá janúar 1996 til loka árs 2010. Leitaði rannsóknarnefndin liðsinnis Þuríðar B. Sigurjónsdóttur lögfræðings sem flokkaði gögnin og tók saman lýsingu á þeim í tveimur samantektum sem afhentar voru nefndinni í janúar og febrúar 2011. Öll gögn sem rannsóknarnefndinni hafa borist verða afhent forsætisnefnd kirkjupings að starfi nefndarinnar loknu.

1.3 Viðtöl við einstaklinga

Að lokinni flokkun og greiningu gagna sem bárust rannsóknarnefndinni, sbr. hér að framan, hófst nefndin handa við að skipuleggja viðtöl við þá einstaklinga sem hún taldi ljóst að ræða þyrfti við vegna rannsóknarinnar. Þá höfðu nefndinni borist nokkrar beiðnir frá einstaklingum sem óskuðu að eigin frumkvæði eftir því að fá að ræða við nefndina.

Nefndin fékk aðgang að fundarsal og skrifstofuherbergi í húsnæði Fjölskylduþjónustu kirkjunnar að Klapparstíg 25–27 í Reykjavík. Viðtöl rannsóknarnefndarinnar fóru fram frá miðjum janúarmánuði til loka marsmánaðar 2011. Tekin voru viðtöl við 37 einstaklinga, en nefndin ræddi í tvígang við fjóra þeirra.

Öll viðtölin utan eitt voru hljóðrituð að fengnu samþykki viðmælanda, en samkvæmt 2. mgr. 3. gr. starfsreglna rannsóknarnefndarinnar er nefndinni fengin slík heimild. Þá vann nefndin samantektir og endurrit af einstökum viðtölum til frekari úrvinnslu við ritun þessarar skýrslu.

1.4 Öflun greinargerða frá aðilum innan þjóðkirkjunnar

Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 3. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjupings skal nefndin leitast við að afla annarra gagna en fjallað er um í köflum 1.2. og 1.3 hér að framan, eftir því sem frekast er kostur, bæði munnlegra og skriflegra. Í ljósi hlutverks rannsóknarnefndarinnar, sbr. 2. mgr. 1. gr. starfsreglnanna, um að koma með ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot

af hálfu starfsmanna hennar, taldi nefndin rétt á framangreindum grundvelli að óska með bréfi 15. febrúar 2011 eftir skriflegri greinargerð frá formanni fagráðs Þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota. Var óskað eftir því að fagráðið gerði nefndinni skriflega grein fyrir starfsemi sinni allt frá því að það var sett á laggirnar. Með skilgreint hlutverk fagráðsins samkvæmt starfsreglum í huga var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um fjölda mála sem það hefði haft aðkomu að og hve oft biskup og/eða önnur kirkjuyfirvöld hafi leitað ráðgjafar varðandi mál sem tengjast kynferðisbrotum. Þá var óskað eftir upplýsingum um vinnu fagráðsins á sviði forvarna og fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar, þ.m.t. hvers eðlis slík fræðsla væri og hverjir hefðu þegið hana. Loks var óskað eftir afstöðu formanns fagráðsins til þess hvort þörf væri endurskoðunar á gildandi reglum um fagráðið og ef svo væri í hverju breytingar á reglunum ættu að felast. Hefði rannsóknarnefndin þá m.a. í huga þá reynslu sem fengist hefði af störfum nefndarinnar, m.a. í tengslum við þau atvik sem vinna rannsóknarnefndarinnar beindist að.

Greinargerð fagráðsins, sem barst af þessu tilefni, er dagsett 16. mars 2011. Er hún birt í heild sinni sem fylgiskjal með skýrslu þessari. Að fenginni greinargerð fagráðsins ákvað rannsóknarnefndin að þörf væri á frekari upplýsingum frá ráðinu. Hafði formaður því 10. apríl 2011 samband símleiðis við formann fagráðsins, sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, og sendi honum í beinu framhaldi tölvubréf þar sem óskað var eftir gögnum og uppýsingum um nánar tilgreind atriði. Greinargerð fagráðsins af því tilefni er dagsett 5. maí 2011 og er hún jafnframt birt í heild sinni sem fylgiskjal með skýrslunni.

1.5 Andmælaferli samkvæmt 6. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjuþings

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjuþings skal nefndin gera þeim sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvis að vanrækslu í starfi eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar vegna ásakana um kynferðisbrot af hálfu Ólafs Skúlasonar biskups skriflega grein fyrir afstöðu sinni um þau atriði sem varða þátt hans í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu til kirkjuþings. Skal nefndin veita viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.

Er rannsóknarnefndin hafði lokið við ritun frumdraga að atvikalýsingu skýrslunnar sendi hún 27. og 28. apríl 2011 tuttugu og tveimur einstaklingum, í samræmi við framangreinda 6. gr. starfsreglnanna, sérstakt bréf þar sem þeim var gefinn kostur á að gera grein fyrir afstöðu sinni til ákveðinna álitafna um hugsanleg mistök þeirra eða vanrækslu í tilefni

af viðbrögðum og starfsháttum þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Þá var einum einstaklingi sent bréf 11. maí 2011 í sama skyni. Var þeim öllum gefinn tveggja vikna frestur til að svara nefndinni. Nánar er gerð grein fyrir þessari málsmeðferð rannsóknarnefndarinnar og ályktunum hennar af því tilefni í E-hluta skýrslunnar.

1.6 Helstu niðurstöður rannsóknarinnar

Í E-hluta skýrslunnar er lýst ályktunum rannsóknarnefndar kirkjuþings um hvort vígðir þjónar eða aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar hafi gert mistök eða orðið uppvisir að vanrækslu eða þöggun í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina. Verður nú gerð grein fyrir helstu niðurstöðum nefndarinnar:

1. Í köflum 2.1–2.3 er fjallað almennt um viðbrögð þjóðkirkjunnar við ásökunum á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi á árinu 1996. Í *fyrsta lagi* telur rannsóknarnefndin það ljóst að þegar Sigrún Pálína Ingvarsdóttur lagði fram erindi sitt 25. janúar 1996 til formlegrar meðferðar hjá síðanefnd og stjórn Prestafélags Íslands höfðu atvik átt sér stað innan þjóðkirkjunnar sem settu svip sinn á viðhorf stjórnar- og nefndarmanna til málsins og málsmeðferð í síðanefndinni og stjórn félagsins, og einnig á vettvangi kirkjuráðs og Prófastafélags Íslands. Hafi þessi aðstaða leitt til þess að tilhneigingar hafi gætt í þá átt að litið væri á ásakanir Sigrúnar Pálínu, Dagbjartar Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur sem lið í „valdabaráttu“ á milli stuðningsmanna og andstæðinga biskups og það jafnvel álitíð að þær væru beinlínis settar fram fyrir tilstuðlan þeirra síðarnefndu til að „koma höggi á“ biskup. Í *öðru lagi* leiki ekki vafi því að meta beri framgöngu einstakra vígðra þjóna og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar á árinu 1996 í því ljósi að ásakanirnar beindust að æðsta yfirmanni kirkjunnar og hirði prestanna, sjálfum biskupnum. Af framburði þeirra sem fyrir nefndina komu verði ótvírætt ráðið að áhrif Ólafs Skúlasonar á samstarfsmenn sína og aðra starfsmenn kirkjunnar hafi verið verulega mikil. Hafi hann með framgöngu sinni haft mótandi áhrif á aðgerðir einstaklinga sem að málinu komu, hvort sem er á vettvangi kirkjuráðs, Prófastafélags Íslands eða stjórnar Prestafélags Íslands. Í *þriðja lagi* liggi fyrir að Ólafur Skúlason biskup hafi sjálfur gerst sekur um trúnaðarbrot við meðferð málsins á árinu 1996. Grunsemdir hafi verið uppi um að trúnaðarupplýsingum hafi verið „lekið“, annaðhvort til fjölmiðla og/ eða til biskups, af hálfu stjórnarmanna í Prestafélagi Íslands sem

fjölluðu um málið í janúar, febrúar, mars og apríl 1996. Rannsóknarnefndin hafi hins vegar ekki forsendur til að skera úr um þetta atriði. Í fjórða lagi gerir rannsóknarnefndin sérstakar athugasemdir við þá ákvörðun sr. Baldurs Kristjánssonar, varaformanns stjórnar Prestafélags Íslands, sem á þessum tíma gegndi trúnaðarstarfi gagnvart biskupi sem biskupsritari og ritari kirkjuráðs, að sitja áfram fundi stjórnarinnar í febrúar og mars 1996 þar sem erindi kvennanna þriggja voru til umfjöllunar af hálfu stjórnarinnar. Þá verði líka að telja það ámælisverð vinnubrögð af hálfu stjórnarinnar að krefjast þess ekki þegar í stað að Baldur viki sæti í stjórninni þegar „biskups-málið“ var komið á borð stjórnarinnar í lok janúar 1996, enda var þess ekki að vænta að hann gæti litið óhlutdrægt á málavexti í ljósi trúnaðarsambands síns við biskup.

2. Í kafla 2.4 eru settar fram almennar athugasemdir rannsóknarnefndarinnar um einstaka þætti. Í kafla 2.4.1 er fjallað um fundi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur með sr. Pálma Matthíassyni á árinu 1994 og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni á árinu 1995. Gerðar eru athugasemdir við aðkomu hins siðarnefnda að stuðningsyfirlýsingu við Ólaf Skúlason biskup 5. janúar 1996 í ljósi þess að hann hafði nokkrum mánuðum áður tekið við Sigrúnu Pálínu sem sálusorgari og hlýtt á frásögn hennar um að biskup hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi á árinu 1978. Hafi hann með þessari framgöngu sinni ekki hugað með forsvaranlegum hætti að skyldum sínum gagnvart skjólstaðingi sem til hans hafði leitað. Í kafla 2.4.2 er vikið að „sáttafundi“ sem átti sér stað í Grafarvogskirkju 16. febrúar 1996 sem Vigfús Þór Árnason stóð að, en hann sátu meðal annarra Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Ólafur Skúlason biskup. Gerðar eru tiltekna athugasemdir af hálfu rannsóknarnefndarinnar við vinnubrögð Vigfúsar Þórs við boðun, undirbúning og framkvæmd fundarins. Í kafla 2.4.3 er vikið að störfum siðanefndar Prestafélags Íslands. Rannsóknarnefndin telur ekki forsendur til að álykta á þann veg að siðanefndin hafi gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu í merkingu 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefndina við meðferð þeirra erinda sem nefndinni bárust á árinu 1996. Þó telur rannsóknarnefndin þörf á að koma á framfæri ákveðnum athugasemdum við störf nefndarinnar sem hafa megi í huga til framtíðar litið og í ljósi gildandi siðareglna félagsins frá 2007. Í kafla 2.4.4 er fjallað um aðkomu fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota að málefnum Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á árinu 2008–2010. Er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að með svarbréfi fagráðs til nefndarinnar sé á það fallist að réttara

hefði verið af hálfu ráðsins að eiga frumkvæði að því á árinu 2008 eða í síðasta lagi þegar mál hennar var til umfjöllunar á vettvangi kirkjuráðs á árinu 2009 að gefa Guðrúnu Ebbu kost á liðsinni eða annarri aðstoð fagráðs í samræmi við starfsreglur þess. Í svarbréfi fagráðsins er og gerð grein fyrir breytingum sem gerðar hafi verið á störfum þess og sem rannsóknarnefndin telur þýðingarmiklar. Kys rannsóknarnefndin að láta við það sitja að gera athugasemdir við þann skort sem var á aðkomu ráðsins að málefnum Guðrúnar Ebbu. Í kafla 2.4.5 er komist að þeirri niðurstöðu að ekki séu forsendur til athugasemda við aðkomu kirkjumálaráðherra að máli Ólafs Skúla-sonar biskups á árinu 1996.

3. Í kafla 3 er fjallað um yfirlýsingar kirkjuráðs frá 1. mars 1996 og aðalfundar Prófastafélags Íslands frá 7. s.m. í tilefni af „biskupsmálinu“. Það er í *fyrsta lagi* niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að þeir kirkjuráðsmenn sem stóðu að yfirlýsingu ráðsins 1. mars 1996 hafi gert alvarleg mistök í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina með því að gefa hana út opinberlega á þeim tíma að virtu efni yfirlýsingarinnar og stöðu málsins. Í *öðru lagi* er það niðurstaða nefndarinnar að þeir prófastar sem stóðu að yfirlýsingu á vettvangi Prófastafélags Íslands 7. mars 1996 hafi gert alvarleg mistök í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina með því að gefa hana út opinberlega á þeim tíma að virtu efni hennar og stöðu málsins. Þá verði að álíta yfirlýsinguna fullnægja þeim skilyrðum að vera talin tilraun til þöggunar í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar í kafla 2 í A-hluta skýrslunnar.
4. Í kafla 4 er vikið að aðkomu stjórnar Prestafélags Íslands að „biskups- málinu“ á árinu 1996. Um þann þátt er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að stjórn Prestafélagsins hafi vanrækt í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina að sinna því hlutverki sem stjórninni var falið samkvæmt siðareglum og lögum félagsins í framhaldi af tilvísun máls Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur til stjórnarinnar með álitsgerð siðanefndar frá 15. febrúar 1996.
5. Í kafla 5 er fjallað um fundi sr. Karls Sigurbjörnssonar og sr. Hjálmars Jónssonar með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur dagana 2. og 3. mars 1996 í Hallgrímskirkju. Þar er í *fyrsta lagi* rakið að þegar komi að atburðarásinni í samskiptum Karls og Hjálmars og Sigrúnar Pálínu, sunnudaginn 3. mars 1996, gæti um nokkur mikilvæg atriði verulegs ósamræmis á milli þeirra, m.a. um tímasetningu funda, gerð yfirlýsingar sem þeir Karl og Hjálmar hafi

farið með á fund biskups og um ummæli sem þeir hafi látið falla við Sigrúnu Pálínu þegar fundi þeirra lauk. Er ítrekað að rannsóknarnefndin hafi í samræmi við hlutverk sitt leitast við í kafla 10 í C-hluta skýrslunnar að lýsa með eins heildstæðum og ítarlegum hætti og kostur er framburði allra hlutaðeigandi um málavexti dagana 2. og 3. mars 1996, og þá sérstaklega kappkostað að reyna að upplýsa um þau atriði sem Sigrún Pálína hafi helst talið fela í sér ámælisverða framkomu í hennar garð af hálfu þeirra Karls og Hjálmars. Fyrir liggi að þeir hafi með öllu hafnað staðhæfingum Sigrúnar Pálínu um þessi atvik. Eftir að hafa yfirfarið gögn málsins og framburð fyrir rannsóknarnefndinni sé ljóst að orð standi á móti orði um hvernig háttáð hafi verið framvindu atburðarásarinnar síðla sunnudags 3. mars 1996. Ekki liggi fyrir framburður einstaklinga, sem ekki eru málsaðilar, sem geti legið til grundvallar ályktun nefndarinnar um hvernig málsatvikum hafi í reynd og sannanlega verið háttáð. Þá verði viðtölum nefndarinnar við málsaðila ekki jafnað við framburð fyrir dómi hvað varðar forsendur til ályktana út frá sönnunarreglum. Það er því niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að hún hafi eins og atvikum er hér háttáð ekki forsendur til að fjalla frekar um þennan þátt málsins. Það er hins vegar í *öðru lagi* niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að sú ákvörðun Karls Sigurbjörnssonar að taka að sér 2. mars 1996, sem lið í almennu sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverki prests, að leita sáttu á milli Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Ólafs Skúlasonar biskups, hafi í ljósi aðkomu hans að málinu á vettvangi kirkjuráðs daginn áður falið í sér yfirsjón af hans hálfu og verði því talin mistök í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina. Nefndin leggur hins vegar á það áherslu í þessu sambandi að við meðferð málsins hafi ekki komið fram vísbendingar um að Karl hafi gengið til þessa verks í öðrum tilgangi en að leitast við að verða við óskum Sigrúnar Pálínu um að ná sáttum við kirkjuna. Það er í *þriðja lagi* niðurstaða rannsóknarnefndarinnar um þennan þátt málsins að vísbendingar séu um að framkvæmd fundarins á laugardagskvöldinu hafi í of ríkum mæli verið þess eðlis að skapa hjá Sigrúnu Pálínu þær væntingar að ósk hennar um sátt á þeim forsendum sem ræddar voru væri raunhæfur möguleiki. Ekki séu þó forsendur til að leggja annað til grundvallar en að Karl og Hjálmar hafi í upphafi gengið til þess verks sem Sigrún Pálína óskaði eftir af heilum hug og góðum ásetningi. Þótt gera megi við það athugasemdir að þeir hafi í ljósi allra atvika og stöðu málsins þegar til fundarins var gengið ekki gert viðhlítandi ráðstafanir til að tryggja að gætt yrði faglegra og vandaðra sjónarmiða, tengdra eðli sáttamiðlana við aðstæður sem

þessar, er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ekki sé tilefni til þess að fjalla frekar um þennan þátt málsins.

6. Í kafla 6 er vikið að málsmeðferð Karls Sigurbjörnssonar biskups og kirkjuráðs í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009. Það er niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ekki séu forsendur til að fullyrða að Karl Sigurbjörnsson, aðrir starfsmenn biskupsstofu eða kirkjuráðsmenn, hafi með framgöngu sinni gert tilraun til að þagga niður í Guðrúnu Ebbu með því að leitast við að koma í veg fyrir að hún fengi tækifæri til að koma sögu sinni á framfæri á vettvangi kirkjuráðs. Á hinn bóginn er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ýmis mistök hafi verið gerð við meðferð erindis hennar. Í *fyrsta lagi* hafi verið gerð mistök við móttöku erindis Guðrúnar Ebbu 27. mars 2009 á biskupsstofu, enda hafi það ekki verið skráð með formlegum og venjubundnum hætti. Í *öðru lagi* hafi þau mistök verið gerð að erindi Guðrúnar Ebbu hafi aldrei verið svarað formlega af hálfu kirkjuráðs eins og eðlilegt hefði verið. Í *þriðja lagi* er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að Karl Sigurbjörnsson hafi ekki fært fram fullnægjandi réttlættingarástæður fyrir því að úr málum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur skyldi leyst með ólíkum hætti á vettvangi kirkjuráðs. Ef á annað borð var talið rétt og mögulegt að fara þá leið að gefa Sigrúnu Pálínu kost á áheyrn ráðsins verði að telja það ámælisverð vinnubrögð að leysa ekki úr máli Guðrúnar Ebbu þegar með sambærilegum hætti og til viðbótar að láta hana bíða í rúmt ár eftir frekari viðbrögðum við erindi hennar og þá ekki fyrir en hún hafði í annað skipti ítrekað ósk sína um áheyrn kirkjuráðs. Það er ótvírætt niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að Karl Sigurbjörnsson hafi við meðferð erindisins borið sem biskup og forseti kirkjuráðs ábyrgð á þessum mistökum í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina. Á skorti að verulegu leyti að faglega væri leyst úr máli Guðrúnar Ebbu og þá einnig í samræmi við þau gildi og grundvallarhugsjónir sem þjóðkirkjan stendur fyrir í íslensku samfélagi.

2. Gildissvið starfsreglna um rannsóknarnefndina – afmörkun rannsóknarefnis

Í 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot er verkefni nefndarinnar annars vegar afmarkað á þann veg að hún skuli leggja mat á hvort um mistök, vanrækslu eða vísitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi verið að ræða af hálfu vígðra þjóna

og starfsmanna kirkjunnar, eða annarra sem gegnt hafa trúnaðarstörfum í þágu kirkjunnar, eftir að ásakanir um kynferðisbrot voru komnar fram og hverjir kunni eftir atvikum að bera ábyrgð á því. Hins vegar er nefndinni ætlað að setja fram ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot af hálfu starfsmanna hennar.

Í athugasemdum forsætisnefndar kirkjuþings, sem fylgdu tillögu hennar að starfsreglunum, er gerð nánari grein fyrir því hvað átt sé við með mistökum, vanrækslu eða vísvitandi þöggun. Þar segir svo: „Þar [er] ekki aðeins átt við að tiltekna athafnir eða athafnaleysi hafi ekki fullnægt lagakröfum eða áskilnaði starfsreglna eða annarra samþykktu innan þjóðkirkjunnar. Fleira getur fallið þar undir, svo sem að framkomnar ásakanir hafi ekki verið metnar af réttssýni og sanngirni og viðbrögð við þeim hafi mótast af ófullnægjandi forsendum. Þá er það sérstakt rannsóknarefni hvort vísvitandi hafi verið reynt að bæla niður umræðu og aðgerðir vegna þessara ásakana, bæði innan þjóðkirkjunnar og utan.“ Að því er síðastnefnda atriðið varðar er þess að geta að fram kom í ræðu forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein, þá er hann mælti fyrir tillögu um skipan rannsóknarnefndarinnar, að rannsókn hennar væri ekki bundin við starfsmenn kirkjunnar og þá sem gegnt hefðu trúnaðarstörfum í þágu hennar, heldur hlyti rannsóknin einnig að beinast að þeim sem tengsl hafa átt við þjóðkirkjuna um það málefni sem rannsókninni væri ætlað að taka til, svo sem ráðamönnum samfélagsins á þeim tíma sem við kann að eiga og eftir því sem við getur átt. Um verkefni rannsóknarnefndarinnar segir að öðru leyti svo í athugasemdunum: „Rannsóknarnefndin á jafnframt að meta hverjir kunni að bera ábyrgð á því sem úrskæiðis hefur farið. Rétt er þó að áréttu að rannsóknarnefndin getur aðeins sagt álit sitt á ábyrgð einstaklinga en henni er ekki ætlað úrskurðarvald um þá ábyrgð [...]“

Við nánari afmörkun á verkefni rannsóknarnefndarinnar skal í upp-hafi lögð á það sérstök áhersla að nefndinni er samkvæmt starfsreglunum ekki ætlað að taka afstöðu til sannleiksgildis ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Þá er það ekki heldur hlutverk nefndarinnar að rannsaka sérstaklega viðbrögð biskups sjálfs við ásökunum og framgöngu hans í embætti í tengslum við þær.

Hlutlægrí afmörkun á því hvaða gjörðir (athöfn eða athafnaleysi) það eru sem fallið geta undir 1. gr. starfsreglnanna er þar annars vegar lýst með rúmum og matskenndum hugtökum, þ.e. mistökum og vanrækslu. Hins vegar er nefndinni ætlað að leggja mat á það hvort um vísvitandi þöggun eða tilraun til hennar hafi verið að ræða. Mistök geta í viðteknum skilningi falist í handvömm, klaufaskap eða vangá eða að

eitthvað það sé aðhafst sem annars getur talist óheppilegt eða rangt. Vanræksla getur á hinn bóginn falið í sér hirðuleysi gagnvart skyldum sem á einstaklingi hvíla og að þeim sé þannig illa sinnt eða í engu hirt um að rækja þær. Má almennt um þetta segja í því samhengi sem hér á við, og í ljósi þeirra ummæla í framangreindum athugasemdum forsætisnefndar kirkjuþings, að framkomnar ásakanir hafi ekki verið metnar af réttssýni og sanngirni, að með þessu sé vísað til þess að háttsemi eða framganga (athöfn eða athafnaleysi) hafi farið gegn einhvers konar almennum siða- eða siðferðislögmálum sem einstaklingi, vígðum þjóni kirkjunnar eða öðrum trúnaðarmanni hennar, hafi borið að fylgja og hafa að leiðarljósi í embættisfærslu sinni. Sú afmörkun á hlutlægrei viðmiðun þeirra athafna samkvæmt 1. gr. starfsreglnanna sem lýtur að þöggun eða tilraun til þöggunar skýrir sig að mestu sjálf. Skal það eitt tekið fram í því sambandi að í slíkri athöfn myndi felast viðleitni til að bæla niður eða lægja orðróm og þá eftir atvikum að fá einhvern með beinum hætti til að þegja um eitthvað eða leitast við á annan veg að koma því til leiðar. Verkefni nefndarinnar er því samkvæmt framansögðu ekki aðeins bundið við að staðreyna brot á lögum eða öðrum réttarreglum heldur er henni ætlað að leggja á víðtækum grundvelli mat á það hvort vígðir þjónar kirkjunnar eða aðrir starfsmenn sem gegndu trúnaðarstörfum í þágu hennar hafi með þátttöku sinni í viðbrögðum við ásökunum á hendur biskupi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttssýni að leiðarljósi sem krefjast má af þeim sem gegna störfum hjá stofnun eins og íslensku þjóðkirkjunni.

Af framansögðu er ljóst að rannsókn nefndarinnar er samkvæmt starfsreglunum sjálfum bundin við vígða þjóna og starfsmenn kirkjunnar eða aðra þá sem gegndu trúnaðarstörfum í þágu hennar á þeim tíma sem rannsóknin tekur til. Svo sem rakið hefur verið gengu áform forsætisnefndar kirkjuþings á hinn bóginn út á það að verkefni rannsóknarnefndarinnar yrði eftir atvikum víðtækara hvað þetta varðar og nánar á þann hátt sem fram er komið. Hefur nefndin tekið mið af þessu við vinnu sína, enda verður að líta svo á að með því að ekki komu fram á kirkjuþingi athugasemdir hér að lútandi hafi það fallist á að málum yrði skipað með þessum hætti. Þá er til þess að líta að rannsókn nefndarinnar hlýtur eðli máls samkvæmt jafnframt að beinast sérstaklega að stofnunum kirkjunnar og þeirri aðkomu sem þær kunna að hafa átt að því málefni sem til rannsóknar er. Hið sama á enn fremur við um stjórn Prestafélags Íslands og siðanefnd þess.

Að því er varðar það tímabil sem rannsókninni er ætlað að taka til er þess að geta að upphaf þess miðast samkvæmt starfsreglunum við það þegar ásakanir um að Ólafur Skúlason hafi gerst sekur um kynferðisbrot voru komnar fram. Fyrir liggur að þær komu fyrst til umfjöllunar á opin-

berum vettvangi í ársbyrjun 1996, það er í kjölfar erindis sem þær Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir sendu stjórn Prestafélags Íslands og siðanefnd félagsins 25. janúar það ár. Í sama erindi kom á hinn bóginn einnig fram að Sigrún Pálína hafði áður gengið á fund þjónandi presta og sagt þeim sögu sína og þá líklega fyrst árið 1994. Að þessu sögðu hlýtur það samkvæmt starfsreglum um rannsóknarnefndina að ráðast af rannsókninni sjálfri hversu langt aftur í tímann hún mun ná, enda er viðmiðið það eitt í þessu sambandi hvenær vitneskja um þessar ásakanir hafi verið fyrir hendi í röðum vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar eða annarra sem gegndu trúnaðarstörfum í hennar þágu. Til sjálfstæðrar skoðunar þarf síðan að koma á því hvort athafnir eða athafnaleysi þeirra aðila sem bjuggu yfir slíkri vitneskju hafi í kjölfarið falið í sér einhverja þá gjörð sem talist gæti ámælisverð í skilningi 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefndina. Þá mun það með sama hætti ráðast af framvindu rannsóknarinnar hvaða atvik það eru sem marka í tíma lok hennar.

B. LÖG OG REGLUR UM ÍSLENSKU ÞJÓÐKIRKJUNA, SIÐAREGLUR PRESTA, FAGRÁÐ O.FL.

1. Lög og reglur um starfsemi íslensku þjóðkirkjunnar

1.1 Inngangur

Í þessum kafla verður í upphafi gefið stutt yfirlit yfir löggjöf um starfsemi þjóðkirkjunnar fyrir gildistöku laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar og þá eins og réttarástandið horfði við þegar ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi komu fyrst fram á árinu 1996, sbr. undirkafla 1.2. Þessu næst verður í undirkafla 1.3 lýst í grófum dráttum gildandi réttarástandi. Í undirköflum 2, 3 og 4 verður svo fjallað sérstaklega um gildandi siðareglur Prestafélags Íslands frá 2007, fagráð þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota og úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd samkvæmt lögum nr. 78/1997.

1.2 Fyrir gildistöku laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar

1.2.1 Biskup Íslands og embætti hans

Í VI. kafla laga nr. 62/1990 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands var að finna ákvæði um biskup Íslands og embætti hans. Í 35. gr. laganna sagði m.a. að Ísland skyldi vera eitt biskupsdæmi, að forseti Íslands skipaði biskup og að hann hefði aðsetur í Reykjavík. Í 36. gr. kom fram að biskup færi með yfirstjórn málefna þjóðkirkjunnar, nema mál heyrði undir kirkjumálaráðherra samkvæmt lögum eða venju og ennfremur að biskup væri forseti kirkjuþings og kirkjuráðs, fylgdi eftir markaðri stefnu kirkjuþings og prestastefnu og hefði ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau lytu forsjá kirkjuráðs. Þá sagði í ákvæðinu að biskup vígði presta og kirkjur að svo miklu leyti sem hann fæli ekki vígslubiskupum það verkefni, auk þess sem hann hefði yfirumsjón með kristnihaldi og kirkjulegu starfi í landinu og vísi-teraði kirkjur, presta og söfnuði. Loks kom fram að biskup hefði samráð við vígslubiskup eða vígslubiskupa um ákvörðun meiri háttar málefna er vörðuðu kirkjuna og gæti falið vígslubiskupi að koma fram fyrir hönd kirkjunnar.

Samkvæmt 37. gr. skyldi embættisskrifstofa biskups, biskupsstofa, vera í Reykjavík og þar skyldu einnig kirkjuþing og kirkjuráð hafa aðsetur. Biskupsstofa skyldi annast afgreiðslu mála þjóðkirkjunnar, þar á meðal mála kirkjuþings og kirkjuráðs, auk þess að annast vörslu og reikningshald sjóða og annarra eigna þjóðkirkjunnar. Í 38. gr. sagði að biskup réði starfsmenn á biskupsstofu, að fenginni heimild ráðherra, þ. á m. biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn deilda, fulltrúa og aðra

starfsmenn, ennfremur aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar, nema lög mæltu fyrir um annað. Þá gæti ráðherra, eftir tillögum biskups, ákveðið hæfniskilyrði og ráðningartíma starfsmanna er gegndu tilteknum verkefnum á biskupsstofu.

Í 39. gr. laganna var að finna ákvæði um svokallaða prestastefnu. Þar kom fram að biskup skyldi boða prestastefnu Íslands og jafnframt væri hann forseti hennar. Á prestastefnu skyldu eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar, allir starfandi þjóðkirkjuprestar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun, auk þess sem aðrir prestar og guðfræðingar áttu rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Ákvæði 40. gr. laganna fjölluðu um svokallaða leikmannastefnu. Biskup skyldi boða til leikmannastefnu og á henni áttu sæti fulltrúar frá prófastsdæmum landsins, kjörnir á héraðsfundum, fulltrúar frá landsamtökum kristilegra félaga sem störfuðu á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem ekki voru guðfræðingar. Þá skyldi biskup setja nánari reglur um leikmannastefnu, m.a. um kjör fulltrúa, að fengnum tillögum hennar.

Í 41. gr. var loks kveðið á um að í forföllum biskups skyldi ráðherra setja þann vígslubiskup, er biskup tilkveddi, til þess að gegna embætti hans. Félli biskup frá eða léti af embætti skyldi setja þann vígslubiskup, sem væri eldri að biskupsvígslu, til þess að gegna embættinu.

1.2.2 Vígslubiskupar og embætti þeirra

Í VII. kafla laga nr. 62/1990 var að finna ákvæði um vígslubiskupa og embætti þeirra. Samkvæmt 42. gr. laganna skyldu tveir vígslubiskupar vera hér á landi og hafa aðsetur annars vegar í Skálholti í Biskups-tungum og hins vegar á Hólum í Hjaltadal. Forseti Íslands skipaði vígslubiskupa, sbr. 43. gr., og í 44. gr. var kveðið á um þau prófastsdæmi sem umdæmi hvors vígslubiskups um sig skyldi ná yfir. Þá var í 45. gr. mælt fyrir um verkefni vígslubiskupa í hvoru umdæmi fyrir sig, en þau skyldu vera að hafa tilsjón með kristnihaldi og vera biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni, að vígja kirkjur í umboði biskups, að vígja presta að boði biskups og að vísitera kirkjur, presta og söfnuði umdæma sinna í samráði við biskup. Þar að auki skyldu þeir vera biskupi til ráðuneytis um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og gegna að öðru leyti þeim störfum sem biskup fæli þeim.

Samkvæmt 46. gr. laganna áttu vígslubiskupar sæti á árlegum prófastafundi, auk þess sem þeir skyldu sitja fundi kirkjuráðs þegar þeir voru tilkvaddir af ráðinu og sérstaklega var fjallað um málefni embætta

þeirra og umdæma. Ennfremur skyldu þeir eiga sæti á kirkjuþingi og hafa þar bæði málfrelsi og tillögurétt.

1.2.3 Kirkjuþing þjóðkirkjunnar

Í I. kafla laga nr. 48/1982 um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar var að finna ákvæði um kirkjuþing. Í 1. gr. laganna kom fram að kirkjuþing þjóðkirkjunnar fjallaði um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar að eigin frumkvæði og leysti úr þeim málum sem til þingsins væri vísað af hálfu biskups, kirkjuráðs, Alþingis og kirkjumálaráðherra. Kirkjuþing skyldi halda ár hvert, að jafnaði í október, og starfa allt að tíu dögum. Þá skyldu kirkjuþing og kirkjuráð vinna að því að efla íslenska kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar í þjóðlífinu. Í 2. gr. var mælt fyrir um hverjir ættu sæti á þinginu, en það voru 21 kjörinn þingfulltrúi, auk biskups og kirkjumálaráðherra eða fulltrúa hans. Þá áttu bæði vígslubiskupar og kirkjuráðsmenn rétt á fundarsetu og höfðu málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt höfðu þeir ekki, nema þeir væru jafnframt kjörnir þingfulltrúar. Í 3.–9. gr. laganna var síðan að finna ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd kosninga til kirkjuþings, en samkvæmt 10. gr. skyldi kjörtímabil hinna kjörnu þingfulltrúa vera fjögur ár. Í 11. gr. sagði að kærur út af kosningu til kirkjuþings skyldu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að fresti lauk til að skila atkvæðum og að hún legði þær fyrir sjálft kirkjuþingið til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum. Samkvæmt 12. gr. skyldi biskup vera forseti kirkjuþings, en kirkjuþing kjósa á fyrsta fundi sínum fyrsta og annan varaforseta og tvo skrifara. Afl atkvæða skyldi ráða úrslitum mála, nema þingsköp kirkjuþings mæltu á annan veg. Í þingsköpum, er kirkjuþing setti sér, skyldi m.a. mælt fyrir um framlagningu, meðferð og afgreiðslu mála, svo og um nefndarskipanir.

Í 13. gr. laganna var kveðið á um að kirkjuþing hefði ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins vörðuðu og heyrðu undir svið lögjafarvaldsins eða sættu úrskurði forseta Íslands. Það hefði jafnframt rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, skírn, fermingar, veitingu sakramenta og annað slíkt. Þær samþykktir væru þó eigi bindandi fyrir en þær hefðu hlotið samþykki bæði prestastefnu og biskups.

1.2.4 Kirkjuráð þjóðkirkjunnar

Í II. kafla laga nr. 48/1982 var að finna ákvæði um kirkjuráð þjóðkirkjunnar. Þar sagði í 15. gr. að kirkjuráð væri skipað fimm mönnum, biskupi, sem væri forseti þess, og fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum, sem kirkjuþing kysi, og skyldu varamenn

kosnir með sama hætti. Kosið skyldi í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi, að aflokinni kosningu og væru kirkjuráðsmenn kjörnir til loka kjörtímabils kirkjuþingsmanna. Þá skyldi kirkjuráð kjósa sér varaforseta, en biskupsritari væri ritari þess.

Í 16. gr. laganna var kveðið á um hlutverk kirkjuráðs, nánar tiltekið að kirkjuráð færi með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þ. á m. verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætluðu því og erinda sem vísað væri til þess af hálfu kirkjuþings, biskups, Alþingis, kirkjumálaráðherra, héraðsfunda, sóknarnefnda eða starfsmanna sókna eða þjóðkirkjunnar. Þá skyldi biskup, ásamt kirkjuráði, undirbúa fundi kirkjuþings og fylgja eftir samþykktum þess. Gert var ráð fyrir að kirkjuráð gæti átt frumkvæði að samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsreglna um málefni þjóðkirkjunnar, en kirkjumálaráðherra skyldi einnig leita umsagnar og tillagna þess um lagafrumvörp um þessi efni er hann hygðist flytja á Alþingi, svo og um drög að stjórnvaldsreglum um kirkjumál er hann hygðist setja. Þá skyldi kirkjuráð af hálfu þjóðkirkjunnar undirbúa tillögur til fjárveitinga til kirkjunnar á fjárlögum og leita af því tilefni tillagna frá kirkjuþingi og aðilum sem fjölluðu um fjármál kirkjunnar. Loks skyldi kirkjuráð hafa á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs og ráðstafa öðru því fé sem veitt væri af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

Samkvæmt 17. gr. laganna skyldi biskup kveðja kirkjuráð til fundar þegar þess þyrfti og jafnan þegar tveir kirkjuráðsmenn óskuðu þess. Þá var kveðið á um að kirkjumálaráðuneytið úrskurðaði reikninga kirkjuráðs sem greiddir voru úr ríkissjóði, þ. á m. framlagðan kostnað og dagpeninga.

1.2.5 Prófastar

Í V. kafla laga nr. 62/1990 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands var fjallað um prófasta. Samkvæmt 27. gr. laganna skyldi kirkjumálaráðherra skipa prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu með ráði biskups er áður hefði leitað áhlits þjónandi presta í prófastsdæminu og þriggja fulltrúa leikmanna sem kosnir væru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, en samkvæmt lagaákvæðinu var sóknarpresti skylt að takast á hendur prófastsembætti. Þá gat biskup einnig falið presti eða nágrannaprófasti að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stóð á, svo sem vegna fjarveru prófasts eða veikinda hans eða vegna þess að prófasts missti við. Loks er rétt að taka fram að biskupi var falið að setja próföstum erindisbréf.

Í 28. gr. kom fram að prófastur væri fulltrúi biskups í prófastsdæminu og trúnaðarmaður hans og hefði í umboði hans almenna umsjón með

kirkjulegu starfi þar. Að því er varðaði sameiginleg málefni prófastsdæmisins væri hann í fyrirsvari fyrir það gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Væri kirkjuleg starfsstöð stofnuð í prófastsdæminu þá skyldi prófastur jafnaðarlega veita henni forstöðu og skipuleggja starfsemi á hennar vegum. Hann væri einnig formaður stjórnar héraðssjóðs prófastsdæmis, svo og héraðsnefndar. Þá skyldi hann boða héraðsfund í samvinnu við héraðsnefnd og stjórna fundum hennar, undirbúa mál sem sá fundur fengi til meðferðar og koma ályktunum fundarins til biskups og annarra aðila og fylgja þeim eftir.

Í 29.–31. gr. laganna var kveðið á um hlutverk prófasta, en þeir skyldu m.a. hafa eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi, framkvæma úttekt á prestssetrum og embættisbústöðum presta við prestaskipti og þegar prestur flutti í annað húsnaði innan prestakallsins og taka út nýjar kirkjur, kapellur og safnaðarheimili. Þá skyldi prófastur setja nýjan prest í embætti, heimsækja presta og vísitera kirkjur og söfnuði samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi, auk þess að fylgja biskupi á vísitásiúm hans til presta og safnaða í prófastsdæminu. Prófastur skyldi einnig gegna hlutverki við eftirlit með því að prestar skiluðu embættisskýrslum til Hagstofu Íslands og ganga eftir því að starfsskýrslum og endurskoðuðum reikningum væri skilað á réttum tíma. Þá skyldi hann fjalla um ágreining sem kynni að rísa milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar og loks hafa lögboðin afskipti af veitingu prestakalla, skipuleggja endurmenntun presta, sjá um bókasafn prófastsdæmis og hafa þau afskipti af 34. gr. laganna sagði loks að biskup skyldi boða prófasta til fundar að minnsta kosti einu sinni á ári til umræðna um málefni þjóðkirkjunnar og þau mál er sérstaklega vörðuðu störf prófasta og tengsl þeirra við biskup og dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

1.2.6 Prestar

Í III. kafla laga nr. 62/1990 var að finna ávæði um embættisgengi presta og í IV. kafla ýmis ákvæði um starfsskyldur þeirra. Í 15. gr. sagði að kirkjumálaráðherra skipaði sóknarpresta í embætti, sbr. lög um veitingu prestakalla nr. 44/1987, og réði aðra presta til þjónustu að fengnum tillögum biskups, en biskup skyldi setja prestum erindisbréf. Í 16. gr. var mælt fyrir um almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti, en þau voru í meginatriðum 25 ára aldur, embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla og a.m.k. fjögurra mánaða starfsreynsla með sóknarpresti undir eftirliti prófasts. Þá mátti aðili ekki hafa gerst sekur um athæfi sem ætla mætti að myndi rýra álit hans og væri ósamboðið manni í prestsstarfi. Tekið

var fram að teldi biskup að hæfni kandídats orkaði tvímælis gæti hann kvatt þriggja manna nefnd sér til ráðuneytis. Að öðru leyti varð maður að fullnægja almennum skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til þess að uppfylla kröfur til starfans. Í 17. gr. laganna kom m.a. fram að biskup skyldi vandlega gæta þess að eigi veldust aðrir til prestsþjónustu en þeir sem til þess væru hæfir að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna. Í 18. gr. var ítrekað að sóknarprestir og aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar sem lögin næðu til og tækju laun úr ríkissjóði væru opinberir starfsmenn og nyttu lögkjara og bæru skyldur samkvæmt því, sbr. m.a. lög nr. 38/1954. Í 19.–25. gr. laganna var síðan að finna ákvæði um starfsskyldur og starfsfyrirkomulag sóknarpresta, setu þeirra á sóknarnefndarfundum, héraðsfundum o.fl. Loks sagði í 26. gr. að risi ágreiningur milli presta um rétt eða skyldu þeirra til tiltekinnar þjónustu bæri viðkomandi prófasti að leita sátta í málinu og ef niðurstaða næðist ekki legði hann málið fyrir biskup til úrskurðar.

1.3. Eftir gildistöku laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar

1.3.1 Réttarstaða

Í II. kafla laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er að finna ákvæði er lúta að réttarstöðu þjóðkirkjunnar. Í 2. gr. laganna er kveðið á um sjálfstæði þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu innan lögmaeltra marka og að þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóti sjálfstæðrar eignhelgi og komi fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við geti átt. Þá kemur fram í 4. gr. að innanríkisráðuneytið hafi með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð og hafi jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því beri að veita henni lögum samkvæmt og hafi umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

1.3.2 Biskup Íslands og embætti hans

Ákvæði er varða embætti biskups Íslands er að finna í 2. þætti III. kafla laga nr. 78/1997. Í 6. gr. segir að Ísland sé eitt biskupsdæmi og að biskup Íslands, sem hafi aðsetur í Reykjavík, fari með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Í 7.–9. gr. er fjallað um biskupskosningar og skipun biskups Íslands, en kjörgengur til biskupssembættis er hver guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í

Þjóðkirkjunni. Forseti Íslands skipar biskup Íslands, en kirkjuþing setur reglur um kosningu hans.

Í 10. gr. laganna er kveðið á um starfssvið biskups Íslands. Hann skal hafa tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er forseti kirkjuráðs og fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu. Þá hefur hann ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögnum. Loks vígir biskup kirkjur, presta og djákna og setur þeim síðarnefndu vígslubrэф. Samkvæmt 11. gr. laganna, um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi, hefur biskup Íslands yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi. Vegna agabrota hefur hann heimild til að grípa til þeirra úrræða sem lög og kirkjuhefð leyfa.

Í 12. og 13. gr. er kveðið á um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar, en sérstaklega er fjallað um þær í kafla 5 hér síðar.

Í 14. gr. er ákvæði um svokallaða kenningarnefnd, en biskup skal skipa ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum. Í 15. gr. laganna er fjallað um staðgengil biskups Íslands, en í forföllum kveður biskup þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum eða ef biskup fellur frá eða lætur af embætti og þá þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup fengið skipun í embætti sitt.

1.3.3 Vígslubiskupar og embætti þeirra

Í 3. þætti III. kafla laga nr. 78/1997 er fjallað um vígslubiskupa og embætti þeirra. Í 16. gr. er mælt fyrir um að vígslubiskupar skuli vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, þ.e. í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal, og að þá skipi forseti Íslands. Þá segir að þeir skuli hafa tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og vera biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annast þau biskupsverk er hann felur þeim. Nánari ákvæði um starfssvið vígslubiskupa skal setja í starfsreglur. Í 17. og 18. gr. er fjallað um kosningu vígslubiskupa og umdæmi þeirra, en um kosningu og kjörgengi þeirra gilda sömu reglur og um biskupskjör eftir því sem við getur átt. Kirkjuþing ákveður skipan umdæma vígslubiskupa og setur nánari reglur um kosningu vígslubiskups í hvoru umdæmi fyrir sig.

Samkvæmt 19. gr. laganna, er fjallar um biskupafund, skal biskup Íslands kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum. Hlutverk biskupafundar er m.a. að búa

þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings.

1.3.4 Kirkjuþing þjóðkirkjunnar

Í 4. þætti III. kafla laga nr. 78/1997 er fjallað um kirkjuþing þjóðkirkjunnar. Samkvæmt 20. gr. laganna fer kirkjuþing með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka, en málefni er varða kenningu kirkjunnar og agavald heyra þó undir biskup. Samþykktir um kenningarleg málefni, guðspjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi. Í 21. gr. er að finna ákvæði um skipan kirkjuþings. Þar kemur m.a. fram að kirkjuþingsfulltrúar eru kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn og skulu leikmenn vera fleiri en vígðir. Rétt til setu á kirkjuþingi eiga biskup Íslands og vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, innanríkisráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands og hafa þeir allir málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Kirkjuþing skal halda ár hvert og einnig ef þriðjungur kirkjuþingsmanna óskar eftir því og þá innan viku frá því að krafa um slíkt var sett fram. Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings og þingsköp í starfsreglur.

Í 22. gr. laganna er kveðið á um kosningu fastanefnda kirkjuþings og í 23. gr. um kirkjuleg stjórnvöld, en þau bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi. Þá segir að kirkjuþing geti haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi og einnig að ráðherra leiti umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

1.3.5 Kirkjuráð þjóðkirkjunnar

Í 5. þætti III. kafla laga nr. 78/1997 eru ákvæði um kirkjuráð. Í 24. gr. segir að kirkjuráð fari með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar. Ákvæði um skipan þess er að finna í 25. gr., en þar segir að kirkjuráð sé, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu og kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið.

Í 26. og 27. gr. laganna er kveðið á um starfssvið kirkjuráðs. Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þ. á m. verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, Alþingis og ráðherra. Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu

kirkjuráðs, má skjóta til ráðsins til endanlegrar úrlausnar, en undanskildar eru þó ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefndar samkvæmt 12. og 13. gr., svo og ákvarðanir biskups samkvæmt 11. gr. og um kenningu kirkjunnar, sbr. 10., 19., 20. og 28. gr. Varði málskot ákvörðun biskups Íslands er hann hefur áður tekið skal hann víkja sæti í kirkjuráði meðan það mál er til meðferðar þar og tekur þá sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu sæti hans. Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings, en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna. Við málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað ekki af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála. Kirkjuráð, í samráði við forseta kirkjuþings, undirbýr fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess. Þá undirbýr ráðið, af hálfu þjóðkirkjunnar, tillögur til fjárveitinga til hennar af fjárlögum og hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

1.3.6 Prestastefna

Í 28. gr. laga nr. 78/1997 er fjallað um prestastefnu. Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar. Þar eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar og allir starfandi þjóðkirkjuþestar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun og guðfræðingar sem gegna föstum störfum á vegum þjóðkirkjunnar. Aðrir þestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti, enda séu þeir innan safnaða er starfa á játningargrundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju. Á prestastefnu skal fjalla um málefni presta-stéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup og kirkjuþing.

1.3.7 Prófastar

Í 7. þætti III. kafla laga nr. 78/1997 er fjallað um prófasta. Samkvæmt 29. gr. útnefnir biskup Íslands prófasta úr hópi presta. Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur. Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar. Biskup getur útnefnt prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

1.3.8 Prestar

Í 8. þætti III. kafla laga nr. 78/1997 eru ákvæði um presta. Í 33. gr. segir að þjónandi prestur þjóðkirkjunnar sé hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lúti tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni laun-
uðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.

Samkvæmt 34. og 35. gr. laganna skal í hverju prestakalli vera einn sóknarprestur. Hann er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunar-embætti samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem reglur og venjur segja til um. Í fjölmönnum prestaköllum er þó heimilt að skipa fleiri presta en einn. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forustu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi.

Í 37. og 38. gr. eru ákvæði um embættisgengi presta o.fl. Biskup Íslands skipar í embætti sóknarprests sem og í önnur prestsembætti. Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru 25 ára aldur, en biskup Íslands getur þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði, embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla og að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum. Að öðru leyti verður kandídat að fullnægja almennum skilyrðum 6. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ákvæði 42. og 43. gr. laganna fjalla almennt um skyldur presta. Þar kemur m.a. fram að sóknarpresti sé skylt að taka við kalli sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun eða ráðningu, en biskup Íslands geti þó veitt presti er situr jörð frest til næstu fardaga til að taka við embættinu. Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu settar í starfsreglur. Í 44.–46. gr. laganna er síðan að finna ákvæði um sérþjónustupresta.

1.3.9 Djáknar

Í 47. gr. laga nr. 78/1997 eru ákvæði um djákna. Þar kemur m.a. fram að þjónandi djákni þjóðkirkjunnar sé hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir fastri djáknaþjónustu í þjóðkirkjunni. Djáknar eru ráðnir af sóknarnefnd í samráði við sóknarprest til þess að gegna sérstaklega tilgreindum störfum á sviði líknar- og fræðslumála innan safnaðar. Til að hljóta ráðningu og vígslu sem djákni þarf hlutaðeigandi að hafa lokið viðeigandi prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og hlotið

tilskilda starfsþjálfun á vegum þjóðkirkjunnar. Um þjónustu djákna fer nánar eftir ákvæðum í starfsreglum.

2. Siðareglur Prestafélags Íslands

Siðareglur presta og reglur um siðanefnd sem nú eru í gildi voru samþykktar á aðalfundi Prestafélags Íslands 24. apríl 2007. Samkvæmt reglum um siðanefnd getur hver sá sem telur að prestur hafi brotið gegn siðareglunum kært málið til siðanefndar. Í siðareglunum er ákvæði þar sem sérstaklega er vikið að kynferðisbrotum. Þannig segir í grein 2.4 að sálgæsla byggist á virðingu og trúnaðartrausti og sé því sérstaklega viðkvæm og vandmeðfarin. Prestur megi ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstæðings, svo sem með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú með öðrum hætti. Í siðanefnd eiga sæti þrír fulltrúar skipaðir af stjórn Prestafélags Íslands. Er einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu biskups og annar samkvæmt tilnefningu Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Þriðja fulltrúann skipar stjórnin án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Reynist kæra á rökum reist skal siðanefnd kveða skýrt á um hvort brotið var ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Teljist brot ámælisvert skal siðanefnd veita viðkomandi presti áminningu. Sé brotið á hinn bóginn alvarlegt eða mjög alvarlegt skal siðanefndin vísa málinu til stjórnar Prestafélags Íslands ásamt áliti sínu. Tekur stjórnin þá ákvörðun um hvort vísa skuli viðkomandi presti úr félaginu. Siðareglur presta og reglur um siðanefnd sem í gildi voru árið 1996 munu hafa verið samþykktar á prestastefnu í Vestmannaeyjum vorið 1994. Hafa framangreind ákvæði í öllu falli haldist óbreytt síðan þá, með þeirri undantekningu þó að áður var mælt fyrir um það að vísa bæri álitum siðanefndar um mjög alvarleg brot til biskups auk stjórnar Prestafélags Íslands. Í reglum siðanefndar frá 1994 var á hinn bóginn gerð sú þýðingarmikla takmörkun á heimildum siðanefndar til að fjalla um kæru að henni var óheimilt að taka mál fyrir væri eitt ár liðið frá meintu broti til kærudags.

Þess skal að lokum getið hér að á kirkjuþingi 2009 voru samþykktar siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar. Á grundvelli þeirra gerir þjóðkirkjan nú þá kröfu til þeirra sem sækja um starf á vegum hennar að þeir samþykki að biskup Íslands eða yfirmaður afli upplýsinga um það úr sakaskrá hvort viðkomandi hafi gerst sekur um tiltekin refsilagabrot, þ. á m. kynferðisbrot. Er m.a. óheimilt að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi sem hlotið hefur dóm fyrir kynferðisbrot.

3. Fagråd um meðferð kynferðisbrota

Á kirkjuþingi 1998 voru í fyrsta skipti settar starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Tóku þær gildi 1. janúar 1999 sem reglur nr. 739/1998. Þegar ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot voru fyrst settar fram opinberlega í byrjun árs 1996 voru þannig ekki fyrir hendi sérstakar reglur um það með hvaða hætti skyldi brugðist við þeim af hálfu þjóðkirkjunnar.

Starfsreglurnar voru afrakstur vinnu nefndar sem kirkjuráð skipaði í desember 1997. Í nefndinni áttu sæti dr. Arnfríður Guðmundsdóttir guðfræðingur, Kolbrún Linda Ísleifsdóttir lögfræðingur og Benedikt Jóhannsson sálfræðingur. Tillögum nefndarinnar fylgdi greinargerð. Í inngangi hennar segir að þar sem kynferðisbrot feli í sér lítilsvirðingu á mennsku þolanda og misnotkun valds beri kirkjunni að taka mjög alvarlega ásakanir á hendur starfsmönnum sínum um slík brot og bregðast við þeim á ábyrgan hátt. Forsenda ábyrgrar afstöðu kirkjunnar sé viðurkenning hennar á því að kynferðisbrot geti átt sér stað innan veggja hennar. Allir geti gerst sekir um kynferðisbrot, bæði vígðir og óvígðir þjónar kirkjunnar. Allar ásakanir og öll brot skuli taka alvarlega, en eðli máls samkvæmt beri að taka brot vígðra þjóna kirkjunnar sérstaklega alvarlega. Þá er í greinargerðinni sett fram sú stefnumörkun að kirkjunni beri að leitast við að vera öruggur staður fyrir alla, þar sem hægt sé að treysta því að velferð einstaklingsins sé í öndvegi. Þá sé mikilvægt að allir geti treyst því að kirkjan umberi undir engum kringumstæðum athæfi sem hafi skaðleg áhrif á andlega og líkamlega velferð viðkomandi. Þegar starfsmaður kirkjunnar er sakaður um kynferðisbrot beri kirkjunni þannig m.a. að viðurkenna að slík brot geti átt sér stað innan hennar, að hafa í huga að kynferðisbrot eru sérlega alvarleg sökum þess hve djúpt þau vega að andlegri og líkamlegri velferð þolanda, að fjalla á ábyrgan og faglegan hátt um málið, að veita þolanda undantekningarlaust áheyrn og taka sársaukafulla reynslu hans ávallt alvarlega.

Með starfsreglunum var sett á laggirnar fagråd á sviði kynferðisbrota. Skyldi það skipað þremur mönnum sem hefðu sérþekkingu á kynferðisbrotum. Skyldi formaður þess vera lögfræðingur, en hinir tveir ráðsmennirnir guðfræðingur annars vegar og læknir eða sálfræðingur eða einstaklingur með sambærilega menntun hins vegar. Hlutverk fagráðs var afmarkað með eftirfarandi hætti í 3. gr. reglnanna: 1. Að tilnefna talsmenn, sbr. 4. gr., og veita þeim faglegan stuðning, en í þeirri grein var kveðið á um að kirkjuráð skyldi útnefna til fjögurra ára í senn sérstaka talsmenn þeirra sem teldu sig þolendur kynferðisbrota innan kirkjunnar sem hefðu það hlutverk að vera þolendum til ráðgjafar og stuðnings. 2. Að fjalla um einstök mál sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða

áfrýjunarnefnd og veita henni ráðgjöf um meðferð þeirra. 3. Að meta árangur starfsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf. 4. Að hafa umsjón með fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar í samvinnu við fræðsludeild kirkjunnar, sbr. 9. gr. 5. Að sinna forvörnum á sviði kynferðisbrota, sbr. 9. gr.

Samkvæmt 5. gr. starfsreglnanna skyldi talsmaður að jafnaði vera kona, hafa reynslu af því að vinna með þolendum kynferðisbrota, hafa hlotið þjálfun á vegum kirkjunnar og hafa háskólamenntun sem nýst gæti við verkefnið, svo sem djáknanám, félagsráðgjöf, guðfræði, hjúkrunarfræði, læknisfræði, lögfræði eða sálfræði. Þá var mælt fyrir um það í þessari grein að talsmaður mætti ekki gegna öðrum störfum innan kirkjunnar. Loks var kirkjuráði veitt heimild til að víkja frá þessum hæfis-skilyrðum ef ógerlegt væri að uppfylla þau.

Í 6. gr. starfsreglnanna sagði svo: „Nú telur einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr., og skal hann þá fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá talsmanni. Talsmaður aðstoðar hann við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir. Talsmaður aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Talsmaður aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega hjálp og aðstoð. Talsmaður skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt. Eigi barn eða börn í hlut, skal talsmaður eða sá sem hefur vitneskju um ætlað kynferðisbrot, gegna skilyrðislausri tilkynningarskyldu til hlutaðeigandi barnaverndarnefndar, sbr. 12. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Óheimilt er að afgreiða í sófnuði eða sóknarnefnd mál er varðar ætlað kynferðisbrot.“

Í 10. gr. framangreindra starfsreglna var mælt fyrir um það að þær skyldu endurskoðaðar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra. Breytingar á þeim voru á hinn bóginn ekki gerðar fyrr en á kirkjuþingi 2009, en þá voru samþykktar starfsreglur nr. 955/2009 um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar og leystu þær framangreindar eldri reglur um sama efni af hólmi. Í breytingunum fólst aðallega að fagráði var falið að fylgja því eftir að mál sem varða kynferðisbrot og upp koma innan kirkjunnar fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum hennar. Þá skyldi fagráðið vera biskupi og kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum. Að öðru leyti stóð eldra ákvæði um hlutverk fagráðs óhaggað. Þá var breytt reglum um það hvernig standa skal að vali á formanni fagráðs, en það er nú í höndum ráðsmanna sjálfra. Loks er þess að geta að sérstaklega var mælt fyrir um það í hinum nýju reglum að talsmaður skyldi starfa í umboði og á ábyrgð fagráðs sem fengi honum verkefni og virkjaði hann til starfa. Þá var út-

nefning talsmanna falin biskupi í stað kirkjuráðs og tekið fram að æskilegt væri að talsmaður gegndi ekki öðrum störfum innan kirkjunnar, en í eldri starfsreglum var hér um óundanþægt skilyrði að ræða svo sem áður greinir.

Á kirkjuþingi 2010 voru síðan gerðar breytingar á starfsreglum nr. 955/2009. Í þeim fólst annars vegar að vísa ber öllum málum er varða kynferðisbrot innan kirkjunnar til fagráðs. Að öðru leyti verða breytingarnar raktar til þess að ákveðið var að hverfa frá því fyrirkomulagi sem fram að því hafði verið við lýði varðandi talsmann þolanda kynferðisafbrotis og lýst er hér að framan. Þó er gert ráð fyrir því í núgildandi reglum að fagrád geti leitað til utanaðkomandi aðila til að taka að sér hlutverk talsmanns þolanda í tilteknum málum sem starfi þá eftir sem áður í umboði og á ábyrgð ráðsins og sé þeim sem telur sig þolanda kynferðisbrotis til ráðgjafar og stuðnings. Að þessari heimild undanskilinni er fagráði nú ætlað að hafa það hlutverk með höndum sem talsmaður hafði áður. Til samræmis við þetta voru ákvæði í eldri starfsreglum um útnefningu talsmanna, fjölda þeirra, þjónustusvæði, hæfi o.fl. felld úr gildi, þó þannig að mælt er fyrir um það að talsmaður sem leita má til samkvæmt framan-sögðu skuli hafa reynslu af því að vinna með þolendum kynferðisbrota og hafa háskólamenntun sem nýtist við verkefnið. Þá er hlutverk fagráðs nú afmarkað með svofelldum hætti í 4. gr. starfsreglna nr. 955/2009: a) Að fylgja eftir að mál sem varða kynferðisafbrot og upp koma innan kirkjunnar fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum þessum; b) Að heyra umkvartanir þolanda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni; c) Að vera biskupi og kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisafbrotum; d) Að fjalla um einstök mál sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og veita henni ráðgjöf um meðferð þeirra; e) Að meta árangur starfsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf; f) Að stuðla að forvörnum og fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar í samvinnu við fræðsluvið biskupsstofu. Þá segir nú svo í 6. gr. starfsreglnanna: „Telji einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr., skal hann fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá fagráði. Fagrád aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Fagrád aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega aðstoð. Fagrád skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt.“

Starfsreglur kirkjuþings um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar hafa jafnan verið settar á grundvelli 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Er í 1. mgr. þeirrar greinar

kveðið á um að kirkjuþing setji almennar reglur um starfshætti kirkjunnar er hafi að geyma nánari fyriræli um stjórnun og starfshætti hennar á grundvelli laganna. Þá er í 2. mgr. mælt fyrir um að kirkjuþing setji jafnframt nánari reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem eigi er fjallað um í þeim almennu reglum sem um er getið í 1. mgr.

Gildandi starfsreglur eru birtar í heild með skýrslu þessari.

4. Úrskurðar- og áfrýjunarnefnd samkvæmt lögum nr. 78/1997

Úrskurðar- og áfrýjunarnefnd, sem vísað er til í kafla 3 hér að framan, var komið á fót með 12. og 13. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Er í 12. gr. laganna mælt fyrir um skipan úrskurðarnefndar sem hefur það hlutverk að fjalla um ágreining sem rís á kirkjulegum vettvangi eða þegar starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og þau úrræði sem hún getur gripið til í úrskurði vegna agabrota. Úrskurði nefndarinnar má síðan skjóta til áfrýjunarnefndar samkvæmt 13. gr. laganna. Um báðar þessar nefndir hafa verið settar starfsreglur nr. 730/1998.

Úrskurðarnefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn þeirra tilnefndur af leikmönnum á kirkjuþingi og einn af prestastefnu. Formaður skal vera löglærður og skipaður án tilnefningar. Svo sem áður er getið er það hlutverk úrskurðarnefndarinnar, sem biskup skipar til fjögurra ára í senn, að fjalla um ágreining sem rís á kirkjulegum vettvangi eða þegar starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot. Getur hver sem hagsmuna hefur að gæta borið mál undir nefndina. Varði mál meint agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar eða embættisfærslu prests sérstaklega getur nefndin lagt til að hlutaðeigandi verði vikið úr starfi meðan um mál hans er fjallað, sbr. 3. mgr. 12. gr. Í úrskurði vegna agabrota getur nefndin lagt til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyriræli um rétta hegðun, mælt fyrir um að hann skuli fluttur til í starfi, mælt fyrir um að hann skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar og loks lagt til endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til, sbr. 4. mgr. 12. gr. Samkvæmt 13. gr. sömu laga má skjóta niðurstöðum úrskurðarnefndar til áfrýjunarnefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára að fengnum tilnefningum Hæstaréttar. Er áfrýjunarnefndin skipuð þremur löglærðum mönnum sem skulu fullnægja almennum skilyrðum til að vera skipaðir hæstaréttardómarar. Við meðferð einstakra mála skal nefndin skipuð tveimur sérfróðum mönnum til viðbótar sem nefndin

kveður sjálf til starfans. Um úrræði þau sem áfrýjunarnefnd getur gripið til með úrskurði gildir hið sama og við á um úrskurðarnefndina.

Á grundvelli heimilda í 5. mgr. 12. gr. og 4. mgr. 13. gr. tilvitnaðra laga setti kirkjuþing árið 1998 úrskurðar- og áfrýjunarnefnd starfsreglur og nánari ákvæði um málsmeðferð fyrir þeim, þ.e. reglur nr. 730/1998 sem áður er getið. Segir í 3. gr. þeirra að með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi sé átt við ágreining milli þeirra aðila sem upp eru taldir í 4. gr. og sem varðar með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar. Þó er í niðurlagi ákvæðisins gerður sá fyrirvari að úrskurðarnefndin fjalli ekki um málefni sem varðar lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Allir sem hagsmuna eiga að gæta geta borið mál undir úrskurðarnefnd, svo sem kirkjustjórnin (biskup og kirkjuráð), sóknarnefnd, einstakir starfsmenn kirkjunnar og aðrir sem starfa innan hennar, hvort sem greitt er fyrir starfann eða ekki.

C. ATVIK „BISKUPSMÁLSINS“ Á ÁRINU 1996 SAMKVÆMT SKRIFLEGUM GÖGNUM OG FRAMBURÐI EINSTAKLINGA FYRIR RANNSÓKNARNEFNDINNI

1. Inngangur

Í þessum hluta verða rakin atvik „biskups málsins“ á árinu 1996, en þá komu ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot fyrst fram opinberlega. Þessar ásakanir voru settar fram af þremur konum, þeim Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur. Atvikalýsing sú sem hér er rakin byggir annars vegar á þeim skriflegu gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði og hins vegar á framburði þeirra einstaklinga sem komu fyrir nefndina umbeðnir eða að eigin frumkvæði. Um verklag nefndarinnar við öflun upplýsinga er nánar fjallað í köflum 1.2–1.5 í A-hluta skýrslunnar. Samhengisins vegna telur rannsóknarnefndin þó rétt að hefja umfjöllunina í þessum kafla á fundi sem Sigrún Pálína hefur sagt að hún hafi átt með Sigurbirni Einarssyni þáverandi biskupi árið 1988 og fundum sem hún átti með sr. Pálma Matthíassyni á árinu 1994 og sr. Vigfúsi Þór Arnasyni á árinu 1995. Er þá annars vegar horft til þess að Sigrún Pálína hafði áður en til þessarar rannsóknar var stofnað lýst því opinberlega að þessir fundir hafi átt sér stað og hins vegar að í tilviki tveggja síðarnefndu fundanna er ljóst að þeir tengjast nokkuð þeirri atburðarás sem hófst formlega með erindi Sigrúnar Pálínu og Dagbjartar til formanns stjórnar Prestafélags Íslands (hér eftir PÍ) og síðarnefndar félagsins síðla janúarmánaðar 1996, eins og nánar verður lýst í kafla 3.2 hér síðar.

Í þessum hluta skýrslunnar mun rannsóknarnefnd kirkjuþings leitast við að lýsa atburðarásinni með hlutlægum hætti eins og hún birtist í þeim skriflegu gögnum sem nefndin hefur undir höndum og framburði þeirra einstaklinga sem komu fyrir nefndina. Að mati nefndarinnar er heppilegast að atburðarásinni verði lýst eins og kostur er í tímaröð svo samhengi atvika og atburða verði sem skýrast. Er þá kappkostað að flétta saman upplýsingar úr þessum heimildum. Að jafnaði er aðeins gerð grein fyrir framburði einstaklinga fyrir rannsóknarnefndinni að því marki sem frásögn þeirra snýr að atvikum sem eru umfram það sem leiða má af samtímaheimildum í formi skriflegra gagna, t.d. fundargerða, bréfa o.s.frv. Þá er aðeins í undantekningartilvikum vísað beint til fjölmiðlaumfjöllunar frá þessum tíma og þá einkum þegar rannsóknarnefndin hefur talið ljóst að sú umfjöllun sé reist á fyrirliggjandi heimildum, einkum munnlegum upplýsingum frá nafngreindum einstaklingum.

Að lokum skal tekið fram að í þessum kafla er ekki að finna sjálfstæðar ályktanir rannsóknarnefndarinnar að því er tekur til einstakra

atvika. Þær verða settar fram með heildstæðum hætti í E-hluta skýrslunnar.

2. Fundir Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur með hr. Sigurbirni Einarssyni biskupi á árinu 1988, sr. Pálma Matthíassyni á árinu 1994 og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni á árinu 1995.

Fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings skýrði Sigrún Pálína Ingvarsdóttir frá fundi sem hún kvaðst hafa átt með Sigurbirni Einarssyni biskupi, en af frásögninni má ráða að sá fundur hafi átt sér stað árið 1988, þ.e. áður en Ólafur Skúlason var kjörinn biskup. Kvaðst hún hafa hringt í Sigurbjörn, kynnt sig og sagt honum frá meintu kynferðisbroti Ólafs. Hann hafi beðið um leyfi til að hugsa þetta, en hringt í hana viku síðar og beðið hana um að koma til sín. Það hafi hún gert og hafi þáverandi unnusti hennar verið með í för. Á þessum fundi þeirra hafi Sigurbjörn beðið hana um að fara og hitta Ólaf til að „athuga hvort ... maðurinn [hefði] breyst“. Á það hafi hún fallist og farið til fundar við Ólaf í Bústaðakirkju. Þar hafi hann orðið mjög reiður og alfarið neitað ásökunum hennar. Hún hafi þá farið aftur til Sigurbjörns. Hann hafi grátið og blessað þau. Hún hafi farið frá Sigurbirni með „svo mikla sektarkennd yfir því að hafa lagt þetta á aumingjans gamla manninn [...] og ég labba út og ég hugsa með mér, hann hlýtur að tala við einhvern, hann hlýtur að gera eitthvað, þessi maður sem var svo æðislegur og svo fallegur og allir dáðust að, hann hlýtur að gera eitthvað. En Ólafur varð biskup og það hafði gríðarleg áhrif á mig því ég varð svo ómerk“.

Þess skal getið í þessu sambandi að á meðal gagna málsins er lögregluskýrsla þar sem fram kemur að í samtali 1. apríl 1996 við lögreglu-fulltrúa sem skýrsluna ritaði hafi Sigurbjörn Einarsson skýrt svo frá „að hann gæti staðfest að Sigrún Pálína hefði leitað til sín árið 1988 ásamt vini sínum, að sig minnti einu sinni“.

Fyrir liggur að á árinu 1994 átti Sigrún Pálína fund með sr. Pálma Matthíassyni í Bústaðakirkju, en nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir þótt vísbendingar séu í gögnum málsins um að fundurinn hafi átt sér stað síðla júnímánaðar. Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings skýrði Sigrún Pálína svo frá að hún hefði farið ein á fundinn. Til efni hans hefði verið það að hún og unnusti hennar hefðu ætlað að gifta sig og hún hefði viljað segja prestinum sem átti að annast giftinguna frá samskiptum sínum og Ólafs Skúlasonar. Hún hefði sagt Pálma alla söguna. Hann hefði virst „sjokkeraður“. Kvaðst hún aðspurð muna það alveg skýrt að hún hefði aflétt trúnaði af Pálma og viljað að hann „kæmi þessu áfram“, enda hefði „markmiðið allan tímann [verið] að koma því áfram inn í prestastéttina svo að þeir tækju ábyrgð“. Þá hefði hún tekið

fram að hún gæti ekki notið þjónustu hans nema hann tryði henni. Pálmi hefði svarað því til að hann gæti bara sagt: „Ég er tilbúinn til þess að gifta ykkur.“ Kvaðst hún hafa túlkað þessi orð þannig að Pálmi tryði henni, en hann hefði ekki rætt um að hann hygðist aðhafast eitthvað í tilefni af frásögn hennar. Þá kvaðst Sigrún Pálína ekki minnast þess að Pálmi hefði ráðlagt henni að leita til lögreglu eða að hann myndi koma henni í samband við lögreglu.

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Pálmi Matthíasson fundinum með Sigrúnu Pálínu með eftirfarandi hætti:

Hún kom til mín ásamt þáverandi unnusta sínum sem er eiginmaður hennar í dag og erindið var það að þau voru að hugsa um að gifta sig og við fórum aðeins í gegnum það og ræddum eins og maður gerir við fólk sem kemur til þeirra hluta. Ég var svo sem ekkert klár á því hvaða manneskja þetta væri, þekkti hana ekkert og hann ekki heldur, en svo segir hún við mig að það sé ákveðið mál sem hún verði að fá að ræða við mig og verði að fá að tala um og þá kemur það í ljós að hún er þessi manneskja sem hafði borið þessar ásakanir á Ólaf og ég sagði að það væri sjálfsagt bara að hún talaði sínu máli sem hún gerði. Hún sagði að það væri mjög mikilvægt fyrir sig að sá prestur sem myndi annast hjónavígsluna tryði henni og hefði hlustað á hennar frásögn. Og ég hlustaði á hennar frásögn sem var mjög einlæg og ég sagði henni í lok þeirrar frásagnar að ég hefði enga ástæðu til að efast um sannleiksgildi hennar orða. Hún horfði nú lengi á mig og ég sagði að ég gæti bara ekkert annað sagt, þú ert bara að lýsa hér í einlægni þínum málstað og ég hef enga ástæðu til að draga það í efa að það sé rétt hjá þér. Þannig að ég hlustaði bara á hana, ég sagði henni hins vegar að það væri langt um liðið og vildi gjarnan að hún gerði eitthvað í því að losa sig við þetta með því að fara til yfirvalda með þetta mál. Ég hvatti hana til þess að fara til lögreglunnar og sagði henni m.a. að ég gæti talað við þá hjá lögreglunni þannig að þeir gætu tekið á móti henni ef hún vildi. Hún sagðist ætla að hugsa það mál og þau bæði. Nú síðan kvöddumst við eftir þetta og síðan má segja að ég hafi í raun engin samskipti við hana fyrr en núna bara á síðasta ári.

Aðspurður hvort hann hefði hugleitt að leiðbeina henni með að leita til síðanefndar Prestafélags Íslands, sem þá hafði nýlega tekið til starfa, svaraði Pálmi því til að það sem hann hefði fyrst og fremst hugleitt hefði verið „að beina henni til yfirvalda annarra heldur en kirkjunnar“ því honum hafi fundist málið þess eðlis að kirkjan ætti erfitt með að „höndla“ það sjálf. Þessu næst skýrði hann svo frá: „Ég vildi gjarnan að hún færi til lögreglunnar. Ég talaði síðan við menn í kynferðisbrota-deild lögreglunnar, sagði þeim frá þessu samtali og vildi að þeir vissu af því og tækju vel á móti henni ef hún kæmi sem ég sagðist vona að hún gerði.“ Kvaðst Pálmi ekki hafa nefnt nöfn þá er hann ræddi málið við lögregluna. Aðspurður sérstaklega um hvort Sigrún Pálína hefði aflétt trúnaðarskyldu hans gagnvart henni svaraði Pálmi því til að svo hefði ekki verið, það hefði hún aldrei gert.

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Sigrún Pálína fundi sem hún átti með sr. Vigfúsi Þór Árnasyni, sóknarpresti í Grafarvogskirkju, árið 1995. Greindi hún frá því að Vigfús Þór hefði búið í sama stigagangi og hún og þekkt börnin hennar og fyrrverandi eiginmann. Þess vegna hefði hann á sínum tíma orðið fyrir valinu til þess að ferma dóttur hennar. Þegar síðan kom að því að ferma son hennar hefði hún ákveðið að tala við Vigfús Þór. Eftir að Sigrún Pálína var búin að greina honum frá því sem Ólafur Skúlason hafði gert henni lýsti hún viðbrögðum Vigfúsar Þórs á eftirfarandi hátt:

Hann sagði: „Ég trúí þessu ekki, veistu ég hef heyrt þetta áður.“ Það var allt í þessum stíl hjá honum. Hann sagðist trúa mér og ég losaði hann líka við þagnarskylduna og ég fór þaðan út fullviss um að mér væri óhætt að treysta honum til að ferma barnið mitt og endirinn á því samtali var að við yrðum að hittast aftur og tala betur saman. Ég átti von á því að hann myndi hringja í mig, einhverra hluta vegna beið ég eftir því, en hann gerði það ekki. En hann sagðist hafa heyrt sögur um mig þannig að ég gekk út frá því að þessi maður tryði mér.

Aðspurð skýrði Sigrún Pálína svo frá að Vigfús Þór hefði ekki bent henni á að tala við síðanefnd PÍ. Hún hefði á þessum tíma ekki vitað að slík nefnd væri til.

Vigfús Þór Árnason kom fyrir rannsóknarnefnd kirkjupings. Í framburði sínum lýsti hann því að dóttir Sigrúnar Pálínu frá fyrra hjónabandi hefði verið í fermingarfræðslu hjá honum þegar sóknin var stofnuð í Grafarvogi. Hún hefði einnig verið í vinahópi með syni hans og þau hjónin hefðu fylgst aðeins með henni. Sigrún Pálína hefði bankað upp á hjá honum og spurt hvort hún mætti ræða við hann. Hann hefði að sjálfsögðu fallist á það. Hún hefði sagst hafa heyrt að biskup myndi taka í hönd á fermingarbörnunum og ekki viljað að biskupinn tæki í höndina á syni hennar og dóttur. Vigfús Þór hefði spurt hana af hverju ekki og hún þá sagt honum frá því sem átti að hafa átt sér stað í Bústaðakirkju tveimur og hálfu eða þremur árum eftir að hann byrjaði prestskap. Hann hefði aldrei heyrt eitt orð um þetta áður. Honum hefði náttúrulega verið virkilega brugðið. Hann hefði spurt hana orðrätt hvað hún vildi að hann gerði. Hann hefði bent henni á að búið væri að stofna fjölskylduþjónustu kirkjunnar með félagsráðgjafa, sálfræðingi og prest og spurt hana hvort hún vildi fara þangað því að þetta væri svo viðkvæmt mál og hann gæti ekki einn fjallað um þetta. Það hefði hún ekki viljað. Hann hefði þá boðið henni að tala við kvenprest. Hún hefði heldur ekki viljað það. Hann hefði þá ítrekað spurningu sína um hvað hún vildi að hann gerði. Hann hefði sagst vera venjulegur sóknarprestur og að það væri ekki sitt hlutverk

að „reka hirði prestanna“, en það væri biskup kallaður. Þá hefði hann spurt hvað hún vildi að gert yrði til að reyna að finna lausn á málinu. Hún hefði sagt að hún vildi einfaldlega að hann ræki biskup og slegið í borðið. Hún hefði verið ein inni hjá honum þegar þetta var og hann hefði bara sagt að hann áttaði sig ekki alveg á því hvernig hann gæti það.

Aðspurður staðfesti Vigfús Þór að Sigrún Pálína hefði leyst hann undan þagnarskyldu vegna frásagnar hennar, en hann hefði verið þeirrar skoðunar þá að það breytti ekki trúnaðarskyldu presta. Hann hefði því tjáð Sigrúnu Pálínu að hann gæti ekki gert neitt með þetta fyrst hún væri ekki reiðubúin að fylgja ráðleggingum hans. Þá kvaðst Vigfús Þór aðspurður ekki hafa hugleitt að kæra biskup til siðanefndar PÍ. Siðanefndin hefði verið svo ný, varla byrjuð að starfa. Hann hefði ekki hugsað út í það að nefndin gæti verið kostur í þessari stöðu.

3. Málsmeðferð siðanefndar Prestafélags Íslands og stjórnar Prestafélags Íslands í janúar og febrúar 1996 í tilefni af erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 25. janúar 1996

3.1 Fundur Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og sr. Flóka Kristinsonar 9. janúar 1996

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni greindi Sigrún Pálína Ingvarsdóttir frá fundi sem hún átti ásamt eiginmanni sínum, Alfred Wolfgang Gunnarssyni, með sr. Flóka Kristinssyni, þá sóknarpresti í Langholtskirkju, í byrjun janúarmánaðar 1996 á skrifstofu sóknarprestisins. Greindi hún frá því að hún hefði áður verið í samskiptum við Dagbjörtu Guðmundsdóttur og að þær hefðu sammælt um að leita leiða til að koma upplýsingum um reynslu þeirra beggja af Ólafi Skúlasyni biskupi á framfæri. Á þessum tíma hefði legið fyrir að Flóki ætti að ferma son Dagbjartar. Kvaðst Sigrún Pálína hafa ákveðið að ræða við Flóka til að styðja Dagbjörtu og greina honum frá reynslu hennar. Eiginmaður Sigrúnar Pálínu hefði verið í kór Langholtskirkju og því þekkt Flóka. Aðspurð kvað Sigrún Pálína það rétt að ein af ástæðum þess að hún taldi rétt að ræða við Flóka hefði verið sú að hann hafði staðið í deilum við biskup vegna atburða í Langholtskirkju, sem síðar verður nánar vikið að, sjá kafla 15. Á fundinum hefði Sigrún Pálína sagt Flóka sína sögu um samskipti sín við biskup auk þess að ræða málefni Dagbjartar. Fundurinn hefði í minningu Sigrúnar Pálínu verið „mjög þægilegur, hann trúði strax“. Svo tók hún fram: „Við fórum ekkert inn í þessa Langholtsdeilu, ég þekkti hana ekkert og hafði aldrei sett mig inn í hana. Við áttum bara rosalega þægilegan fund og loksins fannst mér einhver trúa mér.“ Sigrún Pálína kvaðst ekki muna að Flóki hefði sagst ætla að gera eitthvað í málinu. Hann hefði sagst ætla að taka á móti Dagbjörtu og trúu henni. Sig-

rún Pálína hefði ekki beðið hann að gera neitt frekar í málinu. Aðspurð skýrði Sigrún Pálína svo frá að Flóki hefði ekki rætt við hana um þann möguleika að hún leitaði til siðanefndar PÍ.

Frásögn Alfreds Wolfgang Gunnarssonar, eiginmanns Sigrúnar Pálínu, fyrir rannsóknarnefndinni um fund þeirra hjóna með Flóka Kristinssyni var í öllum meginatriðum á sama veg.

Fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Flóki Kristinsson fundi sínum með Sigrúnu Pálínu og eiginmanni hennar, Alfred, með þeim hætti að Sigrún Pálína, sem Flóki hefði ekki þekkt, og Alfred, sem hann hefði að einhverju leyti þekkt þar sem hann söng í kirkjukór Langholtskirkju, hefðu komið á fund hans í byrjun janúarmánaðar 1996. Þau hefðu greint frá kynferðisbroti biskups gagnvart Sigrúnu Pálínu mörgum árum áður. Kvaðst Flóki hafa talið þessa frásögn mjög trúverðuga. Þessu næst skýrði hann svo frá:

Ég spurði af hverju þau leituðu til mín með þetta og hún sagði að ástæðan væri sú að hún hefði upphaflega, þegar Ólafur Skúlason fór frá Bústaðakirkju, leitað til arftaka Ólafs, Pálma Matthíassonar og trúað honum fyrir þessu. Hann hefði ætlað að leggja henni lið með einhverjum hætti til þess að hún fengi áheyrn einhvers staðar þar sem það yrði lagt mat á það hvort hann hefði beitt ofríki eða kynferðislegum misgjörningi, en hann hefði síðan ekkert gert í málinu. Þá hefði hún leitað síðar, og að mér skildist þá bara fyrir einu eða tveimur árum, til þáverandi sóknarprests í Grafarvogssókn sem var Vigfús Þór Árnason. Hann hefði tekið henni mjög vel og sannfært hana um að hann myndi gera allt sem í hans valdi stæði til þess að rétta hlutina með einhverjum hætti. Hún sagðist hafa trúað honum fullkomlega. En ástæðan fyrir komu hennar til mín var sú að nokkrum dögum eða viku áður þá hafði þessi sami maður, Vigfús Þór Árnason, verið talsmaður svona u.þ.b. 30 manna hóps sem hafði komið saman í Hallgrímskirkju. Það hafði verið boðað til fundar í tilefni af ummælum frá formanni Prestafélags Íslands um biskupinn og trúnaðarbrest. Þeir höfðu komið saman til fundar og samið traustsyfirlýsingu á Ólaf Skúlason. Það var boðað til blaðamannafundar, ég man vel eftir þessu, þetta birtist í sjónvarpi, þeir komu með hljóðnemana upp að Vigfúsi Þór sem þarna flutti þessa ályktun fundarins þar sem kom fram að Ólafur væri óumdeildur andlegur leiðtogi þessara manna í þessum hópi og þeir hefðu fullkomið traust á honum. Þegar hún sá að þessi maður sem hafði lofað henni að rétta hlut hennar kom fram sem talsmaður fólks sem studdi Ólaf þá var henni mjög brugðið og hún sagði við mig, og þau bæði: „Þar sem þú ert nú búinn að standa af þér þessa árás sem var gerð að þér sem að Ólafur Skúlason stóð fyrir og stendur í lappirnar þá vil ég segja þetta við þig því ég hef trú á því að þú munir trúa orðum mínum.“ Ég sagði þeim hjónum að ég gæti ekkert aðhafst í þessu máli. Ég gæti fallist á það að mér fyndist saga hennar mjög trúverðug og ég get sagt það hér að mér fannst hún mjög trúverðug því þetta var skynsöm kona og ég hafði traust á mannum hennar líka en sjálfur var ég að róa lífróður fyrir tilveru minni þarna í Langholtskirkju og ég bað þau um að treysta ekki á það að ég gæti veitt þeim neina hjálp, ég ætti fullt í fangi með sjálfan mig. Þau

sögðust skilja það en vildu meina að þeim væri það einhver léttir að fá að segja þetta við mig. Síðan kvöddumst við og ég hélt að málið væri búið ...

Fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Flóki því jafnframt að hann hefði átt fund með Dagbjörtu síðla hausts 1995. Hún hefði verið sóknarborn hans. Hún hefði á fundi skýrt honum frá því að hún hefði orðið fyrir „árás af hendi [biskups] í Kaupmannahöfn þar sem að hann hefði boðið henni til kvöldverðar“.

Aðspurður hvort hann hefði á ofangreindum fundi í janúar 1996 með Sigrúnu Pálínu leiðbeint henni með einhverjum hætti um framhald málsins kvaðst Flóki telja að hann hefði hlotið að hafa bent Sigrúnu Pálínu á að það væri til siðanefnd PÍ, en að sjálfur hafi hann ekki getað liðsinnt henni meira. Inntur eftir því hvort hann hefði á þessum tíma átt einhver samskipti við sr. Geir Waage, þá formann stjórnar PÍ, kvaðst Flóki telja svo vera enda hefðu þeir verið vinir frá námi í guðfræðideild. Taldi hann sig hljóta að hafa rætt við Geir um samskipti sín við Sigrúnu Pálínu. Kvaðst hann telja sig hafa upplýst Geir um inntak viðtalsins við hana og um ásakanir hennar á hendur biskupi, enda hefði Sigrún Pálína veitt honum leyfi til þess að ræða við aðra um frásögn sína. Það hefði Dagbjört einnig gert þegar hún ræddi við hann síðla hausts 1995 eins og að framan er rakið.

3.2 Erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur til siðanefndar Prestafélags Íslands og formanns stjórnar félagsins 25. janúar 1996 og málsmeðferð siðanefndarinnar af því tilefni

3.2.1 Efni erindisins

Með bréfi 25. janúar 1996 til Geirs Waage þáverandi formanns Prestafélags Íslands lagði Sigrún Pálína Ingvarsdóttir fram formlega kvörtun á hendur Vigfúsi Þór Árnasyni sóknarpresti í Grafarvogskirkju. Samrit af bréfinu var sent til siðanefndar PÍ. Þar var þess óskað að siðanefnd fjallaði um málið. Í upphafi bréfsins sagði m.a.:

... leyfi mér hér með að bera fram formlega kvörtun á hendur sóknarpresti hér í borg sem ég tel að brugðist hafi skyldu sinni sem kristinn maður og kirkjunnar þjónn í þágu umbjóðenda sinna; þ.e. sóknarbornanna. Kvörtun minni er beint að sr. Vigfúsi Þór Árnasyni í Grafarvogssókn.

Í bréfinu lýsti Sigrún Pálína samskiptum sínum við Ólaf Skúlason biskup og atburðum árið 1978. Þar tilgreindi hún reyndar ártalið 1979 en leiðrétti það síðar með skriflegri yfirlýsingu 25. mars 1996 í tilefni af lögregluannsókn sem nánar verður vikið að í kafla 5 hér síðar. Þá var jafnframt lýst frásögn Dagbjartar Guðmundsdóttur af samskiptum

hennar og biskups í Kaupmannahöfn 1979. Er sú frásögn staðfest með undirritun Dagbjartar. Í niðurlagi bréfsins gerði Sigrún Pálína grein fyrir samskiptum sínum við annars vegar Pálma Matthíasson á árinu 1994 og hins vegar við Vigfús Þór árið 1995, sem rakin hafa verið hér að framan. Kvaðst hún hafa upplýst þá báða um kynferðisofbeldi biskups gagnvart henni árið 1979. Slíkt hefði hún talið nauðsynlegt þar sem hún hefði ekki viljað að þeir framkvæmdu tiltekna kirkjulegar athafnir, sem áður er getið um, nema þeir legðu trúnað á frásögn hennar. Tók hún sérstaklega fram að í báðum tilvikum hefði hún óskað eftir að þeir viðhefðu ekki trúnað varðandi þetta mál og hvað Vigfús Þór varðaði þá hefði hún leyst hann undan trúnaði. Um þetta segir í þessu bréfi hennar: „... gaf honum fullt frelsi til að fara með málið eins og hann taldi best.“ Þá sagði í bréfinu að ári eftir samskipti hennar við Vigfús Þór, þ.e. árið 1996, hefði hún orðið þess áskynja að hann væri helsti „talsmaður og framlínumaður“ í stuðningshópi Ólafs Skúlasonar. Sökum þess hefði hún ákveðið að leggja fram formlega kvörtun á hendur Vigfúsi Þór, þ.e. „fyrir að hafa þagað yfir jafn alvarlegri vitneskju og honum var heimilað af mér að fara með að vild“. Í lok bréfsins var þess óskað að siðanefnd PÍ tæki málið fyrir á fundi og ræddi það. Þá óskaði hún einnig eftir svári við þeirri spurningu hvort Vigfúsi Þór hefði ekki borið að nota það umboð sem honum hefði verið gefið og nýta heimildina og frelsið því samfara til að taka á jafn alvarlegum málum og hún hefði greint honum frá.

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Sigrún Pálína aðdraganda þess að hún sendi ofangreint erindi með eftirfarandi hætti:

Þegar Flóka-deilan er sem hæst þá stígur Vigfús Þór fram í fjölmiðla og lýsir yfir stuðningi við biskup og þá trompaðist ég. Þá var eina ferðina enn einhver sem gaf mér von og svo var það haugalygi. Það var punkturinn yfir i-ið. Þannig að ég ákvað að ég yrði að gera eitthvað. Við vorum alveg sammála um það, ég og Dagbjört. Þannig að ég fæ Ragnheiði Davíðsdóttur til að hjálpa okkur við að semja bréf til siðanefndarinnar. Ég man ekki hver það var sem benti mér á að það væri siðanefnd. Markmiðið með að skrifa þetta bréf til siðanefndar var að við sjáum allt í einu að það sé til leið og að þeir hljóti að taka ábyrgð á þessari vitneskju. Til að koma þeirri vitneskju á framfæri þá kæri ég Vigfús Þór og klaga yfir Pálma vegna þess að þeir höfðu aldrei gert neitt við þessa vitneskju sína. Ég veit ekki hvort ég hefði nennt að kæra [Vigfús Þór] ef það hefði ekki verið þessi möguleiki á að koma sögunni á framfæri til ábyrgra aðila og ég gæti sleppt ábyrgðinni. Í millitíðinni er ég farin að heyra fullt af sögum um aðrar konur þannig að það efla mig bara í því að ég yrði að gera eitthvað í þessu fyrir utan það að ég er búin að hafa það á tilfinningunni alveg frá því að atburðurinn gerðist þá er ég búin að vera að horfa á hana Guðrúnu Ebbu og vera sannfærð um að hún væri hans fórnarlamb og það var bara tilfinning sem ég hafði, ekk-

ert annað. Og tilhugsunin um að hann væri kannski líka barnaníðingur var svo ógeðfellt að hún var hluti af því að ég yrði að gera eitthvað.

Varðandi þá stuðningsyfirlýsingu Vigfúsar Þórs Árnasonar við biskup sem vísað er til af hálfu Sigrúnar Pálínu hér að framan er þess að geta að í tengslum við deilumál í Langholtskirkju hafði Geir Waage látið þau orð falla að trúnaðarbrestur hefði orðið á milli presta og biskups. Af því tilefni mun nokkur hópur presta hafa komið saman til fundar í Hallgrímskirkju 5. janúar 1996. Að honum loknum tók fréttamaður ríkisútvarpsins viðtal við Vigfús Þór. Í því komst Vigfús Þór svo að orði samkvæmt fyrirleggjandi ljósvakahandriti:

Við lýsum vanþóknun okkar yfir yfirlýsingu formanns Prestafélags Íslands um trúnaðarbrest milli presta og biskups og fundurinn lýsir yfir trausti á biskup Íslands sem hirði og leiðtoga kirkjunnar og um leið hvetjum við presta og trúnaðarmenn að gæta hófsemi og stillingar í orðum sínum og auðvitað þeirrar virðingar sem erindi hennar sæmir og þetta var ályktað hér á fjölmönnum fundi núna rétt áðan sem var að ljúka.

Í viðtali sem rannsóknarnefndin átti við Alfred Wolfgang Gunnarsson var hann inntur eftir því hvort hann hefði upplýsingar um hvort Sigrúnunni Pálínu hefði verið leiðbeint um að leita til siðanefndar PÍ. Svaraði hann því til að hann rámaði í að hún hefði haft samband við Geir Waage, þáverandi formann stjórnar Prestafélags Íslands, „og fengið upplýsingar hjá honum um hvernig hún ætti að snúa sér í þessu. Hvert hún ætti að snúa sér með klögumál, ef maður gæti kallað það það.“

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni greindi Geir Waage svo frá að Sigrún Pálína hefði á sínum tíma hringt í hann og tjáð honum að hún hefði sætt kynferðislegri áreitni af hálfu prests. Hann hefði ekki þekkt hana á þessum tíma. Þá hefði hún lýst óánægju sinni með presta sem hún hefði leitað til vegna málsins. Taldi Geir líklegt að hún hefði nafngreint þá í samtalinu. Hún hefði einnig spurst fyrir um úrræði sem hún hefði. Hún hefði tekið það fram hvenær þessir atburðir áttu að hafa gerst og hann bent henni á að líklega væri málið fyrnt að lögum. Ef hann myndi rétt hefði hún talað um að það væri ekki meginatriðið fyrir sig heldur þyrfti hún að fá áheyrn. Hefði hann þá bent henni á siðanefnd prestafélagsins. Þá hefði sem sagt komið fram að hún væri að leita leiða til að bregðast við „viðbragðaleysi“ þeirra presta sem hún hafði þegar leitað til. Hún hefði verið nokkuð tortryggin eða réttara sagt frekar sár vegna þess að henni hefði fundist hún ekki hafa fengið áheyrn neins staðar. Hann hefði bent henni á að þjóðkirkjan sjálf hefði ekki átt neinn slíkan vettvang á þessum tíma en það væri til vettvangur í tengslum við

kirkjuna, þ.e. siðanefnd Prestafélags Íslands. Hann hefði bent henni á að hægt væri að koma gögnum til nefndarinnar annaðhvort beint eða að stjórn prestafélagsins kæmi þeim á framfæri. Einhver misskilningur hefði orðið á milli þeirra hvað þetta varðar því hún hefði sett bréf sitt og gögnin sjálf í eitt umslag sem hefði verið stílað á hann sem formann PÍ. Þegar hann hefði séð hvernig málið var vaxið hefði hann lent í nokkrum vandræðum með það hvort hann ætti að senda þetta umsvifalaust til siðanefndarinnar, þ.e. afhenda siðanefndinni þetta beint, eða hvort hann ætti að gera stjórn prestafélagsins viðvart um efni bréfsins. Hann hefði ákveðið að greina stjórn prestafélagsins efnislega frá erindinu og voru stjórnarmenn sammála um að koma þessum gögnum í hendur siðanefndarinnar strax og hafa engin önnur afskipti af málinu. Geir sagði að þetta hefði verið svo „hektískt og brjálæðislegt allt saman og erfitt að fóta sig í þessu“, og erfitt að láta ekki draga sig eða stjórnina inn í málin. Stjórnin hefði reynt að varast slíkt og verið sammála um að tryggja öllum áheyrn á þeim vettvangi sem var til staðar, sem þá var siðanefndin. Siðanefndin og stjórnin hefðu aldrei talað saman um nein af þessum málum fyrir utan einn sameiginlegan fund 19. febrúar 1996 og þar hefði þess verið vandlega gætt af beggja hálfu að fara ekki inn í nein mál. Einungis hefði verið rætt um „ytri meðferð“ málsins. Nánar verður gerð grein fyrir þessum fundi hér síðar.

3.2.2 Aðgerðir siðanefndar Prestafélags Íslands í tilefni af erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur

Í siðanefnd Prestafélags Íslands sátu á þessum tíma sr. Úlfar Guðmundsson, sem var formaður, sr. Ragnar Fjalar Lárusson prófastur, og Róbert Haraldsson heimspekingur. Þá voru Jón Kalmansson heimspekingur og sr. Agnes Sigurðardóttir varamenn í stjórn. Jón tók sæti Róberts og sat fundi siðanefndarinnar á árinu 1996 þar sem erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og síðar erindi Stefaníu Þorgrímsdóttur og Dagbjartar Guðmundsdóttur voru rædd. Samkvæmt fundargerðum sat Agnes Sigurðardóttir fundi siðanefndarinnar sem fram fóru 13., 14., 27. og 28. mars 1996. Þau Úlfar, Jón og Agnes gáfu skýrslu fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings.

Samkvæmt fundargerðum siðanefndar fundaði nefndin um málið sjö sinnum fram til 15. febrúar 1996 er því lauk formlega með áliti nefndarinnar. Verður nú gerð grein fyrir málsmeðferð nefndarinnar samkvæmt fundargerðum og framburði nefndarmanna og Vigfúsar Þórs Árnasonar og Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Tekið skal fram að Ragnar Fjalar Lárusson er látinn.

Áður en vikið verður að framburði þeirra sem sátu í siðanefnd prestafélagsins er rétt að gera hér nokkra grein fyrir framburði Geirs Waage, þáverandi formanns stjórnar félagsins, fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings um fyrstu afskipti hans af málinu.

Í framburði Geirs kom fram að hann hefði rætt við biskup á fundi eftir að erindi Sigrúnar Pálinu hafði borist honum. Hefði hann farið fram á tímabilinu 25.-31. janúar 1996. Kvaðst hann hafa verið staddur í Reykjavík vegna einhverra erinda, líklega prestafélagsins og „biskups málsins“. Það hefði legið fyrir sér boð, hann hefði verið beðinn um að hitta biskup. Þetta hefði verið síðdegis og hann hefði talið á þessum tíma að hann og biskup hefðu einir verið staddir á biskupsstofu inni á skrifstofu biskups þegar fundurinn fór fram. Hann hefði hins vegar meira en ári síðar frétt að sr. Baldur Kristjánsson, biskupsritari og varaformaður stjórnar prestafélagsins, hefði verið inni á sinni skrifstofu og heyrt allt sem fram fór. Hann, þ.e. Geir, hefði setið í sófanum, en biskup á stól, mjög afslappaður, bara eins og hann sæti heima hjá sér. Biskup hefði verið afskaplega vinsamlegur til að byrja með og erindi hans hefði verið að biðja Geir um að stinga undir stól þessum gögnum sem var ekkert leyndarmál orðið á þessum tíma að hefðu borist stjórn prestafélagsins. Geir hefði þá verið með þau undir höndum og átt eftir að koma þeim til siðanefndarinnar. Hann hefði neitað því að stinga gögnunum undir stól og hefði biskup þá spurt hann hvort honum væri kunnugt um hvað þessi gögn innihéldu. Hefði hann svarað því til að hann hefði grun um það, en hann hefði ekki lesið þau nema bara rennt yfir síðurnar sem blöstu við fyrst í erindinu. Hann tæki enga efnislega afstöðu til þess sem þarna væri og það væri siðanefndarinnar að fjalla um þetta mál. Biskup hefði talað um að þetta væru mjög alvarlegar ásakanir á sig, en Geir hefði ekkert gefið út á það. Biskup hefði svo sagst geta sannað fyrir honum að þessi kona, Sigrún Pá-lína Ingvarsdóttir, hefði aldrei komið til sín á þeim tíma sem hún sagði að þessir hlutir hefðu gerst og gengið að skáp í horninu og tekið þar út mikinn bunka af dagbókum sínum og sagst geta flett þessu upp og sannað það fyrir honum að slíkur fundur hefði aldrei átt sér stað á milli þeirra. Geir hefði sagt að það væri alveg óþarfi því að hann væri ekki málsaðili að þessu máli að öðru leyti en því að honum bæri að koma þessu erindi í hendur siðanefndar prestafélagsins. Þá hefði biskup krafist þess að hann eyðilegði þessi gögn eða styngi þeim undir stól. Geir hefði sagt að það kæmi ekki til greina. Þá hefði biskup orðið „snöggvondur, mjög reiður“. Hann hefði í raun og veru haldið að biskup ætlaði hreinlega að leggja á hann hendur því að hann hefði verið svo ofboðslega reiður og öskrað á hann að hann væri til skammar þeirri kirkju sem hann reyndi að þjóna og biskup þjónaði og þetta yrði stórskadlegt kirkjunni ef upp kæmist.

Það mætti bara ekki undir neinum kringumstæðum falla þessi blettur á heiður biskupsins. Geir hefði í engu svarað, bara setið þetta af sér og þegar biskup hefði verið búinn að skamma hann heilmikið hefði hann sagt að kirkjan væri meira en bara einn maður þó biskup væri. Hann myndi þessi orð sín mjög glögg. Geir hefði einnig sagt að hann þekkti það sem prestur að allir menn ættu rétt á áheyrn. Það ætti við um brotamenn og alla menn og hann hlyti að kannast við það sjálfur að þeir sætu stundum yfir fólki sem hefði orðið á hinir voðalegustu hlutir og hversu mjög sem það tæki á mann sem prest að heyra af slíku af munni þess sem hefði orðið eitthvað mjög alvarlegt á, manndráp eða þaðan af verri hlutir, þá yrðu þeir eigi að síður að veita þessu fólki áheyrn, sinna því og það ætti við um þetta mál. Að svo miklu leyti sem kirkjan ætti í hlut þá ættu allir rétt á áheyrn. Þessi erindi færu til siðanefndar og stjórn prestafélagsins myndi ekkert hafa frekar með málið að gera. Þegar biskup hefði ekki fengið hann til þess að stinga þessu máli undir stól hefði hann ausið yfir Geir skömmum og svívirðingum. Þegar Geir hefði þótt nóg komið hefði hann staðið upp og sagt: „Jæja, biskup, ég held að það sé ástæðulaust að halda þessu áfram.“ Hann hefði þakkað fyrir og gengið út. Biskup hefði komið á eftir honum mjög reiður og öskrað á eftir honum þegar hann gekk áleiðis til lyftunnar að sér byði við að ávarpa hann „sr. Geir“. Geir hefði brugðið mjög við þetta því að á þessum tíma hefði ávarpið eiginlega alltaf verið notað í samskiptum presta. Þá hefðu flestir ávarpað hver annan með þessum hætti til þess að „minna sig á og stilla sig af“. Biskup hefði sem sagt látið hann heyra að hann væri svo lágt skrifaður hjá sér eftir þetta að hann treysti sér ekki til þess að ávarpa hann með hans lögmeða ávarpstíli.

Á fundi siðanefndar PÍ 30. janúar 1996 var erindi Sigrúnar Pálínu lagt fyrir nefndina. Samkvæmt fundargerð frá 31. janúar 1996 var Vigfús Þór viðstaddur fund nefndarinnar þann dag hann og svaraði spurningum nefndarmanna. Þá var Sigrún Pálína kölluð á fund nefndarinnar 5. febrúar 1996 þar sem hún gerði grein fyrir viðhorfum sínum til málsins og svaraði spurningum nefndarmanna. Þann sama dag var haldinn fundur í stjórn PÍ. Á þeim fundi gerði formaðurinn, Geir Waage, stjórninni grein fyrir erindi Sigrúnar Pálínu og las hann það í heyranda hljóði. Í niðurlagi fundargerðarinnar er orðið „siðanefndarmál“ ritað.

Hinn 7. febrúar 1996 var að nýju haldinn fundur í siðanefnd. Á fundinn mætti Dagbjört Guðmundsdóttur ásamt þáverandi eiginmanni sínum, Ómari Sigurbergssyni. Var við þau rætt og bókað að þau hefðu staðfest þann vitnisburð sem fram kom í erindi Sigrúnar Pálínu frá 25. janúar 1996. Í viðtali hjá rannsóknarnefnd kirkjuþings lýsti Dagbjört fundinum sem „hræðilegri lífsreynslu“.

Næsti fundur í siðanefnd var haldinn 9. febrúar 1996. Á hann mætti Vigfús Þór. Þá var á sama fundi ákveðið að boða þau Sigrúnu Pálínu og Vigfús Þór saman á fund vegna málsins hinn 12. febrúar 1996. Þau mættu þann dag á fund siðarnefndar ásamt tveimur trúnaðarmönnum Sigrúnar Pálínu. Fram kemur í fundargerð að málið hafi verið rætt á breiðum grundvelli og að sættir hafi tekist í því.

Á fundi sínum 15. febrúar 1996 lauk siðanefnd síðan umfjöllun sinni um þetta erindi Sigrúnar Pálínu með formlegri álitsgerð. Í fundargerð segir svo: „Nefndin gekk frá og undirritaði álitsgerð varðandi kæru Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur á hendur sr. Vigfúsi Þór Árnasyni. Kæruatriðinu var lokið með sátt en öðrum afurðum málsins vísað til stjórnar Prestafélags Íslands og biskups Íslands.“ Í álitsgerðinni er gerð grein fyrir kæruefni og niðurstöðu málsins og að tekist hafi sátt í því. Í niðurlagi álitsgerðarinnar segir síðan svo:

Til stjórnar Prestafélags Íslands og biskups Íslands:

Við meðferð málsins kom fram mjög alvarleg ásökun um trúnaðarbrot við starfsskyldur þjónandi sóknarprests vegna meintra atvika er voru talin hafa átt sér stað árið 1979. Þessi mál voru þó ekki kærð skriflega til siðanefndar. Eigi að síður þurfti siðanefnd að setja sig nokkuð inn í þau mál vegna málsatvika. Siðanefnd tekur einungis fyrir skriflegar kærur og ekki eldri mál en ár hafi liðið frá meintu broti til kærudags. Siðanefnd er kunnugt um að þessi mál hafi verið send stjórn Prestafélags Íslands og sjálf hefur siðanefnd kynnt þau fyrir biskupi Íslands.

Siðanefnd telur hlutverki sínu því lokið og sendir málið frá sér til ofangreindra aðila í samræmi við 6. gr. um siðanefnd.

Er ljóst af samhenginu að hér er átt „aðrar afurðir málsins“ samkvæmt fundargerð sem vitnað er til hér að framan og að siðanefnd hafi ákveðið að vísa þeim þætti formlega til stjórnar prestafélagsins og biskups í samræmi við 6. gr. í kafla um siðanefndina í siðareglum PÍ frá 1994.

Vigfús Þór Árnason var inntur eftir því á fundi hjá rannsóknarnefnd kirkjuþings í hverju ofangreind sátt á milli hans og Sigrúnar Pálínu fólst. Kvað hann Sigrúnu Pálínu hafa beðist „fyrirgefningar á að hafa kært [hann] fyrir siðanefnd fyrir að gera ekki neitt og vildi meina að hafa gert það bara til að kæra“ vegna ársfrestsins í siðareglum PÍ.

Sr. Úlfar Guðmundsson, þáverandi formaður siðanefndar PÍ, kom fyrir rannsóknarnefndina og lýsti málsmeðferð siðanefndarinnar. Greindi hann frá fundi sem hann átti í lok janúar 1996 með biskupi í tilefni af ásökunum á hendur honum. Af fundargerð siðanefndar PÍ telur rannsóknarnefndin mega ráða að fundur þessi hafi farið fram 31. janúar 1996. Þá virðist ljóst að með Úlfari hafi verið aðrir nefndarmenn í siðanefndinni, þeir sr. Ragnar Fjalar Lárusson og Jón Kalmansson, en

vera hins síðastnefnda var staðfest af honum í viðtali hjá rannsóknarnefndinni sem nánar verður rakið hér síðar. Að sögn Úlfars var „þetta ... ágætis fundur“ sem þeir áttu. Síðan hefðu þeir ekki átt nein samskipti. Aðspurður skýrði Úlfar svo frá að erindi Sigrúnar Pálínu frá 25. janúar 1996 hefði verið lesið upphátt á umræddum fundi og þannig verið kynnt biskupi. Aðspurður um af hverju þetta var borið undir biskup á þessum tímamarki, enda hefði Sigrún Pálína óskað eftir því að með erindið yrði farið sem trúnaðarmál, svaraði Úlfar því til að þótt erindið hefði beinst að Vigfúsi Þór hefði það fyrst og fremst falið í sér ásökun á hendur biskupi.

Úlfar var spurður út í það í hverju sú sátt fólst sem hafi tekist á milli Sigrúnar Pálínu og Vigfúsar Þórs, hvert hefði verið efni hennar og hver hefði verið hugsunin á bak við það að ljúka málinu með þeim hætti. Kvað hann það hafa verið eitt af hlutverkum síðanefndar að leita sátta, það hefði verið tekið fram í síðareglunum. Sáttin hefði ekki verið skrifleg, en falist í því að málið yrði látið niður falla gagnvart Vigfúsi Þór, enda hefði hann ekki verið aðalatriðið í málinu. Aðspurður hvort það hefði falist í sáttinni og um það rætt á fundum síðanefndarinnar að leitast yrði við að leiða þau Sigrúnu Pálínu og biskup saman eða að Vigfús Þór hefði frumkvæði að því, svaraði Úlfar því til að Sigrún Pálína hefði gefið Vigfúsi Þór leyfi til þess að gera eitthvað í málinu, en kæran hefði svo snúist um það að hann hefði ekki gert neitt. Þegar málið hefði komið fram þá hefði það verið ónýtt fyrir dómstólum, það hefði verið fyrnt. Það hefði ekki verið hægt að kæra það til lögreglu og það hefði ekki verið hægt að höfða mál fyrir dómstólum. Ef litið væri á málið sem „kynferðisglæpamál“ þá væri það kannski í eðli sínu mál sem ætti heima fyrir dómstólum, en það hefði ekki lengur átt heima þar. Annað sem hefði skipt þarna máli væri það að síðanefndin hefði ekki haft heimild til að taka fyrir mál sem voru eldri en eins árs, eins og síðareglurnar voru þá úr garði gerðar.

Undir Úlfar var þessu næst borið að þrátt fyrir að málinu hefði verið lokið með „sáttum“ á milli Sigrúnar Pálínu og Vigfúsar Þórs hefði síðanefndin ákveðið að „vísa öðrum afurðum málsins“ til stjórnar PÍ og biskups sjálfs. Hefði það verið afstaða nefndarinnar að hún gæti ekki fjallað um mál sem væri eldri en eins árs var Úlfar beðinn um að gefa á því skýringu á hvaða forsendum þetta hefði verið gert, hver hefðu verið rökin fyrir því að ljúka málinu á þennan hátt og þá í ljósi síðareglna PÍ frá 1994. Þeirri spurningu svaraði Úlfar með eftirfarandi hætti:

Ja, ætli það hafi ekki verið fyrst og fremst að þagga málið ekki niður og að aðilum málsins væri kunnugt um að þetta mál hefði komið fram. Það er mín skoðun í þessu máli, sem að kemur nú þessu við kannski, að ég get ekkert sannað og hef enga þörf fyrir að ræða eða einu sinni að koma á framfæri, en mín skoðun er sú að það hafi verið þarna hópur fólks sem hafi ákveðið að

höfða mál gegn biskupnum fyrir dómstóli götunnar og fjölmiðlar höfðu verið gjörsamlega lokaðir, jafnvel einhver ár, jafnvel áratugi, ég þekki það ekki, en þó voru prestar sem höfðu unnið sem blaðamenn á fjölmiðlum. Þetta hafði hvergi komið fram í fjölmiðlum og siðanefndin hún er, svona eftir á að hyggja, hún er notuð til þess að koma þessu í fjölmiðla.

Jón Kalmannsson kom fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Kvaðst hann almennt séð muna lítið eftir meðferð málsins í siðanefndinni á árinu 1996. Aðspurður kvaðst hann þó muna eftir ódagsettu „áliti“ sem hann hefði ritað á þessum tíma og fyrir liggur í þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum. Álitið er svohljóðandi í heild sinni:

Vegna þeirra ásakana á hendur biskupi Íslands um kynferðislegt áreiti sem til umfjöllunar hafa verið hjá siðanefnd Prestafélags Íslands vill undirritaður taka eftirfarandi fram sem sitt álit á þeirri stöðu sem upp er komin. Álit þetta hef ég kynnt samnefndarmönnum mínum í siðanefnd Prestafélags Íslands og biskupi Íslands.

Hin siðferðilega skylda sem nær að sjálfum kjarna prestsstarfsins grundvallast á virðingu fyrir því sambandi sem á að ríkja á milli prests og sóknar-barns hans. Þetta samband verður að einkennast af skilyrðislausum trúnaði og trausti. Eins og fram kemur í siðareglum presta má prestur „ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjól-stæðings, t.d. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú“.

Gera verður þá afdráttarlausu kröfu til sérhvers prests að hann hafi þá dómgreind og siðferðiskenn sem nauðsynleg eru til að brjóta ekki gegn þessari siðferðilegu forsendu starfs hans. Embættismaður kirkjunnar, og því fremur hennar æðstu yfirmenn, verður ennfremur að vera hafinn yfir allan rökstuddan grun um að hann hafi hundsáð þessa grundvallarreglu. Að öðrum kosti vakna óhjákvæmilega upp efasemdir um heilindi hans og hæfni til að gegna embættinu. Um leið er forsendan fyrir því að hann geti uppfyllt embættisskyldur sínar brostin, þar eð grafið er undan því trausti og virðingu, meðal starfssystkina og annarra kristinna manna í landinu, sem störf hans byggjast á. Gildir hér einu hvort meint brot viðkomandi embættismanns á ofangreindri grundvallareglu er talið refsivert eða ekki.

Af ofansögðu má vera ljóst að þær ásakanir sem fram hafa komið frá tveimur aðilum á hendur þáverandi sóknarpresti og núverandi biskupi Íslands um brot gegn þeirri siðareglu sem vitnað er til hér að ofan hljóta að vekja upp alvarlegar spurningar um það hvort hann geti gegnt embætti sínu áfram með viðunandi hætti. Hvort sem þessar ásakanir eru sannar eða ósannar hafa þær nú þegar leitt til svo alvarlegs trúnaðarbrests milli biskups Íslands og almennings í landinu að vafasamt verður að teljast að hann geti gegnt starfi sínu áfram.

Aðspurður svaraði Jón því til að álitið hefði verið ritað fyrir sameiginlegan fund sem hefði verið haldinn með siðanefndinni og stjórn presta-félagsins. Þar hefði hann lagt álitið fram. Þá taldi hann sig muna að hann hefði kynnt álitið fyrir biskupi á fundi með honum. Hann hefði talið þörf

á að koma skoðun sinni á málinu á framfæri og að engin forsenda hefði verið fyrir því að þetta yrði álit allrar siðanefndarinnar. Málið hefði verið orðið of gamalt og ekki hljómgrunnur fyrir slíku álitu í nefndinni:

... það var þessi tæknilegi þáttur, bæði það að þetta væri tímalega orðið gamalt mál og okkur væri ætlað að fjalla um ný mál, en svo líka að við værum náttúrulega ekki dómstóll og gætum ekki fært sönnur á eitt né neitt í þessu og við gætum ekki metið einu sinni áreiðanleika vitnisburðarins sem kom fram. ... það væri kannski rétt að segja að á þessum fundi með stjórn prestafélagsins þá var alveg gríðarleg spennan man ég og menn voru mjög spenntir og það féllu jafnvel tár þarna og svoleiðis. Þetta var svolítil upplifun að sjá þetta. Ein tilfinningin var sú að menn bara einhvern veginn gætu ekki tekist á við þetta af því að það var þessi hárkátia og mikil virðing og kannski einhver ótti. Það gæti hafa blandast inn í þetta.

Jón greindi frá því að á meðan á málsmeðferð siðanefndarinnar stóð hefði Geir Waage komið á hans fund á vinnustað Jóns í Háskóla Íslands: „Ég var nú aldrei almennilega klár á því, held ég, hver tilgangur fundarins var. Hann vildi bara ræða við mig og kannski svona sýna stuðning, ég veit það ekki. Það var allavega alls ekki á þá lund að hann væri eitt-hvað að reyna að hafa áhrif á málið.“

Það skal tekið fram að frekari upplýsingar um sáttagjörðina 12. febrúar 1996 á milli Sigrúnar Pálínu og Vigfúsar Þórs, sem ástæða er til að greina frá hér, komu ekki fram í framburði Jóns Kalmanssonar nefndarmanns í siðanefnd PÍ. Sr. Agnes Sigurðardóttur, sem var varamaður í siðanefndinni, sat ekki fund nefndarinnar 12. febrúar 1996.

3.3 Fundur Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur o.fl. með Ólafi Skúlasyni biskupi og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni í Grafarvogskirkju 16. febrúar 1996

Hinn 16. febrúar 1996 var haldinn fundur í Grafarvogskirkju, en til hans mætti Sigrún Pálína Ingvarsdóttir ásamt Alfred Wolfgang Gunnarssyni, eiginmanni sínum, og Magneu Björgu Jónsdóttur, trúnaðarmanni sínum. Þá voru viðstaddir fundinn þeir Vigfús Þór Árnason og Ólafur Skúlason biskup. Í gögnum málsins er að finna samantekt, dags. 16. febrúar 1996, sem Sigrún Pálína útbjó sjálf samkvæmt framburði hennar og Alfreds fyrir rannsóknarnefndinni strax í framhaldi af fundinum. Samantektin er jafnframt undirrituð af Alfred og Magneu Björgu. Í ljósi framburðar Sigrúnar Pálínu og Alfreds annars vegar og Vigfúsar Þórs Árnasonar hins vegar, sem síðar verður getið, var að mati rannsóknarnefndarinnar ekki talin þörf á að óska jafnframt eftir viðtali við Magneu Björgu af þessu tilefni, enda ekki efnislegur ágreiningur um atvik á fundinum.

Í upphafi áðurnefndrar samantektar kemur fram að fundurinn hafi verið boðaður fyrir hönd biskups af Vigfúsi Þór Árnasyni og tilgangur hans hafi verið að leita sátta á milli Sigrúnar Pálínu og biskups. Þá kemur þar fram að mörg þung orð hafi fallið á fundinum, þó einkum frá biskupi sem Sigrún Pálína hafi talið afar ámælisverð. Samantektin er öðru leyti svohljóðandi:

Ólafur hóf mál sitt með því: „hvort ekki væri nóg komið og hvort að þessari aðför gegn sér gæti ekki lokið. Þetta mál færi svo illa með marga og margir yrðu særðir,“ jafnframt sagði hann: „við Ebba vöktum í alla nótt og ræddum málið. Það var ekki skemmtilegt fyrir mig að koma heim og fá þessar fregnir um leið. Það var heldur ekki gaman að þurfa að hringja í börnin sín til að segja þeim frá þessu, er ekki komið nóg af hatri hjá þér?“

Ég horfði á hann og sagði: „Ólafur, það eru mörg ár síðan ég hætti að hata þig.“ Þá greip Ólafur fram í fyrir mér og sagði: „Getur þú þá ekki bara hætt þessu.“

Ég sagði: „Ólafur, ég sagði að það væru mörg ár síðan ég hætti að hata þig en síðan hef ég vorkennt þér. Ég veit ekki hverju ég á að hætta, ég rak erindi fyrir síðanefnd og nú væri því lokið og við Vigfús orðin sát, er það ekki rétt Vigfús?“ Sr. Vigfús játti því og sagði að við værum orðin sát, ég hélt áfram: „hvað síðanefnd síðan gerir er ekki mitt mál, ég bað ekki um að prestafélagið fjallaði um málið, það er þeirra ákvörðun. Ég get því ekki séð hvað ég ætti að gera.“

Ég jafnframt skýrði frá því að þetta mál væri ekki komið frá mér til fjölmiðla.

Þá upphófst leit að sökudólg og hvernig þetta mál hefði lekið til fjölmiðla og Ólafur spurði mig að því hvort ég væri í miklu sambandi við Úlfar.

Ég sagði: „Ég hringdi í Úlfar í morgun vegna þess að ég væri ósatt við að sjá og heyra niðurstöður frá síðanefnd í fjölmiðlum áður en ég fengi þær sjálf í hendur.“ Jafnframt skýrði ég frá því að Úlfari hefði fundist það leiðinlegt, en ágangur fjölmiðla hefði verið svo mikill að það hefði verið erfitt að ráða við það.

Sr. Vigfús kom með þá tillögu hvort ekki væri hægt að semja einhvers konar greinargerð þar sem við segðumst vera búin að hittast og sáttt væri komin í málið og það yrði birt t.d. í fjölmiðlum. „Sátt um hvað“, spurði ég.

Ólafur taldi það ekki ráðlegt en spurði mig: „hvort að ég væri fánæg til að skrifa til stjórnar prestafélagsins og óska eftir því við þá að þeir hættu að fjalla um málið.“

Ég neitaði því og sagði: „Ég get sagt þér það Ólafur, að mér finnst það óviðeigandi að þú skulir sitja í þessum stól, vitandi hvað þú hefur gert, og hvern mann þú hefur að geyma. Að þú skulir geta boðið þjóðkirkjunni upp á það, en hins vegar átt þú það við þína samvisku. Ég er ekki að reyna að ná þér niður.“

Ólafur sagði: „Það er gott að hafa hreina samvisku.“

Alfred sagði: „Já Ólafur, það er hverjum manni hollt að hafa hreina samvisku.“

Ólafur sagði: „Þá verð ég bara að fara í meidyrðamál við þig.“

Ég svara: „Ólafur, þér er velkomið að fara í mál við mig, ég hræðist þig ekki. Ég á marga vini og stuðningsmenn sem standa við bakið á mér.“

Ólafur sagði: „Ég á líka marga stuðningsmenn og vini og ég get sagt þér það, að prestar standa allir við bakið á mér og ég fæ mikið að hringingum frá fólki sem styður mig en einnig mörg símtöl frá fólki sem segir mér margt miður skemmtilegt um þig og þitt fólk, það væri ekki skemmtilegt fyrir þig ef það fréttist, en ég hef enga ánægju af því að hlusta á það.“

Ég svaraði: „Ólafur ég hef heyrt þær sögur sem verið er að breiða út um mig og mitt fólk, en ég hræðist þær ekki.“

Síðan sagði ég: „Ef þú átt svona mikið af stuðningsmönnum og einnig ef það eru prestar sem allir kusu þig, við hvað ertu þá hræddur.“

Hann svaraði ekki, en stundi og leit til hliðar.

Þegar hér var komið fór ég að tala um umrætt atvik sem gerðist í Bústaðakirkju árið 1979.

Ólafur bregst reiður við og segir: „Þetta er haugalygi.“

Þá stóð ég upp til hálfis og sagði: „Nei, nú förum við.“

Sr. Vigfús sagði: „Eigum við ekki að reyna að tala saman.“

Ég sagði: „Vigfús, þú heyrðir að hann kallaði mig lygara og ég sit ekki undir því.“

Þá sagði Ólafur: „Það sagði ég ekki.“

Alfred sagði þá reiður: „Við erum hér fjögur vitni að því, og þú Ólafur, þú dregur það ekki til baka fimm mínutum seinna.“

Magnea Björg tók undir orð Alfreds.

Ég sagði: „Ólafur með því að segja að þetta sé haugalygi, þá segir þú að ég sé lygari.“

Ég hélt áfram: „Þú skalt ekki gleyma því að við erum tvær, við Dagbjört erum búnar að hafa samband í 5 ár og við þekktumst ekkert áður, það sem tengir okkur saman er þessi sameiginlega reynsla okkar.“

Ólafur spurði: „Hvernig kynntust þið?“

Ég svaraði því til, að það kæmi málinu ekki við.

Sr. Vigfús sagði: „Þessi mál eru mjög ólík, er það ekki?“

Ég svaraði: „Það að gifta fólk og láta það sverja trúnað við hvort annað og koma síðan og reyna að komast upp á milli þeirra, er að mínu mati mjög alvarlegt.“

Sr. Vigfús segir þá: „Kannski hefur þetta ekki verið alveg svona, sögur geta breyst með tímanum. Ég las það einhvers staðar að atburðir geti magnast upp með tímanum.“

Magnea Björg sagði: „Sigrún Pálína kom til mín daginn eftir að umrætt atvik átti sér stað árið 1979 og var hún í miklu uppnámi og það verður hún ekki svo auðveldlega, ég hef þekkt hana frá því að hún var smástelpa og er hún bæði heiðarleg og sannsögul. Í starfi mínu sem sálfræðingur hef ég þurft að takast á við erfið mál, t.d. sífjaspell, og því þurft að þjálfra mig í því að leggja á minnið það sem kemur fram. Saga Sigrúnar Pálínu hefur ekkert breyst í smáatriðum í öll þessi ár.“

Ólafur spyr: „hvort að það sé ekki trúnaður á þessum fundi.“

Ég neita því þar sem mér meðal annars, þyki nauðsynlegt að láta Úlfar, formann síðanefndar prestafélagsins, vita að Sr. Vigfús væri að standa við það samkomulag með að hafa milligöngu um fund með mér og biskup.

Sr. Vigfús tók undir það.

Hins vegar hét ég því að tjá mig ekki við fjölmiðla um fundinn.

Ólafur sagði þá: „Trúnaður eða ekki trúnaður, ég segi ykkur það samt. Síðastliðið ár hef ég fengið inn á borð til mín fimm mál þar sem prestar eru ásakaðir um áreitni.“

Ég varð orðlaus yfir þessaru yfirlýsingu.

Ég sagði: „Ólafur þú sagðir í fjölmiðlum að þetta væri allt heilaspuni hjá mér, ég reyndi á sínum tíma að segja mér að þetta væri ekki sönn reynsla en það að ég skyldi enda á „bedda“ í kirkjunni, útilokaði það að ég gæti breytt þessari reynslu minni.“

Þú hafðir tækifæri til að breyta rétt á sínum tíma, þegar ég kom til þín (1988) með þá von um að þú værir breyttur maður og ég gæti gleymt þessu, en ég sá að þú varst sami maður, og ert enn.“

Ólafur svaraði: „Ég hélt að þið væruð að koma til mín til að kúga út úr mér fé vegna biskupskjörsins.“

Ég svaraði: „Það varst þú sem byrjaðir á því að spyrja, hver sendi ykkur, á að reyna að koma í veg fyrir að ég verði biskup.“

Þegar hér var komið, stóðum við upp frá borði, Ólafur gekk frá okkur þannig að ekki var hægt að skilja annað en að hann vildi ekki kveðja neinn, sem og hann gerði ekki.

Sr. Vigfús fylgdi okkur þá fram, sagðist hafa samband fljótlega og kvaddi okkur hlýlega.

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni skýrði Sigrún Pálína svo frá að Vigfús Þór hefði hringt í hana og óskað eftir því að hún mætti á fundinn, líkast til eftir að ofangreind sátt á milli þeirra hafði verið gerð. Kvaðst hún ekki muna eftir því hvort sáttafundur af þessu tagi hefði verið ræddur á fundum síðanefndar, en taldi hins vegar að fundurinn hefði verið í samræmi við óskir nefndarinnar. Fram kom hjá Sigrúnu Pálínu að hún hefði ekki vitað hvort Vigfús Þór hefði verið að ganga erinda annarra með því að efna til fundarins.

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefnd kirkjupings tók Alfred Wolfgang Gunnarsson eftirfarandi fram um fundinn í Grafarvogskirkju:

Fyrir það fyrsta þá mætir okkur maður þarna inni á skrifstofu eða inni í herbergi þarna í Grafarvogskirkju. Þessi maður í öllu sínu veldi, kafrjóður í framan, tekur á móti okkur með harðri hendi og við setjumst til borðs og þau horfast í augu eins og illvígir tarfar nánast, Ólafur meira og Sigrún Pálína horfir á manninn bara. Síðan man ég ekki alveg orðaskil þarna í byrjun eða hvað þeim fór á milli, en Vigfús Þór var eitthvað að reyna að koma á sáttum. Það fyrsta sem ég man vel er að Ólafur spyr okkur hvort að það sé trúnaður á þessum fundi. Ég man að ég sagði „já, fyrir mér er trúnaður“ og Magnea Björg, frænka Sigrúnar Pálínu, hún var með á fundinum og hún sagði líka „já“ við trúnaði en Sigrún Pálína sagði að hún lofaði ekki trúnaði en hún myndi ekki fara með þennan fund í fjölmiðla, hún myndi ekki segja frá fundinum í fjölmiðlum. Ólafur bregst þá hinn verst við og segir: „Trúnaður eða ekki trúnaður, ég segi það samt, ég er með í skúffunni minni fimm bréf frá konum, sóknarbörnum hér í bæ, þar sem þær ákæra prestana sína fyrir kynferðisafbrot.“ Það var eins og ég hefði verið sleginn utan

undir með blautri borðtösku. „Hvað er maðurinn að gera með svona bréf ofan í skúffu hjá sér, annað en að geta haft eitthvað á þessa fimm presta? Ef þið gerið ekki eins og ég segi þá koma þessi bréf fram.“ Það var það eina sem mér datt í hug og það eina sem ég get séð að hann hafi verið að gera með þessi bréf. Við vorum öll þrumulostin yfir þessari yfirlýsingu. Síðan stuttu eftir segir Ólafur við Sigrúnu Pálínu: „Geturðu ekki bara hætt þessu?“ Ég man ekki alveg hverju Sigrún Pálína svaraði, en það var eitthvað á þá leið að hún myndi ekki hætta þessu, hún myndi ekki hætta að segja sannleikann.

Aðspurður um hlutverk Vigfúsar Þórs á fundinum svaraði Alfred því til að hann hefði sagt mest lítið. Fundurinn hefði bara endað með því að allir hefðu staðið upp og þau hjónin hefðu farið. Það hefði verið „alveg greinilegt að Ólafur hugsaði sér engar sættir eða nokkurn skapadán hlut“.

Fyrir rannsóknarnefndinni var Vigfús Þór inntur eftir því hvort það hefði verið rætt á vettvangi síðanefndarinnar að hann kæmi að máli biskups sem einhvers konar sáttamiðlari eða hvort hann hefði tekið þetta hlutverk upp hjá sjálfum þér. Svaraði hann því til að það gæti verið að það hefði komið fram á fundi síðanefndarinnar að æskilegt væri að kalla saman slíkan fund, en hann myndi það ekki sérstaklega. Eins og gæfi að skilja þá hefði hann hins vegar talið það vera skyldu sína að kalla saman sáttafund. Nánar aðspurður kvaðst hann telja að hann hefði bara hugsað það upp sjálfur að kalla saman sáttafund, hann myndi ekki eftir að neinn hefði sagt sér að gera það. Þá kvaðst Vigfús Þór ekki muna til þess að sáttafundurinn hefði verið liður í þeirri sátt sem hann sjálfur gerði við Sigrúnu Pálínu 12. febrúar 1996. Lýsti hann þessu næst símtali sem hann kvaðst hafa átt við biskup af þessu tilefni. Kvaðst hann hafa spurt biskup um það hvort í þessu grafalvarlega máli væri ekki möguleiki, eins og alltaf í svona málum, að leiða deilendur saman á sáttafundi. Biskup hefði þá spurt hann hvort hann væri að segja sér fyrir verkum. Biskup hefði neitað því að fara þessa leið með þeim orðum að „presturinn segði honum ekkert fyrir verkum“.

Nánar aðspurður af rannsóknarnefnd kirkjuþings um markmið þessa sáttafundar, þ.e. hvað átti að reyna að sætta og hvort skrifa hefði átt undir eitthvað, kvað Vigfús Þór það e.t.v. hafa verið þannig að þau myndu reyna að tala saman og hlusta hvort á annað. Þá myndu þau reyna að komast að því hvort Sigrún Pálína væri að oftúlka eitthvert atvik í atburðarásinni eða þá biskup. Á það hefði átt að reyna hvort biskup myndi jafnvel segja að hann hefði hlaupið á sig og gert einhverja vitleysu eða eitthvað svoleiðis. Ætlunin hefði ekki verið að „láta hana gefa eftir“. Þá hefði ekki átt að skrifa undir neitt. Undir Vigfús Þór var borin „samantekt“ Sigrúnar Pálínu af fundinum og taldi hann að það sem

skráð hefði verið gæfi nokkuð rétta mynd af því sem gerðist á fundinum. Fundinum hefði lokið með því að biskup og Sigrún Pálína hefðu haldið sig við sína frásögn. Aðspurður kvaðst hann ekki telja að tillaga hans um að efna til sáttafundarins hefði verið mistök. Kirkjan hefði átt að reyna að gera eitthvað.

4. Erindi Stefaníu Þorgrímsdóttur og Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 17. og 18. febrúar 1996 til siðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands

4.1 Efni erindanna

Hinn 17. febrúar 1996 barst sr. Geir Waage, formanni stjórnar Prestafélags Íslands, erindi frá Stefaníu Þorgrímsdóttur þar sem hún gerði grein fyrir samskiptum sínum og systur sinnar við Ólaf Skúlason á Laugum í Þingeyjarsýslu árið 1963 og kynferðislegri áreitni sem hún og systir hennar hefðu þar sætt af hans hálfu. Í upphafi bréfsins lýsti hún því að hún teldi sig knúna til að upplýsa Geir um fyrrgreint atvik árið 1963 vegna þeirra mála sem fjallað hafði verið um í fjölmiðlum og vörðuðu biskup. Í niðurlagi bréfs Stefaníu segir:

Ég treysti því að með þetta bréf verði farið sem fullkomið trúnaðarmál, en er fús að ræða það við t.d. formann Prestafélagsins, ef þörf þykir.

Í stjórn Prestafélags Íslands sátu á þessum tíma Geir Waage, sem var formaður stjórnar, sr. Gunnar Sigurjónsson, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sr. Baldur Kristjánsson biskupsritari og sr. Bragi Skúlason, en þeir voru allir aðalmenn. Varamenn í stjórn voru þau sr. Helga Soffía Konráðsdóttir og sr. Jón Helgi Þórarinnsson.

Stefanía kom fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Lýsti hún því að á þessum tíma hefði hún verið að vinna hjá Stígamótum við að aðstoða nauðgunarþola. Hún hefði ekki fylgst mjög vel með fréttum, en heyrt svona út undan sér að það væri „eitthvað í gangi innan kirkjunnar varðandi meint siðferðisbrot af hálfu Ólafs og fólk væri farið að tala um einhverjar konur sem ... hún þekkti ekki þá og sem væru ótrúverðugar“. Hún hefði rætt þetta einungis við einn aðila, samstarfsmann sinn og yfirmann hjá Stígamótum, Guðrúnu Jónsdóttur, sem hvorki hefði hvatt hana né latt til að koma sögu sinni á framfæri. Hún hefði tekið þá ákvörðun sjálf að skrifa trúnaðarbréf til Geirs Waage eingöngu í því skyni að benda á að sér væri persónulega kunnugt um, af eigin reynslu, að þetta væru ekki bara einhverjar ónafngreindar konur úti í bæ. Hún hefði sent þetta sem trúnaraðarerið til hans. Hún hefði ekki haft samband við neinn annan í því sambandi. Guðrún Jónsdóttir hefði ekki séð bréfið, en með

einhverjum hætti hefði hún næst frétt af þessu trúnaðarerindi í þætti í sjónvarpinu sem hét *Dagsljós*.

Aðspurð kvaðst Stefanía ekki hafa heyrt af málarekstri Sigrúnar Pálínu fyrir siðanefnd PÍ áður en hún sendi bréfið. Spurð um það af hverju hún hefði sent Geir Waage erindið svaraði hún því til að hann hefði verið formaður PÍ á þeim tíma og hún hefði í rauninni sent það til upplýsingar um að sér væri kunnugt um, af eigin reynslu, reyndar frá skjólstaðingi sem hún hefði ekki haft leyfi til að nafngreina, að þessi „ágæti biskup væri kannski ekki alveg í lagi í sambandi við kynferðismál“. Aðspurð um hvort einhver frá kirkjunni hefði rætt við hana á þeim tíma sem hún sendi erindið, síðla febrúarmánaðar 1996, svaraði Stefanía því neitandi. Það hefði enginn gert, hvorki frá kirkjunni né öðrum. Þá hefði henni verið ljóst að þessi mál hefðu snúist minnst um persónu hennar og þessara ótilgreindu kvenna, sem hún vissi þá ekki hvað hétu, en það voru þær Sigrún Pálína og Dagbjört. Það hefði greinilega verið einhver valdabarátta innan kirkjunnar „þar sem það hafi hugsanlega bara verið að nota þær“. Hún hefði haft uppi á Sigrúnu Pálínu, kynnt sig og óskað eftir fundi með henni og Dagbjörtu. Hún hefði óttast að það væri „einhver alvarleg innanhússpólitík þarna í gangi“.

Með erindi til siðanefndar 18. janúar 1996 lagði Sigrún Pálína fram formlega kvörtun á hendur biskupi vegna ummæla hans á Grafarvogsfundi, en í erindinu sagði m.a. svo:

Ég undirrituð, sendi siðanefnd og stjórn Prestafélags Íslands hjálagt bréf ... sem er lýsing mín af fundi sem haldinn var á skrifstofu sr. Vigfúsar Þórs Árnasonar sóknarprests í Grafarvogssókn 16. febrúar 1996. Ég taldi að ég hefði lokið mínu máli við það að sættast við Sr. Vigfús Þór Árnason og við að koma mínum upplýsingum um meint afbrot Hr. Ólafs Skúlasonar Biskups Íslands til rétttra aðila, sbr. bréf mitt til stjórnar og siðanefndar Prestafélags Íslands dags. 25. janúar 1996.

Þessu næst er því lýst í erindinu að biskup hefði á fundinum í Grafarvogi m.a. hótað að fara í meiðyrðamál við hana, kallað hana lygara, verið með duldar hótanir og að hann hefði upplýst um að inn á borð hans sem biskups hefðu komið fimm mál er vörðuðu kynferðisbrot presta. Í erindinu segir síðan m.a. svo: „Ég spyr hvort að hann hafi ekki þar með brotið alvarlega þann trúnað sem hann á að viðhafa í starfi. Ég óska eftir að siðanefnd Prestafélags Íslands fjalli um ofangreind atriði.“

4.2 Fyrstu aðgerðir siðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands í tilefni af erindunum

Hinn 19. febrúar 1996 var haldinn sameiginlegur fundur siðanefndar Prestafélags Íslands og stjórnar félagsins. Fyrir hönd stjórnarinnar voru allir aðalmenn mættir, auk varamanna og fyrir hönd siðanefndar nefndarmennirnir þrír. Ef litið er til bókuar í fundargerð stjórnar Prestafélags Íslands er ljóst að efni fundarins var að ræða þau mál sem komið höfðu upp innan kirkjunnar og vörðuðu biskup, starfsaðferðir siðanefndar og stjórnar Prestafélagsins, álitserð siðanefndar 15. febrúar 1996, sbr. kafli 3.2.2 hér að framan, erindi Sigrúnar Pálínu 25. janúar 1996 um kvörtun á hendur Vigfúsi Þór, erindi Sigrúnar Pálínu 18. febrúar 1996 um kvörtun á hendur biskupi eftir Grafarvogsfund og erindi Stefaníu Þorgrímsdóttur til stjórnar Prestafélags Íslands um meint kynferðislegt ofbeldi Ólafs Skúlasonar á Laugum árið 1963.

Í framburði Geirs Waage, formanns stjórnar Prestafélags Íslands, fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að þetta hefði líklegast verið eini sameiginlegi fundurinn sem siðanefndin og stjórnin héldu, ef hann myndi rétt. Fundurinn hefði eingöngu verið haldinn til þess að afhenda siðanefndinni gögn, það hefðu verið „einhver skjöl sem vörðuðu málið og höfðu komist til stjórnar prestafélagsins“. Beðinn um að lýsa því með almennum hætti hvernig hann hefði litið á þá ósk sem fram kom í erindum kvennanna þriggja um að farið yrði með mál þeirra sem trúnaðarmál svaraði Geir því til að hann hefði litið á óskina í „þrengsta skilningi“. Þannig hefði hann skýrt stjórn prestafélagsins frá erindi Sigrúnar Pálínu frá 25. janúar 1996 og gert stjórnarmönnum grein fyrir efnislegu inntaki þess. Stjórnin hefði verið sammála um að koma erindinu strax í hendur siðanefndar og hafa á þessu stigi engin önnur afskipti af málinu. Við lauslega skoðun sína hefði Geir ekki komið auga á að erindið beindist að Vigfúsi Þór Árnasyni. Hvort hann hefði sýnt stjórnarmönnum bréfið mundi hann ekki, en hann hefði ekki afhent þeim það. Engin ljósrit hefðu verið tekin, hann hefði eingöngu gert stjórninni grein fyrir því hvað þarna væri á ferðinni.

Næsti fundur í siðanefndinni var haldinn 22. febrúar 1996. Þá voru lögð fram áðurnefnd erindi Sigrúnar Pálínu frá 18. febrúar 1996 vegna Grafarvogsfundar, erindi Stefaníu til Prestafélags Íslands 17. febrúar 1996 og erindi Flóka Kristinssonar vegna meints trúnaðarbrots biskups sem gerð verður grein fyrir hér síðar. Í fundargerð siðanefndar var einungis bókað að bréfin hefðu verið lesin og rædd. Þá var eftirfarandi fært til bókar: „Ákveðið að óska eftir fundi með biskupi.“ Í fundargerð frá 26. s.m. er síðan tekið fram að siðanefnd hafi átt fund með biskupi.

5. Erindi Ólafs Skúlasonar biskups til embættis ríkissaksóknara 22. febrúar 1996, afgreiðsla embættisins 28. s.m. og nýtt erindi biskups til ríkissaksóknara 11. mars s.á.

Hinn 22. febrúar 1996 sendi Ólafur Skúlason biskup formlegt erindi til ríkissaksóknara þar sem hann óskaði eftir opinberri rannsókn á meintum ærumeiðingum í hans garð af hálfu Sigrúnar Pálínu, Dagbjartar og Stefaníu. Auk þess óskaði biskup eftir rannsókn á því hvort ummæli Guðrúnar Jónsdóttur hjá Stígamótum í fjölmiðlum um meint ofbeldi af hans hálfu gætu talist ærumeiðandi. Ljóst er af upptökum af umfjöllun ljósvakamiðla, sem rannsóknarnefndin aflaði við meðferð málsins, og ljósritum úr prentmiðlum að „biskupsmálið“ var þá búið að vera til umfjöllunar í fjölmiðlum dagana og vikurnar þar á undan.

Hinn 28. febrúar 1996 ákvað ríkissaksóknari að ekki væri grundvöllur að lögum til að hefja opinbera rannsókn að frumkvæði ákærvaldsins í ljósi þess hvernig kæra biskups hefði verið fram sett og rökstutt. Með bréfi biskups 11. mars 1996 til ríkissaksóknara krafðist hann að nýju opinberrar rannsóknar á öðrum lagagrundvelli vegna rangs sakburðar og ærumeiðandi aðdróttana. Sú rannsókn fór síðan fram á grundvelli ákvörðunar ríkissaksóknara 14. s.m.

6. Afgreiðslur siðanefndar Prestafélags Íslands 26. febrúar 1996 á erindum Stefaníu Þorgrímsdóttur 17. s.m., og Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 18. s.m. og almenn álitserð siðanefndar prestafélagsins í tilefni af málinu

Hinn 26. febrúar 1996 var haldinn fundur í siðanefnd um erindi Sigrúnar Pálínu frá 18. febrúar 1996 um Grafarvogsfundinn og trúnaðar-erindi Stefaníu frá 17. febrúar 1996 til stjórnar PÍ, sbr. umfjöllun hér að framan. Í bókun í fundargerð kemur fram að ofangreind tvö erindi hafi verið rædd og samin hafi verið tvö bréf vegna þeirra. Þá kemur einnig fram að samin hafi verið almenn álitserð um ásakanir á hendur biskupi. Verður nú gerð stutt grein fyrir afgreiðslu þessara þriggja mála.

6.1 Almenn álitserð 26. febrúar 1996 vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyri biskupi

Álitserðin er svohljóðandi í heild sinni:

Siðanefnd Prestafélags Íslands hefi [sic] lokið umfjöllun um mál sem henni barst fyrir nokkru þar sem fram koma ásakanir á hendur biskupi Íslands. Málsatvik eru orðin næstum tveggja áratuga gömul og ásakanir ósannaðar. „Siðanefnd skal ekki taka fyrir mál ef eitt ár er liðið frá meintu broti til kærudags“. Nefndin lét frá sér fara greinargerð um málið hinn 15. febrúar s.l.

Það er sameiginlegt álit siðanefndar að ekkert nýtt hafi komið fram er breytti upphaflegri niðurstöðu og lýsir því yfir að málinu er lokið af hennar hálfu.

6.2 Svar til Stefaníu Þorgrímsdóttur

Siðanefnd afgreiddi jafnframt erindi Stefaníu Þorgrímsdóttur frá 17. febrúar 1996 með svohljóðandi hætti:

Siðanefnd P.Í hefur mótttekið bréf yðar frá 17. febrúar s.l. sem stílað var á sr. Geir Waage fom. P.Í. Siðanefnd harmar að efni bréfsins var kynnt í fjölmiðlum áður en það var tekið fyrir í nefndinni. Siðanefndin hefur rætt þetta mál og kynnt það fyrir biskupi. Frekari umfjöllun mun ekki verða af hálfu nefndarinnar.

6.3 Svar til Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur

Siðanefnd afgreiddi erindi Sigrúnar Pálínu frá 18. febrúar 1996 með svohljóðandi hætti:

Í bréfi þínu dags. 18. febr. s.l. er m.a. frásögn þriggja aðila er áttu „sáttafund“ með biskupi Íslands þann 16. febrúar. Fundur þessi var haldinn hvorki með vilja né vitund siðanefndar.

Siðanefnd telur að öllum aðilum sem sátu þennan fund, hefði borið að gera henni viðvart og raunar telur hún að slíkur fundur hefði átt að vera í verkahring hennar og stjórnad af henni.

Það er skoðun siðanefndar að árangur þessa fundar hafi verið í samræmi við hvernig til hans var stofnað. Nefndin getur út af fyrir sig fallist á að orð hafi fallið sem betur hefðu verið ósögð. En í ljósi þess að fundurinn var ekki undir hlutlausri og ákveðinni stjórn þá telur siðanefnd eðlilegt að málalilbúnaður vegna þeirra orða er féllu á fundinum sé látinn niður falla.

Siðanefnd hefur rætt þau atriði sem fram komu og kynnt þau fyrir biskupi.

Það er sameiginlegt álit siðanefndar að ekkert hafi komið fram er breytti upphaflegri niðurstöðu og lýsir því að málinu er lokið af hennar hálfu.

7. Dagsljóssviðtal við Ólaf Skúlason biskup 27. febrúar 1996

Að kvöldi 27. febrúar 1996 var birt í dægurmálaþættinum Dagsljósi í ríkissjónvarpinu viðtal sem tekið var við Ólaf Skúlason biskup þann sama dag. Rannsóknarnefndin hefur skoðað upptöku af viðtalinu. Þar gerði Ólafur að umtalfefni sögusagnir sem hann kvaðst um árabíl hafa heyrt um sig og sem lutu að því að hann hafi „angrað konur“, eins og hann orðaði það. Tiltók hann sérstaklega árin 1990 og 1991 í þessu sambandi. Gaf hann til kynna að á bak við þessar sögusagnir og fram komnar ásakanir á hendur honum stæðu öfl „sem [sæju] í Ólafi Skúlasyri þann einstakling sem ætti að sverta sem allra allra mest og helst að ryðja úr vegi“. Þá leitaðist hann við að bera af sér þær sakir sem á hann höfðu verið bornar af þeim þremur konum sem lagt höfðu mál sín fyrir siðanefnd P.Í. Þykir ekki ástæða til að gera hér grein fyrir frásögn hans að því leyti. Á hinn bóginn þykir vert að geta þess sérstaklega að í viðtalinu

kom fram að ein þessara þriggja kvenna hefði að sögn Ólafs komið á hans fund í Bústaðakirkju árið 1988 eða 1989 og sakað hann um að hafa nauðgað henni. Þegar hann hefði brugðist ókvæða við ásökunum hennar hefði hún stormað út úr kirkjunni.

8. Fréttatilkynning Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur, Stefaníu Þorgrímsdóttur og Dagbjartar Guðmundsdóttur 27. febrúar 1996 og erindi þeirra til siðanefndar Prestafélags Íslands í tilefni af Dagsljóssviðtali við Ólaf Skúlason biskup

Sama dag og framangreint sjónvarpsviðtal við biskup var sýnt sendu Sigrún Pálína, Stefanía og Dagbjört frá sér fréttatilkynningu. Í henni kom fram að upplýsingar um málið til fjölmiðla væru ekki frá þeim komnar. Þá gagnrýndu þær málsmeðferð siðanefndar.

Daginn eftir, þ.e. 28. febrúar 1996, lagði Sigrún Pálína Ingvarsdóttir fram sitt þriðja erindi til siðanefndar PÍ. Í erindinu kvartaði hún yfir ummælum biskups í sjónvarpinu daginn áður og meintu trúnaðarbroti af hans hálfu og málsmeðferð siðanefndar á erindum hennar frá 25. janúar 1996 og 18. febrúar 1996. Þá krafðist hún einnig skýrslu frá siðanefnd um hvernig erindi hennar hefðu verið kynnt biskupi.

Stefanía Þorgrímsdóttur lagði einnig fram formlegt erindi til siðanefndar 28. febrúar 1996. Í erindi hennar sagði m.a. að hún undraðist og harmaði að hafa ekki fengið tækifæri til að skýra og ræða efni erindis síns til Geirs Waage 17. febrúar 1996 við siðanefnd. Þá átaldi hún siðanefnd og stjórn PÍ fyrir að fara ekki með erindið sem trúnaðarmál. Loks átaldi hún biskup fyrir að vitna í erindi hennar í sjónvarpsviðtali daginn áður, einkum í ljósi þess að hún hefði sent erindi sitt sem trúnaðarmál til stjórnar PÍ. Kröfur hennar til siðanefndar voru þær að nefndin kannaði með hverjum hætti biskup hefði fengið trúnaðarerindi hennar í hendur, hvort sú málsmeðferð sem viðhöfð var í máli hennar hefði verið eðlileg og þá í ljósi aðkomu biskups og loks hvort brotinn hefði verið trúnaður gagnvart henni.

Dagbjört Guðmundsdóttur lagði einnig fram erindi til siðanefndar PÍ 28. febrúar 1996. Í upphafi erindis síns gerði Dagbjört grein fyrir því að ummæli biskups í Dagsljósi 27. febrúar 1996 hefðu verið „kveikjan“ að erindi hennar. Taldi hún að biskup hefði framið trúnaðarbrot með umfjöllun sinni og óskaði eftir því að siðanefnd fjallaði um málið og „[kæmist] að viðeigandi niðurstöðu“.

9. Yfirlýsing kirkjuráðs 1. mars 1996

Hinn 1. mars 1996 samþykkti kirkjuráð svohljóðandi yfirlýsingu sem var birt opinberlega:

Kirkjuráð harmar þær ásakanir sem bornar eru fram á hendur biskupi Íslands og eru alvarleg atлага að æru hans og heiðri kirkjunnar þjóna og valda djúpri sorg málsaðilum og öllum unnendum kirkju og kristni.

Minnir á að siðareglur Prestafélags Íslands sem sýna að kirkjunni er umhugað um að gætt sé heilinda og trúnaðar í samskiptum presta og sóknarbarna og tekur alvarlega ásakanir um misbresti þar á.

Hvetur til hreinskiptinnar og sanngjarnrar umræðu um slík mál á viðeigandi vettvangi þannig að alls trúnaðar og virðingar sé gætt.

Lýsir hryggð sinni yfir þeim sárum sem sóknarbörn telja sig hafa orðið að bera vegna framkomu þjóna kirkjunnar fyrr og síðar og felur það allt náð Guðs og fyrirgefningu á hendur.

Kirkjuráð vottar biskupi Íslands og fjölskyldu hans dýpstu samúð og kærleika og treystir honum til að leiða þessi alvarlegu mál til lykta, kirkju og þjóð til heilla og blessunar.

Þess skal getið að í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins daginn eftir, þ.e. 2. mars 1996, var því samkvæmt upptöku sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum komið á framfæri að beiðni kirkjuráðsmanna „að líta [bæri] á síðustu málgrein ályktunarinnar sem stuðningsyfirlýsingu við biskup“. Rannsóknarnefndin bar umrædda frétt undir Ernu Indriðadóttur, fyrrverandi fréttamann hjá Ríkissjónvarpinu. Kvaðst hún ekki muna hver hefði haft samband við fréttastofuna af þessu tilefni. Taldi hún hins vegar ljóst að það hefði verið „einhver kirkjuráðsmanna en nánast útilokað að það hafi verið Ólafur Skúlason sjálfur.“

Auk Ólafs Skúlasonar biskups áttu á þessum tíma sæti í kirkjuráði sr. Karl Sigurbjörnsson, þá sóknarprestur í Hallgrímskirkju, sr. Hreinn Hjartarson, Helgi K. Hjálmsson og Gunnlaugur Finnsson. Þeir Hreinn og Gunnlaugur eru látnir.

Í framburði Karls Sigurbjörnssonar biskups fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að kirkjuráð hefði fundað 29. febrúar og 1. mars 1996. Á þessum fundum hefði verið um það rætt að prófastar hefðu ákveðið að styðja Ólaf Skúlason biskup opinberlega, en ljóst er hins vegar af fyrirbyggjandi gögnum að yfirlýsing aðalfundar Prófastafélags Íslands birtist opinberlega 7. mars 1996, eins og nánar verður rakið hér síðar. Tók Karl fram að biskup hefði á fundum kirkjuráðs farið fram á að gefin yrði út stuðningsyfirlýsing, „að því yrði lýst yfir að þetta væri áburður á hendur honum sem hann væri saklaus af, ásakanir sem hann væri saklaus af“. Hann hefði flutt „mjög tilfinningaþrungna ræðu yfir þeim sem hafi verið mjög erfitt að sitja undir“. Síðan hefði verið óskað eftir hléi á fundinum þannig að kirkjuráðsmenn, þ.e. aðrir en biskup, gætu ráðið ráðum sínum. Þar hefði verið mikill hljómgrunnur fyrir því að taka undir með biskupi og lýsa yfir fortakslausum stuðningi við hann, auk þess að lýsa yfir sakleysi hans af þessum áburði. Aðspurður um hvort hann hefði

sjálfur verið einn af þeim svaraði Karl því neitandi, en hann hefði þó ekki bókað andmæli við yfirlýsingunni. Hann hefði staðið að henni eins og aðrir kirkjuráðsmenn. Kvaðst hann hafa tekið þátt í því að semja hana sem hefði verið „frekar loðin“. Hann hefði ekki viljað að kirkjuráð færi að kveða upp einhvern dóm í málinu því honum hefði ekki fundist það vera hlutverk þess. Þá kom fram hjá Karli að biskup hefði verið mjög ósáttur við yfirlýsingu ráðsins. Inntur eftir því hvort líta megi á samþykkt hennar sem mistök af hálfu kirkjuráðs svaraði Karl með þessum orðum: „Jú, það var bara kannski hvorki fugl né fiskur. Ég veit ekki hvað maður á að segja um það. Við vorum undir svona ákveðinni mikilli pressu þar.“

Aðspurður hvort það hefði komið til greina af hálfu kirkjuráðs að gefa konunum þremur kost á að koma fyrir ráðið á þessum tíma svaraði Karl því til að það hefði aldrei verið rætt og hefði aldrei komið til greina. Inntur eftir því hvort það hefðu verið mistök að gefa þeim ekki kost á að koma fyrir ráðið og segja frá reynslu sinni áður en yfirlýsingin var gefin út svaraði Karl því til að það gæti vel verið, hann vissi það samt ekki. Þetta mál hefði allt einhvern veginn verið þannig að það hefði bara „verið rekið í gegn“. Það hefði ekki verið lögð fram nein lögreglukæra. Þetta hefðu verið ásakanir og hann hefði talið að kirkjuráð hefði ekki upplifað sig í þeirri stöðu að geta rætt þetta mál eða efnisatriði þess. Það hefði bara einhvern veginn ekki hvarflað að neinum. Aðspurður um hvort afstaða kirkjuráðsmanna, yfirlýsing þeirra og ályktun Prófastafélagsins viku síðar hefði að einhverju leyti mótast af einhvers konar valdabaráttu ólíkra hópa innan kirkjunnar, svaraði Karl því játandi og kvaðst telja að svo hefði verið. Lýsti hann því mati sínu að þarna hefðu verið menn sem hefðu verið „mjög ákveðnir í því að þetta væri bara pólitík“. Hann hafnaði því hins vegar að líta mætti á konurnar sem einhvers konar leiksoppa í valdabaráttu innan kirkjunnar, hann hefði í öllu falli ekki upplifað þetta þannig. Hann kannaðist við þessa lýsingu og þessi vinkill á málinu hefði valdið ónotum og truflað marga.

Þess skal getið að Karl lagði fram ljósrit úr dagbók sinni frá árinu 1996 á fundi rannsóknarnefndarinnar, merkt skráð „4. mars“, þar sem segir m.a. svo um yfirlýsingu kirkjuráðs:

Ályktun kirkjuráðs olli Ólafi vonbrigðum. ... við hefðum átt að hvetja sig til að sitja áfram og lýsa eindregnum stuðningi við hann. Við sögðumst treysta honum til að leiða þessi mál til lykta. Hvort hann getur setið áfram með þetta á bakinu getur samviska hans ein sagt honum. Ég held að hann sé búinn að vera eða öllu heldur – ég er hræddur um að hann nái sér ekki út úr þessu. Hann er í algjörrri úlfakreppu aumingja maðurinn.

Helgi K. Hjálmsón kom fyrir rannsóknarnefnd kirkjubings. Kvaðst hann lítið muna eftir umræðu um málið, enda langt um liðið. Hann hafnaði því þó að biskup hefði reynt að hafa áhrif á kirkjuráðsmenn. Aðspurður um hvort það hefðu verið mistök af hálfu kirkjuráðs að taka opinberlega afstöðu til málsins meðan mál kvennanna voru til meðferðar hjá siðanefnd PÍ og stjórn félagsins svaraði Helgi:

Ég er ekki viss um það vegna þess að mín samskipti við Ólaf og eins og ég þekkti hann í sambandi við mitt starf þá var ekkert sem gaf tilefni til þess að halda að þarna væri eitthvert svona brot á ferðinni og þetta í sambandi við þessi kvennamál og annað, ég hafði ekki hugmynd um það. Ég hef verið að heyra þetta löngu seinna, þá er maður að heyra þessar sögur, en ég varð aldrei var við þetta sjálfur, aldrei.

... Mér fannst á þessum tíma að Ólafur væri hafður fyrir rangri sök og hann væri nánast í einelti. Það var mín tilfinning þarna á þessum tíma.

Komst hann svo að orði hvað þetta varðar að þarna hefðu að hans mati verið á ferðinni „ákveðnir hópar sem voru alltaf að berjast gegn Ólafi, svokallað svartstakkalið“. Beðinn um að útskýra nánar hvað hann ætti við með þessu svaraði Helgi:

Ég á við að ég leit alltaf svo á að orsökina hefði verið sú, eins og í sambandi við biskupskosningarnar sjálfar, að það mynduðust þarna fylkingar og það voru ýmsir aðilar sem voru mjög ósáttir við að Ólafur hefði verið kosinn biskup. Það var ákveðinn hópur sem að ... ég tel að Geir Waage og Sigurður Sigurðsson, vígslubiskup í Skálholti, og þessi hópur sem kallaðir voru svartstakkar, ég hafði á tilfinningunni að þetta væri svona hálfgerð einelti gagnvart Ólafi.

Aðspurður hvort það hafi tengst konunum þremur svaraði Helgi:

Það tengist ekkert þessum konum, bara embætti hans sem biskup, þá fannst mér að það væri verið að níða [niður] skóinn af Ólafi. Ég trúði aldrei upp á Ólaf að það væri eitthvað misjafnt þarna á ferðinni. Ég var bara svo bláeygður að ég vildi ekki trúá þessu upp á manninn.

Aðspurður hvort þessi atriði hefðu að einhverju leyti mótað hvernig tekið hefði verið á málum kvennanna innan kirkjunnar svaraði Helgi:

Það er alveg til í því, ég skal ekki segja um það. En það var tilhneiging hjá þessum aðilum til að refsa mönnum. Mér var sjálfum refsað. Mér var bolað út úr kirkjuráði vegna þess að ég barðist fyrir því að æviráðning presta yrði tekin af og ég mætti m.a. niður á þing í tengslum við það og það voru andstæðingarnir, það var Geir Waage og prestafélagið. Þeir voru að gera Sólveigu Pétursdóttur brjáláða, hún var formaður allsherjarnefndar. Ég mætti svo til hennar og við gerðum ... leikmannastefnan gekkst svo fyrir ákveðinni rannsókn í sambandi

við ráðningu presta og þann þátt og við skýrðum bara frá þeirri niðurstöðu. Þá sögðu þeir: „Þú færð að finna fyrir þessu, vinur.“ Þannig upplifði ég þennan hóp. Ég sat á Kirkjuþingi í þrjú kjörtímabil og ég var að vona að ég gæti verið í Kirkjuráði þriðja tímabilið en það var barist gegn því og þeim tókst það. Ég upplifði þennan hóp þannig.

Sr. Baldur Kristjánsson, þáverandi biskupsritari og ritari kirkjuráðs, kom fyrir rannsóknarnefndina og var spurður um hvort hann myndi eftir yfirlýsingum kirkjuráðs 1. mars 1996 og aðalfundar Prófastafélags Íslands 7. s.m. Af þessu tilefni sagði hann:

Ég man eftir yfirlýsingu Prófastafélagsins, hún kom eins og algjört sjökk. ... hún var svo mikil tímaskekkja. Maður var bara undrandi yfir því að svona stór hópur af fólki skyldi senda frá sér svona ályktun. Mjög undrandi yfir því. Þarna var búið að smala saman úr öllum sveitum landsins öllum próföstum og þeir komu náttúrulega tiltölulega nýir að þessu og einhver sagði manni það síðar að biskup hefði lagt hönd á helga bók og það hafi orðið til þess að sumir þeirra hafi trúað honum. Þegar þarna er komið við sögu þá var þetta bara hreint og beint sjökk að þeir skyldu samþykka þetta. ... það lá bara svo ljóst fyrir að það var eitthvað málum blandið í sambandi við biskupinn að maður vildi ekki trúa því að svona stór hópur manna væri að gefa honum syndakvittun þegar hér var komið.

Baldur kvaðst hafa ritað fundargerð á fundum kirkjuráðs. Kvaðst hann muna til þess að biskup hefði lagt mjög mikla áherslu á að kirkjuráð ályktaði eitthvað um sig, styddi sig. Hreinn Hjartarson, Helgi K. Hjálms-son og Gunnlaugur Finnsson, sem þá sátu í kirkjuráði, hefðu stutt biskup „af hjartans einlægni. ... sr. Karl hafi átt aðeins meira bágt en hinir eða kannski bara ímynda ég mér það.“ Sérstaklega aðspurður hvort hann teldi nú að þessar ályktanir hefðu verið mistök svaraði Baldur:

Verulega lítt skiljanlegar þegar hér var komið við sögu. Sérstaklega yfirlýsing Prófastafélagsins. Maður má ekki gleyma því að kirkjuráð er þröngur hópur vina, menn verða miklir vinir og Ólafur fullyrti alltaf við menn að það væri ekkert til í þessu. Þetta væri misskilningur og þetta væri lygi og þvættingur og menn trúðu honum bara. Mér finnst skiljanlegra að það hafi gerst í þröngum hópi kirkjuráðs. Kirkjuráðsfundir standa í 6, 8, 12 tíma, menn verða mjög nánir en hitt var miklu stærri hópur manna.)

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni lýsti Geir Waage þeirri skoðun sinni að óhjákvæmilegt væri í ljósi orðalags yfirlýsinga kirkjuráðs og Prófastafélagsins, sem nánar verður rakið hér síðar, að líta svo á að þetta væru „mjög eindregnar stuðningsyfirlýsingar“. Þá tók hann fram að „textinn frá kirkjuráðinu [þæri] svo mikil og eindregin stíleinkenni hr. Karls“ að það væri ekki hægt að líta framhá því. Hefði Geir borið það

undir Karl haustið 2010 á fundi þeirra prestanna í Stykkishólmi og full-
yrt þetta við hann. Hefði Karl tekið undir það.

10. Fundir sr. Karls Sigurbjörnssonar sóknarprestis í Hallgrímskirkju og sr. Hjálmars Jónssonar alþingismanns með Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur í Hallgrímskirkju helgina 2. og 3. mars 1996

Í Helgarpóstinum, sem út kom 7. mars 1996, var greint frá því að
blaðinu væri kunnugt um að prestarnir Karl Sigurbjörnsson og Hjálmar
Jónsson hefðu átt fund með „konunni sem féll frá málsókn“ og hefði
rætt við hana áður en hún hefði tekið þessa ákvörðun. Ljóst er að þarna
er vísað til fundar Karls og Hjálmars með Dagbjörtu Guðmundsdóttur í
Hallgrímskirkju sunnudaginn 3. mars 1996, eins og nánar verður rakið
í þessum kafla, en Dagbjört sendi út fréttatilkynningu vegna málsins 5.
mars 1996, sbr. kafla 11 hér á eftir. Í frétt Helgarpóstsins sagði jafnframt
eftirfarandi:

Ennfremur áttu séra Karl og séra Hjálmar fund með Sigrúnu Pálinu í Hallgríms-
kirkju síðastliðið laugardagskvöld [2. mars 1996]. Þeir munu hafa boðið Sigrúnu
að létta á þessu máli gagnvart henni og fjölskyldu hennar sem og þeim hörm-
ungum sem málaferli gætu haft í för með sér [...]

Verður nú greint frá framburði Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur, Dag-
bjartar Guðmundsdóttur, Alfreds Wolfgang Gunnarssonar, Ómars Sigur-
bergssonar, Karls Sigurbjörnssonar, Hjálmars Jónssonar, Sigurðar Þórs
Salvarssonar, Guðrúnar Öldu Harðardóttur og Sigurðar Rúnars Sigur-
jónssonar fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings hvað varðar atvik helgina
2. og 3. mars 1996.

Sigrún Pálinu Ingvarsdóttir kom í tvígang til viðtals hjá rannsóknar-
nefndinni. Í framburði sínum rakti hún aðdragandann að því að um-
ræddir fundir voru haldnir með þessum orðum:

Á þessu tímabili er m.a. síðanefnd og fleiri farnir að tala um það og Ólafur að
lögsækja mig. Það er farið að tala um að ég verði gjaldþrota og ég er einstæð
móðir með þrjú börn. Ég átti unnusta en við bjuggum ekki saman þannig að
fjárhagslega stóð ég ein. Ég var orðin hrædd út af því. Ég á frænda, við erum
ekki blóðskyld, en hann er í fjölskyldunni, hann vinnur niðri í Alþingi og hann
hringir í mig og spyr mig hvort við vildum ekki koma og ræða við Hjálmar Jóns-
son. Þeir höfðu eitthvað talað saman. Við verðum dauðfegin því, förum þangað
og segjum Hjálmari söguna niðri í Alþingishúsi og hann náttúrulega segir bara
að þetta sé agalegt og lætur sem hann trúi þessu eða segist trúa þessu. Hann
stingur upp á því að við tölum við prest uppi í Hallgrímskirkju sem er þá Karl
Sigurbjörnsson. Ég samþykki það og við förum síðan í beinu framhaldi, eftir að

vera búinn að vera niðri í Alþingishúsi og borða hádegismat þar, þá förum við upp í kirkju til hans.

Almennt um fundina með Karli Sigurbjörnssyni og Hjálmar Jónssyni í Hallgrímskirkju skýrði Sigrún Pálína svo frá:

... Og við hittum Karl og ég segi honum alla sólaröguna og við tölum og tölum tímunum saman og þeir tala um að þetta sé bara agalegt og þeir vilji bara allt gera til þess að hjálpa mér. Þegar við förum heim um kvöld á laugardeginum, þetta var á laugardegi, þá er hann búinn ... það var farið með okkur m.a. upp að altari þar sem hann bað fyrir mér, sem var náttúrulega bara alveg ... Ég hafði alltaf haft tilfinningu að ég væri ekki velkomin í kirkju og ég hafði líka haft það á tilfinningunni að maðurinn minn væri reiður af því að ég var að eyðileggja kirkjuna, ég var komin með ábyrgð á öllu fólkinu sem þurfti að láta grafa sig, fermingum og ... svo fer hann með mig upp að altarinu og segir upphátt guð um að passa upp á mig og styðja mig og nefnir nafnið mitt og mér fannst ég bara vera hólpin. Það var bara einhver svona ofsalega sterk tilfinning að vera samþykkt. Við kveikjum á kertum áður en við förum heim. Við enduðum sem sagt þennan laugardag á því að við kveikjum á kertum fyrir Dagbjörtu, fyrir Stefánú, fyrir mig og svo förum við. Og ég er í einhverri algjörrri vímu. Guðrún Alda og Sigurður Þór Salvarsson, vinir mínir sem höfðu staðið með mér í þessu öllu, þau koma heim til mín og þau stara bara á mig og segja: „Hvað er búíð að gera við þig?“ Hún stóð svona fyrir framan mig og sagði: „Pála, hvað er búíð að gera við þig?“ Og ég sagði bara: „Hvað meinarðu, þetta eru yndislegir ... þeir ætla að hjálpa mér og þetta verður allt í lagi.“ Ég hafði svona tilfinningu eins og ég væri bara „high“. Ég sveif á skýi og það sama var með manninn minn. Hún varð öskureið og sagði að þetta væri svo óeðlilegt ástand og mér fannst hún svo leiðinleg að skilja þetta ekki. Ég hringi í Dagbjörtu og segi henni að þeir séu yndislegir og að hún eigi endilega að hafa samband við þá. Ég man ekki hvort að ég, jú, líklega talaði ég við Stefánú og hún meira og minna fussaði bara. Þannig að ég ætlaði náttúrulega að taka þær með í þennan yndisleika. Skilyrðið þarna á laugardeginum var að Ólafur yrði að viðurkenna þetta opinberlega. Það væri eina sáttaleiðin. Þeir ætluðu að tala við Ólaf. Morguninn eftir erum við vöknuð og það er hringt á dyrabjöllunni og erum bara ennþá á náttfötunum, við ætluðum að mæta minnir mig kl. 13:00, ætluðum að mæta niður í kirkju og tala aftur við hann því þá ætluðu þeir í millitíðinni að vera búnir að tala við Ólaf. Dyrabjallan hringir og Hjálmar stendur á tröppunum og spyr hvort að hann megi koma inn og biðja í stofunni. Ég man þessa tilfinningu að mér dauðbrá, ég þekkti manninn ekki neitt og mig langaði ekki til þess að hleypa honum inn en gerði það samt. Ég gat ekki staðið þarna hjá þessum bjargvætti, hann var svo yndislegur, og neita honum um að koma inn. Þetta segir hann hvergi, þetta kemur ekki fram í neinum viðtölum, en þetta gerði hann. Þetta gerir hann óumbeðinn. Hann kemur inn, sest í sófann og við biðjum öll saman. Og hvert var markmiðið? Alveg á hreinu, frá mínum bæjardyrum séð, að það var að gera mig góða. Það var að halda áfram að brjóta mig niður. Svo förum við í beinu framhaldi niður í kirkju og þá segja þeir að þeir ráði ekkert við Ólaf. Ólafur vilji bara ekkert ... hann komi ekki til með að skrifa út svona yfirlýsingu. Það er talað um gjaldþrot, það er talað um „hvað með börnin þín“ og þeir halda áfram að tala og

tala og á milli fara þeir í símann og tala við Ólaf. Svo er haldið áfram að tala, ég er bæði með síþreytu og vefjagigt þannig að ég var algjörlega orðin búin á því bara frá deginum áður, og við ákváðum að reyna að semja einhvers konar yfirlýsingu af því að ég átti það á hættu að Ólafur Skúlason myndi ákæra mig og af því að ég gæti orðið gjaldþrota. Út frá því ætluðum við að semja yfirlýsingu. Ég man eftir því að ég var að reyna að einbeita mér að því að semja og ég hafði svona á tilfinningunni að þeir væru svona meira og minna, og þá sérstaklega Karl, labbandi í kring og komandi með svona athugasemdir inn í. Maðurinn minn er orðinn mjög þreyttur og ég næ ekki almennilega að orða þessa yfirlýsingu fyrr en ég kemst að þeirri niðurstöðu að ég geti það ef ég hafi eina setningu og hún er að ég dragi sannleikann ekki tilbaka. Ég dragi málið tilbaka í fjölmiðlum, en ég sé að segja sannleikann og ég dragi ekki sannleikann tilbaka.

Sérstaklega aðspurð hvort það hefði verið skilyrði að umrædd setning væri inni í texta yfirlýsingarinnar svaraði Sigrún Pálína:

Algjört skilyrði. Eins og er augljóst mál, ég hef aldrei ætlað að hætta þessu máli, aldrei fyrr en það væri búin að taka ábyrgð á því. Því skyldi ég endilega gera það þarna. En hann fer svo upp, ég veit ekki af hverju ég segi alltaf upp, það getur vel verið að það sé upp, en hann allavega fer þá með þessa yfirlýsingu til að prenta hana út og leggur hana fyrir framan mig og einhverra hluta vegna les ég í gegnum hana en tilfinningin er að ég gat ekki meir, en ég geri það og þá sé ég að það vantar þessa setningu. ... Ég segi við hann: „Það vantar þessa setningu og ég skrifa aldrei undir þetta.“ Og þá kemur, ég man ekki hvort það var Hjálmar eða Karl, og dreif sig að fjarlægja blaðið. Þannig að yfirlýsingin sem ég átti að undirskrifa, hún hvarf af borðinu um leið og ég segist aldrei ætla að skrifa undir þetta. Þetta er það sem við skrifuðum upp eftir því sem við vorum búin að handskrifa. Við vorum búin að handskrifa endanlegu niðurstöðuna og þetta er það sem við skrifuðum upp eftir því hvernig hún sem sagt leit út að lokum. ... Ég stend síðan upp. Þá rennur það allt í einu upp fyrir mér að mennirnir eru ekki að aðstoða mig, heldur Ólaf. Og það var eins og köld gusa. Það var aftur þetta rosalega ... og reyndar ekkert bara þetta ... þetta gerði út af við mig vegna þess að ég trúði þeim. ... Ég lamast, ég verð bara ísköld og mér verður flökurt ... og ég stend upp og við löbbuðum fram á gang og þeir labba á eftir okkur og þá segir Hjálmar: „Geturðu ekki hætt þessu út af börnunum þínum?“ Og ég horfi á Hjálmar og segi: „Nei, það get ég ekki.“

Nánar aðspurð hvort hún væri viss um að Hjálmar hefði látið umrædd orð falla svaraði Sigrún Pálína:

Algjörlega. „Nei, það get ég ekki því börnin mín vilja ekki að ég hætti að segja sannleikann.“ Þá kemur Karl, ... svona snúandi sér fyrir aftan mig og segir: „En hvað með mömmu þína, er hún ekki svo sjúk?“ Þá var búin að grafa upp að mamma væri með svo mikla liðagigt og ég lít á hann og sagði: „Nei, það get ég ekki.“ Ég sagði síðan við manninn minn að við hefðum ekkert meira að gera þarna og svo löbbuðum við út. Við löbbuðum bæði og maðurinn minn var farinn að gráta líka, við fórum heim og ég hringdi í Gunnu og Didda, Sigurð, og

mér leið eins og mér hefði verið nauðgað. Ég ruggaði mér fram og tilbaka og margendurtók: „Hvað gerðist, hvað sagði hann, hvað sögðu þeir, hvað sagði ég?“ Ég reyndi að breyta þessu, ég vildi að þetta hefði getað verið satt. Alveg eins og í gegnum Ólaf á sínum tíma, ég margendurtók þetta: „Ef ég hefði bara gert svona eða sagt svona þá hefði þetta kannski getað ...“

Á fundi rannsóknarnefndarinnar var Sigrún Pálína spurð nánar út í einstök atriði í framburði hennar hér að framan. Aðspurð hvað hefði verið nánar rætt á fyrri fundi þeirra laugardaginn 2. mars og þá hvort lagðar hefðu verið fram einhverjar sáttatillögur, svaraði Sigrún Pálína því til að byrjað hefði verið að ræða slíkar tillögur, en ekkert skriflegt hefði þá verið sett fram. Þau hefðu farið upp í Hallgrímskirkju upp úr hádegi, hefðu verið þarna allan laugardaginn og fram á kvöld og farið heim af fundi á bilinu klukkan 21–23. Karl og Hjálmar hefðu talað sitt á hvað. Þeir hefðu farið inn og út úr fundarherberginu, Sigrún Pálína hefði heyrt þá tala þar saman og einnig í síma. Kvaðst hún hafa heyrt þá segja: „Hringjum í Ólaf og tölum við hann.“ Aðspurð hvort þeir hefðu farið af fundi til að hitta Ólaf svaraði hún: „Annað hvort hafa þeir gert það á laugardagskvöldinu eða á sunnudagsmorgninum, ég veit það ekki.“ Sama fyrirkomulag hefði verið viðhaft á sunnudeginum. Að mati Sigrúnar Pálínu hefðu fundirnir verið „heilþvottur“ og það „allra allra sárasta sem [hún hefði] lent í eftir Ólaf og það alvarlegasta“.

Nánar aðspurð um heimsókn Hjálmars heim til þeirra hjóna á sunnudeginum sagði Sigrún Pálína að sig minnti að hún hefði átt sér stað um kl. 11.00 að morgni. Spurð um hvernig Hjálmar hefði útskýrt að hann væri þarna kominn á þessum tíma svaraði hún:

Bara að koma heim og hvort hann mætti ekki koma inn, hann heilsaði bara og spurði hvort hann mætti ekki koma inn og hann sagði að það væri nú örugglega gott fyrir okkur að biðja saman í stofunni. Það var hans skýring. Hann hafði ekkert erindi, þeir þekktust ekkert þannig persónulega, Alli og hann. Þeir höfðu aldrei umgengist hvor annan, þeir þekktust bara af því að þeir eru báðir úr Skagafirðinum.

Undir Sigrúnu Pálínu voru borin ákveðin atriði úr framburði Karls Sigurbjörnssonar og Hjálmars Jónssonar sem nánar verður rakinn hér síðar í þessum kafla. Meðal annars var henni greint frá því að fundurinn sunnudaginn 3. mars 1996 hefði að sögn þeirra byrjað um kl. 17.00. Þá hefðu Karl, Hjálmar og Sigrún Pálína komið sér saman um texta yfirlýsingar sem allir á fundinum hefðu verið ásáttir um. Fundinum hefði þá verið slitið og Karl og Hjálmar farið um kl. 18.00 á fund biskups með yfirlýsinguna. Um þessa frásögn sagði Sigrún Pálína:

Alls ekki, það stenst engan veginn. Það er alveg á hreinu að við komu okkur saman um texta og Karl fer með þennan texta, skrifar hann upp og þá er búið að fella niður þessa setningu, þessar tvær setningar, og það á ég að skrifa undir, ekki við heldur bara ég, og ég neita því og við erum komin heim einhvern tím-ann eftir miðnætti þann dag eða milli kl. 23:00 og 24:00 allavega.

Þá bar Sigrún Pálína að ekkert hlé hefði verið gert á þessum fundi, sem hefði hafist fyrr um daginn. Hann hefði staðið fram á kvöld. Hún kvaðst ekki minnst þess að gert hefði verið matarhlé og að þau hefðu ekki yfirgefið Hallgrímskirkju á meðan á fundinum stóð. Þá hefðu þeir Karl og Hjálmar báðir verið viðstaddir allan tímann. Fundurinn hefði endað með upplausn um kl. 23 um kvöldið og þá hefðu þeir viðhaft þau ummæli um börn og móður Sigrúnar Pálínu sem að framan eru rakin.

Í skýrslu sem Sigrún Pálína Ingvarsdóttir gaf hjá lögreglu 21. mars 1996 vegna kæru Ólafs Skúlasonar á hendur henni fyrir ærumeiðingar, sbr. kafla 5, greindi hún svo frá að þeir Karl og Hjálmar hefðu lagt málið þannig upp að hún yrði að skrifa yfirlýsingu. Afhenti hún lögreglu ein-tak af yfirlýsingu sem hún kvaðst hafa tekið þátt í að semja og verið reiðubúin til að undirrita. Yfirlýsingin er svohljóðandi:

Af minni hálfu er máli þessu lokið og harma ég þá opinberu umfjöllun sem það hefur hlotið og hvorki hefur verið af mínum völdum né vilja. Ég hef náð þeim tilgangi mínum að sættast við kirkjuna mína og hvet einnig aðra til að yfirgefa ekki þjóðkirkjuna vegna þess máls.

Vænti ég þess að þjóðkirkjunni auðnist að móta þær starfsaðferðir að fram-vegis verði unnið úr slíkum málum af virðingu og trúnaði. Í ljósi þess óska ég eftir að umfjöllun um mál mitt sé lokið innan stofnana kirkjunnar.

Þegar gerð hefur verið grein fyrir framlagningu yfirlýsingarinnar í framburðarskýrslunni er svohljóðandi frásögn bókuð eftir Sigrúnu Pá-línu:

Ég var tilbúin til að skrifa undir þetta vegna þess að ég var niðurbrotin, en Ólafur hafnaði þessu alfaríð vegna þess að ég átti að viðurkenna opinberlega að ásakanir mínar væru rangar og af því að ég var ekki tilbúin til þess að þá gekk þetta ekki, sem betur fer, því þetta er ekki yfirlýsing frá mér. Þó svo að ég hafi verið þátttakandi í að semja hana þá var það undir þannig kringumstæðum að ég var niðurbrotin og með alla þjóðina á bakinu, mjög mikla sektarkennd.

Með tölvubréfi til Sigrúnar Pálínu 11. maí 2001 óskaði rannsóknar-nefndin eftir því að hún sendi nefndinni athugasemdir sínar í tilefni af tilvitnaðri lýsingu og þá einkum um samræmi framburðar hennar fyrir nefndinni og því sem fram kæmi í lögregluskýrslunni á árinu 1996. Svar-

bréf Sigrúnar Pálínu barst nefndinni með tölvubréfi 15. s.m. Þar segir svo:

Þegar ég er til yfirheyrslu hjá ríkissaksóknara, nánar tiltekið 3. mars, 1996, þar sem ég segist vera tilbúin til að skrifa undir yfirlýsingu hef ég (eða lögreglan) greinilega verið að rugla saman upphaflegu handskrifuðu yfirlýsingunni þar sem stóð „ég er að segja sannleikann og ég dreg sannleikann ekki til baka“. Það kom aldrei til greina að skrifa undir þá yfirlýsingu sem Karl Sigurbjörnsson kom með til baka, eftir að hann hafði hreinritað í tölvu og prentað út.

Ég hef til skýringar bætt texta innan í sviga í upphaflegu frásögnina frá 3. mars, 1996

Yfirlýsing 1: er upphaflega yfirlýsingin sem inniheldur það að ég sé að segja sannleikann og ég dragi sannleikann ekki til baka.

Yfirlýsing 2: er sú yfirlýsing sem Karl Sigurbjörnsson kemur með prentaða þar sem setningin er felld niður.

„Ég var tilbúin að skrifa undir þetta (*er að tala um yfirlýsingu 1*) vegna þess að ég er niðurbrotin, en Ólafur hafnaði þessu alfarið (*yfirlýsingu 1, af því að í yfirlýsingunni stendur að ég dragi ekki sannleikann....*) vegna þess að ég átti að viðurkenna opinberlega að ásakanir mínar væru rangar (*með því að orða yfirlýsinguna eins og yfirlýsing 2 er orðuð*) og af því að ég var ekki tilbúin til þess (*að skrifa undir yfirlýsingu 2*) þá gekk þetta ekki, sem betur fer, því þetta er ekki yfirlýsing frá mér. Þó svo að ég hafi verið þátttakandi í að semja hana þá var það undir þannig kringumstæðum að ég var niðurbrotin og með alla þjóðina á bakinu, mjög mikla sektarkennd“.

Mér finnst mikilvægt að hafa það í huga að þegar ég var til yfirheyrslu hjá ríkissaksóknara var ég þar vegna ásakanna um ærumeiðandi ummæla. Ég grét mikið og var oft óskiljanleg. Þegar að ég síðan kom aftur til að skrifa undir framburð minn þurfti ég að hlusta á hljóðupptökur til að útskýra hvað ég hafði sagt og erfitt var að skilja vegna gráts. Ég var nánast ósofin og mjög hrædd og ég upplifði mig ofsótta og var þar af leiðandi í mikilli vörn. Ég reyndi eftir bestu getu að skilja hljóðupptökurnar sem var mikið álag og erfið reynsla, sem gerði það að verkum að ég varð mjög upptekin af að komast þaðan út sem allra fyrst.

Alfred Wolfgang Gunnarsson, eiginmaður Sigrúnar Pálínu, lýsti aðdraganda þess að fundirnir voru haldnir í meginatriðum með sama hætti og Sigrún Pálína. Þau hefðu að loknum hádegismat í húsakynnum Alþingis með Sigurði Rúnari Sigurjónssyni og Hjálmar Jónssyni farið upp í Hallgrímskirkju, einhvern tíma á bilinu kl. 13–15. Þau hefðu verið fjögur á þessum fundi, hann og Sigrún Pálína, Karl og Hjálmar. Sérstaklega aðspurður hvort Sigurður Rúnar hefði verið með á fundinum á laugardeginum svaraði Alfred því neitandi. Þau fjögur hefðu verið langt fram á kvöld á fundinum, til kl. 10 eða 11 um kvöldið. Ekkert matarhlé hefði verið tekið. Það hefðu þó verið tekin hlé vegna þess að þeir Karl og Hjálmar hefðu farið afsíðis inn á aðra skrifstofu annað slagíð og rætt saman. Þá hefðu þeir sagst hafa rætt við biskup. Biskup hefði brugðist illa við, sagst „ekki vilja neinar sættir eða nokkurn skapaðan hlut“. Að

loknum fundi hefðu þau verið „high“ af því að þeir hefðu tekið vel á móti þeim: „... okkur fannst þeim þykja vænt um okkur, að þeir vildu virkilega hjálpa okkur, gera allt fyrir okkur sem þeir gátu. Þetta endaði með því að þeir buðu okkur að koma inn í kirkjuskip og hvort að þeir ættu að blessa Sigrúnu Pálinu og fjölskyldu hennar. Það var gert og Sigrún Pálína sagði eitthvað við mig á þá leið: „Loksins vill einhver hjálpa mér, einhver gera eitthvað fyrir mig.““

Þessu næst greindi Alfred frá heimsókn Hjálmars Jónssonar til þeirra hjóna daginn eftir, þ.e. sunnudaginn 3. mars. Hann hefði bara birst á „þröskuldinum“ og ekki hringt á undan sér „... hann birtist bara og vildi fá að koma inn og blessa okkur, ekki að mig minnir til þess að athuga með okkur og hvernig okkur liði. Hann vildi bara fá að koma inn til þess að fara með bæn með okkur og blessa okkur.“ Heimsókn Hjálmars hefði varað stutt. Um eða upp úr hádegi hefðu þau farið aftur í Hallgrímskirkju. Þá hefði verið byrjað að ræða efni yfirlýsingar. Þeir Karl og Hjálmar hefðu sagt að þeir hefðu haft samband við biskup, þeir hefðu ekkert ráðið við hann „og það væri engu tauti við hann að koma því að hann vildi alls ekki koma fram með neina afsökun eða nokkurn skapaðan hlut“. Sérstaklega aðspurður hvort þeir hefðu sagt þetta strax á fundinum svaraði Alfred því játandi:

Já, þeir voru reyndar búnir að segja það daginn áður að þeir réðu ekkert við Ólaf. Við Sigrún Pálinu byrjum að reyna að setja saman einhvern texta þar sem var m.a. í textanum, að ég man, að hún drægi umfjöllun málsins til baka eða hætti umfjöllun málsins, en hún segði sannleikann og sannleikann drægi hún aldrei til baka. Þegar við vorum orðin sáttt við þennan texta eins og hann leit út þá tekur Karl það blað, sem var handskrifað, fer með það á einhverja aðra skrifstofu þar sem hann var með tölvu og prentara og hreinskrifar þetta, prentar það út og kemur með það og leggur á borðið fyrir Sigrúnu Pálinu og biður hana um að skrifa undir. Nema hann þekkti greinilega ekki Sigrúnu Pálinu, því að hún skrifar ekki undir neitt án þess að lesa það. Við lásum textann í gegn og hún sagði að þetta gæti hún ekki skrifað undir. Karl spyr: „Hvers vegna?“ og hún segir: „Ja, þú ert búinn að taka út úr þessu að ég segi sannleikann og sannleikann dragi ég ekki til baka“, það sé ekki með í textanum og hún neiti að skrifa undir. Ég man það eins og það hefði gerst í gær að Karl tók blaðið, braut það saman og setti það í jakkann hjá sér. Það var greinilegt af því hvernig hann bar sig að hann var að láta þetta hverfa.

Sérstaklega aðspurður hvort einhver vafi væri í huga hans um að atburðarásin hefði verið með þessum hætti svaraði Alfred: „Ekki til vafi. Ég man það eins og það hefði gerst í gær hvernig hann hrifsaði blaðið af borðinu og setti það í vasann og fór með okkar texta skrifaðan með sér.“

Aðspurður tók Alfred fram að hann myndi ekki annað en að Hjálmar hefði einnig verið á fundinum á þessum tíma, en þó væri hann í „smá

vafa“ um það. Ekki hefðu verið útbúin fleiri eintök af yfirlýsingunni. Sigrún Pálína hefði skrifað hana niður á tölvu sína eftir að þau komu heim og þá textann eins og hann leit út eftir að Karl hefði breytt honum. Fundinum hefði þarna lokið og þau hjón „[gjörsamlega brotnað niður]“: „Við löbbum út, kveðjum þá, þeir fara með okkur fram í anddyri og við kveðjumst þar og Karl segir eitthvað á þá leið við Sigrúnu Pálínu: „Hvað með fjölskylduna þína? Hvað með sjúka móður þína? ... Þá byrjuðu hjól að snúast, inni í mér sérstaklega, hvaðan hefur Karl það að móðir Sigrúnar Pálínu var sjúk, að hún var sjúklingur?“ Aðspurður hvort Hjálmar hefði sagt eitthvað á sama tíma svaraði Alfred því neitandi. Undir Alfred var þá borin sú frásögn Sigrúnar Pálínu að Hjálmar hefði á þessum tímapunkti í lok fundarins jafnframt spurt: „Hvað með börnin þín?“ Um það svaraði Alfred því til að hann hefði staðið í þeirri meiningu að Karl hefði sagt hvort tveggja. Hitt megi hins vegar vel vera rétt: „Sigrún Pálína er alveg ótrúlega góð við það að muna hluti, hvernig hlutirnir fóru fram og hvað var sagt, hún er eins og diktafónn.“

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni greindi Dagbjört Guðmundsdóttir frá því að Sigrún Pálína hefði verið búin að eiga fund með Karli og Hjálmari þegar til tals kom að hún myndi líka eiga fund með þeim. Hefði hún ekki vitað ástæðuna fyrir þessum fundi. Það hefðu verið mikil læti heima hjá henni þannig að hún hefði farið þarna á fund og hún hefði verið farin að skynja að hún væri komin út í horn og vildi bara frið og vildi hætta þessu. Hún hefði verið hrædd við að þurfa að leggja út í lögfræðikostnað og hefði viljað komast út úr þessu máli. Hún hefði bara viljað hætta.

Dagbjört greindi frá því að fundurinn hefði farið fram á skrifstofu Karls í Hallgrímskirkju. Á fundinum hefði Karl lagt „mikinn metnað í að þessu máli yrði bara lokið“. Hann hefði verið með „tillögur að bréfi“, en aðspurð kvaðst Dagbjört ekki eiga afrit af því. Í bréfinu hefði því verið lýst að þau hjónin væru að ná sáttum við Þjóðkirkjuna og að þau væru að draga sögu sína til baka. Þau hefðu ekki getað sætt sig við það, þannig að þau hefðu farið heim og Ómar skrifað annað bréf. Þau hefðu séð að þau réðu ekki við þetta og enginn hefði viljað trúa þeim. Á þessum tímapunkti hefðu þau því eingöngu verið farin að hugsa um börnin sín og að þau hefðu viljað fá líf sitt aftur. Eftir að þau höfðu skrifað bréf í formi yfirlýsingar hefði Ómar farið með það upp í Hallgrímskirkju. Hann hefði gengið inn og sest á fremsta bekk í kirkjunni. Ómar hefði grátið og Karl komið til hans. Ómar hefði náð að stynja upp: „Hvernig getur sannleikurinn snúist svona í höndunum á okkur, hvernig getið ...“ Karl hefði ekki getað veitt honum huggun, hann hefði ekki getað klappað honum á öxlina, hann hefði ekki fengið neina sáluhjálp. Karl hefði látið Ómar ganga

út úr kirkjunni, hann hefði ekki haft neina hugmynd um í hvaða ástandi geðheilsa þessa manns væri. Hann hefði ekki einu sinni hringt í hana til þess að segja henni hvað þáverandi eiginmaður hennar hefði verið langt niðri þegar hann yfirgaf kirkjuna. Henni hefði hins vegar fundist Hjálmar vera góður, fundist hann standa upp úr. Hann hefði engu að síður aldrei sagst trúa henni.

Dagbjört óskaði eftir því að koma að nýju fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Greindi hún þá að nýju frá aðdraganda þess að hún hefði óskað eftir því að ræða við Karl Sigurbjörnsson í símtali að kvöldi laugardagsins 2. mars 1996. Málið hefði þá verið orðið „hreint helvíti“ vegna mikillar fjölmiðlaumfjöllunar og opinberrar framgöngu biskups. Tók hún skýrt fram að Karl hefði á umræddum fundi verið tilbúinn með „sáttabréf“ sem þau hjónin hefðu ekki viljað skrifa undir. Ítrekaði hún að það hefði ekki verið yfirlýsingin sem þau hjón hefðu síðar gefið út opinberlega. Fundurinn hefði verið „rosalega erfiður“ og hún grátið mikið. Þau hjónin hefðu komið bæði „niðurbrotin inn á fundinn“. Kvaðst hún aðspurð aðeins hafa hitt Karl einu sinni, en að Ómar, eiginmaður hennar, hefði síðan hitt hann aftur. Dagbjört tók fram að hún teldi ekki að Karl eða Hjálmar hefðu gert mistök með sáttafundinum: „Ég held að bæði Karl og Hjálmar hafi bara virkilega fundið til með okkur. Þetta er ekkert þeir tveir, þetta er kirkjan í heild sinni.“

Ómar Sigurbergsson, fyrrverandi eiginmaður Dagbjartar Guðmundsdóttur, var fyrir rannsóknarnefndinni beðinn um að lýsa aðdraganda þess að hann og Dagbjört fóru á fund Karls Sigurbjörnssonar og Hjálmars Jónssonar í Hallgrímskirkju í upphafi marsmánaðar 1996. Taldi hann sig muna að þau hjónin hefðu haft samband við Karl og tekið fram að þau vildu ræða við hann um hvernig þau gætu „hreinlega komist út úr þessu máli, losað okkur undan þessu fári öllu saman“. Þau hefðu farið á fundinn í Hallgrímskirkju og hefðu Karl og Hjálmar þá verið með „með tilbúið bréf, yfirlýsingu, þar sem hreinlega sko í grunninn var búið að segja að við værum að ljúga þessu öllu saman, þetta var svolítið tvírætt en það var hægt að lesa út úr bréfinu að þetta væri bara uppspuni nánast eða eitthvað svona fært í stílinn. ... Nú man ég ekkert hvað stóð í því nákvæmlega nema að stóð í því að við drægjum orð okkar til baka sem að fyrir mér þýddi bara að einhvern veginn gufaði þetta bara upp eins og við hefðum aldrei sagt neitt eða að þetta væri lygi og við gátum einhvern veginn ekki sætt okkur við það orðalag af því að eins og ég skildi bréfið þá var það þannig að það var bara eins og við værum að lýsa því yfir að við værum að segja ósatt.“

Ómar ítrekaði á fundi sínum með rannsóknarnefndinni að áður en að fundinum í Hallgrímskirkju kom hefðu þau hjónin verið búin að taka

ákvörðun um að draga sig út úr málinu. Aðspurður hvort framganga Karls og Hjálmars á fundinum hefði ýtt sérstaklega undir það svaraði Ómar því til að í minningunni væri það ekki svo.

Hjónin Sigurður Þór Salvarsson og Guðrún Alda Harðardóttir eru vinahjón Sigrúnar Pálínu og Alfreds. Aðspurður um samskipti þeirra hjóna við Sigrúnu Pálínu og Alfred helgina 2. og 3. mars 1996 tók Sigurður Þór fram að hann og Guðrún Alda hefðu komið heim til þeirra hjóna um hádegið eða upp úr hádegi laugardaginn 2. mars til að annast um börn þeirra. Sigrún Pálína og Alfred hefðu síðan komið heim „seint um kvöldið“, milli kl. 22 og 23, eftir fyrsta fund þeirra með Karli Sigurbjörnssyni og Hjálmari Jónssyni í Hallgrímskirkju. Aðspurður um viðhorf þeirra til þess sem gerst hafði á fundinum skýrði Sigurður Þór svo frá:

Ég man gjörla eftir því að þau voru, miðað við hvernig allt var búið að vera þarna á undan, þá voru þau miklu bjartsýnni og léttara yfir þeim vegna þess að það mátti skilja það á þeim að á þessum fyrsta fundi hefði skyndilega opnast einhver leið að leysa þetta mál með einhverjum hætti. Þau voru allavega komin með þarna tvo sterka bandamenn innan kirkjunnar sem að tryðu hennar frásögn í einu og öllu, höfðu sagst gera það, og að hún upplifði það þannig að þeir ætluðu sér að styðja hana í þessari baráttu hennar í því að fá að segja sinn sannleika um það hvað hefði gerst þarna 1978.

Fram hefði komið hjá þeim Sigrúnu Pálínu og Alfred að þau hefðu aðeins rætt við Hjálmar og Karl og ekki hefði verið haft samband við biskup. Á sunnudeginum hefðu þau Sigurður Þór og Guðrún Alda verið í símasambandi við hjónin. Þau hefðu síðan fengið símtal frá Sigrúnu Pálínu seint á sunnudagskvöldinu, milli kl. 23 og miðnættis, og hún hefði þá verið „algjörlega niðurbrotin“. Þau hefðu þá farið beint heim til þeirra. Um atburðarás og stöðu mála þá skýrði Sigurður Þór svo frá :

Þá auðvitað lýsir hún því bara hvernig þetta hafi gengið fyrir sig, að þau hafi verið þarna á linnulitlum fundum frá því þarna upp úr hádegi á sunnudeginum minnir mig og þarna fram á kvöld, ýmist í einhverjum viðræðum við Karl og Hjálmar, þau hafi mikið beðið og mikið grátið og allt það, en það hafi síðan verið að vinna að gerð einhvers bréfs sem átti að vera einhvers konar lausn í málinu eða einhvers konar sáttagjörð í málinu, en síðan hafi það gerst í lokin að þegar þau hafi verið búin að skrifa þetta bréf að mestu leyti ... svo veit ég ekkert hvort að bréfið var borið símleiðis undir Ólaf eða hvort það var farið með það til hans, það veit ég ekki, en allavega kom Ólafur á einhverjum stigum að gerð þessa bréfs eða hann vissi af innihaldi þessa bréfs og neitaði algjörlega að skrifa undir neitt sem hún sagði. ... Eins og mig minnir að þetta hafi verið þá var bara verið að handskrifa þetta frá setningu til setningar og verið að móta orðalag í þessu bréfi smátt og smátt, þetta tók langan tíma, og síðan þegar það hafi verið komið einhver útgáfa sem að þau gátu sætt sig við og greinilegt að Karl og Hjálmar höfðu talið hana líka ásættanlega, þá hafi það verið á því stigi borið undir Ólaf

sem hafi síðan algjörlega hafnað því að skrifa nokkuð undir þetta bréf sem þau væru að vinna að. Þá hafi þeir lagt áherslu á það samt sem áður að það yrði að reyna að fá einhvern botn í málið þó svo að Ólafur vildi ekki skrifa undir og að endingu hafi Karl farið með þetta bréf til þess að slá það inn í tölvu og prenta það út og þegar að sú útgáfa kom fyrir sjónir Sigrúnar Pálínu þá hafi hún strax tekið eftir því að mjög mikilvæg setning þar sem hún lýsir því yfir að hún dragi til baka ásakanir sínar á hendur biskupi í þessu máli, en dragi ekki sannleikann til baka, hún standi algjörlega við það eftir sem áður að hún hafi og sé að segja sannleikann, sú setning hafi verið horfin. Við það hafi þessi fundur nánast leyst upp vegna þess að þau hafi sagt það að þau gætu aldrei skrifað undir þetta og þar með lauk þessum fundi.

Aðspurður hvort Sigrún Pálína hefði þetta kvöld lýst því hvað hefði þá orðið um yfirlýsinguna sjálfa svaraði Sigurður Þór því einu til að þau hefðu ekki haft eintak af henni undir höndum, hvorki þessa handskrifuðu né útprentað eintak. Sérstaklega aðspurður kvað Sigurður Þór það vera „alveg á hreinu“ að Sigrún Pálína hefði lýst því þannig á sunnudagskvöldinu að texta yfirlýsingarinnar hefði verið breytt. Kvaðst hann hins vegar ekki geta staðfest að hafa heyrt þetta kvöld að Karl hefði tekið yfirlýsinguna, brotið hana saman og sett í jakkavasa sinn eins og Sigrún Pálína hafði lýst. Það hefði hins vegar valdið henni „miklum sársauka og vonbrigðum þegar“ sr. Karl heldur en Hjálmar hafi nefnt eitthvað um veikindi mömmu hennar og börnin hennar og svona verið að draga það inn í þetta mál“. Sigurður Þór taldi það „alveg 100%“ að Sigrún Pálína hefði nefnt þetta þá um kvöldið við hann og Guðrúnu Öldu. Þá kvaðst hann telja sig muna að Sigrún Pálína hefði sagt að Karl og Hjálmar hefðu báðir verið viðstaddir fundinn „allan tímann eða nánast allan tímann“. Hún hefði jafnframt sagt að þeir hefðu farið inn á „einhverja aðra skrifstofu og talað í síma eða verið að tala saman eða eitthvað“.

Frásögn Guðrúnar Öldu Harðardóttur fyrir rannsóknarnefndinni af málsatvikum þá tvo daga sem hér um ræðir var í flestum meginatriðum samhljóða frásögn Sigurðar Þórs. Um heimkomu Sigrúnar Pálínu og Alfreds á laugardagskvöldinu tók Guðrún Alda eftirfarandi fram:

Þegar þau koma heim þá er mín upplifun, nú lýsi ég bara minni upplifun og ég skráði hana og hér er ég með sem ég hef sett í opinbert bréf til presta mína upplifun á þessum atburðum. Mín upplifun var sú að þau komu í alsælúvímu, loksins ætlaði einhver að hjálpa þeim og þau voru nánast ekki í eðlilegu ástandi, bara „það er svo dásamlegt“ og „veistu hvað“. Og ég var allt svona efins: „Hvað er búið að gera við ykkur?“ „Þetta er svo dásamlegt og við fórum meira að segja upp að altari.“ Þau lýstu atburðunum og mér fannst, af því að ég veit að Sigrún Pálína er og var mjög trúuð, mér fannst þarna verið að misnota trúna, nota trúna í ákveðnum tilgangi. Þannig að þarna voru þau mjög jákvæð, það var bara „loksins, loksins væri einhver sem vildi hlusta“ og ég viðurkenni að ég var ekki alveg tilbúin að kaupa þetta.

Í viðtalinu lýsti Guðrún Alda símtölum sem hún kvaðst hafa fengið „í þessu ferli“ frá sr. Ragnari Fjalari Lárussyni og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni, en hún hefði ekki þekkt þá neitt. Þeir hefðu, að því er hún taldi, hringt í hana sama daginn. Þeir hefðu báðir kynnt sig. Ragnar Fjalari hefði spurt hana hvort hún þekkti Sigrúnu Pálínu og kvaðst hún hafa staðfest það. Þá hefði hann spurt hana hvort það væri eitthvað sem hún „vissi sem hann vissi ekki“? Þegar hún svaraði engu hefði hann þakkað fyrir og kvatt. Vigfús Þór hefði spjallað aðeins meira. Hann hefði spurt að því sama og sagt að þetta væri „nú svona“, það mætti ekki „orðið nokkurn skapaðan hlut í dag, maður [mætti] ekki faðma neinn án þess að það [væri] eitthvað mistúlkað“. Hún hefði skrifað um þessi símtöl í grein sem hefði birst í *Morgunblaðinu* 23. apríl 1996, en hún sé ekki alveg með það á hreinu hvort þessi símtöl hefðu farið fram fyrir eða eftir helgina 2. og 3. mars 1996 þegar fundirnir í Hallgrímskirkju voru haldnir.

Sérstaklega aðspurð um frásögn Sigrúnar Pálínu á sunnudagskvöldinu tók Guðrún Alda eftirfarandi fram:

Ég held að það hafi verið Karl Sigurbjörnsson, hann sagði: „Er móðir þín ekki svo veik?“ Það var í lokin. Síðan með bréfið, það var náttúrulega aðalbrotið, niðurbrotið, að þegar það var búið að funda og ræða og ræða og reyna að koma saman einhverri setningu sem allir væru sáttir við að síðan, þegar það var komin einhver niðurstaða á blaðið, fór Karl með þetta og hreinskrifaði það, hún sagði ekkert með tölvu eða neitt svoleiðis þá, hún sagði bara hreinskrifaði það, og þá vantaði setninguna. Síðan þarna í lokin hafi þeir báðir sagt sem sagt ... annar sagði sem sagt þetta: „Er móðir þín ekki svo veik?“ og ég man ekki hvað Hjálmar sagði.

Sigurður Rúnar Sigurjónsson greindi svo frá í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni að Sigrún Pálína, sem væri fósturdóttir bróður kjörföður hans, hefði fyrir umrædda helgi haft samband við hann á vinnustað hans á Alþingi. Hún hefði lýst því að hún vildi ná sátt við kirkjuna. Ákveðinn hefði verið fundur á laugardeginum, en Sigurður Rúnar kvaðst ekki muna hvenær dags, en líkast til seinni partinn. Á þeim fundi hefðu verið hann, Sigrún Pálína, Karl Sigurbjörnsson og Hjálmar Jónsson. Kvaðst hann ekki muna hvort eiginmaður Sigrúnar Pálínu hefði einnig verið á fundinum. Fundarefnið hefði borið á góma aðeins í upphafi en í minningunni hefðu þetta meira verið „einhverjar trúarlegar athafnir þarna upp við altarið þar sem þau voru að biðja saman ...“. Sigrún Pálína hefði nálgast málið á fundinum þannig að „ná yrði einhvers konar lendingu, að ná einhvers konar sátt, fá afsökunarbeiðni og þannig ljúka málinu með einhverjum hætti“. Eftir þennan fund, sem hefði staðið í „svona 40 mínútur til klukkutíma“ hefði Sigrún Pálína „verið svona

sæmilega sátt, bara beðið eftir næsta fundi“. Þann fund hefði Sigurður Rúnar ekki sótt, en hann taldi að hann hefði setið allan fundinn á laugardeginum. Fundarefnið hefði borið „á góma í upphafi“. Síðan hefði hann verið „meira svona ... einhverjar trúarlegar athafnir þarna upp við altarið þar sem þau voru að biðja saman ... og svona sem fyrri hálfleikur þá [hafi þetta getað] allt verið ósköp eðlilegt ef málið fengi síðan framgang og einhverja afgreiðslu í seinni hálfleik“.

Karl Sigurbjörnsson lýsti á fundi með rannsóknarnefndinni miðvikudaginn 19. janúar 2011 aðdraganda þess að umræddir fundir í Hallgrímskirkju voru haldnir. Samkvæmt þeirri frásögn hefði Hjálmar Jónsson hringt í hann laugardaginn 2. mars. Hann hefði sagst vera á fundi niðri í Alþingi með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur og starfsmanni Alþingis sem hefði verið sameiginlegur kunningi þeirra Hjálmars og Sigrúnar Pálínu. Hefði sá maður, Sigurður Rúnar, beðið Hjálmar að leita leiða til þess að hafa milligöngu um sættir í þessu svokallaða biskups máli og Hjálmar spurt Karl hvort þau mættu koma til fundar við hann. Hann hefði fallist á það eftir töluverðar fortölur að hitta þau þetta sama kvöld uppi í Hallgrímskirkju. Aðspurður kvaðst Karl ekki vita af hverju leitað hefði verið til hans. Þá kvaðst hann ekki hafa rætt við Ólaf Skúlason biskup fyrir fundinn. Spurningu um hvort hann hefði upplýsingar um að Ólafur Skúlason biskup hefði átt frumkvæði að þessum fundum svaraði Karl með eftirfarandi hætti:

Nei, það held ég alls ekki. Nei, ég upplifði það alltaf að þetta frumkvæði væri hennar [Sigrúnar Pálínu] og það sem hún sagði sjálf, hún orðaði það þannig að hún vildi losna út úr þessu máli. Það var svolítið temað hjá henni, eins og ég upplifði það, að þetta væri orðið mikið álag og mikil raun að standa í og hún vildi einhvern veginn ná sáttum við kirkjuna, sagði hún líka og við ræddum það. Ég held að Ólafur biskup hafi ekki verið neinn hvatamaður að því vegna þess að það var einhvern veginn óskin að við Hjálmar færum á hans fund með þetta erindi og hvort það væri flötur á því að málið yrði leyst í einhvers konar sátt.

Nánar aðspurður um fundinn með Sigrúnu Pálínu og eiginmanni hennar á laugardeginum tók Karl fram að þau hefðu fundað á skrifstofu hans í Hallgrímskirkju um kvöldið. Þar hefði verið fjallað um hvort það væri möguleiki á að ná sátt og þá um hvað hún ætti að snúast. Í því sambandi hefðu tvö meginatriði verið rædd, eða það hefði honum allavega fundist þá. Annars vegar að Ólafur myndi biðja hana fyrirgefningar og hins vegar að málið yrði látið niður falla og það yrði gefin út einhvers konar yfirlýsing um að þau hefðu náð niðurstöðu í málinu. Þegar hann hefði svo komið heim seinna um kvöldið, rétt fyrir miðnætti, hefði Dag-

björt Guðmundsdóttir hringt í hann, en hana hefði hann ekkert þekkt. Því hefði Sigrún Pálína væntanlega talað við hana, án þess að hann myndi það, en einhvern veginn fyndist honum það líklegt því það hefði svo sem enginn annar vitað af þessum fundi. Hún hefði beðið hann að hafa milligöngu um sættir. Henni hefði verið mikið niðri fyrir og orðað það þannig að hún vildi losna út úr þessu. Hann hefði því lofað að hitta hana daginn eftir.

Nánar aðspurður hvernig fundurinn með Sigrúnu Pálínu á laugardeginum hefði farið fram kvaðst Karl muna það „óljóst“. Hann myndi bara að þau hefðu setið inni á kontórnum og spjallað saman. Hún hefði sagt sögu sína, lýst reynslu sinni og vanlíðan. Hann myndi nú „ekkert svo glöggt í rauninni“. Aðspurður hvort hann hefði útbúið drög að yfirlýsingu fyrir fundinn svaraði hann því neitandi. „Ég man ekki til þess að það hafi verið, ekki á því stigi, en það getur vel verið að það hafi verið eitthvað, allavega þessi megintemu. Já, það er hugsanlegt að það hafi verið eitthvað svoliðis, en það var samt síðast þegar við erum að undirbúa för okkar til Ólafs sem við settum upp drög að svona yfirlýsingu.“ Eitthvað hefði kannski verið „nóterað, einhver temu, en það var ekkert þá“. Hann hefði ekki borið fram neinar tillögur. Fundurinn hefði svo endað með því að þau hefðu beðið saman. Þá tók Karl eftirfarandi fram: „... ég verð að segja eins og er, ég hafði voðalega ósköp litla trú á þessu þarna. ... Á að það væri einhver svona sáttaflötur í þessu máli, en hún lagði mikla áherslu á að þetta yrði reynt. Þannig að ég upplifði það að ég væri að ganga hennar erinda fyrir Ólaf en ekki öfugt. Og ég man að það orkaði mjög sterkt á mig að henni liði mjög illa. Hún væri mjög ... eða hefði orðið fyrir eða upplifði mikið áreiti í kringum allt þetta mál. Þetta var náttúrlega búið að geisa þarna í öllum fjölmiðlum og alls staðar. Þetta var bara umræðuefni dagsins og henni fyndist þetta vera orðið of mikið.“

Þessu næst skýrði Karl svo frá að næsta skref í málinu hefði verið að þeir Hjálmar hefðu sammælt um að þeir myndu ganga á fund biskups og að þeir hefðu ætlað að ræða það nánar áður, þ.e. að tala nánar saman áður en þeir myndu hitta biskup og þá um hvað yrði þar á dagskrá. Líklegt væri að þeir hefðu hringt í Ólaf biskup í hádeginu á sunnudeginum og óskað eftir að fá að hitta hann síðar þann dag, það þætti honum líklegt. Það hefði ekki verið gert á laugardagskvöldinu. Aðspurður neitaði hann að hafa átt fundi með öðrum um biskupsmálið þarna um helgina. Dagskrá helgarinnar hefði verið mjög þétt. Hann sæi að hann hefði skráð að hann hefði farið í Hallgrímskirkju eftir kvöldmatinn á laugardag. Þeir hefðu hitt Dagbjörtu kl. 13:00 á sunnudeginum. Hann hefði verið að messa þá um morguninn og annast skírnarathöfn kl. 15. Svo hefði hann

hitt Sigrúnu Pálinu aftur kl. 17:00 á sunnudeginum samkvæmt vasa-bókinni og Ólaf biskup kl. 18:00 sama dag.

Karl bar að á fundinum með Dagbjörtu og eiginmanni hennar á sunnudeginum hefði hún sagt sína sögu og sagt frá samskiptum sínum og Ólafs Skúlasonar sem hefðu átt sér stað fyrir mörgum árum úti í Kaupmannahöfn. Kvaðst hann muna að sú frásögn hefði einhvern veginn slegið sig mjög. Honum hefði fundist að hún ætti áreiðanlega við rök að styðjast.

Aðspurður svaraði Karl því til að skrifleg drög að yfirlýsingu hefðu ekki legið fyrir á fundinum með Dagbjörtu. Undir Karl var þá borinn sá framburður Dagbjartar að þegar hún hefði mætt ásamt Ómari, eiginmanni sínum, á fund þeirra Hjálmars hefði legið fyrir texti sem þau hefðu lesið. Um þetta sagði Karl: „Það gæti hafa verið þá eitthvað af því sem að ... já, ég man nú ekki eftir þessu. Það gætu verið þá þessir punktar sem við höfðum skrifað þarna á fundinum með Sigrúnu Pálinu. Ég er ekki alveg með það á hreinu.“ Aðspurður um hvort þessir „punktar“ séu til svaraði Karl. „Ja, kannski... nei, ég held ekki, ég veit ekki til þess.“

Aðspurður hvernig fundurinn með Dagbjörtu hefði farið fram og honum lyktað svaraði Karl að það hefði bara verið samtál á milli þeirra og að eiginmaður Dagbjartar hefði verið á fundinum. Þau hefðu rætt þetta og það hefði verið ósk hennar að ná sáttum, losna út úr málinu og láta málið niður falla. Þeir Hjálmar hefðu þannig samþykkt að ganga á fund Ólafs með þá ósk hennar.

Nánnar aðspurður um fund þeirra Karls og Hjálmars með Sigrúnu Pálinu á sunnudeginum 3. mars 1996 kvað Karl hann hafa farið fram um „fimmleytið, eitthvað svoleiðis“. Þá hefðu þau Sigrún Pálína rætt um hvað þeir Hjálmar færu með á fund Ólafs í sambandi við þessa málaleitan og að samkomulag næðist um einhvers konar yfirlýsingu. Þeir Hjálmar hefðu undirbúið drög að yfirlýsingu fyrir þann fund. Afrit af henni væri ekki til í hans fórum, hann hefði ekki fundið það. Aðspurður hvert hefði verið efni yfirlýsingarinnar kvaðst Karl ekki muna það svo glögg. Hann myndi þó að þegar þeir Hjálmar hefðu komið á fund Ólafs biskups með hana þá hefði hann brugðist mjög illa við. Það hefði ekki komið til mála að hann bæðist fyrirgefningar eða afsökunar á einu eða neinu og eins að hann setti fram þá kröfu að ásakanir á hendur honum yrðu láttnar niður falla, þ.e. að Sigrún Pálína myndi falla frá ásökunum í hans garð.

Sérstaklega aðspurður hvort fundi þeirra Hjálmars með Sigrúnu Pálinu hefði lyktað þannig að þau hefðu öll verið sammála um textann sem borinn var undir biskup svaraði Karl: „Já, ég upplifði það þannig því að ég hefði ekkert farið að fara með einhvern texta til Ólafs sem hún væri ósammála.“ Aðspurður hvernig fundinum með biskupi lyktaði svaraði

Karl: „Ja, hann setti þau skilyrði, hann orðaði það einhvern veginn þannig að hann sem sagt ætti kröfu á hendur þessum konum um að þær bæðu sig afsökunar og hann hefði í hyggju að lögsækja þær fyrir meiðyrði.“

Karl bar að eftir fundinn með biskupi hefði hann hitt Sigrúnu Pálinu og Alfred Wolfgang aftur og borið þeim tíðindi af fundinum. Fundurinn með þeim hjónum hefði byrjað „upp úr átta eða eitthvað svoleiðis“. Hjálmar hefði ekki verið á þeim fundi, aðeins þau þrjú, Karl, Sigrún Pálinu og Alfred Wolfgang. Aðspurður skýrði Karl svo frá að eftir fundinn hefðu ekki verið lögð fram ný drög að yfirlýsingu: „Nei, það var ekkert. Við breyttum engu í sambandi við það eftir það. Við upplifðum það eftir að við gengum út frá Ólafi að þetta væri búið mál, það væri ekki um neitt svona að ræða. ... það var þannig að í Hallgrímskirkju á þessum tíma var ein tölva og það var bara garmurinn minn inni á minni skrifstofu, þar var tölva og prentari og það var ekkert um það að ræða að fara út og skrifa neitt á bak við þau.“ Á fundinum hefðu þau Karl og Sigrún Pálinu rætt þetta fram og aftur, en þau hefðu verið mjög ósátt við þessi málalok. Þau hefðu í rauninni öll verið það. Þau hefðu verið búin að eyða töluverðum tíma í að reyna þetta og honum hefði fundist mjög óþægilegt að ganga á fund biskups með þetta. Það hefði ekki verið nein óskastaða.

Karl Sigurbjörnsson kom að nýju fyrir hjá rannsóknarnefnd kirkjuþings 30. mars 2011. Afhenti hann nefndinni afrit úr vasadagbók sinni fyrir marsmánuð 1996 og einnig færslu úr dagbók hans sem skráð er „4. mars“ sem nánar verður rakin hér síðar. Undir hann var borinn framburður Sigrúnar Pálinu, Alfreds Wolfgangs, Guðrúnar Öldu, Sigurðar Þórs, Hjálmars og Sigurðar Rúnars.

Aðspurður kvaðst Karl ekki muna eftir því að Sigurður Rúnar hefði verið á fundinum á laugardagskvöldinu. Því næst var Karl sérstaklega beðinn um að rekja samskipti sín við Ólaf Skúlason biskup frá því að Hjálmar óskaði eftir aðkomu hans að málinu og þar til því hefði lokið að kvöldi sunnudags. Karl greindi frá því að hann hefði haft samband við biskup símleiðis um hádegisbilið á sunnudeginum, en það hefði verið fyrstu munnlegu samskipti hans og biskups af þessu tilefni. Í því samtali hefði komið fram ósk þeirra Hjálmars Jónssonar um að fá að hitta hann sem þeir hefðu gert um kl. 18.00 á sunnudeginum. Karl og biskup hefðu ekki talað meira saman símleiðis fram að fundinum. Karl vísaði í vasadagbók sína um að þeir hefðu hitt Dagbjörtu Guðmundsdóttir um kl. 17.00. Kvaðst hann sérstaklega aðspurður ekki muna til þess að hann hefði hitt Sigrúnu Pálinu aftur þennan dag fyrr en að loknum fundi með biskupi um kvöldið. Sérstaklega aðspurður um hvenær yfirlýsingin sem samþykkt hefði verið að fara með á fundinn með biskupi hefði þá verið samin svaraði Karl að það hlyti að hafa verið á laugardagskvöldinu.

Undir Karl var borin frásögn Sigrúnar Pálinu og Alfreds um að Karl hefði breytt texta að yfirlýsingu sem samþykktur hefði verið. Svaraði hann því til að hann kannaðist ekki við þessa lýsingu. Hanni hefði prentað yfirlýsinguna út á prentara sem hefði verið inni á skrifstofu hans og hann hefði því ekki getað breytt neinu. Kvaðst hann ekki vita hvað hefði orðið um yfirlýsinguna, hann hefði ekki geymt eintak fyrir sig. Um væntingar hans þegar til fundar með biskupi kom, og þá hvort ætlunin hefði verið að ná fram tvíþættu markmiði sátttaferlisins um afsökunarbeiðni biskups og þá að málið yrði látið niður falla af hálfu Sigrúnar Pálinu, svaraði Karl:

Já, það var mín upplifun. Okkur fannst að það væri í rauninni að Ólafur hefði mætt þessu öllu með mikilli hörku og einhvern veginn vildum við, og töldum við, að það væri einhver leið í því að hann sýndi einhverja auðmýkt gagnvart þessum ásökunum og bæðist afsökunar eða fyrirgefningar á því að hafa gengið á einhvern hlut á einhvern hátt, farið yfir einhver mörk, án þess að það væri frekar skilgreint um það, í hverju það hefði verið því að um það lék vafi alltaf. Þannig að það var einhvern veginn í okkar huga, að það væri leiðin ef að það ætti að verða einhver lausn á þessu máli því að það virtist ekki vera sem að hér væri um lögreglumál að ræða, það væri fyrnt að því leyti til.

Um þá frásögn Sigrúnar Pálinu og Alfreds að við lok síðari fundarins á sunnudeginum hefðu Karl og Hjálmar viðhaft ummæli er lutu að börnum hennar og sjúkri móður svaraði Karl:

Ég hafna þessu algjörlega, en ég man hins vegar eftir því að í þessum umræðum þá kom oft fram þetta tema, þ.e. þjáning fjölskyldunnar yfir allri þessari ólgu og orrahrið sem var í gangi, og það var aftur og aftur talað um það. ... ég hafna því algjörlega að ég hafi verið að beita einhverjum svona tilfinningalegum þrýstingi með því að draga börn og einhverja sjúka móður inn í þetta. Það er algjörlega fráleitt.

Þessu næst var Karl spurður út í samhengi þess að hann hefði sem kirkjuráðsmaður tekið þátt í að semja og samþykkja yfirlýsingu kirkjuráðs 1. mars 1996, sem nánar er rakin í kafla 9 hér að framan, en síðar daginn eftir, 2. mars s.á., tekið að sér að miðla málum á milli Sigrúnar Pálinu og biskups. Aðspurður hvort það hefðu verið mistök að fallast á að taka að sér þetta hlutverk í ljósi yfirlýsingar hans sem kirkjuráðsmanns deginum áður svaraði Karl:

Það má segja að það hafi verið mistök út af fyrir sig að láta draga sig inn í þetta. ... ég einhvern veginn hugsaði nú aldrei um það út af fyrir sig. Nei nei, að hafa dregist inn í þessa orrahrið og það sem á eftir hefur komið því að einhvern veginn upplifði ég það þannig að þetta væri þá partur í því að hafa einhverja milli-

göngu eða aðstoð um að Ólafur gæti leyst þetta mál sem að var öllum til mikils skaða og sorgar eins og náttúrlega kemur fram í yfirlýsingunni og náttúrlega ekki síður konunum sjálfum.

Karl svaraði því játandi að hann hefði litið svo að það hefði verið liður í almennu sáttamiðlunar- og sálusorgunarhlutverki prests þegar hann var fenginn til þess að ræða við Sigrúnu Pálínu helgina 2. og 3. mars 1996. Þetta mál hefði hins vegar verið „gjörsamlega óhefðbundið, svona mál höfum við aldrei staðið í þannig að þetta var í rauninni engu líkt að neinu leyti, aldeilis ekki“. Það hefði hins vegar aldrei hvarflað að honum að Hjálmar og Sigrún Pálína hefðu ekki gert sér grein fyrir hlutverki hans sem kirkjuráðsmanns. Honum þætti það „mjög sérkennilegt“ ef Hjálmar hefði ekki vitað af þessari stöðu hans.

Áður er rakið að Karl lagði fram ljósrit úr dagbók sinni frá árinu 1996, merkt skráð „4. mars“, þar sem meðal annars er vikið að atburðum ofangreinda helgi með eftirfarandi hætti:

Á laugardagskvöld hringdi sr. Hjálmar í mig. Sagðist vera á fundi með ... Sigrúnu Pálínu sem fyrst lagði fram kæruna. Vildi [Hjálmar] reyna að koma á sáttum og bað mig ásjár. Við sátum svo á fundi með henni og manni hennar fram á kvöld. Hún vildi ná sáttum og efst í huga að ná sáttum við kirkjuna. Við báðum með þeim inn í kirkju og það var góð stund ... Um miðnætti hringdi svo Dagbjört Guðmundsdóttir ... önnur kona sem hefur komið fram með ásakanir á hendur [Ólafi Skúlasyni]. Ég hitti hana og Ómar mann hennar ásamt [Hjálmari Jónssyni] eftir hádegi. Ég get ekki rengt sögu hennar. Síðan fórum við [Hjálmar] til biskups og spurðum hann hvort hann væri til í að reyna sáttaleiðina. Hann leyfði okkur að gera tilraun en aðeins á þeim forsendum að Pálína lýsti því yfir að hún drægi ásökun sína til baka. Það gerir hún ekki. Biskup ætlar í meiðyrðamál. ... Er mögulegt að biskup hreinsi sig af þessu?

Á fundi með rannsóknarnefndinni 21. mars 2011 kvaðst Hjálmar Jónsson ekki minnast þess að hafa rætt um ásakanir kvennanna við biskup áður en kom að fundunum í Hallgrímskirkju 2. og 3. mars 1996. Lýsti hann aðdraganda fundanna með eftirfarandi hætti:

Ég er ekki starfandi prestur á þessum tíma, en ég hafði fengið leyfi frá þjóðkirkjunni, ótímabundið leyfi vegna þingsetu, ég var alþingismaður um tíma. Frá því í ágúst hafði ég ekki þegið laun frá kirkjunni, þá var ég orðinn þingmaður og kem að þessu sem slíkur. Það koma ótal erindi til þingmanns, maður reynir að leysa þau. Þarna hætti ég við að fara norður í land á fund því að starfsfélagi minn, Sigurður Rúnar Sigurjónsson ritari fjárlaganefndar, sem ég hafði unnið mikið með, bæði sem varaþingmaður árið á undan og þarna intensívt síðan ég kom til þings sem aðalmaður, bar þetta mál fyrir brjósti og bað mig, ef ég gæti, að hitta Sigrúnu Pálínu ef það mætti verða til þess að hjálpa henni og koma málinu einhvern veginn í betri farveg. Ég féllst á þetta og ég hitti hana ásamt Sigurði

Rúnari niðri í Alþingi laugardaginn 2. mars, það var svona um kaffileytið. Við fórum yfir málið, hún sagði okkur frá því hvernig málið væri vaxið af hennar hálfu og ég persónulega sannfærðist um það að hún væri trúverðug og það væri ástæða til að taka það alvarlega sem hún væri að tjá sig um. Ég spurði hins vegar hvað hún héldi að það væri sem ég gæti í raun og veru gert í málinu því að ég starfaði ekki hjá kirkjunni. Við fórum yfir hvort það væri ástæða til að leita til lögreglu, hvort að málið væri í þeim farvegi, það var ekki. Það eina sem hún bað mig um og vildi að ég gerði var í fyrsta lagi að ég tryði henni og að hún gæti sem sagt treyst einhverjum sem væri málsmetandi, að einhverjir málsmetandi menn tryðu henni. Það sagðist ég gera og færi ekkert í þetta mál öðruvísi. Síðan fórum við yfir sviðið, ég segi henni að ég geti ekki gengið í einhverjar sættir við kirkjuna. Hún vildi fá sátt við kirkjuna og frið í sitt líf og fyrir sína fjölskyldu því þetta væri að verða henni ofviða, þetta mál. Ég lýsti fullum skilningi á því, þetta fór með himinskautum í þjóðfélaginu á þessum tíma. Ég held að það hafi verið margar hliðar á málinu, hún var hjá fagaðilum, Stígamótum eða Kvennaathvarfinu eða hvar það var á þessum tíma, þannig að hún hafði sína sérfræðinga líka. Það sem hún bað mig að gera var að fá að sættast við kirkjuna, eins og hún orðaði það. Ég sagði henni þetta, að ég gæti ekki gengið í það, ég væri ekki innan kirkjunnar að starfa. Við fórum yfir það hvaða prestar það væru sem að hún myndi hugsanlega geta treyst. Hún talaði reyndar ákaflega illa um tvo presta sem hún hafði hitt fyrir og hafði átt fundi með. Það voru þeir sr. Pálmi Matthíasson og sr. Vigfús Þór, þannig að ekki voru þeir inni í myndinni. Hins vegar stöðvudumst við mann í grenndinni og það var sr. Karl, sóknarprestur í Hallgrímskirkju. Henni lá afskaplega gott orð til hans og föður hans og ég treysti honum líka til góðra verka og hafði ekki annað séð til hans. Fyrir Sigrúnu Pálinu hringdi ég í sr. Karl og spurði hann hvort hann gæti hugsanlega komið til fundar við Sigrúnu Pálinu, boðið henni til fundar og talað við hana um þessi mál. Hann var frekar ófús til þess, en sagðist þó samt mundu gera það. Hún kom þarna um kvöldið og við Sigurður Rúnar fórum upp eftir og hann sat þennan fund og allt til loka þetta kvöld. Hann endaði á bænastundinni uppi við altarið þar sem við sátum. Sr. Karl fór fyrir altarið og fór með bæn og við enduðum með Faðirvorinu og ákváðum síðan að hittast daginn eftir.

Þess skal getið að í síðara viðtali Hjálmars hjá rannsóknarnefnd kirkjuþings, sem nánar verður rakið hér síðar, tók hann fram, aðspurður hvað fundurinn á laugardeginum hefði tekið langan tíma, að hann hefði byrjað ca. kl. 16.00–16.30, svo hefði hann hringt í Karl upp úr kl 17:00 en væri þó ekki viss nákvæmlega hvenær, svo hefði hann boðið þeim í kvöldmat niður í Alþingi því þau höfðu ekkert fyrir stafni meðan þau biðu eftir Karli. Eftir kvöldmat hefðu þau svo farið á fund með Karli upp í Hallgrímskirkju sem hefði verið „búinn um 22:30 eða eitthvað svoléiðis“.

Um aðdraganda fundar Hjálmars og Karls með Dagbjörtu Guðmundsdóttur sunnudaginn 3. mars 1996, greindi Hjálmar frá því að fyrir hádegi þann dag hefði Karl hringt í hann og sagst hafa fengið símtal seint um kvöldið áður, „um 23:30, minnir mig, ég þori ekki að fara með tím-ann“. Það hefði verið Dagbjört. Hún hefði viljað fá að hitta Karl sem hefði

viljað að Hjálmar væri með í því. Fundurinn hefði farið fram eftir hádegi sunnudaginn 3. mars í Hallgrímskirkju. Hún hefði þá sagt sína sögu og Hjálmari hefði fundist hún „afar trúverðug manneskja“. Aðspurður hvort drög að yfirlýsingu hefðu legið fyrir þegar til fundarins kom með Dagbjörtu svaraði Hjálmar því neitandi, ekki honum vitanlega. Hún hefði viljað komast út úr málinu og hefði sagt það oftár en einu sinni, en þeir Karl og Hjálmar hefðu ekki lagt neitt til í því sambandi. Síðan hefði Karl verið við einhver embættisstörf þarna um miðjan daginn. Svo hefðu þeir hitt Sigrúnu Pálínu að nýju og þá hefði Alfreð, hennar sambylismaður, verið með. Hann og Hjálmar hefðu verið „meira hlustendur“. Þessu næst skýrði Hjálmar svo frá:

Ég hafði sem sagt afhent málið sr. Karli og hann hafi tekið við forræði á því að reyna þessar sættir. Hún sagðist vilja sættast við kirkjuna og sr. Karl fór þá að velta því fyrir sér hvernig væri þá hægt að sættast við kirkjuna öðruvísi en að fjalla um þetta mál einhvern veginn og fá það upp, reyna að ná viðunandi lausn fyrir alla aðila til að geta haldið áfram. En það yrði þá að vera viðunandi lausn sem að fólk sætti sig við. Þá er farið í að finna einhvern texta og að sjálfsgöðu þekkja menn hvað er líklegt til þess að geta verið sáttagrundvöllur. Niðurstaðan var sú að Sigrún Pálína vildi ná sáttum við kirkjuna og tryggja að tekið yrði á svona málum með betri og öruggari og fumlausari hætti í framtíðinni. Það var hennar eindregin meining. Það lá að baki og eins það að hún hélt því mjög eindregið fram að hún og hennar fólk væri að kikna undan þessu máli. Það var nú ein ástæðan fyrir því að maður vildi halda áfram að styðja hana í þessu máli að henni leið afar illa. Síðan skrifar sr. Karl inn ákveðinn texta þegar búið er að fara yfir þetta og spjalla um það hvernig hún gæti séð hann fyrir sér og hvað hún gæti verið sátt við. Sr. Karl sagði mér það að hann hefði hringt í Ólaf biskup og spurt hvort hann væri tilbúinn að hitta okkur einhvern tíma seinni part dagsins af því að við værum á sáttafundi með Sigrúnu Pálínu sem óskaði eftir sátt. Hann var alveg tilbúinn til þess. Svo man ég ekki nákvæmlega hvenær það var, það var einhvern tímann undir kvöldið klukkan 18:00 eða 19:00 sem við hittum hann.

Nánar aðspurður hvort umrædd yfirlýsing hefði verið samin á tölvu Karls svaraði Hjálmar því játandi og tók fram að hún hefði verið prentuð út. Aðspurður hvort fundinum hefði lyktað með því að allir, þ.e.a.s. hann, Karl og Sigrún Pálína, hefðu verið sammála um texta yfirlýsingarinnar svaraði Hjálmar því játandi. Karl hefði prentað yfirlýsinguna út og farið svo fram og ljósritað hana. Sagðist Hjálmar eiga eintak af henni, en að hann hefði ekki fundið það. Aðspurður hvort hann myndi efnislega um hvað það hefði snúist svaraði Hjálmar:

Já já, ég var með þetta í vasanum, ég var svo að fara til útlanda daginn eftir á mánudagsmorgninum. Ég var bara með þetta í vasanum og var að lesa þetta þegar lítið var að gera á leiðinni þannig að ég man þetta nokkurn veginn. Sigrún Pálína segir í þessari yfirlýsingu að hún vilji ná sátt við kirkjuna og vilji mega

treysta því að með öruggari hætti verði tekið á áreitnismálum innan kirkjunnar í framtíðinni. Mér fannst þetta nú vera aðalatriðið í því. Hún sagði líka að hún vildi láta málið falla niður. Þetta var nú svo sem ekkert stór eða löng yfirlýsing. Í henni kom nefnilega ekki fram að Ólafur ætti að biðja afsökunar eins og flogið hefur fyrir. Það var ekki í þessum texta sem við lásum yfir í Hallgrímskirkju.

Sérstaklega aðspurður hvort þetta hefði verið textinn sem Sigrún Pálína hefði samþykkt svaraði Hjálmar því játandi:

Já, við fórum með hann til Ólafs, en sr. Karl var hins vegar með það með sér líka að hann myndi biðja afsökunar, þ.e.a.s. að hún félli ekki frá því að hann væri sekur í málinu og hefði gert á hluta sinn. Af því að ég man svo vel eftir því að þegar við komum ... til Ólafs þá hrópaði hann upp yfir sig í ergelsi að það væri ekki hann sem ætti að biðja afsökunar, það væri hún sem ætti að biðja hann afsökunar. Ég sá þennan texta í fárinu í haust eða sumar. Hann var frá Sigrúnu Pálínu og hann var alveg eins og ég hafði séð hann. Ég var með hann í höndunum í fyrra af því að þá fann ég hann og setti hann á einhvern öruggan stað.

Um hvort texti yfirlýsingarinnar hefði tekið breytingum eftir að hann hafði verið samþykktur af öllum viðstöddum svaraði Hjálmar:

Nei nei, engar. Hins vegar blaðið sem sr. Karl var með, eitt af þessum fjórum, það tekur hann upp hjá biskupi og hann les það yfir og hann fylltist nú óyndi nokkru út af því og hann fer eitthvað að klóra í þetta blað Ólafur. ... Hann var í miklum móð eins og segja má. Hann sagði að hún ætti að biðja sig afsökunar og hún ætti að falla frá málinu, annars myndi hann kæra hana. Það var akkúrat það, hún ætti ekkert að fara segja til um það hvernig ætti að taka á áreitnismálum í kirkjunni heldur ætti hún bara að biðja hann afsökunar á þessari áreitni við hann og málið væri þar með út úr myndinni. Hann var sem sagt í sóknarhug þarna þegar við hittum hann. Ég hafði ekki verið í sambandi við hann um eitt eða neitt þarna. En ég verð að sjá og vil fá að senda ykkur blaðið mitt. Ég einmitt undraðist hvað það var í raun og veru óljóst orðað. Það hefur ekki verið í því það sem seinna varð og ég hef svona mínar grunsemdir um hvernig stendur á því að málið hafi farið í þennan farveg.

Nánar aðspurður um hvort það hefði verið krafa Sigrúnar Pálínu í viðræðum hennar við þá Karl og Hjálmar að biskup bæðist afsökunar, annað hvort munnlega eða skriflega, svaraði Hjálmar því til að það hefði ekki verið krafa hennar að afsökunarbeiðnin kæmi fram í texta yfirlýsingarinnar. Honum hefði hins vegar fundist það vera „pínulítið á reiki“ hvort hún hefði krafist þess a.m.k. að afsökunarbeiðnin yrði sett fram munnlega af hálfu biskups. Um hvort slík krafa hefði verið sett fram í upphafi fundar hans og Karls með biskupi svaraði Hjálmar því til að Karl hefði haldið því fram en hann ræki ekki minni til þess. Það hefði einhvern veginn verið skilningurinn að hann ætti að biðjast afsökunar

og Karl hlyti „að hafa byrjað á því vegna þess að ég man svo vel eftir því þegar Ólafur biskup sagðist aldrei biðja hana afsökunar, það væri hún sem ætti að biðja sig afsökunar og var mjög eindreginn. Þannig að það er sama hvernig tillagan var, þó hún hafi verið óljóst orðuð, þó að það hafi ekki verið þessi sterki broddur í henni sem sumir telja að hefði átt að vera eða hafi verið, að þá gerir Ólafur okkur alveg afturreka með málið þannig að það kemur fyrir lítið.“

Aðspurður hvort hann hefði rætt við Sigrúnu Pálínu eða Dagbjörtu eftir þetta greindi Hjálmar frá því að daginn eftir hefði hann farið til útlanda á fund í París. Hann hefði þurft að sækja farangur sinn þannig að hann hefði ekki verið viðstaddur fundinn á sunnudagskvöldinu með Sigrúnu Pálínu í Hallgrímskirkju eftir fundinn með biskupi. Hann hefði hins vegar hringt í hana síðar um kvöldið og sagt henni hvað honum þætti leitt að ekki hefði náðst niðurstaða í málið og óskað henni velfarnaðar:

Það er nú dálítið breyttur tónn í henni þegar þarna er komið við sögu og hún segir við mig eitthvað á þá leið, og það hef ég ekki upplýst hingað til en ég geri það núna, að hún geti snúið niður hvaða prest sem er, hún sé miklu klárari en þessir prestar og hún geti alltaf snúið þá niður. Þetta sagði hún við mig einhvern tímann þarna milli klukkan 21:00 og 22:00 þarna um kvöldið. Hún var sem sagt sár og reið, heyrði ég. Ég sagði að því miður gæti ég ekki meira gert í þessu heldur en að fleyta henni áfram til kirkjunnar í von um að eitthvað gæti gerst þar, en síðan hvarf ég aftur til minna starfa til útlanda. Það er hins vegar í framhaldi af þessu þegar ég er lentur í París að þá hringir konan mín og segir að það sé komið út DV og þar sé málið algjörlega á haus. Þá er málinu gjörsamlega snúið á hvolf. Nú erum við sr. Karl allt í einu orðnir biskupsmenn sem séum að beita konurnar handaflí. Fyrir því eru m.a. bornir prestar. Blaðið kemur úr um 16 eða 18 tímum eftir að fundum okkar lauk með Sigrúnu Pálínu. Og ef að prestar vita betur en ég og sr. Karl hvað fór fram á þessum fundum þá skil ég það ekki. Þarna hafi fólk verið í einhverju sáttaferli eða í viðleitni til að hjálpa öðrum, en stéttarbræður að lýsa því yfir að eitthvað annað búi undir í málinu.

Um hvort aðkoma þeirra Karls hefði verið liður í að þagga niður í konunum vísaði Hjálmar því alfarið á bug: „Það er bara algjörlega verið að snúa málinu á haus.“

Aðspurður kvaðst Hjálmar hafa farið heim til þeirra Sigrúnar Pálínu og Alfreds, hringt á undan, enda hefði hann verið í bænnum hvort eð var. Kvaðst hann ekki muna hvort það hefði verið í framhaldi af umræddri helgi eða um helgina sjálfa, á sunnudeginum, og þá áður en þeir Karl hittu Sigrúnu Pálínu klukkan 17. Þegar Hjálmar var inntur nánar eftir þessari heimsókn og tildrögum hennar skýrði hann svo frá:

En ég hringdi í hana og spurði hvort þau væru heima. Þau voru það. Þá spurði ég hvort ég mætti renna við þarna á þessum tímapunkti og fá kaffisopa. Það var sjálfsgagt. Ég kom við, þetta var í blokk uppi í Grafarvogi, og ég stoppaði bara í 10 mínútur rétt svona í spjall, en mér fannst hún einhvern veginn fjarlæg þannig að ég eiginlega skynjaði að ég myndi ekki hafa frekara frumkvæði í því að tala við hana um þetta mál og eftir það heyrði ég ekkert í henni.

Hjálmar Jónsson kom að nýju fyrir rannsóknarnefndina mánudaginn 21. mars 2011. Í ljósi framburðar Karls Sigurbjörnssonar og Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur var hann sérstaklega spurður um það hvort það hefði komið fram í samtali hans við Sigrúnu Pálínu, áður en hún átti fyrst fund með þeim Karli, hvort eitt af því sem hún væri að óska eftir væri afsökunarbeiðni biskups. Svaraði Hjálmar því til að svo hefði ekki verið. Hún hefði lagt áherslu á að finna sér stað í söfnuði þar sem hún fyndi sig örugga og henni gæti liðið vel. Hann hefði lagt fundinn upp við Karl með þetta að leiðarljósi. Kvaðst hann ekki minnst þess að sérstaklega hefði verið rætt um það á fyrri fundinum á laugardeginum að farið yrði fram á að biskup bæðist afsökunar. Karl hefði hins vegar komið fram með það atriði á fundinum daginn eftir og gert tillögu í þá veru. Aðspurður hvort þeir Karl hefðu í þessu ferli rætt saman um hvort það væri raunhæfur möguleiki á því að biskup myndi biðjast afsökunar svaraði Hjálmar því neitandi. Karl hefði þó tjáð honum milli fundar þeirra með Dagbjörtu og síðari fundarins með Sigrúnu Pálínu að hann hefði rætt við biskup og að sá síðarnefndi hefði verið „alveg sáttur við að reyna einhvers konar sáttargjörð“.

Sérstaklega aðspurður um fyrri framburð sinn þess efnis að hann hefði á þessum fundum „setið dálítið til baka og bara hlustað og Karl hafi haft orð“ staðfesti Hjálmar að það væri rétt. Karl hefði haft orð fyrir þeim, fundirnir hafi verið „á hans forræði eftir að hann tók það að sér“.

Hjálmar var spurður að því hvort hann hefði haft vitneskju um setu Karls Sigurbjörnssonar í kirkjuráði þegar fundirnir fóru fram í Hallgrímskirkju 2. og 3. mars 1996. Svaraði hann því til að hann hefði talið að Karl hefði verið varamaður í ráðinu. Inntur eftir því hvort hann hefði fylgst með yfirlýsingu kirkjuráðs 1. mars 1996 vegna biskups málsins kvaðst hann ekki hafa gert það heldur fremur fylgst „í forundran [með] próföstunum, kollegum mínum“. Um hvort hann hefði á þeim tíma vitað að Karl hefði sem kirkjuráðsmaður staðið að yfirlýsingu ráðsins 1. mars 1996, þ.e. degi áður en fundirnir með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur hófust í Hallgrímskirkju, kvaðst Hjálmar ekki hafa vitað af því og hefði raunar ekki fengið vitneskju um það fyrr en í viðtalinu sjálfu hjá rannsóknarnefnd kirkjuþings. Sérstaklega aðspurður um það hvort hann hefði leitað til Karls ef hann hefði áttað sig á því að Karl hefði staðið að

opinberri stuðningsyfirlýsingu við Ólaf Skúlason biskup deginum áður svaraði Hjálmar:

Alls ekki. Ég er alveg steinhissa, satt að segja, ég hafði ekki áttað mig á þessu. Ég var ekki í sambandi við kirkjuna á þessum tíma og fylgdist ekkert með henni.

Hjálmar var síðan sérstaklega spurður um heimsókn sína á heimili Sigrúnar Pálínu og fjölskyldu hennar sem hún og Alfred báru að hefði átt sér stað að morgni sunnudagsins 3. mars 1996. Var Hjálmar beðinn um að tjá sig um frásögn hjónanna sem nánar er gerð grein fyrir hér að framan. Af því tilefni sagði Hjálmar:

Mig minnti að það væri sama helgin, já, það er rétt. Ég skal segja þér alveg til um þetta og ykkur öllum saman. Hún talaði um það á laugardeginum, bæði uppi í þingi og eins í Hallgrímskirkju, að það væri svo mikilvægt fyrir hana að við tryðum henni og að við tryðum því að þau væru venjulegt fólk sem ætti heimili og fjölskyldu og vini og hún bað mig um að koma við hjá þeim, heimsækja þau, ef ég gæti. ... Bara hvenær sem væri, bara sem fyrst. Bara svo að ég gæti örugglega verið viss um að þau væru venjulegt fólk, en ekkert þakk. Sem sagt þá bað hún um það. Ég hringdi, mig minnir, ég hélt að ég hefði hringt á undan mér, en ég skal ekki fullyrða það. ... Það kann að vera, ég bara man það ekki. En hvað um það, þá bankaði ég upp á, hún hafði boðið mér í kaffi, ég spurði hvort að þau væru heima, eða ég hélt að ég hefði hringt til þess að spyrja að því. Svo kem ég inn, kaffisopi og spjall, en ég fór ekki með neinar bænir, ég fór ekki með neinar bænir hjá þeim, það er ekki rétt.

Í þessu síðara viðtali við Hjálmar Jónsson var framburður Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Alfreds Wolfgangs Gunnarssonar, sem að framan er rakinn, um atvik síðla sunnudagsins 3. mars 1996 borinn undir hann. Tók hann fram að þegar til fundarins kom hefði Karl setið við borðsendann og hafist handa við að rita drög að yfirlýsingu. Þessu næst skýrði Hjálmar svo frá:

Hann var, minnir mig, einn með það, ég var ekki með nein blöð eða neitt til þess að skrifa á. Hann var að tína þetta saman og þessi stílagærð átti sér stað svolitla stund, hvað þyrfti að koma fram, hvernig hún vildi hafa þetta. Það var alltaf undirliggjandi „það verður allavega ekki farið með neitt nema það sem að þú getur sjálf sætt þig við og vilt að sé“. Á endanum þá er talið að nú sé búið að gera þetta og Karl skrifar textann, fer fram til að ljósrita hann og kemur með nokkur eintök og við lesum yfir öll sömul okkar eintök og svona á þetta að vera, allir sammála um það.

Þá kom fram hjá Hjálmarum að Karl hefði verið í símasambandi við biskup fyrir um daginn:

Hann sagði okkur það að hann hefði haft samband við Ólaf og að hann væri tilbúinn til þess að við kæmum til hans með einhvern texta. Það var alveg án þess að ég vissi fyrirfram af því, að hann hringdi í Ólaf, en ég hafði ekkert samband þarna við hann þangað til að ég bara hitti hann þegar við komum með textann til hans.

Sérstaklega aðspurður hvort hugmyndin hefði verið sú að biskup ritaði undir yfirlýsinguna svaraði Hjálmar því játandi. Þetta hefði átt að vera „sáttargjörð þeirra“:

Sigrún Pálína treysti því þar með að betur yrði tekið á svona málum í framtíðinni og hann í þessum texta viðurkenndi þar með þessa sök, að hann hefði þarna gerst brotlegur. Það kom nú víst ekki sérstaklega fram í textanum og ég hef oft undrast að það hafi ekki verið sterkari texti. Ég hef líka undrast að Ólafur hafi ekki orðið sáttari við þetta.

Undir Hjálmar var sérstaklega borin sú frásögn Sigrúnar Pálínu og Alfreds, sem jafnframt var studd framburði hjónanna Sigurðar Þórs Salvarssonar og Guðrúnar Öldu Harðardóttur, sem hittu þau strax eftir fundinn að kvöldi sunnudagsins 3. mars 1996, að þegar texti yfirlýsingarinnar hefði verið samþykktur af viðstöddum hefði Karl farið út, komið með texta sem hefði legið fyrir í drögum og þar hefði setning sem laut að því að Sigrún Pálína drægi sannleikann ekki til baka verið farin út. Hún hefði lesið textann yfir og áttað sig á því að setninguna vantaði og sagst ekki myndu skrifa undir þetta plagg. Þá hefði Karl tekið drögin og stungið þeim í brjóstvasann. Afstaða Hjálmars til þessarar lýsingar var svohljóðandi:

Já. Það var ekkert sagt um þetta, ekki neitt. Hins vegar eftir að það var búið að ganga frá þessum texta og við vorum að búa okkur undir að fara á fund biskups þá spjölluðum við saman, ósköp notalega, öllsöm. Þá er Sigrún Pálína að segja okkur hvað þetta sé búið að taka á hana, ég vissi það og efaðist ekkert um það, ég hafði mikla samúð með henni og vildi allt fyrir hana gera. Hún sagði að sér liði illa og fjölskyldunni liði illa, börnunum hennar, dætrum hennar minnir mig að hún hafi sagt, þeim liði illa út af þessu máli og maður gat alveg skilið það mætavel. Um þetta vorum við að tala þarna rétt áður en að við fórum síðan niður eftir, við Karl, til biskups. Það er enginn konflikt á milli okkar þarna, alls ekki, það var enginn konflikt á þessum fundi.

Þá kom fram hjá Hjálmar að þegar hann og Karl gengu á fund biskups hefði Sigrún Pálína ekki verið búin að undirrita yfirlýsinguna en að væntingar þeirra hefðu staðið til þess að biskup myndi undirrita og samþykkja hana. Þá taldi Hjálmar það víst að Sigrún Pálína hefði að svo búnu átt að undirrita hana einnig. Spurður um þá fullyrðingu Sigrúnar

Pálinu og Alfreds að þegar hún hefði áttað sig á því að búið væri að breyta texta yfirlýsingarinnar og þau hefðu ætlað að fara af fundi, hefði Hjálmar spurt um börnin hennar og hvort hún ætlaði ekkert að hugsa um þau, svaraði Hjálmar að þessi frásögn væri „tómur þvættingur“ og „staðleysa“. Kvaðst Hjálmar jafnframt ekki geta ímyndað sér það að þau hjónin hefðu á einhvern hátt misskilið orð sín eða samtal það sem þau áttu við lok fundarins. Að lokum tók Hjálmar fram að hann hefði ekki fundið afrit sitt af umræddri yfirlýsingu.

11. Fundur í stjórn Prestafélags Íslands 4. mars 1996

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var haldinn fundur í stjórn Prestafélags Íslands 4. mars 1996 sem rannsóknarnefndin telur ástæðu til að gera nú grein fyrir. Í fundargerð segir:

Er dagskrá fundar hafði verið lögð fram óskaði sr. Helga Soffía Konráðsdóttir eftir því að málefni biskups og þau klögumál sem á hann eru borin verði ekki rædd á fundinum og stuðla þar með að því að friður skapist um málið í bili. Sr. Baldur Kristjánsson studdi þessa bókun og flutti inn á fundinn tilmæli frá Biskupi að fulltrúa hans yrði gefinn kostur á að mæta á fundinn, fari svo að mál hans verði rædd.

Í 5. lið fundargerðarinnar kemur fram að lögmennt biskups, þeir Ragnar Aðalsteinsson og Tryggvi Gunnarsson, hafi mætt á fundinn. Sá liður fundargerðarinnar er svohljóðandi:

Á fundinn kom Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður og Tryggvi Gunnarsson, lögmaður.

Ragnar gerði m.a. grein fyrir því að út frá lögfræðilegu sjónarhorni orki það tvímælis að ásakanir á hendur biskupi geti verið til umfjöllunar hjá siðanefnd PÍ eða stjórn PÍ þar sem slík mál sem alvarleg geta talist fara upp til biskups til úrskurðar þar. Þá sé óeðlilegt að aðili sem undir biskup sé settur, fjalli um málið með einhverjum hætti. Ragnar benti á nauðsyn þess að málið sé ekki rekið í fjölmiðlum enda sé það ekki vilji málsaðila.

Sr. Geir gerði að nokkru leyti grein fyrir samskiptum ríkis og kirkju og þeim breytingum sem þar hafa orðið á.

Hann benti á að eftir að stjórnvaldsrétturinn var aflagður þá sé siðanefnd PÍ eina úrræði stéttarinnar og það sé einungis félagslegt. Formaður gerði grein fyrir því að Biskup Íslands sé félagsmaður í PÍ og nýtur ekki annarra forréttinda í félaginu en þeirra að hann sem heiðursfélagi greiðir ekki félagsgjöld.

Formaður rakti nokkuð hvernig mál er varða Siðanefnd PÍ fá afgreiðslu og meðhöndlun og rakti sömuleiðis hvernig þau mál sem eru uppi og varða Biskup Íslands fengu afgreiðslu stjórnar og siðanefndar.

Tryggvi Gunnarsson lagði áherslu á hve alvarlegt málið er. Hann taldi að málið hefði áður verið á félagslegum vettvangi. Hann benti á að menn gæti stöðu sinnar í þessu alvarlega máli og taldi nauðsynlegt að friður ríki við úr-

vinnslu málsins ... Hann taldi enda málið væri alls ekki lengur í hinum félagslega vettvangi.

Tryggvi Gunnarsson taldi að ekki væri hægt að fjalla um málið og varla tilefni og tækifæri til þess að gera slíkt.

Sr. Geir ítrekaði að félagið ætlaði sér enga aðild að málinu.

Sr. Baldur beindi því til lögmannanna hvort hinn opni fulltrúaráðsfundur valdi miklu ógagni ef hann er haldinn fyrr en seinna.

Ragnar Aðalsteinsson taldi að með því að flýta fyrirhuguðum fulltrúaráðsfundi sé gefið í skyn meira en tilefni er til.

Í dagblaðinu *Tímanum*, sem út kom 6. mars 1996, er að finna frétt um ofangreindan fund, en þar segir:

Ályktunardrögum formanns Prestafélagsins hafnað

Traust innan stjórnarinnar minnkar

Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér að traust innan stjórnarinnar minnkar, það segir sig sjálf, sagði sr. Baldur Kristjánsson, einn af stjórnarmönnum prestafélagsins eftir fund sem stjórnin hélt í fyrradag.

Séra Geir Waage, formaður stjórnar Prestafélagsins bar á fundinum fram ályktun þar sem m.a. segir að ef alvarlegt trúnaðarbrot komi upp gagnvart presti gildi einu hvort það varði við lög eða ekki. Brot eða ásakanir um brot beri að taka alvarlega og slíkt fyrnist ekki. Ennfremur að trúnaðarrof bætist ekki af sjálfu sér.

Um viðbrögð annarra stjórnarmanna við þessum ályktunardrögum segir Baldur: „Það sem gerðist er að formaður leggur fram drög að ályktun sem fær harðar viðtökur hjá stjórn Prestafélagsins og þeim er hafnað. Hann dregur þá ályktunina til baka og safnar meira að segja öllum eintökum sem hafði verið dreift í tösku sína. Síðan heyrta fundarmenn þetta á leiðinni heim á Stöð 2 og lesa síðar um þetta í öðrum fjölmiðlum ásamt því að ekki hafi unnist tími til að ræða málin innan stjórnarinnar.“

12. Fréttatilkynning Dagbjartar Guðmundsdóttur frá 5. mars 1996

Hinn 5. mars 1996 sendu hjónin Dagbjört Guðmundsdóttur og Ómar Sigurbergsson frá sér fréttatilkynningu sem undirrituð var af Dagbjöрту fyrir þeirra hönd. Tilkynningin var svohljóðandi:

Ég lýsi því yfir að ég dreg mál mitt á hendur Ólafi Skúlasyni til baka er varðar samskipti okkar á veitingastað í Kaupmannahöfn.

Við hjónin höfum náð sáttum við Þjóðkirkjuna og hörmum mjög að þetta viðkvæma mál skyldi fara til fjölmiðla og þann sársauka sem það hefur valdið.

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings tók Dagbjört fram að atvik hefðu verið þau áður en fréttatilkynningin var gefin út að hún og eiginmaður hennar þáverandi hefðu ekki náð neinum sáttum við kirkjuna: „Þarna erum við bara að kaupa okkur út úr málinu. Það er bara svo einfalt. Það voru engir kossar og knús. Við vildum burt út úr þessu máli.“

Ómar Sigurbergsson bar fyrir rannsóknarnefndinni að hann og Dagbjört hefðu sett textann í yfirlýsingunni á blað. Hann hefði verið byggður á tillögu að yfirlýsingu sem Karl og Hjálmar hefðu lagt fyrir þau á fundinum með þeim í Hallgrímskirkju 3. mars 1996, sbr. nánar umfjöllun í kafla 10 hér að framan. Aðspurður um að hvaða marki tillagan að yfirlýsingu hefði gengið lengra en fréttatilkynningin svaraði Ómar því aðeins til að orðalagið í yfirlýsingunni hefði verið þannig að þau hefðu lesið út úr henni að þau væru að ljúga:

... okkur fannst vera munur á að draga mál okkar til baka eða taka orðin til baka. Þetta var okkar skilningur, kannski barnalegt og allt það, en, eins og ég segi, allt í uppnámi og allt það en okkur leið betur með það, það sem við vorum að gera var að draga okkur út úr þessari hringiðu, þessu fári, þessu rugli. Börnin grétu heima og héldu að við værum að fara í fangelsi og það stóð fyrir dyrum ferming hjá syni okkar og við vorum bara í geðshræringu og okkur leið betur með að draga okkur út úr málinu, sem sagt draga mál okkar til baka. Þetta er í rauninni bara framhald af þeirra bréfi eða í rauninni svona samsuða úr þeirra bréfi.

13. Yfirlýsing aðalfundar Prófastafélags Íslands 7. mars 1996

Á aðalfundi Prófastafélags Íslands 7. mars 1996 var samþykkt yfirlýsing sem laut að málefnum biskups og er svohljóðandi:

Prófastar lýsa hryggð sinni og áhyggjum vegna þeirrar aðfarar sem gerð hefur verið að biskupi Íslands, herra Ólafi Skúlasyni, með ósönnuðum aðdróttunum í hans garð, þar sem gróflega er vegið að mannorði hans og starfsheiðri.

Prófastar lýsa andúð sinni á gáleysi þeirra fjölmiðla, sem í umfjöllun sinni hafa látið líta svo út sem þessar ásakanir væru sannaðar. Þetta hefur valdið biskupi og fjölskyldu hans þjáningu og miska og öllum þeim sem unna kirkjunni sárindum og hryggð. Lýsum við samúð með öllum þeim sem þjáðst hafa vegna þessa máls.

Prófastar harma þá stöðu sem upp er komin. Nauðsynlegt er að brugðist verði við af festu og ábyrgð. Því er í alla staði eðlilegt að fela málið dómbærum aðilum enda er það fullvissa okkar að þá muni sakleysi biskups sannast. Væntum við þess að söfnuðir landsins slái sem fyrr skjaldborg um kirkjuna og það sem hún stendur fyrir.

Prófastar telja sjálfsagt að sá hornsteinn réttarfars í síðuðu samfélagi sé í heiðri hafður að hver maður skuli saklaus teljast uns sekt hans er sönnuð, svo að ein lög gildi í landinu fyrir alla þegna þess. Átelja prófastar sérhverja tilraun til þess að vefengja þessa meginreglu réttarríkisins og vara við þeirri vá að mannhelgi sé vanvirt.

Í *Morgunblaðinu*, sem út kom 8. mars 1996, var vísað til þess að sr. Guðmundur Þorsteinsson, sem hafði verið kjörinn formaður Prófastafélags Íslands á aðalfundinum deginum áður, hefði sagt að „algjör samstaða [hefði] verið á fundinum um ályktunina, en félagsmenn hafi verið 16“. Þess skal hins vegar getið að rannsóknarnefndinni barst bréf frá sr.

Einari Þór Þorsteinssyni, fyrrverandi prófasti, dags. 30. janúar 2011, þar sem eftirfarandi er m.a. tekið fram:

Vegna bréfs frá þér 10. janúar sl. leyfi ég mér vinsamlegast að segja eftirfarandi:

Á prófastafundi, sem þáverandi biskup Íslands, Ólafur Skúlason, hélt með okkur próföstum, lagði ég til að hann tæki sér tímabundið leyfi frá störfum og var ég eini prófasturinn sem það gjörði.

Í framhaldi af þessum fundi, skrifaði ég ekki undir stuðningsyfirlýsingu við Ólaf biskup, sbr. grein sr. Úlfars Guðmundssonar í Morgunblaðinu, 2. september 2010.

Sr. Guðmundur Þorsteinsson, fyrrverandi formaður Prófastafélags Íslands, kom fyrir rannsóknarnefndina. Spurningu um aðdraganda þess að umrædd yfirlýsing var gefin út svaraði Guðmundur á þessa leið:

Já, þannig var að í marsmánuði þá kallaði biskupinn ... prófasta sína til prófastafundar og þar var farið náttúrlega yfir kirkjunnar málefni, einkum í prófastsdæmunum og svona lagðar línurnar um starfið. Þessi fundur stóð yfirleitt í 3 daga og síðasta daginn var svo haldinn aðalfundur. Nú við vorum 16 þarna prófastarnir, þeim hefur fækkað verulega síðan, við eru 16 þá og á þessum fundi er þessi yfirlýsing samin og samþykkt og hún var náttúrlega í kjölfar þeirra ásakana sem höfðu verið settar fram gegn Ólafi biskupi og við vorum, og ég segi alveg sérstaklega persónulega, að ég var alveg sannfærður um að þarna væri ómaklega vegið að honum, að þarna væri svona ýmislegt ýkt og stílfært. Við skulum ekki gleyma því að þessi maður hafði þrífð mjög hratt upp metorðastigann, allt frá því að vera prestur í Íslendingabyggðum vestanhafs, síðan fyrsti æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar, síðan sóknarprestur í glæsilegu prestakalli, Bústaðaprestakalli, þar sem hann var ákaflega vinsæll maður, ótrúlega vinsæll. Við eiginlega öfunduðum hann og síðan verður hann prófastur og vígslubiskup og biskup. Og það náttúrlega segir sig sjálft að þegar menn klifra svona bratt þá eru kannski ekki allir ásáttir með þá og við töldum sem sagt að þetta væri einhvers konar ófrægingarherferð í gangi gegn honum af ákveðnum öflum innan kirkjunnar sem að ég nafngreini ekki hér, en við töldum að við myndum sem sagt vera að gera skv. okkar bestu sannfæringu að veita honum stuðning. Mér er engin launung á því að þarna í lok prófastastefnunar þá átti hann mjög náið og einlægt viðtal við okkur prófastana þar sem hann lagði fyrir okkur spilin á borðið með þeim hætti að við eiginlega gátum ekki annað en trúað honum. Það var ekki hægt annað en að trúá honum og á þessum forsendum sömdum við þessa stuðningsyfirlýsingu við hann og hún olli náttúrlega miklu fjaðrafoki eins og þið kannski vitið og hafið lesið ...

Aðspurður um hvort biskup hefði svarið við hina helgu bók á fundinum svaraði Guðmundur:

Nei, ég segi það ekki, ég segi ekki að hann hafi gert það, en auðvitað var hann með Biblíuna í höndunum, en það þýðir kannski ekki það sama. Spurningin var hvorum aðilanum ætluðum við að trúa, það var orð gegn orði, fullyrðing gegn fullyrðingu og hvorum aðilanum áttum við að trúa. Nú náttúrlega vitið þið að við vorum sérstakir trúnaðarmenn biskupsins, augu hans og eyru úti í söfnunum.

Aðspurður hvort biskup hefði átt beina aðkomu að samþykkt yfirlýsingarinnar eða verið þátttakandi í samningu hennar og hvort einhver fundarmanna hefði lýst efasemdum svaraði Guðmundur:

Nei, [biskup] var ekki þátttakandi í því og ég man ekki alveg, nú eru 15 eða 16 ár síðan að þetta gerðist og ég man ekki hvort hann fór nokkuð fram á þetta við okkur eða hvort að við tókum þetta bara af sjálfsdáðum fram að gefa honum þessa stuðningsyfirlýsingu, okkur fannst ekkert veita af, ástandið var orðið þannig.

... það var einn prófastanna sem að lýsti þarna efasemdum og ég man nú ekki hvort þetta var undirritað af okkur eða hvort það gæti verið í fundargerðarbókinni sjálfri, en hann skrifaði ekki undir. ... Þetta var sr. Einar Þór Þorsteinsson, prófastur á Eiðum. Hann lýsti efasemdum, en hann kom ekki með nein mótmæli, skilaði engu séráliti eða neinu slíku, en hann var ekki þarna með okkur í þessu.

Á fundi rannsóknarnefndarinnar var Guðmundur inntur eftir afstöðu sinni til þess hvort það hefðu verið mistök, miðað við stöðu málsins, að gefa út yfirlýsingu sem ekki væri unnt að skilja með öðrum hætti en sem nokkurn veginn skilyrðislausu stuðningsyfirlýsingu við biskup. Svar Guðmundar var svohljóðandi:

Ég held að við hefðum ekki getað beitt okkur öðruvísi en við gerðum þarna. Við fórum þarna að samvisku okkar og sannfæringu algjörlega, a.m.k. ég, ég get ekki talað fyrir alla hina, en þetta var alveg mín bjargfasta sannfæring að þarna væri ómaklega að honum vegið og ef þið hafi lesið minningarorð sem komu í blöðum eftir jarðarför hans þá man ég að það var einn presturinn sem að tók þetta sérstaklega fram í sínum minningarorðum, þ.e. að þessi prestur hafði staðið með sr. Ólafi. ... okkur fannst þetta bara lykta af ófrægingarherferð gagnvart honum. ... Síðan hefur náttúrlega mikið vatn runnið til sjávar og við erum að tala um það sem að gerðist þarna og þessi yfirlýsing hefði náttúrlega kannski ekki verið gefin út núna eftir það sem síðar hefur komið í ljós.

14. Erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur til siðanefndar Prestafélags Íslands 8. mars 1996 um að sr. Ragnar Fjalar Lárusson víki sæti í siðanefnd

Á þessum tíma voru erindi Sigrúnar Pálínu og Stefaníu 27. febrúar 1996 til umfjöllunar hjá siðanefnd. Með bréfi 8. mars 1996 kröfðust þær

Þess að sr. Ragnar Fjalar Lárússon viki sæti þar sem hann hefði í sjónvarpi daginn áður lýst því yfir að hann teldi biskup saklausan af þeim ásökunum sem á hann væru bornar. Á fundi siðanefndar 8. mars 1996 var málið tekið fyrir og ákvað Ragnar Fjalar að víkja sæti á meðan málefni er vörðuðu biskup væru til meðferðar hjá siðanefnd.

15. Biskup sendir erindi til presta vegna „biskups máls“ 11. mars 1996

Hinn 11. mars 1996 ritaði Ólafur Skúlason biskup „prestum landsins“ bréf um „biskups málið“. Verður nú gerð grein fyrir tildrögum bréfsins og þá þeim hluta þess þar sem biskup viðurkenndi að hafa átt sök á því að yfirlýsing frá fjórum starfsmönnum Langholtskirkju í Reykjavík „komst á borð fjölmiðla“.

Í kafla 3.1 hér að framan er gerð grein fyrir fundi sem sr. Flóki Kristinsson, þáverandi sóknarprestur í Langholtskirkju, átti með Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur í byrjun janúar 1996 og því sem þar var rætt. Þar er einnig vikið að því að Dagbjört Guðmundsdóttir hafi komið á hans fund í lok árs 1995 og skýrt honum frá ávirðingum sínum á hendur biskupi. Á þessum tíma geisðuð harðvítugar deilur um safnaðarstarf í sókninni þar sem sr. Flóki og biskup tókust á.

Hinn 15. febrúar 1996 kom fram í fréttum Stöðvar 2 að fréttastofa stöðvarinnar hefði heimildir fyrir því að konurnar tvær sem borið hefðu sakir á biskup hefðu rætt við Flóka áður en þær komu ásökunum sínum á framfæri við siðanefnd PÍ. Í dagblaðinu *Tímanum* 17. febrúar 1996 lýsti Flóki undrun sinni á því að nafn hans væri nefnt í sambandi við þessar tvær konur. Þá var eftirfarandi haft eftir honum:

Ég kannast við þá konu sem hefur verið nafngreind, hún ku vera þroskaþjálfari og vel metin af sínum störfum. Það er það eina sem ég þekki til hennar.

Hinn 20. febrúar 1996 ritaði Flóki bréf til siðanefndar PÍ þar sem sagði meðal annars:

Erindi þessa bréfs er kvörtun mín á hendur biskupi Íslands, herra Ólafi Skúlasyni, vegna ummæla sem hann mun hafa látið um mig falla við fréttamann nýlega. [...]

Í gærkvöldi átti ég samræður í síma við fréttamann af sérstöku tilefni. Í samræðum okkar vék fréttamaðurinn að kærumáli konu eða kvenna á hendur biskupinum Ólafi Skúlasyni og innti mig áhlits. Ég sagðist ekki geta tjáð mig um það mál enda þekkti ég ekki til þess nema af fréttum fjölmiðla. Hann greindi mér þá frá því, að hann hefði fyrir helgi átt viðtal við herra Ólaf og spurt hann úti í þetta vandræðalega mál sem upp væri komið. Hefði herra Ólafur við það tækifæri óumbeðinn gefið honum þær upplýsingar að konan Sigrún Pála eða

Pálína (sem sögð er bera biskup þungum sökum) „væri búin að vera í viðtölum hjá sr. Flóka Kristinssyni í allan vetur“.

Ég furða mig á þessum óviðurkvæmilegu ummælum biskupsins, sem eru algjörlega úr lausu lofti gripin. Ég hlýt að líta ummæli hans mjög alvarlegum augum og fæ ekki betur séð en að hann sé með þeim [að] varpa rýrð á mig og gera því skóna að ég blandist með einhverjum hætti inn í málatilbúnað konunnar á hendur honum. [...]

Ég þekki ekki umrædda konu nema líttillega. Hún kom fyrir skömmu ásamt sambýlismanni sínum í auglýstan viðtalstíma minn í Langholtskirkju fyrir nokkrum vikum og var það í fyrsta sinn sem ég leit þessa konu augum. Sambýlismann konunnar þekki ég sem söngmann í Kór Langholtskirkju undanfarin ár. Erindi þeirra við mig snerist ekki um fyrrgreint mál, en jafnvel þó svo hefði verið, væri það siðlaust og ámælisvert af biskupi að notfæra sér vitneskju um heimsóknir skjólstaðinga til prests í þeim tilgangi að gera annan hvorn eða báða aðila tortryggilega og bera síðan í fréttamann. [...]

Ég fer fram á það við siðanefnd PÍ, að hún taki afstöðu til þessarar kvörtunar minnar yfir framferði biskupsins sem ég tel að eigi að gæta trúnaðar gagnvart prestum sínum og ekki að blanda samtölum fólks við presta og hugsanlegum skriftamálum þess inn í sín eigin mál.

Í viðtali sem tekið var við Ólaf Skúlason biskup og birtist í tímaritinu *Séð og heyrt*, 1. tbl. 1996, var haft eftir honum að hann hefði fengið hringingu innan úr Langholtskirkju og verið sagt „að það sæti kona á skrafi við séra Flóka [og] það fylgdi sögunni að þessi kona vildi mér ekki vel“. Á þessum tíma hefði hann ekki vitað nafn þessarar konu. Er ljóst að hér er átt við Sigrúnu Pálínu.

Hinn 5. mars 1996 undirrituðu fjórir starfsmenn Langholtskirkju, þ.e. formaður sóknarnefndar, organisti kirkjunnar, húsvörður og starfsmaður kirkjukórs og sóknarnefndar, svohljóðandi yfirlýsingu:

Við undirrituð staðfestum og getum vottað að Sigrún Pálína Ingvarsdóttir ásamt sambýlismanni sínum átti langt viðtal við séra Flóka Kristinsson á skrifstofu hans 9. janúar 1996.

Er þetta yfirlýsingin sem Ólafur Skúlason gekkst við í framangreindu bréfi sínu til presta að hafa komið í hendur fjölmiðla. Um það segir svo í bréfi biskups:

Eitt vil ég segja nú að þessu loknu, að ég er sekur um það, sem er bæði alvarlegt og ótrúlegt. Ég átti einn sök á því, að yfirlýsing fjórmenninganna úr Langholti komst á borð fjölmiðla og þeirri sök verður ekki komið á aðra, hvorki starfsfólk mitt né lögmenn. Á þeirri stundu var ég einn í mínum vanda og gætti þess ekki að fara í smíðju til annarra. Þetta athæfi harma ég og þótt ég geti tilgreint atriði, sem ætti að geta talist til málsbóta, skýli ég mér ekki að baki þeim. Ég bið ykkur þó að hafa í huga aðstæður mínar. Að mér hefur verið sótt að undanfögnu og

Þessa morgunstund stóð ég í þeim sporum að þá var það frétt stundarinnar að búið var að draga inn í umræðuna erindi sóknarprestisins í Langholtskirkju til siðanefndar presta, þar sem hann bar sig upp undan ummælum sem ég átti að hafa viðhaft um viðtöl hans við eina þeirra kvenna, sem komu við sögu í því máli, er nefnt var hér að framan. Fyrir siðanefndinni átti sóknarpresturinn síðan einarðlega að hafa staðfest að hann hefði engin afskipti haft af málatilbúnaði þessara kvenna. Mér barst á þessari stundu í hendur yfirlýsing fjórmenningsanna. Þessir tímar eru ekki aðeins einkennilegir, heldur hörmulegir og aðgæsla kann því óvart að víkja.

Loks skal hér getið yfirlýsingar vegna þáttar málsins sem Sigrún Pálína undirritaði 6. mars 1996. Í henni segir svo meðal annars:

Það er með ólíkindum hvaða aðferðum er beitt til þess að fela sannleikann um ásakanir þær sem á biskup eru bornar. Á fundi mínum með séra Flóka Kristinssyni var eingöngu fjallað um mál það sem ein kvennanna bar á biskup að gerst hefði á matsölustað í Kaupmannahöfn og var það gert til að styðja hennar frásögn.

...

Aðdróttanir ... um að séra Flóki standi að einhverju leyti á bak við þessar ásakanir á hendur biskupi eru með öllu siðlausar og ósannar.

Ljóst er að efni yfirlýsingarinnar er ekki í fullu samræmi við það sem í reynd fór á milli Sigrúnar Pálínu og Flóka á fundinum samkvæmt framburði þeirra beggja fyrir rannsóknarnefndinni, sbr. kafla 3.1. Þegar Sigrún Pálína var beðin um að gefa skýringu á því af hverju hún hefði í yfirlýsingunni staðhaft að eingöngu hefði verið rætt um þetta eina atvik á fundi hennar með Flóka svaraði hún því til að það hefði hún gert í þeim tilgangi að reyna að loka þeirri umræðu að hún og Flóki stæðu í einhverju samsæri. Þessu næst skýrði hún svo frá:

Ég get ímyndað mér að það hafi verið ástæðan. Á þeim tíma fannst mér ég ekki vera að ljúga með því að segja það, en ég get alveg séð það núna að það virkar eins og ég hafi verið að gera það. Það er ekki það sem ég var að gera.

Í tengslum við framangreint bréf biskups er þess að geta að fram kom í framburði Geirs Waage, þáverandi formanns stjórnar Prestafélags Íslands, fyrir rannsóknarnefnd kirkjupings að biskupsmálið hefði verið framhald af deilumálum í Langholtskirkju og þessi tvö mál ætti að spyrða „algjörlega saman, að minnsta kosti hvað hann varðar“. Þetta skipti miklu máli um þetta „moldviðri allt saman sem var í gangi á þessum tíma, jafn flókið og óskaplegt og það hafi allt saman verið, samsæriskenningar tvist og bast“. Það hefði orðið til þess að hann áttaði sig ekki á mikilvægi þessa bréfs biskupsins sem hann hafði sent á faxi út um allt

land og hefði verið alveg með ólíkindum því að biskup hefði vitað það manna best að prestarnir höfðu ekki faxtæki, þeir höfðu ekki faxesíma. Þeir hefðu sumir unnið í skólum og sumir fengið faxsendingar á næsta pósthús, sumir hefðu fengið það á hreppsskrifstofur þar sem faxtæki voru til. Biskup hefði því ekki hugsað þegar hann sendi út þetta faxbréf sem fór á sveitarstjórnarskrifstofur, pósthús, alls staðar þar sem faxtæki voru fyrir hendi. Þau hefðu sjaldnast verið til staðar á prestssetrunum sjálfum þannig að bréfið hefði undir eins verið komið út um allt. Geir hefði ekki áttað sig á því fyrr en löngu síðar að þetta hefði verið kjarninn í Langholtskirkjudeilunni. Biskup hefði fylgst með því hverjar af þessum konum hefðu komið á fund sóknarpresta í kirkjum Reykjavíkurprófastsdæmis. Það hefði verið upplýst með þessari faxsendingu hans og þar með hefði hann loksins farið að skilja Langholtskirkjudeiluna.

16. Erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur til siðanefndar Prestafélags Íslands 12. mars 1996

Sigrún Pálína sendi fjórða erindi sitt til siðanefndar PÍ 12. mars 1996 þar sem hún kvartaði yfir því að biskup hefði óskað eftir staðfestingu frá fjórum nafngreindum starfsmönnum Langholtskirkju á því að hún hefði átt trúnaðarfundir með Flóka Kristinssyni. Þá kvartaði hún yfir því að biskup hefði sent yfirlýsinguna til fjölmiðla og einnig yfir þætti fjórmenninganna í málinu.

17. Afgreiðsla siðanefndar Prestafélags Íslands á erindum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur 27. febrúar 1996, auk erindis Sigrúnar Pálínu 12. mars 1996

Hinn 12. mars 1996 var haldinn fundur í siðanefnd þar sem ofangreind erindi voru tekin til umfjöllunar. Samkvæmt fundargerð mætti Sigrún Pálína á fundinn ásamt Alfreð Wolfgang Gunnarssyni og Magneu Björgu Jónsdóttur. Rætt var um bréf Sigrúnar Pálínu frá 27. febrúar 1996 en ekki er bókað um erindi hennar frá 12. mars 1996. Þá kom Stefanía Þorgrímsdóttir einnig á fundinn og var bréf hennar frá 27. febrúar 1996 rætt. Samkvæmt fundargerð kom hún að auki á framfæri við siðanefnd beiðni um að nefndin tæki það til skoðunar hvort ummæli sem biskup hefði viðhaft um hana í tímaritsviðtali væru forsvaranleg og sæmandi. Jafnframt fór hún þess á leit vð nefndina að hún íhugaði hvort það gæti talist forsvaranlegt og sæmandi að biskupsstofa „skyldi senda út bréf“ sem systkini hennar höfðu ritað í tilefni af ásökunum hennar á hendur biskupi.

Næsti fundur í siðanefnd var haldinn daginn eftir. Var bókað í fundargerð að á fundinn hefðu mætt lögmenn biskups, þeir Ragnar Aðal-

steinsson og Tryggvi Gunnarsson. Ekkert var bókað um það sem fram fór á fundinum.

Engir fundir varðandi framangreind mál eru bókaðir í siðanefnd eftir þetta en erindunum þremur var svarað 27. mars 1996. Þar með var afskiptum siðanefndar að málunum lokið.

17.1 Álitsgerð siðanefndar Prestafélags Íslands 27. mars 1996 - Svör við spurningum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 27. febrúar 1996.

Í álitsgerð siðanefndar 27. mars 1996 til Sigrúnar Pálínu, sem ber yfirskriftina „svör við spurningum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur“, segir:

Svör við spurningum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur

Siðanefnd PÍ er skylt að kynna málsaðilum mál, bjóða þeim að senda skriflega greinargerð og birta þeim niðurstöður nefndarinnar sbr. 5. og 6. gr. um siðanefnd P.Í. Bréf þitt var kynnt þannig fyrir biskup að það var lesið fyrir hann einu sinni þann 31. janúar s.l.

Siðanefnd hefur gætt fyllsta trúnaðar og er ókunnugt um hvernig upplýsingar um mál þitt komust í fjölmiðla.

Siðanefnd ítrekar sitt fyrra álit að ekki hafi komið fram nýjar upplýsingar í máli þínu.

Siðanefnd ítrekar sitt fyrra álit að ekki sé ástæða fyrir málsaðila að hafa uppi málatalbúnað fyrir nefndinni vegna „sáttafundar“ sem nefndin boðaði ekki til og var ókunnugt um.

Þá lauk siðanefnd áliti sínu með því að gera grein fyrir því að umræða hefði verið um málið í fjölmiðlum í nokkur skipti áður en áðurgreint viðtal við biskup var sýnt í Dagsljósi í Ríkissjónvarpinu. Síðan sagði í álitinu:

Að framansögðu er ljóst að umfjöllun um ásökun á hendur biskupi var búin að vera í fjölmiðlum í 12 daga þegar hann tjáir sig um hana í Dagsljósi þann 27. febrúar. Umfjöllun biskups í því viðtali fól í sér nýjar efnislegar upplýsingar. Eigi að síður álítur siðanefnd að með tilliti til þess að bornar eru sakir á biskup er varða æru og starfsmissi þá hafi umfjöllun hans um þessar sakir í sjónvarpi þann 27. febrúar verið innan eðlilegra marka.

17.2 Álitsgerð siðanefndar Prestafélags Íslands 27. mars 1996 - Svör við spurningum Stefaníu Þorgrímsdóttur 27. febrúar 1996 og 12. mars 1996

Í álitsgerð siðanefndar 27. mars 1996, sem ber yfirskriftina „svör við spurningum Stefaníu Þorgrímsdóttur“, var upplýst að nefndin hefði enga afstöðu tekið til erindis hennar frá 17. febrúar 1996. Þá hefði siðanefnd skyltu til að upplýsa málsaðila, bjóða þeim að skila inn skriflegri

greinargerð og upplýsa þá um niðurstöður nefndarinnar og í því sambandi var vísað til 5. og 6. gr. siðareglna Prestafélags Íslands. Þá kvaðst siðanefnd ekki hafa vitneskju um hvernig mál hennar hefði komist í fjölmiðla. Að endingu lýsti nefndin því yfir að hún teldi að ummæli biskups í títtnefndum sjónvarpsþætti hefðu verið innan eðlilegra marka í ljósi þess að á hann hefðu verið bornar sakir sem vörðuðu æru og starfsmissi. Á hinn bóginn átaldi siðanefnd biskup fyrir ummæli í *Séd og heyrt* um persónu Stefaníu. Þrátt fyrir þetta var af hálfu siðanefndar hvorki talin ástæða til að áminna biskup formlega né að senda álitid til stjórnar Prestafélags Íslands eða biskups, sbr. 6. gr. siðareglna.

17.3 Álitsgerð siðanefndar Prestafélags Íslands 27. mars 1996 - svar við erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 12. mars 1996

Í álitinu sínu átaldi siðanefnd biskup fyrir að upplýsa fjölmiðla um fund Sigrúnar Pálínu og sr. Flóka Kristinssonar. Í niðurlagi álitsins kemur fram að í samræmi við siðareglur sé það sent stjórn Prestafélags Íslands, en álitid er í heild sinni svohljóðandi:

Siðanefnd vekur athygli á því að upplýsingar um fund á skrifstofu sr. Flóka Kristinssonar þann 9. janúar höfðu birst í fjölmiðlum, á Stöð 2 hinn 15. febrúar og í Tímanum 17. febrúar.

Þrátt fyrir að upplýsingar um fundinn væru opinberar telur siðanefnd alvarlegt að biskup skyldi leita skriflegrar staðfestingar á því að fundurinn hefði farið fram og senda hana til fjölmiðla. Allar upplýsingar um það þegar skjólstæðingur kirkjunnar leitar áheyrnar prests eru algjört trúnaðarmál. Gildir hér einu hvort upplýsingarnar varða tilvist slíkra funda eða umræðuefni þeirra. Enginn má dreifa upplýsingum um slíka trúnaðarfundi opinberlega nema með leyfi skjólstæðings og skiptir þá ekki máli hvort áður hafi komið fram óstaðfestar fréttir í fjölmiðlum um slíkan fund. Einkum er brýnt að prestar gæti fullrar þagmælsku um fundi starfssystkina sinna með skjólstæðingum. Ella gera þeir sig seka um að bregðast skyldum sínum við starfssystkini og því trausti sem skjólstæðingar kirkjunnar hljóta að bera til þjóna kirkjunnar ef kirkjan á að geta gegnt hinu mikilvæga sálusorgunarhlutverki sínu. Minnt skal á fjórða kafla siðareglna um trúnað. Leggja verður áherslu á að embættismaður kirkjunnar má ekki rjúfa trúnað með ofangreindum hætti þó að hann eigi sem persóna í deilum eða málaferlum við þann skjólstæðing kirkjunnar sem hlut á að máli. Þeirri virðingu, áhrifum og völdum sem embættum kirkjunnar fylgja má á engan hátt beita til að klekkja á starfssystkinum og skjólstæðingum eða rjúfa trúnað við þau. Biskupi bar því að mati siðanefndar að hugsa fremur um heiður embættis síns en persónulega hagsmuni, sbr. gr. 2.5 í siðareglum P.Í.

Varðandi þátt fjórmenninganna að veita upplýsingar um fundinn þá er þess að geta að þeir eru fyrir utan lögsögu siðanefndar sbr. gr. 1.3 í siðareglum presta. Aðeins er gert ráð fyrir því að siðanefnd úrskurði í málum er varða presta.

Siðanefnd vill þó af þessu tilefni vekja athygli á að ekki eru ákvæði um þagmælsku í nýlegum lögum um sóknarnefndir og erindisbréfi biskups fyrir

þær. Nefndin beinir því til kirkjuyfirvalda hvort ekki sé rétt að setja slík ákvæði í erindisbréf fyrir starfsfólk safnaða.

Í samræmi við 6. gr. um siðanefnd er málið sent til stjórnar PÍ.

18. Umfjöllun stjórnar Prestafélags Íslands, setts biskups og kirkju-málaráðherra um álit siðanefndar félagsins 27. mars 1996 á trúnaðarbroti biskups, sbr. erindi Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur 12. mars 1996

18.1 Skrifleg gögn

Hinn 1. apríl 1996 var haldinn fundur í stjórn Prestafélags Íslands. Í fundargerð var eftirfarandi skráð:

Stjórnarfundur PÍ mánudaginn 1. apríl 1996 á hefðbundnum stað kl. 13.00.

Mættir voru allir stjórnarmenn, sr. Geir Waage, Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sr. Bragi Skúlason, sr. Baldur Kristjánsson, sr. Gunnar Sigurjónsson. Varmaður sr. Helga Soffía Konráðsdóttir var einnig mætt.

Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson óskaði eftir því að tjá sig utan dagskrár. Taldi hann hafa orðið trúnaðarrest innan stjórnarinnar þar sem opinbert varð það skjal sem stjórn hefir ekki afgreitt. Ályktun sem kynnt var á seinasta fundi var ekki rædd en var samt birt í fjölmiðlum.

Sr. Baldur taldi á sama hátt að lýðræðislegum vinnuaðferðum hafi ekki verið beitt og vildi að mótmæli sín væru færð til bókar.

Sr. Helga Soffía taldi kominn upp trúnaðarrest milli sín og formanns og mótmælti á sama hátt og aðrir vinnubrögðum sem viðhöfð voru eftir fund.

Sr. Bragi taldi mjög óheppilegt að fundurinn seinasti skyldi leysast upp svo sem raun bar vitni og taldi eðlilegast að málsmeðferð sé ákveðin í lok fundar og minnti formann á að hann hefði áður komið inn á slíkt.

Sr. Gunnar tók undir að málsmeðferð hefði verið óheppileg og minnti formann á ummæli sín í þá veru eftir seinasta fund. Hann var ekki sáttur við að skjalið hefði verið birt opinberlega án þess að það hefði fengið eðlilega málsmeðferð.

Formaður sagði ábyrgðina sína að skjalið var birt í Morgunblaðinu og Dv og Rúv. Hann vildi engan mann bera sökum um trúnaðarrest en vitnaði um það að hann hefði borið skjalið undir presta vítt og breitt og hefði gert það til að fá fram viðbrögð þeirra við efnislegu innihaldi bréfsins.

Sr. Kristinn minnti á að stjórninni ber fyrst og fremst að mynda samstöðu um slíkar ályktanir og taldi að formaður hefði átt að upplýsa stjórn um það að málið væri á vitorði fleiri presta.

1. 1. mál: Þrjár niðurstöður siðanefndar presta kynntar.

Tvær álitssgerðir siðanefndar dags. 27. mars og ein 28. mars kynntar en ekki ræddar frekar.

2. 2. mál. Niðurstaða siðanefndar presta vegna máls er varðar Biskup Íslands kynnt. Málinu er vísað til stjórnar PÍ samkvæmt 6. gr. í Codex Ethicus um siðanefnd.

Álitssgerðin er dags. 27. mars 1996.

Stjórnarmaður Baldur Kristjánsson biskupsritari sagði sig frá málinu og sr. Helga Soffía Konráðsdóttir tók sæti í stjórn PÍ í hans stað.

Formaður las bréf frá A&P lögmönnum, lögmönnum herra Ólafs Skúlasonar biskups, dags. 1. apríl 1996.

Sömuleiðis las formaður bréf Jóns Stefánssonar organista dags. 27. mars 1996 og yfirlýsingu Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur dags. 6. mars 1996. Bréf þeirra og yfirlýsingar bárust með erindi A&P lögmanna og meðhöndlast sem trúnaðarmál.

Stjórn PÍ tekur undir niðurstöðu siðanefndar. Stjórnin óskar eftir því að embætti biskups Íslands leiði málið til lykta í samráði við stjórn PÍ, vegna þess hve alvarlegt það er.

Sr. Geir og sr. Kristni Ágústi Friðfinnssyni var falið að rita biskupi bréf þess efnis og eiga við hann viðræður í framhaldi af því.

Sömu aðilum var falið að rita kirkjumálaráðherra bréf til vitneskju um málið. Sr. Helga Soffía lagðist gegn því að ráðherranum væri ritað slíkt bréf.

Hinn 2. apríl 1996 gaf biskup út fréttatilkynningu þar sem því var borið við að upplýsingar um fund Flóka Kristinssonar og Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur hefðu verið til umræðu í fjölmiðlum áður en hann hefði gert þær opinberar.

Með erindi stjórnar Prestafélags Íslands 3. apríl 1996 til kirkjumálaráðherra var upplýst um þá ákvörðun stjórnar P.Í. 1. s.m. að vísa máli er varðaði meint trúnaðarbrot biskups til embættis biskups Íslands þar sem óskað væri eftir því að biskup leiddi málið til lykta. Málið var að nýju tekið fyrir á fundi 15. apríl 1996. Fundargerð þess fundar er svohljóðandi:

Formaður kynnti niðurstöður siðanefndar um biskupinn þar sem siðanefnd vísar úrskurði sínum til stjórnar. Formaður las bréf stjórnar til biskups og samhljóða bréf til kirkjumálaráðherra.

Formaður kynnti fundarmönnum þetta áður en innihald þeirra bréfa yrði gert opinbert.

Hinn 24. apríl 1996 vék biskup sæti vegna málsins að eigin frumkvæði, sbr. bréf til kirkjumálaráðherra dagsett sama dag. Hinn 26. apríl 1996 var sr. Bolli Gústavsson, vígslubiskup, settur af kirkjumálaráðherra í stað Ólafs Skúlasonar til að fara með biskupsvald í málinu.

Hinn 6. maí 1996 var haldinn fundur í stjórn Prestafélags Íslands. Í fundargerð segir svo:

Stjórnarfundur í PÍ dags. 6. maí 1996 á Löngumýri í Skagafirði.

Tilfni fundar var samráðsfundur með vígslubiskupi á Hólum, sr. Bolla Gústavssyni.

Stjórn fundaði einslega fyrst án viðveru biskups.

Mættir voru, Sr. Geir Waage, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sr. Baldur Kristjánsson, sr. Bragi Skúlason, Sr. Gunnar Sigurjónsson og sr. Jón Helgi Þorgrímsson sem formaður boðaði sérstaklega vegna þess að sr. Baldur hafði sagt sig frá því máli sem ræða átti við vígslubiskup um.

Formaður innti sr. Baldur Kristjánsson, biskupsritara um afstöðu hans til fundarins nú þar sem hann hafði sagt sig frá málinu á seinasta fundi.

Aðspurður svaraði sr. Baldur því til að hann teldi sig hæfan til þess að fjalla um mál Ólafs Skúlasonar þar sem sr. Bolli Gústavsson fari með biskupsvald í málinu. Hann geti því sem kjörinn stjórnarmaður komið að málum þar sem Ólafur Skúlason fari ekki með lögsögu í því.

Sr. Jón Helgi og Sr. Geir mótmæltu þeirri túlkun biskupsritara. Sr. Baldur ítrekaði að hann væri embættismaður biskups og nyti trúnaðar hans en í þessu tiltekna máli sé biskupsvald í annars höndum en Ólafs Skúlason og hann sé ekki persónulegur umboðsmaður hans.

Sr. Bragi taldi engan mun vera á stöðunni nú eða þegar hann sagði sig frá málinu.

Sr. Gunnar taldi sómasamlegast að sr. Baldur standi eins að málinu og ákveðið var á seinasta fundi.

Sr. Kristinn taldi að sinnaskipti hafi ... orðið hjá sr. Baldri en ... að hann gæti einn sagt sig frá málinu. Við þyrftum að bíta í það súra epli.

Sr. Baldur vék af fundi og ráðlagði sig við sr. Bolla Gústavsson og tilkynnti stjórn eftir það samráð að hann myndi ekki sitja stjórnarfund með vígslubiskupi þar sem mál Ólafs Skúlasonar verður rætt.

Sr. Bolli Gústavsson, settur biskup, lauk umræddu máli með bréfi til stjórnar Prestafélags Íslands 15. maí 1996. Í niðurlagi bréfs hans segir:

Að lokinni ítarlegri könnun á málavöxtum og eftir viðræður við stjórn PÍ get ég fallist á niðurstöðu Siðanefndar PÍ í málinu. Vegna þess að í fyrrgreindri 6. gr. í kaflanum um Siðanefnd PÍ í Codex ethicus er ekki ætlast til að broti, sem telst alvarlegt, verði skotið til embættis Biskups Íslands, sé ég ekki ástæðu til að hafa frekari afskipti af máli þessu.

Settur biskup kynnti kirkjumálaráðherra afgreiðslu sína með bréfi til hans, dagsettu sama dag, en í niðurlagi þess bréfs sagði svo:

Tel ég eðlilegt að kynna yður, virðulegi ráðherra, framgang málsins sem æðsta yfirmanni Þjóðkirkjunnar á hinu veraldlega stjórnsýslusviði, svo að þér getið gripið til viðeigandi ráðstafana í tilefni af málavöxtum, ef þér sjáið ástæðu til.

Stjórn Prestafélags Íslands ræddi málið því næst á fundi 20. maí 1996. Bókun í fundargerð um málið er svohljóðandi:

Bréf herra Bolla Gústavssonar, vígslubiskups dags. 15. maí 1996 um það mál er varðar embættisbrot Biskups Íslands.

Sr. Baldur Kristjánsson lýsti því yfir að hann teldi sig ekki vanhæfan til umfjöllunar um félagsleg málefni en kaus að víkja af fundi af tillitssemi við aðra stjórnarmenn þar sem honum sé kunnugt um afstöðu þeirra.

Eftirfarandi bókun var gerð og var formanni falið að koma henni á framfæri við herra Bolla, Herra Ólaf Skúlason og kirkjumálaráðherra:

Stjórn P.Í. fagnar því að settur biskup, herra Bolli Gústavsson hefur lokið máli því er stjórn P.Í. vísaði til embættis biskups Íslands dags. 3ja apríl og varðar alvarlegt brot Biskups Íslands gagnvart hinu kirkjulega embætti, er hann ber út opinberlega upplýsingar um fund sóknarprests og skjólstaðings. Biskup hefur sjálfur gengist við brotinu.

Máli þessu vísaði siðanefnd presta til stjórnar félagsins með bréfi dags. 27. mars 1996 í samræmi við siðareglur.

Stjórn P.Í. álitur brot þetta svo alvarlegt gagnvart vörslu þagnarskyldu hins kirkjulega embættis að ekki væri viðunandi að ljúka því einungis á sviði hinna félagslegu úrræða prestastéttarinnar.

Því óskaði stjórnin eftir því að embætti biskups Íslands kæmi að málinu og ætti þátt í lúkningu þess.

Eftir að herra Ólafur Skúlason hafði sagt sig frá málinu vegna vanhæfis, setti kirkjumálaráðherra herra Bolla Gústavsson til að fara með biskupsvald í máli þessu og fól honum „að taka erindi Prestafélagsins til sjálfstæðrar meðferðar og taka síðan ákvörðun um úrlausn þess“.

Þar sem settur biskup hefur tekið ákvörðun um úrlausn málsins og lokið því með því að ítreka niðurstöðu siðanefndar P.Í., telur stjórn P.Í. afskiptum sínum lokið af málinu og treystir því að kirkjumálaráðherra ljúki því með viðeigandi hætti í tilefni af málavöxtum, sjái hann ástæðu til.

Tekur stjórn P.Í. undir álit og niðurstöðu setts biskups í málinu.

Bókun stjórnar Prestafélags Íslands var send kirkjumálaráðherra með formlegu erindi sama dag og samrit sent Bolla Gústavssyni og Ólafi Skúlasynti.

18.2 Framburður fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings

Rannsóknarnefnd kirkjuþings tók viðtöl við alla aðalmenn í stjórn Prestafélags Íslands á þessum tíma, þá Geir Waage, Baldur Kristjánsson, Braga Skúlason, Gunnar Sigurjónsson og Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Þá var einnig rætt við Helgu Soffíu Konráðsdóttur sem var varamaður í stjórninni. Rannsóknarnefndin tók loks viðtal við Þorstein Pálsson, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, sem gerð verður grein fyrir í lok kaflans.

Í viðtali rannsóknarnefndarinnar við Geir Waage, formann stjórnar félagsins, var hann inntur eftir afstöðu sinni til málsmeðferðar siðanefndar Prestafélags Íslands og stjórnar félagsins í „biskupsmálinu“. Aðspurður hvort hann teldi að siðareglurnar frá 1994 hefðu verið miðaðar við sömu fyrningarreglur og í refsilögum svaraði Geir því neitandi. Siðareglurnar væru á allt öðru sviði. Lýsti hann þeirri skoðun sinni að skýra yrði alla aðkomu Prestafélagsins að málinu í ljósi þess að siðareglur þess væru „á sviði sálusorgunar“ og þess vegna hefði stjórn félagsins kostað öllu til að tryggja fólki áheyrn. Burtséð frá því hvort það hefði verið sekt eða saklaust, burtséð frá því hver aðkoma þeirra að málum hefði verið,

sem þolendur eða gerendur, þeir sem í hlut áttu skyldu alltaf fá áheyrn þó að úrræðin væru svo engin af því að þetta væru sálusorgunarmál. Um hvort konurnar þrjár hefðu fengið nægilega áheyrn hjá siðanefndinni kvaðst Geir ekki getað tekið afstöðu til þess þar sem stjórn félagsins hefði „vandað sig svo mikið“ við að hafa ekkert samband við siðanefnd félagsins, nema á þessum formlegu fundum sem fóru fram. Stjórn Prestafélagsins hefði ekki átt að skipta sér af meðferð mála fyrir siðanefndinni og hefði ekki átt að hafa skoðun á málsmeðferðinni. Siðanefndin yrði að vera sjálfstæð, líka gagnvart stjórninni. Sérstaklega aðspurður um þá stöðu ef siðanefnd vísar máli til stjórnar Prestafélagsins svaraði Geir: „Þá ber stjórn Prestafélagsins að taka á því máli eins og það er afmarkað.“ Undir Geir var þá borið að í álitserð siðanefndar Prestafélagsins frá 12. febrúar 1996, þar sem málinu var lokið gagnvart Vigfúsi Þór Árnasyni vegna sátta á milli hans og Sigrúnar Pálínu, hefði „öðrum afurðum málsins“ verið vísað til stjórnar Prestafélagsins. Þar hefði augljóslega verið um að ræða ásakanirnar á hendur biskupi. Aðspurður af hverju stjórn Prestafélagsins fjallaði ekki efnislega um málið í ljósi þessarar tilvísunar siðanefndarinnar svaraði Geir: „Vegna þess að stjórnin hafði ekki nokkur úrræði til þess að gera annað heldur en bara að reyna að tryggja málum [farveg].“ Aðspurður hvort það hefði ekki a.m.k. komið til greina að konurnar fengju áheyrn hjá stjórn Prestafélagsins áður en málinu lyki svaraði Geir: „Þær höfðu ekki óskað eftir því, held ég.“ Kvaðst hann ekki telja að stjórnin hefði átt að hafa frumkvæði að því og skýrði þá afstöðu sína með þessum orðum:

... Málið var allt rammpólitískt þvers og kruss. Við vorum settir upp sem svartstakkar sem væru í samsæri við að steypa biskupi Íslands. Við urðum að fara mjög varlega, við urðum að afmarka okkur mjög þrönga aðkomu að öllum málum og reyna að verja bara þennan farveg, að fólk fengi áheyrn. Það væri ekki hægt að stinga málunum undir stól.

Ítrekað spurður af hverju konurnar hefðu þá a.m.k. ekki fengið áheyrn hjá stjórninni svaraði Geir: „Ef þær hefðu óskað eftir því þá hefðum við gert það.“ Aðspurður hvort það hefði verið rætt að hafa frumkvæði að því að veita slíka áheyrn, þar sem málinu hefði verið vísað til stjórnar, svaraði Geir: „Ég held að við höfum aldrei rætt það út frá þeim sjónarhóli. Það var bara gjörsamlega ómögulegt.“ Ástæðan hefði verið ástandið í stéttinni og hjá þjóðinni. Stjórn Prestafélagsins hefði verið í nauðvörn um það eitt að reyna að halda þessum farvegi til siðanefndar opnum og að blandast ekki efnislega inn í þessi mál. Þeim hefði tekist það að hans mati. Þeir hefðu ekki blandast efnislega inn í þessi mál.

Þetta mál hefði verið í beinu framhaldi af Langholtskirkjumálinu og tengslin milli Langholtskirkjumálsins og þessa máls hefðu fyrst komið í ljós um miðjan mars þegar Ólafur Skúlason hefði opinberað það sjálfur að trúnaðarmenn í flestum kirkjum á Reykjarvíkursvæðinu hefðu látið hann vita þegar tilteknaðar manneskjur komu til sóknarpresta. Að því er varðar aðkomu sóknarprestans í Grafarvogi hefði hann ekki þurft þess sökum þess að Vigfús Þór hefði sjálfur verið einn af hans nánun trúnaðarmönnum, eins og komið hefði best í ljós þegar atburðirnir í janúarbyrjun 1996 væru skoðaðir. Það hefði verið Vigfús Þór sem hefði í fjölmiðlum verið málsvari þeirra sem réðust með ægilegu offorsi á stjórn Prestafélagsins, sér í lagi á formanninn, vegna Langholtskirkjumálsins. Það hefði verið Langholtskirkjumálið sem hefði valdið því að stjórn Prestafélagsins hefði allt í einu verið komin inn í hörkudeilur við biskupinn frá og með áramótunum 1995/1996. Þessar ásakanir um kynferðisofbeldi hefðu komið fram í lok janúarmánaðar. Þær hefðu verið í beinu framhaldi af Langholtskirkjudeilunni, eins og Þjóðin hefði skilið það. Þjóðin hefði séð í þessu samsæri, þar sem hún hefði verið mötuð af upplýsingum um samsæri svartstakkanna um að koma biskupi Íslands frá. Þar lægju tengsl þessara tveggja mála. Framangreinda skoðun sína áréttaði Geir síðan með þessum orðum:

Það hefði orðið til þess að hengja þessi mál við samsæriskenningarnar að öllu leyti. Siðanefndin er alveg gjörsamlega sjálfstæð í sínum störfum, hún er sáttanefnd fyrst og fremst, en stjórn Prestafélagsins er sá aðili sem fer með heildarhagsmunum stéttarinnar og við gátum ekki farið að gera okkur að sáttanefnd í máli sem var þannig vaxið að það var komið út og suður algjörlega. Við höfðum ekki gert annað en að hella olíu á eldinn. Þetta verðið þið auðvitað að meta. Þetta er í fyrsta skipti sem að ég stend frammi fyrir þessari spurningu. Á þessum tíma kom það aldrei til tals, það kom ekki til tals. ... ástandið í Þjóðfélaginu og í kirkjunni þegar kemur fram í febrúarmánuð 1996 er þannig að prestafélagsstjórnin varð að mínu viti, og ég er enn þeirrar skoðunar, að gæta þess að taka enga efnislega afstöðu í ásökununum sem fram komu á hendur biskupi. Eini aðilinn sem gat eitthvað hjálpað, og það undir formerkjum sálusorgunar, var siðanefndin. Hún er fyrst og fremst sáttanefnd og sálusorgunarnefnd. Stjórn prestafélagsins getur ekki verið það og það kom aldrei til tals af okkar hálfu að við færum að gerast neins konar framkvæmdaraðilar eða þrýstingsaðilar í þessu máli. Við áttum nóg með það bara að halda þessum kanölum opnum.

Geir bætti svo við að „strúktúrinn í kirkjustjórninni hafi verið mjög óheppilegur“. Þetta mál hefði komið upp á mjög ótryggum tíma, þegar verið var að reyna að koma einhverri breytingu á kirkjustjórnina, síði og venjur, lög og reglur o.s.frv. Þetta mál hefði komið upp á versta tíma í því samhengi. Siðanefnd Prestafélagsins hefði verið sett á laggirnar þegar

siðareglur Prestafélags Íslands voru samþykktar á prestastefnu í Vestmannaeyjum vorið 1994. Karl Sigurbjörnsson, núverandi biskup, hefði verið aðalhöfundur siðareglanna og hefði lagt mjög mikið á sig til að koma því máli fram.

Í viðtalinu hjá rannsóknarnefnd kirkjupings var Geir jafnframt spurður út í það hvort hann hefði upplýsingar um að kirkjunnar menn, sérstaklega í siðanefnd eða stjórn félagsins, hefðu komið gögnum og upplýsingum til fjölmiðla meðan á meðferð siðanefndarinnar og stjórnarinnar á málum er vörðuðu biskup stóð. Þeirri spurningu svaraði Geir svo:

Já já, það veit ég. ... Það var í fyrsta lagi herra Ólafur sjálfur, hann kunni það verk að leka því sem hentaði honum þegar það hentaði honum. Stjórn Prestafélagsins kom alltaf saman ásamt varamönnum, gáði að því. Varamenn voru alltaf boðaðir á fundina.

Geir tók fram að það verklag hefði strax verið tekið upp þegar hann varð formaður að greiða aldrei atkvæði um mál í stjórn, heldur færa mál ævinlega til sameiginlegrar niðurstöðu. Þetta hefði verið „kirkjupinga-aðferðin gamla“ og þau ár sem hann hefði verið formaður Prestafélagsins hefði aldrei verið brestur á að þetta gengi upp, en það hefði getað tekið býsna langan tíma. Það hefði líka verið ákveðið að boða alltaf varamenn. Það hefði verið mjög rækilega útlistað fyrir stjórnarmönnum að varðandi viðkvæm mál yrði að gæta fyllsta trúnaðar. Varamennirnir hefðu setið þessa fundi, þar sem fjallað var um biskupsmálið, eins og aðra fundi, og að minnsta kosti einn varamaður hefði alltaf farið af fundi áður en fundinum lauk af því að hann hefði þurft að sækja barn á barnaheimili. Mjög fljótlega hefði hann komist að því að áður en þessi stjórnarformaður fór að sækja barnið hefði hann farið beint upp til biskups og sagt honum frá öllu því sem gerðist á fundunum. Sérstaklega aðspurður skýrði Geir svo frá að þarna hefði verið um að ræða Helgu Soffíu Konráðsdóttur. Biskup hefði fengið upplýsingar beint innan úr stjórninni og kvaðst hann geta nefnt dæmi. Á einum fundinum um þetta leyti hefði símhringingum heima hjá honum í Reykholti ekki linnt. Konan hans hefði endalust verið að taka símann. Einn stjórnarfundurinn hefði staðið fram á kvöld. Þeir hefðu setið inni í stjórnarherbergi, aðalmennirnir, og kveikt á útvarpinu klukkan 22:00 til að heyra tíufréttir. Þá hefðu þeir heyrt nákvæmlega rakinn gang fundarins fram undir klukkan 18:00 eða 19:00 í fréttatím- anum. Og einmitt sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sem hefði stundum legið undir ámæli eða ádrætti um að eitthvað kynni að vera frá honum komið sem barst út af stjórnarfundum, hefði verið svo fjarskalega glað-

ur yfir því að hann sat inni í herberginu allan tímann og það gæti ekki verið frá honum komið. Kristinn væri mjög góðgjarn maður. Hann ætti erfitt með að standa í illdeilum og að vera í ósætti við menn. Kristinn hefði stundum látið skilja sig þannig að hann hefði kannski sagt heldur mikið við biskup þegar þeir hittust. Kristinn hefði hins vegar staðið með stjórninni að öllu leyti „á þessu prinsippi að allir ættu rétt á áheyrn“ og hann hefði staðið alveg drengilega með þeim í þessu. Á framangreindum fundi hefði það hins vegar verið staðfest, sem Geir hefði áður fengið að vita frá ónefndum presti úti í bæ, að Helga Soffía Konráðsdóttir bæri allt jafnóðum í biskupinn. Þá vissi Geir þetta þar sem hún hefði löngu seinna komið til hans til að biðjast fyrirgefningar á þessu. Hún hefði verið einn af þeim prestum sem komu að þessum málum sem sérstakur „and-stæðingur“ hans. Hún hefði beðið hann fyrirgefningar á framkomu sinni gagnvart honum. Hann hefði þá bent henni á að það væri ekki gagnvart honum sem hún þyrfti að biðjast fyrirgefningar heldur gagnvart stéttinni og hún hefði tekið undir það.

Þá greindi Geir frá því að lekin af stjórnarfundum hefði verið þeim öllum kunnur og það væri bara spurningin hver hefði lekið hverju á hverjum tíma. Þeir stjórnarmenn sem aldrei hefðu lekið neinu hefðu verið sr. Gunnar Sigurjónsson og sr. Bragi Skúlason. Þá kannaðist hann sjálfur ekki við að hafa lekið upplýsingum. Auðvitað hefði allt lekið beint til biskups á meðan Baldur Kristjánsson biskupsritari sat fundina.

Sr. Baldur Kristjánsson, þáverandi biskupsritari og varaformaður stjórnar Prestafélags Íslands, var fyrir rannsóknarnefndinni spurður um hvort hann hefði rætt við biskup um þau mál sem voru til meðferðar hjá stjórn félagsins. Þessu svaraði Baldur svo: „Aldrei, nema að hann skammaði mig stundum fyrir það að gæta ekki hagsmuna sinna.“ Þá hefði hann aldrei sýnt biskupi erindi sem lögð voru fram á fundum stjórnarinnar. Þá héldi hann að hann hefði ekki rætt við aðra utan stjórnarinnar eða siðanefndarinnar um biskupsmálið. Aðspurður um af hverju hann hefði ekki vikið sæti í stjórninni fyrr, en hann hefði t.d. setið fund stjórnarinnar 19. febrúar 1996, og þá hvort hann hefði talið sig geta fjallað um málið með hlutlægum hætti í ljósi stöðu sinnar gagnvart biskupi, svaraði Baldur því til að hann myndi ekkert eftir þeim fundi. Eftir að Geir Waage varð formaður hefði stjórn Prestafélagsins fyrst og fremst orðið „tæki í innanflokksátökum í kirkjunni“. Stjórnunarstíll Geirs hefði verið alveg ótækur. Biskupsmálið hefði borið að með þeim hætti að enginn hefði hugsað skýrt. Kvaðst hann hugsanlega hafa átt að segja sig frá málinu strax. Hann hefði ekki litið á sig sem einhvern sérstakan aðstoðarmann biskups. Hann hefði hins vegar verið staðgengill hans og verndari biskupsstofu. Það hafi verið „ein af þessum grátbroslegu tilviljunum að

Sigrún Pálína skyldi leita til sr. Geirs og síðan til Flóka Kristinssonar sem voru búnir að standa í stríði við biskupinn í mörg ár þegar þarna var komið“. Beðinn um að útskýra þetta nánar svaraði Baldur: „Það bara bauð upp á að ásakanir þeirra, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að eru sannar, það bara bauð upp á að það yrði litid á það sem lið í innanhúss-átökum í kirkjunni.“ Sérstaklega aðspurður hvort þetta upphaf málsins hefði í rauninni mótað vegferð þess, þ.e. viðbrögð kirkjunnar, síðanefndar og stjórnar Prestafélagsins, auk kirkjuráðs og Prófastafélagsins svaraði Baldur játandi: „Það mótaði allt málið og varð til þess að menn skiptust óþarflega upp í hópa.“

Aðspurður um hvort hann hefði rætt við fjölmiðla á þessum tíma svaraði Baldur því til að hann hefði verið í fjölmiðlum „á hverjum einasta degi“: „Ég man ekki til að ég hafi svarað miklu um þetta mál nema ég var sífellt að segja þeim að Ólafur biskup væri í Rotterdam eða hvar sem hann flúði og svo var ég að svara fyrir öll önnur mál.“ Hann hefði ekki fengið nein fyrirmæli frá biskupi um hvernig hann ætti að haga málum á vettvangi stjórnar Prestafélagsins.

Undir Baldur var borin ofangreind fundargerð af fundi í stjórn Prestafélagsins 4. mars 1996 þegar fram kom tillaga af hálfu Helgu Soffíu Konráðsdóttur um að mál biskups yrði ekki rætt á fundinum. Þar kemur jafnframt fram að Baldur hafi stutt þessa bókun og hafi flutt þar tilmæli frá biskupi um að fulltrúa hans yrði gefinn kostur á að mæta á fundinn færi svo að mál hans yrðu rædd. Kvaðst Baldur ekki muna eftir bókuninni en fannst hún kunnugleg. Neitaði hann því að þau Helga Soffía hefðu staðið sameiginlega að tillögunni. Samskipti hans og Helgu Soffíu hefðu engin verið á þessum tíma. Sérstaklega aðspurður hvort hann neitaði því með öllu að hann eða aðrir, eins og Helga Soffía, hefðu gert tilraun til þess að stöðva framgang málsins í stjórn Prestafélagsins og þá til að gæta hagsmuna biskups, svaraði Baldur:

... ég leit á það sem hlutverk mitt í samvinnu við Ragnhildi að koma biskupsstofu og fólkinu sem þar vann sæmilega heilu út úr þessu. Og það getur vel verið að við, ég eða einhver annar, hafi reynt að stöðva einhverjar ályktanir í stjórn Prestafélagsins um Ólaf, en það var ekki vegna þess að við vorum að drepa þessu máli á dreif. Ég var orðinn sannfærður um mjög fljótlega að þetta væri allt alveg rétt. Við deildum um vettvang málsins.

Aðspurður um hver hefði að hans mati verið réttur „vettvangur málsins“ svaraði Baldur:

Síðanefndin var tvímælalaust réttur vettvangur málsins og ég held að ég hafi bara álitid að dómstólaleiðin væri réttur vettvangur málsins og að biskup ætti

að stíga til hliðar. Mjög fljótlega komst ég á þá skoðun að hann ætti að stíga til hliðar eða segja upp, mjög fljótlega.

Undir Baldur var borin frásögn Geirs Waage af fundi hins síðarnefnda með biskupi um mánaðamótið janúar/febrúar 1996. Aðspurður hvort hann myndi eftir fundinum svaraði Baldur:

Þetta er eitt af því sem ég man. Ég sat inni hjá mér og sr. Geir er kominn út að lyftunni og biskup stendur í dyrunum sínum. Það er sennilega opið hjá mér þannig að ég hef kíkt fram og þess vegna er þetta svona myndrænt og þeir æpa hvor á annan eins og 7 ára gamlir strákar og það voru bara blótsyrði. Það er ekkert á þig að treysta og þú ert bölvaður þrjótur og þú vilt kirkjunni allt illt ... Þeir segja þetta sitt á hvað. Geir kallar á þá lund að Ólafur sé þrjótur og illmenni og Ólafur á Geir á móti að honum sé ekkert að treysta og hann sé að rífa niður kirkjuna. Þetta er svona efnislega það sem situr í minningunni. Þetta var alveg svakalegt. Síðan fékk maður það á tilfinninguna og báðir hafa sjálfsagt talað um það að Ólafur hafi boðað sr. Geir til sín til þess að reyna að jafna málin, til þess að þeir gætu unnið saman. ...

Sérstaklega aðspurður hvort hann telji að meta verði málsmeðferð síðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands á árinu 1996 í samhengi við ákveðin innanflokksátök innan kirkjunnar, hugsanlega ákveðna valda-baráttu, svaraði Baldur: „Þetta samhengi, það er alveg vonlaust að skilja málið án þessa samhengis, skilja það í hvers konar þrætu þetta fór.“

Um hvort Baldur teldi eftir á að hyggja að stjórn Prestafélagsins hefði gert einhver mistök við meðferð málsins svaraði hann því játandi: „... að mínu viti átti formaður félagsins að tala um málið í stjórninni áður en hann vísaði því til síðanefndarinnar. Hann átti að vinna það sem formaður stjórnarinnar en ekki sem einstaklingur. Ég held að það hafi spilt öllu málinu að hann hafi unnið þetta að hluta til sem einstaklingur.“

Þess skal getið að í framhaldi af viðtali rannsóknarnefndar kirkjuþings við Baldur Kristjánsson barst formanni nefndarinnar svohljóðandi tölvupóstur frá Baldri 24. janúar 2011, en þar sagði m.a. svo:

...

2. Fyrsta spurning til mín í morgun var af hverju ég hefði ekki sagt mig frá málinu strax. Því er til að svara að það var aldrei fjallað um þetta mál heldur hvort það ætti heima í prestafélaginu. Hvort að Prestafélagið ætti sem sagt að gerast dómari. Á þessu stigi var aðeins ein ákæra komin fram ef ég man rétt og kvenfélag Bústaðasóknar hafði sent biskupi traustsyfirlýsingu. Á þessum tíma voru menn rétt byrjaðir að átta sig á eðli vanhæfiskröfunnar og mér hefur sennilega ekki dottið hún í hug.
3. Það er ekki sanngarnt að rekja ákafa og sannfæringu Geirs Waage til þess að hann hafði verið í illdeilum við biskup frá fyrstu tíð. Ákafa og sannfæringu hans má eflaust rekja til þess að hann hafði hitt Sigrúnu Pálinu eða hún leitað

til hans. Fyrir okkur hinum var þetta fjarlæggt og málum blandið á þessu frumstigi og prestafélagið ekki vettvangur. Ég ætla Flóka heldur ekkert misjafnt. Ákafi hans helgaðist örugglega af því að Sigrún hafði leitað til hans. Ég veit ekki af hverju Sigrún Pálína var aldrei boðuð á fund með okkur í stjórninni en það voru auðvitað hrapalleg mistök að gera það ekki.

4. Hafi tillögugerð Geirs gengið út á það að reka Ólaf úr félaginu hafa rök okkar hinna örugglega verið þau að yfirgnæfandi meirihluti presta væri því andvígur. Á þessum tímapunkti bárust Ólafi stuðningsyfirlýsingar frá prestum hvaðanæva þar með frá flestum höfuðklerkum landsins ef ég man rétt. Það er ekki fyrr en síðar að margir fóru að efast.
5. Tillögugerð Helgu Soffíu. Hvort ég ræddi við hana? Man það ekki og örugglega ekkert ráðabrugg. Ég hef hreinlega aldrei staðið í slíku. En tillöguflutningur Helgu Soffíu sýnir í hvílíkum ógöngum þetta mál var í. Helga Soffía var í hópi mikils meirihluta presta sem taldi að prestafélagið gæti ekki kveðið upp úrskurð þvert ofaní sakeysisyfirlýsingar Biskups og ofaní röksemdir helstu lögfræðinga landsins. Satt að segja finnst mér það nokkuð brött tilætlun, jafnvel eftir á að hyggja, þegar haft er í huga Kirkjuráð og Prófastafundur gefa úr traustsyfirlýsingar miklu, miklu seinna þegar málið er orðið nokkuð þroskað.
6. Ég vil líka að það komi fram að Ólafur, þó hann hefði brugðist starfsfólki embættisins í þessu máli, var ágætur yfirmaður. Hann treysti fólki fyrir verkefnum, það fékk að vinna sjálfstætt og hann var uppörvandi og hlýr, heimilislegur, fórn í innskóna þegar hann kom á skrifstofuna, heilsaði öllum hlýlega, hrósaði og spurði út í líðan. Fram að þessu var satt að segja ekki hægt að hugsa sér betri yfirmann. Og eftir að málið kemur upp þá missir hann sig held ég aldrei við starfsfólk, lét mig heyra það einu sinni eða tvisvar að ég gætti ekki hagsmuna hans innan prestafélagsins.
7. Þetta er annars allt hið undarlegasta mál. Þeir sem að öðru jöfnu eru laga-
hyggjumenn og conformistar innan okkar stéttar breyttust í eldspúandi baráttumenn fyrir réttlæti og vildu leggja til hliðar alla hefðbundna farvegi en taka málin í sínar hendur en þeir sem að öðru jöfnu verða að teljast bylt-ingarseggir og baráttumenn fyrir réttlæti hvað sem líður öllum formgerðum gjörðust varfærnir talsmenn þess að halda sig við lagafarvegi og troðnar slóðir í þeim anda sem Jón Steinar Gunnlaugsson og Ragnar Aðalsteinsson lögðu upp með. En það stóð ekki lengi.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir kvaðst aðspurð í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni aldrei hafa rætt um „biskups málið“ við biskup sjálfan eða aðra utan fundar stjórnar Prestafélagsins. Þegar borin var undir hana sú frásögn Geirs Waage að hún hefði upplýst biskup á milli funda um það sem fram fór á þeim kvaðst Helga Soffía ekki kannast við það:

... ég hafði ekkert samband við Ólaf um nokkurn skapaðan hlut, það sem ekki varðaði mitt starf eða mitt embætti ... Nei, ekki minnst ég þess, ætli það sé ekki best að taka það fram. Ég minnst þess ekki að hafa gert það og alls ekki með þeim hætti að ég væri að bera honum upplýsingar um eitthvað sem hefði komið

fram í þessum erindum. Nei, alls ekki. Það kann að vera að ef ég hef hitt hann á förnum vegi eða eitthvað svoleiðis að það hafi komið til tals milli okkar þetta mál sem væri núna til umræðu í kirkjunni og í Þjóðfélaginu. Það tel ég ... ég man það ekki, það er best að svara því þannig, en að ég hafi borið honum meðvitað eitthvert erindi úr stjórn Prestafélagsins um þetta mál það ...

Undir Helgu Soffíu var jafnframt borin sú frásögn Geirs að hún hefði beðið hann afsökunar á því að hafa á þessum tíma átt samskipti við biskup um þau mál hans sem til meðferðar voru hjá Prestafélaginu. Kvaðst hún telja þessa frásögn ranga: „Ég man ekkert eftir þessu, þetta kemur mér algjörlega á óvart, þessi saga. Ég man ekki eftir að hafa beðið sr. Geir afsökunar á nokkrum hlut utan einu sinni og ég man hvað það var.“ Það hefði hins vegar ekki tengst „biskupsmálinu“.

Undir Helgu Soffíu var loks borin ofangreind bókun í fundargerð sem rituð var vegna fundar í stjórn Prestafélagsins 4. mars 1996 þar sem bókað var að hún hefði óskað eftir því að málefni biskups og þau klögumál sem beindust að honum yrðu ekki rædd á fundinum og þannig stuðlað að því að friður skapaðist um málið í bili. Kvaðst Helga Soffía ekki muna eftir þessu. Aðspurð hvort hún hefði þá engar skýringar á því af hverju hún hefði lagt fram þessa bókun svaraði hún:

... Ég man alveg hvað var á seyði í kirkjunni þegar þetta var, með öðrum orðum þau vandamál sem kirkjan var að glíma við. Það man ég mjög vel. ... Það var þannig að það voru deilur í Langholtskirkju og deilur út af sóknarprestinum þar, m.a. um staðsetningu orgels í kirkjunni sem átti að koma þangað. Og ég man það mjög vel hvað ég heyrði mikla reiði hjá starfsfólkinu í Langholtskirkju þegar það tjáði sig í fjölmíðlum um hvernig þetta mál allt saman væri, rimma á milli sóknarprestsins og annars starfsfólks kirkjunnar. ... Ég man að ég heyrði á þessum tíma kenningar og tillögur, þótt ég hafi ekki heyrt það frá þáverandi formanni Prestafélagsins, sr. Geir, að hann ætlaði að ýta fram konunum. Þetta var ég búin að heyra eins og svo margt sem maður hefur heyrt og maður þarf að greina í sínum huga hvað eru kjaftasögur og hvað er satt, hvað er satt og hvað er logið. Ég hafði heyrt það haft eftir honum, en ég ítreka það að ég heyrði það ekki frá honum sjálfum, að hann myndi ýta konunum fram. „Þá er best að við ýtum konunum fram“ er haft eftir honum. Ég vissi ekki hvað þetta var, ég vissi ekki hvaða konur þetta voru þá, en þegar þær fara að koma fram hver af annarri þá fara að renna á mig tvær grímur um hvað sé í gangi, hvernig þetta mál væri vaxið. Til að byrja með átti ég mjög erfitt með að trúá þessu því það var allt í uppnámi. Þegar ein kona kom fram og sagði sögu sína þá trúði ég henni ekki, þegar það komu tvær þá runnu á mig tvær grímur. Það er þó ekki fyrr en þriðja konan var komin að ég fór að trúá að þetta væri rétt sem konurnar væru að segja. Þannig í stórum dráttum minnir mig að ég hafi upplifað þetta. Og þegar þú spyrð mig hvort ég hafi lagt fram þessa bókun þá getur vel verið að ég hafi viljað skapa einhvers konar frið í þessari stjórn um þessi mál því ég var farin að trúá að þessu væri stýrt, þetta væri einhver atburðarás, m.ö.o. eitthvert plott, eitthvert samsæri af hálfu manna sem voru óvillhallir biskupi Íslands. Og þessir

sem voru þá óvilhallir eða óhlýðnir biskupi Íslands hafi þá verið sr. Geir og hans vinir sem voru þarna í stjórninni. Nú segi ég eftir á að ég veit ekkert hvort að þetta var rétt, en svona var andrúmsloftið og það var mjög erfitt að átta sig á því hvað væri satt og rétt.

Aðspurð um hvort hún teldi enn að atburðarásinni hefði verið stýrt á þessum tíma og þá í samhengi við valdabaráttu innan kirkjunnar svaraði Helga Soffía:

Ég tel að atburðarásinni í þessu máli hafi verið stýrt á einhvern hátt, ég tel það, já. Ég gat ekki séð að við í stjórn Prestafélagsins værum einhvers konar dómur í þessu máli og við ættum að fara að ... ég man að ég hugsaði að ef að þessar konur hafa orðið fyrir áreitni af hálfu Ólafs þá ættu þær að snúa sér til lögreglu eða til dómsvalda, en ekki til stjórnar Prestafélagsins, þannig hugsaði ég og þannig hugsa ég ennþá.

Sr. Gunnar Sigurjónsson kvaðst í skýrslu sinni fyrir rannsóknarnefndinni aldrei hafa rætt „biskupsmálið“ við biskup sjálfan eða aðra utan fundar stjórnarinnar. Aðspurður hvort hann hefði upplýsingar eða beina vitneskju um að aðrir stjórnarmenn hefðu komið upplýsingum á framfæri, hvort sem er við biskup eða fjölmiðla, svaraði Gunnar því neitandi: „Eigi að síður fannst okkur merkilegt að það var eins og það væri mjög erfitt að eiga trúnaðarsamtöl í stjórn Prestafélagsins. Þá var ég ekkert endilega að hugsa um þetta mál því að á þessum tíma erum við að fást við mörg, svo ég segi bara, leiðinleg mál. Þarna er uppi Langholtsdeilan á sama tíma, það var verið að setja prest af á Þingvöllum og það var bara gert í gegnum Stöð 2. Okkur fannst margt það sem við vildum ræða í stjórn Prestafélagsins vera komið fljótt í fjölmiðla“. Spurður um það af hverju ekki hefði verið lagt til þegar á sameiginlegum fundi stjórnarinnar og síðanefndar 19. febrúar 1996 að sr. Baldur Kristjánsson biskupsritari viki sæti svaraði Gunnar því til að það hefði verið til umræðu með reglulegu millibili: „... það var mjög óþægilegt á þessum tíma að vera með biskupsritara í stjórninni og það var alveg augljóst að það var lögð ofuráhersla af Ólafi á að biskupsritari væri involveraður á sem flestum stöðum.“

Undir Gunnar var borin fundargerð af fundi stjórnar Prestafélagsins 4. mars 1996, sem áður er nefnd. Kvaðst hann ekki muna eftir tillögu sr. Helgu Soffía Konráðsdóttur sem studd var af biskupsritara. Þó kvaðst hann muna vel eftir komu lögmannna biskups á fundinn og kröfum þeirra um að stjórnin aðhefðist ekki frekar í málefnum biskups: „... Og þetta var bara mjög óþægilegur tími og lítill starfsfriður í stjórn Prestafélagsins. Það var sótt að okkur einhvern veginn úr öllum áttum og þegar við erum að reyna að fjalla um þetta eins faglega og okkur er frekast kostur

Þá eru að koma ályktanir utan úr bæ, jafnvel af prófastafundi eða eitt-hvað þvíumlíkt sem var svona eins og hróp að okkur í stjórninni. Við í sjálfu sér vorum ekki að fella neinn dóm í þessu máli. Eigi að síður fannst okkur alltaf að það væri áheyrnar þörf og það var ekki veitt sem var í raun og veru eins og ég upplifði það, var í raun og veru það eina sem Sigrún Pálína var að fara fram á.“

Aðspurður af hverju konunum var ekki gefinn kostur á að koma fyrir stjórn Prestafélagsins og segja sögu sína svaraði Gunnar því til að þær hefðu aldrei farið fram á það. Þær hefðu farið fyrir siðanefndina. Það hefði verið eini vettvangurinn sem stjórn Prestafélagsins hefði haft á þessum tíma þar sem ekkert fagrað hefði verið til. Stjórn Prestafélagsins hefði ekki haft önnur úrræði í sinni stöðu, hún hefði ekki getað áminnt eða neitt þvíumlíkt. Stjórnin hefði hugsanlega getað rekið biskupinn úr Prestafélaginu.

Sérstaklega spurður um það af hverju stjórn Prestafélagsins hefði ekki ályktað sérstaklega um „biskupsmálið“ þegar siðanefnd félagsins hafði vísað því til hennar, eins og gert var með trúnaðarbrot biskups hvað varðaði yfirlýsingu fjórmeninganna í Langholtskirkju, svaraði Gunnar að stjórnin hefði ekki haft „afl til þess“. Spurður um hvort hann hefði á þessum tíma talið að „biskupsmálið“ væri hluti af „valdabaráttu innan kirkjunnar“ svaraði Gunnar því játandi:

Ja, það var á þessum tíma, eins og þið kannski munið, að þá lögðu menn það upp að það væru til einhverjar blokkir innan kirkjunnar, aðallega var það lagt upp að það væru einar tvær og önnur blokkin var kölluð svartstakkar og það var svona litið á þá einstaklinga sem þar ættu að vera í hópi að þeir væru sem sagt í einhverju uppnámi eða andstöðu við biskupinn. Nú er ég að segja það sem almannarómur var að tala og reyndar var þetta rætt svona meðal presta. Ég var stimplaður inn í þann hópinn, þ.e.a.s. þennan svartstakkahóp ásamt sr. Geir o.fl. Það var nú mikill misskilningur í kringum þá umfjöllun alla, en það var lagt þannig upp að við værum sem sagt ákveðin blokk. Það er nú lítið sem sameinar okkur sem áttum að vera þarna í einhverri samstöðu nema kannski að við fundum fyrir því að það voru vanhöld á ýmsu í stjórnsýslu kirkjunnar og vildum þar ákveðnar breytingar. Þetta snerist líka um afstöðu okkar í helgihaldi og annað slíkt sem kemur kannski málinu ekki beinlínis við. En við vorum settir svolítið til hliðar og af því að við höfðum tekið afstöðu til þess að Ólafur ætti beinlínis að víkja þá vorum við náttúrulega ekki vel séðir almennt innan stéttarinnar og ekki meðal almennings því kannski eins og þið munið að þá var almenningur almennt á bandi með Ólafi og fjölmiðlarnir eins og þeir lögðu sig þannig að það var við ramman reip að draga. Það sama átti við í Langholtsmálinu, þá vorum við stimplaðir sem svartstakkar og þar af leiðandi værum við bara að þessu af því að við værum á móti Ólafi og værum að taka afstöðu með sr. Flóka Kristinsyni sem hafði í raun og veru ekkert með málið að gera nema við tókum afstöðu til þess, þeirra efnisatriða sem þar voru uppi. Menn geta svo sem séð í dag hver

hafði rétt og hver hafði rangt fyrir sér í þeim efnum. En við vorum alltaf minnihluti, það var alveg sama hvar við komum, við vorum alltaf minnihluti.

Fyrir rannsóknarnefndinni kvaðst sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson aldrei hafa rætt við biskup eða aðra um þau mál sem voru til meðferðar hjá stjórninni, „nema þegar verið er að tala um málið bara almennt“. Taldi hann það hins vegar aldrei spurningu að upplýsingum hefði verið lekið út úr stjórninni. Hann hefði haft tvo menn grunaða, Geir Waage og Baldur Kristjánsson.

Kristinn kvaðst ekki muna eftir stjórnarfundinum 4. mars 1996, en taldi sig þó muna eftir tillögu af því tagi sem þar hefði verið borin fram. Kvaðst hann jafnframt muna almennt eftir ályktunardrögum Geirs um lúkningu málsins. „Ég gerði mér fljótlega grein fyrir því að þetta var mál þess eðlis að það hlaut að vera eitthvað sem þyrfti að skoða, það væri ekki allt með felldu. En ég var alltaf þessarar skoðunar að það væru dómstólar og saksóknari sem ætti að fjalla um þetta mál en ekki stjórn Prestafélagsins sem var fyrst og fremst hagsmuna- og fagfélag og það voru mikil átök alltaf á fundum út af þessu.“

Kristinn Ágúst kvaðst kannast vel við siðareglurnar frá 1994. Hann, Karl Sigurbjörnsson og fleiri hefðu skrifað þær. Það væri ljóst að stjórn Prestafélagsins hefði samkvæmt siðareglunum getað gripið til aðgerða í formi viðurlaga ef prestur bryti af sér. Aðspurður um af hverju hefði þá ekki verið farið með mál kvennanna þriggja með þeim hætti og því lokið með endanlegri ályktun stjórnarinnar svaraði Kristinn Ágúst:

Ég held að þetta skýrist dálítið mikið af því að við vorum svo þreytt á því að það var endalaust verið að reyna að nota stjórnina í kirkjupólitískum tilgangi. ... Það var valdabarátta, nánast hatur milli ákveðinna aðila og Ólafs vegna t.d. biskupskosninga ...

Taldi Kristinn Ágúst það ljóst að það hefði haft áhrif á meðferð málsins að menn hefðu sett „biskupsmálið“ í þetta samhengi. Ef málið hefði beinst að öðrum en biskupnum hefði það „fengið rétta afgreiðslu, þ.e.a.s. málið hefði þá bara fjallað um ætlar stjórnin sér að beita einhverjum úrræðum vegna niðurstöðu siðanefndarinnar. ... Ég held að málið hafi kafnað í ofurást á því að gera mikið mál úr þessu. Við höfum aldrei komist að hinu tæra hlutverki okkar.“ Þá greindi Kristinn Ágúst frá þeirri skoðun sinni að yfirlýsingar kirkjuráðs og Prófastafélags Íslands hefðu haft áhrif á meðferð málsins í stjórn Prestafélagsins.

Sr. Bragi Skúlason kom fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Kvaðst hann eftir því sem hann myndi best hafa ítrekað rætt við biskup á þessum tíma, biskup hefði hringt mikið og spurt um ýmsa þætti, en Bragi hefði

þó aldrei greint frá umræðum í stjórn Prestafélagsins. Biskup hefði í samtali í janúar 1996, þegar ásakanirnar voru komnar fram, vísað til fyrri samskipta og „frændsemi“ þeirra. Hann hefði spurt hvort Bragi stæði ekki með honum. Bragi hefði þá tjáð honum að svona mál ætti að setja í formlegan farveg. Biskup yrði jafnframt að gera sér grein fyrir því að þetta snerist ekki bara um hann sem persónu, hann væri sitjandi biskup. Þegar málið hefði komist í hámaeli hefði honum fundist margt í framkomu og framgöngu biskups mjög skrýtið. Hann hefði síðan átt annað samtali við biskup í febrúar og þá tjáð honum þá afstöðu sína að hann yrði að víkja tímabundið á meðan málið færi í rannsókn. Biskup hefði ekki viljað hlusta á það frekar en fyrri daginn. Kvaðst hann geta staðfest að biskup hefði ítrekað reynt að þagga málið niður á vettvangi stjórnar Prestafélagsins:

Já, en þetta gekk nú reyndar meira að segja heldur lengra af því að hann kallar mig á fund í júní eftir fund stjórnar Prestafélagsins sem að ég held að hafi verið 12. júní eða einhvern tímann þá, það var allavega í aðdraganda prestastefnu, og fær mig bara inn á skrifstofu á biskupsstofu og það var einhver freklegasta aðferð sem ég upplifði hjá [honum]. Hann gekk mjög hart að mér og í framhaldi af því á sér stað þetta uppgjör sem verður síðan á prestastefnunni. ... Hann vill ... að ég standi með sér, það er bara þannig og að hluta til eru menn þá byrjaðir að sjá þessa pólariseringu í stjórninni, að það er nánast orðinn til meirihluti og minnihluti og ég var allavega orðinn þeirrar skoðunar á þessum tíma að ég treysti hreinlega ekki orðum biskups, þannig að ég var eiginlega kominn í þann hóp sem vantreysti honum.

Bragi greindi frá því að hann taldi „fullkomlega óeðlilegt“ að biskupsritari sæti fundi stjórnar Prestafélagsins þar sem „biskupsmálið“ var til umræðu. Þessi staða hefði verið rædd á fundum og við hann persónulega. Aðspurður kvaðst Bragi muna eftir bókun sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur á fundi stjórnarinnar 4. mars 1996. Stjórnarmenn hefðu verið mjög ósammála henni, sérstaklega að því leyti að úr því að ásakanirnar væru fram komnar þá yrði að ræða þær. Þá kvaðst Bragi muna eftir því að Geir Waage hefði lagt fram einhvers konar ályktunardrög, en kvaðst ekki muna eftir þeim efnislega.

Bragi var spurður út í það eins og aðrir stjórnarmenn hvort deilur á milli manna innan kirkjunnar hefðu haft áhrif á málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins í „biskupsmálinu“. Því svaraði Bragi neitandi þótt málið hefði „náttúrlega ekki [verið] í algjöru tómarúmi“. Aðspurður af hverju konunum var ekki gefinn kostur á að koma fyrir stjórnina kvaðst Bragi ekki minnst þess að formlegt erindi um það hefði borist.

Eins og að framan er rakið kom Þorsteinn Pálsson, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, á fund rannsóknarnefndarinnar til að varpa ljósi

á meðferð ráðuneytisins á biskupsmálinu á árinu 1996 og afstöðu ráðherra til málsins.

Þorsteinn kvaðst fyrst hafa fengið vitneskju um ásakanirnar á hendur biskupi 1996 í gegnum fjölmiðla. Af dagbók hans yrði ráðið að hann hefði bókað tvo fundi með biskupi á árinu 1996, fyrri skiptið þriðjudaginn 2. janúar 1996, kl. 11:30, sem hefði reyndar snúist fyrst og fremst um deilumál sem hafði verið uppi í Langholtskirkju en hefði ekki beinst að ásökunum á hendur biskupi um kynferðisbrot. Seinni fundurinn hefði farið fram þriðjudaginn 27. febrúar, kl. 08:30, en þá hefði verið rætt um ásakanirnar. Málið hefði áður verið rætt í ráðuneytinu og ráðuneytisstjórinn verið þeirrar skoðunar að „lagarök stæðu ekki til þess að ráðherra gæti, að þeim upplýsingum fengnum sem lágu fyrir í fjölmiðlum, vikið biskupi úr starfi og þar af leiðandi væri ekki tilefni til þess að ráðuneytið hefði frumkvæði að hafa afskipti af málinu“:

Þannig að að þessi leyti var ég undir þennan fund búinn þegar biskup kom á minn fund og hans erindi var sem sagt að ræða sína stöðu vegna þessarar umræðu og ég sagði honum þá að það væri mitt mat og ráðuneytisins að það sem fram hefði komið í fjölmiðlum væri ekki þess eðlis að það væru lagaskilyrði fyrir hendi til þess að ráðherra viki honum úr starfi eins og málið lægi fyrir. Ég sagði honum hins vegar að þótt ég teldi að það væri ekki hlutverk ráðuneytisins eða mitt sem kirkjumálaráðherra að taka afstöðu til ásakana sem á hann hefðu verið bornar né heldur til þess sem að hann hafði þá sagt mér, að hann væri saklaus af þeim ávirðingum, það væri sjálfstætt rannsóknarefni sem ráðuneytið gæti ekki úrskurðað um á hvorugan veginn, en ég gæti ekki annað gert en að segja honum persónulegt mat mitt á stöðunni sem var einfaldlega það að ég taldi að umræðan væri þess eðlis að hann yrði að taka hagsmuni þjóðkirkjunnar fram yfir sína eigin hagsmuni og hagsmunir kirkjunnar í þessari stöðu væru þeir að hann viki úr starfi. Ég sagði honum að það væri mér þungbært að segja þetta vegna þess að ég hafði átt mjög góð samskipti við hann, það hafði verið unnið að þessum miklu lagabreytingum á sviði kirkjunnar og öll þau samskipti höfðu gengið mjög vel og á þau hafði ekki fallið neinn skuggi þannig að þetta væri alfarið mat mitt vegna þessarar umræðu. Þannig að þetta var svona í hnotskurn það sem ég sagði honum.

Aðspurður svaraði Þorsteinn því til að þessi afstaða hans og ráðuneytisstjórans hefði ekki breyst síðar við meðferð málsins. Þá hefði að hans mati ekki verið rétt að blanda saman ávirðingum á hendur biskupi um trúnaðarbrot í tengslum við yfirlýsingu fjórmenninganna í Langholtskirkju annars vegar og „biskupsmálinu“ hins vegar: „Það [væru] ólík álitamál“.

Undir Þorstein var borin niðurstaða setts biskups, Bolla Gústavssonar, 15. maí 1996, sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 18.1 hér að framan. Svaraði Þorsteinn því til að það hefði verið afstaða ráðuneytisins

að niðurstaða hans, sem hefði verið skýr, hefði ekki gefið tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins. Gerði Þorsteinn loks grein fyrir símtali frá biskupi í aðdraganda prestastefnu 25. júní 1996 þar sem biskup hefði greint honum frá þeirri ákvörðun sinni að láta af störfum í lok árs 1997:

Eina sem ég sagði við hann þá var að mér fyndist álitamál hversu langur tími þetta væri og hann ítrekaði þá sína spurningu um það hvort þetta væri ekki að mínu mati hans ákvörðunarefni og ég sagðist standa við það sem ég hefði áður sagt við hann um það, en ítrekaði bara það mat mitt að ég teldi að þetta væri rétt ákvörðun, en það væri spurning um hvort hún hefði átt að gerast hraðar, en ég stæði við það að þetta væri hans ákvörðun. Síðan gerði ég ríkisstjórninni grein fyrir þessari niðurstöðu málsins á ríkisstjórnarfundi 25. júní, að morgni þessa dags sem prestastefnan var haldin. Það var gert utan dagskrár ríkisstjórnarfundarins, bara til upplýsingar.

19. Afgreiðsla ríkissaksóknara 22. maí 1996

Hinn 22. maí 1996 ákvað ríkissaksóknari að fella niður rannsókn á meintum meiðyrðum kvennanna þriggja í garð biskups.

D. ATVIK „BISKUPS MÁLSINS“ Á ÁRUNUM 2008-2010 SAMKVÆMT SKRIFLEGUM GÖGNUM OG FRAMBURÐI EIN-STAKLINGA

1. Inngangur

Ólafur Skúlason lét af störfum sem biskup 2. janúar 1998 en hinn 6. september 1997 hafði sr. Karl Sigurbjörnsson verið kjörinn biskup Íslands. Frá lokum árs 1996 og fram til andláts Ólafs Skúlasonar 9. júní 2008 er ekki að sjá af gögnum málsins að „biskups málið“ hafi verið til umfjöllunar með formlegum hætti á vettvangi stofnana Þjóðkirkjunnar. Eins og fram kemur í kafla 3 í B-hluta skýrslunnar var á árinu 1998 hins vegar sett á laggirnar sérstakt fagráð um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar. Er ljóst að sú ákvörðun var einkum tekin í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hafði af meðferð „biskups málsins“ á árinu 1996. Fyrir liggur að fagráðið hafði engin afskipti af máli þessu frá stofnun þess fram til sumarsins 2008.

Í þessum kafla verða rakin atvik árána 2008 til 2010 samkvæmt skriflegum gögnum og framburði þeirra einstaklinga sem komu fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Þau atvik tengjast í meginatriðum frásögn Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur af meintu kynferðisofbeldi föður hennar, Ólafs Skúlasonar biskups, gagnvart henni og viðbrögðum kirkjunnar af því tilefni. Er þar annars vegar vísað til þeirrar beiðni hennar í mars 2009 um að hún og Sigrún Pálína Ingvarsdóttir fengju að koma á fund kirkjuráðs og um málsmeðferð biskupsstofu og ráðsins af því tilefni. Hins vegar hefur sjónum rannsóknarnefndarinnar verið beint að viðbrögðum fagráðs Þjóðkirkjunnar í tilefni af frásögn Guðrúnar Ebbu.

Á þessum tíma sátu í kirkjuráði hr. Karl Sigurbjörnsson biskup, forseti kirkjuráðs, sr. Halldór Gunnarsson og sr. Kristján Björnsson, ásamt þeim Jóhanni E. Björnssyni og Sigríði M. Jóhannsdóttur, fulltrúum leikmanna í ráðinu. Í fagráðinu sátu þau sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður, Hulda Elsa Björgvinsdóttir lögfræðingur og Vilborg Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur.

Sami háttur verður hafður á í þessum hluta og í C-hluta hér að fram- an hvað varðar framsetningu atvikalýsingar.

2. Samskipti Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur og sr. Gunnars Rúnars Matthíassonar, formanns fagráðs Þjóðkirkjunnar, á tímabilinu 2008–2010

Guðrún Ebbu Ólafsdóttir kom fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Greindi hún frá því að þegar faðir hennar lést í júní 2008 hefði hún ákveðið að vera ekki viðstödd útför hans. Í ljósi þessa hefði hún ákveðið að ræða við sr. Pálma Matthíasson, sem hefði átt að annast útförina,

og segja honum sögu sína. Pálmi hefði hvatt hana til að hugsa málið og lagt mikla áherslu að hún sækti jarðarförina. Pálmi hefði jafnframt vísað henni til bróður síns, sr. Gunnars Rúnars Matthíassonar, formanns fagráðs Þjóðkirkjunnar, og fundaði hún með honum. Á þeim fundi hefði Gunnar Rúnar tekið fram að hann væri ekki viss um að mál hennar ætti erindi til fagráðsins. Um þetta sagði Guðrún Ebba:

Þó svo að ég hafi ekki sent formlegt erindi til formanns fagráðsins og þó svo að ég hafi ekki sagt berum orðum: „Ég óska eftir fundi með fagráðinu“ þá finnst mér núna eftir á að hann hefði átt, því ég er þarna í mjög miklu áfalli, að liðsinna mér. Ég sé auðvitað núna að hann hefði átt að segja að þau skyldu að minnsta kosti hitta mig og ég fengi traustan talsmann. Hann sagðist efast um að mitt mál ætti heima þarna, hann væri dáinn og það voru líka viðbrögðin sem ég fékk frá Pálma. Þarna er jarðarförin ekki búin að eiga sér stað. Þar að auki sagði hann að þetta væri svona „domestic“. Ég væri að segja frá slíkum atvikum. Það hefur líka fokið í mig eftir á að hugsa þetta þannig að nú sé einhver stúlka, dóttir prests, sem þarf að ganga í gegnum það sama og ég og fær síðan að heyra það þegar hún er orðin rúmlega fimmtug að þetta hafi verið svona „heimilis“ og kirkjan skoði það ekki. En allavega svo segir hann við mig að hann ætli að athuga þetta, hann ætli að hringja í hina í fagráðinu, hvort hann ætlaði að hringja í lögfræðing, ég man það ekki. Mér fannst hann bara ætla að tala við aðra og hann hringir í mig og segir mér að þetta sé bara eins og ég sagði. Hann sé búinn að hringja í hana og hún hafi bara staðfest það sem hann hafi sagt við mig, að mitt mál ætti ekki erindi fyrir fagráðið. Síðan hefur þetta setið í mér. Ég brást ekki við þarna, var kannski bara fegin að þurfa ekki að gera meira, en það breytir því ekki að þeir hafi átt að liðsinna mér, þó ekki væri nema það. Ég hef alltaf sagt frá þessu, ég sagði biskupnum frá þessu þarna á fundinum 2009, ég sagði kirkjuráði frá þessu og enginn hefur brugðist við. ... Svo líður samt langur tími og á meðan hitti ég Sigurð Árna prest og Hjalta Huga. Þeir voru að undirbúa sig fyrir kirkjuþingið og ég sagði þeim þetta líka og Sigurður Árni sagði að þetta bara gengi ekki og að hann ætlaði að senda erindi. Og hann sendi formlegt erindi til fagráðsins og fékk ekki góð viðbrögð fyrst, held ég, en ég held að það hafi hjálpað mikið, haft mikil áhrif. Og svo fékk ég fund með fagráðinu [8. desember 2010] og þetta hefur komið mér mjög vel.

Aðspurð um aðdraganda fundarins með fagráðinu 8. desember 2010 greindi Guðrún Ebba frá því að Gunnar Rúnar hefði hringt í hana í október 2010:

Þá fyrst var hringt í mig núna aftur og þá sagði hann við mig eitthvað um að hann hefði aldrei litið svo á að það hefði borist formlegt erindi. Ég man ekki einu sinni hverju ég svaraði honum. Hann sagði að þeir myndu vilja hitta mig í spjall og þá spurði ég hvort hann væri að spyrja hvort ég vildi koma og hitta fagráðið. Ég játti því og sagði að ég vildi það gjarnan og síðan var ákveðinn þessi fundur. Sólveig Anna Bóasdóttir kom með mér og þá spurði ég í byrjun, bara af reynslu, hvort þetta væri fagráðið allt því þau voru bara tvö. Ég spurði hvort ég væri að

koma á fund fagráðsins, hvort þetta væri formlegur fundur og þá sagði Gunnar strax já, þetta væri fundur þó að þau gætu ekki verið öll þrjú. ... Hann sagðist vera búinn að fletta upp á því að ég hafði komið til hans þarna í júní og það væri alveg rétt að við hefðum rætt að ég fengi fund og að hann hefði talaði við þær ... Það væri rétt að þau hefðu álitíð að mitt mál hefði ekki átt erindi til fagráðsins, en þau sæju núna að það væri ekki rétt.

Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson kom fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Aðspurður um samskipti sín við Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur á árinu 2008 staðfesti hann að þau hefðu átt fund saman: „Efnislegt inn-tak þess sem við vorum að tala um hafði mestmegnis með að gera upp-lifun hennar á ákvörðun um hvort hún ætlaði að sækja útför föður síns. Í leiðinni sagði hún mér þá sögu sem hún segir og upplifun á afskaplega trúverðugan og greinargóðan hátt. Það er svona inntak okkar samskipta. Í „forbifarten“ spurði hún hvort að fagråd myndi hafa eitthvert hlutverk í hennar máli. Í fljótu bragði taldi ég það ekki ná beint til úrlausnar hennar mála.“ Nánar aðspurður um þessa afstöðu sína tók Gunnar Rúnar fram að fagráðið sé „kannski fyrst og fremst sniðið að því að vinna með þolendum af hendi kirkjunnar þjóna í starfi. Þeir sem eru að rjúfa sitt hlutverk eða sinn sáttmála, þjónar kirkjunnar, og misnota aðstöðu sína sem slíkir. Og náttúrlega fyrst og fremst sniðið að því að reyna að heyra og hvetja fólk áfram sem fyrir hefur orðið. Þetta var svona lauslegt mat þá að það sem hún var að bera upp við okkur væri eitthvað sem okkar farvegur gæti illa höndlað að öðru leyti en því sem það skipti máli að heyra.“ Um aðstöðu Guðrúnar Ebbu hefði ekki verið fjallað efnislega á fundi fagráðsins, enda hefði hann upplifað þetta þannig að „þunga-miðja“ fundar þeirra hefði snúist um þá ákvörðun hennar að sækja ekki jarðarför föður síns. Hann hefði þó borið þetta mat sitt undir annan full-trúa í fagráðinu.

3. Fundur Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og hr. Karls Sigurbjörns-sonar biskups 8. desember 2008

Fyrir liggur að Sigrún Pálína Ingvarsdóttir átti fund með hr. Karli Sigurbjörnssyni biskupi á skrifstofu hans 8. desember 2008. Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni greindi Sigrún Pálína frá því að hún hefði pantað tíma hjá biskupi. Með henni hefðu mætt á fundinn þau Guðrún Alda Harðardóttir, sr. Sigfinnur Þorleifsson og Rudolf Adolfs-son. Um fundinn tók Sigrún Pálína eftirfarandi fram:

... á þessum fundi þá dauðbrá [Karli Sigurbjörnssyni] þegar hann sá að allur þessi fjöldi var með mér. Ég sagði honum af hverju ég væri komin, þ.e. út af þessum samskiptum okkar þarna í Hallgrímskirkju. Hann sagðist ekki hafa

upplifað þetta svona, en hann bað mig afsökunar á því ef hann hefði gert mér eitthvað. Þetta var eins og bara „backflash“, eins og Ólafur sagði „ég bið þig afsökunar ef ég hef gert þér eitthvað“, en hann viðurkenni aldrei þetta. Ég man ekki alveg hvaða orð hann notaði en það var í þessum stíl og niðurstaðan var í raun og veru engin og svo löbбуðum við bara út af þessum fundi.

Karl Sigurbjörnsson bar fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings að Sigrún Pálína hefði komið á fund hans 8. september 2008 og farið fram á að kirkjan veitti henni uppreisn æru. Hann hefði beðið hana fyrirgefningar á því að hafa brugðist væntingum hennar þegar hún leitaði til hans um árið og þeirra samtali hefði þar með lokið.

4. Erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttir til hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups 27. mars 2009 um áheyrn kirkjuráðs og málsmeðferð biskupsstofu og kirkjuráðs af því tilefni

4.1 Fundur Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur með biskupi 18. mars 2009

Hinn 18. mars 2009 átti Guðrún Ebba Ólafsdóttir fund með Karli Sigurbjörnssyni biskupi. Um aðdraganda þess að til fundarins kom greindi Guðrún Ebba frá því að hún hefði hringt í Karl fyrir útför föður síns, 18. júní 2008. Hún hefði hringt á biskupsstofu og hann tekið henni mjög vel. Hann hefði hvatt hana til þess að kveðja föður sinn og ekkert meira en það. Hún hefði ekki upplifað þrýsting um að hún sækti útförina. Þau hefðu síðan ekkert rætt frekar saman fyrr en í marsmánuði 2009.

Guðrún Ebba greindi frá því að haustið 2008 hefði hún átt samtöl við Guðrúnu Jónsdóttur hjá Stígamótum og rætt við Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur. Kvaðst hún hafa sagt við Sigrúnu Pálinu að hún væri sár yfir því að hafa varið föður sinn á árinu 1996 og leitast við að gera Sigrúnu Pálinu og hinar konurnar ótrúverðugar. Hún hefði á þessum tíma rætt þessi mál einnig við sr. Bjarna Karlsson, dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur og sr. Sigfinn Þorleifsson. Þau hefðu öll sagt að það myndi auka trúverðugleika kvennanna ef hún kæmi fram og segði frá. Það hefði orðið úr að Guðrún Ebba myndi hitta Karl Sigurbjörnsson sem hún hefði gert 18. mars 2009.

Af fundinum sjálfum kvaðst Guðrún Ebba ekki hafa slæmar minningar. Þau hefðu setið saman í hring, hún, Karl, sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari, sr. Birgir Ásgeirsson og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir. Hún hefði sagt sögu sína. Það fyrsta sem Karl hefði sagt að því loknu hefði verið það hvað hann ætti að segja við mömmu Guðrúnar Ebbu. Hún hefði þá svarað að það vissi hún ekki. Á fundinum hefði hún sagst vilja „hitta kirkjuráð sem [henni hefði fundist] mjög mikilvægt“. Hún hefði verið með minnisblað með sér en verið tjáð að langbest væri að hún skrifaði formlegt erindi og óskaði eftir að það yrði bókað.

Í framburði Karls Sigurbjörnssonar fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings kom fram að Guðrún Ebba hefði haft samband við hann sumarið 2008, þegar faðir hennar var nýlátinn, og sagt frá reynslu sinni. Hann hefði reyndar heyrt af því áður að hún væri að segja sögu sína á vettvangi *Blátt áfram*. Í framhaldinu hefði hún hitt þá Þorvald Karl Helgason 18. mars 2009. Sigrún Pálína hefði þá áður verið búin að koma á fund hans 8. september 2008, sbr. kafla 3 hér að framan. Á fundinum með Guðrúnu Ebbu 18. mars 2009 hefði hún lagt áherslu á að hún vildi leggja sitt af mörkum til að kirkjan stæði betur að málum sem varða kynferðisbrot. Síðan hefði hún lagt áherslu á að Sigrún Pálína fengi að koma á fund kirkjuráðs og að hún myndi síðan líka gjarnan vilja segja sögu sína á vettvangi ráðsins. Hún hefði skilið eftir minnisblað um þetta og síðan ítrekað það í lok mars með skriflegu erindi.

4.2 Erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur til biskups 27. mars 2009 og meðferð þess við móttöku á biskupsstofu

Í framhaldi af fundi Guðrúnar Ebbu með Karli Sigurbjörnssyni 18. mars 2009 ritaði hún bréf 27. mars 2009, sem stílað var á biskup og biskupsstofu, en í bréfinu sagði:

Með tilvísan í fund okkar 18. mars sl. óska ég eftir að hitta Kirkjuráð. Jafnframt óska ég þess að meðfylgjandi minnisblað verði fært til bókar.

Í „minnisblaði“ því sem vísað var til í bréfinu kom fram í upphafi í feitlettraðri fyrirsögn: „Ég óska eftir tækifæri til að segja biskupi og Kirkjuráði sögu mína“. Þessu næst lýsti Guðrún Ebba með almennum hætti reynslu sinni af föður sínum. Þá kom eftirfarandi m.a. fram:

Ég tel nauðsynlegt að íslenska þjóðkirkjan taki skýra afstöðu gegn kynferðislegu ofbeldi og lýsi því yfir að það sé synd. Kirkjan þarf að taka sér stöðu með þolendum. Margir þolendur eiga í trúarlegri baráttu og finnst Guð hafa brugðist sér. Kirkjan á að taka virkan þátt í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.

Ég tel að ákveðnu réttlæti verði náð með því að:

- Polendur kynferðisofbeldis eigi griðastað innan kirkjunnar hvort sem gerendur eru starfsmenn kirkjunnar eða ekki enda eiga mjög margir þolendur í sálarstríði vegna trúarinnar og þarfnast að heyra að kynferðislegt ofbeldi er synd í augum kirkjunnar.
- Sigrún Pálína Ingvarsdóttir flytji mál sitt fyrir biskupi og Kirkjuráði. Farið verði með opnum huga yfir það sem gerðist innan kirkjunnar þegar hún leitaði til hennar með mál sitt og hún fái uppreisn æru með opinberri afsökunarbeiðni frá íslensku þjóðkirkjunni. Fundnar verði með aðstoð lögfróðra einstaklinga sanngjarnar skaðabætur til Sigrúnar Pálínu.
- Allir prestar og allir sem starfa á vegum kirkjunnar með börnum og unglingum fái fræðslu um kynferðislegt ofbeldi. Reynt verði að tryggja að þeir sem ráðnir eru til starfa hafi ekki gerst brotlegir (skimun við ráðningar).

Kirkjan komi á formlegu samstarfi við Blátt áfram og Stígamót vegna forvarnarstarfs og stuðnings við þolendur kynferðisofbeldis.

Af móttökustimpli á því afriti af framangreindu bréfi Guðrúnar Ebbu til biskups 27. mars 2009, sem afhent var rannsóknarnefnd kirkjuþings, verður ráðið að bréfið hafi ekki verið formlega skráð í skjalaskrá biskupsstofu fyrr en 17. september 2010, þ.e. tæpu einu og hálfu ári eftir að það barst embættinu.

Karl Sigurbjörnsson bar fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings að það hefði ekki verið meðvituð ákvörðun að láta hjá líða að skrá bréfið um leið og það barst: „Það var talið innihalda mjög alvarlegar ásakanir á hendur látnum manni. Það var nú kannski það sem gerði það að verkum að það var beðið með það.“ Ekki væri þó óvenjulegt að í bréfum sem berast biskupsstofu væri að finna viðkvæmar persónuupplýsingar, en þetta hefði verið „mjög sérstakt“. Hann hefði ekki rætt málið við skjalavörð embættisins, Ragnhildi Bragadóttur. Þá kvaðst hann ekki muna eftir því hvað það var sem á endanum leiddi til þess að bréfið var loks skráð í skjalaskrá embættisins tæpu einu og hálfu ári síðar, haustið 2010. Aðspurður svaraði Karl því játandi að sú ráðstöfun að fresta innskráningu bréfsins hefði verið óvenjuleg og algjör undantekning miðað við hefðbundna starfshætti embættisins.

Í framburði Ragnhildar Benediktsdóttur skrifstofustjóra biskupsstofu fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings kom fram að hana minnti að biskup hefði sýnt henni bréf Guðrúnar Ebbu „þarna einhvern tímann ekki löngu síðar“ eftir að það barst embættinu. Það hefði ekki verið skráð formlega í skjalaskráningarkerfi biskupsstofu. Um ástæður þess að það var ekki gert og hvort það væri venja að bíða með skráningu innkominna bréfa, svaraði Ragnhildur:

Nei, það er ekki venja. Það er mjög óvenjulegt. Bréf eru yfirleitt skráð hjá okkur núorðið, eins og skjalakerfið er í dag, um leið og þau berast inn. Þetta bréf, var mér sagt, skjalavörður sagði mér það af því að ég var ekki þarna viðstödd, hún sagði mér að hún hefði farið með þetta bréf beint upp til Karls og af því að þegar að hún les það og les sérstaklega minnisblað sem að fylgdi með þá bregður henni náttúrlega afar illilega við. Svo að hún fer bara með þetta upp í staðinn fyrir að bóka þetta strax inn. Hún fer bara með þetta upp til biskups og lætur hann hafa þetta. Hann, held ég, hefur þetta bara hjá sér á borðinu í einhvern tíma.

Aðspurð kvaðst Ragnhildur ekki hafa rætt við biskup um af hverju bréfið var ekki formlega skráð eins og öll önnur erindi. Ragnhildur Bragadóttir skjalavörður hefði sagt henni að „yfirmaður gæti ráðið hvaða bréf væru færð til bókar og hvenær. Hún sem sagt fer með það til hans, henni

fannst eðli þessa bréfs vera þannig að það þyrfti að skoða það vandlega áður en að það yrði bókað inn í kerfið.“

Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs kom fyrir rannsóknarnefndina. Um skýringar á því af hverju erindi Guðrúnar Ebbu 27. mars 2009 var ekki skráð í skjalaskráningarkerfi biskupsstofu um leið og það barst svaraði Guðmundur Þór:

Já, ég held að mönnum hafi bara verið það brugðið og ekki vitað hvernig átti að höndla þetta. Þetta var náttúrliga gríðarlega erfitt og viðkvæmt mál í alla staði. Svo að ég held að menn hafi allavega ákveðið að doka aðeins við. Þetta er hins vegar ákvörðun sem að ég kom ekki á nokkurn hátt að taka, heldur eftir því sem að ég best veit þá var það biskup sem að vildi aðeins bíða með þetta. ... Það er þvert á ... meginreglan er að skrá allt sem að kemur inn sem hægt er að flokka sem einhvers konar af stjórnsýslulegum toga.

Sérstaklega aðspurður um hvort tilefni væri til athugasemda við þessa ákvörðun biskups svaraði Guðmundur Þór að það væri „náttúrliga matsatriði. Ég náttúrliga held að þetta sé afskaplega óvenjulegt og átakanlegt erindi sem að kannski setur menn hreinlega út af laginu jafnvel þegar þeir sjá þetta svona.“ Aðspurður um hvort erindi, þar sem prestur er áskaður um kynferðisbrot, yrði hugsanlega ekki skráð þegar við komu í dag, svaraði Guðmundur Þór að í dag teldi hann að slíkt bréf yrði „bókað umsvifalaust“. Að fenginni þessari reynslu hefði verið ákveðið að „bæta vinnubrögð, að láta þetta horfa til framfara með einum eða öðrum hætti“.

Ragnhildur Bragadóttir skjalavörður biskupsstofu kom fyrir rannsóknarnefndina. Tók hún fram að hún hefði ekki talið neinn vafa leika á því að erindinu hefði í reynd verið beint að kirkjuráði og því bæri að skrá það í skjalaskráningarkerfi biskupsstofu. Greindi hún frá því að hið almenna verklag við móttöku bréfa væri þannig að hún sæi til þess að þau væru öll skráð, bæði þau sem berast á pappír og með tölvupósti. Öll mál bæri að skrá og gera þau aðgengileg síðar samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga. Um atvik þegar bréf Guðrúnar Ebbu 27. mars 2009 barst biskupsstofu tók Ragnhildur eftirfarandi fram:

Það barst bréf í umslagi, það var dagsett 27. mars, ég er ekki alveg viss um hvort það hafi borist 27., en ég held að það hafi borist samdægurs. ... Þarna kom þetta bréf og ég sat þarna með minn hníf og opna það og les það og mér var talsvert brugðið, ég átti ekki von á svona bréfi. Mér verður það mikið brugðið að ég stend upp úr mínum stól og ég veit að biskup er í húsi og ég fer upp beinustu leið með bréfið og fer inn þar sem hann er að tala við sr. Kristján Val Ingólfsson. Ég svona eiginlega ryðst inn á þeirra fund og sný mér til biskups og hann virðist fagna mér því að yfirleitt kem ég nú með kærleiksbréf til hans frekar en hitt og ég segi „þetta er ekki gott bréf“ og rétti honum. ... Hann byrjar strax að lesa og

ég sé að hann er svona brúnapungur og hann tekur strax eftir alvarleika bréfsins. Ég bakka og ég segi við hann: „Ég mun skrá þetta bréf þegar þú biður mig þess.“ Svo geng ég að Kristjáni Val og við stóðum þarna bæði tvö smá stund og horfðum á biskup því að þetta var eiginlega afskaplega dramatískt. Mig langaði eiginlega til þess að ýta Kristjáni inn í herbergið þannig að hann gæti stutt biskup í þessu. Svo gekk ég bara mína leið. ... Öll bréf eru bókuð, en þetta var einhvern veginn þannig að ég snerist eiginlega algjörlega við. Mér fannst þetta vera svo grafalvarlegt að hefði ég skráð þetta og sett þetta í kerfið þá hefði biskup kannski farið heim til sín og ekki skoðað þetta fyrr en daginn eftir eða ég gat ekki kallað á athygli hans þó að ég sendi honum þetta í gegnum tölvukerfið. Það er eins og ég segi, það var ekki verið að láta bréfið hverfa eða týnast, það fór bara beint upp til hans til þess að hann gæti gripið til aðgerða. Síðan skipti ég mér ekki meira af, ég er bara skjalavörðurinn.

Sérstaklega aðspurð bar Ragnhildur að biskup hefði ekkert sagt eftir að hann hafði tekið við bréfinu á skrifstofu sinni. Þá tók hún fram að hún hefði aldrei áður meðhöndlað bréf með sama hætti. Fyrir þetta bréf hefði einu sinni áður komið bréf þar sem lýst hefði verið kynferðisofbeldi en það hefði verið skráð:

Það hafði borist áður erindi af sama toga sem var grafalvarlegt mál og ég skráði það eins og ég skrái allt og fór síðan upp á loft til skrifstofustjóra og sagði frá þessu, rakti atvikin, rétt eins og ég fór beint upp til biskups með hitt erindið, bara til þess að kalla á athygli, svo að það liggi ekki bara í tölvukerfinu um langa hríð. Ég vildi bara að það væri tekið eftir þessu strax. Þá sagði hún við mig: „Skráðirðu þetta?“ Mér fannst liggja í orðum hennar að það ætti ekki að skrá þetta. Mér brá svolítið og sagði: „Já, auðvitað, vitanlega gerði ég það.“ Ég held að þetta hafi verið einhvers staðar baka til í kalli mínum þegar þetta erindi kom því að ég hugsaði með mér: „Nú fer ég beint upp og bið eftir fyrirmælum.“

Aðspurð um hvort hún hefði síðar fengið fyrirmæli frá biskupi eða skrifstofustjóra um skráningu á bréfi Guðrúnar Ebbu svaraði Ragnhildur því neitandi:

Nei, ég rétti bara biskupi þetta og fór svo niður. En svona nokkrum dögum, kannski vikum, síðar, kannski tíu dögum, tveimur vikum síðar þá kalla ég eftir þessu niður. Hún, skrifstofustjórinn, kom niður til mín og við fórum inn í bókasafnið, sem er svona afdrep, og ég segi: „Ég á að skrá þetta bréf.“ Og: „Hver eru mín fyrirmæli? Mér ber að skrá þetta sem skjalaverði, minn heiður er í húfi.“ Þá segir hún að sá sem hafi valdið það sé biskup, „hann ræður þessu“. Þá segi ég: „Þá firri ég mig allri ábyrgð, málið er í ykkar höndum og ég bið bara eftir ykkar fyrirmælum.“ Síðan er það ekki fyrr en, ég veit ekki hvenær, einu og hálfu ári síðar að ég fer upp á loft og segi: „Ég vil fá þessi bréf.“ Og þá var þetta náttúrlega orðið að stórmáli. Ég segi: „Ég vil fá þessi bréf til skráningar.“ Þá lágu þau í skúffu ritara biskups, ..., þar lágu þau í efstu skúffu hjá henni, þar stóð biskup Íslands. Ég hugsaði með mér: „Þetta er agalegur staður að geyma svona viðkvæm skjöl.“ Svo ég tók bunkann niður og þá sá ég að það var búið að fjölfalda eitthvað

af þessum bréfum. Mér brá svolítið. Ég tók bara frumritin niður til mín og eyddi hinum skjölunum, það var búið að afrita þau í einhverjum mæli þarna, tvö-þrjú eintök af sama bréfi. ... ég stimplaði þau og skræði þau.

Aðspurð hvort henni hefði fundist meðferðin á bréfi Guðrúnar Ebbu, eftir að hún hafði afhent biskupi það, óeðlileg, svaraði Ragnhildur:

Já, mér fannst það svolítið óeðlilegt og ég hef hugleitt þetta: „Af hverju fékk ég ekki bréfið aftur?“ Málið er það að í skjalavörslunni er það hugsað þannig að það er einn liður sem kallar á viðbrögð þannig að ég bý þá til mál og ég myndi þá kalla þetta „Málefni Ólafs Skúlasonar – beiðni um áheyrn“ og svo gef ég þessu viku, skv. lögum þá er það vika. Þá hefði hann átt að fá eftir viku í kerfinu í tölvu til sín bara: „Halló, sinntu þessu bréfi.“ Svoleiðis gengur þetta fyrir sig, öll þessi mál, þetta er skjalavistunarkerfið. Þess vegna lá svolítið á mér að minna hann á þetta, en svo hugsaði ég með mér: „Hvernig á ég að þurfa að minna manninn á þetta, þetta er svo áriðandi mál, auðvitað er hann með þetta í huga.“

4.3 Málsmeðferð biskupsstofu og kirkjuráðs í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 um áheyrn kirkjuráðs

4.3.1 Inngangur

Í þessum kafla verða með heildstæðum hætti rakin atvik samkvæmt skriflegum gögnum og framburði einstaklinga fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings sem varpa að mati nefndarinnar ljósi á málsmeðferð biskupsstofu og kirkjuráðs að því er tekur til erindis Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009, þar sem m.a. var óskað eftir því að hún fengi að koma á fund kirkjuráðs og segja sögu sína. Í kafla 4.3.2 verður atvikalýsing rakin eins og hún birtist í þeim skriflegu gögnum sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum. Þó verður þar samhengisins vegna einnig vísað eins og nauðsyn krefur til munnlegs framburðar fyrir rannsóknarnefndinni til nánari glöggvunar á einstökum atriðum. Í kafla 4.3.3 verður síðan með almennum hætti rakinn að öðru leyti framburður einstaklinga sem komu fyrir rannsóknarnefndina um einstaka þætti í atburðarásinni.

4.3.2 Atvikalýsing samkvæmt skriflegum gögnum

Ekki er sérstaklega bókað í fyrirliggjandi fundargerðum kirkjuráðs 16. apríl og 14. maí 2009 að erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur og málefni Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur hafi þar verið rædd. Í fundargerð af síðari fundinum 16. apríl 2009 segir aðeins svo undir a-lið 5. dagskrárliðar: „Önnur mál: Biskup greindi frá stöðu nokkurra mála sem eru á borði Biskups og varða Kirkjuráð“. Af framburði kirkjuráðsmanna og starfsmanna biskupsstofu, sem nánar verður rakinn í næsta kafla, má hins

vegar ráða að þessi mál hafi verið þar til umfjöllunar þótt ekki hafi það verið bókað í fundargerðir.

Samkvæmt gögnum málsins sendi sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs um meðferð kynferðisbrota, Karli Sigurbjörnssyni svohljóðandi tölvubréf 29. maí 2009:

Sæll Karl og þakka þér fyrir samtal okkar.

Ég hef heyrt í Sigfinni og spurst aðeins fyrir um hvernig umkvörtun Sig-rúnar Pálínu hefur gengið fyrir sig og fengið að heyra að sú umræða sem nú er fram komin hafi átt sér nokkurra mánaða aðdraganda. Sigfinnur sagði mér að hann hafi átt fund með þér og henni og einhverjum öðrum fyrir þó nokkru auk þess sem annar aðili nákomnari hr Ólafi hafi einnig tengst þessu máli eða borið fram málsatriði sem hún vildi að yfirstjórn kirkjunnar væru kunn. Mér skilst að kirkjuráð muni hitta Sigrúnu Pálínu nú 19 júní og hinn aðilinn, fv biskupi nákomnari, muni hitta kirkjuráð seinna í sumar eða undir haust.

Hér er auðvitað ekki um mál að ræða þar sem hægt er að taka afstöðu til sektar á þann veg að meðgengið geti orðið sökum þess að hr Ólafur er fallinn frá. Engu að síður virðist margt í málinu enn hvíla þungt á og orð þín við setningu synodus hafi ekki náð að tala nægjanlega gagnmerkt til þessara aðila. Málið verður flóknara þar sem þau finna sig hafa verið véfengd gagnvart þeim sára veruleika sem þau segja hafa orðið fyrir af hendi þessa tiltekna þjóns kirkjunnar. Hér kann því að vera nokkuð sem kirkjan þarf enn að bregðast við ef rétt er að gerð hafi verið, svo dæmi sé tekið, ályktun prófastafélagsins til stuðnings hr Ólafi og þá um leið til véfengingar framburði kvennanna.

Í reglum okkar, sem eiga að vera bindandi nú varðandi öll mál sem fram koma, er einmitt lögð áhersla á að gefa þeim sem ber umkvörtun fram rými og vettvang til að bera fram það sem viðkomandi hefur að segja, og strangt er lagt á um að mál séu aldrei unnin eða metin heima í héraði eða af tengdum aðilum. Varðandi prófastana þá var það óviðeigandi að þeir legðu huglægt mat á þetta mál að mínu mati. Þeir voru honum mjög tengdir, höfðu verið kollegar á meðan hann var prófastur og nánir samstarfsaðilar síðan. Stuðningur þeirra sem embættismanna innan kirkjunnar var því óréttmætur og ótrúverðugur sökum mikilla tengsla þeirra. Hér er dæmi um „konkret“ atriði sem ég tel að væri græðandi að gangast við. Um leið myndi fást tækifæri til að áréttta að svona nokkru vilji kirkjan verjast og hafi mótað sér reglur um meðferð kynferðisbrotamála m.a. til að tryggja það. Nú þekki ég ekki hvort þessi tilgreinda ályktun prófastafélagsins hafi verið einstök eða hvort önnur áþekk tilvik, bréf, ályktanir eða yfirlýsingar hafi verið fram settar. Ég tel að það þurfi að skoða vel og ef slíkt fyrirfinnst þá verði að bregðast beint við því.

Það er mikilvægt að kirkjan standi á þann veg með þessum aðilum sem öðrum sem fram kunna að koma, að framburður verði ekki véfengdur að lítt reyndu og lítt skoðuðu máli. Ég er hér ekki að halda því fram að málið hafi ekki verið skoðað eitthvað en mér vitanlega var aldrei um neina beina könnun að ræða á þessu máli af kirkjunnar hendi, þó svo mikið hafi farið fyrir því sem við þekkjum. Að minnsta kosti sýnist mér það sem kann að hafa verið ekki standa undir því að vera fullnægjandi eða nægjanlegt til að hægt sé að halda því fram að málið hafi verið kannað svo afstöðu mætti taka.

Þó veit ég vel að þetta mál hafði mikið með það að gera að hann fór frá embætti en út í frá var meira að sjá og heyra að það hafi verið sagt sökum þess vanda og óróa sem þetta mál hafi valdið en hinu að málið gæti hugsanlega átt við rök að styðjast. Ég þekki ekki hvað lögreglugyfirvöld gerðu eða þær forsendur sem þau lögðu fyrir sig er ákveðið var að málinu yrði ekki haldið fram á þeim vettvangi. En sú ákvörðun þeirra sagði að því er ég man ekki til um trúverðugleika ásakana þeirra sem fram voru bornar. Það skildi málið eftir í þeirri stöðu að einhverjum kann að hafa fundist sem viðkomandi hafi sloppið fyrir horn. Því miður hefur þetta, stöðu hans vegna, verið yfirfært á kirkjuna og einhverjum þótt sem hún hafi sloppið fyrir horn. Slíkt er auðvitað fjarstæðukennt en ekki óeðlilegt að gerist þegar mál er illa til lykta leitt.

Ég vil áréttta það mat mitt að mikilvægt er að taka beina afstöðu og harma það sem sagt var og opinberað af þeim toga sem nefnd ályktun prófasta virðist hafa verið. Það þarf að kanna hvort fleira áþekkt er að finna frá kirkjunnar aðilum og biðjast velvirðingar á því ef það finnst. Slíkt myndi þá einnig gefa tækifæri til áréttingar þess að kirkjan vilji ekki vinna á þann veg.

Hvort fagrád hefur beina aðkomu að þessu máli stendur að sjálfsögðu opið, þér og embætti þínu til ráðgjafar þó það sé vissulega öðruvísi vaxið en umkvartanir sem fram koma og við setjum í farveg skv. vinnureglum okkar. Ég vil þá áréttta vilja okkar til að sinna hlutverki okkar tel mikilvægt að við séum vel meðvituð um öll mál sem upp koma og snerta starfssvið okkar.

Ég er sjálfur enn í veikindaleyfi og verð áfram fyrstu viku júní. Ég er hinsvegar inánlegur áfram og myndi kalla inn varamann minn ef fagrád þarf að koma saman á þessum tíma. Ég sendi þá afrit af þessu skeyti mínu á þær stöllum mínar í fagráðinu svo þær viti af og þekki aðkomu mína.

Aðspurður á fundi rannsóknarnefndar kirkjuþings um þetta tölvubréf kvaðst Karl Sigurbjörnsson ekki muna eftir að hafa séð það. Því hefði í öllu falli ekki verið svarað skriflega en þeir Gunnar Rúnar hefðu talað saman. Það hefði komið til tals í samtali hans við Guðrúnu Ebbu að hún hefði ekki viljað fara þá leið að mál sitt yrði umfjöllunarefni fagráðsins. Það hefði verið upplifun Karls að það hefði „einhvern veginn aldrei [verið] inni í myndinni að hún færi þá leið“.

Gunnar Rúnar Matthíasson var á fundi rannsóknarnefndar kirkjuþings spurður um tilefni þess að hann sendi biskupi framangreint tölvubréf og hvort það hefði falið í sér breytta afstöðu fagráðsins í málinu. Þeim spurningum svaraði Gunnar Rúnar svo:

Í fyrsta lagi af samtali mínu seinna við Guðrúnu Ebbu þá hef ég séð að hún áleit þetta lauslega samtal okkar hefði verið meiri spurning um beina íhlutun. Ég upplifði það meira sem svona spekulásjón, ég upplifði ekki að málinu hefði verið vísað til okkar og ég séð það af samtali okkar seinna að það hefði með réttu átt að skoða þetta, taka fyrir á fundi og segja ok, getum við átt beina aðkomu, það held ég að sé ekki nokkur spurning. Það var bara ólík upplifun okkar vegna þess, eins og ég segi, að það var svolítið í forbifarten af því sem við vorum að tala um. Þegar ég er seinna að horfa til baka þá vildi ég hafa verið kirkjunn

til ráðgjafar um aðkomu. Ég reikna með að þetta sé skrifað eitthvað í kringum það þegar það er komið upp að hún muni eiga fund með kirkjuráði og ég hefði gjarnan viljað að við hefðum fengið að vera svona svolítið styðjendur og hefði ekki þótt þar óeðlilegt að okkur hefði verið boðið að sitja fundinn með kirkjuráði með henni. Það er svona það sem er í huga mér sem ég ætla að hafi verið til-efni þessa tölvupósts. ... Ég hugsa að þegar maður horfir til baka þá hafi það verið svona mjög skjótráðinn vandi eða skjótráðin villa að horfa á sem svo að Guðrún Ebba sé að lýsa sífjaspellsmáli sem þannig kategorískt fjalli utan ramma þess sem okkur er ætlað að fjalla um og það er vandi en staðreyndin er sú að sá sem um er fjallað er lykilmáður í íslensku kirkjunni í langan tíma og svona mjög ráðandi og mikil og stór persóna. Hennar framburður verður til að styðja mjög framburð annarra. Ég hugsa að þarna sé fljótræðisvandi, ég sá hreinlega ekki fyrst hvernig við gætum komið að en hef séð síðar hversu mikið gildi það hefur að heyra og standa svolítið við hliðina á jafnvel þótt við höfum ekki bein úrræði. Hef séð það síðar að það hefði verið æskilegt að maður hefði verið aðeins próaktívari að því er Guðrúnu Ebbu varðar.

Gunnar Rúnar kvaðst hafa átt fund með biskupi þegar hann kom aftur til starfa í framhaldi af veikindum en kvaðst ekki muna eftir viðbrögðum við bréfinu eða að bréf hans hefði verið sérstaklega tekið fyrir. Hann var jafnframt spurður um það hvort biskup hefði óskað eftir aðkomu fagráðsins að máli Guðrúnar Ebbu frá því að hún setti fram beiðni sína í mars 2009 um áheyrn kirkjuráðs og þar til slík áheyrn var veitt 17. ágúst 2010. Svaraði hann því neitandi, slík beiðni hefði ekki verið sett fram. Þá hefði af hálfu fagráðsins ekki verið haft frumkvæði að því að fjalla um málið. Þá hefði kirkjuráð ekki leitað til fagráðsins eftir ráðum í aðdraganda þess að Sigrún Pálína átti fund með ráðinu 19. júní 2009 eða þegar Guðrún Ebba kom þar á fund 17. ágúst 2010. Aðspurður um hvort kirkjuráð hefði átt að leita til fagráðsins þegar fyrir lá að áheyrn yrði veitt svaraði Gunnar Rúnar:

Mér þykir óeðlilegt þegar það er fagráð sem á að hafa einhverja leiðsögn með málum og jafnvel þótt að mál falli utan ströngustu ramma okkar þá hefði mér ekki þótt óeðlilegt að kirkjuráð bæri sig upp við okkur eða upplýsti okkur um, jafnvel þótt við hefðum sjálf verið að velkjast svolítið um með hvernig aðkomu okkar gæti verið háttað. Það sem hefði verið mesti fengurinn var að við hefðum getað lagt það til hvernig áheyrnin hefði átt að vera, mér heyrst á Guðrúnu Ebbu að henni hafi ekki fundist sá fundur mjög gefandi. ...

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni svaraði Sigrún Pálína neitandi spurningu um hvort við hana hefði verið rætt á árunum 2008 eða 2009 um mögulega aðkomu fagráðsins að máli hennar. „Ég beið alltaf eftir því að þetta fagráð hefði samband við mig. ... Ég skildi ekki af hverju fyrir það fyrsta var verið að stofna fagráð ef að það var stofnað út af þessu sem ég hafði verið að berjast fyrir, í fyrsta lagi gat ég gefið þeim

ráð, í öðru lagi af hverju var ég ekki kölluð fyrir sem fórnarlamb.“ Um hvort það hefði komið til greina að hún sendi beiðni til fagráðsins um aðstoð svaraði hún: „Nei, því að ég var orðin svo hrædd við að treysta kirkjunnar mönnum og þetta voru kirkjunnar menn, því skildi ég treysta þeim?“

Óljóst er hvenær kirkjuráð tók þá formlegu ákvörðun að veita Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur kost á áheyrn 19. júní 2009, en um það er ekkert bókað í fundargerðum ráðsins frá þessum tíma. Af framburði kirkjuráðsmanna, sem nánar verður rakinn í næsta kafla, virðist þó mega ráða að sú ákvörðun hafi verið tekin á fundi ráðsins 14. maí 2009.

Fyrir rannsóknarnefndinni var Sigrún Pálína spurð út í aðdraganda þess að henni var boðið að sækja fund kirkjuráðs 19. júní 2009. Kvað hún það m.a. hafa verið fyrir tilverkað sr. Sigfinns Þorleifssonar og Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur. Sigfinnur hefði skýrt henni frá því að henni væri boðið á fundinn. Neitaði hún því að við hana hefði verið rætt um að hún myndi koma á fund ráðsins með Guðrúnu Ebbu. Hún hefði litið á þetta „sem tvö aðskilin mál“. Þetta hefði snúist um það „að hann var sem embættismaður að brjóta á mér, hann var sem faðir að brjóta á henni. Ég vildi ekki blanda þessu saman.“

Fyrir liggur að 12. júní 2009 ritaði Magnús Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður bréf til biskups fyrir hönd Ebbu Sigurðardóttur, ekkju Ólafs Skúlasonar, og barna þeirra vegna þeirra „ósæmilegu árása er Sigrún Pálína Ingvarsdóttir [hefði] haft upp í fjölmiðum á æru herra Ólafs Skúlasonar“. Var þess krafist að fyrirhugaður fundur kirkjuráðs með Sigrúnu Pálínu 19. júní 2009 yrði ekki haldinn án þess að fulltrúi fjölskyldunnar yrði viðstaddur. Þá varaði lögmaðurinn eindregið við því að kirkjuráð ályktaði eitthvað um ásakanir Sigrúnar Pálínu. Það að ráðið tæki málið til umfjöllunar væri „eitt og sér mikil vonbrigði“. Þá yrði ekki séð að það væri verkefni kirkjuráðs að fjalla um ásakanir sem þessar og þá sérstaklega í ljósi forsögu málsins.

Samkvæmt gögnum málsins sendi Guðrún Ebba Ólafsdóttir svohljóðandi tölvubréf til Þorvalds Karls Helgasonar biskupsritara 16. júní 2009:

Við ræddum það í síma í maí að ég fengi fund með kirkjuráði seinna í sumar eða haust. Ég hef hvergi hikað frá því sem ég sagði á fundi með ykkur Karli biskupi 18. mars og kom fram í bréfi mínu til hans dags. 27. mars.

Ástæður þess að ég óska eftir fundi með kirkjuráði tilgreindi ég í bréfinu. Ég óska þess að fulltrúar í kirkjuráði fái að heyra sögu mína af því að ég tel að það megi draga mikinn lærdóm af henni. Það er mitt hjartansmál að berjast gegn kynferðisofbeldi á börnum og ég vil að kirkjan sé öruggt skjól fyrir alla sem til hennar leita.

...

Nú hefur Sigrún Pálína fengið fund með kirkjuráði og vona ég að hann fari vel. Ég tók skýrt fram við þig í símanum að ég vil ekki blanda okkar málum frekar saman. Þar eru vissulega snertifletir en eru að öðru leyti eru málefni okkar ólík.

Mér þætti gott að vita hvenær fundur minn með kirkjuráðinu verður.

Samkvæmt gögnum málsins framsendi Þorvaldur Karl tölvubréfið til Karls Sigurbjörnssonar og Guðmundar Þórs Guðmundssonar framkvæmdastjóra kirkjuráðs tveimur dögum síðar, eða að morgni dags 18. júní 2009. Fyrir rannsóknarnefndinni var Þorvaldur Karl spurður út í viðbrögð biskupsstofu við þessu tölvubréfi Guðrúnar Ebbu og þá hvort skýringar væru á því að henni hefði ekki verið boðið að koma á fund kirkjuráðs í beinu framhaldi af áheyrnarfundinum með Sigrúnu Pálínu. Svar hans var svohljóðandi:

... ég held að hafi ekki verið einhver ein skýring, ... það var ekki verið að hafna, ... biskup var auðvitað búinn að hitta hana ... þar sem hún gerði grein fyrir óskum sínum og menn voru sko aftur að spyrja: „Á aftur að fara setja kirkjuráð í þessa stöðu að einstaklingur geti komið inn og óskað eftir viðtali?“ Og þetta er alger undantekning, þetta með Sigrúnu Pálínu. Það hefur enginn komið inn til að ræða við kirkjuráð á þessum forsendum. Það koma aðilar inn á fund ráðsins sem eru eitthvað að tala um kirkjustofnanir og slíkt sko en ekki einstaklingur sem að ... og þetta var aftur og aftur umræðuefni: „Er þetta vettvangurinn fyrir það?“ að vegna þess að það sem snýr að kirkjuráði þarna, það var að taka til í og fara yfir þessar starfsreglur og lög eða þá fyrst og fremst starfsreglur ekki náttúrulega lög in starfsreglurnar sem kirkjuþingið gæti tekið á. Það var umræðuefnið. Og svo held ég bara að þetta hafi frestast einhvern veginn en þetta var sífellt í umræðunni. ... Kirkjuráð er ekki staðurinn til að tala um það að einstaklingur kemur inn og segir einhverja sögu um ... hún fær strax áheyrn hjá biskupi, alveg um leið, og það þykir biskup Íslands eftir u.þ.b. 40 ár sem ég er búinn að þekkja hann að það er einstakt hvernig hann tekur á öllum slíkum málum að það eiga allir aðgang að honum. Þannig að ég var ekki hissa að hann vildi afgreiða svona strax. Og hún fær viðtal strax, eins fljótt og hægt er. Þar var vettvangurinn fyrir hana að tala um sína sögu, sem sagt samskiptin við föðurinn.

Sérstaklega aðspurður um hvort hann hefði haft samband við Guðrúnu Ebbu eftir að hann hafði fengið tölvubréfið frá 16. júní 2009 sent eða eftir áheyrnarfund Sigrúnar Pálínu 19. s.m. svaraði Þorvaldur Karl því til að það hefði hann ekki gert. Hann gæti þó ekki útilokað það að „tengiliðir“ hennar hefðu hringt inn á biskupsstofu og að við þá hefði verið rætt um stöðu málsins. Það skal tekið fram að engin gögn hafa verið lögð fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings um slík samskipti.

Á fundi sínum með kirkjuráði 19. júní 2009 lagði Sigrún Pálína fram svohljóðandi erindi:

Fyrir 13 árum sendi ég, ásamt annarri konu, erindi til siðanefndar presta.

Eins og öllum er kunnugt leiddi það til mikilla leiðinda bæði fyrir okkur og fjölskyldur okkar. Það leiddi sömuleiðis til mikillar umfjöllunar í fjölmiðlum og meðal fólks. Svo harkalega var vegið að mér og fjölskyldu minni að við töldum okkur ekki vært á Íslandi og fluttumst til Danmerkur. Ég vil taka það fram, að fjölmiðlar meðhöndluðu mig með meiri virðingu og nærgætni í þessu máli en kirkjunnar menn.

Eftir umfjöllun innan kirkjunnar og vegna vanhæfni þeirra manna sem að málinu komu sá ég mig tilneydda til að segja mig úr Þjóðkirkjunni minni.

Í gegnum 13 ár hef ég barist við kvíða og sorg yfir þessu máli. Ætlun mín er að koma vitneskju minni og þar með upplifun til rétttra aðila sem geta tekið þá ábyrgð af herðum mínum sem ég hef borið í öll þessi ár.

Það er mér mikils virði að fá að segja ykkur sögu mína í von um að í þetta skipti sé ég meðhöndluð af virðingu og þeim kærleika sem ég tel mig eiga skilið.

Ég óska eftir að biskup og kirkjuráð taki ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem ég fékk af hendi kirkjunnar manna á sínum tíma, með því að biðja mig afsökunar á þeirri meðferð á opinberum vettvangi.

Ég óska eftir að mannorð mitt verði með þessum hætti hreinsað á opinberum vettvangi og þar með hafi ég möguleika til að flytjast heim til Íslands og ganga aftur í Þjóðkirkjuna.

Ég vil taka það fram að það er mín heitasta ósk að Þjóðkirkjan verði virt og að allir hafi möguleika á að leita til hennar og fái þar þá þjónustu og athvarf sem þeir eiga skilið og hafa rétt á.

Í fundargerð kirkjuráðs 19. júní 2009, undir a-lið 5. dagskrárliðar: *Önnur mál*, er að finna svohljóðandi bókun í tilefni af áheyrnarfundi með Sigrúnu Pálinu þann sama dag:

Kirkjuráð harmar sársauka og vonbrigði sem fram komu í frásögn [Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur] á fundinum og skort á skilningi og máttleysi í viðbrögðum kirkjunnar á sínum tíma. Kirkjuráð hefur ekki vald til að leggja mat á eða úrskurða um framangreindar sakargiftir. Ákæra var ekki gefin út á sínum tíma og sr. Ólafur er nú látinn.

Kirkjuráð tekur undir orð biskups Íslands á prestastefnu 2009 og biður þær konur og börn sem brotið hefur verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar á þeirri þjáningu og sársauka sem þau hafa liðið.

Kirkjuráð vísar jafnframt til orða biskups á prestastefnu 2009 þar sem hann rekur það sem kirkjan hefur gert á umliðnum árum til að takast betur á við siðferðis- og kynferðisbrotamál.

Kirkjuráð samþykkti:

- að vinna að siðareglum fyrir presta og djákna og allt starfsfólk kirkjunnar sem byggir á núverandi siðareglum presta og öðrum siðareglum sem settar hafa verið í kirkjulegu starfi
- að beita sér fyrir endurskoðun starfsreglna kirkjunnar um meðferð kynferðisbrotamála
- að enginn geti verið í þjónustu Þjóðkirkjunnar sem gerst hafi sekur um kynferðisbrot

- að leita allra annarra leiða til að kirkjan geti tekið á slíkum málum af festu með faglegum vinnubrögðum og fyrirbyggjandi aðgerðum svo og aukinni aðstoð við þau sem líða vegna slíkra mála og þau samtök sem starfa í þeirra þágu.

Engin skrifleg gögn eru til um málsmeðferð biskupsstofu eða kirkjuráðs í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 frá 19. júní 2009 og þar til hún sendi bréf tæpu ári síðar, eða 27. maí 2010, og ítrekaði beiðni sína um áheyrn kirkjuráðs. Rannsóknarnefnd kirkjuþings kannaði í því sambandi allar fundargerðir kirkjuráðs á þessum tímabili, þ.e. af fundum ráðsins 7. ágúst, 13. ágúst, 24. ágúst, 17. september, 7.–8. október, 23. október, 6. nóvember og 10.–11. desember 2009 og 15. febrúar, 5. mars og 15. apríl 2010. Um erindi Guðrúnar Ebbu eða málefni hennar að öðru leyti er hvergi bókað í þessum fundargerðum.

Fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings bar Guðrún Ebba að eftir að hún hefði sent ítrekunarbréfið 27. maí 2009 hefði hún „ekkert“ heyrt frá biskupsstofu fyrr en daginn áður en kirkjuráðsfundurinn 17. ágúst 2010 átti að fara fram. Aðspurður um hvenær hefði verið ákveðið að Guðrúnu Ebbu yrði loks veitt áheyrn hjá kirkjuráði svaraði Karl Sigurbjörnsson því til að það hefði verið ákveðið þarna um vorið 2010 að sá fundur yrði í september s.á. en ákveðið hefði verið að flýta fundinum fram í ágúst s.á. Kvaðst hann ekki vita hvort Guðrún Ebba hefði verið látin vita af því strax og ákvörðun hafði verið tekin.

Í fundargerð kirkjuráðs 24. júní 2010 er undir e-lið, 7. dagskrárlíðar: *Önnur mál*, að finna svohljóðandi bókun:

Borist hefur erindi frá Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur þar sem hún óskar eftir að fá að hitta kirkjuráð. Samþykkt var að bjóða henni að koma á kirkjuráðsfund í september.

Hinn 17. ágúst 2010 fór áheyrnarfundur Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur með kirkjuráði fram, en í fundargerð ráðsins er undir e-lið, 6. dagskrárlíðar: *Önnur mál*, að finna svohljóðandi bókun:

Á fund kirkjuráðs kom Guðrún Ebba Ólafsdóttir sem hafði óskað eftir fundi með kirkjuráði. Með henni komu á fundinn séra Sigfinnur Þorleifsson og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir.

Áður hafði hún sent erindi til biskups og átt fund með honum. Hún vill brýna kirkjustjórnina til að taka skýra afstöðu gegn kynferðislegu ofbeldi og lýsa það vera synd.

Biskup upplýsti að reglur frá 1998 um fagråd um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar hefðu verið endurskoðaðar árið 2009. Þá hafa verið samþykktar á kirkjuþingi 2009 síðareglur er taka til presta og djákna og annars starfsfólks kirkjunnar svo og sjálfboðaliða. Í samræmi við síðareglurnar er nú að fara

af stað átak þar sem allir starfsmenn kirkjunnar verða beðnir um að samþykka að heimila aðgang að sakaskrá m.t.t. kynferðislegs ofbeldis, svonefnd skimun.

Hinn 25. ágúst 2010 birti kirkjuráð svohljóðandi yfirlýsingu:

Kirkjuráð hefur átt fund með Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur þar sem þær lýstu sögu sinni sem þolendur kynferðisbrota. Kirkjuráð leggur trúnað á frásagnir þeirra og tekur undir orð biskups Íslands í fjölmiðlum þess efnis.

Fyrir hönd þjóðkirkjunnar biður kirkjuráð þær og aðra þá sem brotið hefur verið á af hálfu starfsmanna og þjóna kirkjunnar fyrirgefningar. Kirkjuráð harmar þá þjáningu og sársauka sem þau hafa liðið.

Kirkjuráð ítrekar að kynferðisbrot eru ekki liðin innan kirkjunnar og lýsir samstöðu við þá einstaklinga og félagasamtök sem styðja þau sem líða og vinna að forvörnum og vitundarvakningu meðal þjóðarinnar um þessi alvarlegu mál

4.3.3 Atvikalýsing á tímabilinu frá mars 2009 til ágúst 2010 samkvæmt framburði einstaklinga fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings

Í þessum kafla verður leitast við að varpa skýrara ljósi á framangreinda atburðarás með framburði þeirra einstaklinga sem komu fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir svaraði því aðspurð á fundi rannsóknarnefndarinnar að hún hefði „aldrei“ fengið skriflegt svar frá biskupsstofu við erindi sínu 27. mars 2009. Nánar um þetta skýrði hún svo frá:

Nei, ég hringdi í Þorvald Karl þegar mér er orðið ljóst að það átti bara að ýta mér til hliðar. Fyrst hugsaði ég alltaf um hvað Sigrún Pálína fengi þegar upp væri staðið, en svo hugsaði ég um mig sjálfa, þetta væri rosastórt mál fyrir mig líka og ég væri líka með nýjar upplýsingar. Svo að ég hringdi í Þorvald Karl. Þá sagði Þorvaldur Karl, þetta var í síma, að hann hefði talað um þetta við Karl og spurði hvort ég vildi ekki bara koma með henni. Ég afþakkaði það. Ég ætlaði ekki að vera þarna þegar Sigrún Pálína kæmi eftir alla sína baráttu með fjölskylduna með sér á þennan fund. Ég fékk engin viðbrögð, ekki neitt. ...

Eins og nánar verður rakið hér síðar virðist mega ráða af framburði Karls Sigurbjörnssonar, Þorvalds Karls Helgasonar, Ragnhildar Benediktsdóttur, Guðmundar Þórs Guðmundssonar og kirkjuráðsmannanna sr. Halldórs Gunnarssonar, sr. Kristjáns Björnssonar, Jóhanns E. Björnssonar og Sigríðar M. Jóhannsdóttur fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings að biskup hafi á fundi kirkjuráðs 14. maí 2009 kynnt að Guðrún Ebba Ólafsdóttir hafi komið á fund hans. Bréfi hennar hafi hins vegar ekki verið dreift á fundinum. Að framan er frá því greint að í fundargerð kirkjuráðs 14. maí 2009 hafi eftirfarandi verið bókað undir a-lið 5. dagskrárliðar:

„Önnur mál: Biskup greindi frá stöðu nokkurra mála sem eru á borði Biskups og varða Kirkjuráð“. Af framburði fyrir rannsóknarnefndinni verður ráðið að rætt hafi verið um þann hluta erindis Guðrúnar Ebbu er laut að ósk hennar um áheyrn kirkjuráðs til að segja sögu sína. Um það hvort ráðið væri réttur vettvangur fyrir slíkan fund hafi verið skiptar skoðanir.

Framburður ofangreindra einstaklinga varðandi þetta atriði verður nú nánar rakinn.

Karl Sigurbjörnsson bar fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings að hann hefði ekki svarað erindi Guðrúnar Ebbu formlega og með skriflegum hætti. Því hefði hann hins vegar svarað munnlega „í gegnum Þorvald Karl Helgason“. Henni hefði verið tjáð að beiðni hennar um áheyrn kirkjuráðs væri í athugun og hún hefði sagt að það lægi ekkert á. Um þessa beiðni hennar hefðu verið mjög skiptar skoðanir í kirkjuráði. Um það hvernig það hefði verið réttlætt að ekki var brugðist við þessum þætti í erindi hennar sérstaklega þegar fyrir lá að Sigrúnu Pálínu yrði veitt áheyrn hjá kirkjuráði svaraði Karl: „... ég veit ekki hvernig á að réttlæta það.“ Hann neitaði því hins vegar að kirkjan hefði ekki viljað horfast í augu við reynslusögu hennar eða að leitast hefði verið við að þagga málið niður. Allir hefðu verið meðvitaðir um að þetta væri orðið á almannavitorði og hún væri að vinna með þessi mál og með starfsmönnum kirkjunnar. Kvaðst hann telja að menn hefðu bara verið fastir í því að þetta væri í ákveðnum farvegi. Fyrir tilverknað Guðrúnar Ebbu hefði m.a. verið ákveðið að endurskoða starfsreglur um fagraðið og eins hvernig unnt væri að auka fræðslu um þessi mál á vettvangi æskulýðsstarfs kirkjunnar og í fermingarfræðslu. En sjálfur fundur kirkjuráðs með Guðrúnu Ebbu hefði „einhvern veginn aldrei verið á oddinum“.

Sr. Halldór Gunnarsson greindi frá því að Karl Sigurbjörnsson biskup hefði á kirkjuráðsfundinum í maí 2009 sagt frá því að Guðrún Ebba hefði komið á hans fund og óskað eftir því að ráðið tæki á móti Sigrúnu Pálínu og síðar henni sjálfri. Karl hefði hins vegar ekki sagt kirkjuráði að Guðrún Ebba hefði ritað sérstakt bréf af þessu tilefni og hefði Halldór ekki vitað af því fyrr en Guðrún Ebba hefði ítrekað beiðni sína um áheyrn rúmu ári síðar. Á fundinum í maí 2009 hefði Karl ekki viljað að þau tækju á móti Sigrúnu Pálínu. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari hefði jafnframt sagt að það væri ekki kirkjuráðs að taka á móti þeim. Karl hefði lagt á það áherslu að Guðrún Ebba hefði talið það lykilatriði að Sigrún Pálína kæmi en ekki lægi á að hún sjálf fengi áheyrn. Halldór hefði þá lýst þeirri skoðun sinni að ef þetta gæti leyst málið þá ætti að taka á móti þeim strax og að það versta sem kirkjuráð gæti gert væri að

fresta því. Kvaðst hann hafa heyrt orðróm um að Guðrún Ebba væri að segja frá reynslu sinni.

Sr. Kristján Björnsson staðfesti fyrir rannsóknarnefndinni að bréf Guðrúnar Ebbu hefði ekki verið lagt fram á fundum kirkjuráðs á árinu 2009, hann hefði fyrst séð það á árinu 2010. Ráðsmenn hefðu hins vegar fengið vitneskju um bréf hennar og efni þess og biskup hefði sagt frá því að hún hefði komið á hans fund. Það hefði jafnvel verið áður en kirkjuráðsfundurinn í maí 2009 var haldinn. Deilt hefði verið um hvort kirkjuráð væri rétti vettvangurinn fyrir slíka áheyrn og þá hvort réttara væri að málið yrði lagt fyrir biskupafund eða fagráðið. Um það hvernig Karl Sigurbjörnsson kynnti erindi Guðrúnar Ebbu og viðhorf sitt til þess svaraði Kristján:

... Þannig að hann segir okkur nú frá þessu og ég var alveg sáttur við það að hún kæmi fyrst og talaði við hann til þess að átta sig betur á þessu erindi. ... Eftir viðtalið hjá biskupi þá eru skilaboðin þau, eins og ég skil þetta, að meginerindi Guðrúnar Ebbu sé í fyrsta lagi að kirkjan stígi fram með yfirlýsingar um að kynferðisbrot séu synd og verði ekki liðin og síðan að kirkjuráð taki á móti Sigrúnu Pálinu, það var þrípartur algjörlega í þessu erindi Guðrúnar Ebbu og að kirkjan biðjist afsökunar. Ég lít svoleiðis á að með því að hann upplýsir okkur um þetta, biskupinn, að þá stöndum við frammi fyrir því hvernig eigi að bregðast við þessu erindi, efni þessa erindis. Ég er nú heilmikill formalisti en mér fannst þetta vera í ákveðnum farvegi. Við setjumst niður þarna 2009 og byrjum að endurskoða algjörlega frá grunni þessar starfsreglur og förum yfir það sem hafði verið sett þarna 1997, bæði fagráðið og fleiri atriði. Við förum að ræða þarna alvarlega um útfærsluna á þessari skimun og við förum að vinna þetta. Við einhendum okkur í það í rauninni í kirkjuráði, kirkjuráðið hafði forgöngu um það. Síðan setjum við Sigrúnu Pálinu á dagskrá ...

Aðspurður um viðbrögð kirkjuráðs við erindi Guðrúnar Ebbu í kjölfar þess að Sigrún Pálína hafði fundað með því 19. júní 2009 svaraði Kristján: „Það erindi var svo ekkert ítrekað ... og við ræddum ekkert um það, annað en það að við ... myndum að sjálfsgöðu ef að hún ítrekaði erindi og beiðni um að koma til kirkjuráðs.“ Tók hann fram að erindi Guðrúnar Ebbu hefði ekki legið fyrir kirkjuráði heldur hefði það borist biskupi. Innihald þess hefði hins vegar verið rétt á fundum kirkjuráðs. Neitaði Kristján því að nán tengsl við fjölskyldu Ólafs Skúlasonar hefðu haft áhrif á afstöðu kirkjuráðs. Þegar Guðrún Ebba hefði ítrekað beiðni sína í lok maí 2010 hefði afrit af því bréfi verið lagt fram á fundi kirkjuráðs og hefði hann þá í fyrsta skipti séð upphaflegt erindi hennar frá 27. mars 2009. Allir kirkjuráðsmenn hefðu þá verið sammála um að bjóða henni að koma á fund ráðsins í september. Síðan hefði verið ákveðið að

halda aukafund í ágúst vegna aukakirkjupings og hefði þá verið ákveðið að bjóða Guðrúnu Ebbu á þann fund.

Aðspurður um hvernig bæri að skilja þann þátt í yfirlýsingu kirkjuráðs 25. ágúst 2010 að kirkjuráð harmi sársauka og vonbrigði sem fram komu í frásögn hennar á fundinum og „skort á skilningi og máttleysi í viðbrögðum kirkjunnar á sínum tíma“, svaraði Kristján:

Það er náttúrulega alveg augljóst að það var fullkomið máttleysi í viðbrögðum kirkjunnar 1996. Kirkjan réð ekki við það að taka á málum æðsta embættismanns síns af því að hann er einfaldlega í þeirri stöðu þá í lögum. Það er enginn sem gat í raun og veru átt við hann. Þú spurðir mig hvort ég hefði komið að þessari yfirlýsingu og samningu hennar að þá leyfðu hinir í kirkjuráði mér afskaplega mikið að ráða þessu.

Aðspurður um hvort kirkjuráð hefði leitað ráðgjafar eða aðstoðar formanns fagráðsins áður en endanleg afstaða var tekin til erinda Guðrúnar Ebbu og Sigrúnar Pálínu svaraði Kristján: „Nei, sko, við máttum það ekkert. Fagráðið á að taka á þessum málum algjörlega. ... Við töldum það einfaldlega sjálfir að þetta ætti frekar þar heima og bentum þeim báðum á það.“ Um ástæðu þess að óskum þeirra um áheyrn hefði þá ekki verið hafnað og þeim vísað á fagráðið svaraði Kristján:

Það var vegna þess að það kom ítrekað fram í óskum þeirra að þær vildu hitta kirkjuráð og það var alveg sama hvaða stofnanir aðrar sem voru betur til þess fallnar og skipaðar hæfari fólki til þess að taka á svona persónulegum harmleik og ómögulegum málum eins og kynferðisbrot eru að það var alveg sama hversu oft eða ákveðið var vísað á aðra aðila, því var einfaldlega hafnað. Það var búið að miða á kirkjuráð og það var reyndar ekki fyrr en í fyrrahaust, þá sat ég fyrirlestur þar sem var mikið vitnað til Maríu Fortune sem að leggur einmitt áherslu á það að þolendur kynferðisbrota af hálfu kirkjunnar þjóna fá áheyrn hjá æðstu stjórn þeirrar stofnunar. Þá allt í einu gerði ég mér grein fyrir því: „Bíddu, af hverju voru þær alltaf að heimta þetta eða biðja um þetta, að setja fram þetta erindi að hitta kirkjuráð?“ Af því að mér fannst liggja í augum uppi að þær vissu að þær myndu hugsanlega ekki vita hvernig það væri t.d. skipað, það væru ekki valdir fagaðilar í það.

Um almenna afstöðu sína til þess hvort biskup og kirkjuráð hefðu brugðist með réttum hætti við erindi Guðrúnar Ebbu svaraði Kristján:

Ég get sagt ykkur það að ég sá ekki annað en það að þetta hefði tekið gríðarlega mikið á [biskup]. Það er enginn að efast um það og ég held að það sé mannlegt eða eðlilegt að hann veigri sér við því að fara í gegnum þennan sársauka. Ég hef ekki séð þetta beint sem tengingu við hans aðkomu þarna 1996 að þessu máli eða samtöl við Sigrúnu Pálínu, hann sat að vísu í kirkjuráði þar og allt það. Ég get ekki séð annað en að þetta hafi dregist af þessu. Ég er ekki að segja að við séum

ákvarðanafælnir í kirkjuráði, en við þurftum fyrst að ræða það ítarlega hvort að það væri rétt að gera þetta, að hefja einhver ný vinnubrögð innan kirkjuráðs, án þess að hafa fyrir því nokkra stöð í samþykktum kirkjuþings t.d. eða í lögum. Og síðan þetta að hann var búinn að vera að tala við hana, hann var búinn að vera að veita henni áheyrn sem biskup og erindi hennar var þetta fyrst og fremst, eins og hún setur það fram í þessum þremur liðum. Og ég taldi mig allavega á árinu 2009 vera að bregðast við því af mikilli elju, bæði með því að reyna að vinna almennilega og ásættanlega yfirlýsingu sem að allavega Sigrún Pálína sætti sig við og varð til sátta fyrir hana og hennar fjölskyldu og ég taldi okkur vera að gera það, það var gríðarlega yfirlega yfir því, allavega af minni hálfu, mikil spekalúsjón. Og þetta var nú þannig mál að þótt ég sé nú prestur og mæti ýmsu og hafi verið með áfallahjálp og sé með þjálfun í klínískri sálgæslu og allt þetta þá var ég í sjálfu sér ekki búinn að mennta mig sérstaklega í því hvernig kirkjustofnun á að bregðast við ásökunum á embættismenn. ... Og við erum að takast á við þetta kannski svolítið af brjóstviti, en ekki með beinar kenningar um það hvað þarf til að ná sáttum heldur einfaldlega að reyna að vinna að því að viðbrögð kirkjunnar séu viðhlítandi, skilaboð til fólksins í öllum söfnuðunum séu þannig að kynferðisbrot séu ekki leyfð og ekki liðin og síðan þessi afsökunarbeiðni. Það sem stóð í okkur í raun og veru eða var tekið skref fyrir skref og stig af stigi í þessu máli alveg frá 2009 til haustsins 2010, sá tröppugangur eða þau skref eða sú þróun á málinu, hún einkenndist fyrst og fremst af því að það sem við sögðum var ekki nóg. Við þurftum að vera skýrari í afstöðunni og á endanum var það orðið algjörlega ljóst að það var óumflýjanlegt að kveða upp úr með það og ég er náttúrlega samsekur í því líka að hafa unnið þá ályktun á kirkjuráðsfundinum sem við héldum, hann var að hluta til símafundur á miðvikudegi, líklega 24. eða 25. ágúst, að þar lýsti kirkjuráð því yfir að það tryði framburði og ásökunum kvennanna á Ólaf Skúlason. Lögfræðingarnir lágu í okkur að gera þetta ekki vegna þess að þetta er þá skaðabótaskýlt í raun og veru með því að við lýsum því yfir að við tryðum þessu.

Jóhann E. Björnsson kvaðst fyrir rannsóknarnefndinni muna eftir því að biskup hefði rætt á fundi kirkjuráðs á árinu 2009 um að hann hefði fengið bréf frá Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttir þar sem óskað væri áheyrnar ráðsins, en hann hefði ekki séð bréfið sjálft. Rætt hefði verið um það hvort kirkjuráð væri rétti vettvangurinn eða hvort það væri þá biskupafundur sem hún ætti kannski frekar að snúa sér til. Aðspurður hvort rætt hefði verið um málefni Guðrúnar Ebbu þegar kirkjuráð ákvað að gefa Sigrúnu Pálínu kost á að koma á fund kirkjuráðs 19. júní 2009 svaraði Jóhann að svo hefði ekki verið. Greindi hann frá því að hann hefði ekki vitað í hverju erindi Guðrúnar Ebbu var fólgið. Á fundi kirkjuráðs hefði það ekki komið skýrt fram. Ekkert hefði síðan verið rætt um erindi Guðrúnar Ebbu fyrr en hún hafði sent ítrekunarbref sitt í maí 2010. Kvaðst Jóhann aðspurður ekki getað gefið skýringu á því af hverju erindi hennar hefði ekki fengið neina úrlausn þegar þarna var komið sögu. Allir hefðu hins

vegar verið sammála því að bjóða henni að koma á fund ráðsins á árinu 2010 þegar hún hefði ítrekað erindi sitt.

Inntur eftir afstöðu sinni til þess hvort tilefni væri til almennra athugasemda við málsmeðferð kirkjuráðs hvað varðar erindi Guðrúnar Ebbu svaraði Jóhann:

Þetta er náttúrliga í höndum biskups. Vanalega setur biskup og hans aðstoðar-fólk fram dagskrá fyrir kirkjuráðsfundi og það eru náttúrliga þau sem að vinna við þetta sem að stilla því upp hvað það er sem þarf að koma á dagskrá. Það er mjög sjaldan sem að við gerum athugasemdir við það hvað er á dagskránni eða viljum bæta við. Það hefur þó komið fyrir að það hafi verið gert og það er þá sérstaklega þegar það eru einhver málefni sem að eru í deigluinni og okkur finnst að þurfi að koma fyrir kirkjuráðsfund og það eru fyrst og fremst málefni sem varða ákveðnar sóknir og eru mál sem falla beint undir kirkjuráð. Ég veit ekki hvernig stendur á því að þetta hafi ekki verið sett á oddinn fyrir, en eins og ég segi þá var þetta í höndum biskups og við fórum ekki, eða allavega ekki ég, að garfa í því. ... Halldór Gunnarsson er sá sem var driffjöðurin í þessu og vildi drífa þetta áfram. Og vissulega hefur þessi reynsla sem hann hefur lýst í sjónvarpinu gagnvart móður hans og þetta, vissulega hefur Halldór haft þarna ákveðna hugmynd um þetta og vildi koma þessu máli áfram og var eftir á á öndverðum meiði við biskup um hvernig þetta allt hefði borið að. ... Það getur vel verið að þeir hafi rætt þetta mál saman án þess að það hafi verið mál sem rætt var á kirkjuráðsfundi.

Sigríður M. Jóhannsdóttir skýrði svo frá fyrir rannsóknarnefndinni að á fundi í apríl eða maí 2009 hefði Karl Sigurbjörnsson sagt að Guðrún Ebba Ólafsdóttir hefði komið á fund hans og óskað eftir því að kirkjuráð myndi ræða við Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur. Hefði Guðrún Ebba jafnframt óskað eftir að fá að koma á fund ráðsins. Bréf hennar hefði ekki verið lagt fram á fundinum. Um það hefði verið rætt hvort það væri kirkjuráðs að ræða þessi mál eða hvort það væri frekar æðstu embættismanna, biskupafundar jafnvel. Það hefði verið ákveðið að Sigrún Pálína fengi fyrst áheyrn hjá ráðinu að ósk Guðrúnar Ebbu, en að tímasetning fyrir fund með þeirri síðarnefndu „skipti ekki svo miklu máli, heldur að við myndum ræða við Sigrúnu Pálínu af því að það var einlæg ósk hennar að fá að ræða við æðstu stjórn kirkjunnar til þess að fá frið í sálu sína og viðurkenningu kirkjunnar á þessum málum“.

Sigríður greindi jafnframt frá því að hún hefði verið „mjög ákveðin á því að þær ættu [báðar] að koma fyrir kirkjuráð“ og hefði lýst þeirri afstöðu á fundum ráðsins og að biskup hefði verið alveg sammála því: „... það voru svona meiri umræður um það hvort þetta væri eðlilegt að einstaklingar kæmu fyrir kirkjuráð“. Hún hefði hins vegar í reynd engar skýringar á því af hverju Guðrúnu Ebbu hefði ekki verið boðin áheyrn fyrir en raun ber vitni: „... það má kannski segja að það hafi ekki verið

eðlileg málsmeðferð að gera það, en það var kannski líka verið að ræða um fjölskyldu hennar.“ Þegar ítrekunarbréf hennar hefði borist í maí 2010 hefði Sigríður viljað hafa fund með henni sem fyrst.

Ragnhildur Benediktsdóttir greindi frá því fyrir rannsóknarnefndinni að erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur hefði a.m.k. verið rætt á fundi kirkjuráðs í maí 2009. Bréfi hennar hefði ekki verið dreift. Karl Sigurbjörnsson hefði hins vegar lesið upp úr fylgiskjali því sem fylgdi bréfi Guðrúnar Ebbu: „... ég man sérstaklega eftir viðbrögðum eins kirkjuráðsmanns sem að tók um höfuðið á sér og saup hveljur og sagði bara „guð minn almáttugur hjálpi mér“ þegar hann heyrði lýsingar.“ Mjög skiptar skoðanir hefðu verið um það hvort svona erindi ætti yfir höfuð heima inni á kirkjuráðsfundi, hvort þetta væri ekki erindi sem frekar ætti að vísa á biskupafund vegna þess að kirkjuráð hefði aldrei fjallað um málefni einstakra manna og „ekki t.d. kvartanir varðandi presta eða einhvers konar sálusorgunarvandamál“, slíkt væri „alltaf biskups megin“.

Aðspurð um hvort og þá hvernig hefði verið ákveðið að afgreiða erindi Guðrúnar Ebbu þegar fyrir lá boð kirkjuráðs um að Sigrún Pálína fengi áheyrn 19. júní 2009 svaraði Ragnhildur að „engin sérstök ávörðun hafi verið tekin. ... einhverra hluta vegna þá skynjuðu menn skilaboð frá henni um að henni lægi ekkert á, það var eitthvað þannig“. Engar útskýringar væru aðrar til um málsmeðferð biskupsstofu og kirkjuráðs að þessu leyti. Svaraði hún því neitandi að biskup hefði verið að reyna að komast hjá því að þurfa að takast á við málið: „... auðvitað er hennar mál allt annars eðlis heldur en mál Sigrúnar Pálínu. Það náttúrlega blasir við. Ég heyrði allavega aldrei að þetta væri eitthvað sem að hann vildi ekki taka á. Ég veit náttúrlega ekkert hvort að þau voru í einhverju símasambandi, ég hef ekki hugmynd um það. Ég veit reyndar að hann talaði eitthvað við móður hennar og bróður hennar, kannski við hana sjálfa, ég veit það ekki. Ég sá á þessu að hún hafði verið í símasambandi við Þorvald Karl. Ég vissi það ekki þá, það barst mér ekki til eyrna að þau hefðu talað sama í síma.“

Aðspurð svaraði Ragnhildur því til að ekkert hefði verið rætt um mál Guðrúnar Ebbu fram eftir sumri og haustið 2009. Hún hefði hins vegar alltaf viljað að erindi hennar yrði sinnt: „Ég vildi að henni yrði svarað annaðhvort já eða nei.“ Hún hefði komið þeirri afstöðu sinni á framfæri á fundum kirkjuráðs á árinu 2010. Þarna hefði orðið „óhæfilegur dráttur á viðbrögðum“. Þetta hefði „ein�vern veginn [verið] svo ofboðslega viðkvæmt og sárt“.

Guðmundur Þór Guðmundsson kvaðst fyrir rannsóknarnefndinni telja sig muna að Karl Sigurbjörnsson hefði fyrst kynnt erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á fundi kirkjuráðs í maí 2009. Það hefði verið alveg

ljóst að hluti af erindi hennar hefði verið beiðni um áheyrn kirkjuráðs: „Fyrstu viðbrögð eins kirkjuráðsmanns voru eiginlega bara að grípa um höfuðið.“ Lýsti hann fundinum að öðru leyti með eftirfarandi hætti:

Ég sit nú oft við hliðina á [biskupi] á fundum. Hann var örugglega með bréf Guðrúnar Ebbu í höndunum og kynnti efni þess. Hvort að hann las beint upp úr því einhverjar setningar, það er eins og mig minni það, en ég þori ekki alveg að staðfesta það. En mig minnir að þarna hafi fyrst verið kynnt þessi framkomna beiðni með formlegum hætti.

Aðspurður um bókun þá sem rituð var í fundargerð fundar kirkjuráðs 14. maí 2009, en hún hefði verið mjög almenn og ekki gefið til kynna hvaða mál biskup hefði til umfjöllunar, svaraði Guðmundur að hún hefði verið með þeim hætti vegna þess hve viðkvæmt málið var. Guðmundur hefði talið að það þyrfti að ræða það og skoða það sérstaklega hvort kirkjuráð hefði einhverja stöðu eða vald til þess að taka á móti einstaklingum sem hefðu svona sögur að segja, hvaða fordæmi væri verið að gefa með þessu o.s.frv. Aðspurður taldi hann að ekki hefði fengist nein formleg niðurstaða á fundinum í maí 2009. Menn hefðu litið „svo á að biskup yrði með málið áfram“. Málið hefði verið látið bíða.

Almennt um samskipti biskupsstofu við Guðrúnu Ebbu tók Guðmundur fram að hún hefði í upphafi leitað til Þorvalds Karls Helgasonar biskupsritara með sín mál. Hann og biskup hefðu verið „í fyrirsvari, ef ég má orða það svo, af hálfu biskupsstofu gagnvart henni og hennar talsmönnum sem hún eiginlega var með í kringum sig líka“. Honum væri ekki kunnugt um það hvort erindi hennar 27. mars 2009 eða ítrekunarbrefinu 16. júní 2009 hefði verið formlega svarað af biskupsstofu. Embættinu bæri að svara öllum erindum. Um skýringu á því að það hefði ekki verið gert í tilviki Guðrúnar Ebbu sagði Guðmundur:

Ég held að það kunni að skýra málið eitthvað að það voru, eftir því sem að ég best veit og best man, að það voru samtöl í gangi á milli hennar stuðningsmanna eða þeirra manna sem að voru í kringum hana á þessum tíma og biskupsritara, fyrst og fremst. Þannig að ég held að menn hafi litið svo á að hún væri ekki í sjálflu sér að pressa á afgreiðslu, heldur að þetta væri í einhvers konar samtalsferli, en innihald samtalanna þekki ég ekki.

Aðspurður um hvort hann hefði verið beiðinn um að taka saman greinargerð um stöðu kirkjuráðs og lögfræðilega stöðu málsins svaraði Guðmundur því neitandi. Þá minntist hann þess ekki að hafa tekið þátt í umræðum um að beina máli Guðrúnar Ebbu í farveg fagráðsins.

E. ÁLYKTANIR RANNSÓKNARNEFNDAR KIRKJUÞINGS UM MISTÖK, VANRÆKSLU EÐA ÞÖGGUN

1. Inngangur og uppbygging kaflans

Í kafla 2 í A-hluta hér að framan er lýst hlutverki rannsóknarnefndar kirkjuþings samkvæmt 1. gr. starfsreglna um nefndina. Eins og þar kemur fram ber nefndinni annars vegar að leggja mat á hvort um mistök, vanrækslu eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi verið að ræða af hálfu vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar, eða annarra sem gegnt hafa trúnaðarstörfum í þágu kirkjunnar, eftir að ásakanir um kynferðisbrot á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi voru komnar fram og hverjir kunni eftir atvikum að bera ábyrgð á því. Hins vegar er nefndinni ætlað að setja fram ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot af hálfu starfsmanna hennar. Í þessum hluta verður vikið að fyrri þættinum er lítur að ályktunum um mistök, vanrækslu eða þöggun, en um hinn síðari verður fjallað í F-hluta skýrslunnar.

Við meðferð málsins hefur rannsóknarnefndin leitast við að afmarka nánar, eins og kostur er, framangreind hugtök sem ályktanir hennar eiga að beinast að. Um þá afmörkun er fjallað sérstaklega í kafla 2 í A-hluta. Þar kemur fram að hlutlægri afmörkun á því hvaða gjörðir (athöfn eða athafnaleysi) það eru sem fallið geta undir 1. gr. starfsreglnanna er þar annars vegar lýst með rúmunum og matskenndum hugtökum, þ.e. mistök og vanræksla. Hins vegar sé nefndinni ætlað að leggja mat á það hvort um vísvitandi þöggun eða tilraun til hennar hafi verið að ræða. Mistök geti í viðteknum skilningi falist í handvömm, klaufaskap eða vangá eða að eitthvað það sé aðhafst sem annars getur talist óheppilegt eða rangt. Vanræksla geti á hinn bóginn falið í sér hirðuleysi gagnvart skyldum sem á einstaklingi hvíla og að þeim sé þannig illa sinnt eða í engu hirt um að rækja þær. Megi almennt um þetta segja í því samhengi sem hér á við, og í ljósi ummæla í athugasemdum forsætisnefndar kirkjuþings við starfsreglur um nefndina, að framkomnar ásakanir hafi ekki verið metnar af réttisýni og sanngirni, að með þessu sé vísað til þess að háttsemi eða framganga (athöfn eða athafnaleysi) hafi farið gegn einhvers konar almennum siða- eða siðferðislögmálum sem einstaklingi, vígðum þjóni kirkjunnar eða öðrum trúnaðarmanni hennar hafi borið að fylgja og hafa að leiðarljósi í embættisfærslu sinni. Sú afmörkun á hlutlægri viðmiðun þeirra athafna samkvæmt 1. gr. starfsreglnanna sem lúti að þöggun eða tilraun til þöggunar skýri sig að mestu sjálf. Skuli það eitt tekið fram í því sambandi að í slíkri athöfn myndi felast viðleitni til að bæla niður eða lægja orðróm og þá eftir atvikum að fá einhvern með beinum hætti til að

þegja um eitthvað eða leitast við á annan veg að koma því til leiðar. Verkefni nefndarinnar sé því samkvæmt framansögðu ekki aðeins bundið við að staðreyna brot á lögum eða öðrum réttarreglum heldur sé henni ætlað að leggja á víðtækum grundvelli mat á hvort vígðir þjónar kirkjunnar eða aðrir starfsmenn sem gegndu trúnaðarstörfum í þágu hennar hafi með þátttöku sinni í viðbrögðum við ásökunum á hendur biskupi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttsýni að leiðarljósi sem gera má kröfu um hjá þeim sem gegna störfum hjá stofnun eins og íslensku þjóðkirkjunni.

Af framansögðu sé ljóst að rannsókn nefndarinnar sé samkvæmt starfsreglunum sjálfum bundin við vígða þjóna og starfsmenn kirkjunnar eða aðra þá sem gegndu trúnaðarstörfum í þágu hennar á þeim tíma sem rannsóknin tekur til. Áform forsætisnefndar kirkjuþings hafi á hinn bóginn gengið út á það að verkefni rannsóknarnefndarinnar yrði eftir atvikum víðtækara hvað þetta varðar og nánar á þann hátt sem fram er komið. Hafi nefndin tekið mið af þessu við vinnu sína, enda verði að líta svo á að með því að ekki komu fram á kirkjuþingi athugasemdir hér að lútandi hafi það fallist á að málum yrði skipað með þessum hætti. Þá sé til þess að líta að rannsókn nefndarinnar hljóti eðli máls samkvæmt jafnframt að beinast sérstaklega að stofnunum kirkjunnar og þeirri aðkomu sem þær kunna að hafa átt að því málefni sem til rannsóknar er. Hið sama eigi ennfremur við um stjórn Prestafélags Íslands og siðanefnd þess.

Að því er varðar það tímabil sem rannsókninni sé ætlað að taka til sé þess að geta að upphaf þess miðast samkvæmt starfsreglunum við það þegar ásakanir um að Ólafur Skúlason hafi gerst sekur um kynferðisbrot voru komnar fram. Fyrir liggur að þær komu fyrst til umfjöllunar á opinberum vettvangi í ársbyrjun 1996, þ.e. í kjölfar erindis sem þær Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir sendu stjórn Prestafélags Íslands og siðanefnd félagsins 25. janúar það ár. Í sama erindi komi á hinn bóginn einnig fram að Sigrún Pálína hafði áður gengið á fund þjónandi presta og sagt þeim sögu sína og þá líklega fyrst árið 1994. Að þessu sögðu hljóti það samkvæmt starfsreglum um rannsóknarnefndina að ráðast af rannsókninni sjálfri hversu langt aftur í tímann hún muni ná, enda sé viðmiðið það eitt í þessu sambandi hvenær vitneskja um þessar ásakanir hafi verið fyrir hendi í röðum vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar eða annarra sem gegndu trúnaðarstörfum í hennar þágu. Til sjálfstæðrar skoðunar þurfi síðan að koma hvort athafnir eða athafnaleysi þeirra aðila sem bjuggu yfir slíkri vitneskju hafi í kjölfarið falið í sér einhverja þá gjörð sem talist gæti á mælisverð í skilningi 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefndina. Þá muni það með sama hætti ráðast af framvindu rannsóknarinnar hvaða atvik það eru sem marka í tíma lok hennar.

Þess skal getið að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjuþings skal nefndin gera þeim sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvís að vanrækslu í starfi eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar vegna ásakana um kynferðisbrot af hálfu Ólafs Skúlasonar biskups skriflega grein fyrir afstöðu sinni um þau atriði sem varða þátt hans í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu til kirkjuþings. Skal nefndin veita viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Eins og rakið er í kafla 1.5 í A-hluta skýrslunnar og til samræmis við þetta ákvæði í starfsreglunum sendi rannsóknarnefndin út bréf 27. og 28. apríl 2011 til tuttugu og tveggja einstaklinga, vígðra þjóna og annarra sem sinnt höfðu trúnaðarstörfum fyrir þjóðkirkjuna. Í köflum 3–7 í þessum hluta verður eftir því sem við á gerð grein fyrir andmælum þeirra sem í hlut eiga í tengslum við umfjöllun nefndarinnar, en andmælabréf þeirra eru síðan birt í heild sinni sem fylgiskjöl með skýrslu þessari.

2. Almenn um viðbrögð þjóðkirkjunnar við ásökunum á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi á árinu 1996

Í samræmi við það hlutverk sem rannsóknarnefnd kirkjuþings hefur verið falið hefur upplýsingaöflun nefndarinnar miðað að því að reyna að varpa ljósi á þá atburðarás sem hófst með því að Sigrún Pálína Ingvarsdóttir setti í bréfi 25. janúar 1996 til stjórnar Prestafélags Íslands og síðanefndar félagsins fram áskanir sínar á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um að hann hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi á árinu 1978. Ítrekað skal að verkefni nefndarinnar felst ekki í því að fjalla um sannleiksgildi þessara ásakana, eins og nánar er rakið í kafla 2 í A-hluta skýrslunnar. Verkefni nefndarinnar er að meta hvort viðbrögð þjóðkirkjunnar hafi verið forsvaranleg og þá í þeim skilningi sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Áður en gerð verður grein fyrir ályktunum nefndarinnar um þetta, sbr. kafla 3–7 hér á eftir, þykir rétt að víkja stuttlega að atriðum sem annað tveggja þykja að mati nefndarinnar hafa almenna þýðingu varðandi rannsóknarefnið eða kalla á athugasemdir af hennar hálfu og þá án þess að nægilegt tilefni þyki til að álykta um þau umfram það.

2.1 Hafði „valdabarátta“ innan þjóðkirkjunnar áhrif á viðbrögð og starfshætti hennar í „biskupsmálinu“?

Eins og ráðið verður af umfjöllun í kafla 2 í C-hluta skýrslunnar átti Sigrún Pálína Ingvarsdóttir fund, líklegast á árinu 1988, með þáverandi biskupi, hr. Sigurbirni Einarssyni, þar sem hún á að hafa greint honum frá ásökunum sínum á hendur Ólafi Skúlasyni. Ári síðar, 1989, var Ólafur kjörinn biskup. Þá ræddi Sigrún Pálína við þá sr. Pálma Matthíasson og

sr. Vigfús Þór Árnason á árunum 1994 og 1995 og greindi þeim frá því sama. Það er hins vegar ekki fyrr en með bréfi 25. janúar 1996 sem sent var stjórnarformanni Prestafélags Íslands, sr. Geir Waage, og siðanefnd félagsins, að Sigrún Pálína setti ásakanir sínar fram formlega og krafðist viðbragða af hálfu stjórnarinnar og siðanefndarinnar. Svo sem fram er komið hefur Sigrún Pálína skýrt svo frá að framganga Vigfúsar Þórs í fjölmiðlum 5. janúar 1996, þegar hann fór fyrir hópi kirkjunnar manna sem lýstu stuðningi við biskup í tilefni af ummælum formanns stjórnar Prestafélags Íslands, Geirs Waage, um að biskup nyti ekki lengur trausts, sjá nánar kafla 3.2.1 í C-hluta, hafi orðið kveikjan að því að hún ritaði þetta bréf. Hafi hún ekki getað sætt sig við þessa framgöngu hans í ljósi þeirrar vitneskju sem hann hafi á þessum tíma búið yfir um ásakanir hennar á hendur biskupi. Í bréfi Sigrúnar Pálínu var því ekki beinlínis krafist viðbragða stjórnar Prestafélagsins gagnvart biskupi þótt ásakanir á hendur honum um kynferðisbrot hefðu verið meginefni þess. Fyrir liggur að tilviljun réð því ekki að Sigrún Pálína hagaði framsetningu erindis síns með þessum hætti. Þannig er ljóst að samkvæmt 5. gr. í þeim kafla siðareglna félagsins frá 1994 sem fjallaði um siðanefndina var mælt fyrir um það að siðanefndin gæti ekki fjallað um mál ef eitt ár væri liðið frá meintu broti til kærudags. Svo sem fram kom hjá Sigrúnu Pálínu í skýrslu hennar fyrir rannsóknarnefndinni var því í reynd þann veg hátt- að að með þessu erindi sínu hefði hún fyrst og fremst verið að koma sögu sinni á framfæri við aðila sem hlytu, öndvert við þá Pálma og Vigfús Þór, að taka á málinu með ábyrgum hætti og gera eitthvað með þessa vitneskju sína. Hún hefði því haft það að leiðarljósi við ritun bréfsins að mögulegt yrði fyrir siðanefndina að fjalla bæði um mál Vigfúsar Þórs og ásakanirnar á hendur biskupi, enda væri þetta tvennt efnislega nátengt. Telur rannsóknarnefndin að í málinu séu fram komnar vísbendingar um að Geir Waage hafi átt þátt í því að leiðbeina Sigrúnu Pálínu um að færa erindi sitt í þennan búning.

Einnig skal þess getið að í upphafi árs 1996 höfðu um nokkurt skeið staðið deilur á milli sóknarprestsins í Langholtskirkju, sr. Flóka Kristinsonar, og Ólafs Skúlasonar biskups, en um efni þeirra deilna verður ekki rætt hér frekar. Fyrir liggur að Sigrún Pálína fór á fund Flóka 9. janúar 1996 og sagði sögu sína og ræddi einnig um málefni Dagbjartar Guðmundsdóttur sem var sóknarborn Flóka, en hin tvö siðarnefndu höfðu áður rætt saman samkvæmt framburði þeirra fyrir rannsóknarnefndinni. Fram kom af hálfu Flóka í framburði hans að hann teldi líklegt að hann hefði rætt við Geir Waage, vin sinn allt frá því þeir námu saman guðfræði, um efni fundar síns við Sigrúnu Pálínu enda hefði hann fengið leyfi hennar til að ræða ásakanirnar við aðra. Ljóst er af gögnum málsins að aðkoma

Flóka að „biskupsmálinu“, með fundi hans og Sigrúnar Pálinu, var síðan á upphafsmánuðum 1996 dregin inn í málið með því að Ólafur Skúlason biskup gerðist uppvis að trúnaðarbroti með því að greina opinberlega frá yfirlýsingu sem fjórir einstaklingar, sem allir gegndu trúnaðarstörfum í Langholtskirkju, höfðu gefið út um umræddan fund Flóka og Sigrúnar Pálinu 9. janúar 1996. Hafði þessi aðkoma Flóka að „biskupsmálinu“ það ótvírætt í för með sér að í hópi stuðningsmanna biskups var lítið svo á að málið tengdist þeim deilum sem höfðu átt sér stað á milli Flóka og biskups vegna málefna Langholtskirkju. Í öllu falli er það ljóst að mati rannsóknarnefndarinnar að þegar Sigrún Pálin Ingvarsdóttir lagði fram erindi sitt 25. janúar 1996 til formlegrar meðferðar hjá siðanefnd og stjórn Prestafélags Íslands höfðu atvik átt sér stað innan þjóðkirkjunnar sem samkvæmt gögnum málsins og framburði margra þeirra sem komu fyrir nefndina settu svip sinn á viðhorf þeirra til málsins og málsmeðferð í siðanefndinni og stjórn Prestafélagsins og einnig á vettvangi kirkjuráðs og Prófastafélags Íslands, en nánar verður vikið að þessu hér síðar. Hefði þessi aðstaða leitt til þess að tilhneigingar hefði gætt í þá átt að lítið væri á ásakanir Sigrúnar Pálinu, Dagbjartar Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur sem lið í „valdabaráttu“ á milli stuðningsmanna og andstæðinga biskups og það jafnvel álitíð að þær væru beinlínis settar fram fyrir tilstuðlan þeirra síðarnefndu til að „koma höggi á“ biskup. Þess skal þó loks getið að svo virðist sem forsaga þessara „deilna“ á milli stuðningsmanna biskups og andstæðinga hans hafi náð lengra aftur í tímann, en að mati nefndarinnar er óþarfi að rekja þá sögu hér frekar, eins og atvikum er háttað samkvæmt gögnum málsins.

2.2 Áhrif Ólafs Skúlasonar biskups á meðferð mála í siðanefnd og stjórn Prestafélags Íslands, á biskupsstofu, í kirkjuráði og í Prófastafélagi Íslands

Samkvæmt 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjuþings ber nefndinni m.a. að meta hvort um vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi verið að ræða af hálfu vígðra þjóna eða annarra starfsmanna kirkjunnar í tilefni af ásökunum þeim sem bornar voru fram á hendur Ólafi Skúlasyri biskupi um kynferðisbrot. Eins og nánar má leiða af umfjölluninni í köflum 3–7 hér síðar er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ekki séu að undanskildri yfirlýsingu prófasta, sbr. kafla 3.3, forsendur til að fullyrða að þeir sem í hlut áttu hafi beinlínis vísvitandi leitast við að þagga niður í þeim konum sem báru sakir á biskup eða gert tilraun til slíkrar þöggunar. Í þessu sambandi verður þó einnig að gera þann fyrirvara að fram hafa komið upplýsingar sem ótvírætt benda til þess að Ólafur Skúlason hafi sjálfur leitast við að bæla niður eða lægja

umræðu um málið, eins og má ráða af þeirri atvikalýsingu sem sett er fram í C-hluta skýrslunnar.

Á því leikur ekki vafi að mati rannsóknarnefndarinnar að meta beri framgöngu einstakra vígðra þjóna og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar á árinu 1996 í því ljósi að ásakanirnar beindust að æðsta yfirmanni kirkjunnar og hirði prestanna, sjálfum biskupnum. Þá verður ráðið af framburði þeirra sem fyrir nefndina komu að áhrif Ólafs Skúlasonar á samstarfsmenn sína og aðra starfsmenn kirkjunnar voru verulega mikil. Biskupinn hafi verið með mikinn og ráðandi persónuleika, hann hafi farið sínu fram og óhikað látið í ljósi afstöðu sína um stöðu málsins. Mennt hafi verið dregin í dilka sem annaðhvort „með honum eða á móti“. Hafi hann þannig með framgöngu sinni haft mótandi áhrif á aðgerðir einstaklinga sem að málinu komu, hvort sem er á vettvangi kirkjuráðs, Prófastafélags Íslands eða stjórnar Prestafélags Íslands.

2.3 Fjölmíðlaumfjöllun um biskups málið á árinu 1996 og möguleg brot á trúnaðarskyldu.

„Biskups málið“ varð tilefni mikillar fjölmíðlaumfjöllunar á fyrri hluta árs 1996. Í þessu samhengi tekur rannsóknarnefndin í fyrsta lagi fram að fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að Ólafur Skúlason biskup hafði á þessum tíma töluverð samskipti við fjölmíðla. Má þar um vísa sérstaklega til viðtals við hann sem sýnt var í dægurmálalættinum Dagsljósi í Ríkissjónvarpinu 27. febrúar 1996 auk viðtals sem við hann var tekið og sýnt í fréttatíma sömu sjónvarpsstöðvar daginn áður. Í þessum viðtölum upplýsti Ólafur um þær ásakanir sem fram höfðu komið án þess þó að nafngreina konurnar þrjár. Þá liggur fyrir að Ólafur gerðist sekur um trúnaðarbrot, sem staðfest var af stjórn Prestafélags Íslands og settum biskupi, Bolla Gústavssyni, sjá kafla 18.1 í C-hluta, þegar hann kynnti opinberlega yfirlýsingu fjórmenninganna í Langholtskirkju um fund Sigrúnar Pálinu og sr. Flóka Kristinssonar 9. janúar 1996.

Í öðru lagi tók rannsóknarnefndin til sérstakrar athugunar hvort og þá að hvaða marki vígðir þjónar kirkjunnar og aðrir trúnaðarmenn, sem áttu formlega aðkomu að málinu á vettvangi siðanefndar eða stjórnar Prestafélagsins eða á vettvangi biskupsstofu, hefðu orðið uppvísir að því að virða ekki trúnaðarskyldur um efni þeirra erinda sem bárust frá konunum þremur og um meðferð mála þeirra að öðru leyti. Eins og ráða má af framburði þeirra sem fyrir nefndina komu voru einkum grunsemdir til staðar um slíkan „leka“, annaðhvort til fjölmíðla og/eða til biskups, af hálfu stjórnarmanna í Prestafélagi Íslands sem fjölluðu um málið í janúar, febrúar, mars og apríl 1996. Sérstaklega var því borið við af hálfu sumra stjórnarmanna að vísbendingar hefðu verið um að sr. Baldur Kristján-

son, varaformaður stjórnar, sem jafnframt gegndi starfi biskupsritara á þessum tíma, og sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, varamaður í stjórn, hefðu átt þar hlut að máli. Þá var því einnig haldið fram að Geir Waage, formaður stjórnarinnar, hefði átt greiðan aðgang að fjölmiðlum. Þau neituðu öll þessum ásökunum í framburði sínum fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings og hefur nefndin engar forsendur til að skera úr um þetta. Þá er ekki ljóst hvort og þá að hvaða marki þær Sigrún Pálína, Dagbjört og Stefanía ræddu mál sín á opinberum vettvangi á þessum tíma.

Hvað sem þessu líður telur rannsóknarnefndin að gera verði sérstakar athugasemdir við þá ákvörðun sr. Baldurs Kristjánssonar, varamanns stjórnarinnar, sem á þessum tíma gegndi trúnaðarstarfi gagnvart biskupi sem biskupsritari og ritari kirkjuráðs, að sitja áfram fundi stjórnarinnar í febrúar og mars 1996 þar sem erindi kvennanna þriggja voru til umfjöllunar af hálfu stjórnarinnar. Þá verður líka að telja það ámælisverð vinnubrögð af hálfu stjórnarinnar að krefjast þess ekki þegar í stað að Baldur viki sæti í stjórninni þegar „biskupsmálið“ var komið á borð stjórnarinnar í lok janúar 1996, enda var þess ekki að vænta að hann gæti litið óhlutdrægt á málavexti í ljósi trúnaðarsambands síns við biskup. Í þessu sambandi bendir rannsóknarnefndin á að samkvæmt 4. gr. í þeim kafla siðareglna Prestafélagsins frá 1994 sem varðaði siðanefnd félagsins sagði að nefndin mæti hvort einhver nefndarmanna væri vanhæfur til að fjalla um kærsmål vegna tengsla við kæranda og kærðu. Ganga verður út frá því að stjórn Prestafélagsins hafi einnig borið eftir atvikum að hafa slíkar hæfisreglur að leiðarljósi þegar máli væri vísað til hennar af hálfu siðanefndarinnar á grundvelli 6. gr. sömu reglna. Það var ekki fyrir en á fundi 1. apríl 1996 sem Baldur vék loks sæti í stjórninni og hefur það raunar verið viðurkennt í framburði nokkurra stjórnarmanna fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings að ekki hafi verið rétt að láta hann sitja fundi stjórnarinnar fram að því þar sem „biskupsmálið“ var til umræðu.

2.4 Almennar athugasemdir rannsóknarnefndarinnar um einstaka þætti

2.4.1 Fundir Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur með sr. Pálma Matthíassyni 1994 og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni 1995

Fyrir liggur að Sigrún Pálína Ingvarsdóttir átti fundi með sr. Pálma Matthíassyni á árinu 1994 og sr. Vigfúsi Þór Árnasyni á árinu 1995, eins og nánar er rakið í kafla 2 í C-hluta skýrslunnar. Ljóst er að á fundunum gegndu þeir hlutverki sálusorgara. Hlýddu þeir á frásögn hennar af alvarlegu kynferðisbroti ædsta yfirmanns þjóðkirkjunnar, biskups Íslands. Óljóst er hvort siðanefnd Prestafélags Íslands hafi verið tekin til starfa þegar fundur Pálma og Sigrúnar Pálínu fór fram á árinu 1994 enda ekki

fyrirliggjandi öruggar upplýsingar um tímasetningu fundarins, þótt vís-bendingar séu um það í gögnum málsins að hann hafi farið fram síðla júnímánaðar það ár. Hins vegar liggur fyrir að Vigfús Þór leiðbeindi henni ekki um þann farveg, sem tilkominn var á árinu 1995, að einstak-lingar sem teldu sig hafa orðið fyrir slíku ofbeldi af hálfu presta gætu leitað til siðanefndarinnar.

Telja verður að sérhverjum presti eigi að vera kunnar þær leiðir sem færar eru innan þjóðkirkjunnar eða á vettvangi félaga presta á hverjum tíma sem ætlað er að taka við kærnum og kvörtunum frá sóknarbörnum og öðrum um framkomu þeirra sem teljast til vígðra þjóna kirkjunnar eða gegna þar öðrum trúnaðarstörfum, sbr. nú fagrað um meðferð kynferðis-brota innan þjóðkirkjunnar og siðanefnd Prestafélags Íslands. Rann-sóknarnefndin lætur við það sitja að vekja athygli á þessum almennu sjónarmiðum í tilviki þeirra Pálma og Vigfúsar Þórs. Hvað varðar Pálma er þá annars vegar horft til þess sem áður greinir varðandi tímasetningu fundar hans með Sigrúnu Pálínu á árinu 1994 sem þá fór fram um það leyti sem siðanefndin tók til starfa. Hins vegar telur rannsóknarnefndin að hér verði að hafa í huga að samkvæmt 5. gr. í þeim kafla siðareglna Prestafélags Íslands frá 1994 sem varðaði siðanefndina var svo fyrir mælt að nefndin skyldi ekki taka fyrir mál ef eitt ár væri liðið frá meintu broti til kærudags. Ljóst er að á fundunum með þeim Pálma og Vigfúsi Þór á árunum 1994 og 1995 greindi Sigrún Pálína frá atviki sem átti sér stað á árinu 1978. Rannsóknarnefndin telur sig því ekki hafa forsendur til að telja að viðbrögð þeirra Pálma og Vigfúsar Þórs hafi eins og atvikum er háttað falið í sér mistök eða vanrækslu í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina. Í samræmi við þau almennu sjónarmið sem að framan eru rakin leggur rannsóknarnefndin þó áherslu á mikilvægi þess að vígðir þjónar kirkjunnar og aðrir starfsmenn hennar bendi þeim sem til þeirra leita á þau úrræði sem til staðar eru innan kirkjunnar á hverjum tíma fremur en að þeir leggi sjálfstætt mat á það hvort slík úrræði eru heppileg eða fær fyrir þann einstakling sem á í hlut.

Að framan er rakin aðkoma Vigfúsar Þórs að stuðningsyfirlýsingu við Ólaf Skúlason biskup 5. janúar 1996 í tilefni af ummælum Geirs Waage um að á skorti að biskup nyti trausts. Að sjálfsögðu verða al-mennt ekki gerðar athugasemdir við það að einstakir prestar lýsi yfir stuðningi við biskup kjósi þeir svo vegna málefna eða deilna sem rísa kunna innan þjóðkirkjunnar. Á hinn bóginn telur rannsóknarnefndin að ekki verði horft fram hjá því að Vigfús Þór hafði eins og að framan er rakið stuttu áður tekið við Sigrúnu Pálínu sem sálusorgari og hlýtt á frá-sögn hennar um að biskup hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi á árinu 1978. Af framburði hennar og Vigfúsar Þórs fyrir rannsóknarnefndinni

verður ekki önnur ályktun dregin en að hún hafi mátt vænta þess að hann tæki frásögn hennar nokkuð trúanlega. Við það verða því gerðar athugasemdir að Vigfús Þór hafi nokkrum mánuðum síðar komið fram opinberlega og lýst yfir fullum stuðningi við biskup, þótt það hafi verið í tilefni af öðru og óskyldu máli. Hafi hann með þessari framgöngu sinni og í ljósi þeirrar frásagnar Sigrúnar Pálínu sem hann hafði sem sálusorgari og starfandi prestur hlýtt á stuttu áður ekki hugað með forsvaranlegum hætti að skyldum sínum gagnvart skjólstæðingi sem til hans hafði leitað.

2.4.2 „Sáttafundur“ í Grafarvogskirkju 16. febrúar 1996

Í kafla 3.3 í C-hluta skýrslunnar er lýst fundi sem fram fór í Grafarvogskirkju 16. febrúar 1996 að tilstuðlan sr. Vigfúsar Þórs Árnasonar þar sem Sigrún Pálína Ingvarsdóttur, eiginmaður hennar og trúnaðarvinur, áttu fund með Ólafi Skúlasyni biskupi. Rifja verður upp að daginn áður lauk siðanefnd Prestafélags Íslands umfjöllun um erindi Sigrúnar Pálínu með álitserð 15. febrúar 1996 og þá á þeim forsendum að „sættir“ hefðu náðst á milli Vigfúsar Þórs og Sigrúnar Pálínu á fundi siðanefndarinnar 12. s.m. Fyrir liggur að Vigfús Þór sá um að koma á þessum fundi án þess að bera það undir siðanefnd Prestafélagsins sem hafði haft með málið að gera, en við það gerði siðanefndin síðar athugasemdir, sbr. álitserð 18. febrúar 1996, sjá kafla 6.3 í C-hluta skýrslunnar. Í álitserðinni var raunar tekið sérstaklega fram að „[siðanefndin teldi] að öllum aðilum sem sátu [fundinn], hefði borið að gera henni viðvart og ... [taldi] hún að slíkur fundur hefði átt að vera í verkahring hennar og stjórnað af henni“.

Af framburði Sigrúnar Pálínu og Vigfúsar Þórs fyrir rannsóknarnefndinni er með öllu óljóst hvert hafi verið markmið þessa svokallaða „sáttafundar“ og að hvaða marki Vigfús Þór hafi gert ráðstafanir til að tryggja að gætt yrði faglegra og vandaðra sjónarmiða, tengdra eðli sátta- miðlana við aðstæður sem þessar, áður en til fundarins var boðað. Ekki er annað fram komið en að Vigfús Þór hafi látið hjá líða að kanna fyrirfram hverjig biskup hygðist haga fundinum og þá samskiptum sínum við Sigrúnu Pálínu þegar til fundar væri komið. Þá gerði Vigfús Þór engar ráðstafanir til að upplýsa Sigrúnu Pálínu um hvers vænta mátti af fundinum. Því verður að mati rannsóknarnefndarinnar að gera athugasemdir við vinnubrögð Vigfúsar Þórs við boðun, undirbúning og framkvæmd fundarins.

Af þeirri samantekt af atvikum á fundinum sem Sigrún Pálína rit- aði, sbr. kafla 3.3 í C-hluta skýrslunnar, og Vigfús Þór hefur ekki gert efnislegar athugasemdir við, verður ekki annað ráðið en að fundurinn hafi engan veginn farið fram í samræmi við væntingar þeirra sem að

honum komu eða verið nokkuð í líkingu við fundi þar sem prestar koma að sáttamiðlun á milli einstaklinga. Raunar telur rannsóknarnefndin í ljósi þess hvers eðlis ásakanir Sigrúnar Pálínu voru og að því virtu að hverjum þær beindust, þ.e. biskupi Íslands, að það orki tvímælis að yfirhöfuð hafi verið gerð tilraun til að „ná sáttum“ í málinu með fundi af því tagi sem fram fór í Grafarvogskirkju 16. febrúar 1996.

2.4.3 Störf siðanefndar Prestafélags Íslands

Rannsóknarnefnd kirkjubings telur ekki forsendur til að álykta á þann veg að siðanefnd Prestafélags Íslands hafi gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu í merkingu 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefndina við meðferð þeirra erinda sem siðanefndinni bárust frá Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur í janúar, febrúar og mars 1996. Rannsóknarnefndin telur þó þörf á að koma á framfæri ákveðnum athugasemdum við störf siðanefndarinnar sem hafa má í huga við störf hennar samkvæmt gildandi siðareglum félagsins frá 2007.

Af fyrirliggjandi gögnum málsins og framburði þeirra Úlfars Guðmundssonar, þáverandi formanns siðanefndarinnar, Jóns Kalmanssonar og sr. Agnesar Sigurðardóttur, verður ekki önnur ályktun dregin að mati rannsóknarnefndarinnar en að siðanefndin hafi ekki leitað faglegrar ráðgjafar í tilefni af erindum þeim sem henni bárust frá konunum þremur þar sem biskup var borinn sökum um kynferðisofbeldi og áreiti. Hvorki var leitað ráðgjafar á sviði sálfræði, og þá í tengslum við meðferð kynferðisbrota, né um lögfræðilega stöðu málsins, en enginn siðanefndarmanna hafði sérstaka þekkingu á þessum sviðum. Eins og málið var vaxið telur rannsóknarnefndin að siðanefnd hefði átt að kanna betur hvort ekki væri hægt að vinna málið með faglegri hætti með því að leita sérfræðiráðgjafar af þessu tagi og þá ekki síst með tilliti til þess að siðanefndin ákvað réttilega að veita konunum þremur kost á að koma á fundi nefndarinnar á meðan á meðferð málsins stóð.

Samkvæmt 7. gr. í kafla um siðanefndina í þágildandi siðareglum Prestafélagsins frá 1994 var sérstaklega tekið fram að nefndin „skyldi vera vakandi fyrir þeim ágöllum sem [kynnu að vera] á [siðareglunum] og leggja fyrir stjórn P.Í. tillögur um breytingar á þeim ef þurfa [þætti]“. Samhljóða regla er í 8. gr. reglna um siðanefnd Prestafélags Íslands í gildandi siðareglum frá 24. apríl 2007. Eins og rakið er í kafla 3.2.2 í C-hluta skýrslunnar taldi siðanefnd forsendur til þess í álitserð sinni 15. febrúar 1996 að vísa þeim hluta erindis Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur frá 25. janúar s.á., er varðaði ásakanir hennar á hendur biskupi, til stjórnar Prestafélagsins þrátt fyrir að í 5. gr. reglnanna væri tekið fram að nefndin

tæki ekki fyrir mál þar sem eitt ár væri liðið frá meintu broti til kærudags. Í viðtali hjá rannsóknarnefnd kirkjupings var sr. Úlfar Guðmundsson, þáverandi formaður siðanefndarinnar, sérstaklega beðinn um að gefa skýringu á því á hvaða forsendum nefndin hefði vísað þessum hluta málsins til stjórnar Prestafélagsins í ljósi ársfrestsins í siðareglunum frá 1994. Úlfar svaraði því aðeins til að það hefði fyrst og fremst verið til að þagga málið ekki niður og einnig þá að aðilum málsins væri kunnugt um að þessar ásakanir hefðu komið fram, sjá nánar í kafla 3.2.2 í C-hluta skýrslunnar.

Rannsóknarnefnd kirkjupings telur í ljósi þessa ástæðu til að gera við það athugasemdir að siðanefndin skyldi ekki í framhaldi af meðferð „biskups málsins“ fylgja framangreindum fyrir mælum í 7. gr. reglna um siðanefndina frá 1994 og vekja athygli stjórnar Prestafélagsins á því að sá ágalli kynni að vera á siðareglunum að eins árs fresturinn í 5. gr. væri ef til vill of skammur í ljósi eðlis þeirra mála sem kynnu að koma fyrir siðanefndina. Þess skal getið að í gildandi siðareglum Prestafélags Íslands frá 2007 er ekki mælt fyrir um slíkan ársfrest. Aðeins er sérstaklega áréttað í upphafsmálslið 6. gr. reglnanna að hafi sá er kærður er verið félagsmaður í Prestafélaginu þegar meint brot er talið hafa verið framið skuli siðanefnd félagsins fjalla um málið.

2.4.4 Aðkoma fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota að málefnum Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á árunum 2008–2010

Í kafla 2 í D-hluta skýrslunnar er rakið að Guðrún Ebba Ólafsdóttir hafi greint frá því í viðtali hjá rannsóknarnefnd kirkjupings að þegar faðir hennar lést í júní 2008 hafi hún ákveðið að vera ekki viðstödd útför hans. Hafi hún því ákveðið að ræða við sr. Pálma Matthíasson, sem hafi átt að annast útförina, og segja honum sögu sína. Pálmi hafi hvatt hana til að hugsa málið og lagt mikla áherslu að hún sækti útförina. Pálmi hafði jafnframt vísað henni til bróður síns, sr. Gunnars Rúnars Matthíassonar, formanns fagráðs þjóðkirkjunnar, og hafi hún fundað með honum. Á þeim fundi hafi Gunnar Rúnar tekið fram að hann væri ekki viss um að mál hennar ætti erindi til fagráðsins og hafi því ekki orðið af því á þeim tíma. Hafi hún síðan ekki fengið fund með fagráðinu fyrr en rúmum tveimur árum síðar, 8. desember 2010. Aðdragandi þess hafi verið sá að Gunnar Rúnar hafi hringt í hana í október það ár eftir að hún hafi komið á fund kirkjuráðs 17. ágúst 2010.

Aðspurður um samskipti sín við Guðrúnu Ebbu á árinu 2008 staðfesti Gunnar Rúnar Matthíasson á fundi rannsóknarnefndar kirkjupings að þau hefðu átt fund saman. Í fljótu bragði hefði hann talið að starf fag-

ráðsins tæki ekki beint til úrlausnar hennar mála. Nánar aðspurður um þessa afstöðu sína tók Gunnar Rúnar fram að það hefði verið „svona lauslegt mat þá að það sem hún var að bera upp við okkur væri eitthvað sem okkar farvegur gæti illa höndlað að öðru leyti en því sem það skipti máli að heyra“. Um aðstöðu Guðrúnar Ebbu hefði ekki verið fjallað efnislega á fundi fagráðsins, enda hefði hann upplifað þetta þannig að „þungamiðja“ fundar þeirra hefði snúist um þá ákvörðun hennar að sækja ekki útför föður síns. Hann hefði þó borið þetta mat sitt undir annan fulltrúa í fagráðinu.

Með vísan til framangreinds gaf rannsóknarnefnd kirkjuþings Gunnari Rúnari Matthíassyni sem formanni fagráðsins kost á því með bréfi 10. maí 2011 að gera grein fyrir afstöðu sinni samkvæmt 6. gr. starfsreglna um nefndina til þess hvort það hefðu verið mistök eða vanræksla af hálfu hans í skilningi 1. gr. starfsreglnanna að láta hjá líða að eiga frumkvæði að því sem formaður fagráðs um meðferð kynferðisbrota að leiðbeina Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur, sumarið 2008 eða þegar erindi hennar 27. mars 2009 var til meðferðar á vettvangi kirkjuráðs og fram til 17. ágúst 2010, þegar hún fékk að koma á fund kirkjuráðs, að mögulegt væri fyrir hana að óska eftir liðsinni eða annarri aðstoð fagráðsins í samræmi við starfsreglur þess. Svarbréf Gunnars Rúnars fyrir hönd fagráðsins barst nefndinni með bréfi 24. maí 2011, en þar segir svo:

Að gefnu tilefni ákvað framangreint fagrád að svara bréfi rannsóknarnefndar í sameiningu þótt bréfið sé stílað á formanninn einan, enda kemur fram í þeim gögnum sem fylgdu bréfinu að formaðurinn hafi borið mat sitt undir fulltrúa fagráðsins, þ.e. mat sitt um að fagráðið sé fyrst og fremst sniðið að því „að vinna með þolendum kirkjunnar þjóna í starfi“, þ.e. þeim sem „misnota aðstöðu sína sem slíkir“, sjá hér bls. 96 í fylgiskjali bréfs rannsóknarnefndar.

Þegar Guðrún Ebbu Ólafsdóttir leitaði til formanns fagráðs í júní 2008 hafði lítið reynt á starfsemi fagráðsins, sem og starfsreglur þess, eins og rannsóknarnefndinni ætti að vera kunnugt um, sbr. bréf fagráðs dags. 16. mars og 5. maí sl. til rannsóknarnefndar. Var af hálfu ráðsins lítið svo á að reglurnar tækju eingöngu til þeirra tilvika þar sem meintur gerandi væri á lífi og þar sem tilvikin fælu í sér misnotkun á stöðu í þjóðkirkjunni. Fagrád sneið starfssvið sitt því þannig að það tæki til mála þar sem möguleikar væru á inngripi sbr. mál nr. 2 (2008/1) eða mál 6 (2010/3).

Eins og rannsóknarnefnd er kunnugt um sbr. bréf fagráðs dags. 5. maí s. hefur fagrád síðan þá mótað starfssvið sitt þannig að það heyri öll mál sem inn á þess borð koma. Í niðurlagi þess bréfs segir: *Þá hefur reynsla og lærdómur sl ára orðið til þess að Fagrád leggur sig eftir að heyra öll mál sem til þess berast og varða einstaklinga sem eru í eða hafa verið í þjónustu kirkjunnar. Dæmi um þetta eru mál 8–11 og 13 eða 2010/5–2010/11 og mál 2010/10. Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að heyra þessi mál og að Fagrád sé farvegur fyrir þau eftir því sem mögulegt er. Óvíst er hvort Fagrád hefði metið það svo að þessi mál heyrðu undir Fagrád ef þau hefðu komið fram á*

Þeim tíma sem Guðrún Ebba bar sig upp við Fagrád er faðir hennar lést. Það skal í þessu sambandi tekið fram að ekki hafa komið til Fagráðs önnur mál eða fyrirspurnir sem varða starfsmenn kirkjunnar þar sem Fagrád taldi ekki heyra undir sig.

Að framangreindu má sjá að fagrád hefur þegar lagað og mótað starf sitt af reynslu í þá veru sem athugasemd rannsóknarnefndar bendir á. Fagrád lítur hins vegar ekki svo á að hér hafi verið um mistök eða vanrækslu að ræða heldur er hér dæmi um hvernig starf fagráðs hefur þroskast og mótað af reynslu þeirri sem fengist hefur af starfi þess.

Rannsóknarnefnd kirkjuþings lítur svo á að með svarbréfi fagráðs sé á það fallist að réttara hefði verið af hálfu ráðsins að eiga frumkvæði að því á árinu 2008 eða í síðasta lagi þegar mál Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur var til umfjöllunar á vettvangi kirkjuráðs á árinu 2009 að gefa henni kost á liðsinni eða annarri aðstoð fagráðs í samræmi við starfsreglur þess. Í svarbréfi fagráðsins er og gerð grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á störfum þess og sem rannsóknarnefndin telur þýðingarmiklar. Kýs rannsóknarnefndin að láta hér við það sitja að gera athugasemdir við þann skort sem var á aðkomu ráðsins að málefnum Guðrúnar Ebbu.

2.4.5 Aðkoma dóms- og kirkjumálaráðherra að „biskupsmálinu“ árið 1996

Svo sem fram er komið var það sérstaklega tekið til skoðunar í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í kjölfar þess að ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot komu fram í upphafi árs 1996 hvort efni væru til þess að víkja honum úr starfi. Í viðtali sem rannsóknarnefndin átti við Þorstein Pálsson, sem gegndi embætti dóms- og kirkjumálaráðherra á þessum tíma, kom fram að á fundi sem hann átti með Ólafi Skúlasyni 27. febrúar 1996 hefði hann skýrt biskupi frá því að það væri mat hans og ráðuneytisins „að það sem fram hefði komið í fjölmiðlum væri ekki þess eðlis að það væru lagaskilyrði fyrir hendi til þess að ráðherra viki [biskupi] úr starfi eins og málið lægi fyrir“. Þessi afstaða ráðuneytisins hefði ekki breyst þaðan í frá. Á hinn bóginn kvaðst Þorsteinn jafnframt hafa lýst þeirri persónulegu skoðun sinni að málið „væri þess eðlis að [biskup] yrði að taka hagsmunum þjóðkirkjunnar fram yfir sína eigin hagsmunum og hagsmunum kirkjunnar í þessari stöðu væru þeir að hann viki úr starfi“. Biskup hefði síðan í aðdraganda prestastefnu 25. júní 1996 gert Þorsteini grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að láta af embætti í lok árs 1997.

Það er mat rannsóknarnefndar kirkjuþings, óháð álitaeftum um heimildir hennar, að ekki séu forsendur til þess að gera athugasemdir við þá afstöðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem að framan er lýst.

3. Yfirlýsingar kirkjuráðs og aðalfundar Prófastafélags Íslands í mars 1996

3.1 Inngangur

Eins og nánar er rakið í köflum 9 og 13 í C-hluta skýrslunnar gáfu kirkjuráð og Prófastafélag Íslands út opinberar yfirlýsingar 1. og 7. mars 1996 í tilefni af þeim ásökunum sem fram höfðu komið á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi. Rannsóknarnefnd kirkjupings hefur sérstaklega beint sjónum sínum að því við rannsókn sína hvort í þessum yfirlýsingum hafi falist viðbrögð sem falli undir mistök eða tilraun til þöggunar í skilningi 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefndina.

3.2 Yfirlýsing kirkjuráðs 1. mars 1996

Í kafla 9 í C-hluta skýrslunnar er rakið að 1. mars 1996 samþykkti kirkjuráð svohljóðandi yfirlýsingu sem var birt opinberlega:

Kirkjuráð harmar þær ásakanir sem bornar eru fram á hendur biskupi Íslands og eru alvarleg atлага að æru hans og heiðri kirkjunnar þjóna og valda djúpri sorg málsaðilum og öllum unnendum kirkju og kristni.

Minnir á að siðareglur Prestafélags Íslands sem sýna að kirkjunni er umhugað um að gætt sé heilinda og trúnaðar í samskiptum presta og sóknarbarna og tekur alvarlega ásakanir um misbresti þar á.

Hvetur til hreinskiptinnar og sanngjarnrar umræðu um slík mál á viðeigandi vettvangi þannig að alls trúnaðar og virðingar sé gætt.

Lýsir hryggð sinni yfir þeim sárum sem sóknarbörn telja sig hafa orðið að bera vegna framkomu þjóna kirkjunnar fyrr og síðar og felur það allt náð Guðs og fyrirgefningu á hendur.

Kirkjuráð vottar biskupi Íslands og fjölskyldu hans dýpstu samúð og kærleika og treystir honum til að leiða þessi alvarlegu mál til lykta, kirkju og þjóð til heilla og blessunar.

Í tilvitnaðri yfirlýsingu er ásökunum á hendur biskupi lýst í fyrstu málsgrein sem „[alvarlegri atlögu] að æru hans og heiðri kirkjunnar þjóna“ sem valdi „djúpri sorg“ hjá málsaðilum og unnendum kirkju og kristni. Í annarri málsgrein er minnt á siðareglur Prestafélagsins og m.a. tekið fram að kirkjan taki „alvarlega ásakanir“ um misbresti í heilindum og trúnaði í samskiptum presta og sóknarbarna. Í þriðju og fjórðu málsgrein er annars vegar hvatt til hreinskiptinnar og sanngjarnrar umræðu á „viðeigandi vettvangi“ og hins vegar lýst m.a. yfir hryggð kirkjuráðs yfir þeim „sárum sem sóknarbörn telja sig hafa orðið að bera vegna framkomu þjóna kirkjunnar fyrr og síðar“. Loks er í fimmtu málsgrein sérstaklega tekið fram að kirkjuráð votti biskupi og fjölskyldu hans „dýpstu samúð og kærleika og treystir honum til að leiða þessi alvarlegu mál til lykta, kirkju og þjóð til heilla og blessunar“.

Af orðalagi yfirlýsingarinnar verður ekki annað ráðið að mati rannsóknarnefndarinnar en að efni hennar sé í megindráttum tvíþætt. Annars vegar sé ásökunum á hendur biskupi skýrlega lýst með neikvæðum hætti sem „alvarlegri atlögu“ að æru hans og heiðri kirkjunnar auk þess sem ráðið vottar biskupi einum og fjölskyldu hans dýpstu samúð og kærleika. Það skal í þessu sambandi ítrekað að fyrir liggur að í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins 2. mars 1996, þ.e. daginn eftir að yfirlýsingin var birt opinberlega, var því komið á framfæri að beiðni kirkjuráðsmanna „að líta [bæri] á síðustu málsgrein ályktunarinnar sem stuðningsyfirlýsingu við biskup“. Þá liggur fyrir að Erna Indriðadóttir, fyrrum fréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu, kvaðst telja það ljóst, aðspurð af hálfu rannsóknarnefndarinnar, að það hafi verið „einhver kirkjuráðsmanna sem hafi haft samband við fréttastofuna en nánast útilokað að það hafi verið Ólafur Skúlason sjálfur“. Hins vegar ber að mati rannsóknarnefndarinnar að líta á yfirlýsinguna sem áminningu um þá afstöðu kirkjuráðs að gætt skuli að heilindum og trúnaði í samskiptum á milli presta og sóknarbarna eins og áskilið sé samkvæmt siðareglum Prestafélags Íslands. Þá sé rétt að ásakanirnar fái umfjöllun á viðeigandi vettvangi og biskupi treyst fyrir því að svo verði.

Eins og nánar er rakið í kafla 1.2.4 í B-hluta skýrslunnar giltu um kirkjuráð á árinu 1996 lög nr. 48/1982 um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar, sbr. nú 24.–27. gr. laga nr. 78/1998 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Um kirkjuráð var sérstaklega fjallað í II. kafla laga nr. 48/1982. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. var kirkjuráð þjóðkirkjunnar skipað fimm mönnum, biskupi, sem var forseti þess, og fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kaus. Þá var gert ráð fyrir því að biskupsritari væri ritari kirkjuráðs. Auk Ólafs Skúlasonar biskups, sem er látinn, áttu á þessum tíma sæti í kirkjuráði sr. Karl Sigurbjörnsson, þá sóknarprestur í Hallgrímskirkju, sr. Hreinn Hjartarson, Helgi K. Hjálmsson og Gunnlaugur Finnsson. Þeir Hreinn og Gunnlaugur eru látnir.

Framburður Karls Sigurbjörnssonar og Helga K. Hjálmssonar, þáverandi kirkjuráðsmanna, fyrir rannsóknarnefndinni er rakinn í heild sinni í kafla 9 í C-hluta skýrslunnar, en rétt er að rifja hér upp meginefni hans.

Í framburði Karls Sigurbjörnssonar fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að kirkjuráð hefði fundað 29. febrúar og 1. mars 1996. Á þessum fundum hefði verið um það rætt að prófastar hefðu ákveðið að styðja Ólaf Skúlason biskup opinberlega, en ljóst er hins vegar af fyrirliggjandi gögnum að yfirlýsing aðalfundar Prófastafélags Íslands birtist opinberlega 7. mars 1996, eins og nánar verður rakið hér síðar. Tók Karl fram að

biskup hefði á fundum kirkjuráðs farið fram á að gefin yrði út stuðningsyfirlýsing, „að því yrði lýst yfir að þetta væri áburður á hendur honum sem hann væri saklaus af, ásakanir sem hann væri saklaus af“. Hann hefði flutt „mjög tilfinningaþrungna ræðu yfir þeim sem hafi verið mjög erfitt að sitja undir“. Síðan hefði verið óskað eftir hléi á fundinum þannig að kirkjuráðsmenn, þ.e. aðrir en biskup, gætu ráðið ráðum sínum. Þar hefði verið mikill hljómgrunnur fyrir því að taka undir með biskupi og lýsa yfir fortakslausum stuðningi við hann, auk þess að lýsa yfir sakleysi hans af þessum áburði. Inntur eftir því hvort líta megi á samþykkt kirkjuráðs sem mistök af hálfu kirkjuráðs svaraði Karl með þessum orðum: „Jú, það var bara kannski hvorki fugl né fiskur. Ég veit ekki hvað maður á að segja um það. Við vorum undir svona ákveðinni mikilli pressu þar.“

Aðspurður hvort það hefði komið til greina af hálfu kirkjuráðs að gefa konunum þremur kost á að koma fyrir ráðið á þessum tíma svaraði Karl því til að það hefði aldrei verið rætt og hefði aldrei komið til greina. Aðspurður hvort það hefðu verið mistök að gefa þeim ekki kost á að koma fyrir ráðið og segja frá reynslu sinni áður en yfirlýsingin var gefin út svaraði Karl því til að það gæti vel verið, hann vissi það samt ekki. Þetta mál hefði allt einhvern veginn verið þannig að það hefði bara „verið rekið í gegn“. Það hefði ekki verið lögð fram nein lögreglukæra. Þetta hefðu verið ásakanir og hann hefði talið að kirkjuráð hefði ekki upplifað sig í þeirri stöðu að geta rætt þetta mál eða efnisatriði þess. Það hefði bara einhvern veginn ekki hvarflað að neinum. Aðspurður hvort afstaða kirkjuráðsmanna, yfirlýsing þeirra og ályktun Prófastafélagsins viku síðar hefði að einhverju leyti mótast af einhvers konar valdabaráttu ólíkra hópa innan kirkjunnar, svaraði Karl því játandi og kvaðst telja að svo hefði verið. Lýsti hann því mati sínu að þarna hefðu verið menn sem hefðu verið „mjög ákveðnir í því að þetta væri bara pólitík“. Hann hafnaði því hins vegar að líta mætti á konurnar sem einhvers konar leiksoppa í valdabaráttu innan kirkjunnar, hann hefði í öllu falli ekki upplifað þetta þannig. Hann kannaðist við þessa lýsingu og þessi vinkill á málinu hefði valdið ónotum og truflað marga.

Helgi K. Hjálmsson kvaðst lítið muna eftir umræðu um málið, enda langt um liðið. Hann hafnaði því þó að biskup hefði reynt að hafa áhrif á kirkjuráðsmenn. Aðspurður hvort það hefðu verið mistök af hálfu kirkjuráðs að taka opinberlega afstöðu til málsins meðan mál kvennanna voru til meðferðar hjá síðanefnd Prestafélag Íslands og stjórn félagsins svaraði Helgi:

Ég er ekki viss um það vegna þess að mín samskipti við Ólaf og eins og ég þekkti hann í sambandi við mitt starf þá var ekkert sem gaf tilefni til þess að halda að

þarna væri eitthvert svona brot á ferðinni og þetta í sambandi við þessi kvennamál og annað, ég hafði ekki hugmynd um það. Ég hef verið að heyra þetta löngu seinna, þá er maður að heyra þessar sögur, en ég varð aldrei var við þetta sjálfur, aldrei.

... Mér fannst á þessum tíma að Ólafur væri hafður fyrir rangri sök og hann væri nánast í einelti. Það var mín tilfinning þarna á þessum tíma.

Eins og rakið er í kafla 9 í C-hluta skýrslunnar kom sr. Baldur Kristjánsson, þáverandi biskupsritari og ritari kirkjuráðs, fyrir rannsóknarnefndina. Spurður um tilurð yfirlýsingar kirkjuráðs kvaðst hann minnst þess að biskup hefði lagt mjög mikla áherslu á að kirkjuráð ályktaði eitthvað um sig, styddi sig. Hreinn Hjartarson, Helgi K. Hjálmsson og Gunnlaugur Finnsson, sem þá sátu í kirkjuráði, hefðu stutt biskup „af hjartans einlægni. ... sr. Karl hafi átt aðeins meira bágst en hinir eða kannski bara ímynda ég mér það.“ Sérstaklega aðspurður hvort hann teldi nú að það hefðu verið mistök af hálfu kirkjuráðs og Prófastafélagsins að samþykkja umræddar yfirlýsingar svaraði Baldur:

Verulega lítt skiljanlegar þegar hér var komið við sögu. Sérstaklega yfirlýsing Prófastafélagsins. Maður má ekki gleyma því að kirkjuráð er þröngur hópur vina, menn verða miklir vinir og Ólafur fullyrti alltaf við menn að það væri ekkert til í þessu. Þetta væri misskilningur og þetta væri lygi og þvættingur og menn trúðu honum bara. Mér finnst skiljanlegra að það hafi gerst í þröngum hópi kirkjuráðs. Kirkjuráðsfundir standa í 6, 8, 12 tíma, menn verða mjög nánir en hitt var miklu stærri hópur manna.

Í framburði sínum fyrir rannsóknarnefndinni lýsti sr. Geir Waage m.a. þeirri skoðun sinni að óhjákvæmilegt væri í ljósi orðalags yfirlýsinga kirkjuráðs og Prófastafélagsins, en um hina síðarnefndu verður fjallað hér síðar, að líta svo á að þetta væru „mjög eindregnar stuðningsyfirlýsingar“.

Rannsóknarnefnd kirkjupings sendi þeim Karli Sigurbjörnssyni og Helga K. Hjálmsyni, sem sátu í kirkjuráði á þessum tíma, bréf 27. apríl 2011 samkvæmt 6. gr. starfsreglnanna þar sem þeim var gefinn kostur á að gera grein fyrir afstöðu sinni til þess hvort það hafi verið alvarleg mistök af hálfu þeirra í skilningi 1. gr. starfsreglnanna að taka þátt í því á vettvangi kirkjuráðs að samþykkja og gefa út opinbera yfirlýsingu 1. mars 1996 í tilefni af ásökunum kvennanna á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Væri þá m.a. horft til efnis yfirlýsingarinnar og einnig til þess að hún var birt opinberlega á sama tíma og erindi umræddra kvenna voru til formlegrar meðferðar í siðanefnd Prestafélags Íslands og stjórn félagsins, í samræmi við samþykktar siðareglur félagsins frá 1994.

Helgi K. Hjálmsón svaraði ekki bréfi rannsóknarnefndar kirkjuþings. Í svarbréfi Karls Sigurbjörnssonar 13. maí 2011 segir svo um þennan þátt málsins:

A. Efni yfirlýsingar kirkjuráðs.

Eftir á að hyggja var umdeilanlegt að kirkjuráð léti þetta mál til sín taka með því að gefa út umrædda yfirlýsingu 1. mars 1996.

Ég tel mikilvægt að litið sé til þeirra erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem uppi voru um þetta leyti. Málið varðaði alvarlegar ásakanir á hendur æðsta yfirmanni kirkjunnar og hafði fengið mikla umfjöllun fjölmiðla. Mikill þrýstingur var af hálfu biskups og annarra kirkjuráðsmanna að kirkjuráð gæfi út yfirlýsingu vegna þess fárs sem geisaði í kringum málið.

Þegar til stóð að setja saman yfirlýsinguna á fundi kirkjuráðs 29. febrúar 1996 óskaði ég þess að hlé yrði gert á fundinum svo við fjórir kjörnir kirkjuráðsmenn gætum farið afsíðis og tekið afstöðu til málsins.

Tveir kirkjuráðsmanna voru þeirrar skoðunar að lýsa skyldi eindregnum stuðningi við biskup. Ég var aldrei þeirrar skoðunar. Í mínum huga skipti meginmáli að yfirlýsingin væri hlutlæg, þannig að jafnt tillit yrði tekið til allra hlutaðeigandi. Þegar litið er til efnis yfirlýsingarinnar tel ég það ætlunarverk hafa tekist:

...

Að mínu mati endurspeglast þessi viðhorf í aðfaraorðum með yfirlýsingunni, þar sem segir:

„Kirkjuráð ræddi meintar ávirðingar biskups og alvarleg deilumál innan kirkjunnar sem mjög hefur verið fjallað um í fjölmiðlum og meðal þjóðarinnar að undanfögnu. Vakin skal athygli á því að starfssvið kirkjuráðs ákvarðast af lögum og fer það með málefni kirkjuþings milli þinga. Samkvæmt því hefur það ekki stjórnskipulegt vald né heldur í þessu tilviki rökrænar forsendur til að kveða upp úrskurð í slíkum málum, en ályktunarhæft er það að sjálfsgöðu.“

Ég bendi jafnframt á að biskup sjálfur taldi yfirlýsingu kirkjuráðs ekki vera stuðningsyfirlýsingu við sig. Um þá skoðun biskups leyfi ég mér að vísa til umfjöllunar í ævisögu hans, bls. 369. Þar segir:

„Kirkjuráð ætlaði ekki að brenna sig á því að vera vænt um kvenfyrlitningu eins og prófastar. Samþykkti þó nokkra greinargerð á fundi sínum skömmu síðar og tóku kirkjuráðsmenn að sér að orða tillöguna. Hún reyndist þá svo loðin að ekki var nokkur leið á því að átta sig á því í hvorn fótinn væri verið að stíga og þurfti að biðja um skýringu á samþykktinni, sem var þá veitt og átti að skilja sem stuðning við biskup.“

Í drögum að skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram „að í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins daginn eftir, þ.e. 2. mars 1996, var því samkvæmt upptöku sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum, komið á framfæri að

beiðni kirkjuráðsmanna „að líta [bæri] á síðustu málsgrein ályktunarinnar sem stuðningsyfirlýsingu við biskup.““ Mér þykir líklegt að biskup eigi við þessa ábendingu til Ríkissjónvarpsins þegar hann vísar til þess að fram hafi komið frekari skýringar á yfirlýsingunni þess efnis að hana bæri að skilja sem stuðning við biskup. Ég hafði enga aðkomu að umræddri ábendingu til Ríkissjónvarpsins og veit ekkert um uppruna hennar. Ábendingin var enda í ósamræmi við þá grundvallarskoðun mína að yfirlýsingin væri hlutlæg í garð allra hlutaðeigandi. Það hvarflaði aldrei að mér að í yfirlýsingunni fælist sérstök stuðningsyfirlýsing við biskup, enda hefði ég ekki staðið að slíkri yfirlýsingu.

Vegna ofangreindra ummæla í ævisögu biskups þykir mér nauðsynlegt að benda á að aðalfundur Prófastafélags Íslands samþykkti yfirlýsingu sína 7. mars 1996. Sú yfirlýsing fylgdi því í kjölfar yfirlýsingar kirkjuráðs, en ekki öfugt, líkt og getið er í ævisögu biskups. Í yfirlýsingu Prófastafélagsins segir:

...

Ég tel að samanburður yfirlýsingar kirkjuráðs og yfirlýsingar Prófastafélags Íslands leiði í ljós að yfirlýsing kirkjuráðs hafi verið almenn og hlutlæg í garð allra hlutaðeigandi og á engan hátt sambærileg stuðningsyfirlýsingu Prófastafélagsins við biskup.

B. Málsmeðferð siðanefndar Prestafélags Íslands, stjórnar Prestafélags Íslands og ríkissaksóknara.

Af lestri gagna málsins virðist mér sem hvorki siðanefnd Prestafélags Íslands né ríkissaksóknari hafi haft umrædd erindi til umfjöllunar á þessum tíma.

Með bréfi, dags. 25. janúar 1996, sendu Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir erindi til formanns Prestafélagsins, þar sem borin var fram kvörtun á hendur sr. Vigfúsi Þór Árnasyni. Svo virðist sem erindið hafi verið áframsent til siðanefndar Prestafélagsins, þar sem siðanefndin veitti álit sitt vegna erindisins 15. febrúar 1996. Í álitsgerðinni til Sigrúnar Pálínu segir m.a.:

„Við meðferð málsins kom fram mjög alvarleg úsökun um trúnaðarbrot við starfsskyldur þjónandi sóknarprest vegna meintra atvika er voru talin hafa átt sér stað 1979. Þessi mál voru þó ekki kærð skriflega til siðanefndar. Eigi að síður þurfti siðanefnd að setja sig nokkuð inn í þau mál vegna málsatvika. Siðanefnd tekur einungis fyrir skriflegar kærur og ekki eldri mál en ár hafi liðið frá meintu broti til kærudags. Siðanefnd er kunnugt um að þessi mál hafa verið send stjórn Prestafélags Íslands og sjálf hefur siðanefndin kynnt þau fyrir biskupi.

Siðanefnd telur hlutverki sínu því lokið og sendir málið frá sér til ofangreindra aðila í samræmi við 6. gr. um siðanefnd.“

Sigrún Pálína sendi formanni siðanefndar Prestafélagsins og formanni Prestafélagsins annað erindi 18. febrúar 1996, þar sem m.a. er gerð grein fyrir fundi hennar með sr. Vigfúsi Þór Árnasyni og biskupi 16. febrúar 1996. Siðanefnd svaraði erindinu 26. febrúar 1996 og var niðurstaða nefndarinnar svohljóðandi:

„Það er sameiginlegt álit siðanefndar að ekkert hafi komið fram er breytti upphaflegri niðurstöðu og lýsir því yfir að málinu er lokið af hennar hálfu.“

Samkvæmt bréfi siðanefndar til Stefaníu Þorgrímsdóttur, dags. 26. febrúar 1996, virðist sem hún hafi sent formanni Prestafélags Íslands bréf 17. febrúar 1996. Virðist sem bréfið hafi verið áframsent til siðanefndar. Ég tek fram að ég hef ekki afrit bréfsins undir höndum. Í svari siðanefndar segir:

„Siðanefnd P.Í. hefur mótttekið bréf yðar frá 17. febrúar s.l., sem stílað var á sr. Geir Waage form. P.Í. Siðanefnd hvarmar að efni bréfsins var kynnt í fjölmiðlum áður en það var tekið fyrir í nefndinni. Siðanefnd hefur rætt þetta mál og kynnt fyrir biskupi. Frekari umfjöllun mun ekki verða af hálfu nefndarinnar.“

Sigrún Pálína sendi siðanefnd að nýju erindi 27. febrúar 1996, þar sem leitað var umsagnar vegna meints trúnaðarbrots stjórnar og siðanefndar Prestafélagsins, þar sem biskup hafi í sjónvarpsviðtali 27. febrúar 1996 vísað til trúnaðarerindis hennar til stjórnarinnar og siðanefndarinnar 25. janúar 1996 og 18. febrúar 1996. Erindið er staðfest í fréttatilkynningu 27. febrúar 1996, en þar er gefið til kynna að Stefanía og Dagbjört hafi einnig óskað umsagnar vegna sambærilegra trúnaðarbrotastjórnar og siðanefndar Prestafélagsins. Ég tek fram að ég hef einungis erindi Sigrúnar Pálínu til siðanefndar undir höndum. Erindi Sigrúnar Pálínu var svarað af hálfu siðanefndar 27. mars 1996. Mér er ekki kunnugt hvort og þá hvenær stjórn Prestafélagsins svaraði erindinu.

Af framangreindu virðist mér ljóst að siðanefnd Prestafélagsins hafi ekki, þegar yfirlýsing kirkjuráðs var birt opinberlega 1. mars 1996, haft áskanir kvennanna á hendur biskupi um kynferðisbrot til umfjöllunar. Siðanefndin hafi hins vegar á þessum tíma haft til umfjöllunar erindi kvennanna sem laut að meintum trúnaðarbrotum stjórnar og siðanefndar Prestafélagsins vegna ummæla biskups í sjónvarpsviðtali 27. febrúar 1996.

Af símbréfi frá biskupsstofu, dags. 22. febrúar 1996, fæ ég ekki annað ráðið en að biskup hafi þann dag sent ríkissaksóknara svohljóðandi beiðni:

„Vegna síendurtekinna ásakana í minn garð í fjölmiðlum um meint refsivert athæfi, sé ég mig knúinn til að óska eftir því við embætti yðar að það láti fara fram opinbera rannsókn á tilurð eða sannleiksgildi þessara ásakana. Byggi ég beiðni mína á 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Ástæða þessarar beiðni er sú að svo mjög er vengið að mannrði mínu og embættisheiðri að við það verður ekki unað lengur.“

Óska ég eftir því að rannsókn þessari verði hraðað eins og kostur er.“

Jafnframt fæ ég ekki annað ráðið af frétt Morgunblaðsins, dags. 28. febrúar 1996, en að ríkissaksóknari hafi að svo komnu ekki talið viðhlítandi grundvöll til opinberrar rannsóknar á ásökunum í garð biskups. Samkvæmt fréttinni segir orðrétt í bréfi ríkissaksóknara til biskups:

„Um fjöllum fjölmiðla með ásökunum í yðar garð eða heimildir þeirra geta ekki, á þeim grundvelli sem fyrir liggur, verið tilefni til opinberrar rannsóknar, hvorki að frumkvæði ákærvaldsins né að kröfu yðar. Hljóta hér frekar að koma til álita ákvæði laga um ærumeiðingar og málsmeðferð slíkra mála, sem eftir gildistöku laga nr. 71, 1995 er nú öllum skipað í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Með þeim tilvitnuðu lagabreytingum var dregið úr frumkvæðisrétti ákærvaldsins til beinna aðgerða og málshöfðunar um slík brot. Ósk yðar og rökstuðningur fyrir umbeðinni rannsókn og sú lagastöð, sem þér tilgreinið, tekur ekki til slíkrar rannsóknar en er að svo komnu heldur ekki viðhlítandi grundvöllur til þess að mælt sé fyrir um opinbera rannsókn að frumkvæði ákærvalds um þau efni.“

Í bréfi ríkissaksóknara til biskups, dags. 22. maí 1996, kemur fram að 12. mars 1996, hafi embætti ríkissaksóknara borist erindi biskups, dags. 11. mars 1996, þar sem borin var fram krafa um opinbera rannsókn og málshöfðun vegna rangs sakburðar og ærumeiðandi aðdróttana. Með bréfi ríkissaksóknara var tilkynnt um niðurfellingu málsins.

Samkvæmt ofangreindu sendi biskup tvö erindi til ríkissaksóknara vegna ásakana kvennanna. Hið fyrra var sent ríkissaksóknara 22. febrúar 1996 og lauk meðferð þess hjá ríkissaksóknara 27. febrúar 1996. Hið síðara var sent ríkissaksóknara 11. mars 1996 og lauk meðferð þess hjá ríkissaksóknara 22. maí 1996. Ég fæ því ekki betur séð en að málið hafi ekki verið til meðferðar ríkissaksóknara þegar yfirlýsing kirkjuráðs var birt opinberlega 1. mars 1996.

Hvað varðar málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins þá gerði biskup á fundi kirkjuráðs 29. febrúar 1996 öðrum kirkjuráðsmönnum grein fyrir eigin málum er snertu málefni send siðanefnd Prestafélagsins. Ekki var þar rætt sérstaklega um málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins. Ég hafði þannig ekki aðra hugmynd um málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins en dregin hafði verið upp í fjölmiðlum á þessum tíma.

Ályktun rannsóknarnefndar kirkjuþings:

Kirkjuráð fór sem stjórnvald í tíð laga nr. 48/1982 um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar með æðstu framkvæmdastjórn þjóðkirkjunnar sem var hluti af framkvæmdavaldinu í merkingu 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Um verkefni kirkjuráðs var nánar fjallað í 16. gr. laganna, en heildstæða lýsingu á þeim verkefnum er að finna í kafla 1.2.4 í B-hluta skýrslunnar. Af ákvæðum laganna er ljóst að ekki var gert ráð fyrir því samkvæmt þeim að kirkjuráð hefði það hlutverk með höndum að fjalla opinberlega um persónuleg málefni einstakra starfsmanna kirkjunnar, hvort sem er vígðra þjóna eða annarra, þ. á m. biskups. Hvað sem þessu líður telur rannsóknarnefndin sig ekki hafa forsendur til að draga í efa að kirkjuráði hafi sem framkvæmdastjórn þjóðkirkjunnar verið heimilt að birta opinberlega yfirlýsingar um slík málefni í ljósi stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis, sbr. 73. gr. stjórnar-

skrárinnar, og þá eftir atvikum til að gæta hagsmuna kirkjunnar sem stofnunar. Að því er varðar þá yfirlýsingu ráðsins sem hér um ræðir var sú aðstaða fyrir hendi að hún fól í sér afstöðu til máls þar sem einstaklingar sem ekki voru í slíkum tengslum við kirkjuna áttu hagsmuna að gæta. Er það í ljósi þessa og efnis yfirlýsingarinnar engum vafa undirorpið að mati rannsóknarnefndarinnar að kirkjuráði hafi borið að fylgja ákveðnum grundvallarreglum stjórnýsluréttar þegar það kaus að láta málið til sín taka með þeim hætti sem raun ber vitni. Yfirlýsingin varð þannig að vera reist á málefnalegum sjónarmiðum og vera forsvaranleg m.a. að teknu tilliti til stöðu þess. Þá bar kirkjuráði jafnframt að leggja fullnægjandi grundvöll að yfirlýsingunni m.a. með því að afla viðhlítandi upplýsinga um málið.

Rannsóknarnefnd kirkjuþings hefur m.a. haft þessi lagasjónarmið að leiðarljósi við mat á yfirlýsingu kirkjuráðs 1. mars 1996. Í því sambandi er jafnframt minnt á það að nefndinni er falið samkvæmt 1. gr. starfsreglna um nefndina að leggja mat á hvort vígðir þjónar og aðrir trúnaðarmenn kirkjunnar hafi með viðbrögðum sínum og starfsháttum metið framkomnar ásakanir af „réttsýni og sanngirni og [hvort] viðbrögð við þeim hafi mótast af ófullnægjandi forsendum“, eins og segir í athugasemdum forsætisnefndar kirkjuþings sem fylgdu tillögu hennar að starfsreglum um nefndina, eins og nánar er rakið í kafla 2 í A-hluta skýrslunnar.

Ljóst er að 1. mars 1996 var „biskupsmálið“ og einstakir þættir þess enn til meðferðar á vettvangi siðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands. Siðanefndin, og þá eftir atvikum stjórn Prestafélagsins að fenginni tilvísun máls frá nefndinni samkvæmt 6. gr. reglna um siðanefndina, var eini formlegi farvegur máls af þessu tagi á árinu 1996 þar sem prestar komu sjálfir að því, innan kirkjunnar sjálfrar eða féлага þeirra, að fjalla um ásakanir einstaklinga á hendur prestum, enda var þá ekkert sérstakt fagráð um meðferð kynferðisbrota starfandi. Siðanefnd hafði með álitserð sinni 15. febrúar 1996, þar sem lokið var þeim þætti er sneri að kvörtun Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur vegna framgöngu sr. Vigfúsar Þórs Árnasonar, vísað þeim þætti er varðaði ásakanir hennar á hendur biskupi til stjórnar Prestafélagsins á grundvelli 6. gr. reglna um siðanefndina í siðareglum félagsins frá 1994, eins og rakið er í kafla 3.2.2 í C-hluta skýrslunnar. Sá þáttur málsins var enn til meðferðar í stjórn Prestafélagsins þegar kirkjuráð gaf út yfirlýsingu sína og var það m.a. tekið til sérstakrar umfjöllunar á fundi stjórnarinnar 4. mars 1996, sbr. kafla 11 í C-hluta skýrslunnar þar sem m.a. lögmenn biskups komu á fund stjórnarinnar. Þá höfðu konurnar þrjár vísað öðrum tengdum þáttum málsins til siðanefndarinnar með erindum 28. febrúar 1996 er beindust að trún-

aðarbrotum biskups í dægurmálaþættinum Dagsljósi 27. s.m. þar sem hann hefði fjallað um málarekstur þeirra hjá nefndinni vegna ásakana á hendur honum, en nefndin lauk ekki við afgreiðslu þeirra erinda fyrr en 27. mars 1996, sbr. nánar kafla 17 í C-hluta skýrslunnar. Loks hafði biskup sjálfur 22. febrúar 1996 óskað rannsóknar á ásökunum kvennanna með sérstakri kæru til ríkissaksóknara. Þótt embætti ríkissaksóknara hafi talið 28. febrúar 1996 að erindi það sem biskup hafði borið fram hafi ekki að efni til fullnægt réttarfarsreglum var ljóst af afgreiðslu embættisins að biskup gæti farið fram á rannsókn málsins á öðrum lagagrundvelli. Þegar kirkjuráð gaf út yfirlýsingu sína 1. mars 1996 lá sá þáttur málsins því þannig fyrir að biskupi, sem forseta kirkjuráðs, var fært að leggja málið í annan farveg innan refsivörslukerfisins sem hann svo ákvað að nýta sér með kæru til ríkissaksóknara 11. mars 1996 þar sem krafist var opinberrar rannsóknar vegna rangra sakargifta og ærumeiðandi aðdróttana. Sú rannsókn fór síðan fram á grundvelli ákvörðunar ríkissaksóknara 14. s.m. en var felld niður 22. maí 1996 þar sem biskup dró kröfur sínar til baka og því ekki lengur skilyrði til áframhaldandi rannsóknar í ljósi réttarfarsreglna.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið telur rannsóknarnefndin að kirkjuráði hafi ótvírætt borið að taka tillit til þess við gerð yfirlýsingar sinnar 1. mars 1996 að ásanir á hendur biskupi, sem var jafnframt forseti kirkjuráðs, um að hann hefði framið alvarleg kynferðisbrot í preststarfi sínu og einstakir þættir málsins voru þá til meðferðar á viðeigandi vettvangi hjá síðanefnd og stjórn Prestafélagsins, án þess að endanleg niðurstaða hefði fengist. Þá lá fyrir að biskupi stóð opin sú leið, teldi hann ásanirnar tilhæfulausar og fela í sér rangar sakargiftir á hendur honum, að óska eftir opinberri rannsókn á efni þeirra með nýrri kæru til ríkissaksóknara sem hann og gerði 10 dögum síðar. Að auki var málið reglulega til umfjöllunar í fjölmiðlum. Loks er ljóst að biskup hafði sjálfur upplýsingar um stöðu þess á hverjum tíma eins og ráða má af viðtali við hann í dægurmálaþættinum Dagsljósi 27. febrúar 1996, en einnig liggur fyrir að hann fundaði um málið með stjórn Prestafélagsins á tímabilinu 22.–26. febrúar 1996, sbr. kafla 4.2 í C-hluta skýrslunnar.

Yfirlýsing um málið, gefin út á þessum tíma af kirkjuráði, æðstu framkvæmdastjórn kirkjunnar, varð því samkvæmt framansögðu að vera þess eðlis að í henni fælist ekki efnisleg afstaða til réttmætis þeirra ásakana sem fram höfðu komið á hendur biskupi enda til þess ætlast að um þau atriði væri fjallað á öðrum vettvangi. Þá varð yfirlýsing ráðsins að vera orðuð þannig að gætt væri nægilega hagsmuna allra málsaðila og þá í samræmi við þær grundvallarhugsjónir og viðhorf um mannhelgi og réttsýni í mannlegum samskiptum sem þjóðkirkjan stendur fyrir í ís-

lensku samfélagi. Loks varð kirkjuráð í samræmi við grundvallarreglur stjórnisýsluréttar að leggja sem fyrr greinir viðhlítandi grundvöll að yfirlýsingu sinni, eftir atvikum með því að óska skriflega eða munnlega eftir afstöðu kvennanna þriggja, ef ráðið taldi á annað borð tilefni til þess að tjá sig um málið opinberlega. Kirkjuráð gat ekki látið þrýsting og einhliða afstöðu biskups ráða alfarið ferðinni við undirbúning að gerð yfirlýsingarinnar. Þá bar ráðsmönnum á sama grundvelli að gera þær ráðstafanir sem voru mögulegar til þess að ganga úr skugga um hver væri staða málsins, m.a. á vettvangi siðanefndar og stjórnar Prestafélagsins, ef einhver óvissa ríkti um það við undirbúning yfirlýsingarinnar. Eins og fyrr greinir verður ekki önnur ályktun dregin af gögnum málsins en að biskup hafi sjálfur verið upplýstur á hverjum tíma um málsmeðferðina á vettvangi siðanefndar og stjórnar Prestafélagsins.

Karl Sigurbjörnsson byggir á því í svarbréfi sínu 13. maí 2011 til rannsóknarnefndarinnar að yfirlýsing kirkjuráðs hafi verið „almenn og hlutlæg í garð allra hlutaðeigandi“ og ekki falið í sér eindregna stuðningsyfirlýsingu við biskup. Á þá afstöðu verður ekki fallist að mati nefndarinnar. Kirkjuráð kaus að orða yfirlýsinguna með þeim afdráttarlausu hætti að ásakanir kvennanna fælu í sér „alvarlega atlögu að æru biskups og heiðri kirkjunnar“ auk þess sem biskupi og fjölskyldu hans var einum málsaðila vottuð dýpsta samúð og kærleiki af þessu tilefni. Með því að orða yfirlýsingu sína 1. mars 1996 með þessum hætti verður að líta svo á að kirkjuráð hafi þar með stutt opinberlega þann málsaðila sem ásakanirnar beindust að og jafnframt var meðlimur ráðsins og forseti þess. Hvað sem leið huglægri afstöðu einstakra kirkjuráðsmanna verður yfirlýsingin þannig ekki skilin á annan veg en þann að kirkjuráð, æðsta framkvæmdastjórn kirkjunnar samkvæmt lögum, teldi að ásakanirnar á hendur biskupi væru tilefnislausar án þess að um þær hefði verið fjallað af þar til bærum aðila. Í þessu sambandi verður jafnframt að líta til þess að því var beinlínis komið á framfæri við fjölmiðla degi eftir að yfirlýsingin var gefin út að skilja bæri niðurlag hennar sem „stuðningsyfirlýsingu“ við biskup. Að sögn Ernu Indriðadóttur, fyrrverandi fréttamanns hjá Ríkisútvarpinu, sé ljóst að það hafi verið „einhver kirkjuráðsmanna“ sem hafi haft samband við fréttastofuna af því tilefni „en nánast útilokað að það hafi verið Ólafur Skúlason sjálfur“. Karl Sigurbjörnsson hefur ekki haldið því fram að hann hafi sem kirkjuráðsmaður gert einhverjar ráðstafanir til að leiðrétta þá fjölmiðlaumfjöllun ef það var afstaða hans að hún endurspeglaði ekki réttan skilning á yfirlýsingunni. Í þessu sambandi bendir nefndin loks á að allflestir þeirra kirkjunnar manna sem komu til viðtals við rannsóknarnefndina og voru inntir eftir afstöðu sinni til yfirlýsingar kirkjuráðs 1. mars 1996, svöruðu því til að

hún hefði falið í sér stuðningsyfirlýsingu við biskup og/eða að ekki hefði verið rétt af hálfu ráðsins að fjalla með þeim hætti um málið. Enginn þeirra, að undanskildum kirkjuráðsmönnum sjálfum, þeim Karli Sigurbjörnssyni og Helga K. Hjálmsyni, taldi yfirlýsingu kirkjuráðs vera forsvaranlega í ljósi atvika og stöðu málsins.

Að öllu framangreindu virtu er það afstaða rannsóknarnefndarinnar að verulega hafi skort á að kirkjuráð hafi með yfirlýsingu sinni 1. mars 1996 metið framkomnar ásakanir á hendur biskupi af réttisni í viðkvæmu máli þar sem leitast hafi verið við að gæta hagsmuna allra málsaðila af sanngirni. Þá liggur ekki annað fyrir en að kirkjuráð, sem ákvað að láta málið til sín taka með opinberri yfirlýsingu, hafi með öllu látið hjá líða að gefa umræddum konum færi á að segja sögu sína skriflega eða eftir atvikum munnlega á vettvangi ráðsins eða að afla annarra upplýsinga um málið en einhliða afstöðu biskups sjálfs áður en yfirlýsingin var gefin út. Ráðið lagði því jafnframt ófullnægjandi forsendur til grundvallar þeirri ákvörðun að gefa út yfirlýsinguna opinberlega á þessum tímapunkti og fylgdi því ekki þeim grundvallarreglum stjórnsýsluréttar sem giltu um störf ráðsins. Þótt fram komi með almennum hætti í yfirlýsingunni að ráðið lýsi yfir hryggð sinni yfir þeim sárum sem sóknarborn telja sig hafa orðið að bera vegna framkomu þjóna kirkjunnar og að ráðið taki ásakanir sóknarbarna alvarlega um misbresti í heilindum og trúnaði á milli þeirra og presta, telur rannsóknarnefndin óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að þeir kirkjuráðsmenn sem stóðu að umræddri yfirlýsingu 1. mars 1996 hafi gert alvarleg mistök í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina með því að gefa hana út opinberlega á þeim tíma að virtu efni yfirlýsingarinnar og stöðu málsins. Nefndin tekur sérstaklega fram að það getur ekki breytt þessari niðurstöðu þótt fallist sé á það með Karli Sigurbjörnssyni, sbr. svarbréf hans 13. maí 2011, að horfa verði til þess að aðstæður þær sem kirkjuráð stóð frammi fyrir hafi verið „erfiðar og fordæmalausar“. Það er einmitt við slíkar aðstæður sem gera verður þá kröfu til samfélagslega mikilvægrar stofnunar á borð við þjóðkirkjuna, sem um margt nýtur sérstöðu í íslensku samfélagi, að hún bregðist faglega við þeim erfiðu vandamálum sem hún stendur frammi fyrir og taki ákvarðanir sem samrýmast þeim grundvallarhugsjónum og viðhorfum sem stofnunin og allt hennar starf byggir á.

3.3 Yfirlýsing aðalfundar Prófastafélags Íslands 7. mars 1996

Í kafla 13 í C-hluta skýrslunnar er rakið að á aðalfundi Prófastafélags Íslands 7. mars 1996 hafi verið samþykkt yfirlýsing er laut að málefnum biskups, sem er svohljóðandi:

Prófatar lýsa hryggð sinni og áhyggjum vegna þeirrar aðfarar sem gerð hefur verið að biskupi Íslands, herra Ólafi Skúlasyni, með ósönnuðum aðdróttunum í hans garð, þar sem gróflega er vegið að mannorði hans og starfsheiðri.

Prófatar lýsa andúð sinni á gáleysi þeirra fjölmiðla, sem í umfjöllun sinni hafa látið líta svo út sem þessar ásakanir væru sannaðar. Þetta hefur valdið biskupi og fjölskyldu hans þjáningu og miska og öllum þeim sem unna kirkjunni sárindum og hryggð. Lýsum við samúð með öllum þeim sem þjáðst hafa vegna þessa máls.

Prófatar harma þá stöðu sem upp er komin. Nauðsynlegt er að brugðist verði við af festu og ábyrgð. Því er í alla staði eðlilegt að fela málið dómbærum aðilum enda er það fullvissa okkar að þá muni sakleysi biskups sannast. Væntum við þess að söfnuðir landsins slái sem fyrir skjaldborg um kirkjuna og það sem hún stendur fyrir.

Prófatar telja sjálfsagt að sá hornsteinn réttarfars í siðuðu samfélagi sé í heiðri hafður að hver maður skuli saklaus teljast uns sekt hans er sönnuð, svo að ein lög gildi í landinu fyrir alla þegna þess. Átelja prófatar sérhverja tilraun til þess að vefengja þessa meginreglu réttarríkisins og vara við þeirri vá að mannhelgi sé vanvirt.

Í tilvitnaðri yfirlýsingu er ásökunum kvennanna á hendur biskupi lýst í fyrstu málsgrein sem „aðför“ og dregið fram að þær séu „ósannaðar“. Loks er tekið fram að með þeim sé „gróflega ... vegið að mannorði [biskups] og starfsheiðri“. Í annarri málsgrein yfirlýsingar prófastanna beina þeir orðum sínum að fjölmiðlum og er m.a. tekið fram að umfjöllun þeirra hafi valdið biskupi og fjölskyldu hans þjáningu og miska. Í niðurlagi málsgreinarinnar er lýst samúð með öllum þeim sem þjáðst hafa vegna málsins. Í þriðju málsgrein lýsa prófatar m.a. „[fullvissu]“ sinni um að „sakleysi biskups [muni] sannast“ ef málið er falið dómbærum aðila og í fjórðu málsgrein er áréttuð sú meginregla réttarríkisins að sérhver maður skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð.

Rannsóknarnefndin telur að fyrsta málsgrein yfirlýsingar prófata sé í flestum atriðum efnislega sambærileg við fyrstu málsgrein í yfirlýsingu kirkjuráðs sem fjallað er um í kafla 3.2. hér að framan. Í þeim báðum eru ásökunum á hendur biskupi lýst sem atlögu eða aðför að honum og að vegið sé að æru hans, mannorði eða starfsheiðri. Sá munur er hins vegar á yfirlýsingunum að prófatar lýsa samúð með öllum þeim sem þjáðst hafa vegna málsins, en kirkjuráð lýsir aðeins yfir samúð sinni með biskupi og fjölskyldu hans. Þýðingarmesti munurinn á orðalagi yfirlýsinganna er hins vegar að finna í þriðju málsgrein hinnar síðarnefndu, þ.e. í yfirlýsingu prófata. Þar lýsa þeir fullvissu sinni um að sakleysi biskups muni sannast ef dómbær aðili verði fenginn til að leysa úr málinu, en slíka framsetningu, sem telja verður nokkuð afdráttarlausu um efnislegt

óréttmæti þeirra sakargifta sem bornar voru fram á hendur biskupi, er ekki að finna í yfirlýsingu kirkjuráðs.

Eins og rakið er í kafla 1.2.5 í B-hluta skýrslunnar var um prófasta þjóðkirkjunnar fjallað á þessum tíma í lögum nr. 62/1990 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkjunnar, sbr. nú 29.–32. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti íslensku þjóðkirkjunnar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 62/1990 voru prófastsdæmin sextán talsins. Um prófasta, skipun þeirra og verkefni var fjallað í V. kafla laganna, sem nánar er lýst með heildstæðum hætti í áðurnefndum kafla skýrslunnar. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. var prófastur fulltrúi biskups í prófastsdæminu og trúnaðarmaður hans. Prófastur hafði í umboði biskups almenna umsjón með kirkjulegu starfi þar og var í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðaði sameiginleg málefni þess gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Í 34. gr. laga nr. 62/1990 var mælt svo fyrir að biskup boðaði prófasta til fundar a.m.k. einu sinni á ári til umræðna um málefni þjóðkirkjunnar og þau mál er sérstaklega vörðuðu störf prófasta og tengsl þeirra við biskup og dóms- og kirkju-málaráðuneyti.

Fyrir liggur að fimmtán prófastar af þeim sextán sem þá voru við störf stóðu að yfirlýsingunni 7. mars 1996 á aðalfundi Prófastafélags Íslands sem haldinn var í beinu framhaldi af prófastafundi með biskupi samkvæmt 34. gr. laga nr. 62/1990 í upphafi marsmánaðar sama ár. Sr. Einar Þór Þorsteinsson, fyrrverandi prófastur, var sá eini sem hafnaði því að undirrita yfirlýsinguna, sjá nánar kafla 13 í C-hluta skýrslunnar. Þeir fimmtán prófastar sem stóðu að henni voru: sr. Baldur Vilhelmsson, sr. Birgir Snæbjörnsson, sem er látinn, sr. Björn Jónsson, sr. Bragi Friðriks-son, sem er látinn, sr. Dalla Þórðardóttir, sr. Davíð Baldursson, sr. Flosi Magnússon, sr. Guðmundur Þorsteinsson, sr. Guðmundur Óli Ólafsson, sem er látinn, sr. Guðni Þór Ólafsson, sr. Ingiberg J. Hannesson, sr. Ragnar Fjalar Lárusson, sem er látinn, sr. Sigurjón Einarsson, sr. Sváfniir Sveinbjarnarson og sr. Örn Friðriksson.

Sr. Guðmundur Þorsteinsson, þáverandi formaður Prófastafélags Íslands, kom fyrir rannsóknarnefndina, en rétt er að rifja upp meginefni framburðar hans. Um aðdraganda þess að umrædd yfirlýsing var gefin út komst Guðmundur svo að orði:

Já, þannig var að í marsmánuði þá kallaði biskupinn ... prófasta sína til prófastafundar og þar var farið náttúrlega yfir kirkjunnar málefni, einkum í prófastsdæmunum og svona lagðar línurnar um starfið. Þessi fundur stóð yfirleitt í 3 daga og síðasta daginn var svo haldinn aðalfundur. Nú við vorum 16 þarna, prófastarnir, þeim hefur fækkað verulega síðan, við erum 16 þá og á þessum fundi er þessi yfirlýsing samin og samþykkt og hún var náttúrlega í kjölfar þeirra

ásakana sem höfðu verið settar fram gegn Ólafi biskupi og við vorum, og ég segi alveg sérstaklega persónulega, að ég var alveg sannfærður um að þarna væri ómaklega vegið að honum, að þarna væri svona ýmislegt ýkt og stílfært. Við skulum ekki gleyma því að þessi maður hafði þrilað mjög hratt upp metorðastigann, allt frá því að vera prestur í Íslendingabyggðum vestanhafs, síðan fyrsti æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar, síðan sóknarprestur í glæsilegu prestakalli, Bústaðaprestakalli, þar sem hann var ákaflega vinsæll maður, ótrúlega vinsæll. Við eiginlega öfunduðum hann og síðan verður hann prófastur og vígslubiskup og biskup. Og það náttúrulega segir sig sjálf að þegar menn klifra svona bratt þá eru kannski ekki allir ásáttir með þá og við töldum sem sagt að þetta væri einhvers konar ófrægingarherferð í gangi gegn honum af ákveðnum öflum innan kirkjunnar sem að ég nafngreini ekki hér, en við töldum að við myndum sem sagt vera að gera samkvæmt okkar bestu sannfæringu að veita honum stuðning. Mér er engin launung á því að þarna í lok prófastastefnunar þá átti hann mjög náíð og einlægt viðtal við okkur prófastana þar sem hann lagði fyrir okkur spilin á borðið með þeim hætti að við eiginlega gátum ekki annað en trúað honum. Það var ekki hægt annað en að trúa honum og á þessum forsendum sömdum við þessa stuðningsyfirlýsingu við hann og hún olli náttúrulega miklu fjaðrafoki eins og þið kannski vitið og hafið lesið ...

Á fundi rannsóknarnefndarinnar var Guðmundur inntur eftir afstöðu sinni til þess hvort það hafi verið mistök, miðað við stöðu málsins, að gefa út yfirlýsingu sem ekki væri unnt að skilja með öðrum hætti en sem nokkurn veginn skilyrðislausu stuðningsyfirlýsingu við biskup. Svar Guðmundar var svohljóðandi:

Ég held að við hefðum ekki getað beitt okkur öðruvísi en við gerðum þarna. Við fórum þarna að samvisku okkar og sannfæringu algjörlega, a.m.k. ég, ég get ekki talað fyrir alla hina, en þetta var alveg mín bjargfasta sannfæring að þarna væri ómaklega að honum vegið og ef þið hafi lesið minningarorð sem komu í blöðum eftir jarðarför hans þá man ég að það var einn presturinn sem að tók þetta sérstaklega fram í sínum minningarorðum, þ.e. að þessi prestur hafði staðið með sr. Ólafi. ... okkur fannst þetta bara lykta af ófrægingarherferð gagnvart honum. ... Síðan hefur náttúrulega mikið vatn runnið til sjávar og við erum að tala um það sem að gerðist þarna og þessi yfirlýsing hefði náttúrulega kannski ekki verið gefin út núna eftir það sem síðar hefur komið í ljós.

Með bréfi 27. apríl 2011 sendi rannsóknarnefnd kirkjuþings þeim ellefu núlifandi einstaklingum sem tóku sem prófastar þátt í samþykkt yfirlýsingarinnar 7. mars 1996 bréf samkvæmt 6. gr. starfsreglna um nefndina þar sem þeim var gefinn kostur á að gera grein fyrir afstöðu sinni til þess hvort það hefði verið alvarleg mistök af hálfu þeirra í skilningi 1. gr. sömu reglna að taka þátt í því á vettvangi Prófastafélags Íslands að samþykkja og gefa út opinbera yfirlýsingu í tilefni af ásökunum þriggja kvenna á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Væri

þá m.a. horft til efnis yfirlýsingarinnar og einnig til þess að hún hefði verið birt opinberlega á sama tíma og erindi umræddra kvenna voru annars vegar til formlegrar meðferðar í siðanefnd Prestafélags Íslands og stjórn félagsins, í samræmi við samþykktar siðareglur félagsins frá 1994. Í þessu sambandi horfði rannsóknarnefndin einnig til þess hvort talið yrði, þegar yfirlýsing prófasta væri virt heildstætt, að með henni hefði verið leitast við að bæla niður eða lægja opinbera umræðu um þær ásak- anir sem fram höfðu komið á hendur biskupi. Svör bárust af þessu tilefni frá þeim Sváfni Sveinbjarnarsyni 2. maí 2011, Guðmundi Þorsteinsyni 5. maí 2011, Döllu Þórðardóttur 6. maí 2011, Guðna Þór Ólafssyni 9. maí 2011, Erni Friðrikssyni 11. maí 2011 og Flosa Magnússyni 12. maí 2011.

Enginn þeirra prófasta sem svöruðu bréfi nefndarinnar töldu að það hefðu verið mistök að Prófastafélagið lét umrædda yfirlýsingu frá sér fara. Þar sem svarbréf þeirra allra eru birt í heild sinni sem fylgiskjöl við skýrslu þessa verða aðeins dregin saman helstu efnisatriði í svörum þeirra. Þess skal í upphafi getið að í svarbréfi Guðmundar Þorsteinsonar 5. maí 2011 er skýrt tekið fram að yfirlýsing prófasta hafi verið „stuð- ingsyfirlýsing við Ólaf biskup, þar sem nærfellt 94% félagsmannanna 16 studdu yfirlýsinguna, sem [hljóti] að teljast afgerandi niðurstaða“. Í svarbréfunum er því almennt borið við að prófastar hafi í framhaldi af ræðu biskups á prófastafundi fyrir aðalfund prófastafélagsins tekið orð hans trúanleg og ekki efast um sakleysi hans. Guðmundur Þorsteins- son, fyrrverandi formaður, tekur raunar fram í svarbréfi sínu að þeir hafi verið „sannfærðir um sakleysi hans og að ómaklega [hafi verið] að honum vegið í ófrægingarskyni“. Þá vísa sumir til þess að ræða biskups á prófastafundinum hafi verið „tilfinningaþrungin“ og „magnþrungin“ og hafi hann í lokin beiðst stuðningsyfirlýsingar prófasta. Þá er vísað til fjölmiðlaumfjöllunar á þessum tíma og að þjóðkirkjan hafi átt í vök að verjast.

Ályktun rannsóknarnefndar kirkjuþings:

Yfirlýsing þeirra fimmtán prófasta 7. mars 1996, sem hér um ræðir, var samin og gefin út á vettvangi aðalfundar Prófastafélags Íslands í framhaldi af lögbundnum prófastafundi með biskupi. Engar forsendur eru til að draga í efa að félagsmönnum í Prófastafélagi Íslands hafi verið fyllilega heimilt að birta opinberlega yfirlýsingar um málefni af því tagi sem hér um ræðir í ljósi stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis einstakra prófasta, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, og þá eftir atvikum til að gæta hagsmuna einstakra félagsmanna eða kirkjunnar sem stofnunar. Rann- sóknarnefnd kirkjuþings er hins vegar falið samkvæmt 1. gr. starfsreglna um nefndina að leggja mat á hvort vígðir þjónar og aðrir trúnaðarmenn

kirkjunnar hafi með viðbrögðum sínum og starfsháttum metið fram komnar ásakanir af „réttisýni og sanngirni og [hvort] viðbrögð við þeim hafi mótast af ófullnægjandi forsendum“, eins og segir í athugasemdum forsætisnefndar kirkjuþings sem fylgdu tillögu hennar að starfsreglum um nefndina, eins og nánar er rakið í kafla 2 í A-hluta skýrslunnar. Á þessum grundvelli hefur nefndin lagt mat á efni og framsetningu yfirlýsingarinnar og þá hvort prófastar hafi með henni tekið nægilegt tillit til eðlis þeirra ásakana sem fram höfðu komið á hendur biskupi, hagsmuna allra málsaðila og stöðu málsins þegar yfirlýsingin var gefin út.

Ljóst er að þegar prófastar gáfu yfirlýsingu sína út var „biskups-málið“, og einstakir þættir þess enn til meðferðar á vettvangi siðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands. Má hvað það varðar og stöðu málsins að öðru leyti vísa til umfjöllunar í ályktunarkafla um yfirlýsingu kirkjuráðs hér að framan.

Í ljósi þessa telur rannsóknarnefndin að próföstum hafi borið að taka tillit til þess við gerð yfirlýsingar sinnar 7. mars 1996 að ásakanir á hendur biskupi um að hann hefði framið alvarleg kynferðisbrot í preststarfi sínu og einstakir þættir málsins voru þá til meðferðar á viðeigandi vettvangi, hjá siðanefnd og stjórn Prestafélagsins, án þess að endanleg niðurstaða hefði fengist. Þá lá fyrir að biskupi var fær sú leið, teldi hann ásakanirnar tilhæfulausar og fela í sér rangar sakargiftir á hendur honum, að láta fara fram opinbera rannsókn á efni þeirra með nýrri kæru til ríkissaksóknara sem hann og gerði 3 dögum síðar. Staða málsins var samkvæmt gögnum málsins auk þess reglulega til umfjöllunar í fjölmiðlum eins og raunar kemur fram í nokkrum svarbréfum prófaste til rannsóknarnefndarinnar eins og fyrr er rakið. Þá er ljóst að biskup hafði sjálfur upplýsingar um stöðu málsins á hverjum tíma eins og ráða má af viðtali við hann í dægurmálaþættinum Dagsljósi 27. febrúar 1996, en einnig liggur fyrir að hann fundaði um málið með stjórn Prestafélagsins á tímabilinu 22.-26. febrúar 1996, sbr. kafla 4.2 í C-hluta skýrslunnar.

Yfirlýsing um málið, gefin út á þessum tíma af próföstum, varð því samkvæmt framansögðu að vera þess eðlis að í henni fælist ekki efnisleg afstaða til réttmætis þeirra ásakana sem fram höfðu komið á hendur biskupi, enda til þess ætlast að um þau atriði væru fjallað á öðrum vettvangi. Þá varð yfirlýsing prófaste að vera orðuð þannig að gætt væri nægilega hagsmuna allra málsaðila og þá í samræmi við þær grundvallarhugsjónir og viðhorf um mannhelgi og réttisýni í mannlegum samskiptum sem þjóðkirkjan stendur fyrir í íslensku samfélagi. Prófastar gátu ekki látið þrýsting og einhliða afstöðu biskups ráða alfarið ferðinni við undirbúning að gerð yfirlýsingarinnar.

Með því að orða yfirlýsingu sína 7. mars 1996 með þeim hætti sem raun ber vitni, sbr. einkum fyrstu og þriðju málsgrein hennar, er engum vafa undirorpið að prófastar studdu þar með opinberlega þann málsaðila sem ásakanirnar beindust að og lýstu beinlínis fullvissu sinni um að biskup yrði talinn saklaus af þeim ásökunum sem fram höfðu komið ef málið yrði tekið fyrir af dómbærum aðila. Er það raunar viðurkennt í svarbréfi þáverandi formanns Prófastafélagsins, Guðmundar Þorsteinssonar, til rannsóknarnefndarinnar eins og fyrr greinir. Yfirlýsingin verður þannig ekki skilin með öðrum hætti en að fimmtán af þeim sextán próföstum sem þá voru starfandi og voru jafnframt meðal æðstu embættismanna Þjóðkirkjunnar teldu forsendur til að lýsa því yfir opinberlega að ásakanirnar á hendur biskupi væru tilefnislausar án þess að um þær hefði verið fjallað af þar til bærum aðila. Í þessu sambandi bendir nefndin á að allflestir þeirra kirkjunnar manna sem komu til viðtals við meðferð málsins og voru spurðir um afstöðu sína til yfirlýsingar prófasta 7. mars 1996 svöruðu því til að hún hefði falið í sér stuðningsyfirlýsingu við biskup og/eða að ekki hefði verið rétt af hálfu prófasta að fjalla með þeim hætti um málið. Enginn þeirra, að undanskildum próföstum sjálfum, taldi yfirlýsinguna vera forsvaranlega í ljósi atvika og stöðu málsins.

Að öllu framangreindu virtu er það afstaða rannsóknarnefndarinnar að verulega hafi skort á að prófastar hafi með yfirlýsingu sinni 7. mars 1996 metið framkomnar ásakanir á hendur biskupi af réttisýni í viðkvæmu máli þar sem leitast hafi verið við að gæta hagsmuna beggja málsaðila af sanngirni. Lágu þvert á móti allsendis ófullnægjandi forsendur til grundvallar yfirlýsingunni. Þeir prófastar sem stóðu að henni gerðu því að mati nefndarinnar alvarleg mistök í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina með því að gefa hana út opinberlega á þeim tíma að virtu efni hennar og stöðu málsins. Þá telur nefndin óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu, þegar yfirlýsing prófasta er virt heildstætt, að þeim hafi hlotið að vera ljóst að hún kynni að hafa þau áhrif að bæla niður eða lægja opinbera umræðu um þær ásakanir sem fram höfðu komið á hendur biskupi. Í því sambandi hefur nefndin sérstaklega horft til þriðju málsgreinar yfirlýsingarinnar þar sem beinlínis er fullyrt af hálfu prófasta að biskup yrði talin saklaus af þeim ásökunum sem á hann höfðu verið bornar ef málið yrði falið dómbærum aðila. Þá er þess enn fremur að gæta að prófastur var lögum samkvæmt fulltrúi og trúnaðarmaður biskups í prófastsdæminu og hafði í umboði hans almenna umsjón með kirkjulegu starfi þar, auk þess að sinna jafnframt tilteknu eftirliti með störfum presta. Á þessum tíma var málið enn til meðferðar á vettvangi stjórnar Prestafélags Íslands og voru stjórnarmenn, að biskupsritara einum undanskildum, í þessari stöðu gagnvart próföstum. Einnig er minnt

á að þremur dögum áður en yfirlýsing prófasta var samþykkt og birt opinberlega, eða 4. mars 1996, var haldinn fundur í stjórn Prestafélagsins þar sem rætt var um hvort „biskupsmálið“ ætti að vera til umfjöllunar á vettvangi stjórnarinnar, en um þann þátt málsins verður nánar rætt í næsta kafla. Verður því að álíta yfirlýsinguna fullnægja þeim skilyrðum að vera talin tilraun til þöggunar í þeirri merkingu sem lögð er til grundvallar í kafla 2 í A-hluta skýrslunnar.

4. Um aðkomu stjórnar Prestafélags Íslands að „biskupsmálinu“ á árinu 1996

Rannsóknarnefnd kirkjuþings er eins og að framan er rakið ætlað að leggja mat á viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar í tilefni af ásökunum sem fram komu á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Fyrir hefur greint frá því að nefndin hefur fyrst og fremst horft til þess hvernig háttað var viðbrögðum vígðra þjóna og annarra sem gegndu trúnaðarstörfum á vegum kirkjunnar þegar ásakanirnar komu opinberlega fram síðla janúar mánaðar 1996. Á það við hvort sem hlutaðeigandi starfsmaður átti hlut að máli á vettvangi stofnana kirkjunnar eða féлага presta, einkum siðanefndar og stjórnar Prestafélags Íslands. Rannsóknarnefndin hefur lýst því yfir í kafla 2.4.3 í þessum hluta að hún telji ekki forsendur til að álykta á þann veg að siðanefnd Prestafélagsins hafi gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu í merkingu 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefndina við meðferð þeirra erinda sem nefndinni bárust frá Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur í janúar, febrúar og mars 1996. Í sama kafla eru hins vegar settar fram ákveðnar athugasemdir við störf siðanefndarinnar sem til framtíðar litið megi hafa í huga við störf hennar samkvæmt gildandi siðareglum félagsins frá 2007. Í þessum kafla mun rannsóknarnefndin hins vegar fjalla um aðkomu stjórnar Prestafélags Íslands að „biskupsmálinu“ og þá um hvort tilefni sé til að álykta á þann veg að athafnir eða athafnaleysi stjórnarinnar við meðferð málsins verði talin mistök eða vanræksla í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina.

Fyrir liggur að 25. janúar 1996 sendi Sigrún Pálína Ingvarsdóttir formanni stjórnar Prestafélags Íslands, sr. Geir Waage, erindi sem að formi til fól í sér kvörtun yfir framgöngu sr. Vigfúsar Þórs Árnasonar, eins og nánar er rakið í kafla 3.2 í C-hluta skýrslunnar, en afrit var sent Úlfari Guðmundssyni formanni siðanefndar félagsins. Í erindinu greindi Sigrún Pálína frá því kynferðisofbeldi sem hún kvaðst hafa orðið fyrir af hendi biskups á árinu 1978. Fjallað er um aðgerðir siðanefndarinnar af þessu tilefni í kafla 3.2.2 í C-hluta skýrslu þessarar. Er því þar m.a. lýst að nefndin hafi lokið afgreiðslu sinni á upphaflegu erindi Sigrúnar

Pálinu Ingvarsdóttur með álitserð 15. febrúar 1996 með vísan til sáttar sem náðst hafi á milli Sigrúnar Pálinu og Vigfúsar Þórs á fundi nefndarinnar 12. s.m. Á hinn bóginn hafi siðanefndin ákveðið að vísa formlega „öðrum afurðum málsins“ til stjórnar Prestafélags Íslands á grundvelli 6. gr. reglna um nefndina í þágildandi siðareglum félagsins frá 1994, en hér var um að ræða þann þátt í erindi Sigrúnar Pálinu er laut að ásökunum hennar á hendur biskupi um kynferðisbrot. Rannsóknarnefnd kirkjuþings hefur samkvæmt framansögðu tekið það sérstaklega til athugunar hvort og þá með hvaða hætti stjórn Prestafélags Íslands brást við þeirri stöðu sem upp var komin í málinu þegar ásökunum Sigrúnar Pálinu var formlega vísað til umfjöllunar stjórnarinnar 15. febrúar 1996 á grundvelli 6. gr. í kafla um siðanefnd félagsins í siðareglunum frá 1994. Eins og fyrr er rakið sátu þeir Geir Waage, sr. Gunnar Sigurjónsson, sr. Bragi Skúlason, sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson og sr. Baldur Kristjánsson sem aðalmenn í stjórn félagsins á þessum tíma, en varamenn voru þau sr. Helga Soffía Konráðsdóttir og sr. Jón Helgi Þórarinnsson.

Áður er lengra er haldið er rétt að rekja þau ákvæði siðareglna Prestafélagsins frá 1994 sem rannsóknarnefndin hefur horft til í þessum þætti, en nánari umfjöllun um gildandi siðareglur félagsins er að finna í kafla 2 í B-hluta skýrslunnar.

Samkvæmt grein 2.4 í siðareglum Prestafélags Íslands, sem gefnar voru út á árinu 1994, en hana er að finna í kafla 2 um „köllun“ preststarfsins, segir svo:

Sálgæsla byggist á virðingu og trúnaðartrausti og er því sérstaklega viðkvæm og vandmeðfarin. Prestur má ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstaðings, t.d. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú.

Í siðareglunum var sérstakur kafli um störf siðanefndar Prestafélagsins. Í 2. gr. sagði að hver sá sem teldi að prestur hefði brotið „framan­greindar siðareglur“ gæti kært til siðanefndar. Nefndin tæki aðeins fyrir mál sem henni bærust skriflega. Jafnframt bæri nefndinni að afgreiða öll mál skriflega. Í 5. gr. var m.a. mælt svo fyrir að siðanefndin skyldi ekki taka mál fyrir ef eitt ár væri liðið frá meintu broti til kærudags. Var siðanefndinni skylt að ná fram niðurstöðu og mátti ekki víkja frá máli fyrir. Þá sagði svo í 6. gr.:

Ef kæra reynist á rökum reist skal siðanefnd kveða skýrt á um hvort brot var ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Ef brot er ámælisvert skal siðanefnd veita viðkomandi presti áminningu. Ef brotið er alvarlegt vísar siðanefnd málinu til stjórnar P.Í. ásamt áliti sínu. Ef brotið er mjög alvarlegt eða siendurtekið

skal siðanefnd vísa málinu til stjórnar P.Í. og biskups Íslands ásamt álitinu. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um hvort vísa skuli viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum kynntar niðurstöður siðanefndar.

Þá skal þess getið að í „lögum Prestafélags Íslands“, samþykktum á aðalfundi félagsins 1992, sem í gildi voru á árinu 1996, sagði svo í 14. gr.:

Félagið setur reglur um framkomu félagsmanna sín á milli og útávið (Codex Ethicus). Mönnum sem brotlegir gerast má vísa úr félaginu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef aðalfundur samþykkir. Stjórn félagsins eða nefnd á vegum hennar skal áður en til slíkra aðgerða kemur hafa athugað alla málavexti gaumgæfilega og reynt að leiðrétta misskilning og koma á sáttum.

Þess skal getið til samanburðar að í gildandi lögum Prestafélags Íslands, samþykkt á aðalfundi félagsins á árinu 2008, er að finna efnislega sambærilegt ákvæði í 14. gr. þar sem þó hafa verið gerðar ákveðnar breytingar, einkum þess efnis að aðalfundur kemur nú ekki lengur að því að taka ákvörðun um vísun félagsmanna úr félaginu. Ákvæðið er svohljóðandi:

Félagið setur siðareglur (Codex Ethicus). Stjórn P.Í. er heimilt að vísa félagsmönnum um stundarsakir úr félaginu gerist þeir brotlegir. Stjórn P.Í. skal kanna gaumgæfilega alla málavexti og reynir að koma á sáttum studd niðurstöðu siðanefndar.

Með bréfi 27. apríl 2011 sendi rannsóknarnefndin öllum framangreindum stjórnarmönnum Prestafélagsins bréf þar sem þeim var gefinn kostur á að gera grein fyrir afstöðu sinni til eftirfarandi álitafna:

1. Hvort það hafi verið mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar Prestafélags Íslands (PÍ) í merkingu 1. gr. starfsreglnanna að hafa ekki fjallað efnislega um erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur, dags. 25. janúar 1996, eftir að siðanefnd félagsins hafði vísað „öðrum afurðum“ þess til stjórnar PÍ 15. febrúar 1996, og fyrir að hafa látið hjá líða að afgreiða þann þátt málsins með formlegri og endanlegri ákvörðun stjórnarinnar í samræmi við siðareglur PÍ frá 1994.
2. Hvort það hafi verið mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar Prestafélags Íslands (PÍ) í merkingu 1. gr. starfsreglnanna að hafa aldrei gefið þeim Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur kost á að koma á fund stjórnarinnar, í samræmi við þau sjónarmið sem bjuggu að baki 5. gr. í þeim kafla siðareglna sem fjallar um siðanefnd PÍ frá 1994, í tilefni af erindum sem þær sendu siðanefnd og stjórn PÍ og stjórnin hafði til meðferðar í janúar, febrúar og mars 1996.

Svör bárust frá öllum stjórnarmönnum að undanskilinni Helgu Soffíu Konráðsdóttur, en svarbréfin eru birt í heild sinni sem fylgiskjöl

með skýrslunni. Allir stjórnarmenn sem sendu nefndinni andmæli sín af þessu tilefni svöruðu fyrri spurningunni hér að framan neitandi og töldu því að mistök hefðu ekki átt sér stað með því að stjórnin skyldi hafa látið hjá líða að afgreiða þann þátt málsins, er vísað var til stjórnarinnar af hálfu siðanefndarinnar, með endanlegri og formlegri ákvörðun. Einnig svöruðu allir síðari spurningunni neitandi að undanskildum Baldri Kristjánssyni sem í svarbréfi sínu 27. apríl 2011 til nefndarinnar lýsti þeirri afstöðu sinni að í ljósi þess að mál kvennanna hefði verið „all-oft til umfjöllunar með einum eða öðrum hætti [hafi] það [verið] mistök að fá þær ekki á fund formlega eða óformlega“.

Í svarbréfi þáverandi formanns, Geir Waage, 7. maí 2011, segir m.a. svo:

...

Erindi Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur, dags. 25. janúar 1996, lauk með sátt fyrir siðanefnd P.Í. Því gat stjórn fjelagsins ekki haft frekari afskipti af því máli, því hún hefur hvorki „lögregluvald“ nje heldur bar henni að dæma um slík mál umfram það að taka afstöðu til þess, hvort vísa skyldi fjelagsmanni úr fjelaginu. Ákvörðun um slíkt hefði þá og eðli málsins samkvæmt, komið til kasta aðalfundar fjelagsins.

Eg tel það því hvorki hafa verið mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar P.Í. að hafa ekki aðhafst frekar, eftir að siðanefnd vísaði þessu máli ásamt „öðrum afurðum þess“ til stjórnar P.Í. þann 15. febrúar 1996.

Auk framangreinds skilnings mín á ofangreindum formreglum tel eg aðstæður í kirkjunni og þjóðfjelaginu almennt hafa verið með þeim hætti, að stjórn fjelagsins hafi þá ekki með nokkru móti getað tekið upp hjá sjer nokkurt það mál, sem siðanefnd hafði fjallað um, allra sízt það mál, sem lokið hafði verið með sátt fyrir nefndinni.

Þess ber að geta í þessu samhengi, að málsaðilar í siðanefndarmálum, svo og einstakir fjelagar í P.Í. stóðu að „sáttatilaunum“ upp á sitt eindæmi utan við þann fjelagslega vettvang sem P.Í. hafði markað sjer með siðanefnd. Bætti það hvorki aðkomu siðanefndarinnar sjálfrar að málum eða stjórnar P.Í. Loguðu mál þessi öll í fjölmiðlum þar sem stjórn P.Í., eða öllu heldur meirihluti hennar, sat undir stöðugu ámæli og ásökunum um annarlegar hvatir í tilraunum sínum til þess að tryggja fólki áheyrn um klögumál sín, en siðanefnd, hið fjelagslega úrræði prestafjelagsins, var þá eini tiltæki vettvangurinn til þess.

Því voru það og hvorki mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar P.Í. að gefa þeim Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur „aldrei kost á að koma á fund stjórnarinnar“, enda aldrei leitað eftir slíkum fundi af þeirra hálfu. Eg tel, að með því að bjóða upp á slíkan fund, hefði stjórnin brotið gegn málameðferð fjelagsins í slíkum málum, eins og hún er mörkuð í siðareglunum, og þá um leið gegn þeim fjelagsmönnum, sem um þessar mundir svöruðu fyrir sig hjá siðanefndinni. Einnig er það fullkomið álitamál, hvort stjórn P.Í. var heimilt að lögum fjelagsins að hafa slík afskipti af málum fólks, sem ekki átti fjelagsaðild að P.Í. Slíkri aðkomu var fyrir komið hjá siðanefnd sem í Codex Ethicus er ætlað meira svigrúm og rýmri aðkoma að

Þessu leyti en stjórn fjelagsins og að breyttu breytanda, aðalfundi þess. Sjálfur hefi eg ávallt talið, að stjórn P.Í. beri ekki slík afskipti.

...

Þess skal getið að í svörum þeirra Braga Skúlasonar, Gunnars Sigurjónssonar og Kristins Ágúst Friðfinnssonar er í öllum meginatriðum byggt á sambærilegum sjónarmiðum og fram koma í tilvitnuðu svarbréfi Geirs Waage um að skort hafi á möguleika fyrir stjórnina til að aðhafast sérstaklega í tilefni af tilvísun málsins frá siðanefndinni 15. febrúar 1996. Einnig er hjá sumum vísað til þeirra aðstæðna sem uppi voru innan þjóðkirkjunnar og umræðunnar í samfélaginu. Þá hafi ekki verið gert ráð fyrir því að það væri hlutverk stjórnarinnar að fjalla um slík mál, en að slíku sjónarmiði er einnig vikið í svarbréfi Baldurs Kristjánssonar.

Ályktun rannsóknarnefndar kirkjupings:

Málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins, sem á reynir í þessum þætti, er lýst í köflum 4, 11 og 18 í C-hluta skýrslunnar. Fyrir liggur að stjórnin fjallaði ekki efnislega um erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur frá 25. janúar 1996 eftir að siðanefnd félagsins hafði vísað ásökunum hennar á hendur biskupi til stjórnarinnar 15. febrúar 1996 og lét hjá líða að afgreiða þann þátt málsins með formlegri og endanlegri ákvörðun í samræmi við siðareglur Prestafélagsins frá 1994. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að formaður stjórnar Prestafélagsins hafi í lok janúarmánaðar 1996 átt fund með biskupi vegna erindis Sigrúnar Pálínu. Þá hafi stjórn Prestafélagsins einnig átt fund með biskupi á tímabilinu 22.–26. febrúar 1996, sbr. kafla 4.2 í C-hluta skýrslunnar. Verður að ganga út frá því að málefni hans og erindi Sigrúnar Pálínu hafi þá verið rædd. Hins vegar verður ekki dregin önnur ályktun af gögnum málsins en að stjórnin hafi aldrei haft frumkvæði að því að gefa Sigrúnu Pálínu kost á að gera stjórninni frekari grein fyrir afstöðu sinni til málsins, hvorki skriflega eða munnlega, og þá eftir atvikum tækifæri til að bregðast við þeim upplýsingum sem fram höfðu komið á fundum stjórnarinnar með biskupi.

Rannsóknarnefnd kirkjupings hefur samkvæmt framansögðu leitast við að leggja mat á það hvort ofangreint athafnaleysi stjórnar Prestafélags Íslands við meðferð málsins hafi falið í sér mistök eða vanrækslu í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina. Í því sambandi hefur nefndin fyrst og fremst horft til þess hvort og hvernig málsmeðferð stjórnarinnar hafi samrýmst þágildandi siðareglum Prestafélagsins frá 1994 og lögum félagsins sem þá giltu, en þau ákvæði sem hér reynir á eru rakin

að framan. Einnig minnir rannsóknarnefndin á það að samkvæmt 1. gr. starfsreglna um nefndina á hún að leggja mat á hvort vígðir þjónar og aðrir trúnaðarmenn kirkjunnar hafi með viðbrögðum sínum og starfsháttum metið framkomnar áskanir af „réttsýni og sanngirni og [hvort] viðbrögð við þeim hafi mótast af ófullnægjandi forsendum“, eins og segir í athugasemdum forsætisnefndar kirkjupings sem fylgdu tillögu hennar að starfsreglum um nefndina, eins og nánar er rakið í kafla 2 í A-hluta skýrslunnar.

Í grein 2.4 í siðareglum Prestafélags Íslands, sem gefnar voru út á árinu 1994, var sérstaklega vikið að sálgæsluhlutverki presta og skýrt tekið fram að prestur mætti ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstaðings, t.d. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú. Þessi bannregla var meðal þeirra sem gátu orðið grundvöllur að kæru manns til siðanefndar félagsins ef hlutaðeigandi teldi að prestur hefði brotið hana, sbr. 2. gr. í þeim kafla siðareglanna sem fjallaði um siðanefndina. Að þessu virtu leikur enginn vafi á því að mati rannsóknarnefndarinnar að mál af því tagi sem fólst í ásökunum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur á hendur biskupi gat að formi til orðið umfjöllunarefni siðanefndar Prestafélagsins að öðrum skilyrðum uppfylltum, enda hefur því ekki verið haldið fram að biskup hafi sem félagsmaður ekki sjálfur getað verið sá aðili er kæra á þessum grundvelli beindist að. Fyrir liggur að í 5. gr. sama kafla siðareglanna var þó gert ráð fyrir því að siðanefndin gæti ekki tekið fyrir mál ef eitt ár væri liðið frá meintu broti til kærudags. Hvað sem því líður er ljóst af gögnum málsins að siðanefndin ákvað í álitsgerð sinni 15. febrúar 1996 að vísa þeim þætti í erindi Sigrúnar Pálínu 25. janúar 1996, sem sneri að lýsingu hennar á kynferðisofbeldi sem biskupi hefði beitt hana á árinu 1978, til stjórnar Prestafélagsins og var í því efni vísað til 6. gr. reglna um siðanefndina. Um forsendur fyrir þeirri ákvörðun má vísa til framburðar Úlfars Guðmundssonar, formanns siðanefndarinnar, sem rakinn er í kafla 3.2.2 í C-hluta skýrslunnar. Með tilvísun nefndarinnar lá fyrir að sá þáttur málsins var kominn á borð stjórnar Prestafélagsins, en í umræddri 6. gr. var beinlínis gert ráð fyrir því að slík tilvísun mála frá siðanefndinni til stjórnarinnar gæti átt sér stað ef nefndin teldi kæru reynast á rökum reist og að brotið væri alvarlegt, mjög alvarlegt eða síendurtekið. Það úrræði sem stjórnin hafði þá á hendi var að taka ákvörðun um hvort vísa skyldi viðkomandi félagsmanni úr félaginu. Að fenginni tilvísun málsins frá siðanefndinni 15. febrúar 1996 bar stjórn Prestafélagsins eða siðanefndinni samkvæmt 14. gr. í lögum Prestafélagsins frá 1992 „að hafa athugað alla málavexti gaumgæfilega og reynt að leiðrétta misskilning og koma á sáttum“ áður en til aðgerða kæmi. Þar sem gert

var ráð fyrir því í 6. gr. reglnanna um siðanefndina, sem settar voru á grundvelli 14. gr. laga félagsins, að siðanefndinni bæri að vísa málum, þar sem til greina kæmi að vísa félagsmanni úr félaginu tímabundið eða fyrir fullt og allt, til stjórnar Prestafélagsins er ljóst að gert var í samræmi við 14. gr. laga félagsins ráð fyrir sjálfstæðu rannsóknarhlutverki stjórnarinnar við slíkar aðstæður. Eðli máls samkvæmt bar stjórninni þannig að meta sjálfstætt hvort álit siðanefndar um að prestur hefði brotið siðareglur félagsins gæfi tilefni til að beita því afdrifaríka úrræði sem fólst í brottvísun hans úr félaginu tímabundið eða að fullu. Ákvæði 6. gr. reglna um siðanefndina í siðareglunum frá 1994 og 14. gr. laga Prestafélagsins verða því að mati rannsóknarnefndarinnar ekki skilin með öðrum hætti en svo að stjórninni bar að lokinni sjálfstæðri könnun á máli sem til hennar hafði verið vísað af hálfu siðanefndar að taka ákvörðun um framhald málsins með formlegum hætti, enda yrðu sáttatilraunir taldar árangurslausar eða ekki raunhæfar.

Samkvæmt öllu framansögðu telur rannsóknarnefndin ljóst að með því að láta með öllu hjá líða að fjalla efnislega um þann þátt í erindi Sigrúnar Pálínu 25. janúar 1996, sem vísað var formlega til stjórnarinnar með álitsergerð siðanefndarinnar 15. febrúar s.á., og taka formlega og endanlega ákvörðun í málinu af því tilefni, hafi stjórn Prestafélagsins ekki sinnt þeim skyldum sem á henni hvíldu samkvæmt siðareglum félagsins frá 1994 og lögum Prestafélags Íslands. Þá telur rannsóknarnefndin að þar sem formaður og stjórn félagsins ákváðu að eiga fundi með biskupi af þessu tilefni hafi verið rétt og eðlilegt að Sigrúnu Pálínu, sem jafnframt var málsaðili, gæfist jafnframt kostur á að koma frekari sjónarmiðum á framfæri við meðferð málsins á vettvangi stjórnarinnar. Vegna þeirra sjónarmiða sem fram koma í svarbréfum stjórnarmanna tekur rannsóknarnefndin í fyrsta lagi fram að hún getur ekki fallist á þann skilning að stjórn félagsins hafi aðeins verið stéttarfélag sem hafi verið ætlað að fara með sameiginleg hagsmunamál félagsmanna sinna. Samkvæmt 14. gr. laga félagsins, sem þá giltu, var þvert á móti sérstaklega gert ráð fyrir því að félagið setti reglur um „framkomu félagsmanna sín á milli og útávið“. Það var gert með setningu siðareglanna sem komu út á árinu 1994 og settu á laggirnar sérstakt eftirlitskerfi siðanefndar og stjórnar félagsins sem beindist í samræmi við 14. gr. laga félagsins m.a. að samskiptum presta við sóknarbörn og aðra skjólstæðinga sína, en ekki bara um samskipti félagsmanna sín í milli. Af því leiddi eðli máls samkvæmt að til þess gat komið að stjórn félagsins stæði frammi fyrir því álitafni hvort vísa skyldi félagsmanni úr félaginu vegna slíkra samskipta að fengnu álitu siðanefndar á grundvelli 6. gr. reglna um siðanefndina. Sigrún Pálína Ingvarsdóttir átti rétt á því að stjórn Prestafélagsins sinni

Því hlutverki sínu í hennar máli eins og öðrum að fjalla efnislega um ásakanir hennar á hendur biskupi, sem var félagsmaður, þar sem fyrir lá formleg tilvísun siðanefndarinnar til stjórnarinnar. Ef það var afstaða stjórnarinnar að ársfresturinn í 5. gr. reglna um siðanefndina stæði í vegi fyrir því að stjórnin gæti fjallað frekar um málið þar henni að taka um það formlega ákvörðun sem kynnt væri Sigrúnu Pálínu. Stjórnin gat hins vegar ekki látið með öllu hjá líða að leysa úr málinu á sínum vettvangi og þá með vísan til utanaðkomandi atvika á borð við vantraust og ósætti á milli einstaklinga innan stjórnarinnar eða kirkjunnar eða erfiðra þjóðfélagsaðstæðna, eins og m.a. er vísað til í svarbréfi Geirs Waage, þáverandi formanns stjórnarinnar, 7. maí 2011 til rannsóknarnefndarinnar. Rannsóknarnefndin ítrekar að á þessum tíma var það kerfi sem komið var á laggirnar með siðareglum Prestafélagsins frá 1994 eini farvegurinn á vettvangi presta þar sem þeir komu sjálfir að því að leysa úr kærum á hendur prestum á borð við þá sem um ræðir í máli þessu, enda ekkert fagråd um meðferð kynferðisbrota þá starfandi. Var því afar þýðingarmikið fyrir heill og trúverðugleika prestastéttarinnar að fylgt væri þeim efnisreglum sem prestar höfðu sjálfir sett sér í siðareglunum og lögum félagsins þegar einstaklingur taldi að einn úr þeirra hópi hefði brotið af sér í sálgæsluhlutverki sínu.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að stjórn Prestafélagsins hafi vanrækt í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina, að sinna því hlutverki sem stjórninni var falið samkvæmt siðareglum og lögum félagsins í framhaldi af tilvísun máls Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur til stjórnarinnar með álitserð siðanefndar frá 15. febrúar 1996 með þeim hætti sem að framan er rakið. Nefndin ítrekar að þrátt fyrir að aðstæður í málinu hafi verið erfiðar og fordæmalausar gátu þær ekki réttlætt að stjórnin gætti þess ekki í störfum sínum að sinna hlutverki sínu faglega og að leysa efnislega úr málinu með formlegum og endanlegum hætti.

5. Fundir Karls Sigurbjörnssonar og Hjálmars Jónssonar með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur dagana 2. og 3. mars 1996 í Hallgrímskirkju.

Fyrir liggur að dagana 2. og 3. mars 1996 áttu þeir sr. Karl Sigurbjörnsson, þáverandi sóknarprestur í Hallgrímskirkju, nú biskup Íslands, og sr. Hjálmar Jónsson, þáverandi alþingismaður, nú dómkirkjuprestur, fundi með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur í tilefni af „biskupsmálinu“. Atvikum þessa helgi, eins og þau horfa við samkvæmt gögnum málsins og framburði þeirra sem komu að fundunum, er ítarlega lýst í kafla 10 í C-hluta skýrslunnar. Sigrún Pálína

Ingvarsdóttir hefur haldið því fram að þeir Karl og Hjálmar hafi með framgöngu sinni ekki gætt að þeim skyldum sem á þeim hvíldu sem vígðum þjónum kirkjunnar og með óforsvaranlegum hætti leitast við að koma því til leiðar að hún félli frá ásökunum sínum á hendur biskupi. Að þessu virtu hefur rannsóknarnefnd kirkjuþings leitast við að upplýsa um tilurð fundanna og atburðarásina umrædda helgi og þá til að meta hvort viðbrögð og starfshættir þeirra Karls og Hjálmars hafi verið með þeim hætti að falli undir 1. gr. starfsreglna um nefndina. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þótt Hjálmar hafi á þessum tíma gegnt starfi alþingismanns, og því ekki verið í starfi á vegum kirkjunnar, liggur fyrir að hann hafði verið vígður sem prestur. Taldist hann því til vígðra þjóna kirkjunnar í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina þegar hann kom að „biskupsmálinu“ helgina 2. og 3. mars 1996 með þeim hætti sem lýst er í kafla 10 í C-hluta skýrslunnar, þrátt fyrir að hafa þá gegnt starfi utan þjóðkirkjunnar.

Í upphafi verður að hafa í huga að nú eru liðin rétt rúm 15 ár síðan þau atvik gerðust sem hér eru til umfjöllunar. Af framburði þeirra einstaklinga sem komu fyrir rannsóknarnefndina verður glögggt ráðið að á skortir í nokkrum mæli að samræmi sé í endurminningu þeirra, einkum varðandi tímasetningar funda, hverjir hafi verið viðstaddir einstaka fundi og um framvindu samræðna. Nefndin telur sig hins vegar mega ráða af því sem fyrir liggur að upp úr hádegi eða síðla dags laugardaginn 2. mars 1996 hafi Hjálmar Jónsson hitt þau Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur og Alfred Wolfgang Gunnarsson í Alþingishúsinu að tilstuðlan Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar, starfsmanns þingsins, sem Sigrún Pálína hafði rætt við fyrir þá helgi. Hafi Sigrún Pálína þá greint Hjálmari frá því kynferðisofbeldi sem biskup hafi beitt hana á árinu 1978. Hafi hún lýst vilja sínum til að ná sáttum við kirkjuna. Hafi Hjálmar þá lagt til að haft yrði samband við Karl Sigurbjörnsson, sóknarprest í Hallgrímskirkju, til að ræða málið áfram og hafi það verið afráðið. Hafi Hjálmar þá hringt í Karl og sá síðarnefndi fallist á að hitta þau í Hallgrímskirkju þá um kvöldið. Um framvindu fundarins hefur rannsóknarnefndin sérstaklega litið til framburðar Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar en leggja verður til grundvallar að hann hafi verið viðstaddur fundinn ásamt þeim Karli Sigurbjörnssyni, Hjálmari Jónssyni, Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur og Alfred Wolfgang Gunnarssyni. Kvaðst hann muna að Sigrún Pálína hefði nálgast málið á fundinum þannig að „ná yrði einhvers konar lendingu, að ná einhvers konar sátt, fá afsökunarbeiðni og þannig ljúka málinu með einhverjum hætti“. Fundarefnið hefði hins vegar borið á góma aðeins í upphafi en í minningu Sigurðar Rúnars hefði framvindan síðan verið meira „einhverjar trúarlegar athafnir þarna upp við altarið þar sem

þau [hefðu verið] að biðja saman ...". Eftir fundinn, sem hefði staðið í 40 mínútur til klukkutíma, hefði Sigrún Pálína „verið svona sæmilega sátt, bara beðið eftir næsta fundi“. Tekið skal fram að nokkurs ósamræmis gætir um tímallengd fundarins á laugardeginum í framburði þeirra sem hann sátu.

Að mati rannsóknarnefndarinnar eru ekki vísbendingar um það samkvæmt framburði þeirra sem fyrir nefndina komu að drög að yfirlýsingu eða annar skriflegur texti hafi verið útbúinn eða legið fyrir á laugardagsfundinum. Þó telur nefndin ljóst að strax á þessum fundi hafi þau Karl og Sigrún Pálína rætt munnlega um þau meginmarkmið þessara samræðna að hún næði sáttum við kirkjuna í málinu og að biskup bæði hana afsökunar. Hafi þeir Karl og Hjálmar fallist á að leitast yrði við að vinna málið áfram á þessum forsendum, m.a. með því að þeir myndu ræða við biskup. Hafi verið ákveðið að þeir myndu hitta biskup daginn eftir en áður myndu þeir að nýju eiga fund með Sigrúnu Pálínu.

Fyrir liggur að eftir fundinn í Hallgrímskirkju laugardaginn 2. mars 1996 hafi Dagbjört Guðmundsdóttir hringt þá um kvöldið til Karls Sigurbjörnssonar. Hún hafi fengið upplýsingar um samræður hans og Sigrúnar Pálínu fyrir um kvöldið og hafi Sigrún Pálína hvatt hana til að hafa samband við Karl. Hafi verið ákveðið að Dagbjört myndi koma á fund Karls daginn eftir, sunnudaginn 3. mars 1996, en samkvæmt gögnum málsins má ráða að sá fundur hafi farið fram laust eftir hádegi þann dag.

Þegar kemur að atburðarásinni í samskiptum Karls og Hjálmars og Sigrúnar Pálínu sunnudaginn 3. mars 1996 gætir um nokkur mikilvæg atriði verulegs ósamræmis á milli þeirra, m.a. um tímasetningu funda, gerð yfirlýsingar sem þeir Karl og Hjálmar hafi farið með á fund biskups og um ummæli sem þeir hafi látið falla við Sigrúnu Pálínu þegar fundi þeirra lauk. Það skal ítrekað að rannsóknarnefndin hefur í samræmi við hlutverk sitt leitast við í kafla 10 í C-hluta skýrslunnar að lýsa með eins heildstæðum og ítarlegum hætti og kostur er framburði allra hlutaðeigandi um málavexti dagana 2. og 3. mars 1996, og þá sérstaklega kappkostað að reyna að upplýsa um þau atriði sem Sigrún Pálína hefur helst talið fela í sér ámælisverða framkomu í hennar garð af hálfu þeirra Karls og Hjálmars. Fyrir liggur að þeir hafa með öllu hafnað staðhæfingum Sigrúnar Pálínu um þessi atvik. Eftir að hafa yfirfarið gögn málsins og framburð fyrir rannsóknarnefndinni er ljóst að orð standa á móti orði um hvernig háttáð var framvindu atburðarásarinnar síðla sunnudags 3. mars 1996. Ekki liggur fyrir framburður einstaklinga, sem ekki eru málsaðilar, sem getur legið til grundvallar ályktun nefndarinnar um hvernig málsatvikum hafi í reynd og sannanlega verið háttáð. Þá verður viðtölum nefndarinnar við málsaðila ekki jafnað við framburð fyrir dómi

hvað varðar forsendur til ályktana út frá sönnunarreglum. Það er því niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að hún hafi eins og atvikum er hér háttað ekki forsendur til að fjalla frekar um þennan þátt málsins.

Að framangreindu virtu hefur sjónum rannsóknarnefndar kirkjuþings í þessum hluta verið beint að tveimur almennum álitaeftum sem eftir standa er varða aðkomu Karls Sigurbjörnssonar og Hjálmars Jónssonar að umræddum „sáttaviðræðum“ í Hallgrímskirkju 2. og 3. mars 1996 og framgöngu þeirra. Í fyrsta lagi hvort það hafi verið mistök af hálfu Karls í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina að fallast á að taka að sér, sem lið í almennu sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverki prests, að eiga fundi með Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur dagana 2. og 3. mars 1996 í Hallgrímskirkju, daginn eftir að hann tók þátt í því sem kirkjuráðsmaður að samþykka yfirlýsingu á vettvangi ráðsins um „biskupsmálið“, sbr. kafla 3.2 hér að framan, og þá í ljósi þess að markmið fundanna hafi samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum málsins verið þau að Karl og Hjálmar Jónsson myndu freista þess að leita sátta á milli Sigrúnar Pálinu og Ólafs Skúlasonar biskups og þá að leitað yrði í því sambandi eftir afsökunarbeiðni frá biskupi gagnvart Sigrúnu Pálinu. Í öðru lagi hefur rannsóknarnefndin tekið til athugunar hvort það hafi jafnframt verið mistök af hálfu Karls og Hjálmars í ljósi atvika og aðstæðna á þessum tíma að skapa með framgöngu þeirra á fundinum laugardaginn 2. mars 1996 þær væntingar hjá Sigrúnu Pálinu að slíkar málalýktir væru raunhæfur möguleiki eins og málum var háttað.

Með bréfum 27. apríl 2011 gaf rannsóknarnefndin þeim Karli og Hjálmari kost á því samkvæmt 6. gr. starfsreglnanna að gera grein fyrir afstöðu sinni til framangreindra atriða. Svarbréf Karls er dagsett 13. maí 2011 og svarbréf Hjálmars 16. maí 2011, en bæði bréfin eru birt í heild sinni sem fylgiskjöl með skýrslu þessari. Verður nú gerð grein fyrir svörum þeirra til rannsóknarnefndarinnar um framangreind álitaefti og því næst sett fram ályktun nefndarinnar.

Í svarbréfi Karls til rannsóknarnefndarinnar segir svo:

Ég get með engu móti fallist á að það hafi verið mistök af minni hálfu að hitta Sigrúnu Pálinu 2. og 3. mars 1996 og taka þar að mér sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverk prests, þrátt fyrir að ég hafi tekið þátt í yfirlýsingu kirkjuráðs, sem birt var 1. mars 1996. Ég vísa til svarsins við spurningu 1 og ítreka að í mínum huga var yfirlýsing kirkjuráðs almenn og hlutlæg, en ekki stuðningsyfirlýsing við biskup. Ég tek fram að ég átti ekki frumkvæði að fundi okkar, heldur hafði sr. Hjálmar Jónsson samband að fyrra bragði og óskaði eftir aðkomu minni. Ég tek fram að ég veit ekki hvers vegna leitað var til mín sérstaklega fremur en einhvers annars prests. Eftir töluverðar fortölur féllst ég á að hitta þau að máli. Ég man að Sigrún Pálína vildi ljúka málinu og ná

sátt við kirkjuna. Á fundi okkar var því rætt hvort slík sátt væri möguleg og þá um hvað sáttin ætti að snúast. Tvennt var einkum nefnt í því sambandi. Annars vegar að biskup bæðist fyrirgefningar og hins vegar að málið yrði látið falla niður og gefin yrði út yfirlýsing um niðurstöðuna í málinu. Ég hafði litla trú á því að nokkur sáttaflötur væri á málinu. Ég féllst þó á að fara ásamt Hjálmari á fund biskups, sem eins konar tengiliður Sigrúnar Pálinu við hann og reyna sættir. Hafa ber í huga að það er skylda prests sem sálusorgara að leita sátta ef eftir er leitað. Þeirri skyldu vildi ég sinna.

Þá get ég ennfremur með engu móti fallist á að framganga mín á fundi okkar 2. mars 1996 hafi verið til þess fallin að skapa væntingar hjá Sigrúnu Pálinu um að mögulegt væri að ljúka málinu með sátt við biskup og kirkjuna. Eins og ég hef áður lýst átti ég ekki frumkvæði að fundi okkar, heldur var leitað til mín, væntanlega með það í huga að ná sáttum við kirkjuna. Ég tel því ljóst að Sigrún Pálína hafi fyrir fund okkar haft þær væntingar að málinu gæti lokið með sátt við biskup og kirkjuna. Með öðrum orðum höfðu væntingarnar skapast fyrir fund okkar. Það liggur í hlutarins eðli að væntingar skapast þegar leitað er aðstoðar við að ná sáttum. Forsendan hlýtur ávallt að vera væntingar um árangur. Að mínu viti var ekkert í okkar samskiptum á fundinum til þess fallið að byggja upp óraunhæfar væntingar. Ég féllst þó á að fara á fund biskups ásamt Hjálmari og ganga þar með erinda hennar. Ég hafði hins vegar litla trú á því að sá fundur okkar með biskupi myndi bera árangur. Sú varð og raunin.

Í svarbréfi Hjálmars til rannsóknarnefndarinnar segir m.a. svo:

...
Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að hvergi í gögnum málsins koma fram fyrirheit sem gátu af minni hálfu gefið til kynna óeðlilegar væntingar um raunhæfa möguleika á sáttum. Þá er ekki í sendum gögnum að finna rökstuðning af hálfu nefndarinnar fyrir því að framganga mín hafi vakið væntingar sem talist geti til mistaka samkvæmt lýsingu nefndarinnar sjálfrar á gildissviði starfsreglnanna og afmörkun rannsóknarverkefnisins. Í framburði Alfreds Wolfgangs Gunnarssonar, eiginmanns Sigrúnar Pálinu, fyrir nefndinni kemur fram að Karl Sigurbjörnsson og Hjálmar Jónsson hefðu sagt að „það væri engu tauti við hann (Ólaf Skúlason biskup) að koma því að hann vildi alls ekki koma fram með neina afsökun eða nokkurn skapadán hlut.“ Í drögum að skýrslu nefndarinnar kemur fram að sérstaklega aðspurður um hvort þeir hafi sagt þetta strax á fundinum hafi Alfred svarað því játandi.

Það liggur í eðli máls að milligöngu í máli er aðeins óskað þegar aðilar eiga erfitt með að ná niðurstöðu. Af sjálfu leiðir að milliganga hlýtur að fela í sér von um ásætlanleg úrslit. Ella er hún ekki reynd. Málsaðilar geta aðeins útilokað væntingar með því að fara ekki fram á neins konar milligöngu eða afskipti. Að sama skapi geta milligöngumenn aðeins útilokað væntingar með því að hafna því að eiga hlut að máli. Með berum orðum kemur ekki fram í gögnum nefndarinnar að ætla megi að hún telji milligöngu í málinu eina og sér til mistaka vegna þeirra væntinga sem sérhver tilraun af því tagi hlýtur að skapa. Fyrir því kemur fyrst og fremst til skoðunar hvort eitthvað

hafi verið sagt eða gert á fundinum í Hallgrímskirkju laugardaginn 2. mars 1996 sem gefi tilefni til slíkra ályktana.

Í bréfi rannsóknarnefndarinnar er vísað í sérstakan kafla í skýrslu hennar þar sem gildissvið starfsreglna kirkjuþings og afmörkun rannsóknarverkefnisins er skilgreint. Þar segir svo: „Mistök geta í viðteknum skilningi falist í handvömm, klaufaskap eða vangá eða eitthvað það sé aðhafst sem annars getur talist óheppilegt eða rangt.“ Í því tilgreinda álitafni sem nefndin hyggst taka afstöðu til og að mér vikur er hvergi tilgreind sú framganga á umræddum fundi í Hallgrímskirkju 2. mars 1996 sem fella má undir skilgreininguna handvömm, klaufaskap eða vangá eða eitthvað það sem kalla má óheppilegt eða rangt. Nefndin hefur með öðrum orðum ekki tilgreint neitt í framgöngu minni á umræddum fundi sem fellur undir hugtakið mistök í 1. gr. starfsreglna kirkjuþings um rannsóknarnefndina eins og nefndin sjálf hefur afmarkað það hugtak.

Næst kemur þá til skoðunar hvort það hafi strítt gegn almennum siða- og siðferðislögmálum að fallast á að sitja nefndan fund og taka þátt í að gera þá tilraun sem óumdeilt er að málsaðilar óskuðu eftir og höfðu allt frumkvæði að. Ljóst er að sem alþingismaður er mér engin skylda til þessarar milligöngu. Eftir 1. gr. starfsreglna rannsóknarnefndar kirkjuþings er á hinn bóginn líklegt að synjun hefði falið í sér vanrækslu eða vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar að því er þá varðar sem greinin tekur til. Í þessu ljósi væri hrein rökleysa að telja það til mistaka í skilningi 1. gr. starfsreglna rannsóknarnefndarinnar að hafa fallist á að hafa milligöngu á hendi í þeim tilgangi að skapa sátt milli manna.

Hafa verður í huga að takmarkaðir möguleikar voru til að leiða málið til lykta eftir farvegi réttarvörslukerfisins. Í gögnum málsins kemur einnig fram að áhugi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur stóð ekki til þess. Á þeim tíma voru engin sérstök lagaleg eða skipulagsleg úrræði til innan kirkjunnar vegna mála af þessu tagi. Eindregnum óskum málsaðila til að ná sáttum við kirkjuna varð því trauðla mætt nema með einhvers konar milligöngu. Í þessu tilviki var leitað til mín um slíka milligöngu og í framhaldi af því til sr. Karls Sigurbjörnssonar. Ég tók milligönguna að mér sem alþingismaður. Í hugum þeirra sem tóku mark á frásögn Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur stóðu almenn skynsemisrök til þess að biskup lyki málinu með sátt og einhvers konar afsökun. Ef um mistök af minni hálfu hefði verið að ræða samkvæmt verknaðarlýsingu nefndarinnar sjálfar hefði ég fyrir klaufaskap, handvömm eða vangá þurft að gefa til kynna eða segja með skýrum orðum að þetta væri auðsótt mál sem hægt væri að ganga að sem vísu. Engin slík orð eða atvik af öðru tagi eru tilgreind af hálfu nefndarinnar um framgöngu mína. Þvert á móti ber einn málsaðila að efasemdum hafi með skýrum hætti verið komið á framfæri af minni hálfu og sr. Karls Sigurbjörnssonar þegar á fundinum 2. mars 1996.

Fráleitt er að líta svo á að fyrirfram vissa um jákvæðar málalyktir sé forsenda þess að milliganga í máli af þessu tagi sé á mælislaus. Standi sú staðhæfing sem nefndin hefur sett fram og ætlar að taka afstöðu til verður ekki með rökrænum hætti dregin önnur ályktun af því en sú að nefndin telji að það hafi verið mistök á sínum tíma að líta svo á að eðlilegt væri að Ólafur Skúlason biskup kæmi til móts við þær konur sem hann hafði misgert við

og reyndi að ná sáttum. Með slíkum málalokum yrði nefndarstarfinu snúið upp í andhverfu sína.

Niðurstaðan er sú að ekkert hefur komið fram sem sýnir að ég hafi sagt eða aðhafst eitthvað það í tengslum við aðkomu mína að máli þessu er ég hefði mátt gera mér grein fyrir að vekti óraunhæfar væntingar Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur sem ég var að aðstoða að beiðni hennar sjálfar. Þó að skilja megí bréf nefndarinnar á þann veg að mér beri að afsanna þá full-yrðingu sem nefndin telur sig þurfa að taka afstöðu til lít ég ekki svo á að það sé ásetningur nefndarinnar að víkja á þann veg frá grundvallaratriðum íslenskrar réttarskipunar í skýrslu sinni.

Að öllu því virtu sem hér greinir má ljóst vera að engin rök standa til þeirrar ályktunar sem nefndin tilgreinir í bréfi sínu um framgöngu mína í málinu. Ber henni því að fella hana brott.

...

Ályktun rannsóknarnefndar kirkjuþings:

Við meðferð máls þessa kom í ljós að Karl Sigurbjörnsson hafði sem kirkjuráðsmaður tekið þátt í að samþykkja opinbera yfirlýsingu á vettvangi ráðsins í tilefni af „biskupsmálinu“ 1. mars 1996, degi áður en hann féllst á þá beiðni Hjálmars Jónssonar, fyrir hönd Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur, að taka að sér að leita sátta á milli hennar og biskups. Rannsóknarnefndin hefur hér að framan í kafla 3.2 komist að þeirri niðurstöðu að með því að orða yfirlýsingu sína 1. mars 1996 með þeim hætti sem raun ber vitni verði að líta svo á að kirkjuráð hafi þar með stutt opinberlega þann málsaðila sem ásakanirnar beindust að og jafnframt var meðlimur ráðsins og forseti þess. Hvað sem hafi liðið huglægrí afstöðu einstakra kirkjuráðsmanna verði yfirlýsingin ekki skilin á annan veg en þann að kirkjuráð, æðsta framkvæmdarstjórn kirkjunnar samkvæmt lögum, hafi þar með talið að ásakanirnar á hendur biskupi hafi verið tilefnislausar án þess að um þær hefði verið fjallað af þar til bærum aðila. Í þessu sambandi verði jafnframt að líta til þess að því hafi beinlínis af hálfu kirkjuráðsmanna verið komið á framfæri við fjölmiðla degi eftir að yfirlýsingin var gefin út að skilja bæri niðurlag hennar sem „stuðningsyfirlýsingu“ við biskup. Um þetta síðastnefnda atriði liggir fyrir að Karl Sigurbjörnsson hefur ekki haldið því fram að hann hafi sem kirkjuráðsmaður gert einhverjar ráðstafanir til að leiðrétta þá fjölmiðlaumfjöllun hafi það verið afstaða hans að hún endurspeglaði ekki réttan skilning á yfirlýsingunni.

Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt í ljósi þessa að taka afstöðu til þess hvort Karl Sigurbjörnsson hafi með þeirri ákvörðun sinni að taka að sér sem lið í almennu sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverki prests að leita sátta á milli Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur og biskups, degi eftir að hann tók þátt í því að gefa út opinbera yfirlýsingu um sama málefni, gert mistök í merkingu 1. starfsreglna um nefndina. Rannsóknarnefndin

ítrekar að nefndinni er samkvæmt 1. gr. starfsreglna um nefndina, sem kirkjuþing setti, ætlað að leggja m.a. mat á hvort viðbrögð og starfshættir vígðra þjóna kirkjunnar, sem komu að „biskupsmálinu“, hafi falið í sér mistök, vanrækslu, vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar. Nánari afmörkun á þessum mælikvarða kemur fram í kafla 2 í A-hluta skýrslunnar. Verkefni nefndarinnar er því ekki aðeins bundið við að staðreyna brot á lögum eða öðrum réttarreglum heldur er henni ætlað að leggja á víðtækum grundvelli mat á hvort vígðir þjónar kirkjunnar eða aðrir starfsmenn sem gegndu trúnaðarstörfum í þágu hennar hafi með þátttöku sinni í viðbrögðum við ásökunum á hendur biskupi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttisýni að leiðarljósi sem gera má kröfu til gagnvart þeim sem gegna störfum hjá stofnun eins og íslensku þjóðkirkjunni.

Sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverk prests er afar vandmeðfarið. Á þeim tíma sem atvik þessi gerðust var í grein 2.4 í siðareglum Prestafélags Íslands frá 1994 sérstaklega fjallað um hvernig presti bæri að sinna þessu hlutverki og tekið fram hvað honum bæri að varast. Þeir sem leita á náðir presta til að taka að sér sáttamiðlun í ágreiningsmáli eiga kröfu á því að til slíkra verka gangi aðeins þeir prestar sem óbundnir eru og þannig alveg lausir við það að hafa áður tjáð sig um ágreiningsefnið, hvað þá að hafa opinberlega beinlínis tekið undir með öðrum málsaðilanum með beinum eða óbeinum hætti. Það leiðir af eðli sáttamiðlunar, hvort sem er af hálfu presta eða annarra, að hún áskilur að sjálfstæður og hlutlaus aðili leiði þá, sem þræta, saman og stuðli að málamiðlun eða annarri ásættanlegri niðurstöðu fyrir alla hlutaðeigandi. Traust og trúverðugleiki sáttamiðlarans í upphafi ferlisins er því grundvallarforsenda fyrir árangursríkri og forsvaranlegri framvindu þess. Annars er hætta á því að sáttferlið skapi væntingar um árangur sem í reynd eru með öllu óraunhæfar sökum þess að sáttamiðlarinn nýtur ekki trausts til starfans hjá öðrum eða báðum málsaðilum. Ganga verður út frá því að prestar, sem beðnir eru um að taka að sér slíkt hlutverk, verði að gæta þess að eigin frumkvæði að þessar forsendur séu til staðar. Annars er rétt og eðlilegt að skjólstæðingi sé vísað á annan prest sem getur réttilega sinnt verkinu. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi vísar rannsóknarnefndin nú að atvikum í máli þessu.

Áður er rakið að Karl Sigurbjörnsson féllst á að taka að sér sáttamiðlun í máli sem hann hefur sjálfur talið „erfitt og fordæmalaust“ þar sem fram höfðu komið ásakanir frá þremur konum um kynferðislegt ofbeldi og áreiti af hálfu biskups Íslands, yfirmanns hans og hirðis prestanna. Rannsóknarnefndin tekur í upphafi fram að við meðferð málsins hafa ekki komið fram vísbendingar um að Karl hafi gengið til þessa verks í öðrum tilgangi en að leitast við að verða við óskum Sigrúnar Pálinu um

að ná sáttum við kirkjuna. Hvað sem því líður liggur fyrir að Karl hafði sjálfur tekið þátt í því á vettvangi kirkjuráðs 1. mars 1996 að fjalla opinberlega um það sama málefni og sáttamiðlun hans degi síðar beindist að. Í yfirlýsingu kirkjuráðs var ásökunum Sigrúnar Pálinu með skýrum orðum lýst sem „alvarlegri atlögu að æru biskups og heiðri kirkjunnar“ og fjölskyldu biskups einni vottuð hin dýpsta samúð og kærleiki. Kirkjuráð hafði því fjallað efnislega um málið og þá með þeim hætti að styðja annan málsaðilann. Biskupi, sem forseta kirkjuráðs, var ljós aðkoma Karls á vettvangi ráðsins að málinu þegar hinn síðarnefndi tók að sér hlutverk sáttamiðlara daginn eftir. Að mati rannsóknarnefndarinnar er ótvírætt að í ljósi þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið hér að framan um sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverk presta hafi Karl Sigurbjörnsson í ljósi fyrri afskipta borið að hafna því með öllu að taka að sér milligöngu í þessu máli. Með ákvörðun sinni gætti hann ekki að því að tryggja að fyrir lægju þær grundvallarforsendur um traust og trúverðugleika sáttamiðlara sem nauðsynlegar voru til þess að líkur væru á að ferlið gæti náð tilgangi sínum eins og atvikum var háttað. Ekki er raunar loku fyrir það skotið að aðkoma Karls að málinu kunni í ljósi fyrri afskipta hans í kirkjuráði og samskipta hans við biskup af því tilefni að hafa dregið úr líkum á því að sáttatilraunir myndu ná árangri og þá ekki síst í ljósi þeirrar afstöðu Karls sjálfs, sem fram kemur í svarbréfi hans til nefndarinnar, að hann hefði haft „litla trú á því að nokkur sáttafloður væri á málinu“.

Í svarbréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar 13. maí 2011 ber Karl því við í fyrsta lagi að yfirlýsing kirkjuráðs hafi verið almenn og hlutlæg, en ekki stuðningsyfirlýsing við biskup. Rannsóknarnefndin getur með engu móti fallist á þessa afstöðu, eins og þegar hefur verið rökstutt í kafla 3.2 hér að framan. Í öðru lagi bendir Karl á að hann hafi ekki átt frumkvæði að umræddum fundum heldur hafi Hjálmar Jónsson haft samband að fyrri bragði og óskað eftir aðkomu hans. Viti hann ekki hvers vegna leitað hafi verið til hans sérstaklega fremur en einhvers annars prests. Eftir töluverðar fortölur hafi hann fallist á að hitta þau að máli. Um þetta sjónarmið Karls tekur rannsóknarnefndin fram að óumdeilt er að Hjálmar Jónsson óskaði eftir því að beiðni Sigrúnar Pálinu að Karl tæki sáttamiðlunarhlutverkið að sér og hafi því Karl sjálfur ekki haft frumkvæði að aðkomu sinni. Þetta sjónarmið hefur þó ekki þýðingu í því sambandi sem hér er rætt. Eins og að framan er rakið var það Karl sjálfur sem hlaut einn að þurfa að meta hvort aðstæður væru með þeim hætti í ljósi aðkomu hans að yfirlýsingu kirkjuráðs að eðlilegt væri að hann tæki að sér hlutverk sáttamiðlara eins og atvikum væri háttað. Í þessu sambandi bendir rannsóknarnefndin einnig á það að Hjálmar var spurður að því hvort hann hefði haft vitneskju um setu Karls Sigurbjörnssonar í

kirkjuráði þegar fundirnir fóru fram í Hallgrímskirkju 2. og 3. mars 1996. Svaraði hann því til að hann hefði talið að Karl hefði verið varamaður í ráðinu. Inntur eftir því hvort hann hefði fylgst með yfirlýsingu kirkjuráðs 1. mars 1996 vegna biskups málsins kvaðst hann ekki hafa gert það. Aðspurður hvort hann hefði á þeim tíma vitað að Karl hefði sem kirkjuráðsmaður staðið að yfirlýsingu ráðsins 1. mars 1996, þ.e. degi áður en fundirnir með Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur hófust í Hallgrímskirkju, kvaðst Hjálmar ekki hafa vitað af því og hefði raunar ekki fengið vitneskju um það fyrr en í viðtalinu sjálfu hjá rannsóknarnefnd kirkjupings. Sérstaklega aðspurður um það hvort hann hefði leitað til Karls ef hann hefði áttað sig á því að Karl hefði staðið að umræddri yfirlýsingu deginum áður svaraði Hjálmar: „Alls ekki. Ég er alveg steinhissa, satt að segja, ég hafði ekki áttað mig á þessu. Ég var ekki í sambandi við kirkjuna á þessum tíma og fylgdist ekkert með henni.“

Karl bendir í þriðja lagi á það í svarbréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar að það sé skylda prests sem sálusorgara að leita sátta ef eftir er leitað. Þeirri skyldu hafi hann viljað sinna. Af þessu tilefni tekur rannsóknarnefndin það aðeins fram að þótt ljóst sé að prestum beri jafnan að sinna skyldum sínum sem sálusorgarar, sé óskað eftir því, verða þeir eðli máls samkvæmt að gæta að því hvort aðstæður geti verið með þeim hætti að ekki séu forsendur til aðkomu þeirra vegna tengsla við málsaðila, fyrri aðkomu að máli eða af öðrum sambærilegum ástæðum, eins og raunin var í máli þessu.

Með vísan til alls framangreinds telur rannsóknarnefnd kirkjupings að sú ákvörðun Karls Sigurbjörnssonar að taka að sér 2. mars 1996, sem lið í almennu sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverki prests, að leita sátta á milli Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Ólafs Skúlasonar biskups, hafi í ljósi aðkomu hans að málinu á vettvangi kirkjuráðs deginum áður falið í sér yfirsjón af hans hálfu og verði því talin mistök í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina. Nefndin ítrekar hins vegar í þessu sambandi að við meðferð málsins hafa ekki komið fram vísbendingar um að Karl hafi gengið til þessa verks í öðrum tilgangi en að leitast við að verða við óskum Sigrúnar Pálínu um að ná sáttum við kirkjuna.

Rannsóknarnefnd kirkjupings hefur einnig tekið til athugunar hvort framganga þeirra Karls Sigurbjörnssonar og Hjálmars Jónssonar á fyrri fundi þeirra með Sigrúnu Pálínu hafi í ljósi allra atvika og stöðu málsins verið forsvaranleg og þá einkum hvort það hafi verið mistök af þeirra hálfu að skapa þær væntingar hjá henni að þær málalyktir sem hún sóttist eftir væru raunhæfur möguleiki eins og málum var háttað. Afstaða Karls og Hjálmars til þessa þáttar kemur fram í ofantilvitnuðum svarbréfum þeirra frá 13. maí og 16. maí 2011. Nefndin telur sig mega draga

Þá ályktun af framburði þeirra sem fyrir nefndina komu, einkum Sigurðar Rúnar Sigurjónssonar, sem var viðstaddur laugardagsfundinn, að líkast til hafi skort nokkuð á að þeir Karl og Hjálmar hafi hagað fundinum með þeim hætti að þau skilaboð kæmust skýrt til skila að líkur á því að einhvers konar sátt í málinu næðist, og þá einkum afsökunarbeiðni frá biskupi, væru hverfandi eins og málum var háttað. Vísbendingar eru um að framkvæmd fundarins á laugardagskvöldinu hafi raunar í of ríkum mæli verið þess eðlis að skapa hjá Sigrúnu Pálínu þær væntingar að ósk hennar um sátt á þeim forsendum sem ræddar voru væri raunhæf. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að taka skýrt fram að ekki eru forsendur til að leggja annað til grundvallar en að Karl og Hjálmar hafi í upphafi gengið til þess verks sem Sigrún Pálína óskaði eftir af heilum hug og góðum ásetningi. Þótt gera megi við það athugasemdir að þeir hafi í ljósi allra atvika og stöðu málsins þegar til fundarins var gengið ekki gert viðhlítandi ráðstafanir til að tryggja að gætt yrði faglegra og vandaðra sjónarmiða, tengdra eðli sáttamiðlana við aðstæður sem þessar, er það því niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ekki sé tilefni til þess að fjalla frekar um þennan þátt málsins.

6. Málsmeðferð hr. Karls Sigurbjörnssonar biskups og kirkjuráðs í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009

Í D-hluta skýrslunnar er atvikum á árunum 2008–2010 lýst eins og þau horfa við samkvæmt gögnum málsins og framburði fyrir rannsóknarnefnd kirkjuþings. Þau atvik tengjast í meginatriðum þeirri ákvörðun Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur að stíga fram og greina frá kynferðisofbeldi sem hún kveðst hafa orðið fyrir af hendi föður síns, Ólafs Skúlasonar biskups, og viðbrögðum kirkjunnar við þeim ásökunum. Er þar vísað til þeirrar beiðni hennar í mars 2009 að hún og Sigrún Pálína Ingvarsdóttir fengju að koma á fund kirkjuráðs og málsmeðferð biskupsstofu og ráðsins af því tilefni. Þess skal getið að á þessum tíma sátu í kirkjuráði hr. Karl Sigurbjörnsson biskup, forseti kirkjuráðs, sr. Halldór Gunnarsson og sr. Kristján Björnsson, ásamt þeim Jóhanni E. Björnssyni og Sigríði M. Jóhannsdóttur, fulltrúum leikmanna í ráðinu.

Fyrir liggur að Guðrún Ebbu Ólafsdóttir átti fund með Karli Sigurbjörnssyni á biskupsstofu 18. mars 2009 þar sem hún greindi honum frá samskiptum sínum við föður sinn og óskaði m.a. eftir því að fá að koma á fund kirkjuráðs til að segja sögu sína. Var hún á fundinum beðin um að senda formlegt erindi um málaleitan sína sem hún gerði með bréfi 27. mars 2009, sem rakið er orðrétt í kafla 4.2 í D-hluta skýrslunnar. Ljóst er að erindi hennar var ekki skráð við móttöku í skjalakerfi biskupsstofu eins og önnur erindi og það var ekki lagt fram formlega í kirkjuráði held-

ur því aðeins lýst efnislega af hálfu Karls á fundi ráðsins 14. maí 2009. Þá var því aldrei svarað formlega. Hún ítrekaði erindi sitt um áheyrn ráðsins með tölvupósti til biskupsritara, sr. Þorvalds Karls Helgasonar, 16. júní 2009, þegar fyrir lá sú ákvörðun kirkjuráðs að veita Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur kost á áheyrn hjá ráðinu 19. s.m. Tæpu ári síðar, eða 27. maí 2010, ítrekaði hún síðan erindi sitt í annað skipti og varð þá kirkjuráð loks við því með því að fá hana á fund ráðsins 17. ágúst 2010.

Að öllu þessu virtu hefur rannsóknarnefnd kirkjuþings í fyrsta lagi tekið það til athugunar í samræmi við það hlutverk sitt að meta viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot, hvort vísbendingar eru um að Karl Sigurbjörnsson biskup og forseti kirkjuráðs, starfsmenn á biskupsstofu eða aðrir kirkjuráðsmenn, hafi leitast við að koma í veg fyrir að um erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 yrði fjallað efnislega af hálfu kirkjuráðs og þá hvort telja megi þessa framgöngu þeirra fela í sér tilraun til þöggunar í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina. Í annan stað hefur nefndin tekið til athugunar hvort einstakir þættir þeirrar málsmeðferðar sem Karl bar ábyrgð á sem forseti kirkjuráðs og viðhöfð var í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu hafi falið í sér mistök eða vanrækslu í skilningi 1. gr. starfsreglna um nefndina. Sé þá horft til þess annars vegar að erindi hennar var ekki skráð með formlegum hætti í skjala-skráningarkerfi biskupsstofu fyrr en 17. september 2010 eða tæpu einu og hálfu ári eftir að það barst. Hins vegar hafi í erindi Guðrúnar Ebbu, sem aldrei hafi verið svarað skriflega, sérstaklega verið óskað eftir því að hún fengi áheyrn hjá kirkjuráði en að við því hafi ekki verið brugðist af hálfu Karls fyrr en hún hafði tvisvar ítrekað ósk sína um áheyrn hjá ráðinu með skýrum og ótvíræðum hætti, þ.e. með tölvupósti til sr. Þorvalds Karls Helgasonar biskupsritara 16. júní 2009, sem framsent var á Karl og Guðmund Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóra kirkjuráðs, 18. s.m., og svo aftur með bréfi til Karls 27. maí 2010, rúmu einu ári síðar. Í þessu sambandi verði litið til efnis og eðlis erindis Guðrúnar Ebbu til Karls og kirkjuráðs og að ráðið hafi ákveðið þegar í maímánuði 2009 að veita Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur áheyrn hjá ráðinu, sem fram fór 19. júní 2009, eða tæpum fjórtán mánuðum áður en Guðrúnu Ebbu gafst loks færi á að koma á fund ráðsins og segja sögu sína 17. ágúst 2010. Í þessu sambandi sé jafnframt haft í huga að samkvæmt 5. mgr. 26. gr. laga nr. 78/1997 skuli um málsmeðferð kirkjuráðs fylgt ákvæðum stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við getur átt og annað leiði ekki af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur. Nefndin hefur loks tekið það til athugunar hvort það hafi verið mistök eða vanræksla af hálfu Karls Sigurbjörnssonar í skilningi 1. gr. starfsreglna um nefndina

að leita aldrei, formlega eða óformlega, ráðgjafar eða leiðbeiningar hjá fagráði um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar í tilefni af meðferð hans og kirkjuráðs á erindi Guðrúnar Ebbu, eins og meðal annars var fram boðið í tölvupósti formanns fagráðsins sr. Gunnar Rúnars Matt-híassonar til hans 29. maí 2009.

Karli Sigurbjörnssyni var veittur kostur á því með bréfi rannsóknar-nefndarinnar 27. apríl 2011 að gera grein fyrir afstöðu sinni til framan-greindra atriða í samræmi við 6. gr. starfsreglna um nefndina. Svarbréf Karls er eins og áður er rakið dagsett 13. maí 2011. Um þessa þætti segir svo í svarbréfinu, en ítrekað er að það er birt í heild sinni sem fylgiskjal með skýrslunni:

Ég hafna því að hér hafi verið um mistök eða vanrækslu að ræða af minni hálfu.

Ég tek fram að á fundi okkar Guðrúnar Ebbu 18. mars 2009, þar sem hún sagði sögu sína, benti ég henni á að senda skriflegt erindi vegna málsins, þannig að það fengi formlega umfjöllun.

A. Skráning erindis Guðrúnar Ebbu.

Vegna misskilnings var erindi Guðrúnar Ebbu ekki skráð strax í skjalakerfi biskupsstofu. Ég minnst þess raunar ekki að hafa leitt hugann að því að erindið væri óskráð. Skrifstofustjóri biskupsstofu hefur upplýst mig um að hún hafi talið að ég vildi biða með skráninguna, þar til ákvörðun um viðeigandi málsmeðferð yrði tekin. Í því felst misskilningurinn á milli okkar sem og skjalavarðar. Ég tek fram að það var ekki meðvitað ákvörðun að láta hjá líða að skrá erindið um leið og það barst. Enginn ásetningur bjó þar að baki. Í því efni bendi ég m.a. á að bréf Guðrúnar Ebbu, dags. 27. maí 2010, var skráð samdægurs í skjalakerfi biskupsstofu. Ég ítreka að umrædd vanhöld á skráningu breyttu í engu meðferð málsins, enda var það í framhaldi móttöku til umfjöllunar hjá biskupsstofu og kirkjuráði.

B. Viðbrögð við erindi Guðrúnar Ebbu.

Ég tel að réttast hefði verið af hálfu biskupsstofu að svara erindi Guðrúnar Ebbu strax skriflega, þrátt fyrir að engin ákvörðun hafi á þeim tíma verið tekin um mögulega áheyrn hjá kirkjuráði. Það var hins vegar ekki gert, heldur ræddu Guðrún Ebba og Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, eingöngu málið í síma á vormánuðum 2009. Ég stóð þannig í þeirri trú að á þessum tíma væri samtal í gangi milli biskupsstofu og Guðrúnar Ebbu vegna erindisins og að hún væri meðvitað um stöðu þess.

Ástæðu þess að svo langur tími leið frá því upphaflegt erindi Guðrúnar Ebbu barst og þar til kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 24. júní 2010 að bjóða henni á fund ráðsins má að mínu viti rekja til nokkurra þátta. Innan kirkjuráðs voru mjög skiptar skoðanir um það hvort ráðið væri í raun rétti vettvangurinn til þess að leysa úr málinu. Horfðu kirkjuráðsmenn þá m.a. til lögbundins hlut-verks og mögulegra úrræða kirkjuráðs til þess að taka á því. Hafa varð í huga að kirkjuráð er ekki sálgæsluvettvangur og hefur ekki það hlutverk að rannsaka

eða úrskurða um slík mál. Þannig var alveg ljóst að kirkjuráð var ekki í stakk búið til að taka nokkra formlega ákvörðun í málinu og hafði raunar engin ósk þess efnis verið sett fram af hálfu Guðrúnar Ebbu.

Ég tek fram að þrátt fyrir að kirkjuráð hafi stuttu síðar ákveðið að bjóða Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur á fund ráðsins þá var í mínum huga ekki sjálfgefið að sömu sjónarmið ættu við um erindi Guðrúnar Ebbu. Fundur og áheyrn Sigrúnar Pálinu með kirkjuráði heyrði til algjörra undantekninga, auk þess sem ég taldi málin ekki sambærileg. Guðrún Ebba virðist hafa verið sömu skoðunar samkvæmt tölvubréfi hennar til biskupsritara 16. júní 2009. Þar segir m.a.:

„Nú hefur Sigrún Pálinna fengið fund með kirkjuráði og vona ég að hann fari vel. Ég tók skjótt fram við þig í símanum að ég vil ekki blanda okkar málum frekar saman. Þar eru vissulega snertifletir en að öðru leyti eru málefni okkar ólík.“

Mér voru ofarlega í huga möguleg fordæmisáhrif þess að bjóða Guðrúnu Ebbu á fund kirkjuráðs. Jafnframt velti ég því fyrir mér hvort ekki þyrfti þá einnig að bjóða öðrum á fund ráðsins, s.s. ekkju biskups eða systkinum Guðrúnar Ebbu, þannig að fulls jafnræðis væri gætt. Þar að auki barst mér bréf frá lögmanni ekkju biskups, dags. 12. júní 2009, þar sem þess var krafist að fyrirhugaður fundur kirkjuráðs með Sigrúnu Pálinu yrði ekki haldinn og bent á að það væri ekki hlutverk ráðsins að fjalla um ásakanir hennar á hendur biskupi. Ég viðurkenni að þær spurningar sem vöknudu voru ekki einfaldar viðfangs og var það líklega ástæða þess að svör drögust eins og raun ber vitni.

Eins og áður er lýst var það skilningur minn að Guðrún Ebba teldi ekki liggja sérlega á fundi með kirkjuráði. Henni hafði á þessum tíma verið veitt viðtal hjá biskupi eins fljótt og mögulegt var. Hittumst við á fundi ásamt biskupsritara 18. mars 2009 og sagði hún þar sögu sína. Biskupsritari var í framhaldinu í símasambandi við Guðrúnu Ebbu sem og tengiliði hennar. Voru þau þannig upplýst um stöðu mála. Ég leit því svo á að samtal staði yfir um hlutverk kirkjuráðs í þessum efnum. Þar að auki þykir mér rétt að taka fram að m.a. erindi Guðrúnar Ebbu leiddi til umtalsverðra breytinga innan kirkjunnar á árinu 2009, s.s. fram kemur í samþykkt kirkjuráðs í framhaldi af fundi ráðsins með Sigrúnu Pálinu 19. júní 2009. Þannig voru reglur um fagråd og meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar endurskoðaðar á árinu 2009, auk þess sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009 síðareglur sem taka til presta og djákna og annars starfsfólks kirkjunnar svo og sjálfbóðaliða. Erindi Guðrúnar Ebbu var því sífellt til umfjöllunar og umræðu, þrátt fyrir að það hafi ekki verið bókað formlega í fundargerðum kirkjuráðs. Þegar ítrekun Guðrúnar Ebbu barst 27. maí 2010 var ákveðið að bregðast skjótt við, enda hafði kirkjuráð þá haft tíma og rúm til þess að meta erindið vandlega. Á fundi kirkjuráðs 24. og 25. júní 2010 var samþykkt samhljóða að bjóða Guðrúnu Ebbu á fund ráðsins í september 2010. Guðrúnu Ebbu var tilkynnt um þá ákvörðun með bréfi, dags. 6. júlí 2010.

...

Ég hafna því að um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða af minni hálfu í þessu sambandi. Ég tek fram að strax um sumarið 2008, þ.e. í kjölfar þess að Guðrún Ebba hafði samband við mig og sagði mér frá reynslu sinni, ræddi ég við sr. Gunnar Rúnar, formann fagrådins, um hugsanlega aðkomu ráðsins að máli hennar. Taldi hann öll tormeiki á aðkomu ráðsins að málinu. Þar af leiðandi

ákvæð ég að leita ekki formlega til ráðsins, en hins vegar ræddum við sr. Gunnar Rúnar málið oftast en einu sinni óformlega og bar ég undir hann ýmsa þætti þess. Að mínu viti leitaði ég því óformlega ráðgjafar og leiðbeiningar hjá formanni fagráðsins vegna málsins, bæði fyrir og eftir að hann sendi mér tölvubréfið 29. maí 2009.

Ályktun rannsóknarnefndar kirkjupings:

Rannsóknarnefndinni er samkvæmt 1. gr. starfsreglna um nefndina, sem kirkjuping setti, ætlað að leggja m.a. mat á hvort viðbrögð og starfs-hættir vígðra þjóna kirkjunnar, sem komu að „biskupsmálinu“, hafi falið í sér mistök, vanrækslu, vísvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar, sbr. nánar kafla 2 í A-hluta skýrslunnar. Í þessu felst að verkefni nefndarinnar er m.a. í því fylgið að meta hvort þjóðkirkjan, stofnanir hennar, þ. á m. kirkjuráð, og einstakir starfsmenn hafi fylgt lögum og öðrum réttarreglum sem kunna að gilda um störf þeirra. Eins og áður greinir er nefndinni þó jafnframt ætlað að leggja víðtækan grundvöll að mati sínu á því hvort vígðir þjónar kirkjunnar eða aðrir starfsmenn sem gegndu trúnaðarstörfum hafi með þátttöku sinni í viðbrögðum við ásökunum á hendur biskupi sýnt þá dómgreind í verki og haft þá réttsýni að leiðarljósi sem gera má kröfu til gagnvart þeim sem gegna störfum hjá stofnun eins og íslensku þjóðkirkjunni.

Í ljósi þess hvernig málsmeðferð Karls Sigurbjörnssonar forseta kirkjuráðs var háttað að því er tekur til erindis Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 hefur rannsóknarnefnd kirkjupings annars vegar tekið til athugunar hvort vísbendingar eru um að Karl hafi leitast við að koma í veg fyrir að um erindið yrði fjallað efnislega af hálfu kirkjuráðs og þá hvort telja megi þessa framgöngu hans fela í sér tilraun til þöggunar í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina eða hvort telja megi að öðru leyti að hann hafi gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu við meðferð erindisins. Hvað hið síðarnefnda atriði varðar hefur nefndin horft til þess, eins og nánar er rakið í kafla 1.3.5 í B-hluta skýrslunnar, að um störf kirkjuráðs gilda ákvæði 5. þáttar í III. kafla laga laga nr. 78/1998 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Ráðið fer með framkvæmdavald í málefnum þjóðkirkjunnar, sbr. 24. gr. laganna, og er biskup forseti kirkjuráðs samkvæmt 1. mgr. 10. gr. sömu laga. Um málsmeðferð í kirkjuráði skal fylgt ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað ekki af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuping setur samkvæmt 59. gr. Ákvæði þetta áskilur m.a. að kirkjuráð fylgi málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga þegar það fjallar um málefni einstaklinga sem beint hafa erindum til ráðsins um einhvers konar fyrirgreiðslu eða þegar þeir hafa að öðru leyti hagsmuna að gæta af úrlausn

kirkjuráðs. Verði þá einnig litið til þess að ráðið geti í framhaldinu gert ráðstafanir á vettvangi kirkjunnar til að brugðist sé við slíkum erindum með viðhlítandi hætti. Að áliti rannsóknarnefndarinnar bar því eftir atvikum að gæta ákvæða stjórnarsýslulaga við meðferð erindis Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 sem beint var til Karls Sigurbjörnssonar sem forseta kirkjuráðs. Erindið hafði að efni til að geyma ósk um áheyrn ráðsins og viðbrögð þess innan kirkjunnar í tilefni af reynslu hennar í samskiptum við föður sinn sem gegnt hafði stöðu biskups. Rannsóknarnefndin hefur því tekið til athugunar hvort sú málsmeðferð sem Karl Sigurbjörnsson forseti kirkjuráðs viðhafði þegar honum barst erindið hafi samrýmst þeim efnisreglum sem fram koma í stjórnarsýslulögum.

Hvað hið fyrrnefnda atriði varðar tekur Karl Sigurbjörnsson m.a. fram í svarbréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar 13. maí 2011 að ástæða þess hversu langur tími leið frá því að upphaflegt erindi Guðrúnar Ebbu barst og þar til kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 24. júní 2010 að bjóða henni á fund ráðsins verði rakið til nokkurra þátta. Innan kirkjuráðs hafi verið mjög skiptar skoðanir um það hvort ráðið væri í raun rétti vettvangurinn til þess að leysa úr málinu. Hafi kirkjuráðsmenn þá m.a. horft til lögbundins hlutverks og mögulegra úrræða kirkjuráðs til þess að taka á því. Hafa verði í huga að kirkjuráð er ekki sálgæsluvettvangur og hafi ekki það hlutverk að rannsaka eða úrskurða um slík mál. Þannig hafi verið alveg ljóst að kirkjuráð hafi ekki verið í stakk búíð til að taka nokkra formlega ákvörðun í málinu og raunar hafi engin ósk þess efnis verið sett fram af hálfu Guðrúnar Ebbu. Þrátt fyrir að kirkjuráð hafi stuttu síðar ákveðið að bjóða Sigrúnu Pálínu Ingvarsdóttur á fund ráðsins þá hafi í huga Karls ekki verið sjálfgefið að sömu sjónarmið ættu við um erindi Guðrúnar Ebbu. Fundur og áheyrn Sigrúnar Pálínu með kirkjuráði hafi heyrt til algjörra undantekninga, auk þess sem hann hafi ekki talið málin sambærileg. Þær spurningar sem vaknað hafi við meðferð á erindi Guðrúnar Ebbu hafi m.a. vegna mögulegra „fordæmisáhrifa“ og með tilliti til jafnræðis við aðra fjölskyldumeðlimi ekki verið „einfaldar viðfangs“ og hafi það líklega verið ástæða þess að svör [hafi dregist] eins og raun ber vitni“. Þá bendir Karl á að það hafi verið skilningur hans að Guðrún Ebba teldi ekki liggja sérlega mikið á að hún fengi fund með kirkjuráði. Henni hafi á þessum tíma verið veitt viðtal hjá biskupi eins fljótt og mögulegt var. Biskupsritari hafi í framhaldi af fundi hans með henni 18. mars 2009 verið í símasambandi við Guðrúnu Ebbu sem og tengiliði hennar. Hafi þau þannig verið upplýst um stöðu mála. Hafi hann því litið svo á að samtali stæði yfir um hlutverk kirkjuráðs í þessum efnum.

Eins og rakið er í D-hluta skýrslunnar hefur rannsóknarnefnd kirkjuþings fengið á fund til sín alla þá sem hlut áttu að meðferð erindis Guð-

rúnar Ebbu, þ.e. Karl sjálfan, starfsmenn á biskupsstofu og þáverandi kirkjuráðsmenn. Eftir að hafa yfirfarið framburð þeirra og gögn málsins er það niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að ekki séu forsendur til að fullyrða að Karl Sigurbjörnsson, aðrir starfsmenn biskupsstofu eða kirkjuráðsmenn hafi með framgöngu sinni gert tilraun til að þagga niður í Guðrúnu Ebbu með því að leitast við að koma í veg fyrir að hún fengi tækifæri til að koma sögu sinni á framfæri á vettvangi kirkjuráðs. Á hinn bóginn telur nefndin það ljóst að ýmis mistök hafi verið gerð við meðferð erindis hennar sem nauðsynlegt sé að gera hér grein fyrir og þá með það í huga að þess verði gætt til framtíðar að haga málsmeðferð við samþærilegar aðstæður með faglegri og vandaðri hætti á vettvangi stofnana þjóðkirkjunnar.

Fyrir liggur í *fyrsta lagi* að gerð voru mistök við móttöku erindis Guðrúnar Ebbu 27. mars 2009 á biskupsstofu, eins og nánar er rakið í kafla 4.2 í D-hluta skýrslunnar. Erindi hennar var ekki skráð með formlegum hætti eins og venja var hjá biskupsstofu og hafi mistökin fyrst og fremst stafað af alvarlegu og viðkvæmu eðli erindisins og því að starfsmenn hafi ekki með vissu áttað sig á því hvernig rétt væri að bregðast við því. Rannsóknarnefndin telur ljóst að skortur á faglegum og samræmdum vinnubrögðum þegar í upphafi undir stjórn Karl Sigurbjörnssonar, biskups og forseta kirkjuráðs, hafi a.m.k. verið hluti af þeirri ástæðu að ekki var tekið skipulega á erindi hennar í framhaldinu.

Í *öðru lagi* voru þau mistök gerð að erindi Guðrúnar Ebbu, sem sett var fram skriflega 27. mars 2009 og var að efni til þess eðlis að svars var vænst, var aldrei svarað formlega af hálfu kirkjuráðs eins og eðlilegt hefði verið. Er það raunar viðurkennt af hálfu Karls Sigurbjörnssonar í svarbréfi hans til nefndarinnar að „réttast hefði verið af hálfu biskupsstofu að svara erindi Guðrúnar Ebbu strax skriflega, þrátt fyrir að engin ákvörðun hafi á þeim tíma verið tekin um mögulega áheyrn hjá kirkjuráði“. Þótt tiltekin munnleg samskipti kunni að hafa átt sér stað á milli Þorvalds Karls Helgasonar biskupsritara og Guðrúnar Ebbu eða fulltrúa hennar breytir það ekki því að Karli Sigurbjörnssyni bar sem forseta kirkjuráðs að sjá til þess að málið fengið efnislega umfjöllun og afgreiðslu sem tilkynnt væri henni með formlegum hætti. Þá skal þess getið að Guðrúnu Ebbu var aldrei tilkynnt um fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins, sbr. 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, og þá hvenær svars væri að vænta, ef það var á annað borð afstaða Karls að frekari tíma þyrfti til að ákveða næstu skref á vettvangi kirkjuráðs.

Í *þriðja lagi* virðist mega ráða af gögnum málsins að kirkjuráð hafi ákveðið á fundi sínum 14. maí 2009 að gefa Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur kost á að koma fund ráðsins 19. júní 2009 og segja sögu sína. Óljóst er

hvort Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur hafi af hálfu kirkjuráðs verið formlega boðið að koma með henni á fundinn, en nokkrar vísbendingar eru um það í gögnum málsins að um það hafi hins vegar verið rætt munnlega á milli hennar og Þorvalds Karls Helgasonar biskupsritara. Ljóst er hins vegar að með tölvubréfi til Þorvalds Karls 16. júní 2009, sem framsent var tveimur dögum síðar til Karls og Guðmundar Þórs Guðmundssonar, framkvæmdastjóra kirkjuráðs, ítrekaði hún ósk sína um áheyrn kirkjuráðs og þá að hún fengi að koma ein á slíkan fund.

Karl Sigurbjörnsson hefur borið því við að málin hafi verið ólík og því réttlætt ólíka meðferð. Að mati rannsóknarnefndarinnar verður af þessu tilefni að hafa í huga að bæði Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Guðrún Ebba Ólafsdóttur höfðu ákveðið að fara þá leið að æskja áheyrnar kirkjuráðs í tilefni af ásökunum sem þær höfðu borið fram á hendur sama manni, Ólafi Skúlasyni biskupi. Höfðu þær samkvæmt framburði þeirra og öðrum gögnum málsins báðar horft til stöðu biskups innan íslensku þjóðkirkjunnar og þá einkum haft það að leiðarljósi að kirkjan sem stofnun tæki ábyrgð á því sinnuleysi sem viðhaft hefði verið að þeirra mati vegna framkominna ásakana á hendur honum. Málin voru vissulega ólík að því leyti að annars vegar var um að ræða ásökun konu á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisofbeldi við preststörf og hins vegar ásökun dóttur biskups um kynferðislegt ofbeldi gagnvart henni. Hvað sem því líður voru grunnforsendur þeirra fyrir ósk um áheyrn kirkjuráðs sambærilegar, svo og tilgangur þeirra með því að fara þá leið. Gera verður ráð fyrir því að kirkjan sem stofnun hljóti að láta það sig varða þegar grunsemdir vakna um kynferðisbrot vígðra þjóna kirkjunnar eða annarra starfsmanna hennar og ætti þá í engu að skipta hvort slík brot eru framin innan eða utan veggja heimilisins. Að þessu virtu er það afstaða rannsóknarnefndarinnar að Karl Sigurbjörnsson hafi ekki fært fram fullnægjandi réttlættingarástæður fyrir því að úr málum Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur skyldi leyst með ólíkum hætti á vettvangi kirkjuráðs. Ef á annað borð var talið rétt og mögulegt að fara þá leið að gefa Sigrúnu Pálínu kost á áheyrn ráðsins verður að telja það ámælisverð vinnubrögð að leysa ekki úr máli Guðrúnar Ebbu þegar með sambærilegum hætti og til viðbótar að láta hana bíða í rúmt ár eftir frekari viðbrögðum við erindi hennar og þá ekki fyrr en hún hafði í annað skipti ítrekað ósk sína um áheyrn kirkjuráðs. Sjónarmið um viðkvæmt eðli erindisins geta í engu breytt þeirri niðurstöðu að áskilja verður að Karli hafi sem forseta kirkjuráðs borið að tryggja að faglega og vandlega yrði leyst úr málum af þessu tagi á vettvangi ráðsins.

Í fjórða lagi verður ekki ráðið beint af gögnum málsins að Karl Sigurbjörnsson hafi leitað eftir ráðgjöf eða aðstoð fagráðs um meðferð kynferðisbrota við meðferð erindis Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur. Í svarbréfi Karls til rannsóknarnefndarinnar segir um þennan þátt að strax um sumarið 2008, þ.e. í kjölfar þess að Guðrún Ebba hafi haft samband við hann og sagt honum frá reynslu sinni, hafi hann rætt við sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, formann fagráðsins, um hugsanlega aðkomu ráðsins að máli hennar. Hafi hinn síðarnefndi talið „öll tormerki“ á því. Þar af leiðandi hafi Karl ákveðið að leita ekki formlega til ráðsins, en hins vegar hafi hann rætt við Gunnar Rúnar um málið oftast en einu sinni óformlega og hafi hann borið undir hann ýmsa þætti þess. Að áliti Karls hafi hann því leitað óformlega ráðgjafar og leiðbeiningar hjá formanni fagráðsins vegna málsins, bæði fyrir og eftir að hann sendi honum umrætt tölvubréfi 29. maí 2009, sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 4.3.2 í D-hluta skýrslunnar. Að virtum þessum athugasemdum Karls telur rannsóknarnefndin ekki forsendur til að fjalla frekar um þennan þátt málsins.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða rannsóknarnefndar kirkjuþings að ekki séu forsendur til að fullyrða að Karl Sigurbjörnsson, aðrir starfsmenn biskupsstofu eða kirkjuráðsmenn hafi með framgöngu sinni á árunum 2009 og 2010 gert tilraun til að þagga niður í Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur með því að leitast við að koma í veg fyrir að hún fengi tækifæri til að koma sögu sinni á framfæri á vettvangi kirkjuráðs. Á hinn bóginn er það ótvírætt niðurstaða rannsóknarnefndarinnar að Karl Sigurbjörnsson hafi við meðferð erindisins borið sem biskup og forseti kirkjuráðs ábyrgð á þeim mistökum í merkingu 1. gr. starfsreglna um nefndina sem að framan er fjallað um. Á skorti að verulegu leyti að faglega væri leyst úr máli Guðrúnar Ebbu og þá einnig í samræmi við þau gildi og grundvallarhugsjónir sem þjóðkirkjan stendur fyrir í íslensku samfélagi.

F. TILLÖGUR RANNSÓKNARNEFNDAR KIRKJUÞINGS UM ÚR- BÆTUR

1. Inngangur og uppbygging kaflans

Samkvæmt 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjuþings skal nefndin koma með ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum þjóðkirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot af hálfu starfsmanna hennar. Í þessum kafla verður fjallað um þau atriði sem nefndin telur mikilvægt að kirkjan skoði sérstaklega og settar verða fram tillögur að úrbótum sem stuðlað geta að því að kirkjan verði betur í stakk búin til að takast á við það ef starfsmaður hennar er sakaður um kynferðisbrot.

Kynferðislegt ofbeldi er alvarlegt og mjög flókið samfélagslegt vandamál. Fyrir einungis 2–3 áratugum var lítið vitað hvernig takast ætti á við ofbeldi af þessu tagi og afleiðingar þess. Nú búum við góðu heilli við breytta stöðu hvað þetta varðar. Engu að síður er það enn svo að gjarnan ber á óöryggi, ótta og vanmætti þegar einstaklingur greinir frá að hann hafi verið beittur kynferðislegu ofbeldi eða grunur vaknar um að slíkt ofbeldi hafi átt sér stað og einstaklingar og stofnanir eru mjög misjafnlega í stakk búin til að takast á við það.

Af viðbrögðum starfsmanna þjóðkirkjunnar í kjölfar ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot, sem rakin hafa verið í hlutum C og D hér að framan, má ráða að af hálfu flestra þeirra sem að málinu komu hafi þau í öllu falli einkennst af óöryggi og vanmætti. Þá er það mat nefndarinnar, eins og fram kemur í E-hluta hér að framan, að ýmislegt hafi farið afлага í viðbrögðum og starfsháttum þjóðkirkjunnar sem mikilvægt sé að horfast í augu við og draga lærdóm af. Má þar helst nefna ráðaleysi, skort eða verulega töf á viðbrögðum, illa ígrundaða aðstoð við þolanda og fund þar sem þolandi og meintur gerandi voru leiddir saman. Þá var lítil áhersla lögð á sálgæslu fyrir þá einstaklinga sem stígu fram og fjölskyldur þeirra. Einnig var áberandi skortur á þekkingu á eðli og afleiðingum kynferðisofbeldis og ákjósanlegu vinnulagi þegar ásakanir um það komu fram.

Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa ýmsar mikilvægar úrbætur verið gerðar innan kirkjunnar til að draga úr líkum á að kynferðisofbeldi eigi sér stað innan vébanda hennar og auka líkur á að þolendur fái við-eigandi stuðning. Helst má þar nefna að kirkjuráð skipaði nefnd í desember 1997 sem falið var það hlutverk að móta stefnu um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Í kjölfar þeirrar vinnu voru samþykktar starfsreglur á kirkjuþingi 1998 um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar og samhliða því var stofnað fagrað sem ætlað var að tryggja að slík mál fengju viðeigandi meðferð. Þá voru á kirkjuþingi árið 2009 samþykktar siðareglur fyrir vígða þjóna og annað starfsfólk þjóð-

kirkjunnar sem meðal annars taka til misnotkunar á aðstöðu í kynferðislegum tilgangi. Hér á eftir verður nánar fjallað um þær úrbætur sem gerðar hafa verið.

Þrátt fyrir þessar mikilvægu úrbætur telur nefndin að enn sé töluverð vinna eftir áður en hægt er að segja að þjóðkirkjan sé vel í stakk búin til að takast á við kynferðisofbeldi. Þar er kirkjan ekki ein á báti. Hvað eftir annað hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að aðstoða stofnanir við að bregðast við aðstöðu af þessu tagi. Ítarlegar leiðbeiningar fyrir einstaklinga og stofnanir hafa verið teknar saman af erlendum sérfræðingum á þessu sviði um hvaða skref ber að taka til þess að draga úr líkum á kynferðisofbeldi og auka líkur á réttum viðbrögðum. Slíkar leiðbeiningar leggja áherslu á að fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi byrja með fyrirbyggjandi aðgerðum þar sem starfsmenn eru með fræðslu og þjálfun búnir undir það að geta brugðist við slíku ofbeldi og að markvisst sé unnið að forvörnum gegn því. Fyrirmyndarverklag byggir á þeirri vitneskju að þeir sem verða fyrir kynferðisofbeldi eru ólíklegir til að greina frá reynslu sinni og að margt getur hindrað það að tekið sé á ofbeldinu á ákjósanlegan hátt og að hugað sé að forvörnum. Áhersla er lögð á að þróun og innleiðing fyrirmyndarverklags taki tíma og stöðugt þurfi að vinna að endurskoðun og þróun samhliða því sem reynsla og þekking eykst innan stofnunar (Butchart ofl., 2006; Saul og Audage, 2007). Rannsóknarnefnd kirkjuþings byggir ábendingar sínar og tillögur um breytingar á starfsháttum kirkjunnar meðal annars á leiðbeiningum sem hafa verið teknar saman af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (World Health Organization, WHO; Butchart ofl. 2006) og Sóttvarna- og forvarnastofnun Bandaríkjanna (e. centers for disease control and prevention; Saul og Audage, 2007) um hvernig hægt sé að þróa fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi og stuðla að forvörnum innan stofnana.

Hér á eftir verður fyrst fjallað um þær úrbætur sem gerðar hafa verið innan íslensku þjóðkirkjunnar. Sérstaklega verður gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem borist hafa nefndinni frá fagráði um meðferð kynferðisbrota. Þá verður gefið stutt yfirlit yfir leiðbeiningar um fyrirmyndarviðbrögð þegar fram kemur frásögn um kynferðislegt ofbeldi eða misnotkun og greint frá þeim aðgerðum sem teljast bestar til að draga úr líkum á að slíkt ofbeldi eigi sér stað. Að lokum verður gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar um úrbætur.

Þess skal getið að samhengisins vegna samdi einn nefndarmanna, dr. Berglind Guðmundsdóttir, stutta fræðilega umfjöllun um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis og þá sérstöðu sem slík mál hafa þegar einstaklingur er beittur slíku ofbeldi af hálfu prests eða annars starfs-

manns trúarsafnaðar. Fylgir umfjöllunin með skýrslu þessari sem sérstakur viðauki. Rannsóknarnefndin telur nauðsynlegt að hún sé höfð í huga þegar tillögur nefndarinnar eru skoðaðar.

2. Úrbætur íslensku þjóðkirkjunnar í meðferð kynferðisafbrotá og starf fagraðs um meðferð kynferðisbrotá.

Síðan ásakanir á hendur Ólafi Skúlasynti biskupi um kynferðisbrot komu fram hafa, svo sem áður greinir, ýmsar mikilvægar úrbætur verið gerðar innan kirkjunnar til að draga úr líkum á að kynferðisofbeldi eigi sér þar stað og auka líkur á að þolendur slíks ofbeldis fái viðeigandi stuðning. Má þar nefna að á kirkjuþingi árið 1998 voru í fyrsta skipti settar starfsreglur um meðferð kynferðisafbrotá innan íslensku þjóðkirkjunnar og fagrað um meðferð kynferðisbrotá var sett á laggirnar sem ætlað var að tryggja að mál sem varða kynferðisbrot og upp koma innan kirkjunnar fái viðhlítandi meðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum kirkjunnar. Reglurnar tóku gildi 1. janúar 1999. Ítarlega umfjöllun um starfsreglurnar má finna í kafla 3 í B-hluta skýrslunnar og gildandi reglur eru birtar í heild sinni sem fylgiskjal við skýrsluna. Þó er sérstök athygli vakin á því að í greinargerð sem fylgdi starfsreglunum er kynferðisbrot skilgreint og stefna mótuð um meðferð slíkra brota innan kirkjunnar. Þar er áhersla lögð á að grundvöllur þess að hægt sé að bregðast á ábyrgan hátt við kynferðisbrotum sé viðurkenning á að slík brot geti átt sér stað innan veggja kirkjunnar og að allir geti gerst sekir um slík brot, bæði vígðir og óvígðir þjónar kirkjunnar. Þá er áhersla lögð á að taka skuli allar ásakanir alvarlega, þá sérstaklega ef brotið varðar vígða þjóna kirkjunnar og þá í ljósi þess hve djúpt þau vega að andlegri og líkamlegri velferð þolanda. Í kjölfar fundar Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur með biskupi og skriflegrar hvatningar hennar í apríl árið 2009 voru þessar reglur fyrst endurskoðaðar af biskupi og kirkjuráði. Voru þær samþykktar á kirkjuþingi á árinu 2009, en það er 8 árum seinna en upphaflega var áætlað í starfsreglunum frá árinu 1998. Árið 2010 voru síðan aftur gerðar breytingar á þeim.

Þá ber að nefna yfirlýsingu kirkjuráðs í kjölfar komu Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur á fund ráðsins árið 2009 þess efnis að þjóðkirkjan taki skýra afstöðu gegn ofbeldi gegn konum og börnum og standi með þeim einstaklingum og samtökum sem vinna með þolendum ofbeldis svo og þeim sem stuðla að vitundarvakningu meðal þjóðarinnar um þessi alvarlegu mál. Má segja að með þessari yfirlýsingu hafi kirkjuráð hnykkt frekar á þeirri stefnumótun sem sett var fram með starfsreglum um meðferð kynferðisbrotá innan kirkjunnar árið 1998. Þá voru samdar síðareglur fyrir vígða þjóna og annað starfsfólk þjóðkirkjunnar sem samþykktar voru á

kirkjuþingi 2009, en þær ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og starfsfólks í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana hennar. Þar er meðal annars tilgreint að allir fulltrúar kirkjunnar megi aldrei misnota aðstöðu sína eða ógna velferð skjólstaðings, svo sem með óviðeigandi hegðun, orðfæri, viðmóti, kynferðislegri eða annars konar áreitni (4. gr.), þeir eigi að minnast þess að mörk einstaklinga eru mismunandi, svo sem að snerting getur auðveldlega misskilist eða valdið óþægindum (5. gr.) og stofna ekki til óviðeigandi sambands við skjólstaðing (6. gr.). Þá er sérstaklega kveðið á um tilkynningarskyldu sé barn þolandi ofbeldis (11. gr.) og að menn eigi að vera meðvitaðir um að fulltrúi kirkjunnar hafi sterkari stöðu en barn sem hann vinnur með og ekki megi undir nokkrum kringumstæðum misnota aðstöðu sína (12. gr.). Þá hafa verið settar reglur um að jafnan skuli við ráðningu á nýjum starfsmanni til þjóðkirkjunnar afla upplýsinga um hann frá sakaskrá.

Eins og fram hefur komið var með starfsreglum um meðferð kynferðisafbrotanna innan kirkjunnar stofnað fagråd á þessu sviði sem ætlað var víðtækt hlutverk. Þótt fyrirkomulag á stuðningi við þolendur kynferðisbrotanna innan kirkjunnar hafi tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri útgáfu reglnanna má segja að kjarni þeirra hafi verið sá sami eða svipaður frá upphafi, það er að tryggja þolendum kynferðisofbeldis viðhlítandi málsmeðferð og stuðning eftir því sem við á. Þá var bætt inn árið 2009 ákvæði um að ráðið skyldi vera biskupi og kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum. Óbreytt hefur verið í reglunum að ráðinu ber einnig að fjalla um einstök mál sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og veita henni ráðgjöf um meðferð þeirra, að meta árangur starfsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf, að hafa umsjón með fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar í samvinnu við fræðsludeild kirkjunnar, sbr. 9. gr., og að sinna forvörnum á sviði kynferðisbrotanna, sbr. 9. gr. Í 9. gr. kemur m.a. fram að kirkjuråd ákveði framlög til fræðslustarfa og forvarna, sbr. 3. gr.

Eins og fram hefur komið mætti sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs um meðferð kynferðisbrotanna, til viðtals hjá rannsóknarnefndinni. Í ljósi mikilvægs hlutverks fagráðsins óskaði rannsóknarnefndin með bréfi 15. febrúar 2011 jafnframt eftir skriflegri greinargerð frá fagráðinu. Var þess farið á leit að fagráðið gerði nefndinni skriflega grein fyrir starfsemi sinni allt frá því að það var sett á laggirnar. Að fenginni greinargerð fagráðsins þann 16. mars 2011 taldi rannsóknarnefndin að þörf væri á frekari upplýsingum um nánar tilgreind atriði og beindi erindi þar um til ráðsins. Greinargerð fagráðsins af því tilefni er dagsett 5. maí 2011. Báðar greinargerðir fagráðs eru birtar sem fylgiskjöl með skýrslu þessari.

Í svari fagráðsins þann 16. mars 2011 kemur fram að fagráð um meðferð kynferðisbrota hefur verið starfandi innan þjóðkirkjunnar frá því árið 1999. Að sögn núverandi formanns fagráðsins fór þessi vinna rólega af stað og voru fyrstu starfsár ráðsins helguð því að móta starf þess og leggja grunn að kynningarmálum. Hafi mikil vinna verið lögð í að rýna í starfsreglurnar, skilgreina vinnulag og úrvinnsluleiðir fagráðsins og hlutverk talsmanna til að hægt væri að setja þær upplýsingar á heimasíðu kirkjunnar. Í byrjun árs 2005 hafi þeirri vinnu lokið og efnið verið sett inn á heimasíðu kirkjunnar og síðan reglulega uppfært og yfirfarið. Á heimasvæði fagráðsins www.kirkjan.is/kynferdisbrot og www.kirkjan.is/fagrad sé að finna netfang ráðsins og allar upplýsingar um hvernig eigi að bera sig að við að hafa samband við það. Þá hafi fagráðið unnið að útgáfu bæklinga, „Kynferðisbrot í kirkju – hvað ber að gera?“, og hafi honum verið dreift á kirkjudögum þjóðkirkjunnar í lok júní 2005 auk þess sem hann hafi verið sendur öllum prestum, djáknum og sóknarnefndarformönnum ásamt öðru efni. Að því er varðar frekara kynningarstarf á vegum fagráðsins er eftirfarandi atriða getið í greinargerð þess til rannsóknarnefndarinnar, en jafnframt tekið fram að þar sé ekki um tæmandi talningu að ræða:

1. Fyrirlestur formanns fagráðsins á haustfundi presta á höfuðborgarsvæðinu 30. september 2005 sem bar heitið „Hvað ber að gera – Kynferðisbrot innan raða starfsmanna kirkjunnar“.

2. Í maí 2008 var framangreindur bæklingur að nýju sendur til allra presta, djákna og formanna sóknarnefnda ásamt bréfi frá fagráðinu þar sem áréttað var að starfsreglur um meðferð kynferðisbrota vörðuðu alla sem starfa innan kirkjunnar, að öllum málum bæri að vísa til fagráðsins og ef brot varðaði börn bæri undantekningarlaust að vísa því máli til barnaverndarnefnda samkvæmt barnaverndalögum.

3. Menntadagar Prestafélags Íslands í apríl 2009 hafi að mestu verið helgaðir málefnum fagráðsins og bar sá hluti þeirra sem laut að málefnum fagráðs yfirskriftina: „Um heilbrigð persónu- og hlutverkamörk í starfi prestsins“. Tæplega eitt hundrað prestar og guðfræðingar voru mættir á þessa heilsdags fræðslu- og endurmenntunarráðstefnu fyrir félagsmenn. Fyrirlesarar voru tveir, formaður fagráðs, sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, og Ólöf Ásta Farestveit afbrotafræðingur, forstöðumaður Barnahúss og fyrrverandi meðlimur fagráðs.

4. Hinn 25. september 2009 kynntu fulltrúar fagráðsins starfsemi þess og verkferla fyrir starfshópi mennta-, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis.

5. Formaður ráðsins hefur einnig komið fram í fjölda viðtala í blöðum og sjónvarpi um málefni fagráðs. Þar hefur áhersla verið lögð á

að kynna fagráðið og hvernig þolendur geti sett sig í samband við það. Telur fagráðið að góð samvinna við fjölmiðla hafi stutt það og stuðlað að þeirri miklu aukningu sem varð á málum sem því bárust árið 2010.

6. Formaður fagráðsins tók þátt í málstofu stofnunar Ármanns Snævars við lagadeild Háskóla Íslands 1. september 2010 sem helguð var þagnarskyldu í framhaldi af umfjöllun sr. Geirs Waage um algera þagnarskyldu presta. Flutti formaðurinn erindi sem bar yfirskriftina „Þagnarskylda presta“ þar sem meðal annars var lögð á það áhersla hvernig bæði gildandi lög í landinu og sálgæsluhefð kirkjunnar geri kröfu um undantekningar á þagnarskyldu. Erindið var tengt málefnum fagráðs og sérstaklega um það fjallað þegar börn eða minni máttar eiga í hlut.

7. Þann 12. nóvember 2011 hélt formaður fagráðs erindi fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi sem bar yfirskriftina „Verkferlar fagráðs og viðbrögð við kynferðisbrotum“.

Í viðtali við rannsóknarnefndina greindi Gunnar R. Matthíasson formaður fagráðsins frá því að það væri verkefni ráðsins að koma af stað fræðsluátaki í kjölfar þeirra loforða sem kirkjan gaf á síðasta ári. Slíku fræðslustarfi hefði fagráðið eitt og sér ekki getað sinnt og því væri samstarf við aðra nauðsynlegt. Í greinargerð fagráðsins til rannsóknarnefndarinnar segir m.a.:

... Fagráð hefur nú undanfarna mánuði unnið með fræðsludeild kirkjunnar með það að markmiði að fræðsludeildin komi að eða jafnvel taki við kynningar- og fræðslustarfi um kynferðisbrot og úrvinnslu þeirra innan kirkjunnar. Þá kom fram að Fagráð hefur umliðna mánuði fundað með sjálfstæðum samtökum sem láta sig málefnið varða og Fagráð hefur vitneskju um að hafa verið virk í stuðningi við einstaklinga sem hafa orðið fyrir kynferðisbrotum af hendi starfsmanna kirkjunnar.

Þá tók formaðurinn fram að fræðsludeild kirkjunnar væri nú að fikra sig aðeins áfram með fræðsluefni.

Í fyrirspurn sinni og í þeim tilgangi að varpa ljósi á starfsaðferðir fagráðsins óskaði rannsóknarnefnd kirkjuþings eftir upplýsingum um hver væri fjöldi mála frá upphafi, hvernig þessi mál komu inn á borð ráðsins og hvernig þau hefðu verið unnin. Í svari fagráðsins kom fram að alls hefðu því borist 14 mál frá því að það tók til starfa. Fyrsta málið hefði komið til kasta ráðsins í upphafi árs 2006, um það bil ári eftir að upplýsingar um ráðið voru settar á vef kirkjunnar. Tvö mál bárust ráðinu árið 2008, tíu mál árið 2010 og eitt mál það sem af er þessu ári. Í níu tilfellum bárust málin beint frá þolanda ýmist í gegnum tölvupóst eða síma. Í þremur tilfellum bárust málin til fagráðsins frá aðstandendum þolanda og í tveimur tilfellum bárust þau frá starfandi prestum. Fagráðið tekur

fram í greinargerð sinni að þessi mál varði í engu ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi. Árið 2010 hafi fagráðið komið að því máli með eftirfarandi hætti: „... þá hefur fagrád hins vegar á umliðnu ári bæði komið að máli kvennanna sem ásökuðu hann um kynferðisbrot (m.a. með fundi þeirra með prestum sem fram fór í Vídalínskirkju) og átt fund með Guðrúnu Ebbu sem fyrst hafði borið sig upp við formann Fagráðs er faðir hennar dó en Fagrád þá ekki talið að það væri vettvangur fyrir hennar mál“.

Um starfsaðferðir fagráðsins kemur eftirfarandi m.a. fram í greinargerðinni:

Það skal tekið fram að Fagrád hefur svarað öllum erindum innan 24 stunda frá því þau bárust utan mál nr. 12 (2010/9) sem barst á vinnunetfang formanns meðan formaður var í leyfi. Mál 2008/1 og 2008/2 voru unnin af talsmönnum en mál frá 2010 hafa öll verið unnin beint af Fagráði (þmt 2008/2 sem var tekið aftur í vinnslu árið 2010) sem hefur haft þá vinnureglu að alltaf séu tveir meðlimir Fagráðs viðstaddir þegar þolendur koma í viðtöl. Þolendum er þá ætíð boðið að hafa með sér stuðningsaðila í viðtölin en lítið er um að þolendur hafi nýtt sér það...

Þá hefur reynsla og lærdómur sl ára orðið til þess að Fagrád leggur sig eftir að heyra öll mál sem til þess berast og varða einstaklinga sem eru í eða hafa verið í þjónustu kirkjunnar. ... Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að heyra þessi mál og að Fagrád sé farvegur fyrir þau eftir því sem mögulegt er. Óvíst er hvort Fagrád hefði metið það svo að þessi mál heyrðu undir Fagrád ef þau hefðu komið fram á þeim tíma sem Guðrún Ebbu bar sig upp við Fagrád er faðir hennar lést. Það skal í þessu sambandi tekið fram að ekki hafa komið til Fagráðs önnur mál eða fyrirspurnir sem varða starfsmenn kirkjunnar þar sem Fagrád taldi ekki heyra undir sig.

Í fyrirspurn rannsóknarnefndarinnar til fagráðsins var einnig spurt um hve oft biskup og/eða kirkjufirvöld hefðu leitað ráðgjafar varðandi mál sem tengjast kynferðisbrotum. Í svari fagráðsins kemur eftirfarandi m.a. fram:

Því er fljótsvarað að þó heimild sé í starfsreglum um að Úrskurðarnefnd óski umsagnar hjá Fagráði um einstök mál þá hefur enn ekki komið til þess. Erfiðara er hins vegar að svara spurningu þinni um „hve oft biskup og/eða kirkjufirvöld hafa leitað ráðgjafar varðandi mál sem tengjast kynferðisbrotum“ eins og það er orðað í bréfi þínu. Þó Fagrád hafi ekki fengið formleg erindi sem skráð eru sem slík þar sem biskup eða kirkjufirvöld leita ráðgjafar, þá hefur Fagrád lagt mikið upp úr því að vinna með biskupi og fundar reglubundið með honum um mál sem tengjast starfi Fagráðs og því málefni sem Fagrád hefur með höndum.

Upphaflegar starfsreglur um meðferð kynferðisbrota gengu út frá því að Fagrád starfaði óháð biskupi en af frumkvæði Fagráðs hefur því verið

breytt þannig að fagráð upplýsir biskup nú um öll mál sem koma inn á borð þess. Þetta skiptir miklu máli þegar síðan verður um íhlutun að ræða. Fagráð hefur þá kynnt framkomnar sakir fyrir viðkomandi með biskupi eða fulltrúa hans eða falið vígslubiskupi að kynna bréf fagráðs með staðfestri lýsingu þolanda fyrir viðkomandi starfsmanni.

Þessi breyting, að færa starf Fagráðs nær biskupi og kirkjustjórn, er tilkomin vegna reynslu Fagráðs hér heima og reynslu erlendra systurkirkna. ... Fagráð hefur fyrst og fremst starfað með biskupi sjálfum þó fleiri hafi stundum verið á fundum okkar. Reynsla okkar af þessu fyrirkomulagi og samstarfi við biskup hefur verið góð og hvetjandi fyrir okkur sem starfað höfum í Fagráði.

Samantekt:

Eins og fram hefur komið hafa frá árinu 1996 verið gerðar mikilvægar umbætur á starfsháttum þjóðkirkjunnar þegar fram koma ásakanir á hendur starfsmanni hennar um kynferðisbrot. Með staðfestingu starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar árið 1998 var mótuð stefna um hvernig bregðast á við kynferðisofbeldi innan kirkjunnar. Þar sem slík stefnumótun er grundvöllur þess að hægt sé að takast á við kynferðisbrot á viðeigandi hátt verður það að teljast mjög mikilvægt skref. Þá voru settar reglur um hvert einstaklingur á að leita ef hann verður fyrir kynferðisbroti af hálfu starfsmanns kirkjunnar. Þrátt fyrir þessar úrbætur telur nefndin, sem fyrr greinir, að enn sé töluverð vinna eftir áður en hægt er að segja að kirkjan sé vel í stakk búin til að takast á við kynferðisofbeldi innan vébanda sinna. Hefur þá nefndin einnig haft í huga ályktanir sínar í köflum 2.4.4 og 6 í E-hluta skýrslunnar um aðkomu fagráðs og kirkjuráðs að máli Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á árunum 2008–2010. Áður en tillögur nefndarinnar verða raktar verður gefið stutt yfirlit yfir fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi og leiðir til forvarna.

3. Fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi og leiðir til forvarna

3.1 Inngangur

Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að aðstoða einstaklinga, stofnanir og félagasamtök í því að bregðast við þegar greint er frá eða grunur vaknar um kynferðisofbeldi. Eins og fram hefur komið veldur kynferðisofbeldi gjarnan miklu óöryggi, ótta og vanmætti hjá fólki. Á síðastliðnum tveimur áratugum hafa verið samdar ítarlegar leiðbeiningar fyrir einstaklinga, stofnanir og félagasamtök um hvaða skref beri að taka til að auka líkur á réttum viðbrögðum við slíku ofbeldi og stuðla að forvörnum. Sérstaklega ber að nefna tvær yfirgripsmiklar leiðbeiningar. Þær fyrri, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setti fram árið 2006, fjalla um hvernig hægt sé að koma í veg fyrir misnotkun á börnum og

unglingum og hvernig bregðast eigi við ef ásakanir um slíkt koma fram (Butchart ofl., 2006). Þær síðari eru frá Sóttvarna- og forvarnastofnun Bandaríkjanna (e. centers for disease control and prevention) og eru yfirgripsmiklar leiðbeiningar um hvernig hægt sé að þróa fyrirmyndarviðbrögð við kynferðisofbeldi og stuðla að forvörnum innan stofnana (Saul og Audage, 2007).

Þótt ekki sé hægt að koma í veg fyrir allt kynferðisofbeldi hafa reynsla og rannsóknir sýnt að margt er hægt að gera til að minnka hættuna á því og tryggja rétt viðbrögð þegar slíkt ofbeldi hefur átt sér stað (Butchart ofl., 2006; Saul og Audage, 2007). Viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi hefjast í raun þegar búíð er til öruggt umhverfi fyrir þá einstaklinga sem þangað sækja. Fyrirmyndarverklag felur því gjarnan í sér að búa einstaklinga, stofnanir eða félagasamtök undir það að geta brugðist við slíku ofbeldi og að vinna að forvörnum gegn því. Fyrirmyndarverklag byggir meðal annars á þeirri vitneskju að þeir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru ólíklegir til að greina frá slíku ofbeldi og þeir eru gjarnan á einhvern hátt viðkvæmir sökum til dæmis aldurs, félagsstöðu eða annarra þátta. Kynferðislegt ofbeldi er samfélagslegt vandamál og er ábyrgðin sett á öll kerfi samfélagsins (þ.m.t. heilbrigðis-, félags-, laga- og menntakerfið), stofnanir og fullorðin fólk sem sökum stöðu sinnar er í ábyrgðar- eða umönnunarhlutverki (Butchart ofl., 2006). Þær leiðbeiningar sem gefnar hafa verið út snúa allar að verndun barna, unglunga eða einstaklinga sem af einhverjum ástæðum eru berskjaldaðir fyrir kynferðislegu ofbeldi eða misnotkun (t.d. Butchart ofl., 2006; Saul og Audage, 2007; Grasso, Dennis, Liss, Davis og Wells, 1998). Þrátt fyrir það eiga þessar leiðbeiningar tvímælalaust einnig við um fólk almennt. Hér að neðan verður orðið *stofnun* notað til einföldunar, en leiðbeiningarnar eiga við um stofnanir, þar með talið þjóðkirkjuna, félagasamtök eða aðra starfsemi sem þjónustar fólk með einhverjum hætti.

Leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðisofbeldi byggja einnig á þeirri vitneskju að margt getur hindrað það að tekið sé á slíku ofbeldi á ákjósanlegan hátt og að hugað sé að forvörnum. Slíkar hindranir fela meðal annars í sér skort á þekkingu á því hvað kynferðisofbeldi er, hve algengt það er og hversu alvarlegar afleiðingar það getur haft. Þá er einnig algengt að fólki finnist umræðuefnið ógnandi, vandræðalegt eða það óttast að móðga einhvern þannig að það forðast að takast á við það. Þá er líka algengt að fólk viti ekki hvað það á að gera ef grunur um kynferðisofbeldi vaknar og telji því betra að vita sem minnst um það (t.d. Saul og Audage, 2007). Með leiðbeiningunum er því leitast við að aðstoða stofnanir í því að yfirstíga þessar hindranir. Það er samdóma álit sérfræðinga á þessu sviði að þróun og innleiðing leiðbeininga taki tíma

og útfærsla þeirra er mismunandi fyrir ólíkar stofnanir. Því þarf að vinna stöðugt að endurskoðun og þróun samhliða því sem reynsla og þekking eykst innan stofnunar (Butchart ofl., 2006; Saul og Audage, 2007).

Mikilvægt er að hafa í huga að enginn einn þáttur eða aðgerð dugar til að koma í veg fyrir að kynferðisofbeldi eigi sér stað innan stofnunar eða undirbýr hana til að takast á við það þegar slíkt ofbeldi á sér stað. Því er nauðsynlegt að styðjast við fjölbreyttar leiðir. Fyrsta skrefið felur ávallt í sér stefnumótun innan stofnunarinnar og að útbúnað séu verklagsreglur um hvernig eigi að fylgja þessari stefnumótun eftir. Verklagsreglurnar taka mið af gildandi lögum og oft eru skyldur samkvæmt lögum útskýrðar í reglunum til að aðstoða starfsmenn við að starfa samkvæmt þeim. Grundvöllur að fyrirmyndarviðbrögðum við kynferðisofbeldi og forvarnir gegn því er ávallt þekking á eðli, umfangi og afleiðingum slíks ofbeldis. Allar stofnanir sem þjóna einstaklingum á öllum aldri með einhverjum hætti eiga það á hættu að þangað sækji kynferðisafbrotamenn eða barnaníðingar. Áhættan er þó talin vera meiri ef um er að ræða þjónustu við börn, unglinga eða einstaklinga sem af einhverjum ástæðum teljast viðkvæmir. Hver stofnun þarf því að byrja á því að átta sig á hvar mögulegar hættur liggja og móta starfsreglur sem draga úr líkum á að ofbeldi eða misnotkun geti átt sér stað. Hver stofnun þarf að móta stefnu sem tekur mið af þeirri þjónustu sem stofnunin veitir. Til dæmis geta þarfir stofnunar sem leggur mikið upp úr einstaklingsvinnu verið ólíkar þörfum stofnunar sem leggur áherslu á hópastarf. Við stefnumótun er ávallt áskorun í því fólgin að finna jafnvægi milli þess að skapa hlýlegt og uppbyggilegt umhverfi sem stuðlar að nánnum samskiptum og þess að vernda einstaklinga gegn mögulegu ofbeldi eða misnotkun. Mikilvægt er að láta þessa áskorun ekki hindra það að ákvarðanir séu teknar um stefnu og verklagsreglur heldur séu reglur mótaðar sem síðan eru endurskoðaðar reglulega í ljósi fenginnar reynslu. Þá er nauðsynlegt að búin sé til framkvæmdaáætlun um hvernig eigi að bregðast við þegar reglur eru brotnar eða grunur um kynferðisofbeldi vaknar.

Hér á eftir verða raktir þeir helstu þættir sem taldir eru skipta mestu máli í fyrirmyndarviðbrögðum við kynferðisofbeldi og leiðum til forvarna. Skipta má þessum þáttum í fjóra flokka: 1) bakgrunnsathugun og eftirlit með starfsfólki; 2) reglur um samskipti starfsfólks og skjólstaðinga og eftirlit með að reglum sé framfylgt; 3) áætlun um viðbrögð þegar grunur vaknar um eða greint er frá kynferðisofbeldi/misnotkun; 4) þjálfun starfsfólks.

3.2 Bakgrunnsathugun

Gera má ráð fyrir að eitt af markmiðum hvernar stofnunar sé að fá til starfa hæfa einstaklinga sem geta sinnt hlutverki sínu vel og án þess að valda öðrum skaða. Bakgrunnsathugun allra einstaklinga sem sækja um starf eða bjóða sig fram í sjálfböðavinnu hjá stofnun er talin vera mikilvægur þáttur í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi eða misnotkun. Æskilegt er að miða þær aðferðir sem notaðar eru við eðli og ábyrgð starfsins hverju sinni. Hægt er að nota margar aðferðir við slíka athugun og verður hér einungis fjallað stuttlega um nokkra lykilkætti sem vert er að hafa í huga.

Fyrst ber að nefna athugun á því hvort einstaklingur sé með hreina sakaskrá. Þá er það talinn vera mikilvægur þáttur í skimunarferlinu að óska einnig eftir skriflegum umsóknum, meðmælum og viðtölum við umsækjandann. Í viðtalinu er m.a. æskilegt að leitast við að kanna ástæður þess að umsækjandinn eða sjálfböðaliðinn vill vinna hjá stofnuninni, getu hans til að virða reglur, mörk annarra og viðhorf til þeirra reglna sem gilda hjá stofnuninni. Eins þarf að kanna hvort einstaklingurinn eigi eðlileg samskipti og tengsl við jafnaldra eða samstarfsmenn eða geti einungis átt samskipti við einstaklinga sem eru yngri eða á einhvern hátt valdaminni. Skoða þarf svör umsækjanda/sjálfböðaliða vel með tilliti til verklagsreglna og áhættuþátta fyrir kynferðisofbeldi og kanna hvort einhver ástæða sé til frekari athugunar. Öflun meðmæla er oft eina leiðin til að sannreyna upplýsingar sem umsækjandi/sjálfböðaliði veitir. Þegar meðmæli eru athuguð er æskilegt að þau séu ekki einungis skrifleg heldur einnig munnleg, þar sem samtöl veita gjarnan meiri upplýsingar en skrifleg lýsing. Nauðsynlegt er að ekki sé slakað á kröfum þó umsækjandinn eða sjálfböðaliðinn sé þekktur einstaklingur eða með fyrri tengsl við stofnunina. Þá er talið mikilvægt að kynna fyrir umsækjandanum eða sjálfböðaliðanum verklagsreglur stofnunarinnar um kynferðisofbeldi og misnotkun. Slík kynning er talin gefa skýr skilaboð um áherslur á forvarnir og viðbrögð ef slík mál koma upp og hugsanlegt er að einhverjir mögulegir gerendur séu fældir frá sökum þess.

Þrátt fyrir að áhersla sé lögð á bakgrunnsathuganir og almennt sé talið að þær séu mikilvægur grunnur í fyrirmyndarforvörnum hafa virtir vísindamenn bent á að varasamt sé að ofmeta slíka athugun og nauðsynlegt sé að aðrar aðferðir séu einnig notaðar. Finkelhor (2009) bendir á að einungis lítill hluti kynferðisbrotamanna eigi afbrotaskrá um slíkt ofbeldi. Þá benda vísindamenn einnig á að stundum uppgötva starfsmenn eða sjálfböðaliðar ekki hneigð sína til slíkra brota fyrir en þeir eru í aðstöðu til þess að fremja þau (Stinson, Sales og Becker, 2008; The John Jay College Research Team, 2004).

3.3 Reglur um samskipti starfsfólks og skjólstæðinga og eftirlit með að reglum sé framfylgt

Reglur um samskipti á milli starfsfólks/sjálfbóðaliða og skjólstæðinga miðast ávallt við þá starfsemi sem fer fram innan stofnunar/samtaka. Miða þarf slíkar reglur við eðli starfsins sem fram fer. Til dæmis eru reglur þar sem mikil áhersla er lögð á einstaklingsvinnu ólíkar gildandi reglum þar sem starfsmaður/sjálfbóðaliði er einn með skjólstæðingi eða hópastarf. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi þar sem hvatt er til jákvæðra og viðeigandi samskipta en dregið er úr líkum á óviðeigandi eða skaðlegum samskiptum. Oft er erfitt að átta sig á hvað skilgreinir uppbyggileg eða skaðleg og óæskileg samskipti og ekki er hægt að treysta á að einstaklingar viti hvar mörkin liggja. Hver stofnun verður því að skilgreina það ítarlega til að búa starfsfólki sínu þann ramma sem er nauðsynlegur.

Innan kirkjunnar fer fram mjög fjölbreytt starfsemi og því að mörgu að huga. Þar má fyrst nefna sálgæslu sem gjarnan er einstaklingsmiðuð. Einnig má nefna að viðamikið barnastarf er mikilvægur hluti af starfsemi kirkjunnar, en jafnframt fer fram innan hennar margskonar hópastarf með fullorðnum. Einstaklingsmiðuð sálgæsluviðtöl fara oftast fram fyrir luktum dyrum og eru án efa mjög mikilvægur þáttur þeirrar þjónustu sem kirkjan veitir. Þrátt fyrir það er ýmislegt sem hægt er að huga að og er til þess fallið að auka öryggi einstaklinga. Til dæmis er mikilægt að stofnunin taki afstöðu til þess hvar og hvenær sólarhringsins slík viðtöl skuli fara fram og hvernig starfsmaður á að haga sér við slíkar aðstæður. Mikill munur er til dæmis á að veita sálgæslu fyrir einstakling þegar enginn annar er í húsinu eða á tíma þegar önnur starfsemi er í gangi. Eins skiptir máli að hugað sé að því hvað telst viðunandi staðsetning fyrir slíkt viðtal. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að ekki er æskilegt að láta sömu reglur gilda fyrir fullorðna og börn eða unglinga. Nauðsynlegt er að allar reglur um einstaklingsmiðuð barnastarf séu almennt strangari en við á um starf með fullorðnum. Almennt er ekki talið æskilegt að einstaklingsvinna með barni eða unglingi fari fram fyrir luktum dyrum heldur sé valinn staður þar sem þörf fyrir næði og frið er uppfyllt, til dæmis í herbergi með glugga sem ekki er dregið fyrir eða í opnu rými sem er sýnilegt en aðeins til hliðar við aðra starfsemi sem fer fram á sama tíma. Annað gott dæmi um mikilvægar reglur lýtur að því hvað sé viðeigandi snerting. Í sumum aðstæðum kann náin snerting, eins og að kyssa einhvern á kinnina eða faðma einhvern, að vera viðeigandi. Við aðrar aðstæður kann slík snerting að þykja óviðeigandi eða jafnvel vera skaðleg fyrir skjólstæðing. Þá getur einnig verið nauðsynlegt að veita leiðbeiningar um viðeigandi umræðuefni eða hvernig munnleg samskipti skuli fara fram.

Sökum þess hve fjölbreytt starfsemi kirkjunnar er þykir ljóst að sníða þarf ólíkar reglur að ólíkum þáttum starfseminnar. Oft getur verið auðvelt að draga verulega úr áhættu án þess að þjónustan við skjólstæðinginn skerðist. Því er mikilvægt að verklagsreglur fjalli með skýrum hætti um ólíkar aðstæður og þau viðmið sem nota á við mat á áhættu. Slíkt auðveldar ábyrgðaraðilum að bregðast við á viðeigandi hátt.

Þótt það sé grundvallaratriði að búa til verklagsreglur um samskipti fyrir ólíkar aðstæður er það einungis fyrsta skrefið til að draga úr hættu á kynferðisofbeldi. Verklagsreglurnar þurfa einnig að tilgreina hvaða aðstæðum og samskiptum sé rétt að fylgjast með. Ef búið er að skilgreina áhættuþætti innan stofnunarinnar er þetta verkefni auðveldara en þó verður einnig að skilgreina hver það er sem ber ábyrgð á eftirlitinu og tryggja að sá einstaklingur hafi nægilega þekkingu til að geta sinnt hlutverki sínu. Þá er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um það hvað beri að gera þegar reglur eru brotnar og óviðeigandi hegðun á sér stað. Þá er einnig mikilvægt að skýrar reglur séu til um það hvernig eigi að skrá það eftirlit sem fram fer svo og þegar óviðeigandi eða skaðleg hegðun á sér stað.

3.4 Áætlun um viðbrögð þegar grunur vaknar um eða greint er frá kynferðisofbeldi/misnotkun eða annarri óviðeigandi hegðun eða þegar starfsreglur eru brotnar

Þegar greint er frá kynferðisofbeldi/misnotkun, grunur vaknar um slíkt brot eða þegar starfsreglur eru brotnar, er mikilvægt að bregðast fljótt við og með viðeigandi hætti. Þegar skjólstæðingur leitar til starfsmanns og greinir frá kynferðisofbeldi þá skipta fyrstu viðbrögð mjög miklu máli fyrir þolandann. Polandinn veit ekki hvernig honum verður tekið eða hvort hann verður dæmdur eða útskúfaður fyrir það eitt að greina frá. Þessi ótti er gjarnan meiri ef meintur gerandi er einstaklingur sem sökum stöðu sinnar nýtur sérstakrar virðingar, eins og til dæmis prestur eða annar starfsmaður trúfélags.

Séu viðbrögðin sem þolandinn mætir neikvæð eða hann mætir ekki skilningi getur það haft þær afleiðingar að viðkomandi dregur frásögn sína til baka og er jafnvel í enn meiri hættu en áður á frekara ofbeldi/misnotkun. Mikilvægt er að starfsmaðurinn sýni þolandanum alltaf virðingu, haldi ró sinni og forðist að lýsa yfir vantrú á verknaðinum eða forðæma meintan geranda. Mikilvægt er að starfsmaðurinn tjái ekki sterkar tilfinningar sínar en slík viðbrögð geta valdið því að þolandinn greini ekki frá því sem gerðist af ótta við að valda starfsmanninum frekari þjáningu. Talið er mikilvægast að starfsmaðurinn hlusti af athygli og forðist að grípa fram í eða fylla í eyður ef þögn skapast í samtalinu. Æskilegt er

að starfsmaðurinn veiti þolandanum svigrúm til að tjá tilfinningar sínar en geri ekki ráð fyrir að hann viti hvað þolandinn er að upplifa. Æskilegt er að forðast að skilgreina það sem gerst hefur með hugtökum eins og t.d. „nauðgun“, „misnotkun“ eða „árás“, þar sem slíkt getur valdið ótta eða truflað frásögn þolandans. Ef þolandinn leitar ráða er best að svara á eins opinskáan hátt og hægt er út frá þeirri vitneskju sem viðkomandi hefur en ekki reyna að fylla í eyðurnar með getgátum. Þá er mjög mikilvægt að lofa ekki neinu sem ekki er hægt að standa við. Til dæmis ef barn eða unglingur greinir frá misnotkun og biður starfsmann að lofa því að segja ekki frá. Það getur valdið barninu miklum sársauka ef slíkt loforð er svikið. Í slíkum aðstæðum væri best að útskýra fyrir barninu, í samræmi við þroska þess, að samkvæmt lögum verði að tilkynna til barnaverndar og að einungis verði rætt við fólk sem getur hjálpað og verndað barnið.

Þrátt fyrir að starfsmaður/sjálfbóðaliði bregðist rétt við í samskiptum sínum við þolanda getur hann verið óviss og óruggur um hvað eigi að gera næst. Ef búíð er að þróa verklagsreglur og kynna þær áður en grunur vaknar eða óviðeigandi hegðun á sér stað er hægt að auka líkur á að starfsmaður/sjálfbóðaliði viti hvenær og hvernig á að bregðast við. Gagnlegt er fyrir starfsmenn að verklagsreglur veiti leiðbeiningar um hvað skal tilkynna til viðeigandi aðila innan stofnunar eða, ef um barn er að ræða, yfirvalda. Til dæmis ef einhver segir endurtekið óviðeigandi kynferðislegan brandara þá telst það ekki ástæða til tilkynningar en líklega þarf að leiðbeina einstaklingnum um viðeigandi samskipti. Hins vegar ef einhver snertir skjólstaðing hvað eftir annað á kynferðislegan hátt eða þvingar hann til kynferðislegra athafna þá ber að tilkynna það. Eins ber að skilgreina hvað er brot á starfsreglum og hvað er brot á lögum. Til dæmis ef starfsmaður hefur samskipti við ungling utan stofnunar þegar slíkt er bannað samkvæmt reglum hennar þá ber að bregðast við því jafnvel þótt ekki sé grunur um að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað. Hins vegar ef grunur er á að kynferðisofbeldi hafi átt sér stað ber ávallt að tilkynna það til yfirvalda.

Þá er gagnlegt fyrir starfsmenn/sjálfbóðaliða að fá skýrar leiðbeiningar um það hvernig á að snúa sér ef grunur vaknar um kynferðisofbeldi eða ef einhver leitar til þeirra með slíkar ásakanir. Ekki er nóg að tilgreina að viðkomandi beri að tilkynna heldur er nauðsynlegt að útlísta ítarlega hvert hægt sé að leita til að fá leiðsögn og stuðning í slíkum aðstæðum. Þá er einnig nauðsynlegt að verklagsreglurnar útlísta ítarlega við hverju starfsmaðurinn má búast frá þeim sem hann á að leita til.

Mikilvægt er að starfsmenn/sjálfbóðaliðar rannsaki ekki sjálfir ásakanir um kynferðisofbeldi. Þó er nauðsynlegt að skrá ítarlega niður

allar upplýsingar sem varða málið. Æskilegt er að verklagsreglurnar veiti leiðsögn um það hvað eigi að skrá í þessum tilfellum og hvernig það skuli gert. Þá er einnig æskilegt að reglurnar veiti leiðsögn um trúnað og hvernig hægt sé að tryggja trúnað við þá aðila sem koma að málinu. Nauðsynlegt er þó að þessar reglur stangist ekki á við lög og reglugerðir sem stofnunin lýtur.

Að lokum ber að áréttu að mikilvægt er að hafa í huga að þótt ásökun um kynferðisofbeldi komi fram þýðir það ekki að einstaklingurinn sem er ásakaður um kynferðisbrot sé sekur. Því ber að varast að stimpla hinn ásakaða sem kynferðisbrotamann. Þegar slík ásökun kemur fram er hins vegar nauðsynlegt að stofnunin sé með skýrar reglur um hvernig eigi að bregðast við. Brýnt er að slíkar reglur kveði á um hvort og þá í hvaða tilfellum starfsmanni sem ásakaður er um kynferðisofbeldi er vikið úr starfi meðan rannsókn fer fram. Eins er æskilegt að reglurnar innihaldi leiðbeiningar um möguleika á áfrýjun brottvikningar ef málið er fellt niður eða meintur gerandi er sýknaður fyrir dómi. Telji stofnun ekki viðeigandi að víkja starfsmanni úr starfi við slíkar aðstæður þá er nauðsynlegt að búið sé að móta reglur þar að lútandi. Mikilvægt er að slíkar reglur fjalli um hvað gera skal ef þolandi og meintur gerandi þurfa að vera í sama rými en slíkt getur verið erfitt og flókið að takast á við. Þá kann að vera að kirkjan komist að þeirri niðurstöðu að það stríði gegn trúarboðskap hennar að útiloka meintan geranda eða dæmdan kynferðisbrotamann frá athöfnum kirkjunnar. Í slíkum tilfellum getur til dæmis verið nauðsynlegt að komast að samkomulagi um hvenær viðkomandi aðili má mæta við kirkjulegar athafnir og þá hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að auka öryggi skjólstaðinga safnaðarins.

3.5 Þjálfun starfsfólks

Eins og fram hefur komið er það grundvöllur þess að viðbrögð við kynferðisofbeldi séu til fyrirmyndar að tryggja að starfsmenn og sjálfbodaðar stofnana hafi nægilega þekkingu og þjálfun til þess að takast á við slíkt ofbeldi. Slík þjálfun er fjölþætt og æskilegt er að hún sé ekki eingöngu í fyrirlestraformi heldur sé einnig um að ræða gagnvirka fræðslu sem felur í sér verkefnavinnu, sýnikennslu og æfingar sem stuðla að aukinni hæfni til að takast á við þetta viðkvæma málefni. Ekki er talið nægilegt að þjálfun sé veitt einu sinni heldur er æskilegt að hún sé endurtekin reglulega. Þjálfun sem þessi getur bæði verið tímafrek og kostnaðarsöm og því er grundvallaratriði að skýrt sé kveðið á um það í verklagsreglum hvernig hún á að fara fram.

Þjálfun starfsfólks ætti ávallt að innihalda fræðslu um stefnu og verklagsreglur stofnunarinnar og ábyrgð þess í að framfylgja þessum

reglum. Nauðsynlegt er að veita ítarlega fræðslu um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis, áhættuþætti þess og hvað sé hægt að gera til að bera kennsl á það. Þá er einnig æskilegt að þjálfunin feli í sér upplýsingar um fyrirmyndarsamskipti og hvernig eigi að bregðast við þegar slíkt ofbeldi kemur upp eða grunur um það vaknar. Eins er æskilegt að ræða um algengar hindranir þess að tekist sé á við vandann og hvað sé hægt að gera til að auka líkur á að brugðist sé rétt við.

3.6 Samantekt

Eins og fram hefur komið er innleiðing fyrirmyndarviðbragða við kynferðisofbeldi og leiða til forvarna innan stofnunar ekki einfalt eða auðunnið ferli. Mikilvægt er því að vinna jafnt og þétt að stefnumótun innan stofnunar um hvernig á að undirbúa og takast á við það þegar greint er frá slíku ofbeldi, móta þarf verklagsreglur og gera áætlun um hvernig á að innleiða þær. Slíkt verklag þarf stöðugt að endurskoða og þróa eftir því sem reynsla og þekking eykst. Ávallt er mikilvægt að hafa í huga að kynferðislegt ofbeldi er flókið samfélagslegt vandamál sem krefst hugrekis og skipulags ef hægt á að vera að takast á við það með viðeigandi hætti.

4. Tillögur rannsóknarnefndar kirkjuþings um úrbætur

Eins og rakið hefur verið hér að framan hafa ýmsar mikilvægar úrbætur verið gerðar á síðustu 16 árum á starfsháttum kirkjunnar þegar ásakanir á hendur starfsmanni hennar um kynferðisbrot koma fram. Með tillögum rannsóknarnefndarinnar um úrbætur sem raktar verða í þessum kafla er hins vegar leitast við að benda á þá þætti sem ætla má að stuðli að því að íslenska þjóðkirkjan verði betur í stakk búin til að takast á við það ef starfsmaður hennar er ásakaður um kynferðisbrot. Auk þess er þessum tillögum ætlað að varpa ljósi á atriði sem stuðlað geta að forvörnum og dregið úr líkum á að slíkt ofbeldi eigi sér stað innan kirkjunnar. Rannsóknarnefndin hefur flokkað tillögur sínar í eftirtalda 4 flokka:

- 1) Þróun verklagsreglna um hvernig eigi að fylgja eftir stefnumótun um meðferð kynferðisbrota.
- 2) Þróun verklagsreglna um bakgrunnsathugun sem taki til umsækjanda um starf hjá þjóðkirkjunni.
- 3) Fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti.
- 4) Samstarf fagráðs um meðferð kynferðisbrota við biskup og kirkjuyfirvöld.

Áður en lengra er haldið tekur rannsóknarnefndin skýrt fram að tillögur hennar eru settar fram með almennum hætti og þannig gert ráð fyrir því að þjóðkirkjan leggi í framhaldinu á það sjálfstætt mat með hvaða hætti tillögunum verði fylgt eftir. Það mat áskilur eðli máls samkvæmt þekkingu og reynslu á starfi kirkjunnar og einstökum þáttum þess.

4.1 Verklagsreglur um hvernig eigi að fylgja eftir stefnumótun um meðferð kynferðisbrota

Eins og fram hefur komið var stefna íslensku þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota mótuð með starfsreglum sem samþykktar voru árið 1998. Hins vegar telur nefndin æskilegt að útbúnar verði verklagsreglur um hvernig eigi að fylgja þessari stefnumótun eftir. Fyrst ber sérstaklega að nefna mikilvægi þess að semja reglur um fræðslu- og forvarnastarf innan kirkjunnar. Nauðsynlegt er að þessar reglur fjalli m.a. um fræðslu um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis, hver skuli fá slíka fræðslu og hver veiti hana og hvernig skuli viðhalda þekkingunni. Þar sem kirkjan hefur mörg ólík hlutverk með höndum og skjólstæðingar hennar er mjög fjölbreyttur hópur er mikilvægt að þessar verklagsreglur taki mið af því og fjalli sérstaklega um ólíkar leiðir til að draga úr hættu á að kynferðisofbeldi geti átt sé stað innan kirkjunnar. Slíkar reglur verða að taka mið af ólíkri starfsemi, eins og til dæmis æskulýðsstarfi, hópastarfi, og þjónustu við einstaklinga og veita leiðsögn í samræmi við ólíkar þarfir hverju sinni. Æskilegt er að slíkar reglur leiðbeini söfnuðum um hvernig þeir eigi að leggja mat á hættu innan kirkju sinnar og benda á leiðir til gera hana að öruggari stað fyrir alla skjólstæðinga hennar.

Þá telur rannsóknarnefndin mikilvægt að skilgreint sé nánar hver eigi að bera ábyrgð á að fylgja slíku fræðslu- og forvarnastarfi eftir. Í núgildandi reglum um meðferð kynferðisbrota er fagráðinu ætlað að sinna fræðslu og forvörnum í samvinnu við fræðslusvið biskupsstofu. Hins vegar er ekkert kveðið á um hvert sé hlutverk einstakra safnaða, æskulýðsfulltrúa eða annarra sem ákjósanlegt væri að bæru einhverja ábyrgð á að fylgja slíku fræðslu- og forvarnastarfi eftir. Þótt æskilegt sé að frumkvæði að fræðslu og forvarnastarfi sé hjá fagráðinu í samvinnu við fræðslusvið biskupstofu, þá má ætla að víðtækt samstarf við aðra aðila sem eru í forsvari fyrir ólíka starfsemi kirkjunnar sé nauðsynlegt ef auka á almenna þekkingu á eðli og afleiðingum kynferðisbrota og draga úr líkum á að slík brot eigi sér stað innan kirkjunnar. Nauðsynlegt er því að skýrt sé tekið fram í slíkum verklagsreglum hver sé ábyrgur fyrir því að fylgja eftir ólíkum þáttum verklagsreglnanna og hvernig eigi að bregðast við þegar reglurnar eru brotnar.

Verklagsreglur þar sem skýrt er kveðið á um viðbrögð, hver eigi að framfylgja reglunum og hvert eigi að leita til að fá aðstoð við slíka vinnu dregur úr því að vanmáttur og vanþekking hindri það að mikilvægar breytingar eigi sér stað og kirkjan skapi umhverfi þar sem dregið er eins mikið og mögulegt er úr hættu á kynferðisofbeldi.

4.2 Reglur um bakgrunnsathugun umsækjanda og sjálfboðaliða

Í síðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009 kemur fram í almennu ákvæði að hægt sé að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá um sakaferil einstaklings sem sótt hefur um starf hjá kirkjunni. Með þessu ákvæði tók kirkjan þýðingarmikið skref til að tryggja öryggi skjólstaðinga sinna. Hins vegar telur rannsóknarnefndin mikilvægt að kirkjan móti um þetta frekari reglur og þá hvort sem um launað eða ólaunað starf er að ræða. Er æskilegt að í slíkum reglum felist leiðbeiningar til starfsmanna um aðrar upplýsingar sem mikilvægt er að afla í þessu sama skyni. Þá væri gagnlegt að veita leiðbeiningar um spurningar sem æskilegt er að beina til umsækjanda í viðtali við hann til að auka líkurnar á að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort af umsækjanda stafi ógn. Í slíkum reglum ætti einnig að leggja áherslu á að kynna fyrir umsækjandanum verklagsreglur stofnunarinnar um kynferðisbrot þar sem slík kynning er talin hafa forvarnagildi og fæli hugsanlega frá mögulega gerendum.

Að lokum þykir rannsóknarnefndinni ástæða til að minna á að þó bakgrunnsathugun sé talin mikilvægur þáttur í forvörnum gegn kynferðisbrotum þá ber ávallt að hafa í huga að einungis lítill hluti kynferðisbrotamanna hefur hlotið dóm fyrir slíkt ofbeldi. Þá er það svo að stundum uppgötva einstaklingar ekki hneigð sína til slíkra brota fyrr en þeir eru í aðstöðu til þess að fremja þau.

4.3 Fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisbrota og þjálfun um æskileg viðbrögð þegar greint er frá kynferðisbroti

Árið 2005 hóf fagráð um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar að kynna starf sitt bæði á vef kirkjunnar og með útgáfu bæklinga. Síðan þá hefur hlutverk fagráðsins verið kynnt reglulega. Auk þess hefur einhver fræðsla verið veitt á vegum ráðsins, þ. á m. um heilbrigð persónu- og hlutverkamörk í starfi prestsins. Nauðsynlegt er að auka fræðslustarfið umtalsvert frá því sem verið hefur. Ber þá fyrst að nefna að reglubundin fræðsla um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis og þjálfun fyrir starfsmenn kirkjunnar til að takast á við slíkt ofbeldi er grundvöllur þess að þeir geti brugðist rétt við þegar slík mál koma upp. Þegar skjólstaðingur leitar til starfsmanns kirkjunnar og greinir frá kynferðisbroti þá skipta

fyrstu viðbrögð mjög miklu máli fyrir þolandann eins og áður er rakið. Mikilvægt er því að starfsmaðurinn hafi nægilega þekkingu til að geta sýnt þolandanum virðingu, haldið ró sinni og forðast að lýsa vantrú á því að verknaður hafi átt sér stað eða fordæma meintan geranda. Viðbrögð starfsmannsins geta haft veruleg áhrif á þolandann og mikilvægt er að hann auki ekki á þá óvissu og það óöryggi sem þolandinn kann að vera að upplifa. Samkvæmt upplýsingum frá fagráði hefur ekki verið lögð áhersla á slíka fræðslu og telur nefndin nauðsynlegt að hún sé veitt öllum starfsmönnum kirkjunnar. Þarf þessi fræðsla að vera fjölbætt og auk fyrirlestra fela í sér verkefnavinnu, sýnikennslu og æfingar sem auka hæfni starfsmannsins til að bregðast rétt við.

Þá er æskilegt að verklagsreglur verði samdar um tilkynningar til barnaverndaryfirvalda. Þegar til álita kemur að tilkynna þurfi um mál með þeim hætti vekur sú staða gjarnan ótta og óöryggi hjá fólki. Því er mikilvægt að slíkar verklagsreglur segi til um hvert sé hægt að leita til að fá ráðgjöf um hvort mál beri að tilkynna og hvernig eigi almennt að bera sig að við slíkar tilkynningar.

Þar sem fullnægjandi fræðsla og þjálfun á þessu sviði getur verið bæði tímafrek og kostnaðarsöm þá telur rannsóknarnefndin að mikilvægt sé að slík vinna sé vel ígrunduð og skipulögð í samvinnu við aðila sem getur fylgt henni nánar eftir á ábyrgan hátt. Í þessu samhengi ber að geta þess að upp á síðkastið hefur fagráðið unnið með fræðsludeild kirkjunnar með það að markmiði að fræðsludeildin komi að eða jafnvel taki við kynningar- og fræðslustarfinu. Telur rannsóknarnefndin það vera skynsamlegt skref af hálfu fagráðsins. Nefndin telur mikilvægt að kirkjuráð, sem sér um að úthluta fjármunum til fræðslu og forvarna samkvæmt starfsreglum um meðferð kynferðisbrota, tryggi viðunandi fjármagn til fræðslustarfsins.

4.4. Samstarf fagráðs um meðferð kynferðisbrota við biskup og kirkjuvirkni

Í greinargerð fagráðs kemur fram að engin formleg erindi hafa komið frá biskupi eða kirkjuráði þar sem leitað er ráðgjafar ráðsins um meðferð mála er varða kynferðisbrot. Fagráðið hefur hins vegar lagt mikið upp úr því að vinna með biskupi og upplýsa hann um þau mál sem koma inn á borð ráðsins og telur fagráðið samstarf við biskup hafa verið gott og hvetjandi fyrir störf þess. Hins vegar verður ekki framhjá því litið að biskup og kirkjuráð leituðu ekki með formlegum hætti eftir ráðgjöf fagráðs vegna erindis Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur í mars 2009 þar sem hún óskaði eftir áheyrn kirkjuráðs fyrir Sigrúnu Pálinu og sig sjálfa, sbr. nánar kafla 4 í D-hluta skýrslunnar. Í ljósi málsmeðferðar

Þess erindis, 2. gr. starfsreglna um kynferðisbrot þar sem fram kemur að öllum málum er varða ætluð kynferðisbrot innan kirkjunnar skuli vísa til fagráðs og c-liðar 4. gr. í starfsreglunum þar sem fagráði er ætlað það hlutverk að vera biskupi og kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar varðandi slík mál, leggur rannsóknarnefndin til að verklagsreglur verði mótaðar um samstarf biskups og kirkjuyfirvalda annars vegar og fagráðs hins vegar. Slíkar verklagsreglur myndu hafa það að markmiði að tryggja að ávallt sé tekið faglega á málum er varða kynferðisbrot og líkur þar með auknar á því að þolendur kynferðisbrota fái viðunandi málsmeðferð óháð því hver á í hlut. Æskilegt væri að slíkar reglur feli í sér að fagráð sé alltaf formlega kallað til og haft með í ráðum um meðferð mála. Æskilegt væri einnig að slíkar verklagsreglur innihaldi ákvæði um hvernig kirkjuyfirvöldum í samvinnu við fagráðið beri að bregðast við ef biskup eða annar háttsettur starfsmaður innan kirkjunnar er á einhvern hátt tengdur málinu og myndi teljast vanhæfur til meðferðar þess.

4.5 Samantekt og lokaorð

Eins og fram hefur komið er meðferð kynferðisbrota flókið viðfangsefni sem krefst þess að þeir aðilar sem um slík brota fjalla séu vel upplýstir um eðli, afleiðingar og fyrirmyndarviðbrögð við þeim. Fyrirmyndarviðbrögð krefjast því skýrrar stefnumótunar, skipulagningar og ekki síst eftirfylgni því auðvelt er að gleyma mikilvægi málaflokksins ef tími líður milli þess að takast þarf á við slík brot. Enginn einn þáttur eða aðgerð dugar til að koma í veg fyrir að kynferðisofbeldi eigi sér stað innan stofnunar eða undirbýr hana til að takast á við það þegar slíkt ofbeldi á sér stað. Því er nauðsynlegt að styðjast við fjölbreyttar leiðir. Þá vill rannsóknarnefndin áréttta að þróun og innleiðing aðgerða til að draga úr líkum á að kynferðisofbeldi geti átt sér stað innan kirkjunnar tekur tíma og stöðug endurskoðun þarf að eiga sér stað samhliða því sem reynsla og þekking eykst innan kirkjunnar. Rannsóknarnefndin hvetur því biskup og kirkjuyfirvöld til áframhaldandi vinnu við að gera kirkjuna öruggari stað fyrir skjólstæðinga sína þar sem fræðsla og forvarnir eru í hávegum hafðar.

HEIMILDIR

Butchart, A., Harvey, A. P., Mian, M. og Fűrinniss, M. (2006). *Preventing child maltreatment: a guide to taking action and generating evidence*. Geneva: World Health Organization.

Finkelhor, D. (2009). The prevention of childhood sexual abuse. *Future of Children*, 19, 169-94.

- Davis, N. S., Grasso, K.L., Dennis, K., Wells, S. J. og Liss, M. B. (1998). *Guidelines for the screening of persons working with children, the elderly and individuals with disabilities in need of support*. Washington, DC: Office of Juvenile Justice and Delinquency Prevention, Office of Justice Programs, U. S. Department of Justice.
- Saul, J. Audage, N. C. (2007). *Preventing child sexual abuse within youth-serving organizations: getting started on policies and procedures*. Atlanta (GA): Centers for Disease Control and Prevention, National Center for Injury Prevention and Control.
- Stinson, J. D., Sales, B. D. og Becker, J. V. (2008). *Sex Offending: Causal theories to inform research, prevention and treatment*. American Psychiatric Association: Washington, D.C.
- The John Jay College of Criminal Justice research team (Karen Terry o.fl.) (e.d.). *The nature and scope of the problem of sexual abuse of minors by catholic priests and deacons in the United States*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.nccbuscc.org/nrb/johnjaystudy/>

VIÐAUKI

Fræðileg greinargerð um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis

Dr. Berglind Guðmundsdóttir

1. Inngangur og uppbygging kaflans

Kynferðislegt ofbeldi er alvarlegt og mjög flókið samfélagslegt vandamál. Þrátt fyrir að nú sé fólk mun betur meðvitað um alvarleika vandans er ekki langt síðan lítið var vitað um kynferðislegt ofbeldi og hvernig átti að takast á við það. Yfirgripsmiklar faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að kynferðisofbeldi er ekki einungis víðtækt vandamál heldur getur það haft mjög alvarlegar og langvarandi afleiðingar. Kynferðisofbeldi veldur gjarnan miklu óöryggi, ótta og vanmætti og eru einstaklingar mjög misjafnlega í stakk búnir til þess að takast á við það þegar slíkt ofbeldi á sér stað.

Í þessum kafla verður gefið stutt yfirlit yfir umfang kynferðisofbeldis. Þá verður rætt um sérstöðu kynferðisofbeldis innan trúfélaga og tengsl geranda slíks ofbeldis við þolendur. Að lokum verður fjallað um afleiðingar kynferðisofbeldis.

2. Umfang vandans: tíðni kynferðisofbeldis

Því var lengi vel haldið fram að kynferðisofbeldi væri ekki vandamál sem samfélagið þyrfti að takast á við. Fyrir 1974 var slíkt ofbeldi lítið rannsakað og nánast ekkert vitað um áhrif þess á þolendur. Dæmi eru um að í kennslubókum fyrir geðlækna á áttunda og níunda áratugnum var því enn haldið fram að tíðni kynferðislegrar misnotkunar á börnum væri lág (ein af hverjum 1.000.000 konum) og að slík misnotkun hefði ekki alvarlegar afleiðingar (van der Kolk, 2007). Á sama tíma voru rannsóknir að hefjast á þessu sviði og árið 1974 var fyrst talað um áfall eftir nauðgun (e. Rape trauma syndrome) (Burgess og Holstrom, 1974). Í kjölfar þess var kynferðisofbeldi viðurkennt sem ein tegund áfalls sem getur haft víðtækar og alvarlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu, starfsgetu og veldur verulegri skerðingu á lífsgæðum (t.d. Kilpatrick o.fl., 1985).

Staðalmynd kynferðislegs ofbeldis er að ókunnugur karlmaður grípi tilviljanakennt í konu úti á götu, nauðgi henni og beiti öðru ofbeldi (t.d. Lonsway og Fitzgerald, 1994). Þetta er þó sjaldnast raunin. Mun algengara er að hversdagslegar aðstæður breytist skyndilega í kynferðislegt ofbeldi þar sem gerandi er einhver sem tengist þolandanum (Myhill

og Allen, 2002; Tjaden og Thoennes, 2000). Mismunandi skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi hafa verið settar fram og ólíkar flokkanir á því hvers konar athafnir teljast kynferðislegt ofbeldi. Mjög ítarleg skilgreining er sett fram af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (World Health Organization, WHO) en samkvæmt henni er kynferðislegt ofbeldi:

... allar kynferðislegar athafnir, tilraunir til að koma á kynferðislegri athöfn, óvelkomnar kynferðislegar athugasemdir eða þreifingar, eða athafnir til að versla með kynlíf eða annað sem beint er gegn kynferði einstaklings með þvingun... (Krug, Dahlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002, bls. 149).

Sambærilega skilgreiningu á kynferðislegu ofbeldi má finna í 1. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Auk þess er kynferðisleg áreitni skilgreind sérstaklega. Skilgreiningin er svo hljóðandi:

... Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi almennra hegningarlaga. Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá vinahótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm og ekki á jafnræðisgrundvelli.

Rannsóknir síðastliðna þrjá áratugi hafa leitt í ljós töluvert hærri tíðni kynferðislegs ofbeldis en upphaflega var haldið (t.d. Browne og Finkelhor, 1986; Kessler o.fl. 1995; Norris, 1992; Resnick, Kilpatrick, Dansky, Saunders og Best 1993; Creamer, Burgess og McFarlane, 2001) og slíkt ofbeldi er mun algengara í garð kvenna og stúlkna en karla og drengja (t.d. Creamer o.fl., 2001; Kessler o.fl. 1995; Resnick o.fl., 1993). Alþjóða heilbrigðismálastofnunin hefur nú lýst því yfir að kynferðisofbeldi sé víðtækt alþjóðlegt vandamál (Krug o.fl., 2002).

Erfitt er að setja fram nákvæmar tölur um hve kynferðisofbeldi er algengt, þar sem talið er að aðeins hluti þolanda greini frá reynslu sinni. Yfirgripsmiklar rannsóknir framkvæmdar á landsvísu í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa leitt í ljós að um það bil ein af hverjum fimm konum (um 18 til 20%) og einn af hverjum 25 karlmönnum (um 4%) verði fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar á lífsleiðinni (Brener, McMahon, Warren og Douglas, 1999; Fisher, Cullen og Turner, 2000; Myhill og Allen, 2002; Ruggiero o.fl., 2004; Tjaden og Thoennes, 2000). Þá hafa

erlendar faraldsfræðilegar rannsóknir sýnt að á bilinu 5–13% kvenna og um 3% karla verða fyrir alvarlegu kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur (Acierno o.fl., 2000; Basile o.fl., 2006; Finkelhor, Ormrod, Turner og Hamby, 2005; Hanson o.fl., 2001; Kilpatrick, Saunders og Smith, 2003; Tjaden og Thoensen, 2000). Þess ber þó að geta að talið er að tíðni kynferðisofbeldis hjá karlmönnum/drengjum sé vanmetin og að þeir séu ólíklegri en konur/stúlkur til þess að greina frá slíku ofbeldi (Boney-McCoy og Finkelhor, 1995). Eins hafa niðurstöður sýnt að í meirihluta (64%) tilfella er ofbeldismaðurinn einhver sem konan þekkir (Fisher, Cullen og Turner, 2000). Samkvæmt bandarískri rannsókn var tíðnin enn hærri þegar þolendur eru börn eða unglingar en þá er gerendinn kunnugur þolanda í 74% tilvika (Kilpatrick, Saunders og Smith, 2003).

Þótt lengi hafi verið ljóst af skýrslum aðila eins og Stígamóta, Kvennaathvarfs, Barnaverndarstofu og Neyðarmóttöku vegna nauðgunar að kynferðislegt ofbeldi sé víðtækt vandamál hér á landi hefur verið mikill skortur á faraldsfræðilegum rannsóknum á eðli og afleiðingum kynferðisofbeldis á Íslandi. Vaxandi áhugi fyrir því hefur þó verið meðal vísindamanna á síðustu árum og hefur slíkum rannsóknum fjölgað.

Fyrst má nefna samnorræna rannsókn sem gerð var árið 2003 meðal um 650 íslenskra kvenna eldri en 18 ára sem sóttu þjónustu kvensjúkdómalækna á árunum 1999–2001. Í þeim hópi greindu 33% kvenna frá því að hafa verið beittar kynferðislegu áreiti eða ofbeldi, þar af greindu 22,5% frá upplifun á alvarlegu kynferðisofbeldi (innþrenging lims eða einhvers annars í munn, leggöng eða endaparm, eða tilraun til slíkra athafna) einhvern tíma á ævinni. Þá höfðu 16,8% orðið fyrir *miðlungs* kynferðisofbeldi (kynfæri snert) eða *alvarlegu* kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur (Wijma og félagar, 2003). Heildartíðni kynferðisofbeldis hér á landi mældist töluvert hærri en á hinum Norðurlöndunum í rannsókninni (16,6 til 26,9%; Wijma o.fl., 2003). Eins er það herra en mælst hefur í Bandaríkjunum (um 18 til 20%; Tjaden og Thoennes, 2000). Hugsanlegt er að skýra megi hærri tíðni að hluta með því að svarhlutfall var lægra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum (Wijma o.fl., 2003). Eins ber að hafa í huga að rannsóknir hafa sýnt að kynheilbrigðisvandi er algengari meðal þolanda kynferðisofbeldis og þeir því taldir líklegri til að leita til kvensjúkdómalæknis en konur sem ekki hafa orðið fyrir slíku ofbeldi (Norris o.fl., 2002). Af þessum sökum er því varhugavert að draga almennar ályktanir af rannsókninni.

Haustið 2008 var gerð yfirgripsmikil símakönnun fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið, þar sem 3000 konur á aldrinum 18–80 ára voru valdar af handahófi og spurðar hvort karlmaður hefði beitt þær ofbeldi eftir 16 ára aldur. Svarhlutfall var 73%. Niðurstöður sýndu að

fjórðungur kvenna hafði orðið fyrir kynferðisofbeldi. Þar af höfðu 13% orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Í alþjóðlegri símakönnun frá 2005 sögðust tæplega 6% 1900 íslenskra þátttakenda af báðum kynjum hafa orðið fyrir kynferðisbroti á árunum 2000–2004. Hlutfallið var 9% meðal kvenna og hafði um helmingur þeirra orðið fyrir nauðgun, nauðgunartilraun eða grófri kynferðislegri áreitni (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005).

Þá ber að nefna skýrslur Barnaverndarstofu, en árið 2004 tók stofnunin, ásamt Rannsókn og greiningu, þátt í alþjóðlegri könnun á tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum undir 18 ára aldri. Þátttakendur voru 10.472 framhaldskólanemar á aldrinum 16 til 24 ára. Niðurstöður sýndu að 13,6% stúlkna og 2,8% drengja sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 18 ára aldur. Þá greindu 12,5% stúlkna og 2,4% drengja frá að hafa verið fengin, þvinguð eða neydd til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum fyrir 18 ára aldur (Barnaverndarstofa, 2007). Í annarri rannsókn var tíðni áfalla könnuð árið 2007 meðal 206 nemenda í 9. bekk grunnskóla og greindu 5,8% stúlkna og 1,0% drengja frá að hafa verið nauðgað (Bodvarsdóttir og Elklit, 2007).

2.1 Eðli, sérstaða og tíðni kynferðisofbeldis innan trúfélaga

Í þessum kafla verður rætt um eðli, sérstöðu og tíðni kynferðisofbeldis þar sem gerandinn er prestur eða annar starfsmaður trúfélags. Til einföldunar verður orðið *prestur* notað til að lýsa einstaklingum sem starfa sem vígðir þjónar trúfélags óháð því hvaða hlutverki þeir gegna.

Síðastliðinn áratug hefur kynferðisofbeldi innan trúfélaga verið umtalað á alþjóðlegum vettvangi. Það má helst rekja til mikils fjölda ásakana um slíkt ofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar í Bandaríkjunum. Yfirgripsmikil rannsókn þverfaglegs teymis hjá John Jay háskólanum á kynferðisofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar leiddi í ljós að á árunum 1950 til 2002 voru lagðar fram 10.667 ásakanir gegn prestum um slíkt ofbeldi. Mikill meirihluti (81%) þolenda var karlkyns, en 40% þolenda voru drengir á aldrinum 11 til 14 ára sem er töluvert hærri tíðni en meðal karlkyns þolenda almennt. Alls voru 4% (4000 einstaklingar) allra klerka í Bandaríkjunum á þessu tímabili ásakaðir um kynferðisofbeldi (The John Jay College Research Team, 2004). Þrátt fyrir að athyglin hafi mest beinst að kaþólsku kirkjunni hafa önnur kristin trúarfélög eða ólík trúfélög í vaxandi mæli áttað sig á að kynferðislegt ofbeldi er raunverulegt vandamál sem takast þarf á við á ábyrgan hátt (Fogler, Shipherd, Rowe, Jensen og Clarke, 2008a).

Fáar rannsóknir hafi verið gerðar á tíðni og eðli kynferðisofbeldis innan trúfélaga. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið eru flestar eigindlegar rannsóknir sem byggja á viðtölum við þolendur. Þó þessar rannsóknir gefi ekki heildarmynd af tíðni kynferðisofbeldis innan trúfélaga þá sýna þær ótvírætt að slíkt ofbeldi er raunverulegt vandamál og afleiðingar þess geta verið víðtækar og alvarlegar líkt og þegar aðrir gerendur eiga í hlut. Þá sýna þær einnig að eðli og afleiðingar þess eru að mörgu leyti sambærileg við annað kynferðisofbeldi og því hægt að notast við þá þekkingu sem byggst hefur upp á eðli og afleiðingum slíks ofbeldis (Fogler, Shipherd, Clarke, Jensen og Rowe, 2008b). Þó ber að hafa í huga að kynferðisofbeldi af hálfu trúarleiðtoga eða prests hefur einnig sérstöðu. Neikvæð áhrif á trú og trúariðkun þolenda geta verið umtalsverð sökum þeirrar blekkingar sem gerandinn beitir, en slíkt felur oft í sér að nota trúna til að réttlæta misnotkunina eða ofbeldið (Fogler o.fl., 2008b). Þá sýna rannsóknir að áhrif slíks ofbeldis eru að mörgu leyti sambærileg því þegar gerandinn er heilbrigðisstarfsmaður eða annarskonar fagaðili, eins og t.d. lækni, sálfræðingur, lögfræðingur, eða kennari. Í slíkum samböndum gerir þolandinn ráð fyrir því að fagaðilinn hafi hag hans ávallt í fyrirrúmi og sambandið byggir gjarnan á óskilyrtu trausti sem þolandinn ber til fagaðilans. Við ofbeldið misnotar fagaðilinn sér þetta traust tengt stöðu sinni og það vald sem því fylgir (Fogler o.fl., 2008b). Þá veitir starf trúarleiðtoga eða annarra starfsmanna trúfélags einnig auðveldan aðgang að mögulegum þolendum (Bottoms, Shaver, Goodman og Qin, 1995). Vegna valdastöðu gerenda í slíkum málum eiga þolendur oft mjög erfitt með að greina frá ofbeldinu, það er líklegra til að verða endurtekið og oft líður langur tími frá ofbeldinu þar til þolandinn greinir frá því. Þá eru fullorðnir þolendur líklegri til að greina frá misnotkun heldur en börn og unglingar sem verða fyrir slíku ofbeldi (Bottoms, o. fél., 1995; The John Jay College Research Team, 2004).

Rannsóknir benda til þess að tveir ólíkir hópar séu í sérstakri áhættu á að vera misnotaðir kynferðislega af presti. Sá fyrri eru drengir sem nálgast eða eru komnir á unglingsaldur og sá síðari eru fullorðnar konur (Fogler o.fl., 2008b). Þessar ályktanir ber þó að túlka varfærnislega þar sem mikill skortur er á rannsóknum á kynferðisofbeldi innan trúfélaga almennt.

Niðurstöður rannsóknateymis John Jay-háskóla á kynferðisofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar sýna að í um helmingi tilfella tilkynnti þolandinn sjálfur ofbeldið til kirkjunnar. Algengast var að þolandinn greindi ekki frá ofbeldinu fyrr en löngu eftir að það átti sér stað (The John Jay College Research Team, 2004). Það er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að ólíklegt er að barn sem er misnotað af einhverjum sem það

þekkir greini frá ofbeldinu og ef greint er frá því er líklegt að það dragist töluvert (Paine og Hansen, 2002). Í 13,6% tilfella var það foreldri eða forráðamaður barns sem greindi frá ofbeldinu eftir að barnið hafði greint frá því. Algengast var að haft var samband við biskupsumdæmi (e. diocese) símleiðis (30,2%) eða með bréfaskriftum (22,8%; The John Jay College Research Team, 2004).

Í rannsókn Bottoms og félaga (1995) á misnotkun sem gerst hefur innan trúfélags kemur fram að í meirihluta tilvika (65,3%) er um að ræða misnotkun af hendi trúarleiðtoga eða starfsmanna trúfélags og flest atvikin gerðust í húsakynnum trúfélags (Bottoms, o.fl., 1995). Niðurstöður rannsóknateymis John Jay-háskóla á kynferðisofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar sýndu einnig að algengast var að ofbeldið gerðist á heimili prestsins (40,9%) eða í kirkjunni (16%) en ofbeldið átt sér einnig stað á öðrum stöðum svo sem á heimili þolandans, í skólanum, í bíl eða á ferðalögum eða athöfnum á vegum kirkjunnar (The John Jay College Research Team, 2004).

Engar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi sem kanna tíðni og eðli kynferðislegs ofbeldis innan þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga og því er ekki hægt að álykta um hve víðtækur vandinn er hér á landi. Frá árinu 2005 hafa 14 mál borist fagraði íslensku þjóðkirkjunnar. Þá hafa forsvarmenn ýmissa stofnana eða samtaka sem þjónusta þolendur kynferðisofbeldis (t.d., Stígamót, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar) greint frá að einstaklingar sem þangað hafa leitað hafi upplifað slíkt ofbeldi.

3. Nokkur orð um gerendur kynferðisofbeldis og tengsl þeirra við brotþola

Lengi hefur verið leitast við að lýsa og flokka þá sem beita kynferðisofbeldi. Þótt rannsakendur hafi vissulega borið kennsl á tiltekna áhættuþætti er ekki hægt með áreiðanlegum hætti að tilgreina lýðfræðilega, sálfræðilega eða félagslega þætti sem einkenna þá sem líklegir eru til að beita aðra kynferðislegu ofbeldi (American Psychiatric Association, APA, 1999; The John Jay College Research Team, 2004). Gerendur kynferðislegs ofbeldis eru mjög fjölbreyttur hópur og koma úr öllum stigum þjóðfélagsins, menntastigum og úr öllum starfsstéttum (APA, 1999). Flestir gerendur eru karlmenn en þó er hluti þeirra kvenmenn. Mun minna er vitað um kvenkyns gerendur og flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið byggja á upplýsingum um karlkyns gerendur (APA, 1999; Stinson, Sales og Becker, 2008).

Mörgum gerendum er gjarnan lýst af vinum og fólki í nánasta umhverfi sem viðkunnanlegum, hrífandi og hjálplegum einstaklingum en öðrum er lýst sem einförum. Gerendum er oft lýst sem göðum sam-

félagsþegnum sem hjálpa öðrum og flestum kemur það á óvart þegar einstaklingurinn er ásakaður um kynferðisofbeldi. Þessir einstaklingar sækja gjarnan í aðstæður eða starfsumhverfi sem gerir þeim auðveldara að laða að sér fullorðna og/eða börn. Þeir leita gjarnan í stjórnunarstöður eða aðstöðu þar sem þeir eru fyrirmynd annarra og það auðveldar þeim að misnota aðstöðu sína og beygja reglur sér í hag (Graig, 2005; van Dam, 2006; van Dam, 2001). Gerendur kynferðisofbeldis beita gjarnan blekkingum sem geta falið í sér að lokka eða laða að sér (e. grooming) mögulegan þolanda. Slík lokkun getur falið í sér að heilla með orðum, skapa tilfinningalega eða líkamlega nánd eða gera greiða eða gefa gjafir sem ýtir undir að mögulegum þolanda finnist hann vera skuldbundinn gerandanum. Ef þolandinn er barn eða unglingur þá er algengt að gerandinn leyfi eða hvetji til hegðunar sem almennt er bönnuð, eins og að reykja eða drekka, áður en kynferðisleg áreitni hefst. Þessar ólíku aðferðir skapa gjarnan traust og öryggi og auka líkurnar á að gerandinn nái fram vilja sínum. Gerendur eru gjarnan mjög færir í að réttlæta eigin hegðun með bjöguðum röksemdafærslum og hugsunarhætti (The John Jay College Research Team, 2004; APA, 1999; Stinson, o.fl, 2008; van Dam, 2006; van Dam, 2001).

Ein leið til að flokka gerendur er eftir því hvers konar fórnarlömb þeir velja sér. Til dæmis má nefna að sumir einstaklingar greina frá ýktri kynferðislegri örvun, hugarórum (e. fantasies), löngun eða hegðun sem tengjast kynferðislegri snertingu við barn sem ekki hefur náð kynþroska. Þessi flokkur hefur verið skilgreindur sem barnagirnd (e. pedophiles). Hér á landi hafa einstaklingar sem fremja slíkt ofbeldi verið nefndir barnaníðingar. Hins vegar falla ekki allir gerendur í þennan flokk og þolendur geta verið unglingar eða fullorðnir einstaklingar. Sumir gerendur hneigjast til að misnota einungis afmarkaðan aldurshóp og/eða bara annað kynið en aðrir eru ekki með eins skýrar hneigðir. Fræðimenn hafa einnig leitast við að flokka gerendur eftir kynferðislegri hneigð þeirra. Til dæmis hefur verið gerður greinarmunur á gerendum sem einungis laðast að börnum og misnota þau (e. fixated offenders eða preferential offenders) og gerendum sem laðast fyrst og fremst að fullorðnum einstaklingum í daglegu lífi en beita síðan börn kynferðislegri misnotkun við ákveðnar aðstæður (t.d. undir miklu streituálagi, við neyslu áfengis/vímuefna) (e. regressed offenders eða situationally mediated offenders; The John Jay College Research Team, 2004). Þá má nefna gerendur sem eru siðblindir einstaklingar sem misnota allt sem þeir komast í tæri við (e. morally indiscriminant). Hver sá sem þeir telja sig geta misnotað og ekki getur varið sig getur orðið þolandi þeirra. Að lokum má nefna einstaklinga sem hafa mjög óljósar hvatir og gera tilraunir með mjög mis-

munandi kynferðislegar athafnir (e. sexually indiscriminate; APA, 1999). Hegðun geranda hefur einnig verið flokkuð eftir því hvort misnotkun á sér stað innan fjölskyldu (e. incest offenders) eða utan hennar. Að lokum má nefna flokkun gerenda eftir því hvort þeir játa brot sitt eða afneita því. Þessi dæmi gefa hugmynd um þær leiðir sem farnar hafa verið til að skilgreina hegðun gerenda og flokka hana en duga ekki til að útskýra hana til fulls. Mikilvægt er að hafa í huga að ekkert eitt skýringakerfi hefur sterkan vísindalegan stuðning. Þau skýringakerfi sem þróast hafa síðastliðinn áratug leggja áherslu á marga þætti hjá gerandanum sem ber að skoða saman, eins og til dæmis persónuleikaeinkenni, umhverfisleg áhrif, hugræna þætti, atferli, félagslegt umhverfi og geðrænan vanda (The John Jay College Research Team, 2004; Stinson o.fl, 2008).

Ofangreind umfjöllun veitir einungis innsýn inn í nokkra af þeim fjölmörgu þáttum sem hafa þarf í huga þegar leitast er við að skilja hegðun og einkenni gerenda. Frekari umfjöllun um gerendur kynferðis- ofbeldis má meðal annars finna hjá Stinson og félögum (2008), Craig (2005), APA (1999) og van Dam (2006; 2001).

Takmarkaðar upplýsingar eru til um samband þolanda og geranda kynferðisofbeldis hér á landi. Niðurstöður rannsóknar á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar leiddu í ljós að 56% þolanda árin 1998 til 2007 þekktu gerandann (Agnes Gísladóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Eyrún Jónsdóttir og Unnur Anna Valdimarsdóttir, 2011). Töluvert hærra hlutfall brotaþola sem leituðu til Stígamóta árin 2005 til 2009 þekkti gerandann eða 75,7 til 86,6% (Guðrún Jónsdóttir og Dána Sigurðardóttir, 2006; Guðrún Jónsdóttir og Svandís Nína Jónsdóttir, 2007; Ingibjörg Þórðardóttir, 2008; Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir, 2009, 2010). Þegar þessi tengsl eru skoðuð hjá skjólstæðingum Barnahúss árin 2006 til 2007 kemur í ljós að í 82–88,4% tilfella var gerandinn einhver sem barnið þekkti (Helga Rúna Péturs, 2008). Þennan mun má að einhverju leyti skýra með ólíkri þjónustu sem þessar stofnanir veita. Til að mynda er Neyðarmóttaka vegna nauðgunar bráðaþjónusta. Einstaklingar sem þangað leita eru yfirleitt eldri en 12 ára og hafa nýlega orðið fyrir kynferðisofbeldi. Stígamót er þjónusta fyrir alla þolendur kynferðisofbeldis óháð því hvenær ofbeldið gerðist og algengast er að þolendur leiti þangað mörgum árum eftir að það átti sér stað. Barnahús er hins vegar þjónusta fyrir börn og unglunga undir 18 ára aldri.

4. Afleiðingar kynferðisofbeldis

Þó enn sé mörgum spurningum ósvarað sýna rannsóknir ótvírætt að kynferðisofbeldi getur haft víðtækar og alvarlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu þolanda. Oft valda afleiðingarnar verulegri skerð-

ingu á starfsgetu og lífsgæðum þess sem verður fyrir slíku ofbeldi (t.d. Kilpatrick o.fl., 1985; Resick og Calhoun, 2001). Eins og fram hefur komið gefa rannsóknir á kynferðisofbeldi innan trúarsafnaða vísbendingar um að eðli og afleiðingar þess séu sambærilegar við annað kynferðisofbeldi. Þó geta áhrif ofbeldisins á trú og trúariðkun þolandans verið alvarleg og huga þarf sérstaklega að því (Fogler o.fl., 2008b). Hér að neðan verður fjallað í stuttu máli um algengar afleiðingar kynferðisofbeldis.

4.1 Heilsufarslegar afleiðingar kynferðisofbeldis

Kynferðislegt ofbeldi veldur oft alvarlegum geðheilsuvanda hvenær á lífsleiðinni sem það á sér stað (t.d. Boney-McCoy og Finkelhor, 1995; Kilpatrick o.fl., 1985; Kilpatrick o.fl., 2000; Saunders, Villepontaux, Lipovsky, Kilpatrick og Veronen, 1992). Ein helsta geðröskunin í kjölfar kynferðislegs ofbeldis er áfallastreituröskun (e. Posttraumatic Stress Disorder). Tíðni röskunarinnar er hæst meðal þolenda kynferðisofbeldis eða allt að 60% (Resick og Calhoun, 2001; Resnick o.fl., 1993) og er það mun hærri tíðni en við önnur áföll (t.d. 9% eftir bílslys, Blanchard og Hickling, 2004; 3,5% eftir náttúruhamfarir, Kessler o.fl., 1995). Talið er að á bilinu 20–30% barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þrói með sér áfallastreituröskun (Saxe, MacDonald og Ellis, 2006). Líkt og hjá fullorðnum geta áhrif röskunarinnar valdið verulegri og viðvarandi skerðingu á lífsgæðum (Saxe, o.fl., 2006), haft neikvæðar afleiðingar á þroska barnsins, félagshæfni og námsárangur (Dyson, 1990) og aukið óæskilega hegðun (t.d. Buka, Stichick, Birdthistle og Earls, 2001; Farrell og Sullivan, 2004) ef ekkert er að gert.

Samkvæmt fjórðu útgáfu greiningarkerfis bandaríska geðlæknafélagsins er áfallastreituröskun alvarleg kvíðaröskun (e. *DSM-IV*, American Psychiatric Association, APA, 2000). Áfallastreituröskun felur í sér að tiltekin einkenni þróast í kjölfar áfalls þar sem einstaklingur upplifir eða verður vitni að atburði sem ógnaði lífi og/eða olli alvarlegum áverka, að einstaklingi sé misboðið eða líkami hans vanvirtur. Auk þess veldur atburðurinn sálrænum viðbrögðum sem fela í sér ofsaotta, hjálparleysi eða hrylling. Hjá börnum geta þessi einkenni komið fram sem óskipulögð eða óróleg hegðun (Kilpatrick o.fl., 2003; APA, 2000). Fjölmargir atburðir geta valdið áfalli og eru ýmsar tegundir kynferðisofbeldis ofarlega á þeim lista (APA, 2000).

Einkennum áfallastreituröskunar má skipta í þrjá flokka. Fyrst má nefna stöðuga endurupplifun áfallsins sem getur falið í sér óþægilegar og uppþrengjandi minningar um atburðinn, martraðir um atburðinn, mikla sálræna vanlíðan eða líkamleg viðbrögð þegar eitthvað minnir á atburðinn. Annar flokkur einkenna er flótti frá hugsunum og atburðum tengdum áfallinu eða tilfinningadofi. Þessi einkenni fela í sér að þoland-

inn reynir að hugsa ekki eða tala um það sem gerðist eða að forðast staði eða fólk sem minna á kynferðisofbeldið (APA, 2000). Með því að forðast á þennan hátt er þolandinn að vernda sig fyrir frekari sársauka og ná tilfinningalegri fjarlægð frá atburðinum. En þótt hegðunin skapi öryggi í skamman tíma virkar hún sjaldnast til lengri tíma litíð og leiðir oft til frekari vandamála. Óttinn kann að yfirfærast á aðstæður og hluti sem eru ekki hættulegir og þar sem einstaklingurinn forðast þessar aðstæður eða fólk læri hann ekki á ný að þekkja hvað sé öruggt. Þessi hegðun getur oft haft neikvæðar afleiðingar á samskipti við annað fólk og valdið mikilli einangrun (Cohen, Mannarino og Deblinger, 2006; Resick og Calhoun, 2001). Önnur leið til að ná tilfinningalegri fjarlægð frá áfallinu er dofi. Dofinn getur falið í sér að einstaklingur getur ekki fundið fyrir kærleiksrikum tilfinningum gagnvart fólki í kringum sig eða hann finnur fyrir áhugaleysi á því sem áður var skemmtilegt. Einstaklingar sem upplifa dofaeinkenni segja gjarnan að þeim líði eins og þeir séu dauðir að innan eða að það sé eins og einhver hafi skrúfað niður styrkinn á tilfinningum þeirra. Einstaklingurinn á gjarnan erfitt með að skilja af hverju tilfinningadofinn og áhugaleysið stafar og finnst oft erfitt að útskýra það fyrir öðrum. Þessi upplifun getur því einnig leitt til félagslegrar einangrunar (APA, 2000; Taylor, 2006). Þriðji flokkurinn er ofurárvekni sem felur í sér að einstaklingi líður stöðugt eins og hann verði að vera tilbúinn til að berjast eða flýja, en slík viðbrögð líkjast gjarnan þeim líkamlegu óttaviðbrögðum sem fólk upplifði þegar kynferðisofbeldið stóð yfir. Þegar umhverfið þykir hættulaust og einstaklingur er stöðugt í viðbragðsstöðu og tilbúinn að bregðast við nýjum hættum geta þessi viðbrögð truflað daglega virkni verulega og leitt til ofþreytu. Eins geta einkenni ofurárvekni birst sem svefnörðugleikar, pirringur, reiðiköst, einbeitingarörðugleikar eða sterk viðbrögð við minnsta áreiti (APA, 2000; Resick og Calhoun, 2001). Einstaklingum með áfallastreituröskun líður gjarnan eins og einhver mikilvæg grundvallaratriði í lífi þeirra séu breytt, það sem áður var ánægjulegt er það ekki lengur, lífsviðhorf eru oft neikvæð, sjálfsmatið lægra en áður og heimurinn upplifaður sem hættulegur (Fogler o.fl., 2008b). Bataferli sumra þolenda kynferðisofbeldis er einnig hindrað með nýjum áföllum. Rannsóknir sýna til dæmis að konur sem verða fyrir nauðgun fyrir 18 ára aldur eru a.m.k. tvisvar sinnum líklegri til verða fyrir nauðgun aftur síðar á ævinni (t.d., Tjaden og Thoennes, 2000).

Þolendur kynferðislegs ofbeldis eru líklegri til að þjást einnig af a.m.k. einni annarri geðröskun, eins og alvarlegu þunglyndi, kvíða eða áfengis- og lyfjamisnotkun, en þeir sem ekki verða fyrir kynferðislegu ofbeldi (t.d. Kilpatrick o.fl., 1985; Kilpatrick o.fl., 2000; Kuo o.fl., 2003; Perkonig, Kessler, Storz og Wittchen, 2000; Kessler o.fl., 1995). Til

dæmis sýna rannsóknir að á bilinu 30–50% þeirra sem hafa áfallastreituröskun þjáist einnig af þunglyndi (Quarantini o.fl., 2009). Þá eru börn og unglingar sem verða fyrir kynferðisofbeldi í margfaldri áhættu að þjást af þunglyndi síðar á ævinni (Felitti o.fl., 1998), og hafa niðurstöður rannsókna sýnt að börn sem verða fyrir slíku ofbeldi séu í 80% aukinni áhættu á að upplifa þunglyndi á fullorðinsárum (Molnar, Buka og Kessler, 2001; Wise, Zierler, Krieger og Harlow, 2001). Þá ber að nefna sérstaklega aukna áhættu á sjálfsvígum meðal þolenda kynferðisofbeldis. Af þeim sem leituðu til Stígamóta á árunum 2004–2008 greindu 12–25% frá a.m.k. einni sjálfsvígstilraun (Stígamót, 2008). Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að konur sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi eða öðrum áföllum eru líklegri til að íhuga sjálfsvíg eða að gera tilraun til þess en aðrar konur (Dube o.fl., 2005; Edgardh og Ormstad, 2000; Oquendo o.fl., 2005).

Kynferðisofbeldi getur líka haft neikvæð áhrif á líkamlegt heilsufar. Þessi áhrif aukast verulega ef einstaklingur þjáist af áfallastreituröskun eftir áfallið (Green og Kimerling, 2004). Þolendur áfalla leita oft til lækna en aðrir og eru svefnvandamál og streita algengustu ástæður þess (Norris o.fl., 2002). Þá eru konur sem hafa orðið fyrir áföllum einnig líklegri til að meta heilsufar sitt sem bágborið (Hilden o.fl., 2004; Martin o.fl., 2008). Fjöldi rannsókna bendir til þess að þolendur áfalla séu í aukinni hættu á að þróa með sér líkamlega kvilla eða sjúkdóma, til dæmis meltingarfærasjúkdóma, stoðkerfavandamál, hjartasjúkdóma og kransæðasjúkdóma (sjá t.d. Green og Kimerling, 2004; Rheingold, Acierno og Resnick, 2003). Að lokum má nefna að rannsóknir hafa sýnt að konur sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, ýmist í æsku eða á fullorðinsárum, eru líklegri til að vera með lakara kynheilbrigði og að greinast með einhvern kynheilbrigðisvanda hjá kvensjúkdómalækni (Stenson o.fl., 2003) og eru í aukinni hættu á að eiga við vandamál að stríða á meðgöngu (Lukasse, Schei, Vangen og Øian, 2009) eða við fæðingu (Leeners o.fl., 2007; Lukasse, Vangen, Øian og Schei, 2010; Stenson o.fl., 2003).

4.2 Áhrif áfalla á grundvallarviðhorf

Áföll eins og kynferðisofbeldi geta einnig haft veruleg áhrif á hugsun og viðhorf þolenda gagnvart sjálfum sér og/eða öðru fólki og umheiminum (Ehlers og Clark, 2000; Foa, Ehlers, Clark, Tolin og Orsillo, 1999; Resick og Schnicke, 1992). Þessi áhrif geta verið sérstaklega áberandi og skaðleg fyrir tilfinningalegan, vitsmunalegan og félagslegan þroska þegar kynferðisofbeldi er beitt á mikilvægu þroskaskeiði í barnæsku eða á unglingsárum þegar einstaklingurinn er enn að mótast (Fogler o.fl., 2008b). McCann, Sakheim og Abrahamson (1988) báru kennsl á fimm

svið sem verða gjarnan fyrir truflun í kjölfar áfalla, en þau eru öryggi, traust, vald/stjórn, virðing og nánd. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að einstaklingar sem eru með áfallastreituröskun í kjölfar kynferðisofbeldis eru líklegri til að greina frá neikvæðum áhrifum á viðhorf sín á þessum fimm sviðum en einstaklingar sem ekki hafa lent í slíku áfalli eða hafa lent í slíku áfalli en ekki þróað með sér áfallastreituröskun (t.d. Resick og Schnicke, 1992; Wenninger og Ehlers, 1998, Foa o.fl., 1999).

Grundvallarviðhorf á þessum sviðum hafa mikilvæg áhrif á upplifun okkar á okkur sjálfum, öðrum og umheiminum og getu okkar til að eiga í félagslegum samskiptum við aðra. Til dæmis kann einstaklingur sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi að upplifa að allir séu hættulegir og engum sé treystandi því sá aðili sem braut á honum átti að vera öruggur og traustur. Þá kann hann að upplifa sig valdalausán því þegar ofbeldið átti sér stað missti hann öll völd og hafði enga stjórn á því sem gerðist. Þá kann einstaklingurinn að upplifa skert sjálfstraust því hann gat ekki komið í veg fyrir ofbeldið og kennir sér um það sem gerðist því hann hefði átt að sjá fyrir að gerandanum væri ekki treystandi. Þá kann einstaklingurinn að upplifa að hann sé einskis virði því kynferðisofbeldið hefði ekki gerst ef hann væri einhvers virði (t.d. Foa o.fl., 1999).

Eins og áður kom fram getur það haft sérstaklega skaðleg áhrif á þessi svið þegar gerandinn er fagaðili eða annar sem starfi sínu samkvæmt má gera ráð fyrir að hafi ávallt hag skjólstaðings síns í fyrirrúmi og byggir á óskilyrtu trausti sem þolandinn ber til fagaðilans, hér prestur eða annar starfsmaður kirkjunnar. Þegar slíkur fagaðili misnotar sér þetta traust tengt stöðu sinni er það til þess fallið að valda mikilli ringulreið hjá þolandanum. Þolandinn kann þá að upplifa algert valdaleysi og/eða svik og mikla óvissu um samband sitt við guð. Þó kynferðisofbeldi kunni að hafa þessi skaðlegu áhrif hvenær sem það gerist á lífsleiðinni er mikilvægt að hafa í huga að þessi skaði kann að vera sérstaklega mikill þegar um barn eða unglíng er að ræða. Því þarf ávallt að skoða áhrif ofbeldisins í samhengi við aldur og þroska þolandans hverju sinni og huga sérstaklega að tilfinningalegum, vitsmunalegum og félaglegum áhrifum ofbeldisins (Fogler o.fl., 2008b).

Ofangreind umfjöllun er einungis stutt samantekt á þeim afleiðingum sem kynferðisofbeldi getur haft. Frekari umfjöllun um afleiðingar kynferðisofbeldis má meðal annars finna hjá Foa og Rothbaum (1998), Myhill og Allen (2002), Tjaden og Thoennes (2000) og Cohen og fleiri (2006).

4.3 Viðbrögð samfélagsins við kynferðisofbeldi

Eins og áður kom fram var það ekki fyrir en á 8. áratug síðustu aldar sem byrjað var markvisst að auka þekkingu og bregðast á skipulagðan

hátt við kynferðisofbeldi (Burgess, 2006; Bramsen, Elklit og Niealsen, 2009). Vísindamenn og meðferðaraðilar í Norður-Ameríku voru fyrstir til að rannsaka kynferðisofbeldi og afleiðingar þess og jafnframt þróa þjónustu fyrir þolendur. Enn í dag eru þeir töluvert á undan flestum öðrum þjóðum bæði hvað varðar vísindalega þekkingu og þróun á þessu sviði (Butchart, Harvey, Mian og Fúrniss, 2006). Upp úr 1970 varð mikilvæg breyting á því hvernig þjónusta fyrir þolendur kynferðisofbeldis var skipulögð. Áherslan var lögð á að gera þjónustuna sýnilega og á ábyrgð samfélagsins en ekki þolandans. Stofnaðar voru móttökur sem veittu þverfaglega þjónustu sem fól í sér læknisfræðilega, lagalega og sálfræðilega aðstoð sem öll var til húsa á sama stað. Markmið þjónustunnar var að aðstoða þolendur við að takast á við heilsufarslegar og félagslegar afleiðingar ofbeldisins og draga úr langtímaáhrifum þess.

Á síðari hluta níunda áratugar og á tíunda áratug tuttugustu aldarinnar fóru þessi áhrif að berast til Norðurlandanna. Noregur var fyrst Norðurlandanna til að opna slíka þjónustu 1986 en Ísland fylgdi í kjölfarið níu árum síðar (Nesvold, Worm, Vala og Agnarsdóttir, 2005). Nokkur aðdragandi var að stofnun slíkrar þjónustu hér á landi. Þann 8. mars 1989, á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi og var víðtæk samstaða um málið innan hreyfingarinnar. Þá höfðu sjálfboðaliðahópar kvenna unnið að þessum málum um nokkurra ára skeið og höfðu þær forgöngu um ofangreint samstarf. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi. Þann 8. mars 1990 stofnuðu samtökin, með styrk frá ríkinu, Stígamót og voru þau fyrsta ráðgjafar- og upplýsingamiðstöðin fyrir þolendur kynferðisofbeldis hér á landi (Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir, 2010). Stofnun Stígamóta hafði þó ekki stuðning allra. Enn voru efasemdir í samfélaginu um að þörf væri á slíkri þjónustu og margir töldu kynferðislegt ofbeldi ekki vera samfélagslegt vandamál.

Árið 1993 var Neyðarmóttaka vegna nauðgunar opnuð. Um var að ræða fyrstu þverfaglegu þjónustumiðstöðina þar sem þolendur kynferðisofbeldis gátu fengið yfirgripsmikla réttarlæknisfræðilega og heilsufarslega þjónustu, sálfræðistuðning og lagalega ráðgjöf á einum stað (Agnarsdóttir og Skuladóttir, 1994). Sambærileg þjónusta fyrir börn, Barnahús, hóf starfsemi sína í nóvember 1998 (Helga Rúna Péturs, 2008). Árið 1994 var þjónusta við þolendur kynferðisofbeldis svo stofnuð í Svíþjóð (Nesvold o.fl., 2005) og 1999 í Danmörku (Bramsen, Elklit og Hielsen, 2009).

Þrátt fyrir að þekking á kynferðisofbeldi og þjónusta við þolendur hafi nú verið fyrir hendi í mörg ár telja fræðimenn og alþjóðastofnanir að það sé ekki nægilegt (t.d. Fisher, Cullen og Turner, 2000; Tjaden

og Thoennes, 2000; Butchart og fél., 2006; Krug og fél., 2002). Enn sé vandamálið víðtækt, einungis lítill hluti þolenda greinir frá ofbeldinu og enn færri leita sér aðstoðar (t.d. Smith og fél., 2000). Nú hefur Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (*World Health Organization, WHO*) lýst því yfir að nauðsynlegt sé að takast á við kynferðisofbeldi með víðtækum aðferðum sem ná til allra kerfa samfélagsins, allt frá samfélagsþegnum til stjórnsýslunnar (Butchart og fél., 2006; Krug og fél., 2002). Þá hefur stofnunin horfst í augu við að ekki er nóg að bregðast við slíku ofbeldi í gegnum réttarkerfið og með því að aðstoða þolendur slíks ofbeldis heldur verður einnig að huga að forvörnum til að draga úr tíðni kynferðisofbeldis (Butchart og fél., 2006).

4.4 Viðbrögð trúarsamfélagsins við ásökunum um kynferðisofbeldi

Erlendar rannsóknir sýna að algengt er að þolandi kynferðisofbeldis sem greinir frá ofbeldinu upplifi ekki stuðning og mæti gjarnan vantrú og höfnun af trúarsamfélagi sínu. Viðbrögð þegna kirkjunnar einkennist gjarnan af ringulreið, vantrú og tilfinningalegu uppnámi. Ljóst þykir að kynferðisofbeldi gegn einum samfélagsþegn hefur ekki bara áhrif á hann heldur einnig á fjölskyldu hans og það samfélag sem hann tilheyrir. Ásökun um kynferðisofbeldi vekur gjarnan sterkar tilfinningar og erfitt er fyrir samfélagsþegna að skilja það sem gerðist. Því getur komið fram sterk löngun í samfélaginu til að forðast að takast á við þær ásakanir sem bornar eru upp. Það að prestur eða annar starfsmaður kirkjunnar er ásakaður um kynferðisofbeldi ógnar gjarnan lífstrú einstaklinga mikið og skapar óryggi og ótta. Oft er lítið svo á að prestar séu fulltrúar þess sem er gott og siðferðislega rétt. Því er gjarnan auðveldara fyrir söfnuðinn að fordæma og hafna einum einstaklingi, þ.e. meintum þolanda, en að draga í efa góðvild og göfugleika prests sem er fulltrúi guðs og kirkjunnar í heild (Fogler o.fl., 2008a). Mikilvægt er að taka fram að enn er margt órannsakað um viðbrögð trúarsamfélagsins þegar prestur er ásakaður um kynferðisofbeldi. Þekking á alvarleika og eðli slíks ofbeldis hefur aukist í samfélaginu og hugsanlegt er að það kunni að hafa haft áhrif á hvernig trúarsamfélag bregst við þegar slíkar ásakanir koma fram. Þörf er á frekari rannsóknum til að varpa ljósi á það.

5. Samantekt

Eins og fram hefur komið er kynferðisofbeldi raunverulegt vandamál sem samfélagið þarf að horfast í augu við. Ljóst er að kynferðisofbeldi getur haft alvarlegar og langvarandi afleiðingar í för með sér. Þekking á vandanum hefur vaxið ört síðastliðna áratugi og nú hafa verið

búnar til leiðbeiningar um hvernig æskilegt sé að bregðast við þegar slíkt ofbeldi á sér stað og hvaða aðferðir hægt sé að nota til að draga úr hættunni á að slíku ofbeldi sé beitt.

Reynsla síðastliðinna áratuga hefur sýnt að það krefst hugrekkis og skipulags ef það á að takast á við þetta flókna samfélagslega vandamál með viðeigandi hætti. Nauðsynlegt er að viðurkenna að kynferðisofbeldi er raunverulegur vandi sem gjarnan veldur mikilli þjáningu, vinna að forvörnum og fræðslu um kynferðisofbeldi, kenna leiðir til að bregðast rétt við og veita meðferð við afleiðingum þess. Einungis með slíkri fjölþættri nálgun er hægt að segja að samfélag sé í stakk búið til þess að takast á við kynferðisofbeldi.

HEIMILDIR

- Acierno, R., Kilpatrick, D. G., Resnick, H., Saunders, B., De Arellano, M. og Best, C. (2000). Assault, PTSD, family substance use, and depression as risk factors for cigarette use in youth: Findings from the National Survey of Adolescents. *Journal of Traumatic Stress, 13*, 381-396.
- Agnarsdóttir, G. og Skuladóttir, S. (1994). A new rape trauma service at the emergency department of the Reykjavik City Hospital. *Arctic Medical Research, 53*, 531-533.
- Agnis Gísladóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Eyrún Jónsdóttir, Unnur Anna Valdimarsdóttir (2011). Incidence and characteristics of sexual violence against women seeking specialised emergency services in Reykjavik from 1998 through 2007. *International Journal of Obstetrics and Gynaecology* (under editorial review).
- American Psychiatric Association (1999). *Dangerous Sex Offenders: A Task Force Report of the American Psychiatric Association*. Höfundur: Washington, D.C.E.
- American Psychiatric Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (4 bindi). Washington, DC: Höfundur.
- Barnaverndarstofa (2007). *Könnun á kynferðislegri misnotkun gegn börnum á Íslandi: Niðurstöður*. Sótt 14. janúar 2008 af <http://www.bvs.is/files/file539.pdf>.
- Basile, K. C., Black, M. C., Simon, T. R., Arias, I., Brener, N. D., og Saltzman, L. E. (2006). The association between self-reported lifetime history of forced sexual intercourse and recent health-risk behaviors: Findings from the 2003 National Youth Risk Behavior Survey. *Journal of Adolescent Health, 39*, 752.e1 – 752.e7.
- Blanchard, E. B. og Hickling, E. J. (2004). *After the Crash* (2 bindi). Washington DC: American Psychological Association.
- Boney-McCoy, S. og Finkelhor, D. (1995). Psychosocial sequelae of violent victimization in a national youth sample. *Journal of Consulting and Clinical Psychology, 63*, 726-736.
- Bottoms, B. L., Shaver, P. R., Goodman, G. S. og Qin, J. (1995). In the name of god: A profile of religion-related child abuse. *Journal of Social Issues, 51*, 85-111.
- Bramsen, R. H., Elklit A. og Niealsen, L.H. 2009. A Danish model for treating victims of rape and sexual assault: The multidisciplinary public approach. *Journal of aggression, maltreatment and trauma, 18*, 886-905.

- Brener, N. D., McMahon, P. M., Warren, C. W. og Douglas, K. A. (1999). Forced sexual intercourse and associated health-risk behaviors among female college students in the united states. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 67, 252-259.
- Browne, A. og Finkelhor, D. (1986). Impact of child sexual abuse: A review of the research. *Psychological Bulletin*, 99, 66-77.
- Buka, S. L., Stichick, T. L., Birdthistle, I. og Earls, F. J. (2001). Youth Exposure to Violence: Prevalence, Risks, and Consequences. *American Journal of Orthopsychiatry*, 71, 298-310.
- Burgess, A. W. (2006). Putting trauma on the radar screen. In C.R. Figley (Ed.), *Mapping trauma and its wake: Autobiographic essays by pioneer trauma scholars* (pp. 17-31). New York: Routledge.
- Burgess, A. W. og Holmstrom, L. L. (1974). Rape trauma syndrome. *Am J Psychiatry*, 131(9), 981-986.
- Butchart, A., Harvey, A. P., Mian, M. og Fürniss, T (2006). *Preventing child maltreatment: a guide to taking action and generating evidence*. Geneva: World Health Organization.
- Bödvarsdóttir, I. og Elklit, A. (2004). Psychological reactions in Icelandic earthquake survivors. *Scandinavian Journal of Psychology*, 45(1), 3-13.
- Craig, R. J. (2005). *Personality-guided forensic psychology*. Washington, D.C.: American Psychiatric Association.
- Creamer, M., Burgess, P. og McFarlane, A. C. (2001). Post-traumatic stress disorder: findings from the Australian National Survey of Mental Health and Well-being. *Psychol Med*, 31(7), 1237-1247.
- Cohen, J. A., Mannarino, A. P. og Deblinger, E. (2006). *Treating trauma and trumatic grief in children and adolescents*. New York: Guilford Press.
- Dube, S. R., Anda, R. F., Whitfield, C. L., Brown, D. W., Felitti, V. J., Dong, M. o.fl. (2005). Long-term consequences of childhood sexual abuse by gender of victim. *Am J Prev Med*, 28(5), 430-438.
- Dyson, J. L. (1990). The effect of family violence on children´s academic performance and behavior. *Journal of the National Medical Association*, 82, 17-22.
- Edgardh, K. og Ormstad, K. (2000). Prevalence and characteristics of sexual abuse in a national sample of Swedish seventeen-year-old boys and girls. *Acta Paediatr*, 89(3), 310-319.
- Ehlers, A. og Clark, D. M. (2000). A cognitive model of posttraumatic stress disorder. *Behaviour Research and Therapy*, 38, 319-345.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík.: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Farrell, A. D. og Sullivan, T. N. (2004). Impact of witnessing violence on growth curves for problems behaviors among early adolescents in urban and rural settings. *Journal of Community Psychology*, 32, 505-525.
- Felitti, V. J., Anda, R. F., Nordenberg, D., Williamson, D. F., Spitz, A. M., Edwards, V. o.fl. (1998). Relationship of Childhood Abuse and Household Dysfunction to Many of the Leading Causes of Death in Adults: The Adverse Childhood Experiences (ACE) Study. *American Journal of Preventive Medicine*, 14(4), 245-258.
- Finkelhor, D., Ormrod, R., Turner, H. og Hamby, S. L. (2005). The Victimization of Children and Youth: A Comprehensive, National Survey. *Child Maltreatment*, 10, 5-25.

- Fisher, B. S., Cullen, F. T. og Turner, M. G. (2000). *The sexual victimization of college women*. U. S. Department of Justice, National Institute of Justice, Office of Justice Programs. Sótt 12. febrúar 2008 af <http://www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/182369.pdf>.
- Foa, E. B., Ehlers, A., Clark, D. M., Tolin, D.F., Orsillo, S.M. (1999). The Posttraumatic Cognitions Inventory (PTCI): Development and validation. *Psychological Assessment*, 11, 303–314.
- Foa, E. B., og Rothbaum, B. O. (1998). *Treating the trauma of rape: cognitive-behavioral therapy for PTSD*. New York: Guilford Press
- Fogler, J. M., Shipherd, J. C., Rowe, E., Jensen, J. og Clarke, S. (2008a). A theoretical foundation for understanding clergy-perpetrated sexual abuse. *Journal of Child Sexual Abuse*, 17, 301-328.
- Fogler, J. M., Shipherd, J. C., Clarke, S., Jensen, J. og Rowe, E. (2008b). The impact of clergy-perpetrated sexual abuse: The role of gender, development and posttraumatic stress. *Journal of Child Sexual Abuse*, 17, 329-358.
- Green, B. L. og Kimerling, R. (2004). Trauma, posttraumatic stress disorder, and health status. Í P. P. Schnurr og B. L. Green (ritstj.), *Trauma and health: Physical health consequences of exposure to extreme stress* (bls. 13–42). Washington, DC: American Psychological Association.
- Guðrún Jónsdóttir og Díana Sigurðardóttir (ritstj.) (2006). *Ársskýrsla Stígamóta 2005*. Sótt 2. febrúar 2008 af <http://stigamot.is/files.pdf/arsskyrsla2006.pdf>.
- Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir (ritstj.). (2009). *Ársskýrsla Stígamóta 2008*. Sótt 6. janúar 2011 af <http://www.stigamot.is/files/pdf/arsskyrsla2008.pdf>
- Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir (ritstj.). (2010). *Ársskýrsla Stígamóta 2009*. Sótt 6. janúar 2011 af http://www.stigamot.is/files/Stigamot_Arsskyrsla_2009.pdf
- Guðrún Jónsdóttir og Svandís Nína Jónsdóttir (ritstj.). (2007). *Ársskýrsla Stígamóta 2006*. Sótt 3. janúar 2008 af <http://stigamot.is/files.pdf/arsskyrsla2006.pdf>.
- Hanson, R. F., Saunders, B., Kilpatrick, D., Resnick, H., Crouch, J. A. og Duncan, R. (2001) Impact of Childhood Rape and Aggravated Assault on Adult Mental Health. *American Journal of Orthopsychiatry*, 71, 108–119.
- Helga Rúna Péturs (ritstj.). (2008). Barnaverndarstofa, ársskýrsla 2006-2007. Sótt 6. janúar 2011 af <http://www.bvs.is/files/file654.pdf>.
- Hilden, M., Schei, B., Swahnberg, K., Halmesmaki, E., Langhoff-Roos, J., Offerdal, K. o.fl. (2004). A history of sexual abuse and health: a Nordic multicentre study. *BJOG*, 111(10), 1121-1127.
- Ingibjörg Þórðardóttir (ritstj.) (2008). *Ársskýrsla Stígamóta 2007*.
- Kessler, R. C., Sonnega, A., Bromet, E., Hughes, M. og Nelson, C. B. (1995). Posttraumatic Stress Disorder in the National Comorbidity Survey. *Arch Gen Psychiatry*, 52(12), 1048-1060.
- Kilpatrick, D. G., Acierno, R. E., Resnick, H. S., Saunders, B. E., Best, C. L. og Schnurr, P. P. (2000). Risk factors for adolescent substance abuse and dependence: Data from a national sample. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 68, 19-30.
- Kilpatrick, D. G., Best, C. L., Veronen, L. J., Amick, A. E., Villeponteaux, L. A. og Ruff, G. A. (1985). Mental health correlates of criminal victimization: A random community survey. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 53, 866-873.
- Kilpatrick, D. G., Ruggiero, K. J., Acierno, R., Saunders, B. E., Resnick, H. S. og Best, C. L. (2003). Violence and risk of PTSD, major depression, substance abuse/de-

- pendence, and comorbidity: Results from the National Survey of Adolescents. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 71, 692-700.
- Kilpatrick, D. G., Saunders, B. E. og Smith, D. W. (2003). *Youth victimization: prevalence and implications, research in brief*. U. S. Department of Justice, National Institute of Justice, Office of Justice Programs. Sótt 12. febrúar 2008 af <http://www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/194972.pdf>.
- Krug, E. G., Dahlberg, L. L., Mercy, J. A., Zwi, A. B. og Lozano, R. (ritstj.) (2002). *World report on violence and health*. Geneva: World Health Organization.
- Kuo, C.J., Tang, H.S., Tsay, C.J., Lin, S.K., Hu, W.H. og Chen, C.C. (2003). Prevalence of Psychiatric Disorders Among Bereaved Survivors of a Disastrous Earthquake in Taiwan. *Psychiatr Serv*, 54(2), 249-251.
- Leeners, B., Stiller, R., Block, E., Gorres, G., Imthurn, B. og Rath, W. (2007). Effect of childhood sexual abuse on gynecologic care as an adult. *Psychosomatics*, 48(5), 385-393.
- Lonsway, K. A., og Fitzgerald, L. F. (1994). Rape myths: In review. *Psychology of Women Quarterly*, 18, 133-164.
- Lukasse, M., Schei, B., Vangen, S. og Øian, P. (2009). Childhood Abuse and Common Complaints in Pregnancy. *Birth*, 36(3), 190-199.
- Lukasse, M., Vangen, S., Øian, P. og Schei, B. (2010). Childhood abuse and caesarean section among primiparous women in the Norwegian Mother and Child Cohort Study. *BJOG*, 117, 1153-1157.
- Martin, S. L., Rentz, E. D., Chan, R. L., Givens, J., Sanford, C. P., Kupper, L. L. o.fl. (2008). Physical and sexual violence among North Carolina women: associations with physical health, mental health, and functional impairment. *Womens Health Issues*, 18(2), 130-140.
- McCann, I. L., Sakheim, D. K. og Abrahamson, D. J. (1988). Trauma and victimization: A model of psychological adaptation. *Counseling Psychologist*, 16, 531-594.
- Molnar, B. E., Buka, S. L. og Kessler, R. C. (2001). Child sexual abuse and subsequent psychopathology: Results from the National Comorbidity Survey. *Am J Public Health*, 91(5), 753-760.
- Myhill, A. og Allen, J. (2002). *Rape and sexual assault of women: the extent and nature of the problem: Findings from the British Crime Survey*. London: Home Office Research, Development and Statistics Directorate. Sótt 2. mars 2008 af <http://www.homeoffice.gov.uk/rds/pdfs2/hors237.pdf>
- Nesvold, H., Worm, A., Vala, U. og Agnarsdóttir, G. (2005). Different Nordic facilities for victims of sexual assault: a comparative study. *Acta Obstetricia et Gynecologica Scandinavica*, 84, 177-183.
- Norris, F. (1992). Epidemiology of trauma: Frequency and impact of different potentially traumatic events on different demographic groups. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 60, 409-418.
- Norris, F. H., Friedman, M. J., Watson, P. J., Byrne, C. M., Diaz, E. og Kaniasty, K. (2002). 60,000 disaster victims speak: Part I. An empirical review of the empirical literature, 1981-2001. *Psychiatry*, 65(3), 207-239.
- Oquendo, M., Brent, D. A., Birmaher, B., Greenhill, L., Kolko, D., Stanley, B. o.fl. (2005). Posttraumatic Stress Disorder Comorbid With Major Depression: Factors Mediating the Association With Suicidal Behavior. *Am J Psychiatry*, 162(3), 560-566.
- Paine, M. L. og Hansen, D. J. (2002). Factors influencing children to self-disclose sexual abuse. *Clinical Psychology Review*, 22, 271-295.

- Perkonig, A., Kessler, R. C., Storz, S. og Wittchen, H. U. (2000). Traumatic events and post-traumatic stress disorder in the community: prevalence, risk factors and comorbidity. *Acta Psychiatrica Scandinavica*, 101(1), 46-59.
- Quarantini, L. C., Netto, L. R., Andrade-Nascimento, M., Almeida, A. G., Sampaio, A. S., Miranda-Scippa, A. o.fl. (2009). Comorbid mood and anxiety disorders in victims of violence with posttraumatic stress disorder. *Rev Bras Psiquiatr*, 31 Suppl 2, S66-76.
- Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotápolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórn og Háskólaútgáfan.
- Resick, P. A. og Calhoun, K. S. (2001). Post-traumatic stress disorder. Í D. H. Barlow (ritstj.), *Clinical handbook of psychological disorders: A step-by-step treatment manual* (3. útgáfa, bls. 60-113). New York: The Guilford Press.
- Resick, P. A. og Schnicke, M. K. (1992). Cognitive processing therapy for sexual assault victims. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 60, 748-756.
- Resnick, H. S., Kilpatrick, D. G., Dansky, B. S., Saunders, B. E. og Best, C. L. (1993). Prevalence of civilian trauma and posttraumatic stress disorder in a representative national sample of women. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 61, 984-991.
- Rheingold, A. A., Acierno, R., & Resnick, H. (2003). Trauma, PTSD, and health risk behaviors. In P.P. Schnurr & B.L. Green (ritstj.), *Physical Health Consequences of Exposure to Extreme Stress*. Washington, D.C.: American Psychological Association.
- Ruggiero, K. J., Smith, D. W., Hanson, R. F., Resnick, H. S., Saunders, B. E., Kilpatrick, D. G. og Best, C. L. (2004). Is disclosure of childhood rape associated with mental health outcome? Results from the National Women's Study. *Child Maltreatment*, 9, 62-77.
- Saunders, B. E., Villepontoux, L. A., Lipovsky, J. A., Kilpatrick, D. G. og Veronen, L. J. (1992). Child sexual assault as a risk factor for mental disorders among women: A community survey. *Journal of Interpersonal Violence*, 7, 189-204.
- Saxe, G. N., MacDonald, H. Z. og Ellis, B. H. (2006). Psychosocial approaches for children with PTSD. Í M. J. Friedman, T. M. Keane og P. A. Resick (ritstj.), *Handbook of PTSD: Science and Practice*. (bls. 359-375). New York: Guilford Press
- Smith, D. W., Letourneau, E. J., Saunders, B. E., Kilpatrick, D. G., Resnick, H. S., & Best, C. L. (2000). Delay in disclosure of child rape: Results from a national survey. *Child Abuse & Neglect*, 24, 273-287.
- Stenson, K., Heimer, G., Lundh, C., Nordstrom, M. L., Saarinen, H. og Wenker, A. (2003). Lifetime prevalence of sexual abuse in a Swedish pregnant population. *Acta Obstet Gynecol Scand*, 82(6), 529-536.
- Stinson, J. D., Sales, B. D. og Becker, J. V. (2008). *Sex Offending: Causal theories to inform research, prevention and treatment*. American Psychiatric Association: Washington, D.C.
- Stígamót. (2008). *Ársskýrsla Stígamóta 2008*. Reykjavík.
- Taylor, S. (2006). *Clinician's Guide to PTSD: A Cognitive-Behavioral Approach*. New York: Guilford Press.
- The John Jay College of Criminal Justice research team (Karen Terry o.fl.) (ritstjóri). *The nature and scope of the problem of sexual abuse of minors by catholic priests and deacons in the United States*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.nccbuscc.org/nrb/johnjaystudy/>

- Tjaden, P. og Thoennes, N. (2000). *Full report of the prevalence, incidence and consequences of violence against women: findings from the National Violence Against Women Survey*. Washington, DC: National Institute of Justice, Office of Justice Programs.
- van Dam, C. (2006). *The socially skilled child molester: Differentiating the guilty from the falsely accused*. Accused. New York: Haworth Press.
- van Dam, C. (2001). *Identifying child molesters: Preventing child sexual abuse by recognizing the patterns of the offenders*. New York: Haworth Press
- van der Kolk, B. A. (2007). The history of trauma in psychiatry. Í M. J. Friedman, T. M. Keand, P. A. Resick (ritstj.) *Handbook of PTSD: Science and Practice*. New York: Guilford Press
- Weninger, K. og Ehlers, A. (1998). Dysfunctional cognitions and adult psychological functioning in child sexual abuse survivors. *Journal of Traumatic Stress, 11*, 281-300.
- Wijma, B., Schei, B., Swahnberg, K., Hilden, M., Offerdal, K., Pikarinen, U. o.fl. (2003). Emotional, physical, and sexual abuse in patients visiting gynaecology clinics: a Nordic cross-sectional study. *The Lancet, 361*, 2107-2113.
- Wise, L. A., Zierler, S., Krieger, N. og Harlow, B. L. (2001). Adult onset of major depressive disorder in relation to early life violent victimisation: a case-control study. *The Lancet, 358*(9285), 881-887.

FYLGISKJÖL

A. Lög og reglur.

Starfsreglur um rannsóknarnefnd um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlásyni biskupi um kynferðisbrot

Númer:

1

Ár:

2010

Starfsreglur um rannsóknarnefnd um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlásyni biskupi um kynferðisbrot.

1. gr.

Kirkjuping 2010 kýs þriggja manna rannsóknarnefnd til að rannsaka alla starfshætti og viðbrögð þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlásyni biskupi um kynferðisbrot. Nefndin skal leggja mat á hvort um mistök, vanrækslu eða visvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi verið að ræða af hálfu vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar, eða annarra þeirra sem gegnt hafa trúnaðarstörfum í þágu kirkjunnar, eftir að ásakanir um kynferðisbrot voru komnar fram og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Rannsóknarnefndin skal koma með ábendingar og tillögur um breytingar á starfsháttum kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot af hálfu starfsmanna hennar.

Forfallist einhver nefndarmanna eða láti af störfum í rannsóknarnefndinni skal forsætisnefnd kirkjupings skipa annan í hans stað.

2. gr.

Forsætisnefnd kirkjupings skal leggja fyrir þingið rökstudda tillögu um skipan nefndarinnar.

Nefndarmenn skulu vera með öllu óháðir stofnunum og embættum þjóðkirkjunnar og með engum hætti hafa átt nokkra aðkomu að ásökunum á hendur Ólafi Skúlásyni biskupi um kynferðisbrot. Þá skulu þeir ekki hafa tjáð sig opinberlega um rannsóknarnefnið.

Formaður nefndarinnar skal uppfylla skilyrði laga til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Nefndarmenn skulu að öðru leyti vegna menntunar sinnar og starfsreynslu hafa sérstaka hæfni til að rannsaka og leggja mat á þau atriði sem tiltekin eru í 1. mgr. 1. gr. og koma með ábendingar og tillögur samkvæmt 2. mgr. sömu greinar.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ber nefndarmanni að víkja sæti að því marki sem hann tengist aðilum sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

3. gr.

Rannsóknarnefndin skal eiga óheftan aðgang að öllum þeim heimildum, gögnum og skjölum, sem finnanleg kunna að vera í förum þjóðkirkjunnar og stofnana hennar og varpað geta ljósi á rannsóknarnefnið. Starfsmönnum þjóðkirkjunnar, hvort heldur er á biskupsstofu eða annars staðar, ber skylda til að greiða fyrir störfum nefndarinnar og veita henni óskorað liðsinni við gagnaöflun. Nefndin skal veita þeim einstaklingum sem telja sig hafa sætt kynferðislegri áreitni eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu Ólafs Skúlasonar biskups kost á viðtali og einnig að skila nefndinni skriflegri greinargerð sé þess óskað. Nefndin skal einnig ræða við þá starfsmenn kirkjunnar, núverandi og fyrrverandi, sem ætla má að búi yfir upplýsingum um rannsóknarnefnið og er hinum fyrrnefndu skytt að hlýða kalli hennar. Þá skal nefndin leitast við að afla annarra gagna eftir því sem frekast er kostur, bæði munnlegra og skriflegra. Nefndinni er heimilt að hljóðrita viðtöl við þá sem hún ræðir við samkvæmt 1. mgr. enda fáist til þess samþykki hlutaðeigandi.

4. gr.

Þagnarskylda samkvæmt 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara.

5. gr.

Rannsóknarnefndin tekur ákvörðun um hvernig haga skuli rannsókninni, þar á meðal um nánari afmörkun rannsóknarefnisins. Formaður stýrir fundum nefndarinnar sem skulu vera lokaðir. Halda skal fundargerð um það sem fram fer á fundunum. Nefndin getur ákveðið að hluti nefndarmanna komi fram fyrir hönd nefndarinnar á fundum eða við skýrslutökur af þeim sem nefndin ræðir við. Þá getur nefndin leitað sér aðstoðar við rannsóknina. Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum nefndarinnar geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

Purfi rannsóknarnefndin atbeina kirkjustjórnar eða úrlausnar við um tiltekin efni er tengjast störfum hennar og rannsóknarefninu leysir forsætisnefnd kirkjuþings úr því eftir því sem frekast er kostur.

Kostnaður við starf rannsóknarnefndarinnar greiðist úr kirkjumálasjóði.

6. gr.

Að gagnaöflun lokinni gerir rannsóknarnefndin þeim sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvís að vanrækslu í starfi eða vísitandi þöggun eða tilraun til þöggunar vegna ásakana um kynferðisbrot af hálfu Ólafs Skúlasonar biskups skriflega grein fyrir afstöðu sinni um þau atriði sem varða þátt hans í málinu og nefndin ihugar að fjalla um í skýrslu til kirkjuþings. Nefndin veitir viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.

Í skýrslu nefndarinnar skal gera efnislega grein fyrir andmælum samkvæmt 1. mgr.

7. gr.

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila rökstuddum niðurstöðum sínum til kirkjuþings eigi síðar en 1. júní 2011. Telji nefndin þörf á frekari fresti til að skila niðurstöðum sínum skal beiðni þess efnis borin undir forsætisnefnd kirkjuþings.

Rannsóknarnefndin skal afhenda forsætisnefnd niðurstöður sínar sem við þeim tekur í umboði kirkjuþings. Þá skal rannsóknarnefndin jafnframt kynna niðurstöður sínar opinberlega.

8. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009

1. gr. Með hugtakinu kynferðisbrot í reglum þessum er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi almennra hegningarlaga.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolands er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá vinahótum og vinsamlegri striðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm og ekki á jafnræðisgrundvelli.

[2. gr. Ef ætlað kynferðisbrot varðar barn, skal sá sem hefur vitneskju um málið, gegna skilyrðislausri tilkynningaskyldu samkvæmt gildandi lögum. Öllum málum er varða ætluð kynferðisbrot innan kirkjunnar skal vísað til fagráðs. Óheimilt er að afgreiða í söfnuði eða sóknarnefnd mál er varðar ætlað kynferðisbrot.]1)

1)Starfsreglur 952/2010 1. gr.

3. gr. Kirkjuráð útnefnr fagrád um meðferð kynferðisbrotamála. Fagrád er skipað þremur einstaklingum og þremur til vara, er hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum. Einn ráðsmanna skal vera lögfræðingur, annar skal vera guðfræðingur og sá þriðji skal vera lækni, sálfræðingur eða hjúkunarfræðingur, eða hafa sambærilega menntun. Varamenn hvers ráðsmanns skulu uppfylla sömu skilyrði. Ráðsmenn skipa einn úr sínum hópi til þess að vera formaður fagráðsins.

4. gr. Hlutverk fagráðs er eftirfarandi:

a) að fylgja eftir að mál sem varða kynferðisbrot og upp koma innan kirkjunnar, fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum þessum;

b) að heyrna umkvartanir þolanda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni;

c) að vera biskupi og kirkjuyfirdöllum til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum;

d) að fjalla um einstök mál sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og veita henni ráðgjöf um meðferð þeirra;

e) að meta árangur starfsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf;

f) að stuðla að forvörnum og fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar í samvinnu við fræðsluvið Biskupsstofu.]1)

1)Starfsreglur 952/2010 2. gr.

[5. gr. Fagrád getur leitað til utanaðkomandi aðila til að taka að sér hlutverk talsmanns þolanda í tilteknum málum.

Talsmaður starfar í umboði og á ábyrgð fagráðs. Hlutverk talsmanns er að vera þeim sem telur sig þolanda kynferðisbrots til ráðgjafar og stuðnings. Talsmaður skal hafa reynslu af því að vinna með þolendum kynferðisbrota og hafa háskólamenntun sem nýtist við verkefnið.]1)

Starfsreglur 952/2010 4. gr.

[6. gr. Telji einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr., skal hann fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá fagráði. Fagrád aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Fagrád aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega aðstoð. Fagrád skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt.]1)

Starfsreglur 952/2010 5. gr.

7. gr. Nú telur einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr. og skal hann þá fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá talsmanni. Talsmaður aðstoðar hann við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir. Talsmaður aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Talsmaður aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega hjálp og aðstoð.

Talsmaður skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt. Óheimilt er að afgreiða í söfnuði eða sóknarnefnd mál er varðar ætlað kynferðisbrot.

8. gr. Mæli lög ekki á annan veg er talsmanni, fagráðsmönnum og öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar skylt að gæta þagmælsku um einstök mál sem kunna að verða rekin á grundvelli starfsreglna þessara.

Um aðgang að upplýsingum um einstök mál skal farið að gildandi lögum á hverjum tíma.

9. gr. Kirkjuleg yfirvöld skulu sjá til þess að sálgæsla verði veitt meintum geranda, fjölskyldu hans og þeim, sem í

kirkjulegu starfi hafa verið í mikilvægu samstarfi við hann. Æskilegt er að sálgæsla þessi sé veitt af prest í heimahéraði, innan sóknar eða prófastsdæmis.

10. gr. Kostnaður við starfrækslu fagráðs og talsmanna, svo og annar kostnaður sem hlýst af starfsreglum þessum, skal greiddur úr kirkjumálasjóði samkvæmt nánari ákvörðun kirkjuráðs. Kirkjuráð ákveður við gerð fjárhagsáætlunar fyrir kirkjumálasjóð hverju sinni, framlög til fræðslustarfs og forvarna.

11. gr. Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2010. Jafnframt falla brott starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998.

Guðmundur Þór Guðmundsson, 02/12 2009

Litla þetta [Veita lýðandi vna þessu að líka þetta](#)

Fagráð um meðferð kynferðisbrota

Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna kynferðisbrots

Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna kynferðisbrots / áreitni af hálfu starfsmanns þjóðkirkjunnar skaltu setja þig í samband við fulltrúa í fagráði um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Fagráð virkjar talsmann sem á fund með þér (meintum þolanda) og leiðbeinir um framhald mála í samvinnu við Fagráð.

Ef mál varðar barn skal því tafarlaust vísað til barnaverndarnefndar og biskupi gert kunnugt um málið.

Póst til fagráðsins má senda á netfangið kynferdisbrot@kirkjan.is.

Hvað er kynferðisbrot?

Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi refsilaga.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá daðri, vinahótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm og ekki á jafnréttisgrundvelli.

(Úr 1. grein starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar)

Leiðbeiningar til prests eða þess sem hefur orðið kynferðisbrots áskynja innan þjóðkirkjunnar

- Með setningu starfsreglna 739/1998 og skipan fagráðs, setti kirkjuþing ramma sem ákvarðar hvernig unnið skuli úr umkvörtunum um kynferðisbrot af hálfu starfsmanna íslensku þjóðkirkjunnar.
- Reglur þær og leiðbeiningar sem hér er að finna taka aðeins til meintra brota sem framin eru af starfsmanni kirkjunnar, hvort sem um er að ræða einstakling í fastri stöðu, tímabundinni stöðu eða sjálfbóðaliðastarfi sem viðkomandi gegnir á vegum þjóðkirkjunnar eða safnaða hennar.
- Óheimilt er að afgreiða í söfnuði eða sóknarnefnd mál sem varða ætlað kynferðisbrot sbr. 6. grein starfsreglna 739/1998. Öllum málum sem varða ætlað kynferðisbrot skal vísað til fagráðs.
- Stuðningur við meintan geranda og/eða fjölskyldu hans og samstarfsaðila. Í 8. gr. starfsreglna um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar er kveðið á um að veita skuli meintum geranda sálgæslu, sem og fjölskyldu hans og þeim sem eru í mikilvægu samstarfi við viðkomandi. Sálgæsla þessi er á ábyrgð kirkjulegra yfirvalda og er hvatt til þess að hún verði veitt af prestri í heimahéraði, innan sóknar eða prófastsdæmis eftir því sem við á hverju sinni.

Skipan fagráðs

Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkráhusprestur, formaður
Hulda Elsa Björgvinsdóttir lögfræðingur
Vilborg Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur

Varamenn:

Halla Bachmann, lögfræðingur
Kjartan Örn Sigurbjörnsson, sjúkráhusprestur

Starfsreglur

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar eru aðgengilegar hér á vefnum undir liðnum Lög og reglur.

Nánar

Bæklingurinn [Kynferðisbrot í kirkju. Hvað ber að gera?](#) (pdf-skjal)

Barnaverndarlög



Prestafélag Íslands

FORSÍÐA FUNDARGERÐIR STJÓRN FÉLAGATAL LÖG SIÐAREGLUR

Siðareglur

Siðareglur Prestafélags Íslands

1. Inngangur

1.1 Þetta eru siðareglur presta, sem vígðir hafa verið til hins heilaga prests- og prédikunarembættis innan þjóðkirkju Íslands og presta annarra kristinna trúfélaga sem eru meðlimir í Prestafélagi Íslands. Þær eru ætlaðar þeim til stuðnings og leiðbeiningar í þjónustu við Guð og menn.

1.2. Siðareglurnar eiga að efla starfsmetnað stéttarinnar og stuðla að auknu samstarfi og samkennd hennar.

2. Köllun

2.1 Prestsembættið er sett af Drottni og er ómissandi þáttur í lífi kristinnar kirkju og köllun hennar, að boða Krist og útbreiða ríki hans. Prestsembættið sprettur upp úr hinum almenna prestsdómi allra skírðra sem kallaðir eru til að þjóna Drottni og vitna um hann í lífi sínu og starfi.

Prestur er sá sem er réttilega kallaður í kirkjunni til þjónustu orðs og sakramenta og er vígður til hennar. Prestsvígslan fyrir bæn og handayfirlagningu veitir umboð til þeirrar þjónustu innan evangelísk-lúterskrar kirkju eins og vígslubrэф kveður á um.

Prestur er þjónn og hirðir safnaðarins, en er ekki starfsmaður hans.

2.2 Grundvallarregla allra mannglegra samskipta er gullna reglan: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ (Matt. 7.12.) Prestar vilja umfram allt hafa þá reglu að leiðarljósi.

2.3 Prestsvígslan leggur prestum sérstakar skyldur á herðar í afstöðu og viðmóti við aðra. Presturinn gerir sér því far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists með virðingu eftir því sem skilningur

hans og samvíska þjóða hverju sinni. Hann ber og sérstaka ábyrgð gagnvart þeim sem minna mega sín og standa höllum fæti í tilverunni.

2.4 Sálgæsla byggist á virðingu og trúnaðartrausti og er því sérstaklega viðkvæm og vandmeðfarin. Prestur má ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstæðings, s.s. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú með öðrum hætti.

2.5 Prestur notfærir sér ekki vitneskju eða tengsl sem hann öðlast við störf sín í ábata- eða hagsmunaskyni.

2.6 Prestur fer ekki í manngreinarálit og veitir fólki sálgæslu og kirkjulega þjónustu eftir því sem við á.

2.7 Prestur innir ekki af hendi prestsþjónustu við athafnir sem ekki samrýmast helgisíðum eða boðun þjóðkirkjunnar eða sem hann treystir sér ekki til að sinna samvisku sinnar vegna.

2.8 Prestur sýnir jafnan trú og siðum annarra umburðarlyndi og forstöðumönnum og prestum annarra trúfélaga og kirkjudeilda virðingu.

2.9 Prestur ber ábyrgð á að rækja embætti sitt eftir gildandi lögum og kirkjusiðum. Hann er fulltrúi kirkju sinnar og stéttar. Hann gætir þess í starfi og einkalífi að hafa virðingu kirkjunnar og sóma stéttarinnar í heiðri.

2.10 Prestur innir jafnan embættisþjónustu sína af hendi í samræmi við gildandi helgisíði og hefðir þjóðkirkjunnar og leitar leyfis biskups til fráviks frá þeim.

2.11 Prestur sinnir af kostgæfni öðrum þeim verkefnum sem gildandi lög eða reglur kveða á um eða sem biskup felur honum á hendur, enda rúmist þau innan embættisþóknunar.

2.12 Prestur tekur ekki að sér aukastörf sem skert geta sjálfstæði hans og frelsi til þeirrar helgu þjónustu sem vígslubrjéf og vígsluheit leggja honum á herðar.

3. Saman að einu marki

Ákvæði um skyldur gagnvart starfssystemum

3.1 Prestar virða starfsvettvang hver annars og stuðla að góðu samstarfi og samkennd fremur en samkeppni innan stéttarinnar. Þeir sýna hver öðrum heilindi og virðingu í viðtali sem umtali, ráðum og gjörðum.

3.2 Þar sem fleiri en einn prestur starfa saman skulu þeir skipta með sér verkum í samráði við prófast. Verði ágreiningur milli presta skal leggja málið fyrir prófast og ef þörf krefur vísa því til biskups til úrskurðar.

3.3 Prestar vinna embættisverk fyrir starfssystkin sín án þess að krefja þau um greiðslu.

3.4 Þegar prestur sækir um embætti eða starf sýnir hann öðrum umsækjendum fyllstu tillitssemi og samstöðu Þegar prestur lætur af embætti hlutast hann ekki til um hver umsækjenda er valinn í hans stað.

3.5 Prestur gætir þess að eiga gott samstarf við samstarfsfólk sitt, sóknarnefndir og tilsjónarmenn og leitast við að stuðla að eindrægni og samhug.

3.6 Prestur gætir þess að vera málefnalegur og gætir varkárni í ummælum um kenningarleg og guðfræðileg mál, hvort sem er í samræðum eða opinberlega.

4. Trúnaður

Ákvæði um þagnarskylduna

4.1 Prestur er bundinn þagnarskyldu um allt er hann verður áskynja í starfi og leynt skal fara. Í sálgæslu og skriftum er prestur áheyrandi í Krists stað. Þess sem hann verður þannig áskynja má hann því aldrei láta uppi án samþykkis viðkomandi skjólstæðings. Presti ber að fylgja samviska sinni og sannfæringu.

4.2 Þegar prestur leitar sér faglegrar ráðgjafar eða handleiðslu varðandi mál sem hann hefur eða hefur haft með höndum, gætir hann þess að ákvæði þagnarskyldu séu virt.

4.3 Noti prestur dæmi úr starfi í ræðu eða riti skal hann sjá til þess að þau séu órekjanleg.

Samþykkt á aðalfundi Prestafélags Íslands á Húsavík 24. apríl 2007

Reglur um Siðanefnd Prestafélags Íslands

1. Stjórn Prestafélags Íslands (P.Í.) skipar siðanefnd P.Í. Í henni sitja þrír fulltrúar, skipaðir til fjögurra ára í senn. Stjórn P.Í. velur einn, sem skal vera formaður, og fer þess á leit við biskup Íslands, að hann tilnefni einn og við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands að hún tilnefni annan. Þessir sömu aðilar tilnefna einnig jafn marga varamenn. P.Í. kostar störf siðanefndar.

2. Hver sá sem telur að prestur hafi brotið framangreindar siðareglur getur kært til siðanefndar.

Siðanefnd tekur aðeins fyrir mál sem henni berast skriflega. Jafnframt skal siðanefnd afgreiða öll mál skriflega. Siðanefnd er heimilt að vísa máli frá með rökstuðningi sjái hún ástæðu til.

3. Siðanefnd gætir þess að fyllsta trúnaðar og nafnleyndar sé gætt varðandi öll málgögn og samtöl vegna meðferðar mála.

4. Siðanefnd metur hvort einhver nefndarmanna sé vanhæfur til að fjalla um kærómál vegna tengsla við kæranda eða kærðu. Sé nefndarmaður úrskurðaður vanhæfur til að fjalla um mál skal varamaður taka sæti hans. Sé hann einnig vanhæfur skal leita eftir tilnefningu stjórnar P.Í.

5. Siðanefnd heldur gjörðabók og starfar á grundvelli siðareglna P.Í. Aðilum máls skal boðið að mæta fyrir siðanefnd til að útskýra mál sitt, ávirðingar og varnir. Undir öllum kringumstæðum skulu hlutaðeigandi málsaðilar leggja fram skriflegar greinargerðir. Kæranda skal heimilt að draga kæru sína til baka hvenær sem er áður en siðanefndarmenn hafa undirritað úrskurð. Siðanefnd skal taka mál fyrir svo fljótt sem auðið er og hraða eftir föngum úrskurði sínum. Ef siðanefnd er ekki einhuga um úrskurð skal meirihlutaálit ráða niðurstöðu. Siðanefnd er skylt að ná fram niðurstöðu og má ekki víkja frá máli fyrir.

6. Hafi sá er kærður er verið félagsmaður P.Í. þegar meint brot er talið hafa verið framið, þá skal siðanefnd P.Í. fjalla um málið. Ef kæra reynist á rökum reist skal siðanefnd kveða skýrt á um hvort brotið var ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Ef brot er ámælisvert skal siðanefnd veita viðkomandi presti áminningu. Ef brotið er alvarlegt eða mjög alvarlegt vísar siðanefnd málinu til stjórnar P.Í. ásamt álitu sínu. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um hvort vísa skuli viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum, stjórn P.Í., biskupi Íslands og vígslubiskupum kynntar álitsergerðir siðanefndar.

7. Stjórn P.Í. er heimilt að fengnu samþykki siðanefndar að birta niðurstöður eða álitsergerðir siðanefndar eftir því sem þurfa þykir

8. Siðanefnd skal vera vakandi fyrir þeim ágöllum sem vera kunna á siðareglum þessum og leggja fyrir stjórn P.Í. tillögur um breytingar á þeim ef þurfa þykir.

Samþykkt á aðalfundi Prestafélags Íslands á Húsavík 24. apríl 2007

Prestafélag Íslands,
Laugavegi 31, 150 Rvk
netfang pi@kirkjan.is
© 2003-2011



Þjóðkirkjan
Biskupsstofa
Dómsmála- og
mannréttindaráðuneytið

CODEX ETHICUS

Síðareglur presta

Prestafélag Íslands 1994

- 1.1 Siðareglur presta eru ætlaðar þeim til stuðnings og leiðbeiningar í þjónustunni við Guð og menn.
- 1.2 Siðareglurnar eiga að efla sjálfsvirðingu og starfsmetnað sióttarinnar og stuðla að auknu samstarfi og samkennd hennar.
- 1.3 Siðareglurnar taka til þeirra sem vígðir hafa verið til hins heilaga prests- og prédikunarembættis innan Þjóðkirkju Íslands og/eða eru í Prestafélagi Íslands.

2. Köllun

Læðing: 10.10.2010

Ákvæði um frumskyldur þjónustunnar

- 2.1 Prestsembættið er sett af Drottni og er ómissandi þáttur í lífi kristinnar kirkju og köllun hennar, að boða Krist og útbreiða ríki hans. Prestsembættið sprettur upp úr hinum almenna prestsdómi allra skírðra sem kallaðir eru til að þjóna Drottni og vitna um hann í lífi sínu og starfi.

Prestur er sá sem er réttilega kallaður í kirkjunni til þjónustu orðs og sakramenta og er vígður til hennar. Prestsvígslan fyrir bæen og handayfirlagningu veitir umboð til þeirrar þjónustu innan evangelísk-lútherskrar kirkju. Vígslan er lífstíðarköllun og felur í sér ákall til heilags anda um kraft og styrk til þjónustunnar.

Prestur er þjónn og hirðir safnaðarins, en

er ekki starfsmaður hans. Prestur leiðir helgi-
hald safnaðarins á helgum og hátíðum,
boðar orð Guðs opinberlega í prédikun
guðsþjónustunnar og annarra helgra at-
hafna og í einrúmi sálgæslu og skrifta.
Prestur úthlutar sakramentum skírnar og
kvöldmálíðar, uppfræðir börn í meginatrið-
um kristinnar trúar og siðgæðis, fermir, gef-
ur saman hjón, veitir sálgæslu og ráðgjöf,
hlýðir skriftum, jarðsyngur látna, styður
syrgjendur til að finna huggun trúar, vonar
og kærleika í samfélaginu við frelsarann,
Jesú Krist.

Prestur er kallaður til að laða fólk til trúar
og leiða söfnuðinn að lindum orðs og sakra-
menta og styrkja með guðsþjónustu, fræðslu
og kærleiksþjónustu vitnisburð kirkjunnar um
náð Guðs og návist.

- 2.2** Grundvallarregla allra mannlegra samskipta
er gullna reglan: „Allt sem þér viljið, að aðr-
ir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim
gjöra.“ (Matt. 7.12.) Prestar vilja umfram
allt hafa þá reglu að leiðarljósi.

- 2.3** Prestsvígslan leggur prestum sérstakar skyldur á herðar í afstöðu og viðmóti við aðra. Presturinn gerir sér því far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists með virðingu eftir því sem skilningur hans og samviska bjóða hverju sinni. Hann ber og sérstaka ábyrgð gagnvart þeim sem minna mega sín og standa höllum fæti í tilverunni.
- 2.4** Sálgæsla byggist á virðingu og trúnaðartrausti og er því sérstaklega viðkvæm og vandmeðfarin. Prestur má ekki undir neinum kringumstæðum misnota aðstöðu sína sem sálusorgari eða ógna velferð skjólstæðings, t.d. með kynferðislegri áreitni, né vanvirða tilfinningar hans og tiltrú.
- 2.5** Prestur notfærir sér ekki vitneskju eða tengsl sem hann öðlast við starf sitt í ábata- eða hagsmunaskyni.
- 2.6** Prestur fer ekki í manngreinarálit og veitir fólki sálgæslu og aðra kirkjulega þjónustu án tillits til kynferðis, stöðu, skoðana, trúar,

þjóðernis, kynþáttar eða vegna annarrar sérstöðu.

- 2.7 Prestur innir ekki af hendi prestsþjónustu við athafnir sem ekki samrýmast helgisiðum eða boðun þjóðkirkjunnar eða sem hann treystir sér ekki til að sinna samvisku sinnar vegna.
- 2.8 Prestur sýnir jafnan trú og siðum annarra umburðarlyndi og forstöðumönnum og prestum annarra trúfélaga og kirkjudeilda virðingu.
- 2.9 Prestur ber sjálfstæða ábyrgð á embætti sínu, en er jafnframt fulltrúi kirkju sinnar og stéttar. Hann gætir þess því vandlega í starfi og einkalífi að hafa virðingu kirkjunnar og sóma stéttarinnar í heiðri.
- 2.10 Prestur leitast við að undirbúa og rækja skyldustörf sín af alúð og trúmennsku. Hann lætur uppbyggjast með því að taka frá nauðsynlegan tíma til íhugunar, bænar og náms og annars undirbúnings. Prestur leitast við að auka þekkingu sína og hæfni í starfi,

rannsaka ritningarnar af kostgæfni og viðhalda guðfræðimenntun sinni eftir megni.

- 2.11 Prestur leitast við að gera sér grein fyrir styrkleika sínum og takmörkunum. Fari vinnuálag fram úr því sem eðlilegt getur talist skal hann þegar í stað leita aðstoðar prófasts um breytt skipulag og starfsskilyrði.
- 2.12 Prestur reynir eftir fängum að leita sér reglubundinnar handleiðslu og leiðsagnar til að vinna gegn einangrun og því að örmagnast.
- 2.13 Prestur innir jafnan embættisþjónustu sína af hendi í samræmi við gildandi helgisiði og hefðir þjóðkirkjunnar og leitar leyfis biskups til fráviks frá þeim.
- 2.14 Prestur vandar ávallt alla kirkjubókafærslu, skýrslugerð og vottorð.
- 2.15 Prestur sinnir af kostgæfni öðrum þeim verkefnum sem gildandi lög eða reglur kveða á um eða sem biskup felur honum á hendur, enda rúmist þau innan embættisþóknunar.
- 2.16 Prestur tekur ekki að sér nein þau aukastörf

sem skert geta sjálfstæði hans og frelsi til þeirrar helgu þjónustu sem vígslubríf og vígsluheit leggja honum á herðar.

3. Saman að einu marki

Ákvæði um skyldur gagnvart starfssystkinum

- 3.1 Prestar virða starfsvettvang hver annars og stuðla að góðu samstarfi og samkennd fremur en samkeppni innan stéttarinnar.
- 3.2 Prestar sýna hver öðrum heilindi og virðingu í viðtali sem umtali, ráðum og gjörðum og forðast að gefa í skyn yfirburði sína yfir starfssystkin sín.
- 3.3 Þar sem fleiri en einn prestur starfa í prestakalli skulu þeir skipta með sér verkum í samráði við prófast og skal sóknarprestur sjá til þess að verkaskipting sé virt. Verði ágreiningur milli presta skal leggja málið fyrir prófast og ef þörf krefur vísa því til biskups til úrskurðar.

- 3.4 Prestar vinna embættisverk fyrir starfssystkin sín án endurgjalds.
- 3.5 Þegar prestur sækir um embætti eða starf sýnir hann öðrum umsækjendum fyllstu tillitssemi og samstöðu.
- 3.6 Prestur gætir þess að eiga gott samstarf við samstarfsfólk sitt, sóknarnefndir og trúnaðarmenn og leitast við að stuðla að eindrægni og samhug. Prestur sýnir yfirboðurum sínum trúnað og hollustu í hvívetna.
- 3.7 Prestur gætir þess að vera málefnalegur og gætir varkárni í ummælum um kenningarleg og guðfræðileg mál, hvort sem er í samræðum eða opinberlega.

4. Trúnaður

Codex ethicus

Ákvæði um þagnarskyldu

- 4.1 Prestur er bundinn algjörri þagnarskyldu um allt er hann verður áskynja í starfi og leynt skal fara. Í sálgæslu og skriftum er prestur áheyrandi í Kristis stað. Þess sem hann verður þannig áskynja má hann því aldrei láta uppi án samþykkis viðkomandi skjólstæðings.
- 4.2 Ef prestur fær ráðgjöf varðandi skjólstæðing ber honum að virða þagnarskylduna þannig að persónulegar upplýsingar komi ekki fram nema óhjákvæmilegt sé.
- 4.3 Prestur má aldrei nota samtöl við skjólstæðing sem dæmi í ræðu eða riti.
- 4.4 Starfslok leysa prest ekki undan þagnarskyldunni.

5. Til vitnisburðar

Codex ethicus

Ákvæði um félagslegar skyldur

- 5.1 Prestur vill vera trúr köllun sinni þannig að guðfræðimenntun hans og helgun verði kirkju og þjóð til heilla og Guði til dýrðar.
- 5.2 Prestur vill leggja sig fram um að stuðla að heill samfélagsins. Hann stendur með öllum þeim sem vinna að heilbrigði manns og heims, réttlæti, mannúð og friði.
- 5.3 Prestur vill bera vitni um kristna von og kærleika með því að láta sér annat um fólk, virða þarfir þess til lífs og sáluhjálpar og leitast við að vernda mannlífið á ólíkum skeiðum þess.
- 5.4 Prestur umgengst sköpun Guðs af ábyrgð, trúmennsku og lotningu. Öll náttúran í

margbreytileika sínum er viðfangsefni þess erindis og þjónustu sem prestinum er trúað fyrir.

- 5.5 Prestur leitast við í starfi, boðun og lífsmáta að vekja skilning og umburðarlyndi milli manna, menningarhópa og þjóða. Hann vill stuðla að sátt og samhjálp milli þjóða og leggja sitt af mörkum til hjálpar þeim sem líða vegna skorts á lífsbjörg og aðhlynningu.

Siðanefnd

- 1 Stjórn Prestafélags Íslands (P.Í.) skipar siðanefnd P.Í. Í henni sitja þrír fulltrúar, skipaðir til fjögurra ára í senn. Stjórn P.Í. velur einn, sem skal vera formaður, og fer þess á leit við biskup Íslands að hann tilnefni einn og við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands að hún tilnefni annan. Þessir sömu aðilar tilnefna einnig jafn marga varamenn. P.Í. kostar störf siðanefndar.
- 2 Hver sá sem telur að prestur hafi brotið framangreindar siðareglur getur kært til siðanefndar. Siðanefnd tekur aðeins fyrir mál sem berast henni skriflega. Jafnframt skal siðanefnd afgreiða öll mál skriflega.
- 3 Siðanefnd gætir þess að fyllsta trúnaðar og nafnleyndar sé gætt varðandi öll málgögn og samtöl vegna meðferðar mála.
- 4 Siðanefnd metur hvort einhver nefndarmanna sé vanhæfur til að fjalla um kærsmål vegna tengsla við kæranda eða kærðu. Sé nefndarmaður úrskurðaður vanhæfur til að fjalla um mál skal varamaður taka sæti

hans. Sé hann einnig vanhæfur skal leita eftir tilnefningu stjórnar P.Í.

- 5 Siðanefnd heldur gjörðabók og starfar á grundvelli siðareglna P.Í. Aðilum máls skal boðið að mæta fyrir siðanefnd til að útskýra mál sitt, ávirðingar og varnir. Undir öllum kringumstæðum skulu hlutaðeigandi málsaðilar leggja fram skriflegar greinargerðir. Kærandi skal heimilt að draga kærui sína til baka hvenær sem er áður en siðanefndarmenn hafa undirritað úrskurð. Siðanefnd skal taka mál fyrir svo fljótt sem auðið er og hraða eftir fõngum úrskurði sínum. Siðanefnd skal ekki taka fyrir mál ef eitt ár er liðið frá meintu broti til kærudags. Ef siðanefnd er ekki einhuga um úrskurð skal meirihlutaálit ráða niðurstöðu. Siðanefnd er skylt að ná fram niðurstöðu og má ekki víkja frá máli fyrir.
- 6 Ef kæra reynist á rökum reist skal siðanefnd kveða skýrt á um hvort brotið var ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Ef brot er ámælisvert skal siðanefnd veita viðkomandi

presti áminningu. Ef brotið er alvarlegt vísar siðanefnd málinu til stjórnar P.Í. ásamt áliti sínu. Ef brotið er mjög alvarlegt eða siendurtekið skal siðanefnd vísa málinu til stjórnar P.Í. og biskups Íslands ásamt áliti sínu. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um hvort vísa skuli viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum kynntar niðurstöður siðanefndar.

- 7 Siðanefnd skal vera vakandi fyrir þeim ágöllum sem vera kunna á siðareglum þessum og leggja fyrir stjórn P.Í. tillögur um breytingar á þeim ef þurfa þykir.

Ákvæði til bráðabirgða

Siðareglur þessar skulu endurskoðaðar á aðal-
fundi Prestafélags Íslands 1996.

Útiti og umbrot: Skerpla. Prentun: Steindórsprent Gutenberg.



Prestafélag Íslands

FORSÍÐA FUNDARGERÐIR STJÓRN FÉLAGATAL LÖG SÍÐAREGLUR

Lög Prestafélags Íslands

Lög Prestafélags Íslands

Samþykkt á aðalfundi 2008

1. gr. Félagið heitir Prestafélag Íslands. Skammstafað P.Í.

Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Félagar geta orðið íslenskir prestar og guðfræðingar sem starfa á grundvelli játninga þjóðkirkjunnar og skuldbinda sig síðareglum félagsins (Codex Ethicus) og greiða tilskilin félagsgjöld, sbr. 11. grein. Fagaðilar geta jafnframt orðið þeir prestar og guðfræðingar sem starfa á samkirkjulegum játningargrundvelli kristinnar kirkju, það er á grundvelli Postullegu trúarjátningarinnar, Nikeujátningarinnar og Aþanasíusarjátningarinnar. Þeir, sem ekki tilheyra Lúthersk-Evangelískri kirkju hafa þó ekki atkvæðisrétt eða rétt til setu í stjórn P.Í.

Stjórnin sker úr um ágreiningsatriði varðandi félagsaðild.

3. gr. Tilgangur félagsins er að vera málsvari íslenskra presta og guðfræðinga og gæta hagsmuna þeirra í öllu því er varðar störf þeirra og embætti, réttindi og skyldur. Félagið er í senn stéttarfélag og fagfélag presta og guðfræðinga. Félagið skal standa vörð um heill og sóma félagsmanna, stuðla að endurmenntun þeirra og efla með þeim stéttvísi og samstarf.

4. gr. Stjórn félagsins skal kosin til tveggja ára í senn og skipa hana fimm menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og kjaramálafulltrúi. Formaður skal kosinn fyrst

bundinni kosningu. Hljóti enginn meirihluta atkvæða í fyrstu umferð skal kosið strax milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Enginn skal sitja lengur í stjórn en þrjú kjörtímabil samfelld. Sé sitjandi stjórnarmaður kjörinn til formennsku hefst umboð hans með því kjöri til setu næstu tvö ár. Endurkjör er heimilt, en enginn skal gegna formennsku samfelld lengur en þrjú kjörtímabil.

Þrír stjórnarmanna skulu vera úr hópi þeirra sem félagið semur fyrir um kaup og kjör eða heyra undir kjaranefnd.

Stjórnin skal og bundin því að kjósa kjaramálafulltrúann úr þeim hópi.

Stjórnarkosning fer fram á aðalfundi félagsins og ganga tveir úr stjórn annað árið en þrír hitt. Sé formaður kjörinn úr hópi sitjandi stjórnar skal þó nýr stjórnarmaður kjörinn í hans stað til loka kjörtímabils nýkjörins formanns. Tveir varamenn skulu kosnir í stjórn hverju sinni til eins árs. Fyrsti varamaður skal ávallt vera úr hópi þeirra sem félagið semur fyrir eða heyra undir kjaranefnd.

Stjórninni er heimilt að ráða sér starfsmann.

5. gr. Stjórnin skal hafa vakandi auga með öllum þeim málum er varða hag presta og guðfræðinga, svo og hag þjóðkirkjunnar. Hún skal í hvívetna standa vörð um réttindi presta og guðfræðinga. Stjórnin skal láta sig varða fagleg málefni svo sem endurmenntunarmál og gerð og dreifingu hjálpargagna fyrir presta og guðfræðinga. Stjórnin skal stuðla að guðfræðilegri umræðu meðal félagsmanna.

Skylt er að boða til stjórnarfundar ef þrír stjórnarmenn óska þess.

6. gr. Fulltrúaráð skal starfa í félaginu og vera samráðsvettvangur. Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, einum fulltrúa frá hverri félagsdeild. Formaður félagsins er formaður fulltrúaráðsins og skal hann kalla það saman

Þegar stjórn P.Í. eða meirihluti fulltrúaráðsmanna óskar þess. Stjórninni er skylt að leggja fyrir fulltrúaráðið öll stefnumarkandi mál er varða kjör og réttindi presta. Skylt er að kalla fulltrúaráðið saman einu sinni á ári. Skal boðað til funda þess með hálfmánaðar fyrirvara.

Hver prestafélagsdeild sendir einn fulltrúa. Prófastafélagið og Samverjinn senda einn fulltrúa hvort.

Heimilt er með samþykki aðalfundar að fjölga deildum með fulltrúaréttindum eða aukaaðild.

7. gr. Félagið er aðili að Bandalagi Háskólamanna (BHM) og ber skyldur og réttindi samkvæmt lögum þess. Félagið getur enn fremur gerst aðili að öðrum félögum og/eða hagsmunasamtökum.

8. gr. Félagið hefur samstarf við prestafélög í nálægum löndum, m.a. með aðild að sambandi norrænu prestafélaganna og með þátttöku í mótum þess og fundum.

9. gr. Félagið gefur út tímarit, Kirkjuritið. Ritnefnd skal skipuð fjórum mönnum er stjórn P.Í. kýs til tveggja ára í senn. Stjórn félagsins ræður ritstjóra og er hann formaður ritnefndarinnar. Ritnefnd og ritstjóri starfa í samráði við stjórn félagsins. Stjórn P.Í. ber fjárhagslega ábyrgð á ritinu. Ritnefnd skal færa fundargjörðabók.

Aðra útgáfustarfsemi á vegum félagsins skal stjórnin annast.

10. gr. Aðalfundur skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs í senn og einn til vara. Skulu þeir hafa farið yfir alla reikninga félagsins fyrir lok febrúar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

11. gr. Félagsmenn í starfi greiða félagsgjald samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar. Það má nema allt að 1,5% af byrjunarlaunum sóknarpresta. Fagaðilar greiða félagsgjald eftir nánari ákvörðun stjórnar. Pastores emeriti eru undanþegnir greiðslu félagsgjalds. Sbr. þó 1.mgr. 2.gr. Áskrift að Kirkjuritinu skal vera innifalin í félagsgjaldi.

Stjórn félagsins er heimilt að innheimta félagsgjöld hjá launagreiðanda.

12. gr. Stjórnarmenn og aðrir fulltrúar félagsins skulu fá ferðakostnað greiddan samkvæmt þeim gjaldskrá og reglum sem í gildi eru. Um annan kostnað úrskurðar stjórn félagsins hverju sinni.

13. gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert, að jafnaði í tengslum við Synodus. Dagskrá fundarins skal auglýsa bréflaga með hálfmánaðar fyrirvara. Með fundarboði skal senda útdrátt úr skýrslu stjórnar og tillögur um lagabreytingar ef fram á að leggja. Taka má mál fyrir utan dagskrár ef fundurinn leyfir. Formaður tilnefnir fundarstjóra og fundarritara. Fundur er lögmaður ef hann er löglega boðaður.

Formaður félagsins skal flytja skýrslu á aðalfundi um störf félagsins á liðnu starfsári. Gjaldkeri skýrir frá fjárhag félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi starfsárs, sem borin skal undir atkvæði á fundinum. Þá skulu nefndir og einstaklingar, sem falin eru störf í þágu félagsins, skila skýrslu um störf og fjárhag.

Á aðalfundi ræður afl atkvæða öllum málum, nema þeim er snerta breytingar á lögum félagsins. Til lagabreytinga þarf tvo þriðju atkvæða þeirra sem á fundi eru.

Atkvæðisréttur á aðalfundi er bundinn félagsaðild sbr.

1.mgr.2.gr.

Félagsfundur skal halda þegar stjórnin ákveður eða minnst 20 félagsmanna krefjast þess. Formaður boðar félagsfundur.

14. gr. Félagið setur siðareglur (Codex Ethicus). Stjórn P.Í. er heimilt að vísa félagsmönnum um stundarsakir úr félaginu gerist þeir brotlegir. Stjórn P.Í. skal kanna gaumgæfilega alla málavexti og reynir að koma á sáttum studd niðurstöðu siðanefndar.

*Prestafélag Íslands,
Laugavegi 31, 150 Rvk
netfang pi@kirkjan.is
© 2003-2011*



Þjóðkirkjan
Biskupsstofa
Dómsmála- og
mannréttindaráðuneytið

Lög Prestafélags Íslands

Lög Prestafélags Íslands

Samþykkt á aðalfundi 1992

1. gr. Félagið heitir Prestafélag Íslands. Skammstafað P.Í. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr. Félagar geta orðið íslenskir prestar og guðfræðingar sem starfa á grundvelli játningar þjóðkirkjunnar og skuldbinda sig siðareglum félagsins (Codex Ethicus) og greiða tilskilin félagsgjöld, sbr. 11. gr. Stjórnin sker úr um ágreiningsatriði varðandi félagsaðild.
3. gr. Tilgangur félagsins er að vera málsvari íslenskra presta og guðfræðinga og gæta hagsmuna þeirra í öllu því er varðar störf þeirra og embætti, réttindi og skyldur. Félagið er í senn stéttarfélag og fagfélag presta og guðfræðinga. Félagið skal standa vörð um heill og sóma félagsmanna, stuðla að endurmenntun þeirra og efla með þeim stéttvísi og samstarf.
4. gr. Stjórn félagsins skal kosin til tveggja ára í senn og skipa hana fimm menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og kjaramálafulltrúi. Formaður skal kosinn fyrst bundinni kosningu. Hljóti enginn meirihluta atkvæða í fyrstu umferð skal kosið strax milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Enginn skal sitja lengur í stjórn en þrjú kjörtímabil samfellt. Þrír stjórnarmanna skulu vera úr hópi þeirra sem félagið semur fyrir um kaup og kjör eða heyra undir kjaradóm. Stjórnin skal og bundin því að kjósa kjaramálafulltrúann úr þeim hópi. Stjórnarkosning fer fram á aðalfundi félagsins og ganga tveir úr stjórn annað árið en þrír hitt. Tveir varamenn skulu kosnir í stjórn hverju sinni til eins árs. Fyrsti varamaður skal ávallt vera úr hópi þeirra sem félagið semur fyrir eða heyra undir Kjaradóm. Stjórninni er heimilt að ráða sér starfsmann.
5. gr. Stjórnin skal hafa vakandi auga með öllum þeim málum er varða hag presta og guðfræðinga, svo og hag þjóðkirkjunnar. Hún skal í hvívetna standa vörð um réttindi presta og guðfræðinga. Stjórnin skal láta sig varða fagleg málefni svo sem endurmenntunarmál og gerð og dreifingu hjálpargagna fyrir presta og guðfræðinga. Stjórnin stuðli og að guðfræðilegri umræðu meðal félagsmanna. Formaður boðar stjórnarfund. Skylt er að boða til stjórnarfundar ef þrír stjórnarmenn óska þess.
6. gr. Fulltrúaráð skal starfa í félaginu og vera skipað stjórn félagsins, fulltrúa frá hverri félagsdeild, frá próföstum og fulltrúa þeirra presta er sérþjónusta gegna. Formaður félagsins er formaður fulltrúaráðsins og skal hann kalla það saman þegar stjórn P.Í. eða meirihluti fulltrúaráðsmanna óskar þess. Stjórninni er skylt að leggja fyrir fulltrúaráðið öll stefnumarkandi mál er varða kjör og réttindi presta. Skylt er að kalla fulltrúaráðið saman einu sinni á ári. Skal boðað til funda þess með hálfmánaðar fyrirvara. Fulltrúar skiptast þannig milli félagsdeilda: Tveir skulu vera frá Prestafélagi Suðurlands, einn frá Hallgrímsdeild Prestafélags Íslands, einn frá Prestafélagi Vestfjarða, einn frá Prestafélagi hins forna Hólastiftis, einn frá Prestafélagi Austurlands, einn frá Prófatafélagi Íslands og einn frá prestum í sérþjónustu. Heimilt er með samþykki aðalfundar að fjölga deildum með fulltrúaréttindum.
7. gr. Félagið er aðili að Bandalagi Háskólanna (BHM) og ber skyldur og réttindi samkvæmt lögum þess. Félagið getur enn fremur gerst aðili að öðrum félögum og/eða hagsmunasamtökum.
8. gr. Félagið hefur samstarf við prestafélög í nálægum löndum, m.a. með aðild að sambandi norrænu prestafélaganna (Nordiska Prästförbundet), og með þátttöku í mótum þess og fundum.
9. gr. Félagið gefur úr timarit, Kirkjuritíð. Ritnefnd skal skipuð fjórum mönnum er stjórn P.Í. kýs til tveggja ára í senn. Stjórn félagsins ræður ritstjóra til þriggja ára og er hann formaður ritnefndarinnar. Ritnefnd og ritstjóri starfa í samráði við stjórn félagsins. Stjórn P.Í. ber fjárhagslega ábyrgð á ritinu. Ritnefnd skal færa fundargjörðabók. Aðra útgáfustarfsemi á vegum félagsins skal stjórnin annast.
10. gr. Aðalfundur skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs í senn og einn til vara. Skulu þeir hafa farið yfir alla reikninga félagsins fyrir apríllök. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

11. gr. Félagsmenn í starfi greiða félagsgjald samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar. Það má nema allt að 1,5% af byrjunarlaunum sóknarpresta. Aðrir félagsmenn greiða félagsgjald eftir nánari ákvörðun stjórnar. Áskrift að Kirkjuritinu skal vera innifalin í félagsgjaldi. Stjórn félagsins er heimilt að innheimta félagsgjöld hjá launagreiðanda.

12. gr. Stjórnarmenn og aðrir fulltrúar félagsins skulu fá ferðakostnað greiddan samkvæmt þeim gjaldskrárum og reglum sem í gildi eru. Um annan kostnað úrskurðar stjórn félagsins hverju sinni.

13. gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert, að jafnaði í tengslum við Synodus. Dagskrá fundarins skal auglýsa bréfléga með hálfis mánaðar fyrirvara. Með fundarboði skal senda útdrátt úr skýrslu stjórnar og tillögur um lagabreytingar ef fram á að leggja. Taka má mál fyrir utan dagskár ef fundurinn leyfir. Formaður tilnefnir fundarstjóra og fundarritara. Fundur er lögmaður ef hann er löglega boðaður.

Formaður félagsins skal flytja skýrslu á aðalfundi um störf félagsins á liðnu starfsári. Gjaldkeri skýrir frá fjárhag félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi starfsárs, sem borin skal undir atkvæði á fundinum. Þá skulu nefndir og einstaklingar, sem falin eru störf í þágu félagsins, skila skýrslu um störf og fjárhag.

Á aðalfundi ræður afl atkvæða öllum málum, nema þeim er snerta breytingar á lögum félagsins. Til lagabreytinga þarf tvo þriðju atkvæða þeirra sem á fundi eru.

Aukafundi skal halda þegar stjórnin ákveður eða minnst 20 félagsmanna krefjast þess.

14. gr. Félagið setur reglur um framkomu félagsmanna sín á milli og útávið (Codex Ethicus). Mönnum sem brotlegir gerast má vísa úr félaginu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef aðalfundur samþykkir. Stjórn félagsins eða nefnd á vegum hennar skal áður en til slíkra aðgerða kemur hafa athugað alla málavexti gaumgæfilega og reynt að leiðrétta misskilning og koma á sáttum.

**B Athugasemdabréf á grundvelli 6. gr. starfsreglna
(andmæli) (stafrófsröð).**

Svar við bréfi Rannsóknarnefndar Kirkjubings dags. 27. apríl 2007

Róbert R. Spanó!

Sæll

Varðandi lið 1. Svar mitt er nei. Sú afstaða mín hefur ekkert breyst frá árinu 1996 að stjórnir í stéttarfélögum eiga ekki að fjalla efnislega um kynferðisafbrotamál.

Varðandi lið 2. Í ljósi þess að mál þeirra var alloft til umfjöllunar með einum eða öðrum hætti voru það mistök að fá þær ekki á fund formlega eða óformlega.


Ein athugasemd: Setning höfð eftir Geir Waage á bls 84 „Auðvitað hafi allt lekið beint til biskups á meðan Baldur Kristjánsson biskupsritari sat fundina“ er bæði særandi en um leið upplýsandi. Undirritaður gætti þess ávallt að halda trúnað við félagi sína í stjórn P.Í. og taldi sig ekki skyldugan til að gefa biskupi skýrslu um það sem fram fór á fundum og sýndi honum aldrei nein gögn sem ekki voru opinber. (Á ensku er hugtakið „integrity“ og er það dýrmætasta sem maður á og ég hef alltaf leitast við að halda mínu). Það verður að hafa í huga að ég var búinn að vera í stjórninni síðan 1990 (var elstur og reyndastur) og átti mikinn þátt í því að gera félagið að öflugu kjaramálafélagi sem leiddi til hagstæðs Kjaradóms 1992. Þrátt fyrir að verða staðgengill biskups og fulltrúi hans á ýmsum vettvangi (frá 1. ágúst 1995) leit ég aldrei á mig sem fulltrúa hans í stjórn prestafélagsins. Þar var ég lýðræðislega kjörinn sem einn af fulltrúum presta (varaformaður þegar þetta var). Félagar mínir í stjórninni litu öðru vísi á enda sagði ég mig frá málu. Þrjóska mín á fundinum 6. maí 1996 (þegar Bolli Gústafsson er kominn með biskupsvald) verður ekki skilin nema þetta sé haft í huga, og ummæli mín á fundi 15. maí. Ég vildi vera þarna inni ekki til þess að vernda biskup eða tala máli hans. Ég vildi ekki vera settur út af hinu félagslega „sakramenti“ vegna starfs míns.

Í raun og veru voru allir prestar jafn mikið eða lítið vanhæfir í svona stöðu því að biskup er hirðir, sálusorgari og trúnaðarvinur og fyrirmynd allra presta. Enda átti stéttin erfitt með að hugsa skýrt.

Erfiðir tímar voru þetta fyrir alfa sem þorðu að taka þátt í þeim.

Með vinsemd og virðingu

Baldur Kristjánsson



P.s. Ég hygg að lýsing Geirs Waage á gangaátökum ÓS og hans sjálfs sé fullt eins rétt og mín. Ég man þetta bara efnislega. Það var hrópað og það var rafmagnað og ofbeldisfullt andrúmsloft og maður hugsaði. Er maður í fullorðinsmannalandi. B.



Til rannsóknarnefndar kirkjubings.

Svar við bréfi nefndarinnar dags. 27. apríl 2011. Spurt er um tvennt:

1. Hvort það hafi verið mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar Prestafélags Íslands (PÍ) í merkingu 1. gr. starfsreglna að hafa ekki fjallað efnislega um erindi Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur, dags. 25. janúar 1996, eftir að siðanefnd félagsins hafi vísað "öðrum afurðum" þess til stjórnar PÍ 15. febrúar 1996, og fyrir að hafa látið hjá líða að afgreiða þann þátt málsins með fornlegri og endanlegri ákvörðun stjórnarinnar í samræmi við siðareglur PÍ frá 1994.
2. Hvort það hafi verið mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar Prestafélags Íslands (PÍ) í merkingu 1. gr. starfsreglnanna að hafa aldrei gefið þeim Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Stefaníu Þorgrímsdóttur kost á að koma á fund stjórnarinnar, í samræmi við þau sjónarmið sem þjuggu að baki 5. gr. í þeim kafla siðareglna sem fjallar um siðanefnd PÍ frá 1994, í tilfni af erindum sem þær sendu siðanefnd og stjórn PÍ og stjórnin hafði til meðferðar í janúar, febrúar og mars 1996.

Siðareglurnar voru ræddar og samþykktar á aðalfundi P.Í. í Vestmannaeyjum 1992. Þær leystu af hólmi löngu úreltar reglur. Einstök ákvæði í nýju siðareglunum voru ekki óumdeild og varð sérstök umræða um ákvæði um kynferðislegt ofbeldi af hálfu þjóna kirkjunnar. Einum af eldri mönnum í stéttinni þótti fráleitt að slíkt gæti gerst, en yngri kvenprestur tók af öll tvímæli um það að ofbeldi sé víða beitt í mannlegu samfélagi.

Í 6. gr. siðareglna, sem settar voru 1992, um siðanefnd segir:

Ef kæra reynist á rökum reist skal siðanefnd kveða skýrt á um hvort brotið var ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Ef brotið er ámælisvert *skal siðanefnd veita viðkomandi prest áminningu*. Ef brotið er alvarlegt *vísar siðanefnd málinu til stjórnar P.Í. ásamt álitinu sínu*. Ef brotið er mjög alvarlegt eða siendurtekið *skal siðanefnd vísa málinu til stjórnar P.Í. og biskups Íslands ásamt álitinu sínu*. **Stjórn félagsins tekur ákvörðun um hvort vísa skuli viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum kynntar niðurstöður siðanefndar** (leturbreytingar mínar).

Í siðareglum P.Í. segir í 5. gr. um siðanefnd "Aðilum máls skal boðið að mæta fyrir siðanefnd til að útskýra mál sitt, ávirðingar og varnir" (leturbreytingar mínar).

Hvergi er gert ráð fyrir því, að stjórn P.Í. komi að málum sem sjálfstæður rannsóknaraðili og má enda færa sterk rök fyrir því, að slíkt flokkaðist undir óeðlileg afskipti, í fyrsta lagi á þeim tíma, þegar siðanefnd hafði málið til meðferðar og í öðru lagi þegar siðanefnd hafði lokið umfjöllun sinni og sátt lá fyrir.

Ennfremur má benda á skyldur, sem hvíla á stjórn P.Í. samkvæmt lögum félagsins:

3. gr. Tilgangur félagsins er að vera málsvari íslenskra presta og guðfræðinga og gæta hagsmunna þeirra í öllu því er varðar störf þeirra og embætti, réttindi og skyldur. Félagið er í senn stéttarfélag og fagfélag presta og guðfræðinga. Félagið skal standa

vörð um heill og sóma félagsmanna, stuðla að endurmenntun þeirra og efla með þeim stéttvísi og samstarf (leturbreytingar mínar).

5. gr. Stjórnin skal hafa vakandi auga með öllum þeim málum er varða hag presta og guðfræðinga, svo og hag þjóðkirkjunnar. Hún skal í hvívetna standa vörð um réttindi presta og guðfræðinga. Stjórnin skal láta sig varða fagleg málefni svo sem endurmenntunarmál og gerð og dreifingu hjálpargagna fyrir presta og guðfræðinga. Stjórnin skal stuðla að guðfræðilegri umræðu meðal félagsmanna. Skylt er að boða til stjórnarfundar ef þrír stjórnarmenn óska þess (leturbreytingar mínar).

14. gr. Félagið setur siðareglur (Codex Ethicus). Stjórn P.Í. er heimilt að vísa félagsmönnum um stundarsakir úr félaginu gerist þeir brotlegir. Stjórn P.Í. skal kanna gaumgæfilega alla málavexti og reynir að koma á sáttum studd niðurstöðu siðanefndar (leturbreytingar mínar).

Það er því ljóst, að skyldur stjórnar félagsins eru fyrst og fremst við félagsmenn, að standa vörð um réttindi þeirra og, á grundvelli niðurstöðu siðanefndar, ef svo ber undir, að gaumgæfa alla málavexti og reyna að koma á sáttum. Það var þess vegna aldrei mögulegt fyrir stjórn P.Í. að koma beint að málum og standa fyrir sjálfstæðri rannsóku. Biskup Íslands var félagsmaður í P.Í. og raunar heiðursfélagi þess og þar sem siðanefnd lagði fram sátt, þá var málinu formlega lokið. Konurnar fóru enda ekki fram á að fá formlega áheyrn hjá stjórn P.Í. mér vitanlega. Hins vegar áttu sér stað samskipti við þær. Ég þekkti Stefaníu Þorgrímsdóttur frá fyrri tíð og var með útför föður Sigurðar Pálínu á árinu 1996.

Það kom mér á óvart þegar ég mætti á fund rannsóknarnefndar, að svo virtist sem nefndin teldi mig í "liði" sem var biskupsmegin innan stjórnar. Svo var ekki. Rétt er að taka fram, að frá upphafi þess tíma þegar sr. Geir tók við sem formaður 1992, en þá var ég kosinn í stjórnina, var fylgt consensus-aðferðinni. Menn töluðu sig niður á sameiginlega niðurstöðu í þeim málum, sem komu til afgreiðslu stjórnar og töldu sig ekki í neinu sérstöku liði. Í þessu máli var hins vegar erfitt um vik með biskupsritara sitjandi í stjórninni og annan stjórnarmann, sr. Kristinn, sem talaði í sífelli fyrir málstað biskups, en með meirihluta stjórnar, sem vildi að málið færi í formlegan farveg og fengi afgreiðslu. Málið fór samt til siðanefndar sem leiddi það til niðurstöðu. Menn geta verið ósammála um niðurstöðuna, en hún var það sem okkur barst til baka.

Á fundi með prestum, sem ég man ekki lengur hver var, kom Ólafur biskup með yfirlýsingu, sem átti líkast til að vera brandari á kostnað stjórnar P.Í. Hann sagði: Sigurbjörn, fyrrverandi biskup, sagði við mig, að hann hafi aldrei búið við stjórnarandstöðu eins og ég. Sneiðin var til mín, sr. Geirs og sr. Gunnars. Það máttum við búa við, að vera skilgreindir sem stjórnarandstaðan í kirkjunni. En Ólafur biskup hafði líka sagt af öðru tilefni, að hann þyrfti ekki á stjórn P.Í. að halda til að stjórna þjóðkirkju Íslands! Hann vissi alveg hversu hátt embættið var, en hann gerði hins vegar ekki greinarmun á sjálfum sér og því embætti sem hann gegndi. Þetta kom ítrekað fram.

Stjórn P.Í. er ekki hluti af kirkjustjórninni, en til kirkjustjórnarinnar eiga að berast þau mál, sem í lagalegum skilningi krefjast formlegrar beiðingar á agavaldi og öðrum lagalegum úrræðum, sem tilefni kunna að gefast til, ekki til P.Í., sem býr einungis yfir félagslegum úrræðum og viðurlögum. Í eðlilegu árferði vísaði stjórn þeim málum, sem þurftu að koma til afgreiðslu á vettvangi kirkjustjórnarinnar, beint

til biskups. Annar vandi, sem við okkur blasti var líka sá, að ekkert í lagaumhverfi kirkjunnar gerði ráð fyrir að biskup Íslands gæti orðið brotlegur. Kirkjurétturinn og sýndurétturinn voru afnumdir af Alþingi í lagahreinsun snemma á síðuasta áratug 20. aldar og eini vettvangurinn sem opin var til að ræða málið gagnvart kirkjustjórninni var á prestastefnunni (til að sjá stöðu prestastefnunnar nú má sjá 28. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 1997) og það var ætlun okkar að gera það á stefnunni 1996. Þá gerðist það hins vegar, og kom fram í yfirlitsræðu biskups Íslands, að hann hafði náð samkomulagi við kirkjumálaráðherra um starfslok, sem gerði það að verkum, að málið kom ekki til kasta prestastefnunnar. Er mér til efs, að fulltrúi veraldlegs valds á Íslandi hafi hvorki fyrr né síðar hlutast svo til í innri málefnum kirkjunnar.

Aðalfundur P.Í. var aldrei þessu vant haldinn í framhaldi af prestastefnu. Þar kom ljóst fram hversu skipt prestastéttin var í málinu og biskup hafði bein afskipti af aðalfundinum. Þetta birtist m.a. í stjórnarkjörinu. Biskup hélt til inni á skrifstofu sóknarprestans og kallaði m.a. til emeríta í kirkjunni og hvatti þá til þátttöku í stjórnarkjörinu. Þeir skráðu sig formlega í félagið nokkrir gegn loforði um að standa skil á félagsgjaldi. Ég var þá sitjandi gjaldkeri í stjórninni, þannig að þetta fór ekki fram hjá mér. Miðað við þau orð sem féllu á þeim tíma efast ég ekki um, að þeir studdu kandidat biskups í formannskjörinu, sr. Gunnar Kristjánsson. Ég fékk líka mótframboð á fundinum, en þekki ekki hvort biskup hafði eitthvað um það að segja. Niðurstaðan í stjórnarkjörinu varð samt sú, að við sr.Geir voru báðir kosnir til áframhaldandi setu, með naumum meirihluta þó. Á stjórnarfundinum eftir aðalfundinn tókumst við sr. Kristinn á um varaformannsembættið og það kom í minn hlut. Kristinn hætti eftir það að mæta á fundi stjórnarinnar.

Á fyrri stígum málsins, í janúar og febrúar 1996, vissi ég að nokkrir prestar hvöttu Ólaf biskup til að víkja á meðan rannsókn á ásökunum kvennanna færi fram. Ég var í þeim hóp. Það setti mig í hóp "stjórnarandstæðinga" í kirkjunni. Það kom aldrei til greina annað, í mínum huga, en að þetta mál fengi eðlilega, heiðarlega og opna umfjöllun. Það var ekki vegna þess að viljann vantaði hjá okkur, að málið komst ekki lengra á þessum tíma. Þvert á formlegan farveg málsins, meira að segja á meðan síðanefnd var með málið til umfjöllunar, voru kollegar að vinna í því á bakvið okkur og á örlagastundu gerði kirkjumálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, samkomulag við biskup um starfslok. Á meðan voru öll okkar úrræði félagslegs eðlis. Þá voru heldur ekki komnir þeir verkferlar, sem eru fyrir hendi í dag. En því má ekki gleyma, hvers vegna þeir komust á dagskrá.

Svar mitt við því tvíþætta erini, sem nefndin ætlar mér að svara skriflega er því, að það voru hvorki mistök (ekki handvömm, klaufaskapur eða vangá) né vanræksla (hirðuleysi gagnvart skyldum, ekki illa sinnt, né í engu hirt um að rækja þær) af hálfu stjórnar P.Í. að fjalla ekki efnislega um mál Sigrúnar Pálinu né að veita konunum kost á að koma á fund stjórnarinnar. Sá möguleiki var okkur einfaldlega ekki opin, nema því aðeins að við vildum stíga út fyrir þær skyldur og þann félagslega og lagalega ramma, sem okkur var ætlað að uppfylla. "Aðrar afurðir" gáfu stjórn P.Í. enga möguleika á annars konar aðkomu, því þær voru hluti af máli sem síðanefnd, frá sinni hlið, var búin að leiða til lykta.

Virðingarfyllt.



Sr. Bragi Skúlason

Rannsóknarnefnd Kirkjubings,
Róbert Spanó,
Lagadeild Háskóla Íslands,
Lögbergi við Suðurgötu,
Reykjavík.

Míklabæ, 6. maí 2011.

Á fundi prófasta í upphafi marsmánaðar árið 1996 ræddi biskup, svo sem vænta mátti, ásaknir um kynferðisbrot á hendur sér. Af þeim kvaðst hann algjörlega saklaus og bað okkur prófasta að trúa því sem hann mælti við okkur í einlægni. Ræða biskups var svo framsett að mér kom ekki annað í hug en að trúa honum og efaðist ekki um orð hans eða sakleysi. Þar sem svo var, þótti mér einnig ástæða til að standa að yfirlýsingunni.

Virðingarfyllt,



Dalla Þórðardóttir,

Róbert Ragnar Spanó

From: Flosi Magnússon [flosi@flosi.is]
Sent: 12. maí 2011 06:17
To: roberts@hi.is
Subject: Rannsóknarnefni kirkjuþings

Róbert R. Spanó, prófessor.

Ágæti prófessor.

Mér þykir leitt hversu síðbúið svar mitt er, en bréf yðar barst mér fyrst í dag, sökum fjarveru af landinu, og ég þurfti nokkurra klukkutíma upprifjun til að geta svarað. Ég vil jafnframt geta þess að fyrirspurnin kom mér á óvart; taldí mig ekki málsaðila.

Í lok umrædds prófastafundar árið 1996 fékk biskup, herra Ólafur Skúlason heitinn, orðið og hélt drjúga ræðu um aðfarir að heiðri sínum og siðferði.

Hann nefndi ekki aðeins opinbera málsaðila og sakargiftir þeirra frá því fyrir áratugum heildur og einnig sögusagnir, sem gengu innan stéttar og samfélags, er lýstu taumlausri kynfýsni hans og misbeitingu embættis og áhrifa í þágu kynþarfa og siðleysis. Ræða biskups var tilfinningaþrungin, að hans hætti, og í lokin beiddist hann stuðningsyfirlýsingar prófasta sinna gegn áróðri, augljóslega úr ímyndunum líkri upprisufrásögnum Krists (mín túlkun). Að ræðu lokinni gekk biskup af fundi og bað prófasta sína að taka sjálfstæða afstöðu; hann hefði sagt sitt.

Herra Ólafur Skúlason var góður ræðumaður, en ég mat hann ekki sem slíkan fyrr en í visitazíu hans í Barðastrandarprófastsdæmi, en hennar er hvergi getið.

Er biskup hafði gengið af fundi prófasta sinna og skilið eftir í loftinu magnþrungna beiðni/fyrirmæli varð fát á fundinum og séra Guðmundur Þorsteinsson, formaður prófastafélagsins, átti erfitt með að brosa með jöxlinum, sem var hans vandi. Enginn kvaddi sér hljóðs, hóstur, ræskingar og andvörp. Ég var einna yngstur prófasta, sá ekkert sérstakt við þetta persónulega vandamál biskups og rétti því upp hönd og fékk að leggja til:

„Ég legg til að við verðum við beiðni biskups.“ Það var eins og ég hefði stungið á kyli, umræður urðu engar, en ritara falið að semja ályktun. Fyrir mér ungun tók það alltof langan tíma, ályktuin var loðin, sagði ekkert annað en „verum ekki að þessu fjaðri.“

Hafi ég átt frumkvæði þess með handauppréttingu minni og tillögu, að prófastar Þjóðkirkjunnar sýndu lítilsvirðingu og þöggunartilburði við alvarlegum kærnum á ætluð kynferðisáreiti biskups þá viðurkenni ég fúslega sekt mína, en biðst ekki fyrirgefningar. Mér finnst ég ekki hafa gert neitt rangt á þeim tíma. Ég reyndi aðeins að greina aðalatriði frá aukaatriðum, minnugur kirkjusögunnar í almannarómi. Ég sá ekki að með þessu yrði rífið niður til þess að byggja neitt nýtt á nýjum grunni. Mér sýnist ég hafa reynst hugljómaður.

Viruðlegi prófessor Robert R. Spanó.

Ef þér kjósið að nýta framburð minn, of seint kominn fram, þá er ég reiðubúinn að endurrita framsögn mína og senda yður/nefndinni.

Með fyrirvara sökum annarra anna,

Yðar,
séra Flosi Magnússon,
prófastur emeritus.

Rannsóknarnefnd Kirkjúpings,
prófessor Róbert Spanó
Lögbergi við Suðurgötu
Í Reykjavík.

Reykholti, 7. Maí 2011.

Heiðraði herra.

Eg þakka nefndinni fyrir tækifæri til þess að bregðast við fyrirspurnum hennar umfram það, sem varð á fundi mínum með nefndinni.

Samkvæmt lögum sínum er Prestafjelagi Íslands ætlað að vera "málsvari íslenskra presta og guðfræðinga og gæta hagsmuna þeirra í öllu því, er varðar störf þeirra og embætti, rjettindi og skyldur...Fjelagið skal standa vörð um heill og sóma fjelagsmanna." (Sjá 3. gr.) Sá Codex Ethicus, sem P.Í. hafði fyrir samþykkt siðareglunnanna frá 1992 (útg. 1994) var miklu einfaldari og tók einungis til samskipta presta hver við annan. Er efni hans að mestu að finna í 3. kafli gildandi siðareglna P.Í: "Að einu marki". Hvorar tveggja eru þessar siðareglur fjelagslegt úrræði prestastjettarinnar til þess að taka á ágreiningi og ákærum á milli fjelaga P.Í. Siðareglurnar frá 1992 eru þó bæði miklum mun fjarlægri og rýmri, því þær opna utanfjlagssólki farveg inn á svið fjelagsins um áheyrn, telji þeir, að fjelagsmaður hafi á þeim brotið. Má færa fyrir því rök, að siðareglurnar sjeu að þessu leyti talsvert rýmri en ákvæði í lögur P.Í. gætu gefið tilefni til.

Strax reyndi á þetta sumarið 1992 í Seltjarnarnesmálum. Þá þegar mótaðist sú samskiptaregla stjornar P.Í. og siðanefndar fjelagsins, að ekkert samráð var þar á milli á meðan á málum stóð.

Stjóm P.Í. á ekki formlega aðild að kirkjustjórnninni nú og hafði hana enn síður fyrir Þjóðkirkjulöginn frá 1997, sem skipa hagsmunagæzlu og hagsmunaförystu presta í allt aðra afstöðu gagnvart Biskupi Íslands og kirkjustjórnninni, en áður var, á meðan sú forysta sókti mál gagnvart Kirkjumálaráðuneyti og öðrum stofnunum ríkisins, oft með aðkomu og tilstyrk Biskups Íslands. Biskup Íslands var þá beinlínis aðili að fjelagslegum úrræðum prestastjettarinnar til lausnar ágreiningsmálum jafnframt því að vera superintendent kirkjustjórnnarinnar, vörður aga og reglu í kirkjunni, hvort tveggja á sviði innri og ytri mála hennar. Þessi staða Biskups Íslands birtist raunar nokkuð skýrt í 1. grein um siðanefnd fjelagsins og í 6. grein siðareglunnanna þar sem kemur fram eina úrræðið, sem stjóm P.Í. hefur til þess að fylgja eftir málum frá siðanefnd, þeim sem lokið er fyrir nefndinni. Þar segir, að stjórnnin geti vísað þeim fjelagsmanni úr fjelaginu, sem reynt hafi brotið alvarlega, mjög alvarlega eða ítrekað gegn siðareglum fjelagsins. Slíkum brotum skal og vísa til Biskups Íslands, sem fyrir sitt leyti hefur að framansögðu allt aðra aðstöðu og fleiri úrræði til þess að taka á málum þeim er siðanefnd beindi til hans.

Erindi Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur, dags. 25. janúar 1996, lauk með sátt fyrir siðanefnd P.Í. Því gat stjórn fjelagsins ekki haft frekari afskipti af því máli, því hún hefur hvorki "lögregluvald" nje heldur bar henni að dæma um slík mál umfram það að taka afstöðu til þess, hvort visa skyldi fjelagsmanni úr fjelaginu. Ákvörðun um slíkt hefði þá og eðli málsins samkvæmt, komið til kasta aðalfundar fjelagsins.

Eg tel það því hvorki hafa verið mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar P.Í. að hafa ekki aðhafst frekar, eftir að siðanefnd vísaði þessu máli ásamt "öðrum afurðum þess" til stjórnar P.Í. þann 15. febrúar 1996.

Auk framangreinds skilnings mín á ofangreindum formreglum tel eg aðstæður í kirkjunni og þjóðfjelaginu almennt hafa verið með þeim hætti, að stjórn fjelagsins hafi þá ekki með nokkru móti getað tekið upp hjá sjer nokkurt það mál, sem siðanefnd hafði fjallað um, allra sízt það mál, sem lokið hafði verið með sátt fyrir nefndinni. Þess ber að geta í þessu sambengi, að málsaðilar í siðanefndarmálum, svo og einstakir fjelagar í P.Í. stóðu að "sáttatilaunum" upp á sitt eindæmi utan við þann fjelagslega vettvang sem P.Í. hafði markað sjer með siðanefnd. Bætti það hvorki aðkomu siðanefndarinnar sjálfar að málum eða stjórnar P.Í. Loguðu mál þessi öll í fjólmiðlum þar sem stjórn P.Í., eða öllu heldur meirihluti hennar, sat undir stöðugu árnæli og ásökunum um annarlegar hvatir í tilraunum sínum til þess að tryggja fólki áheyrn um klögumál sín, en siðanefnd, hið fjelagslega úrræði prestafjelagsins, var þá eini tiltæki vettvangurinn til þess.

Því voru það og hvorki mistök eða vanræksla af hálfu stjórnar P.Í. að gefa þeim Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur, Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Stefanú Þorgrímsdóttur "aldrei kost á að koma á fund stjórnarinnar", enda aldrei leitað eftir slíkum fundi af þeirra hálfu. Eg tel, að með því að bjóða upp á slíkan fund, hefði stjórnin brotið gegn málameðferð fjelagsins í slíkum málum, eins og hún er mörkuð í siðareglunum, og þá um leið gegn þeim fjelagsmönnum, sem um þessar mundir svöruðu fyrir sig hjá siðanefndinni. Einnig er það fullkomið álitamál, hvort stjórn P.Í. var heimilt að lögum fjelagsins að hafa slík afskipti af málum fólks, sem ekki átti fjelagsaðild að P.Í. Slíkri aðkomu var fyrir komið hjá siðanefnd sem í Codex Ethicus er ætlað meira svigrúm og rýmri aðkoma að þessu leyti en stjórn fjelagsins og að breyttu breytanda, aðalfundi þess. Sjálfur hefi eg ávallt talið, að stjórn P.Í. beri ekki slík afskipti.

Eg tel raunar, að með boði um slíkan fund hefði stjórnin gert sig bera að hátterni því, sem hún var ítrekað borin sökum um, og glögglega má lesa úr ásökunum stjórnarmannsins síra Kristins Ágústis Friðfinnssonar á bls 90- 91 í trúnaðarskjali nefndarinnar, sem fylgir því erindi, sem hjer er svarað. Þessum ásökunum vísa eg fyrir mitt leyti öldungis frá mjer, sem hreinum dylgjum og rógi, og gjöri um það kröfu til nefndarinnar, að hún beri þær undir aðra stjórnarmenn P.Í á þessum tíma, i.e. þá síra Braga Skúlason og síra Gunnar Sigurjónsson. Eg kalla síra Baldur Kristjánsson ekki til vitnis um þetta, því hann hefur í frammi svipaðar rangfærslur fyrir nefndinni að viðbættum hreinum ósannindum. Um þau er skýrt dæmi frásögn hans af fundi mínum með herra Ólafi Skúlasyni á skrifstofu hans um mánaðamótin janúar/febrúar 1996, er hann knúði á um að P.Í. stingi undir stól erindi Sigrúnar Pálinu til siðanefndar P.Í. sem formaður fjelagsins hafði þá undir höndum. Má nærri geta um það, hvaðan biskupi kom vitneskja um það mál, sem var trúnaðarmál í stjórn fjelagsins og aðrir vissu þá ekki um. Lýsing síra Baldurs er á bls. 85 í gögnum nefndarinnar. Engin orðaskipti fóru fram af minni hálfu við herra Ólaf á ganginum

utan það, að eg kvaddi hann við lyftuna og bað hann sælan vera. Áður er getið orða hans þar í minn garð. Hitt er satt, að biskup las hátt og reiðilega yfir mjer inni á skrifstofu sinni. Gerir hann sjálfur efnislega grein fyrir orðaskiptum okkar þar á bls. 364 í Æviþáttum sínum, sem síra Björn Jónsson skráði og út komu í Reykjavík árið 2000. Þar segir hann satt og rjett frá innihaldi samtals okkar, að eg tel. Eg álit því framburð síra Baldurs um þessi orðaskipti vera hreinan uppspuna og að engu hafandi, en fyllilega marktækan um annan framburð hans, er mál þessi varða.


Á bls. 86 er raunar fullyrðing, sem eg tel að nefndin þurfi að fá frekari útskýringu hans á og um leið skoðun annarra stjórnarmanna. Aðspurður um það, “hvort stjórn Prestafelagsins hafi gert einhver mistök við meðferð málsins, svaraði hann því játandi”. Eftirfarandi ásökun hans svara eg svo: Eg kannast hvorki við það, að eg hafi nokkurn tíma farið með nokkurt þessara mála nje heldur nokkurn efnisþátt þeirra, “sem einstaklingur.” Aðkoma mín að þeim rjeðist að öllu leyti af stöðu minni sem formaður Prestafelags Íslands. Eg lagði erindi Sigrúnar Pálinu strax fyrir stjórnina henni til kynningar og til samráðs um þá augljósu meðferð málsins, að það færi til síðanefndar án umfjöllunar stjórnar um efnisatriði þess. Þau voru lauslega kynnt stjórninni til upplýsingar án frekari umræðu.

Nefndinni sendi eg með brjefi mínu eintak af Síðareglum Prestafelags Íslands útgefnum af fjelaginu árið 1994. Reglurnar munu þá hafa verið í gildi um tveggja ára skeið, samþykktar á aðalfundi í Vestmannaeyjum, að mig minnir vorið 1992.

Vegna tímamarka sendi eg skjal þetta á netfang formanns nefndarinnar, en þó einnig sem hefðbundið skjal síðar, þar sem pósthferðir gera mjer ókleyft að koma því á framfæri við nefndina innan tilskilins frests með því móti.

Virðingarfyllst,

Reykholti, 7. Maí 2011.



Geir Waage.

Garðabæ, 5.mai 2011.

Hr. Róbert R. Spanó, prófessor
Lagadeild Háskóla Íslands
Lögbergi v/ Suðurgötu
150 Reykjavík.

Ég undirritaður hefi í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta, sem fram kom hjá mér í viðtali við Rannsóknarnefnd Kirkjubings fyrr á þessu ári eða nánar tiltekið hinn 24.janúar síðastliðinn. Ég vil hér fyrst allra orða neita því alfarið, að um alvarleg mistök hafi verið að ræða hjá mér, er ég stóð að stuðningsyfirlýsingu við Ólaf Skúlason biskup á aðalfundi Prófastafélags Íslands hinn 7.mars árið 1996.

Það er rétt, að ásakanir á hendur Ólafi höfðu verið til meðferðar í stjórn Prestafélags Íslands og það er einnig rétt, að málið hafði verið sent til síðanefndar Prestafélags Íslands.

Á báðum þessum stöðum skiptust skoðanir um málið og sýndist sitt hverjum.

Því var lítið til prófastafélagsins um málsmeðferð þar.

Og afstaða prófasta varð ljós með birtingu stuðningsyfirlýsingar við Ólaf biskup, þar sem nærfeilt 94% félagsmannanna 16 studdu yfirlýsinguna, sem hlýtur að teljast afgerandi niðurstaða. Prófastafélagið var engan veginn bundið af því, sem rætt var, ályktað og framið í stjórn Prestafélags Íslands og einnig var með öllu óvíst, hver niðurstaða síðanefndar Prestafélags Íslands yrði eða hvenær hún lægi fyrir.

Af hvorugri þessari stofnun var prófastafélagið bundið og gat óháð þeim ályktað eftir bestu vitund og samfæringu.

Og hér er einmitt komið að kjarna málsins.

Við prófastar hefðum aldrei gefið út þessa stuðningsyfirlýsingu við Ólaf biskup, ef við hefðum ekki verið sannfærðir um sakleysi hans og að ómaklega væri að honum vegið í ófrægingskyni. Sú aðför, sem gerð var að Ólafi biskupi, æðsta manni þjóðkirkjunnar, var svo alvarlegs eðlis, að hann fann sig tilknaúnn að kæra ásakanirnar á hendur sér til ríkissaksóknara.


Víst stóð hér orð gegn orði, staðhæfing gegn staðhæfingu, þar sem ekkert var sannað eða verður nokkurn tímann sannað. Og er ekki hver maður sýkn uns sekt hans er sönnuð?

Ólafur biskup ræddi þannig við okkur prófastana, trúnaðarmenn sína á prófastastefnunni, þar sem hann að sjálfsgöðu varði hendur sínar, að við hlutum að taka mark á orðum hans og í framhaldi af því að telja það rétt og skylt að veita honum stuðning, þegar með svo alvarlegum hætti var vegið að honum, persónu hans og starfsheðri.

Yfirlýsing prófastafélagsins var því send út í góðri trú og hvað mig varðar var ég persónulega sannfærður um, að hér hefði Ólafur biskup verið hafður fyrir rangri sök.

Þess vegna skrifaði ég undir margumtalaða yfirlýsingu og mun áfram sem hingað til reyna að fylgja sannfæringu minni og samvisku eftir því, sem Guð gefur mér náð til

Virðingarfyllt



Guðmundur Þorsteinsson kt. 231230 - 4679

Strikið 2, 210 Garðabæ

Rannsóknarnefnd kirkjupings
hr. Róbert R. Spanó, prófessor
formaður

Ég skal reyna að svara spurningu bréfs yðar dagsettu 27. apríl sl., um ályktun þá sem samþykkt var á aðalfundi Prófastafélagsins 1996, og sögð er fela í sér stuðning við sr. Ólaf Skúlason, þáverandi biskup Íslands.

Aðalfundur Prófastafélagsins var jafnan haldinn í framhaldi af prófastafundi, sem ólíkt aðalfundinum, var boðaður af biskupi og stýrt af honum. Nauðsynlegt er að aðgreina þessa fundi skýrt, því að biskup stýrði prófastafundi, en aðalfundinum var að sjálfsögðu stýrt af formanni Prófastafélagsins, og sat biskup þann fund aldrei, en var jafnan boðið í hátiðamálsverð í tengslum við fund.

Nú er svo langt um liðið að ég man ekki alveg á hvaða stigi þessi mál voru, en held að ásakanir hafi þá lengi gengið í fjölmiðlum, mánuðum saman, og ýmist verið fluttar af einni konu eða fleirum, eða fréttamönnum sem studdust við framburð þessara kvenna, einnar eða fleiri. Ég hafði engin kynni af né innsýn í heim kynferðisafbrot, en frá heimavistardvöl á skólárunum þekkti ég illskeytt einelti, og lengi framan af var í mínum huga eitthvað slíkt líklegra en kynferðisafbrot. Enginn sem ég talaði við þekkti til þess að Ólafur hefði áður verið orðaður við eða grunaður um kynferðisafbrot. Hins vegar væri hann myndarlegasti maður og sjálfsagt hefðu konur stundum rennt til hans hýru auga þess vegna.

Á prófastafundinum ræddi biskup ásakanir á hendur sér. Var mikill þungi í orðum hans og sagðist hann geta lagt hönd á helga bók því til vitnis að hann væri saklaus af ásökunum. Biblían lá á borðinu. Mig minnir að þá hafi verið um eina konu að ræða, og hann hafi vísað til hennar ásakana. Þessi yfi rlýsing og ræða biskups hafði vitaskuld meiri eða minni áhrif á þá afstöðu sem ég tók á aðalfundinum, þótt ég væri að sjálfsögðu meðvitaður um skyldu mína til að gæta hlutleysis.

Á aðalfundi prófastafélagsins, sem var eins og áður sagði, í beinu framhaldi af prófastafundinum, allt að tveimur dögum eftir yfirlýsingu biskups, kom fram tillaga um ályktun. Mig minnir að stjórn félagsins hafi lagt tillöguna fram, sr. Guðmundur Þorsteinsson var formaður og mælti með því að við samþykktum hana til að styðja biskupinn.

Mér kom tillagan á óvart, en fannst óhætt að styðja hana. Aðallega var það vegna þess hve fjölmiðlar höfðu slegið málinu oft og mikið upp, svo að biskup, og raunar þjóðkirkjan öll, átti í vök að verjast, hvort sem hann væri sekur eða saklaus. Í tillögunni er ekki tekin afstaða til sektar eða sakleysis, en lýst yfir samúð með öllum sem þjást vegna málsins. Það á við báða aðila. Málið var að vísu í formlegri meðferð fyrir dómstólum, en það var til dæmis biskup sjálfur sem kærði til að reyna að fá niðurstöðu í málið, meðan ásakanir konunnar eða kvennanna voru fyrst og fremst í fjölmiðlum, sem hafði gífurleg neikvæð áhrif á öll störf og starfsmenn kirkjunnar. Málið var einnig hjá siðanefnd, en hún hafði ekki fengist við mörg mál fram að þessu svo ég vissi, og alls ekki mál af slíkrri stærðargráðu sem þetta, svo að maður vissi ekki hvort raunverulegrar úrlausnar væri að vænta frá henni.

Ég upplífdi ekki óeðlilegan þrýsting í sambandi við tillöguna. Ríftað hefur verið upp að einn prófastanna hafi lagt til að biskup véki tímabundið frá störfum. Sú hugmynd fékk litlar undirtektir á fundinum, enda man ég ekki betur en að sr. Ólafur hefði áður aftekið slíkt og lýst því yfir að hann teldi það jafngilda viðurkenningu á sekt. Á þessum tíma voru slík viðbrögð almennt samþykkt, þótt þau væru það sjálfsagt ekki í dag. Þannig hafa viðhorfin breyst og umræðan þroskast, ef svo má segja.

Í ljósi alls þess sem ég hef að ofan ritað finnst mér ekkert óeðlilegt að hafa stutt umrædda tillögu.

Guðmundur Þorsteinsson

*Fagráð um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar*

Rannsóknarnefnd kirkjupings
B.t. Róberts Spanó formanns
Háskóla Íslands
Lögbergi v/Suðurgötu
101 Reykjavík

Reykjavík 24. maí 2011

Viðað er til bréfs rannsóknarnefndar kirkjupings dags. 10. maí sl. til formanns fagráðs um meðferð kynferðisbrota, Gunnars Rúnars Matthíassonar, þar sem honum er gefinn kostur á að gera skriflega grein fyrir því álítaefni hvort um mistök eða vanrækslu af hans hálfu hafi verið að ræða „að láta hjá líða að eiga frumkvæð að því sem formaður fagráðs um meðferð kynferðisbrota að leiðbeina Guðrínu Ebbu Ólafsdóttur, sumarið 2008 eða þegar erindi hennar 27. mars 2009 var til meðferðar á vettvangi kirkjuráðs og fram til 17. ágúst 2010, þegar hún fékk að koma á fund kirkjuráðs, að mögulegt væri fyrir hana að óska eftir liðsinni eða annarri aðstoð fagráðsins í samræmi við starfsreglur um ráðið“.

Að gefnu tilefni ákvað framangreint fagráð að svara bréfi rannsóknarnefndar í sameiningu þótt bréfið sé stílað á formanninn einan, enda kemur fram í þeim gögnum sem fylgdu bréfinu að formaðurinn hafi borið mat sitt undir fulltrúa fagráðsins, þ.e. mat sitt um að fagráðið sé fyrst og fremst sniðið að því „að vinna með þolendum kirkjunnar þjóna í starfi“, þ.e. þeim sem „*mismota aðstöðu sína sem stíkir*“, sjá hér bls. 96 í fylgiskjali bréfs rannsóknarnefndar.

Þegar Guðrún Ebbu Ólafsdóttir leitaði til formanns fagráðs í júní 2008 hafði lítið reynt á starfsemi fagráðsins, sem og starfsreglur þess, eins og rannsóknarnefndinni atti að vera kunnugt um, sbr. bréf fagráðs dags. 16. mars og 5. maí sl. til rannsóknarnefndar. Var af hálfu ráðsins lítið svo á að reglurnar tækju eingöngu til þeirra tilvika þar sem meintur gerandi væri á lífi og þar sem tilvikin fælu í sér misnotkun á stöðu í þjóðkirkjunni. Fagráð sneið starfssvið sitt því þannig að það tæki til mála þar sem möguleikar væru á inngripi sbr mál nr. 2 (2008/1) eða mál 6 (2010/3)

Eins og rannsóknarnefnd er kunnugt um sbr. bréf fagráðs dags. 5. maí s. hefur fagráð síðan þá mótað starfssvið sitt þannig að það heyrir öll mál sem inn á þess borð koma. Í niðurlagi þess bréfs segir: *Þá hefur reynsla og lærdómur sl ára orðið til þess að Fagráð leggur sig eftir að heyra öll mál sem til þess berast og varða einstaklinga sem eru í eða hafa verið í þjónustu kirkjunnar. Dæmi um þetta eru mál 8-11 og 13 eða 2010/5-2010/11 og mál 2010/10. Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að heyrna þessi mál og að Fagráð sé farvegur fyrir þau eftir því sem mögulegt er. Óvíst er hvort Fagráð hefði metið það svo að þessi mál heyrðu undir Fagráð ef þau hefðu komið*

Svo: Fagráðs við bréfi dags. 10. maí 2011

Bladsíða 1 af 2

*Fagråd um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar*


fram á þeim tíma sem Guðrún Ebba bar sig upp við Fagråd er faðir hennar lést. Það skal í þessu sambandi tekið fram að ekki hafa komið til Fagráðs önnur mál eða fyrirspurnir sem varða starfsmenn kirkjunnar þar sem Fagråd taldi ekki heyra undir sig.

Að framangreindu má sjá að fagråd hefur þegar lagað og mótað starf sitt af reynslu í þá veru sem aþugsemd rannsóknarnefndar bendir á. Fagråd lítur hins vegar ekki svo á að hér hafi verið um mistök eða vanrækslu að ræða heldur er hér dæmi um hvernig starf fagráðs hefur þroskast og mótast af reynslu þeirri sem fengist hefur af starfi þess.

Með vinsemi og virðingu

fyrir hönd

Fagráðs um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar



sr Gunnar Rúnar Matthíasson formaður

I. Greinargerð

Á nokkrum stöðum er komið inná tengsl Langholtskirkjumálsins þar sem Flóki Kristinsson á í vök að verjast gagnvart Biskupi Íslands hr. Ólafi Skúlasyni og Sigrúnar Pálínu málsins. Við rýni þeirra upplýsinga sem koma fram í skýrslunni er ljóst að tengslin milli þessarra mála eru einungis á þann hátt að:

Eftir að ítrekaðar tilraunir SPI að fá áheyrn um upplifun sína og aðgerðir til að koma málum áfram við Pálma Matthíasson (PM) og Vigfús Þór Ingvarsson (VPI) og loforð þeirra um aðstoð við að koma þessu í farveg, bregðast ítrekað, þá sér hún eina möguleikan að leita þangað sem þröskuldurinn er lægstur fyrir þrennar sakir:

Eiginmaður hennar er í kór Langholtskirkju, vinkona hennar er með fermingarbarn hjá Flóka þennan vetur og hann er augljóslega ekki í liði með biskupi.

Hún fær áheyrn og trúnað Flóka sem jafnframt segir henni að hann hafi ekki stöðu til að aðhafast neitt í málinu. Skýringar Flóka fá fullan skiining af hennar hálfu. Engar ávirðingar snúa að Flóka í þessu máli en aðrir í kirkjunni bregðast sjálfsögðum trúnaði við þá aðila sem leita til prestsins þó ekki hafi það verið skrifaðir trúnaðareiðar enda spurning um góð vinnubrögð. Eftirlit starfsfólks í Langholtskirkju á því hverjir eigi trúnaðarsamtöl við prestinn er rof á trúnaði við prestinn og þeirra sem til hans leita.

Ábyrgð, viðbrögð og aðkoma presta.

Ljóst er að PM og VPI bregðast trausti Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur (SPI) í því að sinna ekki þeirri skyldu sinni að vísa málum til siðanefndar Pí þó þeim sé e.t.v. kunnugt um 6. Gr. í starfsreglum nefndarinnar. Það var ekki þeirra að dæma um sekt eða sakleysi, heidur benda á þann farveg sem fær var í málinu.

Flóki sýnir fulla hluttekningu en er ekki í stöðu til að aðhafast og er því sýndur skilningur. Hann hinsvegar hringir í formann Pí til að spyrjast fyrir um hvernig eigi að vísa málum.

VPI kemur á sjálfskipuðum fundi án formlegheita eða aðkomu formlegra aðila milli Biskups og SPI sem og trúnaðarmanni hennar. Á þeim fundi upplýsir biskup um 5 bréf um ávirðingar/ákærur sem hann hefur á sínu borði. Ljóst er að hér ætti VPI að stíga fram og upplýsa siðanefnd um málið og óska eftir því við biskup að hann setji þau mál í sjálfsagðan feril.

Víðtækur stuðningur kemur fram við biskup af hálfu prófasta og 30 presta sem koma saman til að lýsa stuðningi við hann. Þar á meðal er VPI. Ekki fæst annað séð af lestri skýrslunnar að umræddir aðilar hafi án þess að kanna málið á nokkurn hátt ákveðið

að trúa biskupi án skoðunar eða minnstu efasemda um að hann sé annað en saklaus. Einn prófastur, sr. Einar Þór Þorsteinsson, prófastur á Eiðum var aldrei aðili þeirrar ályktunar sem prófastafundurinn sendi frá sér.

Biskupsritari Baldur Kristjánsson er algerlega vanhæfur í þessu máli strax frá upphafi. Hann leikur tveimur skjöldum, annars vegar sem ritari biskups og trúnaðarmaður hans en hins vegar sem stjórnarmaður PÍ. Seti hans í stjórn PÍ var ekki til þess fallin að auka tiltrú á þeim úrræðum sem PÍ kynni að hafa í úrvinnslu þeirra mála sem rannsóknarnefndin nú hefur til skoðunar.

Andrúmið á þessum tíma var að hinn almenni prestur taldi sig geta treyst á siðanefnd og stjórn PÍ um að leiða þessi mál og ljúka þeim.

Þess ber og að geta að það var nýtt fyrir kirkjuna að taka á málum sem þessum.

Aðkoma biskups að málinu.

Í skýrslu rannsóknarnefndar kemur fram að biskup hótar formanni PÍ öllu illu fyrir að vilja ekki þagga málið og stinga því undir stól.

Biskup grefur undan trausti fólks á prestum og trúnaðarskyldum þeirra við söfnuði sína með því að láta eða taka við nýsnum um þá sem koma til prests á trúnaðarfund sem viðkomandi prestur hefur þagnarskyldur við.

Hann lekur gögnum til fjölmíðla sem alls ekki áttu þangað erindi, beinlínis í eigin hagsmunaskyni.

Hann sendir bréf á faxi til allra presta landsins sem hann má vera vel meðvitaður um að verði opinbert um leið þar sem þau fakskeyti berast á hin ýmsu faxtæki sem ekki eru undir trúnaði á skrifstofu prestsins.

Hann metur meir eigin hagsmuni en hagsmuni þeirra sem hann og prestar landsins eiga að þjóna.

Hann lítur svo á að sumir prestar séu í hans liði og aðrir ekki!

Miðað við framgöngu hans í málinu í ljósi skýrslu rannsóknarnefndar er ljóst að hann hefur einkenni og takta kúgarans. Þetta gat gefið mönnum vísbendingar um að e.t.v. væru þær ávirðingar sem fram komu á hann réttmætar, alla vega að nauðsynlegt væri að skoða þessi mál mjög gaumgæfilega og bregðast við með viðeigandi hætti til að koma í veg fyrir framhald þeirra og áframhaldandi kúgun Biskups á prestum landsins og skjólstæðingum þeirra.

Í ljósi þess sem rannsóknarnefndin dregur fram í skýrslu sinni er ljóst að biskup reynir þöggun með öllum ráðum. Það var ekki jafn augljóst meðan á því stóð.

Siðanefnd.

Ljóst er af ályktunum og fundargerðum siðanefndar að henni var og er mjög þröngur stakkur skorinn í umboði til að taka upp mál og aðkomu að þeim. Hér er sérstaklega vísað til aldurs mála en nefndinni var óheimilt að taka upp mál sem voru meira en árs gömul.

Nefndin hefur fullt og óskorað umboð Pí til að vinna öll þau mál er til hennar berast án afskipta og hlutdeildar frá stjórn PÍ.

Í þessu máli gættir stjórn Pí þess til hins ítrasta að hlutast ekki í mál eða málsmeðferð siðanefndar félagsins. Eftir á að hyggja hefði það verið rétt af hálfu stjórnar að hlutast til um aukið umboð til siðanefndar um aðkomu að málum og möguleika á að skoða eldri mál en árs gömul. Það verður þó að skoða í ljósi þess að aðalfundur Pí samþykkir reglurnar í þeim búnungi og stjórn getur ekki breytt þeim milli aðalfunda.

Siðareglur PÍ voru nýjar og ekki reynt á þær áður af svo miklu afli sem það gerði í þessu máli. Þær voru samþykktar í fyrsta sinn á aðalfundi PÍ að sumri 1994 og í framhaldi af því var valið í nefndina.

Í þeim siðareglum sem siðanefnd starfaði eftir á þeim tíma og vísað er (trekað í í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjubings, kemur fram, (ath. að greinin er klippt úr fundargerð prestafélagsins frá 2007 og eru skáletranir viðbætur við fyrri texta).:

6 gr.. Hafi sá er kærður er verið félagsmaður P.Í. þegar meint brot er talið hafa verið framið, þá skal siðanefnd P.Í. fjalla um málið. Ef kæra reynist á rökum reist skal siðanefnd kveða skýrt á um hvort brotið var ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt. Ef brot er ámælisvert skal siðanefnd veita viðkomandi presti áminningu. Ef brotið er alvarlegt eða mjög alvarlegt vísar siðanefnd málinu til stjórnar P.Í. ásamt álitinu. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um hvort vísa skuli viðkomandi úr félaginu. Í öllum tilvikum skulu málsaðilum, stjórn P.Í. og biskupi Íslands kynntar álitsergerðir niðurstöður siðanefndar.

Tvennt er í þessari grein sem skoða þarf í samhengi þessa máls.

Hið fyrra er að:" reynist kæra á rökum reist...." Ekki fæst séð í fljótu bragði hvernig siðanefndin hafi tök á því að komast að því hvenær kæra reynist á rökum reist eða ekki. Þetta er ekki spænski rannsóknarrétturinn og alls ekki dómstóll. Ef um kærur er að ræða þarf að vísa þeim til dómstóla, sé alvarleiki þeirra með þeim hætti.

Hið síðara er að:komist siðanefnd að þeirri niðurstöðu að málið sé á “rökum reist” og að brotið sé á mælisvert skuli veita presti áminningu en ef brotið er alvarlegt á að vísa því til stjórnar PÍ ásamt álití.

Einu úrræðin til þess að taka á málum af hálfu PÍ er að vísa mönnum úr félaginu.

Tekið er fram að málin/álitsgerðir siðanefndar séu kynnt fyrir stjórn PÍ og biskupi.

Nokkuð ljóst er af lestri reglnanna að ekki er gert ráð fyrir að aðrir en óbreyttir prestar brjóti af sér en að slík brot nái alls ekki alla leið til biskups sem það gerði í þessu tilfelli.

Stjórn PÍ – aðkoma og framkvæmd

Prestafélag Íslands er fag- og kjarafélag presta sem hefur auk þess haft á sínum snærum sértækar nefndir innan sinna raða eins og siðanefnd sem starfar eftir sérstökum reglum sem samþykktar hafa verið á aðalfundi félagsins af félagsmönnum þess.

Sem slíkt hefur PÍ heildarhagsmuni prestastéttarinnar að leiðarljósi. Félaginu sem slíku er ekki fært að standa með einum félagsmanni fremur öðrum en svo hægt sé að taka afstöðu til ásakana eða ávirðinga, hefur félagið sett sér siðareglur og kosið siðanefnd til að fara með einstök mál presta komi á þá kæra. Ekkert lögformlegt vald er í höndum hvorki PÍ né siðanefndar þó að sjálfsögðu geti báðir aðilar vísað málum í dómstóla, telji þeir ástæður til þess eða efni standi til slíks.

Ekki fæst séð á málatalibúningi skýrslunnar annað en að stjórn PÍ hafi farið í einu og öllu samkvæmt því umboði sem hún hafði og virt algerlega starf og umboð siðanefndar félagsins í einu og öllu án afskipta af þeirri niðurstöðu sem hún gæti komist að.

Það kemur mjög skýrt fram í rannsóknarskýrslunni að formaður PÍ álitur það ekki verkefni félagsins að taka afstöðu með einum frekar en öðrum, hvorki innan né utan félags. Hvorki væri hlutverk stjórnar að vera framkvæmdaraðili né til þess fallin að vera þrýstiaðili í málinu. Að gæta hlutleysis, leitast við að koma málum í farveg, var efst á borði stjórnar.

Ljóst er að í stjórn PÍ á þessum tíma sat fólk sem var biskupi mjög handgengið og kom upplýsingum til hans jafn óðum, þó trúnaður ætti að ríkja á fundum. Af þessu má ljóst vera að stjórn varð fyrir miklum þrýstingi að styðja sakleysi biskups. Hlutverk sem ekki fæst séð að stjórn hafi tekið né látið undan þeim þrýstingi á neinn hátt.

Af hagsmunatenglum BK sem biskupsritara er ljóst að hann var vanhæfur til að sitja stjórnarfundum sem fjölluðu um málið strax frá upphafi. Hann bar ábyrgð á því að segja sig strax frá málum. Á bls. 84 í skýrslunni tjáir Baldur sig um málið á þann hátt að hann skilur ekki hvað er hvað í þessu máli og blandar saman óskildum hlutum. Hvað honum gengur til með þessu og að nefna ósætti milli Geirs og biskups sérstaklega, fæst ekki skilið nema að hann sé að leitast við að beina augum nefndarmanna frá sér og sínum þætti. Á bls. 85 neitar BK því ekki að hann hafi eða :einhver annar..... reynt að stöðva ályktanir úr stjórn PÍ.

Af íestri skýrslunnar sést að stjórnarmenn PÍ voru almennt á þeirri skoðun að setja ætti málið í formlegan farveg.

Hlið Gunnars.

Ekki er annað að sjá af skýrslu rannsóknarnefndar, þeim hluta sem Gunnari er aðgengilegur, en að algerlega sé farið rétt með og málið sett fram á þann hátt sem það lá fyrir stjórn PÍ. Hún sætti árásum, reynt var að hafa áhrif á einstaka stjórnarmenn af hálfu biskupsmanna sem og að lítil trúnaður ríkti innan stjórnar, sem eins og fram kemur í svari Gunnars í skýrslunni hafði engin úrræði önnur en að vísa viðkomandi úr PÍ, í þessu tilfalli biskupi, ef ávirðing siðanefndar væri slík.

GS upplýsir í skýrslunni að konurnar fóru aldrei fram á áheyrn hjá PÍ en fengu hana hjá siðanefndinni.

Í svari GS kemur fram að stjórn hafi ekki haft...”afl til þess...” þ.e. að álykta sérstaklega um biskups málið sé vísað til þess að stjórnin var ekki heil þ.e. að minnsta kosti tveir meðlimir hennar studdu biskup eindregið og þar sem stjórn starfaði samkvæmt þeirri reglu eins og kemur fram í máli formanns að Concensus þurfti að ríkja um öll mál var ljóst að stjórnin kæmi sé aldrei saman um ályktun í þessu máli.

GS kemur inná kirkjupólitík og hvernig hún hefur áhrif á að erfitt reyndist fyrir stjórn PÍ að halda hlutleysi. Ásakanir og árásir ganga milli manna innan og utan stjórnar. Mennt dregur í dilka með þessu liði eða hínu af litlu eða engu tilefni.

Hugleiðing um stöðuna

Ljóst er að margt spillti fyrir því að auðvelda mönnum að taka réttláta stöðu í málinu. Bæði vegna væringa sem voru í gangi og þekkrar afstöðu manna, með eða móti biskupi og málum sem hann gekkst fyrir. Margir studdu Flóka og skildu hans afstöðu og höfðu fulla samúð með henni. Auk þess fannst mönnum Ólafur oft mjög hlutdrægur í afstöðu sinni og fannst hann gjarn á að hugsa frekar um eigin hag en annarra og þar á meðal kirkjunnar sjálfrar.

Margt var í gangi á þessum tíma og ekki alltaf ljóst hvaða hagsmunir væru í gangi hjá hverjum. Efast var um heilindi manna fram og aftur.

Meirihluti stjórnar PÍ leitaðist við að vinna málið eins faglega og þeim var unnt í ljósi þeirra heimilda sem hún hafði og því hlutverki sem hún gegndi. Úrræði hennar voru takmörkuð við það að vísa biskupi úr félaginu.

Að framangreindu má augljóst vera að ekki hefði náðs eindregin afstaða í stjórn með eða móti þeirri ákvörðun í ljósi þess hverjir sátu stjórnina á þessum tíma. Þetta hefði þýtt klfning og stjórn félagsins hefði orðið að segja af sér sem ekki endilega fæst séð hverju hefði skilað öðru en að styrkja stöðu biskups gagnvart þessu máli og hugsanlega öðrum sem fengju svipaða málsmeðferð.

Brottvísun biskups úr félaginu hefði auk þess lokað þeim farvegi að siðanefnd gæti fjallað um ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni, þar sem siðareglurnar tóku á málum félagsmanna PÍ.

Áheyrn þeirra kvenna sem báru fram ásakanir á hendur biskupi fengu formlegan farveg, eins og þær fóru fram á og var vísað til Siðanefndar. Það var sá farvegur sem þær óskuðu eftir að undanskildu því að Stefanía Þorgrímsdóttir var tilbúin til að eiga „trúnaðarsamtal“ við formann PÍ.

Þess trúnaðar hefur formaður gætt gagnvart stjórn PÍ.

Í skýrslu rannsóknarnefndar bls. 35 kemur fram að SPI fer fram á að „siðanefnd fjalli um ofangreint atriði“. Hún óskar ekki eftir sérstakri aðkomu stjórnar PÍ að málinu að öðru leyti.

II. Svar Gunnars Sigurjónssonar

1. Hvorki var um mistök né vanrækslu að ræða af hálfu stjórnar PÍ að fjalla ekki efnislega um erindi SPI. Ekki hafi verið tilefni til slíkrar umfjöllunar af hálfu PÍ eftir afgreiðslu siðanefndar félagsins, hvorki þá né síðar.
2. Hvorki var um mistök né vanrækslu að ræða af hálfu stjórnar PÍ að gefa ekki SPI, DG né SP kost á að hitta stjórnina, enda hafi þær ekki óskað eftir því. Þær hafi haft tækifæri til að gera grein fyrir sínum málum við siðanefnd PÍ sem var formlegur farvegur innan félagsins um slík mál á þeim tíma. Það var líka sá farvegur sem þær óskuðu eftir varðandi sín mál.

III. Niðurlag

- Stjórn PÍ hafði engin úrræði til meðhöndlunar málsins, eftir að sátt tókst fyrir störf siðanefndar.

- Málið fór til embættis biskups Íslands og kirkjumálaráðherra og var mér vitanlega ekki á dagskrá stjórnar PÍ eftir það.
- Persónulega var ég aldrei meðvitaður um „aðrar afurðir“ málsins, hvorki til skoðunar né umfjöllunar og mér vitanlega var aldrei um þær fjallað í stjórn PÍ.

Unnið í Kópavogi þann 8. maí 2011

Gunnar Sigurjónsson.

Reykjavík, 16. maí 2011

Til rannsóknarnefndar kirkjubings.
Róbert R. Spanó, prófessor, formaður,
Lagadeild Háskóla Íslands,
Lögbergi við Suðurgötu,
150 Reykjavík.

Með bréfi rannsóknarnefndar kirkjubings dags. 27. apríl 2011, sem mér barst 6. maí sl, er mér gefinn kostur á að gera skriflega grein fyrir afstöðu minni til eftirfarandi álitaefnis sem mig varðar og nefndin telur þörf á að taka afstöðu til í skýrslu sinni:

„Hvort það hafi verið mistök af hálfu yðar í skilningi 1. gr. starfsreglnanna, sem vígður þjónn kirkjunnar, að skapa með framgöngu yðar á fundi með Karli Sigurbjörnssyni og Sigrúnu Pállinu Ingvarsdóttur í Hællgrímskirkju laugardaginn 2. mars 1996 þær væntingar hjá Sigrúnu Pállinu að það væri raunhæfur möguleiki á því að þér og Karl gætuð náð sáttum á milli Sigrúnar Pállinu og Ólafs Skúlasonar biskups og þá meðal annars með því að biskup bæði Sigrúnu Pállinu afsökunar.“

Þess var enn fremur óskað að afstaða mín bærist nefndinni eigi síðar en mánudaginn 9. maí 2011. Vegna utanlandsferðar fór ég með tölvubréfi dags. 7. maí 2011 fram á að frestur þessi yrði lengdur til 18. maí. Með svari í síma sama dag féllst nefndin á þá ósk.

Með vísan í þau tilvitnuðu ummæli sem nefndin telur þörf á að taka afstöðu til skal eftirfarandi tekið fram:

1. Samkvæmt 1. gr. starfsreglna um rannsóknarnefnd kirkjubings, sem vitnað er til í bréfi nefndarinnar, tekur umboð hennar til þess að leggja mat á tiltekna háttsemi „vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar eða annarra þeirra sem gegnt hafa trúnaðarstörfum í bágu kirkjunnar“, eftir að ásakanir um kynferðisbrot voru komnar fram (undirstr. mínar). Staða mín á þeim tíma sem um ræðir (mars 1996) var ekki með þeim hætti að ég hafi fallið undir þá skilgreiningu, sem að framan greinir varðandi það til hverra rannsóknin skuli taka. Umboð rannsóknarnefndar kirkjubings nær þannig ekki til þess að fjalla um mín afskipti af málum tengdum ásökunum Sigrúnar Pállinu Ingvarsdóttur á hendur þáverandi biskupi, Ólafi Skúlasyni. Það er ekki hlutverk nefndarinnar að víkka umboð sitt út fyrir þann ramma sem kirkjubing sjálf ákvað og ég mótmæli ráðagerðum nefndarinnar að fella mig í flokk þeirra sem skýrt orðalag 1. gr. starfsreglnanna segir fyrir um. Til frekari skýringar skal þetta tekið fram:

a. Varðandi orðalagið „vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar“ skal bent á að í alþingiskosningunum 8. apríl 1995 var ég kjörinn til setu á Alþingi. Eftir að ég hafði verið kjörinn til þings samdist svo um að ég gegndi prestsþjónustu áfram í Sauðárkróksprestakalli með 37.5 % starfsskyldum í allt að 12 mánuði eftir að ég var kjörinn alþingismaður. Starfsskyldur mínar samkvæmt þessu samkomulagi voru 4 og ½ mánuður og voru þær að öllu leyti efndar með þjónustu í fullu starfi sumarið 1995 og um jól sama ár, sbr. bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 11. ágúst 1995. Starfsskyldum mínum sem sóknarprests var því endanlega lokið í árslok 1995. Sr. Gísli Gunnarsson hafði verið settur til að þjóna Sauðárkróksprestakalli frá 1. maí 1995 til 1. maí 1996. Séra Dalla Þórðardóttir hafði verið settur prófastur frá 1. maí 1995. Launum fyrir prestsþjónustu mína síðari hluta ársins 1995 var dreift á lengra tímabil og þau greidd mánaðarlega fram til aprílmánaðar 1996 sem svaraði til 37.5 % mánaðarlauna. Þó að launagreiðslum hafi verið hagað með þessum hætti breytir það ekki þeirri staðreynd að ég gegndi engum prestsþjónustuskilydum á Sauðárkróki árið 1996 og var því ekki að lögum þjónn kirkjunnar á þeim tíma eins og ranglega er staðhæft í bréfi nefndarinnar. Þegar af þeirri ástæðu fær ekki staðist að rannsóknarnefndin fjalli um þá, sem falla utan við skilgreiningar kirkjuþings, og umboð hennar tekur ekki til.

b. Ástæða þess að ég tók að mér milligöngu í umræddu máli var seta mín á Alþingi. Ég átti sæti í fjárlaganefnd. Starfsmaður nefndarinnar sem ég hafði eðli máls samkvæmt kynnst vel fór fram á að ég beitti mér fyrir lausn eða sáttum. Hann var jafnframt í fjölskyldutengslum við Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur. Erindið var borið upp við mig í húsaáskynnum fjárlaganefndar Alþingis. Í framhaldi af því féllst ég á að hitta Sigrúnu Pálinu í kaffistofu Alþingis. Þegar á því stigi kom fram af minni hálfu að ég hefði látið af prestsskap. Beiðni um afskipti af minni hálfu stóð eigi að síður. Algengt er að alþingismenn fái beiðnir um ýmis konar liðsinni með þessu móti. Af þessu má ráða að engum sem hlut áttu að máli gat dulist að ég féllst á þessa beiðni um afskipti af málinu sem alþingismaður. Í þeim takmörkuðu afskiptum sem á eftir fóru taldi ég mig eðlilega með öllu óbundinn af öðrum skyldum en þeim sem fylgja því hlutverki. Ég gegndi þarna ekki trúnaðarstarfi í þágu kirkjunnar heldur í þágu Sigrúnar Pálinu, sem til mín leitaði. Einnig af þessari ástæðu má augljóst vera að nefndin fer út fyrir umboð sitt og valdsvið hyggist hún taka afstöðu til þess álitaefnis sem vísað er til í bréfi hennar og beinist að mér.

2. Þó að umboð rannsóknarnefndarinnar nái ekki til stöðu minnar á þeim tíma, sem rannsóknin nær til, þykir mér eigi að síður rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þess álitaefnis sem nefndin tilgreinir.

Samkvæmt 1. gr. starfsreglnanna á nefndin að leggja mat á hvort um hafi verið að ræða mistök, vanrækslu eða vísitandi þöggun eða tilraun til þöggunar. Í bréfi nefndarinnar segir að hún hyggst taka afstöðu til eigin fullyrðinga um mistök af minni hálfu. Með gagnályktun má ráða að nefndin telji að afskipti mín hafi hvorki fallið í sér vanrækslu né þöggun eða tilraun til þöggunar. Nefndin biður mig hins vegar að segja álit mitt á þeirri fullyrðingu sinni að um mistök hafi verið að ræða af minni hálfu með því að skapa þær væntingar á fundi í Hallgrímskirkju 2. mars 1996 að raunhæfur möguleiki væri á að ná sáttum milli Sigrúnar Pálinu og Ólafs Skúlasonar biskups og þá meðal annars með því að biskup bæði Sigrúnu Pálinu afsökunar. Í spurningunni er innbyggð sú staðhæfing að framgangi mín hafi verið með þeim hætti að ég hafi vakið væntingar hjá Sigrúnu Pálinu.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að hvergi í gögnum málsins koma fram fyrirheit sem gátu af minni hálfu gefið til kynna óeðlilegar væntingar um raunhæfa möguleika á sáttum. Þá er ekki í sendum gögnum að finna rökstuðning af hálfu nefndarinnar fyrir því að framgangi mín hafi vakið væntingar sem talist geti til mistaka samkvæmt lýsingu nefndarinnar sjálfar á gildissviði starfsreglnanna og afmörkun rannsóknarverkefnisins. Í framburði Alfreds Wolfgangs Gunnarssonar, eiginmanns Sigrúnar Pálinu, fyrir nefndinni kemur fram að Karl Sigurbjörnsson og Hjálmar Jónsson hefðu sagt að „það væri engu tauti við hann (Ólaf Skúlason biskup) að koma því að hann vildi alls ekki koma fram með neina afsökun eða nokkurn skapaðan hlut.“ Í drögum að skýrslu nefndarinnar kemur fram að sérstaklega aðspurður um hvort þeir hafi sagt þetta strax á fundinum hafi Alfred svarað því játandi.

Það liggur í eðli máls að milligöngu í máli er aðeins óskað þegar aðilar eiga erfitt með að ná niðurstöðu. Af sjálfu leiðir að milliganga hlýtur að fela í sér von um ásættanleg úrslit. Ella er hún ekki reynd. Málsaðilar geta aðeins útilokað væntingar með því að fara ekki fram á neins konar milligöngu eða afskipti. Að sama skapi geta milligöngumenn aðeins útilokað væntingar með því að hafna því að eiga hlut að máli. Með berum orðum kemur ekki fram í gögnum nefndarinnar að ætla megi að hún telji milligöngu í málinu eina og sér til mistaka vegna þeirra væntinga sem sérhver tilraun af því tagi hlýtur að skapa. Fyrir því kemur fyrst og fremst til skoðunar hvort eitthvað hafi verið sagt eða gert á fundinum í Hallgrímskirkju laugardaginn 2. mars 1996 sem gefi tilefni til slíkra ályktana.

Í bréfi rannsóknarnefndarinnar er vísað í sérstakan kafla í skýrslu hennar þar sem gildissvið starfsreglna kirkjuþings og afmörkun rannsóknarverkefnisins er skilgreint. Þar segir svo: „Mistök geta í viðteknum skilningi falist í handvömm, klaufaskap eða vangá eða eitthvað það sé aðhafst sem annars getur talist óheppilegt eða rangt.“ Í því tilgreinda áltaefni sem nefndin hyggst taka afstöðu til og að mér vikur er hvergi tilgreind sú framgangi á umræddum fundi í Hallgrímskirkju 2. mars 1996 sem fella

má undir skilgreininguna handvömm, klaufaskap eða vangá eða eitthvað það sem kalla má óheppilegt eða rangt. Nefndin hefur með öðrum orðum ekki tilgreint neitt í framgöngu minni á umræddum fundi sem fellur undir hugtakið mistök í 1. gr. starfsreglna kirkjúpings um rannsóknarnefndina eins og nefndin sjálf hefur afmarkað það hugtak.

Næst kemur þá til skoðunar hvort það hafi strítt gegn almennum siða- og siðferðislögmálum að fallast á að sitja nefndan fund og taka þátt í að gera þá tilraun sem óumdeilt er að málsaðilar óskuðu eftir og höfðu allt frumkvæði að. Ljóst er að sem alþingismaður þar mér engin skylda til þessarar milligöngu. Eftir 1. gr. starfsreglna rannsóknarnefndar kirkjúpings er á hinn bóginn líklegt að synjun hefði falið í sér vanrækslu eða vísitandi þöggun eða tilraun til þöggunar að því er þá varðar sem greinin tekur til. Í þessu ljósi væri hrein rökleysa að telja það til mistaka í skilningi 1. gr. starfsreglna rannsóknarnefndarinnar að hafa fallist á að hafa milligöngu á hendi í þeim tilgangi að skapa sátt milli manna.

Hafa verður í huga að takmarkaðir möguleikar voru til að leiða málið til lykta eftir farvegi réttarvörslukerfisins. Í gögnum málsins kemur einnig fram að áhugi Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur stóð ekki til þess. Á þeim tíma voru engin sérstök lagaleg eða skipulagsleg úrræði til innan kirkjunnar vegna mála af þessu tagi. Eindregnum óskum málsaðila til að ná sáttum við kirkjuna varð því trauðla mætt nema með einhvers konar milligöngu. Í þessu tilviki var leitað til mín um slíka milligöngu og í framhaldi af því til sr. Karls Sigurbjörnssonar. Ég tók milligönguna að mér sem alþingismaður. Í hugum þeirra sem tóku mark á frásögn Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur stóðu almenn skynsemisrök til þess að biskup lyki málinu með sátt og einhvers konar afsökun. Ef um mistök af minni hálfu hefði verið að ræða samkvæmt verknaðarlýsingu nefndarinnar sjálfrar hefði ég fyrir klaufaskap, handvömm eða vangá þurft að gefa til kynna eða segja með skýrum orðum að þetta væri auðsótt mál sem hægt væri að ganga að sem vlsu. Engin slík orð eða atvik af öðru tagi eru tilgreind af hálfu nefndarinnar um framgöngu mína. Þvert á móti ber einn málsaðila að efasemdum hafi með skýrum hætti verið komið á framfæri af minni hálfu og sr. Karls Sigurbjörnssonar þegar á fundinum 2. mars 1996.

Fráleitt er að líta svo á að fyrirfram vissa um jákvæðar málalyktir sé forsenda þess að milliganga í máli af þessu tagi sé á mælislaus. Standi sú staðhæfing sem nefndin hefur sett fram og ætlar að taka afstöðu til verður ekki með rökrænum hætti dregin önnur ályktun af því en sú að nefndin telji að það hafi verið mistök á sínum tíma að líta svo á að eðlilegt væri að Ólafur Skúlason biskup kæmi til móts við þær konur sem hann hafði misgert við og reyndi að ná sáttum. Með slíkum málalokum yrði nefndarstarfinu snúið upp í andhverfu sína.


Niðurstaðan er sú að ekkert hefur komið fram sem sýnir að ég hafi sagt eða aðhafst eitthvað það í tengslum við aðkomu mína að máli þessu er ég hefði mátt gera mér grein fyrir að vekti

óraunhæfar væntingar Sigrúnar Pálfnu Ingvarsdóttur sem ég var að aðstoða að beiðni hennar sjálftrar. Þó að skilja megí bréf nefndarinnar á þann veg að mér beri að afsanna þá fullyrðingu sem nefndin telur sig þurfa að taka afstöðu til lít ég ekki svo á að það sé ásetningur nefndarinnar að víkja á þann veg frá grundvallaratriðum íslenskrar réttarskipunar í skýrslu sinni.

Að öllu því virtu sem hér greinir má ljóst vera að engin rök standa til þeirrar ályktunar sem nefndin tilgreinir í bréfi sínu um framgöngu mína í málinu. Ber henni því að fella hana brott.

Komi til þess á síðari stigum í vinnu nefndarinnar að hún geri tilraun til að færa rök að fullyrðingu sinni um mistök af minni hálfu áskil ég mér allan rétt til andmæla áður en hugsanlegar niðurstöður verða birtar.

Með vinsemd og virðingu,


Hjálmar Jónsson.

Afrit sent nefndarmönnum í rannsóknarnefnd kirkjubíngs.

Rannsóknarnefnd Kirkjubings
Róbert R. Spanó, formaður

Í bréfi til mín frá 27. apríl 2011 óskar Rannsóknarnefnd Kirkjubings eftir því að ég geri grein fyrir afstöðu minni til tveggja álitaeftna. Þau snerta bæði aðkoma og afgreiðslu stjórnar P.Í. á vissum málum sem Rannsóknarnefndin rannsakar og hvort þau hafi verið í samræmi við Siðareglur P.

Formaður gerði mér smleiðis grein fyrir því að haft væri samband við mig þar sem ég, sem varamaður, hefði amk tvisvar setið fundi stjórnar PÍ þar sem þessi mál voru til umræðu, en ég var varamaður í stjórn P.Í. á þessum tíma. Skv gögnum sem ég fékk send frá Rannsóknarnefndinni eru það fundir 19. febrúar 1996 og síðan 6. maí á Löngumýri í Skagafirði. Við lestur skýrslunnar rifjast einnig upp fyrir mér að ég sat stjórnarfund þar sem að lögmenn biskups, þ.m.t. Ragnar Aðalsteinsson, komu og kröfðust þess að stjórn PÍ aðhefðist ekkert frekar í málinu. Ég man að formaður séra Geir svaraði eitthvað á þá leið að stjórnin léti kröfur þeirra ekki hafa áhrif á sín störf, og undir það tóku flestir, kannski allir – man það ekki, þegar málið var rætt eftir að lögmennirnir voru farnir. Tel ég rétt að geta þessa ef það varpar ljósi á störf stjórnar PÍ í þessu máli. Ekki man ég til þess að hafa setið fleiri fundi stjórnar PÍ á þessum tíma, þó svo að formaður nefni að varamenn hafi alltaf verið boðaðir á fundi. Man ég satt að segja ekki eftir því en vera kann að það hafi verið rétt. Veit ég þó ekki um hversu langt tímabil er um að ræða eða hve margir þeir fundir voru sem varamenn voru boðaðir á. Svo virðist sem varamaður sá sem bjó í Reykjavík hafi amk mætt oftast en undirritaður, en ég bjó á þessum tíma norður í landi.

Varðandi álit mitt á því hvort að viðbrögð og afgreiðsla stjórnar P.Í. hafi verið í samræmi við Siðareglurnar frá 1994, þá er því til að svara að ég hef umræddar Siðareglur ekki undir höndum. Ég leitaði á vefnum að þessari útgáfu þeirra en fann ekki. Siðareglur Prestafélags Íslands hafa tekið breytingum í áránná rás og þykir mér óþægilegt að gefa nákvæm svör án þess að hafa þær við höndina eins og þær voru þá, enda vísar Rannsóknarnefndin í þær í báðum þeim álitamálum sem ég er beðin um að svara.

Ég hefi reynt að skrifa niður svör við þessum tveimur fyrirspurnum Rannsóknarnefndarinnar en staðnæmist alltaf við að geta ekki skoðað aðurnefnda útgáfu Siðanreglnanna. Því óska ég eftir því að Rannsóknarnefndin sendi mér Siðareglur PÍ frá 1994 til að ég geti svarað á fullnægjandi hátt þeim tveimur álitamálum sem hún óskar eftir svari mínu við.

Það sem ég get sagt almennt um málið er að ég var því sammála að ásakanir á hendur biskupi færu óræddar frá stjórn PÍ til siðanefndar. Siðanefnd var eini aðilinn sem bæði hafði fullt umboð og traust til að taka á þessu máli, kalla konurnar á sinn fund og gera tillögur um málslok. Konurnar báðu ekki um fund með stjórn PÍ eftir því sem ég best veit. Ef stjórnin hefði kallað þær á sinn fund eftir vinnu Siðanefndar þá hefði stjórnin verið að taka upp mál sem Siðanefnd var búin að fjalla um. Það hvorki á hún að gera og gat alls ekki gert, nema þá að Siðanefnd hafi óskað eftir því við stjórnina að hún gerði það, eða þá að konurnar hefðu óskað sjálfar eftir því við stjórnina. Það kemur ekki fram í þeim gögnum sem mér voru send hvað Siðanefnd óskaði eftir að stjórn PÍ gerði þegar hún sendi málið til hennar eftir að hafa fjallað um það. Þá get ég ekki heldur sagt til um hvort að það sé rétt mat Rannsóknarnefndar að það hefði verið í samræmi þau sjónarmið hafi búið að baki 5 gr. í þeim kafla siðareglna sem fjallar um siðanefnd PÍ frá 1994 að kalla konurnar á fund stjórnar. Um það get ég ekki sagt nema að hafa Siðareglurnar undir höndum, og þá um leið metið hvort ég telji að viðbrögð og afgreiðsla stjórnar PÍ hafi verið rétt eða eðlileg.

Reykjavík 8. maí 2011

Jón Helgi Þórarinnsson



Biskup Íslands

Rannsóknarnefnd kirkjubings,
b.t. Róberts R. Spanó, nefndarformanns,
Lagadeild Háskóla Íslands, Lögbergi v/Suðurgötu,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 13. maí 2011

EFNI: Svör við spurningum rannsóknarnefndar samkvæmt bréfi, dags. 27. apríl 2011.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 27. apríl 2011, þar sem mér er gefinn kostur á að svara spurningum rannsóknarnefndarinnar, sem settar eru fram í fjórum tölulíðum. Í bréfinu var mér veittur frestur til þess að svara spurningunum til mánudagsins 9. maí 2011. Samkvæmt samtali við yður var sá frestur framlengdur til dagsins í dag. Til einföldunar mun ég taka orðrétt upp hverja spurningu nefndarinnar og fylgir afstaða mín til hennar í kjölfarið.

- 1. Hvort það hafi verið alvarleg mistök af hálfu yðar í skilningi 1. gr. starfsreglnanna að taka þátt í því á vettvangi kirkjuráðs að samþykkja og gefa út opinbera yfirlýsingu 1. mars 1996 í tilefni af ásökunum þriggja kvenna á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot. Verði þá horft til efnis yfirlýsingarinnar og einnig til þess að hún var birt opinberlega á sama tíma og erindi umræddra kvenna voru annars vegar til formlegrar meðferðar í síðanefnd Prestafélags Íslands og stjórn Prestafélags Íslands, í samræmi við samþykktar síðareglur félagsins frá 1994, og hins vegar til opinberrar rannsóknar hjá embætti ríkissaksóknara á grundvelli kæru frá Ólafi Skúlasyni.*

A. Efni yfirlýsingar kirkjuráðs.

Eftir á að hyggja var umdeilanlegt að kirkjuráð léti þetta mál til sín taka með því að gefa út umrædda yfirlýsingu 1. mars 1996.

Ég tel mikilvægt að litið sé til þeirra erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem uppi voru um þetta leyti. Málið varðaði alvarlegar ásakanir á hendur æðsta yfirmanni kirkjunnar og hafði fengið mikla umfjöllun fjölmiðla. Mikill þrýstingur var af hálfu biskups og annarra kirkjuráðsmanna að kirkjuráð gæfi út yfirlýsingu vegna þess fárs sem geisaði í kringum málið.

Þegar til stóð að setja saman yfirlýsinguna á fundi kirkjuráðs 29. febrúar 1996 óskaði ég þess að hlé yrði gert á fundinum svo við fjórir kjörnir kirkjuráðsmenn gætum farið afsíðis og tekið afstöðu til málsins.

Tveir kirkjuráðsmanna voru þeirrar skoðunar að lýsa skyldi eindregnum stuðningi við biskup. Ég var aldrei þeirrar skoðunar. Í mínum huga skipti meginmáli að yfirlýsingin væri hlutlæg, þannig að jafnt tillit yrði tekið til allra hlutaðeigandi. Þegar litið er til efnis yfirlýsingarinnar tel ég það ætlunarverk hafa tekist:

„Kirkjuráð harmar þær ásakanir sem bornar eru fram á hendur biskupi Íslands og eru alvarleg atlega að æru hans og heiðri kirkjunnar þjóna og valda djúpri sorg málsaðilum og öllum unnendum kirkju og kristni.

Minnir á siðareglur Prestafélags Íslands sem sýna að kirkjunni er umhugað um að gætt sé heilinda og trúnaðar í samskiptum presta og sóknarbarna og tekur alvarlega ásakanir um misbrestir þar á.

Hvetur til hreinskiptinnar og sanngjarnrar umræðu um slík mál á viðeigandi vettvangi þannig að alls trúnaðar og virðingar sé gætt.

Lýsir hryggð sinni yfir þeim sárum sem sóknarbörn telja sig hafa orðið að bera vegna framkomu þjóna kirkjunnar fyrr og síðar og felur það allt náð Guðs og fyrirgefningu á hendur.

Kirkjuráð vottar biskupi Íslands og fjölskyldu hans dýpstu samúð og kærleika og treystir honum til að leiða þessi alvarlegu mál til lykta, kirkju og þjóð til heilla og blessunar.“

Að mínu mati endurspeglast þessi viðhorf í aðfaraorðum með yfirlýsingunni, þar sem segir:

„Kirkjuráð ræddi meintar ávirðingar biskups og alvarleg deilumál innan kirkjunnar sem mjög hefur verið fjallað um í fjölmíðlum og meðal þjóðarinnar að undanfögnu. Vakin skal athygli á því að starfssvið kirkjuráðs ákvarðast af lögum og fer það með málefni kirkjuþings milli þinga. Samkvæmt því hefur það ekki stjórnskipulegt vald né heldur í þessu tilviki rökrænar forsendur til að kveða upp úrskurð í slíkum málum, en ályktunarhæft er það að sjálfsögðu.“

Ég bendi jafnframt á að biskup sjálfur taldi yfirlýsingu kirkjuráðs ekki vera stuðningsyfirlýsingu við sig. Um þá skoðun biskups leyfi ég mér að vísa til umfjöllunar í ævisögu hans, bls. 369. Þar segir:

„Kirkjuráð ætlaði ekki að brenna sig á því að vera vænt um kvenfyrirlitningu eins og prófastar. Samþykkti þó nokkra greinargerð á fundi sínum skömmu síðar og tóku kirkjuráðsmenn að sér að orða tillöguna. Hún reyndist þá svo loðin að ekki var nokkur leið á því að átta sig á því í hvorn fótinn væri verið að stíga og þurfti að biðja um

skýringu á samþykktinni, sem var þá veitt og átti að skilja sem stuðning við biskup.“

Í drögum að skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram „að í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins daginn eftir, þ.e. 2. mars 1996, var því samkvæmt upptöku sem rannsóknarnefndin hefur undir höndum, komið á framfæri að beiðni kirkjuráðsmanna „að líta [bæri] á síðustu málsgrein ályktunarinnar sem stuðningsyfirlýsingu við biskup.““ Mér þykir líklegt að biskup eigi við þessa ábendingu til Ríkissjónvarpsins þegar hann vísar til þess að fram hafi komið frekari skýringar á yfirlýsingu þess efnis að hana bæri að skilja sem stuðning við biskup. Ég hafði enga aðkomu að umræddri ábendingu til Ríkissjónvarpsins og veit ekkert um uppruna hennar. Ábendingin var enda í ósamræmi við þá grundvallarskoðun mína að yfirlýsingin væri hlutlæg í garð allra hlutaðeigandi. Það hvarflaði aldrei að mér að í yfirlýsingu fælist sérstök stuðningsyfirlýsing við biskup, enda hefði ég ekki staðið að slíki yfirlýsingu.

Vegna ofangreindra ummæla í ævisögu biskups þykir mér nauðsynlegt að benda á að aðalfundur Prófastafélags Íslands samþykkti yfirlýsingu sína 7. mars 1996. Sú yfirlýsing fylgdi því í kjölfar yfirlýsingar kirkjuráðs, en ekki öfugt, líkt og getið er í ævisögu biskups. Í yfirlýsingu Prófastafélagsins segir:

„Prófastar lýsa hryggð sinni og áhyggjum vegna þeirrar aðfarar sem gerð hefur verið að biskupi Íslands, herra Ólafi Skúlasyni, með ósönnuðum aðdróttunum í hans garð, þar sem gróflega er vegið að mannorði hans og starfsheiðri.

Prófastar lýsa andúð sinni á gáleysi þeirra fjölmiðla, sem í umfjöllun sinni hafa látið líta svo sem þessar ásakanir væru sannar. Þetta hefur valdið biskupi og fjölskyldu hans þjáningu og miska og öllum þeim sem unna kirkjunni sárindum og hryggð. Lýsum við samíð með öllum þeim sem þjáðst hafa vegna þessa máls.

Prófastar harma þá stöðu sem upp er komin. Nauðsynlegt er að brugðist verði við af festu og ábyrgð. Því er í alla staði edlilegt að fela málið dómbærum aðilum enda er það fullvissa okkar að þá muni sakleysi biskups sannast. Væntum við þess að söfnuðir landsins slái sem fyrr skjaldborg um kirkjuna og það sem hún stendur fyrir.

Prófastar telja sjálfsagt að sá hornsteinn réttarfars í síðuðu samfélagi sé í heiðri hafður að hver maður skuli saklaus teljast uns sekt hans er sönnuð, og að ein lög gildi í landinu fyrir alla þegna þess. Átelja prófastar sérhverja tilraun til þess að vefengja þessa meginreglu réttarríkisins og vara við þeirri vá að mannhelgi sé vanvirt.“

Ég tel að samanburður yfirlýsingar kirkjuráðs og yfirlýsingar Prófastafélags Íslands leiði í ljós að yfirlýsing kirkjuráðs hafi verið almenn og hlutlæg í garð allra hlutaðeigandi og á engan hátt sambærileg stuðningsyfirlýsingu Prófastafélagsins við biskup.

B. Málmeðferð siðanefndar Prestafélags Íslands, stjórnar Prestafélags Íslands og ríkissaksóknara.

Af lestri gagna málsins virðist mér sem hvorki siðanefnd Prestafélags Íslands né ríkissaksóknari hafi haft umrædd erindi til umfjöllunar á þessum tíma.

Með bréfi, dags. 25. janúar 1996, sendu Sigrún Pálína Ingvarsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir erindi til formanns Prestafélagsins, þar sem borin var fram kvörtun á hendur sr. Vigfúsi Þór Árnasyni. Svo virðist sem erindið hafi verið áframsent til siðanefndar Prestafélagsins, þar sem siðanefndin veitti álit sitt vegna erindisins 15. febrúar 1996. Í álitserðinni til Sigrúnar Pálinu segir m.a.:

„Við meðferð málsins kom fram mjög alvarleg ásökun um trúnaðarbrot við starfsskyldur þjónandi sóknarprests vegna meintra atvika er voru talin hafa átt sér stað 1979. Þessi mál voru þó ekki kærð skriflega til siðanefndar. Eigi að síður þurfti siðanefnd að setja sig nokkuð inn í þau mál vegna málsatvika. Siðanefnd tekur einungis fyrir skriflegar kærur og ekki eldri mál en ár hafi liðið frá meintu broti til kærudags. Siðanefnd er kunnugt um að þessi mál hafa verið send stjórn Prestafélags Íslands og sjálf hefur siðanefndin kynnt þau fyrir biskupi.

Siðanefnd telur hlutverki sínu því lokið og sendir málið frá sér til ofangreindra aðila í samræmi við 6. gr. um siðanefnd.“

Sigrún Pálína sendi formanni siðanefndar Prestafélagsins og formanni Prestafélagsins annað erindi 18. febrúar 1996, þar sem m.a. er gerð grein fyrir fundi hennar með sr. Vigfúsi Þór Árnasyni og biskupi 16. febrúar 1996. Siðanefnd svaraði erindinu 26. febrúar 1996 og var niðurstaða nefndarinnar svohljóðandi:

„Það er sameiginlegt álit siðanefndar að ekkert hafi komið fram er breyti upphaflegri niðurstöðu og lýsir því yfir að málinu er lokið af hennar hálfu.“

Samkvæmt bréfi siðanefndar til Stefaníu Þorgrímsdóttur, dags. 26. febrúar 1996, virðist sem hún hafi sent formanni Prestafélags Íslands bréf 17. febrúar 1996. Virðist sem bréfið hafi verið áframsent til siðanefndar. Ég tek fram að ég hef ekki afrit bréfsins undir höndum. Í svari siðanefndar segir:

„Siðanefnd P.Í. hefur móttekið bréf yðar frá 17. febrúar s.l., sem stílað var á sr. Geir Waage form. P.Í. Siðanefnd harmar að efni bréfsins var kynnt í fjölmiðlum áður en það var tekið fyrir í nefndinni. Siðanefnd hefur rætt þetta mál og kynnt fyrir biskupi. Frekari umfjöllun mun ekki verða af hálfu nefndarinnar.“

Sigrún Pálína sendi siðanefnd að nýju erindi 27. febrúar 1996, þar sem leitað var umsagnar vegna meints trúnaðarbrests stjórnar og siðanefndar Prestafélagsins, þar sem biskup hafi í sjónvarpsviðtali 27. febrúar 1996 vísað til trúnaðarerindis hennar til stjórnarinnar og siðanefndarinnar 25. janúar 1996 og 18. febrúar 1996. Erindið er staðfest í fréttatilkynningu 27. febrúar 1996, en

Þar er gefið til kynna að Stefánía og Dagbjört hafi einnig óskað umsagnar vegna sambærilegra trúnaðarbrotu stjórnar og siðanefndar Prestafélagsins. Ég tek fram að ég hef einungis erindi Sigrúnar Pálinu til siðanefndar undir höndum. Erindi Sigrúnar Pálinu var svarað af hálfu siðanefndar 27. mars 1996. Mér er ekki kunnugt hvort og þá hvenær stjórn Prestafélagsins svaraði erindinu.

Af framangreindu virðist mér ljóst að siðanefnd Prestafélagsins hafi ekki, þegar yfirlýsing kirkjuráðs var birt opinberlega 1. mars 1996, haft áskanir kvennanna á hendur biskupi um kynferðisbrot til umfjöllunar. Siðanefndin hafi hins vegar á þessum tíma haft til umfjöllunar erindi kvennanna sem laut að meintum trúnaðarbrotum stjórnar og siðanefndar Prestafélagsins vegna ummæla biskups í sjónvarpsviðtali 27. febrúar 1996.

Af símbréfi frá biskupsstofu, dags. 22. febrúar 1996, fæ ég ekki annað ráðið en að biskup hafi þann dag sent rikissaksóknara svohljóðandi beiðni:

„Vegna siendurtekinnna ásakana í minn garð í fjölmiðlum um meint refsivert athæfi, sé ég mig knúinn til að óska eftir því við embætti yðar að það láti fara fram opinbera rannsókn á tilurð eða sannleiksgildi þessara ásakana. Byggi ég beiðni mína á 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Ástæða þessarar beiðni er sú að svo mjög er vegið að mannorði mínu og embættisheðri að við það verður ekki unað lengur.

Óska ég eftir því að rannsókn þessari verði hraðað eins og kostur er.“

Jafnframt fæ ég ekki annað ráðið af frétt Morgunblaðsins, dags. 28. febrúar 1996, en að rikissaksóknari hafi að svo komnu ekki talið viðhlítandi grundvöll til opinberrar rannsóknar á ásökunum í garð biskups. Samkvæmt fréttinni segir orðrétt í bréfi rikissaksóknara til biskups:

„Umfjöllun fjölmiðla með ásökunum í yðar garð eða heimildir þeirra geta ekki, á þeim grundvelli sem fyrir liggur, verið tilefni til opinberrar rannsóknar, hvorki að frumkvæði ákærvaldsins né að kröfu yðar. Hljóta hér frekar að koma til álita ákvæði laga um ærumeiðingar og málsmeðferð slíkra mála, sem eftir gildistöku laga nr. 71, 1995 er nú öllum skipað í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Með þeim tilvitnuðu lagabreytingum var dregið úr frumkvæðisrétti ákærvaldsins til beinna aðgerða og málshöfðunar um slík brot. Ósk yðar og rökstuðningur fyrir umbeðinni rannsókn og sú lagastöð, sem þér tilgreinið, tekur ekki til slíkrar rannsóknar en er að svo komnu heldur ekki viðhlítandi grundvöllur til þess að mælt sé fyrir um opinbera rannsókn að frumkvæði ákærvalds um þau efni.“

Í bréfi rikissaksóknara til biskups, dags. 22. maí 1996, kemur fram að 12. mars 1996, hafi embætti rikissaksóknara borist erindi biskups, dags. 11. mars 1996, þar sem borin var fram krafa um opinbera rannsókn og málshöfðun vegna rangs sakburðar og ærumeiðandi aðdróttana. Með bréfi rikissaksóknara var tilkynnt um niðurfellingu málsins.

Samkvæmt ofangreindu sendi biskup tvö erindi til ríkissaksóknara vegna ásakana kvennanna. Hið fyrra var sent ríkissaksóknara 22. febrúar 1996 og lauk meðferð þess hjá ríkissaksóknara 27. febrúar 1996. Hið síðara var sent ríkissaksóknara 11. mars 1996 og lauk meðferð þess hjá ríkissaksóknara 22. maí 1996. Ég fæ því ekki betur séð en að málið hafi ekki verið til meðferðar ríkissaksóknara þegar yfirlýsing kirkjuráðs var birt opinberlega 1. mars 1996.

Hvað varðar málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins þá gerði biskup á fundi kirkjuráðs 29. febrúar 1996 öðrum kirkjuráðsmönnum grein fyrir eigin málum er snertu málefni send siðanefnd Prestafélagsins. Ekki var þar rætt sérstaklega um málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins. Ég hafði þannig ekki aðra hugmynd um málsmeðferð stjórnar Prestafélagsins en dregin hafði verið upp í fjölmíðlum á þessum tíma.

- 2. Hvort það hafi verið alvarleg mistök af hálfu yðar í skilningi 1. gr. starfsreglnanna að fallast á að taka að yður, sem lið í almennu sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverki prests, að eiga fundi með Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur dagana 2. og 3. mars 1996 í Hallgrímskirkju, daginn eftir að þér samþykktuð sem kirkjuráðsmaður ofangreinda yfirlýsingu á vettvangi ráðsins, sbr. lið 1 hér að framan, en þeir fundir höfðu það að markmiði samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum málsins að þér og Hjálmar Jónsson mynduð freista þess að leita sátta milli Sigrúnar Pálinu og Ólafs Skúlasonar biskups og þá meðal annars að leitað yrði eftir afsökunarbeiðni frá biskupi gagnvart Sigrúnu Pálinu. Einnig hvort það hafi jafnframt verið mistök af hálfu yðar í ljósi atvika og aðstæðna á þessum tíma að skapa með framgöngu yðar á fundinum laugardaginn 2. mars 1996 þær væntingar hjá Sigrúnu Pálinu að slíkar málalýktir væru raunhæfur möguleiki eins og málum var háttað.*

Ég get með engu móti fallist á að það hafi verið mistök af minni hálfu að hitta Sigrúnu Pálinu 2. og 3. mars 1996 og taka þar að mér sálgæslu- og sáttamiðlunarhlutverk prests, þrátt fyrir að ég hafi tekið þátt í yfirlýsingu kirkjuráðs, sem birt var 1. mars 1996. Ég vísa til svarsins við spurningu 1 og ítreka að í mínum huga var yfirlýsing kirkjuráðs almenn og hlutlæg, en ekki stuðningsyfirlýsing við biskup. Ég tek fram að ég átti ekki frumkvæði að fundi okkar, heldur hafði sr. Hjálmar Jónsson samband að fyrri bragði og óskaði eftir aðkomu minni. Ég tek fram að ég veit ekki hvers vegna leitað var til mín sérstaklega fremur en einhvers annars. Eftir talsverðar fortölur féllst ég á að hitta þau að máli. Ég man að Sigrún Pálína vildi ljúka málinu og ná sátt við kirkjuna. Á fundi okkar var því rætt hvort slík sátt væri möguleg og þá um hvað sáttin ætti að snúast. Tvennt var einkum nefnt í því sambandi. Annars vegar að biskup bædist fyrirgefningar og hins vegar að málið yrði látið falla niður og gefin yrði út yfirlýsing um niðurstöðuna í málinu. Ég hafði litla trú á því að nokkur sáttafloður væri á málinu. Ég féllst þó á að fara ásamt Hjálmarí á fund biskups, sem eins konar tengiliður Sigrúnar Pálinu við hann og reyna sættir. Hafa ber í huga að það er skylda prests sem sálusorgara að leita sátta ef eftir er leitað. Þeirri skyldu vildi ég sinna.

Þá get ég ennfremur með engu móti fallist á að framganga mín á fyrrgreindum fundi hafi verið til þess fallin að skapa væntingar hjá Sigrúnu Pálinu um að mögulegt væri að ljúka málinu með sátt við biskup og kirkjuna. Eins og ég hef áður lýst átti ég ekki frumkvæði að fundi okkar, heldur var leitað til mín,

væntanlega með það í huga að ná sáttum við kirkjuna. Ég tel því ljóst að Sigrún Pálína hafi fyrir fund okkar haft þær væntingar að málinu gæti lokið með sátt við biskup og kirkjuna. Með öðrum orðum höfðu væntingarnar skapast fyrir fund okkar. Það liggur í hlutarins eðli að væntingar skapast þegar leitað er aðstoðar við að ná sáttum. Forsendan hlýtur ávallt að vera væntingar um árangur. Að mínu viti var ekkert í okkar samskiptum á fundinum til þess fallið að byggja upp óraunhæfar væntingar. Ég féllst þó á að fara á fund biskups ásamt Hjálmari og ganga þar með erinda hennar. Ég hafði hins vegar litla trú á því að sá fundur okkar með biskupi myndi bera árangur. Sú varð og raunin.

3. *Hvort málsmeðferð yðar í tilefni af erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009 hafi falið í sér mistök eða vanrækslu í skilningi 1. gr. starfsreglnanna. Er þá horft til þess annars vegar að erindi hennar var ekki skráð með formlegum hætti í skjalaskráningarkerfi biskupsstofu fyrr en 17. september 2010, eða tæpu einu og hálfu ári síðar. Hins vegar hafi í erindi Guðrúnar Ebbu, sem aldrei var svarað skriflega, sérstaklega verið óskað eftir því að hún fengi áheyrn hjá kirkjuráði en að við því hafi ekki verið brugðist af hálfu yðar fyrr en hún hafði tvisvar ítrekað ósk sína um áheyrn hjá ráðinu með skýrum og ótvíráðum hætti, þ.e. með tölvupósti til sr. Þorvalds Karls Helgasonar biskupsritara 16. júní 2009, sem framsent var á yður og Guðmund Þór Guðmundsson 18 s.m., og svo aftur með bréfi til yðar 27. maí 2010, rúmu einu ári síðar. Í þessu sambandi verði litið til efnis og eðlis erindis Guðrúnar Ebbu til yðar og kirkjuráðs og að ráðið hafi ákveðið þegar í maimánuði 2009 að veita Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur áheyrn hjá ráðinu, sem fram fór 19. júní 2009, eða tæpum fjórtán mánuðum áður en Guðrún Ebba gafst loks færi á að koma á fund ráðsins og segja sögu sína 17. ágúst 2010. Í þessu sambandi er jafnframt haft í huga að samkvæmt 5. mgr. 26. gr. laga nr. 78/1997 skal um málsmeðferð kirkjuráðs fylgt ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við getur átt og annað leiði ekki af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur.*

Ég hafna því að hér hafið um mistök eða vanrækslu að ræða af minni hálfu.

Ég tek fram að á fundi okkar Guðrúnar Ebbu 18. mars 2009, þar sem hún sagði sögu sína, benti ég henni á að senda skriflegt erindi vegna málsins, þannig að það fengi formlega umfjöllun.

A. Skráning erindis Guðrúnar Ebbu.

Vegna misskilning var erindi Guðrúnar Ebbu ekki skráð strax í skjalakerfi biskupsstofu. Ég minnst þess raunar ekki að hafa leitt hugann að því að erindið væri óskráð. Skrifstofustjóri biskupsstofu hefur upplýst mig um að hún hafi talið að ég vildi biða með skráninguna, þar til ákvörðun um viðeigandi málsmeðferð yrði tekin. Í því felst misskilningurinn á milli okkar sem og skjalavarðar. Ég tek fram að það var ekki meðvitað ákvörðun að láta hjá líða að skrá erindið um leið og það barst. Enginn ásetningur bjó þar að baki. Í því efni bendi ég m.a. á að bréf Guðrúnar Ebbu, dags. 27. maí 2010, var skráð samdægurs í skjalakerfi biskupsstofu. Ég ítreka að umrædd vanhöld á skráningu breyttu í engu meðferð málsins, enda var það í framhaldi móttöku til umfjöllunar hjá biskupsstofu og kirkjuráði.

B. Viðbrögð við erindi Guðrúnar Ebbu.

Ég tel að réttast hefði verið af hálfu biskupsstofu að svara erindi Guðrúnar Ebbu strax skriflega, þrátt fyrir að engin ákvörðun hafi á þeim tíma verið tekin um mögulega áheyrn hjá kirkjuráði. Það var hins vegar ekki gert, heldur ræddu Guðrún Ebba og Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, eingöngu málið í síma á vormánuðum 2009. Ég stóð þannig í þeirri trú að á þessum tíma væri samtali í gangi milli biskupsstofu og Guðrúnar Ebbu vegna erindisins og að hún væri meðvituð um stöðu þess.

Ástæðu þess að svo langur tími leið frá því upphaflegt erindi Guðrúnar Ebbu barst og þar til kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 24. júní 2010 að bjóða henni á fund ráðsins má að mínu viti rekja til nokkurra þátta. Innan kirkjuráðs voru mjög skiptar skoðanir um það hvort ráðið væri í raun rétti vettvangurinn til þess að leysa úr málinu. Horfðu kirkjuráðsmenn þá m.a. til lögbundins hlutverks og mögulegra úrræða kirkjuráðs til þess að taka á því. Hafa varð í huga að kirkjuráð er ekki sálgæsluvettvangur og hefur ekki það hlutverk að rannsaka eða úrskurða um slík mál. Þannig var alveg ljóst að kirkjuráð var ekki í stakk búið til að taka nokkra formlega ákvörðun í málinu og hafði raunar engin ósk þess efnis verið sett fram af hálfu Guðrúnar Ebbu.

Ég tek fram að þrátt fyrir að kirkjuráð hafi stuttu síðar ákveðið að bjóða Sigrúnu Pálinu Ingvarsdóttur á fund ráðsins þá var í mínum huga ekki sjálfgefið að sömu sjónarmið ættu við um erindi Guðrúnar Ebbu. Fundur og áheyrn Sigrúnar Pálinu með kirkjuráði heyrði til algjörra undantekninga, auk þess sem ég taldi málin ekki sambærileg. Guðrún Ebba virðist hafa verið sömu skoðunar samkvæmt tölvubréfi hennar til biskupsritara 16. júní 2009. Þar segir m.a.:

„Nú hefur Sigrún Pálína fengið fund með kirkjuráði og vona ég að hann fari vel. Ég tók skýrt fram við þig í símanum að ég vil ekki blanda okkar málum frekar saman. Þar eru vissulega snertifletir en að öðru leyti eru málefni okkar ólík.“

Mér voru ofarlega í huga möguleg fordæmisáhrif þess að bjóða Guðrúnu Ebbu á fund kirkjuráðs. Jafnframt velti ég því fyrir mér hvort ekki þyrfti þá einnig að bjóða öðrum á fund ráðsins, s.s. ekkju biskups eða systkinum Guðrúnar Ebbu, þannig að fulls jafnræðis væri gætt. Þar að auki barst mér bréf frá lögmanni ekkju biskups, dags. 12. júní 2009, þar sem þess var krafist að fyrirhugaður fundur kirkjuráðs með Sigrúnu Pálinu yrði ekki haldinn og bent á að það væri ekki hlutverk ráðsins að fjalla um ásakanir hennar á hendur biskupi. Ég viðurkenni að þær spurningar sem vöknudu voru ekki einfaldar viðfangs og var það líklega ástæða þess að svör drögust eins og raun ber vitni.

Eins og áður er lýst var það skilningur minn að Guðrún Ebba teldi ekki liggja sérlega á fundi með kirkjuráði. Henni hafði á þessum tíma verið veitt viðtal hjá biskupi eins fljótt og mögulegt var. Hittumst við á fundi ásamt biskupsritara 18. mars 2009 og sagði hún þar sögu sína. Biskupsritari var í framhaldinu í símasambandi við Guðrúnu Ebbu sem og tengiliði hennar. Voru þau þannig upplýst um stöðu mála. Ég leit því svo á að samtali stæði yfir um hlutverk kirkjuráðs í þessum efnun. Þar að auki þykir mér rétt að taka fram að m.a.

erindi Guðrúnar Ebbu leiddi til umtalsverðra breytinga innan kirkjunnar á árinu 2009, s.s. fram kemur í samþykkt kirkjuráðs í framhaldi af fundi ráðsins með Sigrúnu Pálinu 19. júní 2009. Þannig voru reglur um fagråd um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar endurskoðaðar á árinu 2009, auk þess sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009 síðareglur sem taka til presta og djákna og annars starfsfólks kirkjunnar svo og sjálfboðaliða. Erindi Guðrúnar Ebbu var því sífellt til umfjöllunar og umræðu, þrátt fyrir að það hafi ekki verið bókað formlega í fundargerðum kirkjuráðs. Þegar ítrekun Guðrúnar Ebbu barst 27. maí 2010 var ákveðið að bregðast skjótt við, enda hafði kirkjuråd þá haft tíma og rúm til þess að meta erindið vandlega. Á fundi kirkjuráðs 24. og 25. júní 2010 var samþykkt samhljóða að bjóða Guðrúnu Ebbu á fund ráðsins í september 2010. Guðrúnu Ebbu var tilkynnt um þá ákvörðun með bréfi, dags. 6. júlí 2010.

4. *Hvort það hafi verið mistök eða vanræksla af hálfu yðar í skilningi l. gr. starfsreglnanna að leita aldrei, formlega eða óformlega, ráðgjafar eða leiðbeiningar hjá fagråði um meðferð kynferðisbrot innan Þjóðkirkjunnar í tilefni af meðferð yðar og ráðsins á erindi Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur 27. mars 2009, eins og meðal annars var boðið í tölvupósti formanns fagråðsins sr. Gunnars Rúnars Matthíassonar til yðar 29. maí 2009?*

Ég hafna því að um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða af minni hálfu í þessu sambandi. Ég tek fram að strax um sumarið 2008, þ.e. í kjölfar þess að Guðrún Ebba hafði samband við mig og sagði mér frá reynslu sinni, ræddi ég við sr. Gunnar Rúnar, formann fagråðsins, um hugsanlega aðkomu ráðsins að máli hennar. Taldi hann öll tormerki á aðkomu ráðsins að málinu. Þar af leiðandi ákvað ég að leita ekki formlega til ráðsins, en hins vegar ræddum við sr. Gunnar Rúnar málið oftast en einu sinni óformlega og bar ég undir hann ýmsa þætti þess. Að mínu viti leitaði ég því óformlega ráðgjafar og leiðbeiningar hjá formanni fagråðsins vegna málsins, bæði fyrir og eftir að hann sendi mér tölvubréfið 29. maí 2009.

Virðingarfyllst,



Karl Sigurbjörnsson

Kristinn Ágúst Friðfinnsson
Bankavegi 8
800 Selfoss

Rannsóknarnefnd kirkjubings
Prófessor Róbert R. Spanó
Lagadeild Háskóla Íslands
Lögbergi v/Suðurgötu
150 Reykjavík

Selfossi 14. maí 2011

Visað er til brtéis rannsóknarnefndarinnar kirkjubings dags. 27. apríl 2011 ásamt drögum að greinargerð.

Áður en ég svara beint þeim tveimur spurningum sem í tilvísuðu bréfi eru fyrir mig lagðar vil ég gera grein fyrir nokkrum grundvallaratriðum sem ég tel nauðsynlegt að hafa í huga við úrvinnslu þess málefnis sem tengjast spurningunum tveimur.

Prestafélag Íslands hefur enga stjórnsýslulega stöðu innan þjóðkirkjunnar. Félagið er ekki heldur stéttarfélag að skilningi laga. Það er hagsmuna- og fagfélag presta. Frá árinu 1994 hefur verið starfandi síðanefnd á vegum félagsins, en það ár gengu í gildi nýjar og endurbættar síðareglur fyrir félagsmenn.

Þau málefni sem rennsóknarnefndin fjallar um taka til sviða sem því miður reyndist örðugt að finna viðeigandi vettvang fyrir á þeim tíma sem síðanefnd P.Í. fjallaði um þau. Þegar síðanefnd sendi stjórn félagsins málið gat það ekki hafa verið til að hún fjallaði um málið efnislega eða kvæði upp dóm, enda langt í frá hlutverk hennar. Eftir úrvinnslu mála var það einn af valkostum síðanefndar að senda stjórninni niðurstöður sínar. Ég fullyrði að allir sem að málum þessum komu í stjórn P.Í. hafi haft mjög góðan hug til kærenda og hafi haft áhyggjur af þeim ómöguleika sem í málinu var. Með einum eða öðrum hætti var það örugglega von okkar í stjórn félagsins að þessi mál fengju farveg. Það reyndist þó ekki auðvelt eins og augljóst má vera. Þessi mál hefðu þurft að fá efnislega umfjöllun og úrskurð dómstóla.

Ef stjórn P.Í. hefði haft möguleika á hefði hún fjallað efnislega um og dæmt um ávirðingar Sigrúnar Pálinu o.fl. Ég vona að þær konur sem leituðu til stjórnarmanna um mál sín hafi fengið vandaða sálgæslu og haldgóðan stuðning. Það var hið eina sem af okkar hálfu var mögulegt. Ef til álita hefði komið að stjórnin öll hefði veitt slíkan stuðning hefði það verið til góðs.

Afstaða mín til fyrra álitaefnisins í bréfi nefndarinnar er að stjórnin hafi því miður ekki verið til þess bær að fjalla efnislega um erindi Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur 25. janúar 1996. Siðanefndin var að mínum skilningi ekki að senda erindi til stjórnarinnar um að hún fjallaði efnislega um málefni Sigrúnar Pálínu, enda var bæði siðanefndinni og stjórninni örugglega ljóst að slíkt gat ekki staðist gildandi leikreglur. Þegar hinar nýju siðareglur presta voru settar 1994 var það ekki fyrirætlan stéttarinnar að stjórn félagsins fjallaði um þau álitamál sem siðanefndinni var ætlað að fjalla um.

Afstaða mín til síðara álitaefnisins er að eftir á að hyggja hefði það getað verið Sigrúnu Pálínu, Dagbjörtu og Stefaníu stuðningur ef stjórn P.Í. hefði rætt við þær fyrst hluti stjórnarmanna var á annað borð í sambandi við þær. Velvilji og skilningur ríkti í garð þeirra þó það vefðist vissulega fyrir okkur hvernig við gætum fjallað um málefni þeirra með fonnlegum hætti þar sem við höfðum ekki til þess neina lagalega stöðu. Á þeim tíma sem mál þetta kom fram skorti vettvangur á vegum kirkjunnar sjálfrar til að fjalla um kynferðisbrot. M.a. þess vegna var félagsskapur presta, P.Í., að gaufast með þessi málefni, en án þess að hafa til þess réttmæta stöðu. Síðar var úr því bætt með fagráði þjóðkirkjunnar, sem starfar á vegum stjórnarsýslunnar sjálfrar. Þar með var þeim ómöguleika sem ríkt hafði rutt úr vegi og eðlilegur vettvangur skapaður fyrir þennan málaflokk.

Af ofanrituðu ætti að vera ljóst að ég tel að hvorki mistök né vanræksla eigi við um tengsl stjórnar P.Í. við umrætt mál, heldur orðin ómöguleiki og vettvangsskortur. Ég harma að svo skuli hafa verið.

Virðingarfyllst,

Kristinn Ágúst Friðfinnsson
(sign)

Hvolsvelli, 2.maí 2011

Hr. Róbert R. Spanó, prófessor
Lagadeild Háskóla Íslands, Lögbergi v/Suðurgötu, Rvk.

Vegna óskar um greinargerð af minni hálfu um afstöðu til álitæfna sem tiltekin eru í bréfi yðar frá 27.apríl 2011, vil ég taka fram eftirfarandi:

Langt er nú um liðið síðan þessi kærúmal komu upp og gerist sumt e.t.v. óljóst mér í minni. Ég tel mig samt geta tekið undir þau orð sem höfð eru eftir sr.Guðmundi Þorsteinssyni fv.prófasti um yfirlýsingu Prófastafélags Íslands frá 7. mars 1996. Í þessu máli stóð þá orð gegn orði, fullyrðing gegn fullyrðingu - og engar sannanir lágu fyrir um saknæmt athæfi, sem átti að hafa verið framið 10 til 20 árum áður en tilgreindar ásakanir komu fram. Í yfirlýsingunni segir m.a. að eðlilegt sé "að fela málið dómbærum aðilum".

Sr.Ólafur Skúlason hafði áunnið sér vinsældir og alit í störfum sínum - og líklega ekki sist fyrir skipulagshæfileika og stjórnun við uppbyggingu aðstöðu og safnaðarstarfs í Bústaðasókn í Reykjavík.

Í fyrri umferð biskupskjörs árið 1981 hlaut hann flest atkvæði þeirra sem gefið höfðu kost á sér - eða 62 atkv. á móti 36 atkv. sr.Péturs Sigurgeirssonar, sem kom næstur honum að atkvæðamagni. Ég var stuðningsmaður sr.Péturs í þessari kosningu og í síðari umferð hlaut hann 72 atkv. - einu atkv. fleira en sr.Ólafur.

Farsæld fylgdi biskupsdómi herra Péturs Sigurgeirssonar, en þegar leið að biskupskjöri árið 1989, fór að bera á áróðri gegn kosningu sr.Ólafs Skúlasonar. Hann hlaut þó afgerandi meirihluta atkvæða í þeirri kosningu -- en mætti næstu árin vaxandi andróðri, m.a af hálfu forystu Prestafélags Íslands vegna ágreiningsmála sem upp komu og sem í fyrstu tengdust ekki beint þeim ávirðingum sem hér um ræðir - að því er ég best veit.

Í samræmi við það sem fram kemur í áðurgreindri yfirlýsingu Prófastafélagsins frá 1996, sem ég skrifaði undir, gat ég ekki gert mér í hugarlund að hinar alvarlegu ásakanir á hendur Ólafi biskupi, sem þá voru fram komnar, gætu verið sannar - eftir afdráttarlausu neitun hans í viðurvist okkar prófastanna (svo sem sr.Guðmundur Þorsteinsson lýsir í viðtalinu) og kæru hans til ríkissaksóknara. - Mér var því mjög brugðið við þá vitnisburði sem fram komu eftir lát sr. Ólafs - og vart verða vefengdir. Allt er þetta mál hörmulegt og hefur valdið sárum þjáningum og skaða, einkum þeim sem það snerti persónulega, en einnig kirkjunni og samfélaginu í heild.

Leyfa skyldi þó látnum að liggja í friði.

Virðingarfyllt
Sváfnir Sveinbjarnarson
Sváfnir Sveinbjarnarson

2011-05-11

(Ég er ítill tölvumaður og á í erfiðleikum með að senda þetta. Vona þó, að það komist nú til skila)

Til Rannsóknarnefndar Kirkjubings.

Spurt er um samþykkt okkar á prófastafundi fyrir mörgum árum.

Auðvitað er man ég þessa atburði ekki svo vel. En þó man ég, að ég var ekki í neinum vandræðum með að samþykka þetta. - Þar sem ég var Stefaniú Þorgrímsdóttur afar vel kunnugur, fannst mér ég hafa ástæðu til þess að efast um sannleiksgildi ákæru hennar, ekki síst eftir að fjölskylda hennar hafði sagt mér, að þau hefðu sent biskupi afsökunarbréf, sannfærð um að hún hefði ekki farið þarna með rétt mál. -

Ákæra Sigrúnar Pálinu Ingvarsdóttur fannst mér heldur ekki sannfærandi. Man þetta reyndar ekki svo vel lengur, en þó man ég ekki betur en að hún hafi sagt, að biskup hafi farið með hana inn í gluggalaust herbergi og læst dyrunum - „Og þá átti ég fótum fjör að launa“ - Hvernig komst hún þá úti

Hvers vegna ákæra konur karla fyrir kynferðisbrot? - Auðvitað liggur beint við, að halda, að um raunverulega sök sé að ræða. - En það þarf þó ekki að vera. Það er vel þekkt staðreynd, að stundum ljúga konur í slíkum málum, og hefi ég persónulega orðið fyrir slíku. - Ég las einhvers staðar, að það væri algengt í Bandaríkjunum, að konur heimtuðu peninga af karlmönnum og hótuðu, ef þeir létu þær ekki fá þá, að rífa fót sín og óskra á hjálp og segja, að þeir ætluðu að nauðga þeim. Á sama stað las ég, að aðrar ástæður þess, að konur kærðu karlmenn þannig ranglega, væru t.d. von um peninga, öfund, afbryðisemi, hatur, hefnd eða löngun til þess að komast í sviðsljósið.

Ég varð fljótt var við það, að Mývetningar teldu hina síðast nefndu ástæðu nokkuð áberandi í þessu máli. Um Sigríði Pálinu skal ég ekkert segja - en henni hefir þó sannarlega tekist að komast í sviðsljósið. Og nú virðast ýmsar fleiri konur melda sig - hvort sem það er nú af löngun til þess að fá bita af kökunni?

Það er athyglisvert, hvað Ólafur, þessi stóri og glæsilegi maður virðist hafa verið klaufskur í þessum málum. Árangurslausar tilraunir við ótal konur - og meira að segja ekki alltaf svo sérstaklega eftirsóknarverðar, að því er manni sýnist.

Og svo er það hin gamla undirstöðuregla í menningarþjófélagi, að hver maður skuli teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð. Mig minnir, að það hafi verið Voltaire, sem sagði: „Ég hata skoðanir þínar, en ég er tilbúinn að láta lífið fyrir rétt þinn til þess að hafa þessar skoðanir“. Á sama hátt má segja: „Ég tel þig sekan, en ég er tilbúinn að láta lífið fyrir rétt þinn til þess að teljast saklaus, uns sök þín er óvæfengjanlega sönnuð“

Gamalt enskt máltæki segir: "Right or wrong - my country!" Þetta merkir eiginlega: „Ég stend með landi mínu, hvort, sem málstaður þess er réttur eða ekki. -Það leyndi sér ekki, að ýmsar konur fylgdu þessari lífsspeki nýlendukúgaranna og töldu sjálfsagt að standa með konunum, án þess að hafa nokkra hugmynd um það, hvort þær segðu satt eða ekki!“

Prófastafundurinn lýsir skoðunum sínum, en telur „ - - í alla staði eðlilegt að fela málið dómbærum aðilum“

Ég er ekki viss um það, hvort kirkjuping hafi rétt til þess að skipa þessa nefnd. – Ég tel hana ekki dómþæra í þessu máli. – Að mér sækir sú tilfinning, að þarna sé kirkjan að reyna að fórnar einhverjum af sínum eigin mönnum í von um að styrkja aðstöðu sína hjá almenningi.

Ásökun dóttur biskups er óskiljanleg, bæði mér og fjölskyldu hans. Það er furðulegt, að hún skuli hafa komið með þessa ákæru eftir lát föður hennar – eftir að hún nokkrum árum áður á afmæli hans hélt um hann mikla lofræðu, sem síðar birtist á prenti. – Þetta er í rauninni fyrst og fremst ákæra á kirkjuna og biskup – og maður spyr sjálfan sig “Til hvers? – eða standa einhver öfl þar að baki, óvinveitt kirkjunni?” Ég er algjörlega ófær um að mynda mér skoðun í því máli.

En þetta kemur ekkert við samþykkt prófastafundarins..

Og það voru engan veginn „alvarleg mistök“ af minni hálfu, að taka þátt í því að samþykka þessa yfirlýsingu prófastastefnunnar.

Hins vegar gæti það verið, að kirkjan sé að gera alvarleg mistök með því að stofna slíkan „rannsóknarrétt“ og beinlínis hefja nornaveiðar, þar sem konur eru beinlínis hvattar til þess að ákæra presta – lifandi eða dauða. Nornaveiðar fortíðarinnar höfðu til margra, sem notuðu tækifærið til þess að ná sér niðri á öðrum, jafnt sekum sem saklausum.

Vonandi verður þetta mál ekki til þess að skipa kirkju Íslands sess í sögunni við hlið hins forna rannsóknarréttar og nornaveiðaranna!

Virðingarfyllt. – Örn Friðriksson

**C. Greinargerðir fagraðs íslensku þjóðkirkjunnar
um meðferð kynferðisbrota til rannsóknarnefndar
kirkjuþings.**

*Fagrád um meðferð kynferðisbrota
innan Þjóðkirkjunnar*

Róbert R. Spanó Prófessor
formaður rannsóknarnefndar kirkjuþings
Lögbergi v/Suðurgötu
101 Reykjavík.

Með vísan til bréfs þíns dags 15. febrúar 2011 vill Fagrád gera eftirfarandi grein fyrir þeim atriðum sem þú ferð fram á.

Starf fagráðs og fjöldi mála frá upphafi til ársloka 2010:

Fagrád um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar var fyrst skipað í upphafi árs 1999 skv. reglum nr. 739/1998 sem settar voru á kirkjuþingi í nóvember 1998. Fyrsti formaður fagráðsins var Kolbrún Linda Ísleifsdóttir en undirritaður hefur verið formaður frá árinu 2003. Fyrstu starfsár Fagráðsins helguðust því að móta starf þess og leggja grunn að kynningarmálum. Undirritaður tók við formennsku í febrúar 2003 og voru þá aðrir aðalmenn Fagráðs Elsa Porkelsdóttir lögfræðingur og Ólöf Ásta Farestveit afbrotafræðingur. Mikil vinna var þá lögð í það að rýna starfsreglurnar og skilgreina vinnulag og úrvinnsluleiðir Fagráðs og hlutverk talsmanna til undirbúnings heimasíðu. Undirritaður fór síðan í árs námsleyfi til USA sumarið 2003 þar sem ég kynnti mér m.a. starf Lúthersku kirkjunnar EICA og Mepódistu kirkunnar UMC, reglur þeirra og reynslu af meðferð kynferðisbrota og sótti þjálfun hjá Faith Trust institute um meðferð kynferðisbrota innan kirkna, skóla og trúarstofnanna. Ólöf Ásta og Elsa héldu áfram vinnu við efni til að setja upp á heimasíðu kirkjunnar. Þeirri uppsetningu lauk í upphafi árs 2005.

Fagrád vann þá næst að útgáfu bæklinga sem fékk heitið „Kynferðisbrot í kirkju – hvað ber að gera?“ sem út kom og dreift var á kirkjudögum Þjóðkirkjunnar sem fyrst voru haldnir á Skólavörðuholtinu í lok júní 2005 þar sem Fagrád var með kynningarbás. Í framhaldi af því var bæklingurinn sendur öllum starfandi prestum og formönnum sóknarnefnda. Bæklingur þessi hefur verið í notkun síðan en er nú í endurgerð vegna breytinga sem gerðar hafa verið á hlutverki talsmanna og reynslu sem Fagrád hefur fengið af notkun hans. Í framhaldi af útgáfu bæklinga Fagráðs áttu meðlimir Fagráðs fundi með próföstum, og prestum þeirra prófastsdæma sem óskuðu þess, til að fylgja honum eftir og kynna frekar störf og hlutverk fagráðs.

Í September 2005 var Hulda Elsa Björgvinsdóttir skipuð í Fagrád í stað Elsu Porkelsdóttur sem hafði sagt af sér er hún fór utan. Í maí 2008 sagði Ólöf Ásta Farestveit sig síðan úr Fagráði eftir að nokkur blaðaskrif höfðu orðið um störf Fagráðs og því m.a. haldið fram að starfsreglur kirkjunnar væru á skjön við barnaverndarlög. Þau blaðaskrif voru ekki á rökum reist en Ólöf Ásta sem þá starfaði sem forstöðumaður Barnahúss sagði sig frá starfi Fagráðs

*Svar Fagráðs við bréfi dags 15 feb 2011
Blaðsíða 1 af 4*

*Fagråd um meðferð kynferðisbrota
innan fjóðkirkjunnar*

til að barnahús myndi síður dragast inn í þessi blaðaskrif. Í stað hennar var Vilborg Guðbjörg Guðnadóttir geðhjúkrunafræðingur, sem verið hafði varamaður, skipuð aðalmaður í Fagráði.

Fyrsta málið sem kom til Fagráðs er varðar kynferðisbrot kom á borð Fagráðs í upphafi árs 2006. Annað málið síðan vorði 2008 og þriðja málið skömmu þar á eftir. Síðan þá hafa til ársloka 2010 komið á borð Fagráðs 13 mál sem varða kynferðisbrot vígðra eða óvígðra starfsmanna kirkjunnar. Þar af komu 10 þeirra inn á borð Fagráðs á árinu 2010. Ljóst má því vera að sprenging hefur orðið í starfi Fagráðs og vegur þar efalltíð mikið umfjöllun um mál sem kirkjuna hafa varðað og aðkoma Fagráðs að þeim. Mikil umfjöllun varð um mál sem fór í gegnum öll dómstig og var síðan tekið fyrir af úrskurðarnefnd og leiddi til þess að prestur var fluttur til í starfi. Fagråd hafði á sínum tíma vísað því máli til barnaverndaryfirvalda vann síðan greinargerð um það eftir að sýknudómur hafði fallið í Hæstarétti um þau atriði sem ákært var um. Varð þessi greinargerð inntak vísunar sóknarnefndar á málinu til úrskurðarnefndar sem leiddi síðan til þess að viðkomandi var færður til í starfi. Fleiri mál rötudu í fjölmiðla á árinu sem leiddi til mikillar vinnu Fagráðs hvað varðar samskipti við fjölmiðla. Virðist sú vinna hafa skilað Fagráði virðingu og trausti sem leitt hefur til þess að málum fjölgaði mikið. Sex af þeim tíu málum sem komu á borð Fagráðs bárust á síðustu fjórum mánuðum ársins.

Á árinu lét Fagråd sig einnig varða eldri mál sem formlega höfðu ekki verið á borði Fagráðs og vörðuðu ásakanir um kynferðisbrot á hendur fyrrum biskupi. Fulltrúar Fagráðs áttu fundi með aðilum sem tengdust því, komu að undirbúningi og leiddu fund sem haldinn var í Vídalínskirkju í Garðabæ og hafði yfirskriftina „Áheyrn þolenda“. Þar sögðu konur, sem borið höfðu Ólaf Skúlason sökum, prestum sögu sína. Árið 2010 hefur því verið mjög álagsmikið fyrir þau sem starfa í Fagráði. Mörg þeirra mála sem komið hafa á borð Fagráðs eru gömul, og sum hafa átt sér stað á áður en viðkomandi hóf störf í kirkjunni og á vettvangi sem stendur utan starfs hennar. Reynsla Fagráðs hefur sýnt að engu að síður er mikilvægt að heyra þessi mál og finna þeim farveg í samráði við þolanda eftir því sem kostur er. Í mörgum tilvikum felst það í samantekt á reynslu þolandans sem síðan er kynnt biskupi og meintum geranda þó ekkert umboð kunni að vera til frekari íhlutunar af kirkjunnar hendi. Viðkomandi þolandi hefur þá þó fengið áheyrn fyrir mál sitt, létt byrðum af herðum sínum og stuðlað að frekara aðhaldi og vörn fyrir að kynferðisbrot viðgangist innan kirkjunnar.

Aðkoma biskups og kirkjuyfirvalda að störfum Fagráðs

Því er fljótswarað að þó heilmild sé í starfsreglum um að Úrskurðarnefnd óski umsagnar hjá Fagráði um einstök mál þá hefur enn ekki komið til þess. Erfiðara er hins vegar að svara spurningu þinni um „hve oft biskup og/eða kirkjuyfirvöld hafa leitað ráðgjafar varðandi mál sem tengjast kynferðisbrotum“ eins og það er orðað í bréfi þínu. Þó Fagråd hafi ekki fengið formleg erindi sem skráð eru sem slík þar sem biskup eða kirkjuyfirvöld leita ráðgjafar, þá

Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar

hefur Fagráð lagt mikið upp úr því að vinna með biskupi og fundar reglubundið með honum um mál sem tengjast starfi Fagráðs og því málefni sem Fagráð hefur með höndum. Upphaflegar starfsreglur um meðferð kynferðisbrota gengu út frá því að Fagráð starfaði óháð biskupi en af frumkvæði Fagráðs hefur því verið breytt þannig að fagráð upplýsir biskup nú um öll mál sem koma inn á borð þess. Þetta skiptir miklu máli þegar síðan verður um íhlutun að ræða. Fagráð hefur þá kynnt framkomnar sakir fyrir viðkomandi með biskupi eða fulltrúa hans eða falið vígslubiskupi að kynna bréf fagráðs með staðfestri lýsingu þolanda fyrir viðkomandi starfsmanni.

Þessi breyting, að færa starf Fagráðs nær biskupi og kirkjustjórn, er tilkomin vegna reynslu Fagráðs hér heima og reynslu erlendra systurkirkna. Bæði í Skandinavíu og í Ameríku hafa þeir aðilar sem Fagráð hefur borð sig upp við, lagt mikið upp úr því að störf sambærilegra starfshópa og hugsanleg íhlutun í mál starfsmanna eftir að fram hafa komið ásakningar um kynferðisbrot séu með beinni þátttöku biskups. Fagráð hefur fyrst og fremst starfað með biskupi sjálfum þó fleiri hafi stundum verið á fundum okkar. Reynsla okkar af þessu fyrirkomulagi og samstarfi við biskup hefur verið góð og hvetjandi fyrir okkur sem starfað höfum í Fagráði.

Fræðsla og forvarnir

Í yfirliti yfir störf Fagráðs, hér að ofan, hefur nokkuð verið dreypt á þessum lið. Fagráð hefur lagt sig fram við að sinna þessum þætti en reynslan hefur sýnt að það verk er meira en raunhæft er að fara fram á við þau sem starfa í Fagráði. Fagráð hefur þess vegna verið nú undanfarna mánuði í samstarfi við Fræðsludeild kirkjunnar um fræðslu og forvarnir í von um að fræðsludeildin geti sinnt þessu en Fagráð haft hönd í bagga með efni fræðslunnar. Fagráð hefur í þessu tilliti lagt mikið upp úr að samstarf verði við önnur samtök sem starfa að sama málefni. Fagráð og fræðsludeild hafa því átt fundi með Blátt áfram og Dreka síð þar sem Fagráð hefur getað kynnt störf sín og áherslur og kirkjan kynnt sér starf þeirra. Fagráð hefur einnig átt fund með Stígamótum til að kynna starf Fagráðs og greiða fyrir að einstaklingar sem til þeirra leita vegna mála sem varða kirkjuna, komi með mál sín til Fagráðs.

Þá hefur Fagráð verið í samskiptum við Barnaverndarstofu og barnaverndaryfirvöld, bæði varðandi mál sem upp hafa komið og til að leita leiðsagnar um þau störf Fagráðs sem átt geta snertifleti við störf barnaverndaryfirvalda. Það skal þó áréttað að ef mál heyrir undir barnaverndarlög þá vísar Fagráð því undantekningarlaust til tilheyrandi barnaverndaryfirvalda.

Eins og áður er getið stóð Fagráð árið 2005 að útgáfu bæklingisins „Kynferðisbrot í kirkju – hvað ber að gera?“ sem dreift var á kirkjudögum og síðan sendur öllum prestum og formönnum sóknanefnda. Þá hefur Fagráð unnið með Æskulýðsstarfi kirkjunnar og haldið námskeið fyrir starfsmenn þess auk þess að koma inn í annað starf. Mest hefur þetta farið

*Fagráð um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar*

fram hér á SV horninu. Í apríl 2009 var menntadagur presta helgaður þessu málefni og mættu þar hátt í eitt hundrað manns. Þetta var heilsdags fræðslustefna fyrir félagsmenn Prestafélags Íslands og sá formaður Fagráðs um fyrri hluta hennar en Ólöf Ásta frá barnahúsi og fyrrum meðlimur Fagráðs um seinni hluta hennar. Og síðast en ekki síst hefur Fagráð staðið að sérstakri þjálfun fyrir talsmenn auk aðal- og varamanna í Fagráði.

Fagráð hefur lagt sig fram við að svara erlindum og verða við óskum um fræðslu í stóru eða smáu samhengi og lagt sig eftir að kynna störf fagráðs ekki síst utan vettvangs kirkjunnar hjá þeim sem starfa með þolendum kynferðisofbeldis. Í þessu sambandi er gaman að geta þess að málum hefur verið vísað til Fagráðs bæði af lögreglu og blaðamönnum auk aðila í áður greindum samtökum sem vinna með þolendum kynferðisbrota.


Endurskoðun á reglum

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar hafa reglubundið verið endurskoðaðar m.t.t. reynslu. Af þeim breytingum sem gerðar hafa verið má helst nefna að afnumið var að formaður þyrfti að vera lögfræðingur, þá hafa störf fagráðs verið betur tengd biskupsembættinu og loks hefur hlutverki talsmanna verið breytt, en nú fer Fagráð sjálft með það hlutverk en hefur möguleika á að skipa sérstaklega talsmenn þegar þess er þörf.

Til fagráðs hafa leitað brotapolar sem lýsa atvikum sem áttu sér stað áður en meintur gerandi varð starsfsmaður kirkjunnar. Málin eru þá oftast löngu fyrnd að landslögum. Mál þessi hafa vakið upp spurningar um gildissvið fagráðs, en í a-lið 4. gr. starfsreglinna segir að hlutverk fagráðs sé að fylgja eftir að mál sem varða kynferðisbrot og „upp koma innan kirkjunnar“ fái viðhlitandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum þessum. Þá kemur fram í b-lið sama ákvæðis að hlutverk fagráðs sé að heyra umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni. Á grundvelli þessa hefur Fagráð heyrt ofangreind mál og slinnt þeim eins og fram er komið fyrr í þessum texta.

Reykjavík

15. mars 2011



Sr Gunnar Rúnar Matthíasson

Formaður Fagráðs um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar

Svar Fagráðs við bréfi dags 15 feb 2011
Blaðsíða 4 af 4

*Fagråd um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar*

Rannsóknarnefnd Kirkjupings
Róbert Ragnar Spanó formaður
Háskóla Íslands
Lögbergi v/Suðurgötu
101 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2011

Kæra Rannsóknarnefnd

Í tölvubréfi Róberts R. Spanó frá 10. apríl er Fagråd beðið um að gera betur grein fyrir eðrifarandi sem fram kom í bréfi Fagráðs frá 16 mars sl.

1. Fjöldi mála frá upphafi. Hvernig komu þessi mál inn á borð fagráðsins?
2. Lýst verði með ítarlegum hætti meðferð og afgreiðslu þriggja ólíkra mála – Sé það ósk fagráðsins verður þessi hluti ekki birtur með skýrslu rannsóknarnefndarinnar og því aðeins fyrir nefndarmenn.
3. Gerð verði ítarlegri grein fyrir kynningar- og fræðslustarfi sem fagráðið hefur staðið fyrir eða átt aðkomu að.
4. Hvort og þá með hvaða hætti er lagt mat á hvort störf fagráðsins hafi stuðlað að breytingum á starfsháttum innan kirkjunnar?

1. Fjöldi mála frá upphafi. Hvernig komu þessi mál inn á borð fagráðsins?

Í meðfylgjandi viðhengi um mál Fagráðs kemur fram að frá upphafi starfs Fagráðs hafa komið 14 mál inn á borð okkar. Árskýrsla 2010 tilgreinir 13 mál þar sem eitt mála er frá 2011. Fyrsta málið barst árið 2006, síðan komu tvö mál árið 2008 og 10 mál árið 2010. Í níu tilvikum barst mál beint frá þólanda þar af í fimm tilvikum í tölvupósti á netfang Fagráðs sem uppefnið er á heimasíðu kirkjunnar, í þremur tilvikum í síma og í einu tilviki í tölvupósti beint á formann Fagráðs. Í þremur tilvikum (mál 1,2 og 4) komu mál frá aðstandendum þólanda sem höfðu í tveimur tilvikum samband beint við Fagråd en einu sinni við starfsmann æskulýðsstarfs sem síðan setti sig í samband við Fagråd og bárust þau erindi öll í síma. Í þeim tveimur tilvikum sem þá standa útaf bárust málin (mál 6 og 12) til fagráðs frá starfandi prestum, annars vegar í síma og hins vegar í tölvupósti til formanns fagráðs. Netfang Fagráðs „kynferðisbrot@kirkjan.is“ er þannig upp sett að tölvupóstar á netfangið framsendast sjálfvirkt á alla meðlimi Fagráðs.

2. Lýst verði með ítarlegum hætti meðferð og afgreiðslu þriggja ólíkra mála – Sé það ósk fagráðsins verður þessi hluti ekki birtur með skýrslu rannsóknarnefndarinnar og því aðeins fyrir nefndarmenn.

Hér visast í meðfylgjandi skjal um yfirlit yfir mál Fagráðs frá upphafi. Má þar sjá öll mál sem komið hafa á borð fagráðs utan mál þau sem varða Ólaf Skúlason. Eins og rannsóknarnefnd kirkjupings er kunnugt þá hefur fagråd hins vegar á umliðnu ári bæði komið að máli kvennanna sem ásokuðu hann um kynferðisbrot (m.a. með fundi þeirra með prestum sem fram

*Fagråd um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar*

för í Vídalínskirkju) og átt fund með Guðrúnu Ebbu sem fyrst hafði borið sig upp við formann Fagráðs er faðir hennar dó en Fagråd þá ekki talið að það væri vettvangur fyrir hennar mál.

Það skal tekið fram að Fagråd hefur svarað öllum erindum innan 24 stunda frá því þau bárust utan mál nr. 12 (2010/9) sem barst á vinnunefngang formanns meðan formaður var í leyfi. Mál 2008/1 og 2008/2 voru unnin af talsmönnum en mál frá 2010 hafa öll verið unnin þeim af Fagráði (þmt 2008/2 sem var tekið aftur í vinnslu árið 2010) sem hefur haft þá vinnureglu að alhaf séu tveir meðlimir Fagráðs viðstaddir þegar þolendur koma í viðtöl. Þolendum er þá ætíð boðið að hafa með sér stuðningsaðila í viðtölin en lítið er um að þolendur hafi nýtt sér það.

Fagråd hefur afnáð persónuauðkenni úr meðfylgjandi skjali um yfirlit um mál Fagráðs, en fer engu að síður fram á að það verði ekki birt opinberlega.

3. Gerð verði ítarlegri grein fyrir kynningar- og fræðslustarfi sem fagráðið hefur staðið fyrir eða átt aðkomu að.

Í bréfi Fagráðs til rannsóknarnefndar kirkjubings dags 16. mars kom fram að Fagråd hefur nú undanfarna mánuði unnið með fræðsludeild kirkjunnar með það að markmiði að fræðsludeildin komi að eða jafnvel taki við kynningar- og fræðslustarfi um kynferðisbrot og úrvinnslu þeirra innan kirkjunnar. Þá kom fram að Fagråd hefur umliðna mánuði fundað með sjálfstæðum samtökum sem láta sig málefnið varða og Fagråd hefur vitneskju um að hafa verið virk í stuðningi við einstaklinga sem hafa orðið fyrir kynferðisbrotum af hendi starfsmanna kirkjunnar.

Eins og fram kom í áður nefndu bréfi kom fagråd á heimasíðu innan heimasíðu kirkjunnar í upphafi árs 2005, www.kirkjan.is/fagrad/ og www.kirkjan.is/kynferdisbrot/. Síðan hefur heimasíðan verið uppfærð og yfirfarin reglulega og gengið úr skugga um að leitaraskilyrði virki eins og þau eiga að gera. Á heimasvæði fagráðs er að finna netfang fagráðs og allar upplýsingar um hvernig eigi að bera sig að við að hafa samband við fagråd. Það skal tekið fram að nú fyrir nokkrum dögum uppfærði kirkjan heimasíðu sína. Í fljótri skoðun virðist allt sem að fagráði lýtur virka eins og áður en ekki hefur gefist tórn til að yfirfara það nákvæmlega.

Til að tilgreina nánar atriði úr kynningarstarfi Fagráðs skal tiltekið eftirfarandi. Þetta er ekki tæmandi listi en gefur nokkra yfirsýn.

- Um mitt ár 2005 kom út bæklingur Fagráðs „kynferðisbrot í kirkju – hvað ber að gera“. Honum var dreift á kirkjudögum á Skólavörðuholti og sendur öllum prestum, djáknum og sóknarnefndarformönnum með öðru efni kirkjunnar.
- 30. september 2005 var formaður Fagráðs með megin fyrirlestur á haustfundi presta á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn var í Viðey. Titill þess var „Hvað ber að gera – Kynferðisbrot innan raða starfsmanna kirkjunnar“.
- 6 maí 2008. Bæklingur Fagráðs „kynferðisbrot í kirkju – hvað ber að gera“, var sendur aftur öllum prestum, djáknum og formönnum sóknarnefnda með bréfi frá fagráði 6. maí 2008. Íbréfinu dró Fagråd fram og áréttaði að starfsreglur um meðferð

Svar Fagráðs við tölvubréfi dags 10.04.2011 17:22

Blaðsíða 2 af 4

Fagråd um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar

kynferðisbrota varði alla sem gegna störfum á vegum kirkjunnar, launuðum sem ólaunuðum; að öllum málum beri að vísa til Fagráðs; og ef brot varðaði börn beri undantekningarlaust að vísa því máli til barnaverndarnefndar sbr. barnaverndarlög.

- 27. apríl 2009 var menntadagur Prestafélags Íslands að mestu helgaður málefnum Fagráðs. Þar mættu þar hátt í eitt hundrað prestar og guðfræðingar. Þetta var heilsdags fræðslu- og endurmenntunarráðstefna fyrir félagsmenn Prestafélags Íslands og var yfirskrift þess hluta hennar sem laut að málefnum Fagráðs: „Um heilbrigð persónu- og hlutverkamörk í starfi prestsins“ Fyrirlesarar í þessum hluta voru tveir, formaður Fagráðs og Ólöf Ásta Farestveit frá Barnahúsi og fyrrum meðlimur Fagráðs.
- 25. sept 2009. Fulltrúar Fagráðs kynntu Fagråd, starfsemi þess og verkferla fyrir starfshópi mennta-, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyta sem haldinn var í menntamálaráðuneytinu
- 2010. Formaður kom fram í fjölda viðtala í blöðum og sjónvarpi um málefni Fagráðs. Reynt var að nota þetta tækifæri til að kynna Fagråd og benda á hvernig þolendur settu sig í samband við fagråd. Sem dæmi má nefna að 11. ágúst var í DV umfjöllun um Fagråd sem byggð á viðtali við formann og einnig var viðtal í fréttum sjónvarps. Á þessum tíma voru fjölmörg viðtöl og hefur Fagråd reynt að svara erindum fjölmiðla en fjalla þó ekki um efnisatriði einstakra mála opinberlega. Fagråd telur að góð samvinna við fjölmiðla hafi stutt fagråd og stuðlað að þeirri miklu aukningu sem varð á málum sem bárust Fagráði árið 2010.

1. september 2010 tók formaður þátt í málstofu stofnunar Ármanns Snævar við lagadeild HÍ. Málstofan var helguð þagnarskyldu í framhaldi af umfjöllun sr Geirs Waage um algæra þagnarskyldu. Erindi formanns bar yfirskriftina „Þagnarskylda presta“ og gerði grein fyrir hvernig bæði gildandi lög í landinu og hefð sálgaeslu kirkjunnar geri kröfu um undantekningar á þagnarskyldu. Erindið var hnytt málefnum Fagráðs og m.a. fjallaði um þegar börn eða minni mættar settu í hlut.

- 12 nóvember 2011 var formaður Fagráðs með erindi fyrir Æskulýðssamband kirkjunnar í Hjallakirkju í Kópavogi. Þetta var fræðsla fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi og bar yfirskriftina „Verkferlar fagráðs og viðbrögð við kynferðisbrotum“.

4. Hvort og þá með hvaða hætti er lagt mat á hvort störf fagráðsins hafi stuðlað að breytingum á starfsháttum innan kirkjunnar?

Hér er því til að svara að Fagråd hefur ekki komið sér upp kerfisbundnu gæðamati í formi eftirlýgni eða kannana sem þeim sem leita til Fagráðs er sent eða gefinn kostur á að taka þátt í. Fagråd hefur þó lagt sig fram við að fá viðbrögð og svörun frá þeim sem til Fagráðs leita sem og frá þeim samtökum sem láta sig kynferðisbrotamál varða og Fagråd hefur fundað með sl. vettur, Stigamót, Drekaslóð og Blátt áfram. Fyrir liggur að eiga fund með kynferðisbrotadeild lögreglunnar í þessum sama tilgangi og til að kynna störf Fagráðs. Þess má geta hér að eitt mál barst Fagráði eftir að viðkomandi hafði leitað til lögreglu og verið bent á að leita til Fagráðs þar eð málið væri of gamalt fyrir lögregluna að taka á.

Í því verklagi sem Fagråd hefur komið sér upp í viðtölum er þess gætt að viðmælendur fái alltaf tækifæri til að tjá sig um upplifun sína af því að leita til Fagráðs og koma fram með

*Svar Fagráðs við tölvubréfi dags 10.04.2011 17:22
Ísláðsíða 3 af 4*


*Fagråd um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar*

Ábendingar um hvort og þá hvað megi betur fara. Fagråd hefur síðan farið yfir þessar ábendingar og notað til að laga vinnulag sitt. Dæmi þar um er að færa vinnslu mála til Fagráðsins en láta ekki talsmenn fara inn öll mál fyrst. Fagråd tók þessa breytingu upp árið 2010 og var hún síðan fastsett með breytingum á starfsreglum fagráðs á kirkjuþingi sl. haust. Sem dæmi um aðrar breytingar sem gerðar hafa verið út frá reynslu er það að uppröðun starfsreglna Fagráðs var breytt eftir reynslu af máli 2008/1. Þá var því haldið fram að starfsreglur virtu ekki barnaverndarlög. Þó var það skýrt í reglumum. Til að gera það enn glegggra var það atriði tekið framár í reglumum og gert að sér grein. Áður var það niðurlagsmálsgrein 6. greinar. Ljóst var að bæði agfólki og fjölmjólaðafólki var gjarnt á að sjást yfir þetta við lestur starfsreglanna.

Þá hefur reynsla og lærdómur sl ára orðið til þess að Fagråd leggur sig eftir að heyra öll mál sem til þess berast og varða einstaklinga sem eru í eða hafa verið í þjónustu kirkjunnar. Dæmi um þetta eru mál 8-11 og 13 eða 2010/5-2010/11 og mál 2010/10. Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að heyra þessi mál og að Fagråd sé farvegur fyrir þau eftir því sem mögulegt er. Óvist er hvort Fagråd hefði metið það svo að þessi mál heyrðu undir Fagråd ef þau hefðu komið fram á þeim tíma sem Guðrún Ebba bar sig upp við Fagråd er faðir hennar lést. Það skal í þessu sambandi tekið fram að ekki hafa komið til Fagráðs önnur mál eða fyrirspurnir sem varða starfsmenn kirkjunnar þar sem Fagråd taldi ekki heyra undir sig.

Að auki við það sem hér hefur verið tiltekið fylgir tilTil upplýsingar hér einnig með afrit af ársskýrslu Fagráðs fyrir 2010.

Virðingarfyllt



sr Gunnar Rúnar Matthíasson
formaður Fagráðs um meðferð kynferðisbrota
innan þjóðkirkjunnar.

Fylgigögn:

- Yfirlit: Málaskrá Fagráðs frá upphafi
- afrit af ársskýrslu Fagráðs fyrir 2010

Svar Fagráðs við tölvubréfi dags 10.04.2011 17:22

Blaðsíða 4 of 4

Starfsskýrsla Fagráðs um meðferð kynferðisbrota fyrir árið 2010

Fram til ársins 2010 höfðu þrjú mál komið á borð Fagráðs. Á árinu 2010 varð breyting á og alls komu á borð Fagráðs 10 mál sem varða ásakanir um kynferðisbrot á hendur einstaklingum sem hafa verið starfsmenn kirkjunnar.

Árið var því annasamt í starfi Fagráðs og vegur þar efaftíð mikið umfjöllun um mál sem kirkjuna hafa varðað og aðkoma Fagráðs að þeim. Samskipti við fjölmörg og umfjöllun um Fagråd virðast því hafa skilað Fagráði trausti. Sex af þeim tíu málum sem komu á borð Fagráðs árið 2010 bærust á síðustu fjórum mánuðum ársins.

Á árinu lét Fagråd sig einnig varða eldri mál sem formlega höfðu ekki verið á borði Fagráðs og vörðuðu ásakanir um kynferðisbrot á hendur fyrrum biskupi. Fulltrúar Fagráðs áttu fundi með aðilum sem tengdust því, komu að undirbúningi og leiddu fund sem haldinn var í Víðalínuskirkju í Garðabæ og hafði yfirskriftina „Áheyrn þolenda“.


Á árinu 2010 hafa fulltrúar Fagráðs átt 34 formleg viðtöl við þolendur og fundi vegna úrvinnslu mála þeirra. Þá hefur Fagråd átt níu fundi þar sem farið hefur verið yfir stöðu mála eða unnið með biskupi eða fulltrúum hans. Þó sum þessara mála varði brot sem átt hafa sér stað utan kirkjulegs starfsvettvangs viðkomandi eða fyrir löngum tíma, hefur Fagråd valið að heyra allar umkvartanir. Reynsla Fagráðs hefur sýnt að mikilvægt sé að heyra þessi mál og finna þeim farveg í samráði við þolanda eftir því sem kostur er. Í mörgum tilvikum felst það í samantekt á reynslu þolandans sem síðan er kynnt biskupi og meintum geranda þó ekkert umboð kunnri að vera til frekari íhlutunar af kirkjunnar hendi. Viðkomandi þolandi hefur þá fengið áheyrn fyrir mál sitt, létt byrðum af herðum sínum og stuðlað að frekara aðhaldi og vörn fyrir að kynferðisbrot viðgangist innan kirkjunnar.

Öll mál sem Fagråd hefur með höndum eru unnin í fullu samráði við þolendur. Af þeim 10 málum sem komu á borð Fagráðs á árinu var fimm málum lokið um áramót en tvö voru enn í vinnslu. Í þremur tilvikum biður Fagråd þess að heyra frekar frá þolendum sem sjálfir velja hvenær og þá hvort frekar verður unnið með málin. Öðru því máli sem var í vinnslu er síðan lokið á þeim mánuðum sem liðin eru af árinu 2011 og er hinu málinu að ljúka.

Þar sem því verður við komið eru ásakanir kynntar viðkomandi og unnið með biskupi, og ef því er að skipta yfirmönnum viðkomandi kirkjustarfs, þegar um er að ræða inngrip í starf viðkomandi. Fagråd hefur átt gott samstarf við Biskupi Íslands og notið mikilvægs stuðnings embættis hans við úrvinnslu þessara erfiðu mála.

5. apríl 2011

f.h. Fagráðs um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar



Gunnar Rúnar Matthiasson

